

# DULRÆNAR LÆKNINGAR

## BÆKUR EFTIR ALICE A. BAILEY

*Initiation Human and Solar*  
*Letters on Occult Meditation*  
*The Consciousness of the Atom*  
*A Treatise on Cosmic Fire*  
*The Light of the Soul*  
*The Soul and Its Mechanism*  
*From Intellect to Intuition*  
*A Treatise on White Magic*  
*From Bethlehem to Calvary*  
*Discipleship in the New Age – Vol. I*  
*Discipleship in the New Age – Vol. II*  
*Problems of Humanity*  
*The Reappearance of the Christ*  
*The Destiny of the Nations*  
*Glamour: A World Problem*  
*Telepathy and the Etheric Vehicle*  
*The Unfinished Autobiography*  
*Education in the New Age*  
*The Externalisation of the Hierarchy*  
*A Treatise on the Seven Rays:*  
*Vol. I – Esoteric Psychology*  
*Vol. II – Esoteric Psychology*  
*Vol. III – Esoteric Astrology*  
*Vol. IV – Esoteric Healing*  
*Vol. V – Rays and Initiations*

Bækur eftir Alice A. Bailey í íslenskri þýðingu:

Vitundarvígsla manns og sólar, útg. 1994

*(Initiation Human and Solar)*

Bréf um dulfræðilega hugleiðingu, útg. 1968

*(Letters on Occult Meditation)*

Endurkoma Krists, útg. 1992 *(The Reappearance of the Christ)*

Dulrænar lækningar, útg. 2008 *(Esoteric Healing)*

# DULRÆNAR LÆKNINGAR

4. BINDI

Í RITRÖÐINNI UM GEISLANA SJÖ

Eftir  
ALICE A. BAILEY

Áhugamenn um þróunarheimspeki  
Reykjavík 2008

Bók þessi heitir á frummáli:  
ESOTERIC HEALING

© COPYRIGHT 1953 BY LUCIS TRUST  
© COPYRIGHT 2008 ASSOCIATION LUCIS  
TRUST, GENEVA

© Útgáfuréttur LUCIS TRUST 1953  
© Fyrsta prentun á íslensku 2008  
Útgáfuréttur 2008 ASSOCIATION LUCIS TRUST  
GENÈ, SVISS

Þýðing þessi er samstarfsverk Áhugamanna um  
þróunarheimspeki.

Endurprentun eða eftirmyndun þessarar bókar eða hluta  
hennar er óheimil án leyfis útgefanda.

Prentun: Ritskinna / SICP  
Umbrot: Ritskinna

ISBN 978-9979-9156-1-4

## ÚTDRÁTTUR ÚR YFIRLÝSINGU TÍBETANS

Gefinn út í ágúst 1934

Látum nægja að segja að ég sé tíbeskur lærisveinn af ákveðinni gráðu en það segir lítið, því allir eru lærisveinar frá hinum auðmjúkasta leitanda allt til og upp fyrir Krist sjálfan. Ég hef efnislíkama eins og aðrir menn, er búsettur á landamærum Tíbets og stundum (frá veraldlegu sjónarmiði), þegar aðrar skyldur mínar leyfa er ég í forsæti fyrir stórum hópi tíbeskra lama. Þessi staðreynd hefur valdið því að sagt hefur verið að ég sé ábóti í þessu tiltekna lamaklaustri. Þeir sem tengjast mér í starfi Helgistjórnarinnar (og allir sannir lærisveinar tengjast í þessu starfi) þekkja mig undir öðru nafni og starfsheiti. A.A.B. veit hver ég er og þekkir mig undir tveimur af nöfnum mínum.

Ég er bróðir ykkar sem hefur ferðast ögn lengra á Veginum en meðalneminn og hef þess vegna kallað yfir mig meiri skyldur. Ég er einn þeirra sem hafa barist áfram inn í meira ljós heldur en sá leitandi sem les þessa grein og ég verð þess vegna að gegna hlutverki miðlara ljóssins, hvað sem það kostar. Ég er ekki gamall maður miðað við aldur kennaranna en ég er samt hvorki ungur né óreyndur. Starf mitt er að kenna og útbreiða þekkingu hinnar ævarandi visku, hvar sem ég finn viðbrögð og þetta hef ég gert í mörg ár. Ég reyni einnig að aðstoða meistara M. og meistara K.H. hvenær sem tækifæri gefst, því ég hef lengi verið í sambandi við þá og starf þeirra. Í því sem að ofan greinir hef ég sagt þér mikið en samt sem áður hef ég ekki sagt þér neitt sem gæti fengið þig til að bjóða mér þá blindu undirgefni og þá fávíslegu dýrkun sem tilfinningaríkur leitandi býður kenniföður eða meistara sem hann getur enn ekki komist í samband við. Nemandinn mun heldur ekki ná þessu þráða sambandi fyrr en hann hefur umbreytt tilfinningalegri dýrkun í óeigingjarna þjónustu við mannkynið – ekki við meistarann.

Bækurnar sem ég hef skrifað eru sendar út án nokkurrar kröfu um viðurkenningu. Þær eru eða eru ekki réttar, sannar og gagnlegar. Það er þitt að ákvarða sannleiksgildi þeirra með rétttri ástundun og með því að beita innsæinu. Hvorki ég né A.A.B. höfum minnsta áhuga á að þær séu hylltar sem innblásin ritverk eða að nokkur tali um þær (með trúarákafa) sem verk eins af meisturunum. Setji þær fram sannleika á þann hátt að hann grundvallist á því sem þegar hefur komið fram í kenningum heimsins, lyfti upplýsingarnar sem fram koma þrá og þjónustuvilja af sviði tilfinninganna upp á svið hugans (sviðið þar sem hægt er að finna meistarana), þá hafa þær þjónað tilgangi sínum. Ef kenningarnar sem settar eru fram kalla á viðbrögð frá upplýstum huga starfandans í heiminum og valda því að innsæi hans ljómar, látum þá kenningarnar öðlast viðurkenningu, en annars ekki. Ef fullyrðingarnar fá að lokum staðfestingu eða eru álitnar sannar samkvæmt lögmáli samsvörunar, þá er það gott. En ef svo er ekki, lát þá nemandi ekki meðtaka það sem sagt er.

## Efnisyfirlit

|                 |    |
|-----------------|----|
| Inngangur ..... | 11 |
|-----------------|----|

## FYRSTI HLUTI

|                                   |    |
|-----------------------------------|----|
| GRUNDVALLARORSAKIR SJÚKDÓMA ..... | 19 |
|-----------------------------------|----|

|  |           |
|--|-----------|
| <u>I. Kaffi - <i>Sáhrænar orsakir sjúkdóma</i> .....</u> | <u>33</u> |
|--|-----------|

|  |     |
|--|-----|
| 1. Orsakir frá tilfinningalífínu .....               | 42  |
| A. Óheftar og illa agaðar tilfinningar .....         | 46  |
| B. Löngun, bæld eða óheft .....                      | 61  |
| C. Sjúkdómar sem stafa af áhyggjum og pirringi ..... | 74  |
| 2. Orsakir frá etherlíkamanum .....                  | 78  |
| A. Orkuteppa .....                                   | 82  |
| B. Vöntun á samhæfingu og samtengingu .....          | 84  |
| C. Oförvun orkustöðvanna .....                       | 85  |
| 3. Orsakir frá huglíkamanum .....                    | 92  |
| A. Röng hugarafstaða .....                           | 93  |
| B. Hugrænt ofstæki. Vald hugforma .....              | 95  |
| C. Vanmáttugar hugsjónir .....                       | 99  |
| Hin helga lækningarlist .....                        | 103 |
| Undirbúningsreglur fyrir lækningu með geislun .....  | 106 |
| Þrjú meginlögmál heilsu .....                        | 109 |
| Orsakir sjúkdóma, samantekt .....                    | 115 |
| 4. Sjúkdómar í lífi lærisveina .....                 | 118 |
| A. Sjúkdómar launspekinga .....                      | 118 |
| B. Sjúkdómar lærisveina .....                        | 123 |
| Orkustöðvarnir og innkirtlakerfið .....              | 143 |
| Meginorkustöðvarnar sjö .....                        | 147 |
| Uppbygging efnislíkamans .....                       | 165 |
| Meginorkustöðvarnar sjö (framhald) .....             | 170 |
| Etherlíkaminn, tauga- og innkirtlakerfin .....       | 191 |
| Áhrif sem birtast á einstökum svæðum .....           | 200 |
| Áhrif van- eða oförvunar orkustöðvanna .....         | 209 |

|   |            |
|---|------------|
| <u>II. Kaffi - <i>Samfélagslegar orsakir sjúkdóma</i> .....</u> | <u>223</u> |
|---|------------|

|  |     |
|--|-----|
| 1. Sjúkdómar mannkyns erfðir úr fortíðinni .....                   | 228 |
| A. Kynsjúkdómar .....  | 230 |
| B. Berklar .....   | 233 |
| C. Krabbamein .....  | 238 |
| 2. Sjúkdómar sem stafa af torræðu ástandi innan lífs plánetunnar . | 243 |
| 3. Sjúkdómar kynstofna og þjóða .....                              | 250 |

|   |     |
|---|-----|
| III. Kaffli - <i>Karmaskuldir okkar</i> .....       | 259 |
| 1. Karmaskuldir einstaklingsins .....               | 286 |
| 2. Hinar sjö geislaorsakir karma .....              | 289 |
| IV. Kaffli - <i>Nókerum spurningum svarað</i> ..... | 303 |
| Um eðli teppu .....                                 | 304 |
| Að finna stað teppu .....                           | 305 |
| Um tvöfalda orsök teppu .....                       | 306 |
| Um einstakar tegundir sjúkdóma .....                | 308 |
| Um sóthhita .....                                   | 310 |
| Um lækningu krabbameins .....                       | 311 |
| Um flogaveiki .....                                 | 312 |
| Um líknardauða .....                                | 315 |
| Um örverur .....                                    | 316 |
| Um ónæmisadgerðir .....                             | 318 |
| Um kirtla .....                                     | 321 |
| Um lífsorkulíkamann .....                           | 322 |
| Um prönu .....                                      | 323 |
| Um vestræna og austræna líkama .....                | 325 |
| Um taugakerfið .....                                | 326 |
| Um mataræði .....                                   | 329 |
| Um miltað .....                                     | 330 |
| Um flakktaugina (Vagus-taugina) .....               | 331 |
| Um augað .....                                      | 331 |
| Um sálrænar orsakir sjúkdóma .....                  | 332 |
| Um þunglyndisvandamál .....                         | 333 |
| Um fullt tungl og geðveiki .....                    | 334 |
| Um dreifingu krafts, blóðgjöf .....                 | 337 |
| Um þjáningu .....                                   | 341 |
| Um plánetuorku .....                                | 342 |
| Um umbreytingu löngunar .....                       | 343 |
| Um karma .....                                      | 343 |
| Um samfélagssjúkdóma .....                          | 348 |
| Um notkun huga og ímyndunarafis .....               | 348 |
| Um lækningarorku .....                              | 350 |
| Um tafarlausa lækningu .....                        | 352 |
| Um notkun Kristsmýnda .....                         | 354 |
| Um Krist .....                                      | 355 |
| Um hugtakið „Heimsmóðirin“ .....                    | 356 |
| Um vanmáttarkennd .....                             | 357 |
| Um vísindalegar hliðstæður .....                    | 361 |
| Um jónir og geislun .....                           | 362 |



|  |     |
|--|-----|
| Um sveiflutíðni .....                  | 365 |
| Um lækningarskóla framtíðarinnar ..... | 366 |
| Bréf til vísindamanns .....            | 369 |

## ANNAR HLUTI

|                               |     |
|-------------------------------|-----|
| GRUNNFORSENDUR LÆKNINGA ..... | 375 |
|-------------------------------|-----|

|                                       |     |
|---------------------------------------|-----|
| Núverandi viðhorf til dauðans .....   | 391 |
| Um dauðann, brot úr öðrum ritum ..... | 404 |

|                                      |     |
|--------------------------------------|-----|
| <u>V. Kaffi - Endurreisnin</u> ..... | 417 |
|--------------------------------------|-----|

|   |     |
|---|-----|
| 1. Eðli dauðans, brot úr öðrum ritum .....        | 429 |
| Óttinn við dauðann .....                          | 434 |
| Skilgreining dauðans .....                        | 436 |
| Tilgangur dauðans .....                           | 438 |
| Listin að deyja .....                             | 446 |
| 2. Endurreisnin .....                             | 452 |
| Atriði sem snúa að sálinni á dauðastundinni ..... | 456 |
| Tvær meginástæður fyrir líkbrennslu .....         | 462 |
| Atburðarás dauðans lýst .....                     | 464 |
| 3. Tvær mikilvægar spurningar .....               | 469 |

|                                   |     |
|-----------------------------------|-----|
| <u>VI. Kaffi - Eyðingin</u> ..... | 477 |
|-----------------------------------|-----|

|  |     |
|--|-----|
| Það sem gerist strax eftir dauðann ..... | 480 |
| Devachan reynslan .....                  | 486 |
| Tíunda lögmál lækninga .....             | 489 |

|                                       |     |
|---------------------------------------|-----|
| <u>VII. Kaffi - Sameiningin</u> ..... | 495 |
|---------------------------------------|-----|

|                                      |     |
|--------------------------------------|-----|
| Mikilvægi sameiningar .....          | 497 |
| Hugarástand sálarinnar .....         | 500 |
| Eyðing hugforms persónuleikans ..... | 504 |

## ÞRIÐJI HLUTI

|                                 |     |
|---------------------------------|-----|
| UNDIRSTÖÐULÖGMÁL LÆKNINGA ..... | 511 |
|---------------------------------|-----|

|  |  |
|--|--|
| <u>VIII. Kaffi - Upptalning á lögmálunum og reglunum</u> |  |
|--|--|

|                                      |     |
|--------------------------------------|-----|
| <i>og notkun þeirra lýst</i> .....   | 523 |
| Notkun lögmálanna og reglnanna ..... | 528 |

|            |   |     |
|------------|---|-----|
| I.         | Lögmál.....                                   | 531 |
| II.        | Lögmál.....                                   | 536 |
| 1.         | Regla.....                                    | 542 |
| III.       | Lögmál.....                                   | 551 |
| IV.        | Lögmál.....                                   | 556 |
| 2.         | Regla.....                                    | 569 |
| V.         | Lögmál.....                                   | 574 |
| 3.         | Regla.....                                    | 593 |
| VI.        | Lögmál.....                                   | 598 |
| VII.       | Lögmál.....                                   | 605 |
| 4.         | Regla.....                                    | 619 |
| VIII.      | Lögmál.....                                   | 623 |
| 5.         | Regla.....                                    | 631 |
| IX.        | Lögmál.....                                   | 648 |
| 6.         | Regla.....                                    | 660 |
| X.         | Lögmál.....                                   | 666 |
| <br>       |   |     |
| <u>IX.</u> | <u>Kaflí - Lækningaraðferðirnar sjö</u> ..... | 681 |
|            | Orka geislanna sjö .....                      | 683 |
|            | Geislar læknanda og sjúklings .....           | 686 |
|            | Lækningaraðferðirnar sjö .....                | 692 |

## Inngangur

Lækningar hafa fylgt manningum frá örófi alda og þær hafa ætíð verið viðfangsefni rannsókna og tilrauna. En þekkingin á réttri notkun lækningargáfu og lækningarmáttar er enn á frumstigi. Það er fyrst nú á tímum og með þessari kynslóð að mögulegt er að láta í té lögmál lækninga með segulorku og gefa til kynna orsakir þeirra sjúkdóma sem rekja má til þriggja innri líkamanna og nú á dögum herja á líkama mannsins, valda ómældum þjáningum og sársauka og flýta för manna í gegnum dyr dauðans til tilveru handan efnislíkamans. Það er fyrst nú á tímum að maðurinn hefur náð því þróunarstigi vitundar að hann geti byrjað að skilja öfl innri heimanna. Ný og víðtæk vísindi sálfræðinnar eru svar hans við þessum vaxandi áhuga. Aðferðir við aðlögun, hreinsun og lækningar eru viðfangsefni alls hugsandi fólks sem og þeirra sem þjást. Verkefni okkar er yfirgripsmikið ég bið því lesandann að sýna þolinmæði.

Þegar haldið er inn á svið lækninga, opnast heimur mikillar dulinnar þekkingar og fjölda ályktana, menn standa frammi fyrir hugmyndum allra þeirra sem í tímans rás hafa reynt að lækna og hjálpa. Orsakir og ástæður sjúkdóma hafa verið viðfangsefni endalausra rannsókna og heilabrota og margar leiðir til lækninga hafa fundist. Menn hafa fundið upp aðferðir, tækni, formúlur og uppskriftir, mótað margvíslegar aðferðir við meðhöndlun og sett fram margar kenningar. Allt þjónar þetta þeim tilgangi að fylla hugann hugmyndum – sumum réttum, öðrum röngum – en gerir nýjum hugmyndum erfitt um vik, sem og nemanum torvelt að tileinka sér það sem hingað til hefur verið óþekkt.

Leitendur fara mikils á mis ef þeir neita að sleppa tókum á því sem lægri huganum er kært. Þegar þeim tekst að opna

hugann og verða reiðubúnir að tileinka sér hinar nýju kenningar og tilgátur, sjá þeir að það gamla og kæra er í raun ekki tapað, því er aðeins skipað á sinn rétta stað í stækkaðri heild.

Allir þeir sem vígðir eru til hins ævarandi vísdoms eru sjálfkrafa lækendur, þó svo að þeir lækni ekki allir efnislíkamann. Ástæðan er sú að allar sálir sem hafa sannlega öðlast andlegt frelsi í einhverju mæli, miðla andlegri orku. Slíkt veldur sjálfkrafa áhrifum á einhverja þætti í starfstækjum þeirra sálna sem þeir hafa samskipti við. Þegar ég nota orðið „starfstæki“ í þessum leiðbeiningum á ég við hina mismunandi eðlisþætti líkamans eða formsins sem allar sálir nota til raunbirtingar. Það sem ég á við er eftirfarandi:

1. *Þétti efnislíkaminn*, samheild allra líffæra sem hann er myndaður úr. Starfsemi þeirra gerir sálinni kleift að birta sig í efni á hlutræna sviðinu sem hluta af stærra og heildrænna lífkerfi. Efnislíkaminn er skyntæki hins innri andlega manns og þjónar þeim tilgangi að koma honum í samband við skyntæki Plánetulogossins, en hann er Lífið sem við lifum, hrærumst og eigum tilveru okkar í.
2. *Etherlíkaminn*, sem hefur einn megintilgang. Hann er sá að lífga og örva efnislíkamann og samtengja hann þannig orkulíkama jarðarinnar og sólkerfisins. Hann er vefur orkustrauma, rásir krafta og ljóss. Hann er hluti hins gríðarstóra orkunets sem er undirstaða allra forma, smáheims sem stórheims. Hinir kosmísku kraftar flæða eftir þessum orkurásum eins og blóðið streymir um æðarnar. Þessi stöðuga einstaklingsbundna – manns, plánetu og sólar – hringrás krafta lífsins um líkama allra forma, er grundvöllur allrar lífsbirtingar og tjáning eðlislægrar einingar alls lífs.
3. *Ged- eða tilfinningalíkaminn*, (oft nefndur astral-líkami) er afleiðing af samspili langana og skynhrifa á hið miðlæga sjálf.

Áhrifin sem þetta veldur í geðlíkamanum skynjast sem geðhrif, svo sem þjáning, unaður og aðrar tilfinningaandstæður. Í þessum tveimur líkömum etherlíkama og geðlíkama, má finna níutíu af hverjum hundrað orsökum líkamlegra sjúkdóma og vanlíðunar.

4. *Huglíkaminn*, það magn af „chitta“ eða hugrænu efni, sem hver einstakur maður getur notað og haft áhrif á, myndar fjórða starfstækið sem sálin hefur til umráða. Samt er rétt að hafa það hugfast að þessi fjögur starfstæki mynda til samans eina heild. Fimm af hundraði allra sjúkdóma nútímans eiga upptök sín í þessum líkama eða vitundarsviði. Hér vil ég benda á þann sannleik að stöðug endurtekning vissra lækningaskóla á þeirri fullyrðingu að hugurinn sé orsök allra sjúkdóma, er ekki rétt enn sem komið er. Að milljón árum liðnum, þegar vitundarathygli mannsins hefur færst frá tilfinningalífínu til hugans, og menn eru orðnir í jafn ríkum mæli hugrænar verur og þeir eru nú tilfinningaverur, þá verður að leita að orsökum sjúkdóma á hugar sviðinu. Nú á dögum finnast þær, með örfáum sjaldgæfum undantekningum, í orkuleysi eða of mikilli örvun, á sviði tilfinninga, langana (bældra eða hömlulausra), í geðsveiflum, sálarflækjum eða í tjáningu djúpstæðra langana, þirrings, leyndra nautna og hinna mörgu ómeðvituðu hvata sem stafa frá tilfinningalífínu.

Þessi hvöt til að vera og eiga hefur verið og er frumhvötin að uppbyggingu hins ytra efnisskynforms og er nú á tímum að þvinga það tæki, sem byggt var í efnislegum tilgangi, til að þjóna huglægari tilgangi. Þetta veldur vanda og við munum ekki sjá þróun í átt til betri heilsu efnislíkamans fyrr en menn skilja að innan efnisformsins eru aðrir líkamar sem þjóna tilgangi hinnar fíngerðari skynjunar. Við munum fjalla um fíngerðu líkamana síðar.

Það er eðlilegt að menn spyrji nú, hver sé sú almenna stefna sem ég reyni að fylgja við að upplýsa ykkur um lögmál lækningarlistarinnar, þau lögmál sem leiðbeina innvígðum og munu smám saman leysa af hólmi efnislegri aðferðir nútíma lækninga. Þið viljið auðvitað vita hvaða tækni þið – sem lækendur – verðið að læra að nota, bæði hvað ykkur sjálf snertir og fólkið sem þið leitist við að lækna. Ég mun í stuttu máli skýra aðferðirnar sem ég leitast við að kenna og benda á það sem þið verðið að leggja áherslu á í upphafi námsins.

Ég mun til að byrja með leitast við að fjalla um orsakir sjúkdóma, því dulfræðinemar verða ætíð að byrja í heimi orsakanna en ekki í heimi afleiðinganna.

Í öðru lagi mun ég gera grein fyrir lækningaraðferðunum sjö sem ráða „endurreisnarstarfinu“ (eins og lækningar nefnast á máli dulfræðinnar) og vígsluhafar heimsins iðka. Aðferðirnar ákvarða þá tækni sem nota skal. Þið munuð taka eftir því að aðferðir þessar og tækni eru háðar geislunum, en um þá hef ég skrifað í öðrum bókum.\* Þar af leiðir að lækningandinn verður að taka tillit til bæði eigin geisla og geisla sjúklingsins. Um er að ræða sjö geislaaðferðir og útskýra þarf þær nánar, áður en hægt er að nota þær viturlega.

Í þriðja lagi mun ég leggja áherslu á sálrænar lækningar og þá nauðsyn að meðhöndla innra líf sjúklingsins, því að grundvallarlögmál allra dulfræðilegra lækninga má setja fram á eftirfarandi hátt:

## I. LÖGMÁL

*Allir sjúkdómar eru afleiðing af hindrun á lífsstreymi sálarinnar; það gildir um öll lífsform í öllum ríkjum náttúrunnar. List lækningandans felst í því að leysa sálina úr læðingi svo að líf hennar nái*

\* A Treatise on the Seven Rays, 1. og 2. bindi.

*að streyma óhindrað um líffæraakerfin sem mynda hið tiltekna efnisform.*

Það er athyglisvert að tilraunir vísindamanna til að leysa orku atómsins úr læðingi eru sama eðlis og starf dulfræðingsins, þegar hann leitast við að leysa orku sálarinnar úr læðingi. Í lausn þessarar orku felst eðli hinnar sönnu lækningarlistar. Hér er að finna dulfræðilega vísbendingu.

Í fjórða lagi munum við taka til athugunar sjúkdóma og kvilla efnislíkamans, en þó ekki fyrr en við höfum lært um þann hluta mannsins sem liggur inn í og allt umhverfis hinn þetta efnislíkama. Á þennan hátt munum við starfa frá heimi innri orsaka til heims ytri atvika. Við munum sjá að allt sem tengist heilsu mannsins á upptök sín í:

1. Samanlögðum kröftum, tilfinningum, þrám og einstökum hugrænum þáttum sem einkenna hina þrjá fingerðari líkama og ákvarða líf og reynslu efnislíkamans.
2. Mótandi áhrifum mannkynsins *í heild* á efnislíkamann. Sérhver mannvera er óaðskiljanlegur hluti mannkynsins, lífkerfi í stærra lífkerfi. Ástand heildarinnar endurspeglast í einstaklingnum og margir þeir kvillar sem menn þjást af nú á dögum, eru afleiðingar aðstæðna í þessu fjórða ríki náttúrunnar. Fyrir því er einstaklingurinn ekki ábyrgur.
3. Þeim áhrifum á efnislíkama hans frá plánetulífinu, sem er birting á lífi Plánetulogossins, því Hann sjálfur er Vera í þróun. Það sem gefið er í skyn með þessum orðum er að mestu utan okkar skilnings, en áhrifin eru greinanleg.

Áhugi minn er ekki fyrst og fremst sá að þjálfá einstaklinga til þess að gera þá að betri læknum. Ég stefni að *heildis-*

*lækningum* og hef mestan áhuga á starfi sem unnið er í sam-einingu. En enginn hópur fólks getur unnið sem ein heild nema þar ríki kærleikur og þjónustulund. Lækningarorka Hins andlega helgivalds getur ekki streymt í gegnum heildið ef þar finnst ósamræmi og gagnrýni. Þar af leiðir að fyrsta verkefni hvers læknendaheildis er að koma saman í kærleik og vinna að hópeiningu og skilningi.

Ég vil einnig benda á nauðsyn þolinmæði meðan lækningarheildið samlagast og áður eða orkublik einstaklinganna blandast. Það tekur sinn tíma að læra að vinna saman af fullkomnum *skilningi* og *ópersónulega* og öðlast á sama tíma þá einhyggli í starfi sem koma mun á nauðsynlegri heildishrynjandi – takti svo samstilltum og kröftugum að starfið nái því að samstillast hið innra. Um leið og leitendur og namar starfa í þessum anda, verða þeir að þjálfra sig í því að hugsa sem heildi og gefa heildinu (án eftirsjár) hið besta sem í þeim býr og einnig ávöxt hugleiðinga sinna um málefnið.

Ég get bætt því við að leiðbeiningarnar verða að vera eins hnitmiðaðar og mögulegt er. Ég mun reyna að koma miklu af sannindum og upplýsingum fyrir í stuttu máli, til þess að hver setning gefi sanna hugmynd og varpi réttu ljósi á vandamálin sem lækningarheildið glímir við. Leiðbeiningarnar skiptast í tvo hluta: Í fyrsta lagi munum við fjalla um hið almenna starf lækninga og kennslu. Þar mun ég setja fram lögmál, tækni og aðferðir. Í öðru lagi munum við fjalla um læknandann og hvernig hann getur fullkomnað sig í lækningarlistinni.

Er ekki mikilvægasti eiginleiki allra læknenda sá að ná skilningsríku sambandi við sjúklinginn, svo að læknandinn öðlist traust hans og fái innsýn í vandann? Ég gef ykkur tvö orð sem lýsa kröfunum sem allir sannir læknendur verða að uppfylla og að því verðið þið einnig að vinna. Orðin eru *segulorka* og *geislun*. Læknandinn verður umfram allt að hafa segulorku, og hann verður að draga til sín:



- a. Mátt sinnar eigin sálar. Það krefst samstillingar með einstaklingsbundinni hugleiðslu.
- b. Þá sem hann getur hjálpað. Það krefst ópersónulegs viðhorfs.
- c. Þær orkutegundir sem munu örva sjúklinginn til æskilegra athafna þegar þörf krefur. Það krefst dulfræðilegrar þekkingar og þjálfaðs huga.

Læknandinn verður einnig að hafa skilning á aðferð geislunar, því geislun sálarinnar mun örva sál sjúklingsins til athafna og lækningaferlið mun hefjast. Geislun hugans mun uppljóma huga sjúklingsins og efla vilja hans; geislun geðlíkama hans, öguð og óeigingjörn, mun lægja umrót í geðlíkama sjúklingsins og stuðla að rétttri hrynjandi og gera sjúklingnum þannig kleift að taka rétta stefnu. Um leið mun geislun orkulíkamans, sem vinnur í gegnum miltastöðina, hjálpa til við að endurskipuleggja orkulíkama sjúklingsins og stuðla þannig að lækningu. Skylda læknandans er að gera sig virkan, því áhrifin á sjúklinginn verða í beinu samræmi við virkni læknandans. Þegar læknandinn vinnur á segulmagnaðan hátt og geislar sálarorku sinni til sjúklingsins, verður sjúklingnum auðveldara að ná markmiðinu sem hann stefnir að. Það getur verið fullkomin lækning eða það að öðlast hugarástand sem gerir honum kleift að lifa í sátt við kvilla sinn, þrátt fyrir karmískar takmarkanir líkamans. Það getur einnig verið í því fólgandi að gera sjúklingnum mögulegt að öðlast lausn frá líkamanum á eðlilegan hátt og fara með gleði og léttleika í gegnum dyr dauðans til fullrar heilsu.



# FYRSTI HLUTI

## Grundvallarorsakir sjúkdóma

Allt lækningarstarf hefur frá örófi alda fengist við það verk-efni að uppgötva orsakir sjúkdóma. Á okkar tæknivæddu tímum höfum við nálgast yfirborðið æ meir og fjarlægst fyrri tíma viðhorf er röktu sjúkdóma til „illra vessa“ sem grófu um sig í innra lífi sjúklingsins. Þessi viðhorf voru að hluta til rétt. Við erum stödd á yfirborðinu í þróun þekkingarinnar (takið eftir að ég notaði ekki orðið „yfirborðslega“) og nú er svo komið að þekkingin getur aftur snúið inn í heim hins óhluststæða og umbreyt í visku. Nú á tímum er vaxandi skilningur bestu manna í læknisfræði og skyldum greinum á því að orsaka allra sjúkdóma megi leita í innræðri dulinni afstöðu huga og tilfinningalífs og í bældri eða óbeislaðri kynhvöt.

Í upphafi náms okkar vil ég taka fram, að jafnvel þó ég þekkti hina algeru frumorsök sjúkdóma, myndi ég ekki geta gert ykkur hana skiljanlega. Orsökinn liggur falin í fjarlægri fortíð jarðarinnar í starfsferli plánetulífsins (dulfræðilega skilið) og ræturnar liggja til þess sem kallað hefur verið „kosmísk illska.“ Um er að ræða algerlega meiningarlaust hugtak, en það lýsir á táknrænan hátt *vitundarástandi* eins hinna „ófullkomnu guða.“ Ef við gefum okkur þær forsendur að Guðdómurinn sjálfur sé að þróast í átt til fullkomunnar, sem er handan okkar skilnings, má draga þær ályktanir að guðirnir sjálfir og GUÐ (sem LÍF sólkerfisins), eigi eftir að yfirvinna ákveðnar takmarkanir og að þeir eigi enn eftir að ná valdi á vissum svæðum eða vitundarstigum. Þessar takmarkanir og ófullkomleiki geta valdið vissum áhrifum í formbirtingu þeirra, á plánetunum

sem birtingum Lífa og í sólkerfinu sem birtingu LÍFS. Ef við göngum út frá þeirri tilgátu að pláneturnar séu efnisform sem ákveðnar guðverur noti til birtingar, má álykta að satt sé og rökrétt að allar lífverur innan þeirra hljóti einnig að mótast af takmörkunum og ófullkomleika, vegna þeirra sviða vitundar og skynjunar sem enn eru ónumin af guðverum þeim sem birta sig í formi plánetna og sólar. Ef við gefum okkur einnig þær forsendur að sérhvert form sé hluti af enn stærri formheild og að við í raun „lífum, hrærumst og eigum tilveru okkar“ innan líkama Guðs (eins og Páll postuli kemst að orði) þá erum við háð slíkum takmörkunum og ófullkomleika sem órjúfanlegur hluti fjórða ríkis náttúrunnar.

Það er ofar okkar getu og skilnings að gera meira en að fjalla almennt um efnið, því almennt hugrænt starfstæki venjulegs leitanda og lærisveins er ófært um meira. Hvað er raunverulega átt við með hugtökum eins og „kosmísk illska, guðleg ófullkomnun, takmörkuð vitundarsvið, frelsi hreins anda og guðlegur hugur“ sem svo oft heyrast meðal launspekinga og dulfræðinga samtímans? Má ekki líta á fullyrðingar margra lækningaskóla um guðlega fullkomnun og trú á raunverulegt frelsi mannsins frá sjúkleika holdsins sem hástemmdar orðræður um hugsýnir sem oft byggjast á eigingjörnum hvötum? Ætli þær séu ekki í raun algjörlega merkingarlausar í launspekilegri skírskotun sinni? Hvernig getur það verið á annan veg, ef hinum fullkomna manni einum er raunverulega fært að gera sér grein fyrir guðdóminum?

Það er vissulega gæfulegra fyrir okkur að viðurkenna, að manninum er ekki mögulegt að skilja hinar djúpstæðu orsakir sem sjá má koma í ljós í þróun lífsformanna. Er ekki viturlegra að viðurkenna staðreyndir, eins og þær birtast núverandi skilningi okkar og skilja að eins og maðurinn er hæfari en dýrin til að skilja huga Guðs, séu til háþróaðri verur, starfandi í æðri lífríkjum náttúrunnar, sem vissulega hafi sannari og áreiðanlegri

skynjun á lífinu en maðurinn? Það er möguleiki, er það ekki, að markmið þróunarinnar (eins og maðurinn sér það) geti, þegar á allt er litið verið aðeins það brot hins æðri tilgangs sem hann með takmörkuðum skilningi sínum getur náð tökum á? Heildarstefnan, eins og hún býr í huga Guðs, kann að vera mjög ólík því sem margir telja nú og hugtökin kosmísk illska og kosmískur góðleiki kunna alveg að missa gildi sitt og hjúpast í því mistri sýndarljóma og blekkinga sem maðurinn sveipar um allt. Bestu hugsuðir samtímans eru rétt að byrja að sjá fyrstu daufa geisla ljóssins, sem eru að brjótast gegnum hillingamistrið og sýna með því fram á staðreynd blekkingarinnar fyrst og fremst. Í geislum slíks ljóss geta þeir sem hafa opinn huga og móttækilega afstöðu, séð opinberaða eftirfarandi staðreynd: *Guðdómurinn sjálfur er á leið til fullkunnunar*. Margt er gefið í skyn með þessari fullyrðingu.

Þegar við fjöllum um orsakir sjúkdóma, munum við taka þá afstöðu að frumorsakir þeirra séu ofar okkar skilningi og aðeins þegar guðsríki opinberast á jörðu, muni opnast fyrir okkur raunverulegur skilningur á algengum sjúkdómum sem finnast á plánetunni okkar, í öllum fjórum ríkjum náttúrunnar. Þó er hægt að leggja fram fáeinar frumstaðhæfingar sem um síðir munu sannast með tilliti til stórheimsins og er nú þegar hægt að færa skynsamleg rök fyrir þegar fjallað er um smáheiminn.

1. Allir sjúkdómar (og hér er um að ræða alþekkt sannindi) stafa af vöntun á samræmi á milli lífsins og formþáttarins. Hjá mannkyninu er það sem sameinar líf og form eða er afleiðing þessarar sameiningar nefnt sál og hjá lægri ríkjum náttúrunnar er það nefnt sameiningarþáttur. Sjúkdómar koma fram þegar um er að ræða vöntun á samstillingu þessara þátta, sálarinnar og formsins, lífsins og birtingar þess, hins huglæga og hins hlutlæga. Þar af leiðir að andi og efni tengjast ekki hindrunarlaust. Hægt er að túlka fyrsta lögmálið á þennan hátt og

raunar er allt umfjöllunarefni bókarinnar nánari útlistun á því lögmáli.

2. Þessi vöntun á samræmi, sem veldur því sem við nefnum sjúkdóm, fyrirfinnst í öllum fjórum ríkjum náttúrunnar og leiðir til þess ástands sem veldur sársauka (þar sem slíkt næmi hefur þróast) og alls staðar til teppu, hrörnunar og dauða. Íhugið eftirfarandi orð: Ósamræmi, sjúkdómur, sársauki, teppa, hrörnun, dauði. Þau lýsa vel því almenna ástandi sem er ráðandi í vitrænu lífi allra forma, stórheims sem og smáheims. Þetta eru þó ekki orsakir.

3. Samt sem áður má líta á allt þetta sjúklega ástand sem hreinsandi í afleiðingum sínum og þannig verður að líta á það, ef rétt afstaða gagnvart sjúkdómum á að nást meðal mannkynsins. Þessu gleymir oft öfgafullur læknandi og róttækur boðberi nýrra hugmynda, því hann hefur með takmörkuðum skilningi sínum, í flestum tilvikum, aðeins náð hluta af stærri hugmynd.

4. Það er ríkt einkenni mannkynsins að leita leiða til lækningar og aðferða til að draga úr sjúkdómseinkennum. Þetta er árangur af hugrænu starfi manna og gefur til kynna dulda sköpunargáfu og sókn eftir auknu frelsi, ásamt hæfni til að skynja hið fullkomna og sjá markmiðið. Þar af leiðir sókn fram á við í átt til þeirrar endanlegu frelsunar.

Mistök manna nú á tímum felast í eftirfarandi:

- a. Vanhæfni til að sjá raunverulegt gagn sársauka.
- b. Flóttu frá þjáningunni.
- c. Að skilja ekki lögmál mótstöðuleysis.
- d. Ofuráherslu á formhlið náttúrunnar.
- e. Afstöðu til dauðans, að telja það stórfelldan skaða að

lífið hverfi úr sýnilegri birtingu í efnisforminu og formið leysist upp í frumeiningar sínar.

5. Þegar hin almenna hugmynd manna um sjúkdóma breytist og þeir verða viðurkenndir sem staðreynd í náttúrunni, munu menn byrja að vinna eftir lögmáli frelsunar með réttu viðhorfi sem leiðir til mótstöðuleysis. Nú á tímum magna menn aðeins vandann með kröftugri og einbeittri hugsun í ákafri andstöðu gegn sjúkdómum. Sjúkdómar efnissviðsins byrja að hverfa þegar menn snúa hugsuninni að sannleikanum og sálinni. Þetta verður ljósara þegar við rannsökum betur aðferðir hreinsunar. Sjúkdómar eru staðreynd. Í öllum ríkjum náttúrunnar gætir ósamræmis og efnisform eru úr tengslum við innra lífið. Sjúkdóma, hrörnun og tilhneigingu til niðurbrots er allsstaðar að finna. Ég vel orð mín með gætni.

6. Sjúkdómar stafa því ekki af rangri hugsun manna. Löngu áður en maðurinn birtist á jörðinni voru sjúkdómar til í lífsformunum. Ef við viljum túlkun í orðum og höldum okkur innan takmarkana mannshugans, gætum við sagt með talsverðri nákvæmni að Guð, Plánetugudinn, sé sekur um ranga hugsun. En með því værum við ekki að tjá sannleikann, heldur smábrot af orsökinni eins og hún birtist hinum smáa takmarkaða huga okkar í gegnum hinn almenna sýndarljóma og blekkingu.

7. Frá vissu sjónarmiði séð eru sjúkdómar leið til frelsunar og andstaða stöðnunar. Þið megið þó ekki álykta af því sem ég segi, að bjóða ætti sjúkdóma velkomna og að fagna skyldi atburðarás dauðans. Væri svo myndu menn rækta sjúkdóma og verðlauna sjálfsmorð. Til allrar hamingju fyrir mannkynið er tilhneiging lífsins algerlega á móti sjúkdómum og áhrif formlífsins á hugsun manna elur á ótta við dauðann. Þannig hefur þetta réttilega verið, því að lífsviljinn og hvötin til að viðhalda efnisforminu er

lífsnauðsynleg efnisbirtingunni og tilhneigingin til að viðhalda lífinu innan formsins er ein mesta gjöf Guðs og mun varðveitast áfram. En smátt og smátt munu viðhorf manna til dauðans breytast í þá veru, að litið verður á hann sem áætlaðan frelsandi atburð til að spara orku og gefa sálinni færi á að öðlast betra starfstæki til birtingar. Mannkynið sem heild er enn sem komið er ekki reiðubúið fyrir slíkt frelsi. Lærissveinar og leitendur heimsins ættu aftur á móti nú þegar að vera farnir að skilja þessi nýju grundvallaratriði tilverunnar. Hvötin til sjálfsviðhalds ræður sambandi anda og efnis, lífs og forms, svo lengi sem vilji guðdómsins sjálfs er að holdgast í raunbirtingarlíkama sínum – plánetu eða sólkerfi. Í ofangreindu hef ég látið í té vísbendingu um eina af undirstöðuorsökum sjúkdóma, um hina endalausú baráttu milli fjöttraðs anda og formsins sem fjöttrar. Aðferðin sem notuð er í þessari baráttu er sá innri eiginleiki sem birtist í formi hvatar til sjálfsviðhalds og áframhaldandi tilveru – bæði núverandi forms og tegundarinnar.

8. Öllu þessu ræður lögmál orsaka og afleiðinga, sem í Austurlöndum er nefnt karma. Í raun má líta á karma sem afleiðingu djúpstæðra og hulinna orsaka í huga Guðs á formlíf plánetunnar okkar. Ástæðurnar sem við getum rakið í tengslum við sjúkdóma og dauða eru í raun aðeins birting sérstakra grundvallarlögmála sem ráða – með réttu eða röngu, hver getur um það dæmt? – lífsbirtingu Guðs í forminu og þau hljóta ætíð að vera mannum óskiljanleg, uns sá tími kemur að hann gengst undir þá miklu vitundarvígslu sem okkur var sýnd á táknrænan hátt í Ummyndun Jesú. Í þessu námi okkar munum við einungis fást við *afleiddar* orsakir og afleiðingar þeirra. Við fáumst við hlutlægar afleiðingar af huglægum áhrifum sem stafa frá orsökum of fjarlægum til að við getum skilið þær. Þetta verða menn að viðurkenna og skilja. Með núverandi vitsmunagetu er ekki hægt að gera betur. Hví skyldu menn sýna það yfirlæti að



búast við að geta skilið allt, þegar innsæið er sjaldan virkt og uppljómun hugans fágæt? Menn skyldu heldur vinna að því að þróa innsæið og öðlast hugljómun. Þá verður skilningurinn ekki fjarri. Með því móti ávinna menn sér rétt til guðlegrar þekkingar. En skilningur á ofangreindum atriðum er nægjanlegur í þessu starfi okkar og gerir okkur kleift að setja fram lögmál og reglur sem vísa leiðina til lausnar frá efnisbundinni vitund. Þar af leiðir ónæmi fyrir sigri dauðans og því sjúklega ástandi sem nú ræður í ytri birtingu jarðlífsins.

Við skulum flokka hugleiðingar okkar um orsakir sjúkdóma í þrjá hluta og sleppa í sannleiksleit okkar þeirri mjög svo skiljanlegu en fánýtu löngun að skyggjast inn í huga guðdómsins.

- I. Sálrænar orsakir.
- II. Orsakir af samfélagslegum uppruna.
- III. Karmaskuldir okkar, karmísku ástæðurnar.

Með öllu þessu munum við aðeins öðlast almenna hugmynd um núverandi sjúkdóma mannkynsins og sjúkdóma dýra að hluta til. Það er allt og sumt sem nú er hægt. Þegar þessi almenna hugmynd er öllum ljós, munum við hafa skýrari skilning á vandamálinu. Þá getum við haldið áfram og fjallað um aðferðirnar sem gera okkur kleift að meðhöndla óæskileg áhrif á auðveldari hátt. Nemum í lækningarlistinni ætti einnig að vera ljóst að lækna má á þrennan máta. Þessar þrjár aðferðir eru allar góðar og gildar, en það fer eftir stöðu sjúklingsins á þróunarbrautinni hver þeirra á við.

Í fyrsta lagi, aðferðir sem lina þjáningar og eyða óþægindum, lækna smám saman sjúkdóma og eyða óæskilegu ástandi. Þær byggja upp formhlið lífsins og rækta lífsorkuna, svo sjúkdómar ná ekki að festa rætur. Góð dæmi um þessar aðferðir eru lyflækningar, smáskammtalækningar, stoðkerfislækningar, hnykk-lækningar og fleiri meðferðarleiðir. Þær eru uppbyggjandi og

hafa orðið til góðs. Mannkynið stendur því í mikilli þakkar-skuld við visku, færni og óeigingjarnt starf lækna. Þeir eru ætíð að fást við brýn verkefni og hættulegar afleiðingar orsaka sem ekki eru augljósar á yfirborðinu. Þegar þessum aðferðum er beitt, er sjúklingurinn í höndum utanaðkomandi aðila og á að vera óvirkur, aðgerðalaus og móttækilegur.

Í öðru lagi má nefna störf og aðferðir nútíma sálfræðinga, sem reyna að fást við innra ástand sjúklingsins, greiða úr hugarflækjum, innibyrgðum hvötum, geðtruflunum og sálarflækjum sem valda ytri sjúkdómseinkennum, svo sem þunglyndi, taugaveiklun eða hugsýki. Þegar þessari aðferð er beitt, er reynt að fá sjúklinginn eins mikið til samstarfs við sálgreinandann og kostur er, svo að hann öðlist réttari skilning á sjálfum sér og læri að eyða þeim innri bælingum sem trufla hina ytri starfsemi. Hann er þjálfaður í því að vera jákvæður og virkur, og er þetta stórt spor í rétta átt. Sú stefna, að tengja saman sálfræði og líkamlegar lækningar, er heilbrigð og rétt.

Í þriðja lagi er það besta og nýjasta aðferðin. Hún felst í því að vekja sál mannsins til aukinnar virkni. Hin sanna varanlega lækning á sér stað, þegar líf sálarinnar getur flætt óhindrað um alla þætti efnisformsins. Með því lífgar hún formið og ryður úr vegi þeim stíflum og hindrunum sem eru svo ákjósanlegar gróðrarstíur sjúkdóma.

Þetta gefur ykkur margt til umhugsunar. Með því að fara hægt og vandlega yfir hagnýta tækni og aðferðir, leitast ég við að leggja traustan grundvöll að því sem ég mun síðar fjalla um.

## ÞJÁLFUN LÆKNANDANS

Ég mun af og til vitna í sex reglur sem snerta þjálfun læknandans. Þær ráða (eða ættu að ráða) starfi hans. Hafid í huga orðin tvö sem ég áður nefndi: *SEGULORKA* og *GEISLUN*. Þau

eru samnefnari fyrir starf lækndans. Áhrif þeirra eru mismunandi, eins og síðar mun koma í ljós.

### 1. regla

Lækndinn skal leitast við að samtengja sál sína, hjarta sitt, heila sinn og hendur. Þannig er honum kleift að úthella lífgefandi lækningarorku yfir sjúklinginn. *Þetta er lækning með segulorku.* Það lækna sjúkdóma eða getur aukið hið „slæma ástand,“ allt eftir þekkingu lækndans.

Lækndinn skal leitast við að samtengja sál sína, heila sinn, hjarta sitt og áríska útgeislun. Þannig getur nálægð hans nært sálarlíf sjúklingsins. *Þetta er lækning með geislun.* Snertingar er ekki þörf. Sálin sýnir mátt sinn. Útgeislun frá áru lækndans, upplýst orku sálarinnar, veldur áhrifum í áru sjúklingsins og sál hans bregst við.

Þegar fjallað er um orsakir sjúkdóma tel ég rétt að ræða nokkuð um aðstæður – ytri sem innri. Flestum er ljóst að margir sjúkdómar og dauðsföll stafa af aðstæðum í umhverfinu sem viðkomandi telst ekki vera ábyrgur fyrir. Þær aðstæður sem um er að ræða geta verið allt frá hreinum ytri atburðum til erfða. Eftirfarandi upptalning ætti að skýra málið:

1. *Slýs*, sem geta orðið vegna eigin vanrækslu, hópatburða, gáleysis annarra eða vegna átaka, eins og í verkföllum eða stríði. Þau geta einnig orðið vegna árása dýra, eitrunar og margs annars.
2. *Smit* utan frá en er ekki afleiðing af afbrigðilegu ástandi blóðsins. Til þess teljast hinir ýmsu smitsjúkdómar og far-sóttir. Maðurinn getur smitast af þeim við skyldustörf,

vegna daglegra samskipta eða sjúkdómsvaldandi aðstæðna í umhverfinu.

3. *Sjúkdómar vegna næringarskorts*, sérstaklega hjá börnum. Vannæring gerir líkamann móttækilegan fyrir sjúkdómum, minnkar viðnámsþrótt og lífskraft, veikir mótstöðukraft mannsins og veldur ótímabærum dauða.
4. *Erfðir*. Hér er um að ræða, eins og flestir vita, sérstaka tegund af erfðaveikleikum sem annaðhvort gera manninn móttækilegan fyrir ákveðnum lífshættulegum sjúkdómum eða valda hjá honum ástandi sem veikir smám saman tangarhald hans á lífinu. Einnig má finna tilhneigingar til hættulegra langana sem valda óæskilegum venjum og siðferðisbresti og eru vilja mannsins skeinuhættar; þær gera hann ófæran um að berjast við vandann. Hann lætur undan þeim og geldur fyrir það með sjúkdómum og dauða.

Þessir fjórir áhættuþættir valda miklu af því sem sjá má í daglegu lífi manna en ekki er hægt að flokka þá undir sálrænar orsakir sjúkdóma. Við munum einnig fjalla lítillega um þá í kaflanum um sjúkdóma af samfélagslegum orsökum. Fjallað verður um smitsjúkdóma en slys, til dæmis bíl- eða járnbrautar-slys, eru ekki talin sem ein af orsökum sjúkdóma. Það er rétt að læknaði getur komið að í slíkum tilfellum en starfið er nokkuð á annan veg en þegar um er að ræða sjúkdóma, sem eiga rætur sínar að rekja til einhverra af fingerðari líkõmunum eða eru af samfélagslegum uppruna. Veikindi vegna vannæringar eða rangra lifnaðarháttá samtímans verða ekki rædd hér. Í þeim tilfellum bera börn sem einstaklingar enga ábyrgð. Viðfangs-efni mitt eru sjúkdómar sem stafa af röngu innra ástandi.

Ábyrgð barns á umhverfi sínu er svo til engin, nema litið sé á karma og mátt þess, til að umbreyta núverandi kringumstæðum út frá fortíðinni, sem orsakabátt. Um þetta verður fjallað nánar í kaflanum um karmaskuldir okkar. Ég vil aðeins benda á það

hér, að hægt væri að meðhöndla viðfangsefnið frá karmísku sjónarmiði eingöngu og sýna ákveðið og afgerandi fram á gildi þess, hefði kynning á því torskilda viðfangsefni verið rétt á þeim tíma sem það kom fram á Vesturlöndum. En sannleikur málsins, eins og hann hefur borist okkur frá Austurlöndum, hefur brenglast mikið í meðförum austrænna trúfræðinga, líkt og kenningin um friðþæginguna og meyfæðinguna hefur verið mistúlkuð og kennd af vestrænum guðfræðingum. Sannleikurinn, eins og hann er í raun og veru, líkist lítið túlkun manna nú á tímum. Mér er því mikill vandi á höndum þegar ég fjalla um sjúkdóma frá karmísku sjónarmiði. Vegna augljósra fyrirfram mótaðra hugmynda ykkar um hið forna lögmál orsaka og afleiðinga, er erfitt fyrir mig að færa ykkur réttan skilning á málinu. Ef ég segi ykkur að kenningin um „óvænta þróun“ (þ.e. þróun sem tekur óvænta stefnu sem ekki er í beinu framhaldi af fyrra þróunarmynstri) og nútíma kenningar um verkun hvata á tvö efnasambönd, sem mynda þriðja efnið ólíkt hinum tveim, þegar þau komast í snertingu hvort við annað undir áhrifum hvata – mynduð þið skilja að það felur í sér margt af sannleikanum um karma? Ég efast um það. Þegar ég segi ykkur að áherslan sem lögð hefur verið á karmalögmálið til skýringar á augljósu misrétti og áherslan sem ætíð er lögð á sársauka, sjúkdóma og þjáningar í því sambandi, gefa aðeins ófullkomna mynd af kosmíska sannleikanum sem undir býr. Hefur þá hugur ykkar nokkuð skýrst? Ef ég bendi á að karmalögmálið, réttilega skilið og notað, veitir það sem gefur hamingju, góðleik og lausn frá þjáningum á mun auðveldari hátt heldur en hitt, sem veldur þjáningum með keðjuverkandi afleiðingum sínum. Finnst ykkur þið geta skilið þýðingu þess sem ég er að segja?

Áhrif sýndarljómans í heiminum nú á tímum eru svo máttug og blekkingin svo útbreidd og lífseig að okkur tekst ekki að sjá hið rétta gildi þessara mikilvægu lögmála.

Karmalögmálið er ekki lögmál refsinga, eins og menn gætu haldið af því að lesa samtíma rit um efnið. Það er aðeins einn hluti af verkunum karmalögmálsins. Það á ekki að skilja lögmál orsaka og afleiðinga eins og það er almennt túlkað nú á tímum. Til glöggvunar getum við tekið þyngdarlögmálið sem hefur um aldir verið þekkt meðal manna. Þetta lögmál er raunverulegt, en það er þó aðeins hluti af stærra lögmáli og eins og við vitum er hægt að yfirvinna mátt þess að hluta til, því að í hvert sinn sem flugvél flýgur yfir sjáum við hvernig sigrast er á áhrifum þess með vélrænum hætti, sem gefur dæmi um hve auðveldlega menn geta náð valdi á slíku lögmáli. Ef menn aðeins skildu, að þeir eru að læra forna tækni þar sem svif í lausu lofti er talin ein af auðveldustu og einföldustu byrjunaræfingunum.

Lögmál afleiðinganna er ekki sú ófrávíkjanlega og fasta regla sem nútíma hugmyndir gera ráð fyrir, heldur er það mun skyldara lögmálum hugsunar. Hugvísindin eru smám saman að þreifa sig í átt til skilnings á þessu. Stefna þeirra og tilgangur eru rétt, og gera má sér góðar vonir um árangur, en niðurstöður og vinnubrögð eru þó enn sem komið er sorglega gölluð og misvísandi.

Ég hef fjallað um þennan misskilning á karmalögmálinu vegna þess að mér er umhugað um að þið hefjið nám ykkar í lögmálum lækninga með frjálsum og opnum hug en geri mér jafnframt ljóst að skilningur ykkar á þeim takmarkast af eftirfarandi áhrifum:

1. Gömlum trúfræðikenningum, með stöðnuðum, brengluðum og röngum viðhorfum. Kenningar guðfræðinnar eru mjög villandi en því miður almennt viðurkenndar.
2. Almenningsálitinu, með sterkum litblæ tilfinninga en litlu af raunverulegri hugsun. Menn túlka óljóst skynjuð lögmál sem endanleg frá sínum afmarkaða sjónarhóli. Í kenningunum um karma er til dæmis hugmyndin um refsingu áberandi, af

þeirri ástæðu að menn leita að trúverðugum skýringum á því sem sýnist og hafa sjálfir ánægju af því að útdeila refsingum. Samt sem áður er mun meira um gott karma en slæmt, hversu ólíklegt sem það virðist, sé tekið mið af þeim tímum sem við lifum á.

3. Tálsýnum og blekkingum heimsins sem koma í veg fyrir að hinn fáfróði meðalmaður sjái lífið eins og það er í raun. Jafnvel menn lengra komnir og lærisveinar eru aðeins að byrja að skynja stopula og ófullnægjandi mynd hins dýrlega raunveruleika.
4. Lítilli hugarstjórn sem ásamt ónotuðum og blundandi heilafrumum kemur í veg fyrir réttan skilning. Staðreynd sem mönnum sést oft yfir. Skilningstækin eru enn ófullnægjandi. Á þetta þarf að leggja áherslu.
5. Skapgerð þjóðar og kynþáttar sem býr yfir eigin einkennandi skapgerðareinkennum og fordómum. Þessir áhrifaþættir koma einnig í veg fyrir rétt mat raunveruleikans.

Nóg hefur verið sagt hér til þess að benda ykkur á hve heimskulegt væri að segjast skilja þessi lækningalögmál sem þið eruð að reyna að nálgast og skilja, því hvergi er myrkrið meira í hugum manna en einmitt á því sviði sem tengist sjúkdómum og dauða.

Strax í upphafi kaflans um *sálrænar orsakir sjúkdóma* er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að ég er ekki að fjalla um kvilla eða sjúkdóma sem stafa frá umhverfinu, né um þá efnislegu galla sem börn erfa frá foreldrum sínum og sem þeir á sama hátt kunna að hafa erft frá sínum foreldrum. Ég vil einnig benda á að erfðir sjúkdómar eru færri en talið er nú. Helstir þeirra hjá núverandi mannkyni eru tilhneigingar til berkla, kynsjúkdóma og krabbameina sem samhliða erfðaþættinum stafa einnig af ytri orsökum. Þetta mun ég fjalla um undir annarri aðalfyrirsögninni, sjúkdómar af samfélagslegum uppruna.





# I. KAFLI

## Sálrænar orsakir sjúkdóma

Áður en lengra er haldið vil ég taka fram að ég mun reyna eins og mögulegt er að forðast tæknileg hugtök. Verkefni okkar er dulfræðileg umfjöllun um sjúkdóma og birtingarform þeirra. Við reynum því að varpa ljósi á viðfangsefnið og mikilvægustu sjúkdómsorsakirnar og munum setja fram hin almennu lögmál, sem læknaandinn verður að vinna eftir, ásamt reglunum sex sem hann hlýtur að fylgja – og mun hlýða með skilningi og ögun.

Eins og þið hafið séð skipti ég hinum sálrænu orsökum sjúkdóma í fjóra flokka:

1. Orsakir sem stafa frá geði eða tilfinningum.
2. Orsakir sem eiga upptök í etherlíkamanum.
3. Orsakir vegna rangra hugsana.
4. Sérstakir kvillar og sálræn vandamál lærisveina.

Það kann að hafa vakið athygli ykkar að ég hef sett sjúkdóma etherlíkamans í annað sæti en ekki fyrsta. Ástæðan fyrir því er sú að þeir *samfélagslegu sjúkdómar og sóttir* sem fylgt hafa mannkyninu, finna sér aðallega farveg í gegnum etherlíkamann og finna sér leið til raunbirtingar um etherlíkama allra forma. Ég hef sett þá í annað sæti, jafnvel þó fjöldi þeirra sé mestur þegar grannt er skoðað, en það stafar af því að mannkynið sem heild getur ekki ennþá tekist á við þá. Sú barátta verður að fara fram hjá hverjum einstaklingi fyrir sig og hver einstaklingur verður að hreinsa geð- eða tilfinningalíkama sinn af því sem gerir hann móttækilegan fyrir sjúkdómum. Nú á tímum er vitund mannkynsins innstillt í geðræna eðlisþættinum. Meðal alls fjölda almennings eru tilfinningar og geðræn næmni mest ráðandi.


Þetta leiðir til þess að etherlíkaminn er tiltölulega negatífur og er því móttækilegur fyrir áhrifum frá heildar etherefni jarðarinnar. Þetta etheríska efni, sem er grundvöllur allra forma, hefur það hlutverk að miðla og dreifa lífsorkunni til hins ytri efnisþétta líkama. Orka streymir í gegnum etherefnið án þess að einstaklingurinn hafi nokkra stjórn á henni og algerlega án hans vitundar, vegna þess að vitundin er innstillt á tilfinningasviðinu. Hægt er að álykta margt um ástand efnislíkamans út frá geðrænu eða tilfinningalegu ástandi vitundarinnar. Við verðum samt sem áður að uppræta hina samfélagslegu sjúkdóma sem eiga upptök sín í heimi etherkraftanna og herja á allt mannkynið og skilja eftir sig orkuskort, oförvun eða eitthvert það ástand sem leiðir um síðir til dauða. Almennt má segja að nú á tímum eigi hinir einstaklingsbundnu líkamlegu sjúkdómar upptök sín í geðlíkamanum og að geðlíkaminn sem tjáningartæki geri einstaklinginn móttækilegastan fyrir veikindum, en aftur á móti stafi samfélagslegir sjúkdómar og hvers konar farsóttir frá aðstæðum í etherefni plánetunnar. Sjúkdómar, sem eru almennir, tengdir þjóðum, kynþáttum eða plánetunni sem heild, berast einstaklingnum í gegnum etherlíkama hans en hafa ekki eins persónuleg einkenni. Um þetta verður fjallað nánar síðar. Nú set ég aðeins fram almenn atriði.

Ég vil einnig benda á að sjúkdómar almennings, sjúkdómar hins almenna borgara, sjúkdómar menntamanna og sjúkdómar lærisveina heimsins geta verið og eru í reynd mjög mismunandi. Það eru þó ekki sjálf sjúkdómseinkennin sem eru mismunandi, heldur á hvaða sviði þau koma fram. Hinn almenni lækandi á erfitt með að viðurkenna þetta; hann er ekki fær um að greina þennan mun og meta hve langt í þróuninni hver einstaklingur hefur náð. Suma sjúkdóma verður að fást við á hugarsviðinu sem kallar á virkt hugrænt starf af hálfu lækandans. Aðra verður lækandinn að fást við með einbeittri tilfinningaorku. En í

sumum tilfellum ætti lækningandinn eingöngu að leitast við að miðla þróunorku í gegnum sinn eigin etherlíkama til etherlíkama sjúklingsins. Hve margir lækendur eru sér í raun meðvitandi um hvar vitund eða lífsorka sjúklingsins, sem þeir eru að sinna, er innstillt? Hve margir vita í raun hvers konar lækningaradferð er möguleg eða nauðsynleg fyrir lærisvein? Hve margir gera sér grein fyrir því að enginn lærisveinn getur til dæmis leitað til almenns segulorku eða geislunarlækninga, né heldur til nokkurs sérfræðings í sálfræði af neinu tagi! Lærisveinninn áráðir aldrei að setja sjálfan sig undir tilviljanakennd áhrif frá áriskri útgeislun nokkurs lækninga, né gefur sig á vald óreynds háskólamenntaðs sálfræðings, hversu virtur sem sá kann að vera. Honum er samt sem áður óhætt að leita til reyndra lækna efnis-sviðsins, þar sem efnislíkaminn er frá hans sjónarmiði aðeins verkfæri. Hann getur því notfært sér efnisleg úrræði líkamanum til góðs. Mörg mistök í lækningaradferðum samtímans orsakast af vanhæfni lækningandans við að:

1. Skynja umfang vandans, hvar hann liggur í aðalatriðum og í hverjum líkamanna þessi vandi á fyrst og fremst upptök sín.
2. Vita hvar sjúklingsurinn er staddur í þróuninni og hvar, þar af leiðandi, verður fyrst að leita að upptökum vandans.
3. Greina á milli þess hvort sjúkdómurinn stafi af innra persónulegu ástandi, erfðatilhneigingum eða samfélagsáhrifum.
4. Að vita hvernig sjúkdómurinn skuli meðhöndlaður og velja á milli eftirfarandi lækningaradferða:
  - a. Lyflækninga og örskammtalækninga, því báðar þessar aðferðir geta stundum komið að gagni, eða hvort nota eigi einhverjar aðrar aðferðir nútíma tækni og vísinda.
  - b. Lækninga með geislun eða segulorku eða nota báðar aðferðirnar.

- c. Ákvarða hvort beita eigi sálrænu inngripi sem byggist á sönnu innsæi af hálfu læknandans.
- d. Ákvarða hvort hægt sé að virkja sálarorku sjúklingsins – en það er ekki mögulegt nema um þroskað fólk sé að ræða.
- e. Ákvarða hvort mögulegt sé að beita sérstökum dulfræðilegum aðferðum, svo sem því að mynda lækningaþríhyrning eins og hér er sýnt:



Þessi aðferð krefst þess að læknandinn búi yfir mikilli þekkingu og hafi náð háu andlegu þroskastigi. Hún gerir einnig ráð fyrir því að læknandinn hafi myndað tengingu við meistara og heildi hans, að því viðbættu að læknandinn hafi áunnið sér þann rétt að kalla til orku frá þessu heildi vegna viðkomandi sjúklings, nokkuð sem enn er sjaldan heimilað.

Ég vil taka það fram að það er ekki ætlun mín að skrifa læknisfræðilegt rit. Þess vegna mun ég ekki fjalla um líffærafræði líkamans, né mun ég ræða um sjúkdómseinkenni, nema efnið gefi sérstakt tilefni til slíks. Um sjúkdómseinkenni ætla ég ekki að fjölyrða né hina mörgu sjúkdóma með löng nöfn sem eru einkennandi fyrir mannkynið um þessar mundir; slíkar upplýsingar getið þið fengið í venjulegum kennslubókum, ef

Þið kærið ykkur um. Mér sjálfum finnst það ekkert sérstaklega upplýsandi. Við byrjum út frá þeirri forsendu að sjúkdómar séu staðreynd og að þeir séu afleiðingar innri orsaka. Ennfremur að mannkynið hafi tekið miklum framförum í skilningi á afleiðingum þeirra orsaka sem leiða til breytinga í ytri líkama mannsins, alveg eins og vísindunum hefur fleygt fram í skilningi á hinu ytra klæði Guðs, heimi náttúrunnar.

Starf lyf- og skurðlækna við að lina þjáningar að lækna og líkna hefur sannað sig, það þarf ekki að rökræða. Aðferðirnar sem notaðar eru, svo sem tilraunir á dýrum, kunna réttilega að valda áhyggjum. Þrátt fyrir það er skuld mannkynsins við læknastéttina mikil og þjónustan sem hún veitir mannkyninu vegur að mestu leyti á móti því neikvæða. Að læknar vita ekki allt, er rétt; að lítill hluti læknastéttarinnar (minni en í nokkurri annarri starfsgrein) sé eigingjarn og stéttinni ekki til sóma, er einnig rétt. Að þeir vita nú þegar nóg til að viðurkenna takmörk þekkingar sinnar, er líka satt. En sú staðreynd að læknastéttin er mikill, góður og óeigingjarn hópur innan samfélagsins er jafn rétt. Gleymið því ekki!

Ég fæst við innra eðli mannsins og þær afleiddu orsakir sem eiga rætur sínar í fingerðari líkómum hans og í innri þáttum sjálfrar náttúrunnar. Frumorsakirnar eru, eins og ég hef áður sagt, ofar skilningsgetu ykkar. Þær eru lægri huganum óskiljanlegar. Ég vil reyna að útskýra hvað maðurinn sjálfur getur gert til að leysa sig í auknum mæli undan uppsöfnun fortíðarinnar, bæði sem einstaklingur og sem hópur og eytt með því móti kveikjum sjúkdóma úr efnislíkama sínum. Hafa verður þó í huga að margir sjúkdómar eru samfélagslegir og þar af leiðandi einskonar erfðafylgja mannkynsins sjálfs. Þegar gengið er um skóglendi má sjá hvernig skordýrin ásækja og skaða jurtaríkið, á sama hátt ásækja sýklar – einstakir og sem hópur – mannkynið og valda því skaða. Þeir eru fulltrúar eyðingarafla og eru að framkvæma ákveðið verk og skyldu í hinni stærri heild.

Skipan mála er sú að maðurinn á að deyja, hver einasti maður verður að deyja *að kröfu sinnar eigin sálar*. Þegar maðurinn hefur náð lengra á þróunarbrautinni, mun hann af ásetningi á fyrirfram ákveðnum tíma, hverfa með fullri vitund úr efnislíkama sínum. Líkaminn er skilinn eftir þögull og sálarlaus, án ljóss en samt heill. Síðan mun hann leysast upp samkvæmt náttúrulegu ferli og efnisatóm hans hverfa til baka inn í forðabúr náttúrunnar, þar til þeirra er aftur þörf til afnota fyrir sálir á leið til holdgunar. Sama fyrirbærið endurtekur sig á innri sviðunum, en margir hafa nú þegar lært að hverfa úr geðlíkama sínum án þess að verða fyrir „áhrifum þokunnar“ sem er táknræn lýsing á dauða mannsins í geðheimum. Hann hverfur þá inn í hugheima og yfirgefur sinn geðræna líkama sem hverfur inn í þokuna og eykur þéttleika hennar.

Ég vil því benda á að ég forðast af ásettu ráði að nota læknisfræðileg hugtök, þó að oft verði minnst á efnislíkamann og sjúkdóma sem á hann herja.

Í öðru lagi set ég fram annað lækningarlög málið, ásamt einni af reglum lækmandans. Ígrundið þau vel.

## II. LÖGMÁL

*Sjúkdómur er afleiðing af og háður þremur áhrifaþáttum. Í fyrsta lagi fortíð mannsins, þar sem hann geldur fyrir forn mistök. Í öðru lagi því sem hann erfir, þeim menguðu orkustraumum sem hann á sameiginlega með öllu mannkyni og eru af samfélagslegum uppruna. Í þriðja lagi því sem Lávarður Lífsins leggur á líkama sinn, og maðurinn deilir sameiginlega með öllum formum náttúrunnar. Þessir þrír áhrifaþættir eru nefndir: „Hið forna lögmál illrar sameignar.“ Síðar mun það víkja fyrir nýju*

*„lögmáli hins forna ríkjandi góðleika,“ sem býr að baki alls sem Guð hefur skapað. Þetta lögmál verður að gera virkt með andlegum vilja manna.*

Hvað er lögmál, bróðir minn? Það er kvöð vilja og tilgangs hins ædsta og mesta (sem allir, bæði hinir smáu og þeir sem mikilvægari eru, verða að lúta). Þess vegna er það handan mannlegrar þekkingar. Síðar meir verða menn að læra að öll lögmál náttúrunnar eiga sér æðri andlega hliðstæðu og hennar munum við brátt leita. Lögmál okkar nú á tímum eru ekki frumlögmál. Þau eru lögmál samfélagslífs og þau ráða náttúruríkjunum og leita sér birtingar (hjá mannkyninu) með milligöngu hugans, tilfinningalífsins og líkamans á efnissviðinu. Ekki er ætlun mín í þessari stuttu bók að útskýra frumlögmálin. Ég mun aðeins nefna þau, en í framtíðinni getur komið til þess að ég fjalli um þau, en það er háð atriðum sem enn ríkir óvissa um.

Þriðji hluti þessa rits mun fjalla um undirstöðulögmál lækninga. Hann er ekki um ofangreind frumlögmál, heldur um hagnýta þætti lækningarlistarinnar.

Önnur regla lækandans er sem hér segir:

## 2. regla

Lækandinn verður að ávinna sér hreinan segulkraft með hreinu líferni. Hann þarf að ná þeirri leysandi útgeislun sem birtist hjá hverjum manni sem samtengt hefur orkustöðvarnar í höfðinu. Útgeislunin hefst þegar segulsviðið hefur verið myndað.

Dulfræðinemum langt komnum í námi verður mikilvægi þessa að nokkru leyti ljóst. Eins og þið vitið, myndast segulsviðið þegar hinar öflugur sveiflur orkustöðvarinnar framan við

heiladingulinn og orkustöðvarinnar um og yfir heilakönglinum ná inn á svið hvorrar annarrar. Það eina sem ekki er ljóst í sambandi við þessa reglu (sem við verðum að taka til athugunar síðar) er hvernig og á hvern hátt hinum hreina segulkrafti er náð og hvernig orkustöðvarnar tvær í höfðinu geta saman myndað eitt segulsvið. Síðar í niðurstöðum okkar sem ætlað er að hafa mjög hagnýtt gildi, mun ég fjalla nánar um þessi tvö atriði.

Eitt af því sem glögglega ætti að koma í ljós í athugunum okkar er sú staðreynd, að sjúkdómar eiga sjaldan upptök sín hjá einstaklingnum sjálfum, nema maðurinn sói lífi sínu og misnoti líkama sinn (t.d. með áfengisneyslu eða kynferðislegu lauslæti) og að meginhluti sjúkdóma okkar tíma er svo til algerlega af samfélagslegum uppruna, gengur í erfðir, er afleiðing smits eða vannæringar. Síðast talda orsökkin er fyrst og fremst menningarlegur ágalli; hún er afleiðing rangrar efnahagsstjórnar eða spilltrar fæðu. Eins og ég hef áður bent á, eru þessar ástæður ekki fyrst og fremst afleiðing innri fingerðari afla, heldur streymi orku frá efnissviðinu sjálfu og hinu ytra orkusviði inn í etherlíkamann.

Dulfræðikennarar hafa lítið skeytt um þessa ytri krafta sem eiga upptök sín í efnisheiminum og hafa áhrif á innri líkamana. Til eru efnislegir kraftar og orkustraumar sem orka á etherlíkama allra forma, sem líkt og heimsblekkingin og mistur geðsviðsins stafa oft af efnislegum aðstæðum. Orkutegundirnar sem streyma inn í orkustöðvar mannsins frá fingerðari sviðum hafa oft verið umfjöllunarefni í dulfræðiritum, en kraftarnir sem streyma inn í orkustöðvarnar frá lífi efnissviðsins hafa sjaldan skilist eða verið til umræðu. Hér er um tiltölulega nýja hugmynd að ræða sem ég læt ykkur til umhugsunar.

Ég hef beðið A.A.B. að skjóta hér inn stuttu yfirliti yfir sum atriðin sem ég hef nú þegar fjallað um undir fyrirsögninni: Hvað eru sjúkdómar? Tillaga mín er eftirfarandi:



1. Allt sjúklegt ástand er í eðli sínu misræmi og vöntun á samstillingu og stjórnun.
  - a. Sjúkdóma er að finna í öllum fjórum ríkjum náttúrunnar.
  - b. Sjúkdómar hafa hreinsandi áhrif.
  - c. Notkun sérstakra aðferða til lækninga er einkennandi fyrir mannkynið og á rætur sínar í hugrænu eðli mannsins.
2. Sjúkdómar eru staðreynd í náttúrunni.
  - a. Andstaða gegn sjúkdómum er aðeins til að magna þá.
  - b. Sjúkdómar stafa ekki af rangri hugsun mannsins.
3. Sjúkdómar leiða til lausnar og eru í andstöðu við það sem er staðnað.
4. Lögmál orsaka og afleiðinga ræður sjúkdómum eins og það ræður öllu öðru í sköpunarverkinu.

Við sáum einnig að lækningar gerast á þrennan hátt:

1. Með notkun aðferða hinna ýmsu greina læknisfræðinnar, lyflækninga, skurðlækninga og skyldra greina.
2. Með hagnýtingu sálfræðinnar.
3. Með starfi sálarinnar.

Ég hef einnig tekið fram að meginorsakir sjúkdóma eru þrjár: þær eru sálræns eðlis, þær erfast gegnum samfélagstengsl og þær eru karmískar. Munið þó að þetta eru afleiddar orsakir, en hér á eftir munum við fjalla um þá fyrstu.

## 1. ORSAKIR FRÁ TILFINNINGALÍFINU

Í bókinni „*A Treatise on White Magic*“ veitti ég í fyrsta sinn upplýsingar um eðli og stjórn geðlíkamans. Bókin er ein sú fyrsta sem kemur fyrir almennings sjónir um þetta efni. Hingað til hefur mikið verið skrifað um efnislíkamann og umönnun

hans, bæði frá sjónarmiði vísinda og dulfræði. Margt af því er rétt, en sumt eru rangtúlkanir. Rangtúlkanir vegna þess að byggt er á röngum forsendum. Dulfræðingar nútímans hafa skrifað um etherlíkamann og það hefur einnig bæði verið að hluta til rétt og að hluta til rangt, en það er almennt réttara frá dulfræðilegu fremur en ytra sjónarmiði. Það kann að vekja undrun ykkar ef ég segi ykkur að bókin „*A Treatise on White Magic*“ er einnig rétt svo langt sem hún nær, en hún hefur sínar eðlilegu takmarkanir og vegna þeirra er hún einnig að hluta til röng. Kemur þessi fullyrðing ykkur á óvart? Ég spyr: Hvernig getur bókin verið algjörlega rétt ef hafðar eru í huga takmarkanir ykkar til skilnings? Mér er ómögulegt að vekja ykkur til skilnings á sannleikanum, vegna þess að hvorki er til orðaforði né fullnægjandi þekkingargrunnur hjá ykkur til að byggja á. Þetta gerir verkefni mitt erfitt. Þessi bók um lækningar er einnig sú erfiðasta sem ég hef hingað til unnið að og það af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hefur hugtakið „innri líkamar“ litla merkingu í vitund manna, eða er það ekki? Þeir eru ekki líkamar eins og efnislíkaminn. Hægt er að líta á þá sem miðstöðvar eða forðabúr sérstakra orkutegunda, tengdar hverjum manni með sérstökum inntaks- og úttaksstöðum. Þeir eru samsafn atóma sem sveiflast með miklum hraða og eru (samkvæmt sumum dulfræðikenningum) með sérstökum skilgreinanlegum litblæ. Þeir gefa frá sér ákveðinn tón og eru á mismunandi stigum þróunar. Samkvæmt öðrum kenningum eru þeir sérstök vitundarstig og sumir segja að þeir séu myndaðir í líkingu manns. Hver er þín skilgreining, bróðir minn?

Hjá meirihluta mannkyns er tilfinningalíkaminn virkasti áhrifaþátturinn sem taka þarf tillit til. Hann er helsta orsök slæmrar heilsu. Ástæðan er sú að hann hefur öflug og mótandi áhrif á lífsorkuna og etherlíkamann. Efnislíkaminn er sjálfvirkt tæki og lýtur stjórn þess innri líkama sem máttugastur er. Þegar menn minnst þess að etherlíkaminn er viðtakandi orkustrauma

og er í raun samsettur úr slíkum orkustraumum, og að efnislíkaminn er knúinn til virkni af þessum orkustraumum, er augljóst að öflugasti orkustraumurinn verður ráðandi í starfsemi efnislíkamans. Það eru hinsvegar tveir orkustraumar sem skoða þarf þegar athugaðir eru þeir þættir sem leiða til virkni á efnissviðinu. Ég vil í þessu sambandi minna ykkur á að sjúkdómar koma fram sem starfsemi á efnissviðinu.

1. Sjálfur straumur lífsins, tengdur hjartanu, sem ákvarðar lífsþrótt mannsins, getu hans til starfa og ævilengd.
2. Hinn ráðandi straumur orku sem kemur frá geðlíkama, huglíkama eða sálarlíkama og mótar birtingu mannsins á efnissviðinu.

Ráðandi þættir í lífi almennings og hins mannmarga lítt hugsandi fjölda eru straumur lífsins og straumur orku tilfinninga eða langana. Eiginleikar hvors um sig geta verið annaðhvort lágstæðir eða í meðallagi.

Ráðandi þættir í lífi hugsandi almennings eru ofangreindir tveir orkustraumar að viðbættu stöðugu og vaxandi flæði hugarorku.

Hjá hugsuðum heimsins og leitendum (þeim sem eru tilbúnir fyrir eða þegar komnir á braut reynslunemans) eru þrír ofangreindir orkustraumar í jafnvægi og mynda þannig persónuleika sem er að samstillast eða samhæfast. Til þessa hóps má einnig telja launspekinga heimsins og þá skapandi einstaklinga sem eru sér meðvitandi um innblástur og þau andlegu tengsl sem gefa til kynna byrjun á innstreymi sálarorku.

Meðal lærisveina heimsins finnum við hóp karla og kvenna sem eru að komast undir stjórn sálarorkunnar og um leið eru áðurnefndu orkustraumarnir þrír að komast undir stjórn þessarar æðri orkutegundar í vaxandi mæli.

Hafa skal í huga að taka þarf tillit til tveggja annarra orkutegunda, þegar hinn hugsandi maður er skoðaður.


1. Orku sem myndast úr samblandi krafta hins sameinaða persónuleika.
2. Orku sjálfs efnissviðsins sem lærisveinninn eða leitandinn ber kennsl á um síðir. Þessari orkugerð mun hann hafna svo algerlega að það verður að endingu einn aðalþátturinn í ummyndun og lausn orkustöðvanna.

Um síðir kemur að því að vígsluhafinn notfærir sér aðeins þrennskona orku þegar hann er í efnislegri birtingu: orku sjálfs lífsins, negatífa eða móttækilega orku persónuleikans og hina pósítífu eða virku orku sálarinnar. Þannig er hann tjáning þriggja þátta Þrenningarinnar í meðvitaðri birtingu.

Áður en læknaðinn getur farið að vinna á uppbyggjandi hátt ættu viss atriði að vera fastmótuð í vitund hans sem dulfræðilegar staðreyndir.

1. Ekkert er til nema orka og þessi orka birtist sem margar mismunandi og breytilegar orkutegundir. Alheimurinn er byggður úr þessum mörgu orkutegundum. Á sama hátt eru líkamar mannsins eða starfstæki hans án undantekninga samsettir úr orkueindum. Þær köllum við atóm og atómumunum er haldið saman í líkamsforminu af samtengjandi mætti öflugri orkutegunda.
2. Áhrifaríkasta orkumiðstöð mannsins er sálin, en máttur hennar sem samtengjandi og sameinandi þáttur er enn yfirleitt meiri en máttur eðliseiginleika hennar. Á fyrri stigum mennskrar þróunar er *samtengingarþáttur* hennar mest áberandi. Síðar þegar skyntæki eða líkamar mannsins verða þroskaðri, fara *eðliseiginleikar* sálarinnar að koma í ljós í æ ríkari mæli.

3. Séð frá innri sviðunum, þar sem tíminn er ekki til, er mannveran furðulegt samsafn síbreytilegra litbrigða. Líkamar svokallaðir, eða frekar samsafn atómeinda, eyðast og hverfa eða koma skyndilega aftur í birtingu. Litastraumar streyma hjá, bugðast og samtvinna. Ákveðin svæði lýsast skyndilega upp og skína með glæsileik, eða sjást dofna og deyja út, og vissir staðir eru litlausir og virðast ekki lengur til. Þó er alltaf stöðugt ljós sem yfirskyggir manninn og frá því ljósstraumar niður til hans. Það má sjá það tengjast honum á tveim stöðum í hinum þétta innri kjarna hins efnislega manns. Þessir tveir tengistaðir eru í hjartanu og höfðinu. Einnig má sjá, í fyrstu daufa en síðan með vaxandi birtu, sjö aðrar dauflitaðar ljósskífur sem eru auglýsilega fyrstu vísarnir að orkustöðvunum sjö.



4. Þessar orkustöðvar mynda eiginleikaþættina og vitundarþættina og hafa það verksvið að móta ytri birtingu og tjáningu mannsins, gefa henni sinn sérstaka litblæ og nota hana sem svörunartæki. Þær eiga fyrir höndum þrjú þroskaskið á þróunartímabilinu.
- a. Þroskaskið barns frá frumbersku til fullorðinsára. Þegar tuttugu og eins árs aldri er náð ættu orkustöðvarnar venjulega að hafa náð sömu eiginleikum og þær höfðu öðlast þegar maðurinn lést í síðustu

jarðvist. Þá er tekið til við starfið þar sem frá var horfið.

- b. Vakningu orkustöðvanna við almenna lífsreynslu. Endrum og eins er aðeins fengist við eina orkustöð í tilteknu lífi; stundum eru nokkrar saman örvaðar til fyllri starfsvitundar.
  - c. Að lokum er um að ræða örvun þessara stöðva við vígsluferlið. Það gerist aðeins þegar maðurinn er meðvitað staddur á hinni andlegu þróunarbraut.
5. Orkustöðvarnar ákvarða stöðu mannsins í þróuninni *hvað viðkemur ytri tjáningu*; þær verka beint á efnislíkaman fyrir tilstilli innkirtlakerfisins. Hafa skal þetta í huga því dulfræðilega sinnaðir læknendur munu í framtíðinni nálgast sjúklunga sína á grundvelli þessarar þekkingar. Þeir munu þá fást við þær orkustöðvar og kirtla sem ráða því svæði í líkamanum sem sjúkt er eða þjáð. Þetta tímasteið er enn ekki runnið upp, því fáfræði manna er mikil. Auðveldlega gæti komið til oförvunar orkustöðvanna og þar með innkirtlanna, þannig að hið sjúklega ástand örvist og aukist í stað þess að eyðast eða lækna.

#### A. Óheftar og illa agaðar tilfinningar.

Að þessum grunnforsendum gefnum, geta menn séð að röng tilfinningaleg afstaða og almennt óheilbriggt ástand geðlíkamans hlýtur að vera áhrifaþáttur í að skapa óþægindi og sjúkdóma. Ástæða þess er sú að orku- eða etherlíkamar almennings láta fyrst og fremst stjórnast af áhrifum geðlíkamans og virkjast af honum. Æsingur í geðlíkamanum, hvers konar ofsafengnar athafnir unnar í bræðikasti, miklar áhyggjur eða langvarandi geðæsingur veldur straumi geðheimsorku inn í og gegnum

sólarplexusstöðina og magnar í henni gífurlegt óreiðuástand. Þetta hefur síðan áhrif á magann, brisið, gallrás og gallblöðru. Fáir nú á tímum (og ég gæti spurt hvort nokkur sé undan skilinn á þessum sérstaka tíma heimssögunnar) eru lausir við meltingartruflanir, óþægindi í maga eða vandamál í tengslum við gallblöðru.

Tilhneiging til óvæginna gagnrýni, ákafrar andúðar og haturs, sem byggist á gagnrýni eða mikilmennsku, er stór orsakabáttur í of miklum magasýrum sem meirihluti manna þjáist af. Ég vil þó taka það fram að hér er ég að alhæfa. Mörgum er hætt við minnimáttarkennd hvað þá sjálfa varðar en mikilmennsku í samskiptum við annað fólk! Magaáhrif á efnissviðinu tengjast náíð *löngunarþætti* efnislíkamans sem sýnir sig í löngun í mat og drykk og leiðir til geðvonskukasta sem svo mörgum hættir til.

Ég set fram ofangreind dæmi til að lýsa áhrifum ríkjandi rangafstöðu til lífsins og náungans sem einkenna mannkynið nú á tímum og valda ofangreindu ástandi.

Sjúkdómar sem stafa af gagnrýni, hatri og tilhneigingu til að dæma náungann (venjulega óvægið) vinna sig í gegnum hálsstöðina og flæða inn í sólarplexusstöðina. Þessi innri samskipti orkustöðvanna hafa aldrei verið vandlega athuguð. Stöðvarnar í etherlíkamanum flytja ýmis konar orkutegundir sín á milli, en stór hluti orkunnar sem er fluttur þannig milli orkustöðva er óæskilegur og flæðir frá stöðvunum neðan þindar til þeirra sem eru ofan hennar.

Hægt er að hugsa sér efnislíkamann (bæði hinn etheríska og efnisþétta) sem hús með tveimur fjarskiptatengingum – önnur flytur orku að húsinu, en hin er nokkurs konar innanhússími milli herbergja. Samlíkingin er mun nákvæmari en við fyrstu sýn gæti virst. Í hvert nútímalegt hús er leitt ljós, vatn, orka og fjarskiptatenging. Ljós, tákn sálarinnar, vatn, tákn tilfinning-

anna, fjarskiptatenging, tákn hugans með þekkingarsamskipti sín og orka, tákn etherlíkamans.

Veitum því athygli þó dapurlegt sé, að það sem kemur frá flestum húsnum á okkar tímum er úrgangurinn, það sem hafnað er. Hér er samsvörun við hið eigingjarna, dapurlega og kröfuna um fullnægju persónulegra þarfa og langana.

Við sjáum nú hvers vegna ég hef lagt svo mikla áherslu við ykkur á skadleysi. Því *skadleysi* er hin vísindalega aðferð, fyrst og fremst dulfræðilega séð, við þrif hússins og hreinsun orku-stöðvanna. Iðkun þess losar um stíflaðar rásir og leyfir æðri orkutegundum aðgang.

Geðrænar orsakir sjúkdóma og hugræn viðhorf sem valda líkamlegum óþægindum eru áberandi nú á þessum sérstöku tímum. Sé þeim haldið til streitu í langan tíma og framhaldið líf eftir líf, veldur það hinum erfiðari tilfellum sem vísað var til hér að framan og alvarlegir og eyðileggjandi sjúkdómar geta komið fram, sem til dæmis geta gert það nauðsynlegt að fjarlægja gallblöðru eða gera þær aðgerðir sem fylgja illlæknanlegum magasárum. Aðrir sjúkdómar verða til af stöðugri eftirlátsemi við langanir, en hér er þó ekki átt við kynsjúkdóma sem slíka. Af framangreindu sést hve æskilegt það er að hinn sanni lækandi – þar til að hann er orðinn vígður maður – sameini í sér ekki aðeins innri þekkingu, heldur einnig sálfræðilega þekkingu, þekkingu á segulorkulækningum og sé jafnframt þjálfaður í lyflækningum eða skurðlækningum.

Margar lækningar nú á dögum eru verri en engar, vegna þess að fyrrgreindum þrem skilyrðum er ekki fullnægt. Flestir lækna og sérstaklega þeir sem sinna almennum lækningum, eru góðir sálfræðingar og hafa einnig góða þekkingu á sjúkdómseinkennum, líffærafræði og lækniáðferðum sem venjulega er ábótavant hjá hinum almenna andlega lækanda.



En lækna skortir algerlega þekkingu á einu mikilvægu sviði – sem viðkemur þeim orkutegundum sem mætast og berjast um völdin innan líkama mannsins og þeim möguleikum sem geta opnast ef ákveðnar dulfræðilegar staðreyndir eru viðurkenndar. Framfara er varla að vænta fyrr en þeir fara að fást við etherlíkamann og stunda vísindi orkustöðvanna. Hinn andlegi læknandi þekkir mikið til innri krafta og orkutegunda og hefur nokkurn skilning á grundvallarorsökum hinna ytri sjúkdóma, en vanþekking hans á mannlíkamanum er hryggileg og tvennt er það sem hann hefur ekki skilning á:

Í fyrsta lagi, að sjúkdómur er stundum birting á óæskilegu innra ástandi. Hægt er að bera kennsl á það, meðhöndla og eyða, þegar það hefur komið upp á yfirborðið. Einnig er þarft að muna að þessi úthreinsun og úrvinnsla getur stundum leitt til dauða. En sálin lifir áfram. Eitt stutt æviskeið hefur ekki mikið vægi í langri lífhringrás sálarinnar og það er talið vel þess virði að ganga í gegnum sjúkdómstímabil (jafnvel þó því ljúki með dauða) ef árangur þess verður eyðing óæskilegra geðrænna og hugrænna þátta.

Í öðru lagi, að sjúkdómur er stundum hluti af þeirri atburðarás þegar sálin er að yfirgefa bústað sinn. Það nefnum við dauða og hann getur komið óvænt ef sálin yfirgefur líkamann í skyndi. Dauðinn getur einnig tekið langan tíma og sálin verið nokkra mánuði eða ár að draga sig smátt og smátt út úr líkamanum. Líkaminn er þá að deyja í smá skrefum.

Meðal læknenda er enn ekki nægjanleg þekking fyrir hendi til að þeim sé fært að fjalla um þessi mál af visku. Við getum því dregið eftirfarandi ályktanir:

1. Sjúkdómur er hreinsandi ferli sem hefur að tilgangi tærari lífstjáningu, lífsangan, aukin áhrif og sálarvirkni. Í slíku tilvikum er lækning möguleg.
2. Sjúkdómur getur verið þáttur í hægfara dauða og um leið lausn sálarinnar. Þá er lækning ekki möguleg, þó að vissulega sé hægt að lina sársauka og bæta líðan sjúklingsins og allt skyldi gert í því skyni. Hægt er að lengja lífdagana, en endanleg lækning er ekki möguleg. Þetta er það sem hinir almennu lækendur gera sér ekki grein fyrir. Þeir gera dauðann að ógn, þó að í raun sé hann góðviljaður vinur.
3. Sjúkdómur getur verið skyndileg og endanleg skipun til líkamans um að gefa sálinni lausn, svo hún verði frjáls til að sinna öðrum verkefnum.

Í öllum ofangreindum tilvikum skal allt gert sem hægt er með aðferðum nútíma lyf- og skurðlækninga og skyldum greinum vísinda sem nú á tímum eru margar. Einnig er margt hægt að gera með huglægum og andlegum lækningaraðferðum og með aðstoð sálfræðinnar. Fyrr eða síðar kemur sá dagur að hin ýmsu svið taka upp samvinnu og samstillta krafta sína.

Eins og ég hef áður bent á er geðlíkaminn áhrifamesti þátturinn í lífi flestra. Því valda eftirfarandi staðreyndir:

1. Hjá meirihluta fólks nú á dögum er vitundin innstillt í geðlíkamanum.
2. Hann hefur náð mestum þroska líkamanna nú á tímum og tekur því til sín meirihlutann af orku lífsins sem kemur frá sálinni um lífþráðinn og í sama mæli tekur hann við orkunni sem berst með straumi vitundarinnar.

3. Stefna hans, ef svo má að orði komast, er út á við í átt til hins efnislega heims og lífsreynslunnar sem honum tengist. Þessi stefna breytist í tímans rás og hjá leitendum snýr hann inn á við tímabundið. Orkustöðvar mannsins, „lótusar lífsins,“ snúa niður á við með legginn upp hjá lítt þroskuðum einstaklingum, en snúa upp á við hjá hinum þroskuðu. Í geðlíkamanum eru aðstæður sem samsvara þessu. Geðlíkaminn snýr stöðugt í átt til sálarinnar hjá háþrúðum manni, vígsluhafa eða meistara. Ákveðin stefnubreyting orkunnar er því í gangi og það veldur einnig tímabundinni óreiðu hjá launspekingum, leitendum og lærisveinum.
4. Geðlíkami mannsins þroskaðist síðast (á undan honum þroskuðust efnis- og etherlíkamarnir) og hann er því enn áhrifamestur og öflugastur. Hann náði hámarki þróunar seint á Atlantistímanum, en nú á dögum er hann enn áhrifamikill og mótar kraft og áherslusvið fjöldans. Orkan, sem kemur frá dýraríkinu og er algerlega á geðrænu þróunarstigi, eflir einnig orku geðsviðsins.

Ég vil minna á að notkun orðsins „líkami“ er mjög óhentug og villandi. Það kallar fram í vitundinni hugmyndir um ákveðið form og útlit. Geðlíkaminn er samsafn orkutegunda, sem birtast í vitundinni í formi langana, hvata, tilhneiginga, óska, fastheldni, örvunar og frávarps og leggur þannig grunn að miklu af þeim sannindum sem kennd eru í nútíma sálfræði. Sálfræðingar hafa uppgötvað (eða öllu heldur leitt í ljós) eðli sumra þessara afla og nafngiftir þeirra í þessu sambandi eru oft dulfræðilegri, réttari og nákvæmari en yfirlýstra dulfræðinga eða guðspekinga.

Tvennt get ég gert sem ykkur kann að þykja áhugavert. Í fyrsta lagi að gefa nokkrar tæknilegar upplýsingar um orkustreymi frá

geðsviðinu inn í efnislíkamann. Og í öðru lagi að lýsa áhrifum þessa orkustreymis þegar það – vegna misnotkunar mannsins – kemur fram sem sjúkdómar og margvíslegir kvillar. Lækning þeirra er ekki viðfangsefni okkar hér. Ég er einfaldlega að leggja frumdrögin að þeim staðreyndum sem við getum síðar meir byggt niðurstöður okkar á. Í þessu sambandi munum við aðeins athuga meðalmanninn. Vandamál lærisveina verður viðfangsefni okkar í fjórða hluta fyrsta kafla.

Ég hef áður bent á að þrír helstu sjúkdómsflokkar almennings eru eftirfarandi:

1. Berklar.
2. Kynsjúkdómar eða samræðissjúkdómar og sýfilis.
3. Krabbamein.

Við þessa upptalningu getum við bætt tveim öðrum flokkum sjúkdóma sem leggjast einkum á þá sem eru aðeins ofan við meðallag og hafa heldur meiri vitsmunabroska en almennt gerist; með þessum flokki teljast einnig leitendur heimsins.

4. Hjartasjúkdómar, þó ekki það sem kallað er hjartaveila.
5. Taugaveiklun, sem er svo algeng nú til dags.

Þessir fimm sjúkdómsflokkar ásamt ýmsum undirflokkum þeirra, eru valdir að flestum líkamlegum sjúkdómum sem leggjast á mannkynið. Réttur skilningur á helstu orsökum þeirra mun verða að miklu liði fyrir læknisfræði framtíðarinnar. Vafasamt er hve mikið af þessum kenningum hlýtur samþykki eins og er.

Innkirtlarnir eru, eins og þið vitið, efnislegar samsvaranir hinna sjö meginorkustöðva etherlíkamans, en inn í þær streymir orka frá geðlíkamanum. Þessir kirtlar eru afleiðing og vottur um tilvist orkustöðvanna, þeir sjálfir valda síðan ýmsum

áhrifum í efnislíkamanum. Við skulum til skilningsauka setja upp í töfluform sumt af því sem við vitum um þetta efni:

| <i>Orkustöð</i>   | <i>Kirtill</i>      | <i>Líffæri</i>   | <i>Orka</i>  | <i>Uppruni</i>   | <i>Líkami</i>   |
|---|---------------------|--|--|--|---|
| 1. Höfuðstöð, Brahma-<br>randra.<br>Þúsundblaða-lótusinn.           | Heila-<br>köngull   | Efri hluti<br>heilans, hægra<br>auga.                      | Andlegur<br>vilji,<br>samfjöllun,<br>drifkraftur.                  | Andinn<br>(Atma),<br>mónadinn<br>gegnum<br>sál, vilji. | Sálar-<br>líkaminn,<br>gimsteinninn<br>í lótusnum.      |
| <i>Dulfræðingur, vígsluhafi, meistari. Ráðandi eftir 3. vígslu.</i> |                     |  |  |  |   |
| 2. Ennisstöð, Ajna.   | Heila-<br>dingull.  | Neðri hluti<br>heila, vinstra<br>auga, nef,<br>taugakerfi. | Sálarorka,<br>kærleikur,<br>segulmagn,<br>ljós, innsæi,<br>innsýn. | Öll blöð<br>sálarlótussins.                            | Búddíska<br>starfstækið,<br>sálarlíkami,<br>æðri hugur. |
| <i>Leitandi, levisveinn, dulfræðingur. Ráðandi eftir 2. vígslu.</i> |                     |  |  |  |   |
| 3. Hjartastöð, Anahata.   | Hóstar-<br>kirtill. | Hjarta,<br>blóðrás, blöð,<br>vagus-taug.                   | Líforka,<br>heildis-<br>vitund.                                    | Kærleiksblöð<br>sálar-<br>lótussins.                   | Æðri<br>hugur,<br>sálarlíkami.                          |
| <i>Allt andlega leitandi fólk. Ráðandi eftir 1. vígslu.</i>         |                     |  |  |  |   |
| 4. Hálsstöð.  | Skjald-<br>kirtill. | Öndunarfæri,<br>meltingar-<br>vegur.                       | Skapandi<br>orka, hljóð,<br>sjálfsvitund.                          | Þekkingar-<br>blöð sálar-<br>lótussins.                | Huglíkami.  |
| <i>Skapandi listamenn, þroskað fólk, menntastéttir.</i>             |                     |  |  |  |   |
| 5. Sólarplexus.   | Bris.               | Magi, lifur,<br>gallblaðra,<br>taugakerfi.                 | Gedorka,<br>tilfinning,<br>löngun,<br>snerting.                    | Orkustöðvar<br>geðlíkama.                              | Geðlíkami.  |
| <i>Meðalmaðurinn, almenningur.</i>                                  |                     |  |  |  |   |
| 6. Kynorkustöð.   | Kyn-<br>kirtlar.    | Kynfæri.   | Líforka,<br>orka efnis-<br>sviðsins,<br>fjörgi,<br>eðlishvöt.      | Efnissviðið.   | Ether-<br>líkami.                                       |
| <i>Frumstætt fólk.</i>  |                     |  |  |  |   |
| 7. Mænurótarstöð,<br>múladhara.                                     | Nýrna-<br>hettur.   | Nýru,<br>hryggur.  | Viljaorka,<br>alveraldar-<br>líf,<br>kúndalini.                    | Heimsmóðirin.  |   |

Þessi tafla sýnir einungis útlínur, en túlkun hennar, eins og töflunnar yfir frumreglurnar og hliðstæður þeirra, sem H.P.B. gefur upp í þriðja bindi „*The Secret Doctrine*“ fer eftir sjónarmiði nemans. Við munum vísa í þessa töflu síðar og bæta við hana fleiri atriðum og fleiri hliðstæðum. Í öllu námi okkar mun allt sem sagt verður mótast af eftirfarandi meginatriðum:

1. Sálin.
2. Hinir fíngerðari líkamar huga og tilfinninga. Þeir eru einfaldlega orkustöðvar búnar sérstökum eiginleikum.
3. Etherlíkaminn ásamt sjö meginorkustöðvum sínum.
4. Innkirtlakerfið, sem er ytri birting orkustöðvanna og hinn ákvarðandi stjórnþáttur í efnislíkama mannsins.
5. Taugakerfið, þrískipt.
6. Blóðrásin.

Öll önnur líffæri mannsins eru afleiðingar en ekki ráðandi orsakir. Innkirtlarnir eru ákvarðandi hjá manningum og gera hann að því sem hann er. Þeir eru ytri birting þeirra orkutegunda sem streyma í gegnum etherorkustöðvarnar frá fíngerðari heimum tilverunnar. Þeir sýna þróunarstöðu mannsins og eru lifandi og starfsamir eða daufir og óvirkir, í samræmi við ástand orkustöðvanna. Þeir birta gnægð, ofgnótt eða skort, allt eftir ástandi etherísku orkuhvírflanna.

Stjórnunin fer fram með milligöngu taugakerfisins, en nánin samfléttuð stjórn taugakerfisins, heilans og blóðrásarinnar (sem ber eðlisþátt lífsins) ræður starfsemi mannsins – meðvitaðri, dulvitaðri, sjálfsméðvitaðri og að endingu yfirskilvitlegri. Þær þrjár orkustöðvar sem mestu ráða hjá flestum nú á dögum eru:

1. Ennisstöðin, stöðin milli augabráunanna.
2. Sólarplexusstöðin.
3. Kynorkustöðin.

Síðar, þegar maðurinn „er orðinn það sem hann er“ (dulfræðileg mótsögn) munu ráðandi orkustöðvar verða:

1. Höfuðstöðin, Brahmarandra.
2. Hjartastöðin.
3. Mænurótarstöðin.

Eftir því sem tímar líða verður áherslan á síbreytilegum þrenndum orkustöðva og hver maður verður einstakur og ólíkur öðrum með sínar sérstöku áherslur, sérstakt ástand orkustöðvanna og samsvörun þeirra við innkirtla efnislíkamans og þar af leiðandi einnig hvað viðkemur sjúkdómum, kvillum, hömlum og erfiðleikum sem líkami hans verður fyrir. Í þessu samhengi verður alveg greinilegt að starf lækna og sálfræðinga verður að þróast til æ nánara samstarfs. Þrír mikilvægustu þættir allra sjúkdómsgreininga eru:

1. *Hinn sálfræðilegi*, eða athugun á innri líkómum mannsins með tilliti til þroska þeirra, samræmis og heildarsamstillingar persónuleikans, að því leyti sem hinar fingurðari hliðar mannsins birtast í vitundinni.
2. *Starf innkirtlafræðingsins*, þar sem hann fæst við innkirtlana sem aflstöðvar fyrir gegnumstreymi kröftugrar og uppljómandi orku.
3. *Læknirinn*, sem greinir sjúkdóminn með hliðsjón af niðurstöðum ofangreindra sérfræðinga og sér um meðhöndlun sjúklingsins í samvinnu við þá báða.

Þessir þrír geta leitað aðstoðar annarra sérfræðinga, svo sem sérfræðinga í raflækningum, stoðkerfismeðferð og hnykk-lækningum, en það er með sameinaðri þekkingu læknisins, sálfræðingsins og innkirtlafræðingsins að læknisfræðin getur

komið að auknu gagni og haldið á vit nýrra tíma, hæf til að meðhöndla fólk sem smám saman er að breytast í átt til nýrra manngerða og þróaðri líkamskerfa. Notkun rafmagns til lækninga er ennþá ung vísindagrein, en hún ber í sér vísi að nýrri tækni og aðferðum við lækningar. Starf hnykkklækna er gott og nauðsynlegt en ætti ásamt stoðkerfismeðferð að vera hliðargrein við þær þrjár fyrrtöldu. Hnykkklækningar og stoðkerfismeðferð eru tvær hliðar á einni heild, þó svo að þeir sem starfa við þessar tvær greinar eigi erfitt með að viðurkenna slíkt. Fyrrgreindi hópurinn þarf á lengri og nákvæmari þjálfun að halda, en þörf er á hærri staðli í tæknilegri þekkingu.

Læknisfræðin er í hægfara þróun í átt til nýrrar nytsemdar. Þegar orsakir sjúkdóma fara að greinast frá fingerðari orkusviðum en ekki eingöngu frá líffærum eða efnislegum lífkerfum, munum við sjá róttækar og nauðsynlegar breytingar sem leiða til einföldunar en ekki til erfðari og flóknari lausna.

Af framansögðu má sjá að sjúkdómar koma fram í efnislíkamanum úr heimi hins óséða og orsakast af beitingu eða misbeitingu hinna fingerðari krafta innri sviðanna. Rétt er þó að hafa í huga að sjúkdóma manna má almennt flokka á eftirfarandi hátt og nemum væri gagnlegt að hafa það hugfast þegar þeir ígrunda þessi mál:

1. Einstaklingsbundnir sjúkdómar sem stafa af innra ástandi starfstækja mannsins, af hugarfari eða geðrænum þáttum og geta komið af stað alvarlegum veikindum. Þetta er arfleifð úr fortíðinni.
2. Sjúkdómar sem arfleifð hjá mannkyninu í heild. Til eru ákveðnir sjúkdómar sem öllum mönnum er hætt við að fá. Sóttkveikjur þeirra leynast óvirkar í efnislíkama meirihluta manna þar til skilyrði í líkamanum gefa þeim færi á að koma í ljós. Líta má á þessa sjúkdóma sem samfélagssjúkdóma.
3. Sjúkdómar sem í raun koma til af slysi. Fyrir þeim geta



menn orðið þegar þeir til dæmis gera sig móttækilega fyrir einhverri smitsýkingu eða pest.

4. Sjúkdómar sem leynast í jarðveginum. Um þá er enn mjög lítið vitað. Mold jarðarinnar er ævaforng og í henni eru kveikjur sjúkdóma sem taka sinn toll í ríkjum jurta, dýra og manna. Birting þeirra er mismunandi í hverju náttúruríki fyrir sig, en er þó afleiðing sömu orsaka í grundvallaratriðum.
5. Sjúkdómar sem teljast til erfiðleika launspekinga. Þetta eru sérstakir sjúkdómar og kvillar sem þjá lærisveina og leitendur. Ástæður þeirra eru ævinlega orkustreymi í gegnum orkustöðvar sem ekki eru tilbúnar eða nægilega þroskaðar til að bregðast rétt við kraftstreyminu.

Ofangreind flokkun er *alhæfing* en getur komið að notum.

Eins og við vitum eru það geðheimskraftarnir sem mestu ráða um lífkrafta meirihluta fólks á okkar tímum. Aðferð þeirra til birtingar er tiltölulega einföld. Í geðlíkamanum eru, eins og þið getið ímyndað ykkur, hliðstæður hinna sjö orkustöðva etherlíkamans. Þessar stöðvar eru í eðli sínu sjö meginmiðstöðvar orku og hver þeirra tjáir orku eins hinna sjö geisla. Í byrjun vil ég gera grein fyrir tengslum orkustöðvanna við geislana sjö:

| <i>Orkustöð</i>   | <i>Geisli</i> | <i>Eiginleiki</i>                       | <i>Uppruni</i>   |
|-------------------|---------------|---|------------------|
| 1. Höfuðstöð.     | 1.            | Guðlegur vilji.                         | Mónadinn.        |
| 2. Ennisstöð.     | 7.            | Skipulag, stjórnun.                     | Andinn (Atma).   |
| 3. Hjartastöð.    | 2.            | Kærleikur - viska, heildrænn kærleikur. | Innsæi (Búddhi). |
| 4. Hálsstöð.      | 5.            | Sköpunarmáttur.                         | Hugur.           |
| 5. Sólarplexus.   | 6.            | Tilfinning, löngun.                     | Geð (Astral).    |
| 6. Kynorkustöð.   | 3.            | Æxlun.                                  | Etherlíkami.     |
| 7. Mænurótarstöð. | 4.            | Samræmi, eining í gegnum átök.          | Efnislíkami.     |

Athugið: Orka fjórða geislans í samvinnu við fyrsta geislann veldur um síðir samfjöllun innan fjórða ríkisins, ríki mannsins. Náin tengsl eru á milli hæstu orkustöðvarinnar, höfuðstöðvarinnar, og mænurótarstöðvarinnar. Fjórða geisla orkan tjáir sig þannig í samvinnu við fyrsta geisla orkuna, af þeirri ástæðu að við erum enn innstillt á atlantíska vísu, en sú menning var hin fjórða í röðinni. Starfið, sem unnin er á fimmta siðmenningarskeiðinu í núverandi kynstofni, hinum aríska, mun í samvinnu við hugann, fimmta eðlisþáttinn, koma á umskiptum til æðra vitundarstigs. Þetta mun leiða til samvirkni allra orkustöðvanna fyrir atbeina viljans og vitsmunaráttarins í þeim tilgangi að koma á jafnvægi. Þetta atriði gefur tilefni til umhugsunar.

Í geðlíkamanum á geðsviðinu finnast sjö orkumiðstöðvar sem veita orku, í formi sjö aðgreindra orkutegunda, til hliðstæðra orkustöðva í etherlíkamanum. Þessar orkutegundir valda bæði góðum og slæmum áhrifum í samræmi við eiginleika hins móttækilega þetta efnislíkama. Áhrifin fara eftir tegund geislans eða orkunnar og ykkur kann að þykja fengur í að ég setji hér fram hin góðu og slæmu áhrif ásamt tilsvareandi sjúkdómum: *Sjá töflu hér til hliðar.*

Hafið hugfast þegar þið skoðið þessa töflu, að hér er um alhæfingu að ræða, en aðeins hluti þeirra sjúkdóma sem stafað geta af innstreymi orkunnar er upp talinn. Hér eru aðeins tekin dæmi, því margbreytileiki starfstækja mannsins er slíkur og orkugerðir geislanna svo flóknar, að ekki er hægt að gefa neinar fastar og óbreytanlegar reglur. Kraftar geislanna birtast á mismunandi hátt eftir tegund geislans og þroska mannsins.

| <i>Geðkrafar</i>                      | <i>Orkusstöð</i> | <i>Slæm áhrif</i>                                       | <i>Sjúkdómar</i>                                    | <i>Goð áhrif</i>                        |
|---------------------------------------|------------------|---|---|---|
| <b>1. Geisli</b><br>Vilji eða máttur  | Höfuðstöð.       | Sjálfsmeðaumkun,<br>tilgerð.                            | Krabbamein.   | Fórnatlund,<br>hollusta.                |
| <b>2. Geisli</b><br>Kærleikur – víska | Hjartastöð.      | Sjálfselska,<br>persónuleikaáhersla.                    | Hjartasjúkdómar,<br>magakvillar.                    | Sálarleikur,<br>samfélagskærleikur      |
| <b>3. Geisli</b><br>Virgni            | Kynorkustöð.     | Kynórar,<br>óvirgni.                                    | Kynsjúkdómar.                                       | Foreldrakærleikur,<br>félagslíf.        |
| <b>4. Geisli</b><br>Samræmi           | Ennisstöð.       | Eigingirni,<br>kreddufesta.                             | Geðsjúkdómar.                                       | Launspekiðkun.                          |
| <b>5. Geisli</b><br>Þekking           | Hálsstöð.        | Lægri dulargáfur.                                       | Röng efnaskipti,<br>vissar tegundir<br>krabbameina. | Sköpunargáfa,<br>næmleiki,<br>andagift. |
| <b>6. Geisli</b><br>Trúarhollusta     | Sólarplexus.     | Tilfinngasemi.  | Taugaveiklun,<br>magabólgur,<br>lifrarkvillar.      | Æðri þrá,<br>rétt stefna.               |
| <b>7. Geisli</b><br>Skipulag          | Mænurót.         | Sjálfsþygga,<br>hrein eigingirni,<br>iðkun svartkynngi. | Hjartasjúkdómar,<br>æxli.                           | Iðkun hvítkynngi.                       |

Hér er því ekki um að ræða neina mótsögn við fyrri töflu. Hafið í huga að hver einstaklingur er í grundvallaratriðum birting fimm tegunda geislakrafta:

1. Geisla sálarinnar.
2. Geisla persónuleikans.
3. Geisla huglíkamans.
4. Geisla geðræna starfstækisins.
5. Geisla efnislíkamans.

Augljóslega þarf því að gera tvær slíkar töflur fyrir meðal-manninn.

1. Skilgreina þarf hin *virku* áhrif geðkraftanna eins og þeir tjá persónuleikann.
2. Gera þarf grein fyrir kröftum sálarinnar sem óljóst vottar fyrir. Greining á óvirkum áhrifum, sem ekki koma fram, hefur lítið gildi.

Einnig mun verða nauðsynlegt að skilgreina kraftana sem streyma beint frá sálinni í gegnum geðsviðið inn í efnislíkamann. Þessir kraftar eru því samspil sálarkrafta og geðorku af æðstu gerð. Niðurstaðan úr þessu yrði greining samfjöllunaráhrifa, en hún er aðeins möguleg þegar um er að ræða lærisvein eða vígsluhafa. Síðar meir verður gerð eftirfarandi greining á hverri persónu:

1. Greining á virkum kröftum persónuleikans og þá sérstaklega geðkröftunum, því þeir eru aðalkraftarnir sem streyma í gegnum etherorkustöðvarnar.
2. Greining á þeim þáttum sálarorku sem *ekki* eru fyrir hendi.

3. Greining á samfjöllunaráhrifum beggja ofangreindra þátta sem tekur einnig til *virkra* áhrifa frá sálinni.

Með þessum flokkunum hafið þið fengið mikið efni til umhugsunar.

### *B. Löngun, bæld eða óheft.*

Það væri til gagns að ég gerði ykkur ljóst að eitt hið fyrsta sem neminn verður að muna er að áhrif þau og hvatar sem stafa frá geðsviðinu eru móttandi þáttur í öllu því sem einstaklingurinn lætur sig skipta, en það gildir um meirihluta mannkyns, já langstærstan hluta þess. Frátalið er þó það sem er óhjákvæmilegt og er þröngvað upp á hann af umhverfinu og tímaskeiðinu sem hann lifir á. Geðsviðið er miðja öflugrar útgeislandi orku og áhrif þess eru í grundvallaratriðum *móttandi* vegna vitundarstigsins sem er ráðandi hjá flestum. Háleitar eða lágstæðar langanir ráða á víxl. Hér er vissulega um að ræða mjög víðtækar alhæfingar, því að þessar ráðandi aðstæður eru stöðugt að breytast vegna vaxandi áhrifa frá hugarsviðinu. Málið er því vitaskuld flóknara. Áhrif frá sálinni koma einnig greinilegar í ljós og flækja enn frekar vanda hins þroskaða manns. Þessi flókni veruleiki gerir nemanum erfitt um vik að átta sig á sínu eigin líkamlega ástandi, sem og einnig ástandi þess sem hann kann að vera að reyna að hjálpa.

Í þessu samhengi vil ég setja fram þriðja lögmál hinnar helgu lækningarlistar.

## III. LÖGMÁL

*Sjúkdómar eru áhrif sem stafa frá sviðinu þar sem líforka mannsins er innstillt. Frá því sviði eru þær*

*Ákvarðandi aðstæður komnar sem valda heilsuleysi.  
Þær þróast og birtast í sjúkdómum eða lausn frá  
sjúkdómum.*

Ykkur mun því vera ljóst, að umskipti innri athygli eða hugrænnar afstöðu sjúklingsins bæði getur og mun valda annaðhvort raunverulegu frelsi frá sjúkdómum efnissviðsins eða eflingu viðbragðanna sem valda óþægindum, sjúkdómum eða dauða.

Í lögmálunum þrem, sem ég hef komið fram með og þið hafið hér til athugunar, verða eftirfarandi staðreyndir augljósar og ættu að mynda grundvöll íhugana ykkar:

1. Sjúkdómur stafar af hindrun á frjálsu flæði lífsins frá SÁLINNI.
2. Hann er afleiðing þriggja þátta:
  - a. Fornum mistökum úr fortíðarsögu viðkomandi einstaklings.
  - b. Mannlegum ágöllum, sem einstaklingurinn erfir, þar eð hann er hluti mannkynsins.
  - c. Plánetubölinu, sem öll lífsform á jörðinni verða fyrir vegna grundvallaraðstæðna og tímans.
3. Sjúkdómurinn mótast af kröftunum frá því sviði sem vitund mannsins er fyrst og fremst innstillt á.

Til viðbótar ofangreindu má benda á eftirfarandi staðreynd, sem áður hefur verið minnst á:

4. Til eru fimm meginflokkar sjúkdóma, ásamt tilheyrandi kvillum og tengdum sjúkdómum.
  - a. Berklar.
  - b. Kynsjúkdómar.
  - c. Krabbamein.

- d. Hjartasjúkdómar.
- e. Taugaveiklun.

Ég skipti ekki sjúkdómum í vefræna og starfræna, né fjalla ég um sjúkdóma af völdum farsóttta eða slysa. Ég fjalla um þá grundvallar ágalla eða tilhneigingar sem eru blendin arfleifð mannkynsins sem heildar og þá erfiðleika sem tengjast þróunarstigum þeirra sem lengra eru komnir á þroskabrautinni. Menn munu því sjá að maðurinn fæðist hér á jörðinni með meðfæddar tilhneigingar til sjúkdóma sem stafa:

1. Frá hans eigin fortíð; þ.e.a.s. áhrif sem eru afleiðingar orsaka í fyrri jarðvistum.
2. Frá almennri arfleifð mannkynsins.
3. Frá ástandi plánetulífsins. Þessar síðastnefndu ástæður flytja vandamálið út fyrir skilning hins venjulega manns.

Manninum er einnig hætt við erfiðleikum ef honum tekst (sem afleiðingu af langri þróunarsögu) að vekja orkustöðvarnar fyrir ofan þind að einhverju leyti, hversu lítið sem það er. Jafnskjótt og það gerist þarf hann að glíma við erfiðleika frá hjarta eða einhverjum hluta taugakerfis og það um mörg æviskeið samfellt. Oft hefur mönnum sem lengra eru komnir, svo sem leitendum eða lærisveinum, tekist að losa sig við meðfædda galla en verða síðan fyrir hjartasjúkdómi, taugaveiklun, hugrænu ójafnvægi og oförvun. Þessir sjúkdómar eru stundum flokkaðir sem „sjúkdómar launspekinga.“

Ég vil taka það skýrt fram að það er ekki ætlun mín að fara inn á svið lífeðlisfræðilegra umræðna, né greina nákvæmlega einkenni sjúkdóma eða fjalla um skemmdir, sjúklegt ástand og hin dapurlegu smáatriði sem fylgja því að líkamleg heilsa bregst. Ég ætla ekki að skrifa fræðirit um líffærafræði, né hinar ýmsu

vísindagreinar sem orðið hafa til við rannsóknir á starfsemi mannlíkamans. Þau vísindi fjalla um gerð og starfssvið líffæra, tauga, heilavefs og hin samtengdu kerfi sem mynda hið flókna tæki, mannlíkamann. Með tilliti til opinberra vísinda er það einkum tvennt sem hindrar mig frá slíkri umfjöllun:

1. Þessu öllu eru gerð góð skil í mörgum bókum um læknisfræðileg efni. Það er fátt gagnlegt sem ég get bætt við í því sambandi.
2. Lesendur mínir eru, með fáum undantekningum, ekki vel að sér í gerð og samsetningu mannlíkamans. Sjúkdómsfræðileg smáatriði, lýsing sjúkdóma og ýmiss ógeðfæld einkenni mannlegrar hrörnunar er óholl lesning venjulegu fólki. Yfirborðsleg þekking á þessu sviði getur verið hættulegri en engin.

Ég reyni fyrst og fremst að fást við *orsakir*, hinar innri *uppsprettur* sjúkdóma og þau stig vitundar (ég á ekki aðeins við hugarástand) sem koma af stað rangri starfsemi og síðan röngu ástandi.

Vandi lækmandans er því tvenns konar: Í fyrsta lagi verður hann að vita hvort vandamálið liggur ofan eða neðan við þind. Þetta leiðir hann ákveðið inn á svið dulfræðilegrar sem og sálfræðilegrar þekkingar. Í öðru lagi verður hann að gera sér skýra grein fyrir innri áherslum sjúklingsins. Þetta seinna atriði hjálpar honum við að gera sér grein fyrir því fyrra.

Með þessu er nú komið að því að setja fram þriðju reglu læknenda.

### 3. regla

Lækmandinn þjálfar sig í því að þekkja innri hugsanir og langanir þess sem leitar hjálpar hans.



Með því getur hann komið auga á upptök vandans. Þannig tengir hann saman orsök og afleiðingu og veit nákvæmlega hvert beina skal aðstoðinni.

Ég vil vekja athygli ykkar á þessum síðustu orðum, en leggja áherslu á þá staðreynd, að sjúkdómur er fyrst og fremst aðferð hins náttúrulega efnislíkama við að lina og losa um innri spennu, hugrænar hömlur og leyndar stíflur. Frá sjónarhóli dulfræðinnar eru allir líkamlegir sjúkdómar fyrst og fremst af völdum:

1. Rangrar örvunar, oförvunar eða örvunar á röngum stað, svo og innri spennu í einhverjum hluta líkamans.
2. Hamla, sálræns sveltis og uppsöfnunar innri krafta sem stífla flæði lífkraftanna.

Það er því ljóst enn og aftur að öll heilsuvandamál leysast með rétttri notkun og meðhöndlun krafta í þeim tilgangi að koma á óhindruðu orkuflæði.

Eftirfarandi spurning hlýtur að vakna: Hvaðan koma hinir erfðu ágallar? Er mögulegt að komast að upptökum þeirra? Vandamál fortíðar og afleiðingar þeirra í nútímanum er of viðamikil mál til umfjöllunar og staðhæfingar um ástandið geta heldur ekki orðið mannkyninu til hjálpar. Ég ætla samt að koma með eina alhæfingu, jafnvel þótt hún geti aðeins lítillega aukið skilning ykkar.

Segja má að af þeim þrem meginflokkum sjúkdóma, sem erfast úr fortíðinni, séu hinir svokölluðu kynsjúkdómar leifar þess óhófs sem ástundað var á Lemúríutímanum. Þeir eru svo ævaforinir að sjálfur jarðvegurinn er mettaður af kveikjum þessara sjúkdóma – staðreynd sem er algerlega óþekkt hjá nútíma vísindum. Á liðnum öldum hafa menn þjáðst af þessum sjúkdómum; lík þeirra hafa verið grafin í

jörðu svo milljónum skiptir og hafa þannig aukið við smit jarðvegsins. Á Lemúríútímanum beindist áhersla lífkraftsins að efnislíkamanum, að þróun hans, notkun og stjórn og einnig að viðhaldi tegundarinnar eða æxlun. Það var á Lemúríútímanum sem erfiðleikarnir vegna misnotkunar kynlífsins hófust. Þetta var á sérstakan hátt frumbölið, en fornar sagnir og vísbendingar sem tengjast þessu er víða að finna í elstu áletrunum og ritum. Margt er rangtúlkað í þessu sambandi, en þegar menn geta lesið heimildirnar og túlkað þær rétt, munu þeir sjá lausnina, því þá sjá þeir mun skýrar ástæðurnar sem að baki liggja.

Krabbamein er arfleifð nútímamannsins frá mannkyni Atlantis, en þessi sjúkdómsplága var helsti þátturinn sem olli tortímingu íbúa hins forna Atlantis. Rætur þessa skelfilega böls liggja djúpt í eðli tilfinninga og langana mannsins, en þær grundvallast í geðlíkamanum. Krabbamein er að sumu leyti afleiðing af *viðbrögðum* gegn sjúkdómum tengdum kynlífi, sem urðu svo ríkjandi seint á Lemúríútímanum og snemma á dögum Atlantis. Fólk þess tíma sá hið skelfilega böl og sjúkdóm-ana, sem urðu til við hömlulaust líferni Lemúríútímans sem afleiðing af almennu lauslæti í kynferðismálum, en til verndar sjálfu sér hindraði það eðlilegt flæði hvatarinnar – flæði lífsins eins og það tjáir sig í gegnum stöðvar æxlunar og getnaðar. Þetta olli svo um síðir öðru böli. Krabbamein er fyrst og fremst sjúkdómur *balingar*, alveg eins og kynsjúkdómar stafa af oförvun og ofnotkun eins þáttar starfstækis mannsins.

Vegna hins óralanga tíma og þeirra óteljandi kynslóða sem dáið hafa á jörðinni, finnast nú á tímum „sóttkveikjur“ þessa óttalega sjúkdóms, krabbameins, í sjálfum jarðveginum sem við dveljumst á, þær skaða jurtaríkið sem og mannkynið. Hliðstæður kynsjúkdóma manna má finna í steinaríkinu.

Berklar geisðu óheftir á ákvednum tímabilum í sögu Atlantis, en þeir eru samt sem áður sjúkdómur sem aðallega varð til í okkar aríska kynstofni, þennan sjúkdóm erum við nú

að arfleiða dýraríkið að og deilum með því. Menn eru að öðlast skilning á þessu. Svo náin tengsl eru nú á milli manna og dýra (einkum húsdýra) að þau deila með mannum næstum því öllum hans veikindum á einn eða annan hátt; stundum er það greinanlegt en ekki alltaf. Þó furðulegt sé, er orsök hinnar miklu hvítu plágu, berklanna, að finna í breytingunni sem verður, þegar innstilling líforkunnar færir frá tilfinningalífni til hugans og veldur því að tilfinningalífið er um tíma í orkusveldi. Berklar eru fyrst og fremst sjúkdómur orkuskorts. Krabbamein, aftur á móti, byggðist á svipaðan hátt á fyrri færslu líforkunnar frá efnislíkamanum til tilfinninganna sem olli ofþroska í lífi frumnanna með oförvun. Ég geri mér grein fyrir erfiðleikum við að skilja þetta. Ég get aðeins sett fram þessar ósönnuðu vísendingar. Síðari tíma uppgötvanir einar geta sýnt fram á sannleiksgildi tilgátta minna. Við skulum setja niðurstöður okkar fram í töfluformi:

*Sjúkdómur      Kynstofn      Líkami      Ríki      Líffæri*

---

Kynsjúkdómar....Lemúríu.....Efnis.....Steina....Kynfæri,  
kynorkustöð.

Krabbamein.....Atlantis.....Geð.....Jurta.....Sólarplexus.

Berklar.....Aría.....Hugar.....Dýra.....Öndunarfæri,  
hálsstöð.

Þegar ég vísa til orkustöðvar í þessari töflu, vísa ég til stöðvarinnar sem helst miðlar lífkraftinum þar sem lífsáhersla fjöldans er innstillt. Af þessu má ráða hvar lögð verður áhersla á mögulega lækningu. Þar sem berklar eru yngstir af þeim þrem aðalsjúkdómum sem maðurinn hefur erfð, og þar af leiðandi ekki eins rótgrónir, hefur nú þegar tekist að finna lækningu á þeim. Menn hafa uppgötvað með beitingu skynsemi hugans að

sólskin og góð fæða getur læknað eða að minnsta kosti hamlað gegn sjúkdómnum. Það er áhugavert atriði á sviði dulfræðilegra samsvarana, að líkt og ljósi sálarinnar sem streymir inn í hugann er treystandi til að leysa hvaða vandamál sem er, svo getur ljós sólarinnar og læknaði geislar hennar eytt hinum hræðilegu einkennum berklaveikinnar.

Þegar kynstofninn temur sér rétta stjórn tilfinninga munum við á sama hátt sjá krabbamein víkja smátt og smátt. Ég sagði *rétta* stjórn tilfinninga; hömlun og niðurbæling geðrænna hvata með viljaorku er ekki rétt stjórn. Það er athyglisvert að taka eftir því að þó svo að bæði karlar og konur þjáist af krabbameini, er hin *almenna* orsök ekki sú sama, þó að *grundvallarorsökin* (svörun við hömlulausu kynlífi vegna ofuráherslu á eðlishvatirnar) sé sú sama. Konur hafa snúist gegn þessari tegund lífstjáningar í stórum stíl (á sama hátt og Atlantisbúar) vegna áhættunnar sem þær taka við barnsburð, ef þær leggja áherslu á tjáningu kynhvatarinnar í lífi sínu. Það er á þessu sviði, sviði kynlífsins, sem aðalbælingar þeirra er að finna. Þær þjáast ekki svo mjög af almennum hömlum á geðrænni og tilfinningalegri tjáningu. Karlar *eru* aftur á móti haldnir þeim og búa við hefð eða sterka tilhneigingu til meira taumhalds á tilfinningasviðinu í daglegu lífi sínu heldur en konur. Karlar þarfnast ekki eða tileinka sér ekki svo afgerandi kynlífstaumhald. Tilhneiging þeirra til bælingar nær því yfir víðara svið lífsins og þar af leiðandi (ef treysta má tölfræðinni) þjáast fleiri karlar af krabbameinum en konur, þó svo að það sé hræðilegur sjúkdómur sem allir þurfa að óttast.

Lækning krabbameins felst í skilningi á leyndardómi rétrar *ummyndunar*, en það verður mönnum ljóst síðar meir. Þessi staðhæfing er ekki eingöngu táknræn heldur einnig tæknileg og vísindaleg. Þetta verður mönnum einnig ljóst síðar. Algjört ónæmi fyrir berklum næst (og er nú þegar að nást hröðum skrefum) í leyndardómi þess að ná *réttum líftakti* og með

réttum og hæfilegum áherslum á alla þætti lífsins. Lausn frá böli kynsjúkdómanna felst í þeim leyndardómi að ná *réttum skilningi á tímasteiðum og tímahringrásum* og að tengja hina skapandi kynlífsathöfn þeim skilningi.

Það mun því vera augljóst að kynsjúkdómarnir munu síðast hverfa, rétt eins og þeir voru fyrstir til að herja á mannkynið. Berklar eru á undanhaldi. Sérfræðingar beina nú athygli sinni að lækningu krabbameins.

Ég vil bæta hér við tveimur athugasemdum sem mönnum nú á tímum munu almennt þykja áhugaverðar. Eins og ég hef áður sagt, finnast meinsemdir sem mannkyninu er hætt við í jarðveginum og tilvera þeirra þar er aðallega tilkomin vegna greftrunar hinna dauðu svo milljónum skiptir öldum saman. Ástandið mun fara stöðugt batnandi með aukinni líkbrennslu. Þannig munu þessi mein deyja út hægt og hægt. Það er því æskilegt að sem mestur áróður sé rekinn fyrir þessari aðferð við að losna við efnisformin sem sálirnar hafa yfirgefið þegar þær hverfa úr holdgun. Þegar jarðvegurinn verður hreinni og þegar sálarsamband næst, getum við vonast til að sjá þeim fara sífellt fækkandi sem lúta í lægra haldi fyrir þessum erfðu meinsemdum. Forvitnilegt er að böð í söltum sjó efla greinilega heilsu efnislíkamans. Vatnið sem síast inn um húðina, og óvart um munninn, hefur fyrirbyggjandi áhrif.

Aukning samkynhneigðar, bæði kvenna og karla, er eitt af aðalvandamálum sálfræðinga nú á tímum og einnig lækna í minna mæli. Villandi röksemdir eru settar fram í þeim tilgangi að sanna að þessi óeðlilega þróun (og samsvarandi áhugi á þessari sjúklegu tilhneigingu) sé vegna þess að mannkynið sé smám saman að verða tvíkynja í þróun sinni og að tvíkynja manngerð sé að koma fram á sjónarsviðið. Þetta er *ekki* rétt. Samkynhneigð er það sem kalla má „leifar“ af kynlífsóhófi Lemúríutímans; það má kalla hana meðfæddan ágalla ef þið viljið. Þær sálir sem gengu í gegnum séreðlismyndunina og

holdguðust á þessu óralanga og fjarlæga tímaskeiði eru nú þeir einstaklingar sem sýna tilhneigingu til samkynhneigðar. Svo rík var kynhvötin á þessum tíma að hin eðlilegu kynmök fullnægðu ekki óseðjandi þörf hins *proskaða* manns þess tímabils. Við myndun einstaklingsvitundar streymdi inn sálarkraftur sem örvaði lægstu orkustöðvarnar. Af því leiddi að óleyfilegar aðferðir voru viðhafðar. Nú á dögum er mikill fjöldi fólks í holdgun sem viðhafði þessar aðferðir og þessi forni ávani er því ofviða. Þetta fólk er nú það langt komið á þróunarbrautinni að leiðir til úrbóta eru nærtækar – ef það kys að hagnýta þær. Með tiltölulega auðveldum hætti getur það yfirfært kynorkuna til hálsstöðvarinnar og orðið skapandi á æðra sviði með því að virkja orkuna sem skynjuð er á réttan og uppbyggjandi máta. Margt af þessu fólki hefur af sjálfsdáðum byrjað á því. Samt sem áður er vel þekkt að á meðal svokallaðra listamanna er samkynhneigð mjög ríkjandi. Ég segi „svokallaðra“ því að raunverulegur skapandi listamaður er *ekki* fórnarlamb tilhneiginga þessa forna illa ávana.

Það má geta þess að samkynhneigð er þrenns konar:

1. Sem afleiðing af fornum illum ávana. Þetta er aðalorsökin nú á tímum og gefur til kynna:
  - a. Að séreðlismyndunin gerðist á þessari plánetu, því þeir sem gengust undir séreðlismyndun í tunglkeðjunni hneigjast ekki í þessa hættulegu átt.
  - b. Að Lemúríu-sálirnar sem féllu í þetta far hvatafullnægningar höfðu náð hlutfallslega háu þróunarstigi.
  - c. Ástundun kynlífsgaldurs, ásamt viðvarandi leit að líkamlegri og kynferðislegri fullnægingu.
2. Hermi samkynhneigð. Nokkur fjöldi fólks úr öllum stéttum líkti eftir sér meiri (ef ég get notað svo mótsagnakennt orðalag) og vandist á illa siði í kynmökum sem það ella hefði komist hjá. Þetta er ein helsta ástæðan meðal margra kvenna

og karla nú á tímum, en hún byggist á of virku ímyndunar-  
 affli, ásamt kröftugu líkamlegu kyneðli og kynórahneigð. Ég  
 segi þetta að vandlega íhuguðu máli. Þessum flokki tilheyra  
 margir samkynhneigðir.

- Örfá mjög sjaldgæf tilfelli af tvíkynja fólki. Þetta fólk, sem  
 sameinar í sér báða birtingarþætti kynlífsins, horfist í augu  
 við mjög raunverulegt vandamál. Þetta vandamál er magnað  
 af fávísku manna, afneitun staðreynda, rangri þjálfun og  
 kennslu í bernsku og útbreiddum misskilningi. Svona tilfelli  
 er að finna í litlum mæli allsstaðar, þó að hlutfall þeirra sé  
 lágt miðað við fólksfjölda. En tilvera þeirra er athyglisverð  
 fyrir læknastéttina og tilefni til meðaumkunar og samúðar  
 mannvina og skilningsríkra sálfræðinga. Þetta fólk er í  
 erfiðri stöðu.

Ég hef fjallað nokkuð ítarlega um þetta efni, því ykkur  
 kemur að gagni að vita um þessar staðreyndir. Það varpar ljósi  
 á vandamál sem vaxandi fjöldi fólks þarf að horfast í augu við.  
 Sálfræðingar, félagsráðgjafar, læknar og allir þeir sem fást við  
 hópþjálfun rekast oft á þetta vandamál, því er nauðsynlegt að  
 greina á milli flokkana til að auðveldara sé að glöggva sig á  
 vandanum.\*

Í þessum leiðbeiningum munið þið finna margar vísbend-  
 ingar sem ekki er hægt að fella beinlínis undir lækningar en eru  
 þó í sama anda, því þær gera lesandann hæfari til skilnings.

Þið sjáið af framansögðu að þessi ágalli á, eins og við er að  
 búast, rætur sínar að rekja til geðlíkamans, líkama skynhrifanna.  
 Af þeirri ástæðu hef ég haft þetta með. Það væri athyglisverð  
 tilraun í greiningu, ef hægt væri að flokka ýmis velþekkt  
 vandamál, sjúkdóma og kvilla eftir frumorsökum sínum. Fáar  
 þeirra eru af hugrænum uppruna, þrátt fyrir allt sem samtök  
 eins og „*Christian Science*“ eða „*Mental Science*“ kunna að halda  
 fram. Ég ætti ef til vill heldur að segja að vandamálin stafi ekki

\* „The Problem of Sex“ bls 268-307 í bókinni „A treatise on the Seven Rays Vol I.“

af rangri hugsun mannsins, þó hægt sé að magna allt illt með beitingu rangra hugsana. Margir eða ef til vill flestir þeir kvillar sem venjulegur maður þjáist af byggjast á geðrænum orsökum eða á skýrt skilgreindri löngun. Formuð löngun er sú löngun sem tjáir sig í einhverskonar athöfn. Eitt skýrasta dæmið um slíkt er samkynhneigð. Aðrir sjúkdómar sem mannkynið hefur erfð eru ekki eins auðskýrðir og skilgreindir. Maðurinn er þolandinn, en orsökina sem veldur sjúkdómnum eða vandanum – líkamlegum eða sálrænum – liggur hulin í fjarlægri fortíð og þolandinn (með sinni takmörkuðu þekkingu) er ófær um að kanna eða komast að orsökinni. Allt sem hann getur staðhæft er að líklegast var löngun hin upphaflega ástæða. Það sem maðurinn er í dag og þjáningar þær sem hann þarf að þola, stafar af langri fortíð hans, en svo langur tími gefur til kynna langvarandi og fastmótaðar venjur. Slíkar venjur eru óhjákvæmileg afleiðing annars eftirfarandi tveggja þátta:

1. Löngunar sem ræður og stjórnar athöfnum,

*eða*

2. hugrænni stjórn og skipulegri baráttu sem kemur í staðin fyrir löngun. Í mörgum tilfellum er hún gagnstæð hinni eðlilegu skynjuðu og skilgreindu löngun.

Þið sjáið af ofangreindu að það er ósk mín að þið skiljið mikilvægi hins skynnæma geðlíkama og vald hans til að skapa þær afleiddu orsakir sem birtast í jarðnesku lífi sem sjúkdómar.

Þið sjáið hve mikla áherslu ég hef lagt á geðlíkamann sem hvata að rangri líkamsstarfsemi og nauðsyn af hálfu sjúklingsins á skilningi og stjórn á tilfinningasviðinu, ef raunverulegur sigur á að vinnast á sjúkdómi. Munið þið skilja mig ef ég segi að raunverulegur sigur geti falist í því að sætta sig við dauðann sem



útgönguleið, komi hann eðlilega, eða lækningu, ef orsakirnar sem eru hin upprunalega hvöt eru uppunar? Hugleiðið þetta.

Í öllu sem að framan greinir, einnig því sem ég hef sagt um samkynhneigð, hef ég fjallað ýmist um hömluleysi eða bælingu löngunar, en ég hef aðeins skoðað þetta almennt og í víðu samhengi. Munið þið misskilja mig ef ég bendi á, að þar sem langanir eru bældar (sem á við marga leitendur í dag) skapast jarðvegur fyrir alls konar sjúkdóma, krabbamein, lungnateppu og ákveðnar tegundir lifrarsjúkdóma, sem og hina skelfilegu berklaveiki? Sjúkdómar af völdum bælingar eru margir og alvarlegir, eins og þið sjáið af ofangreindri upptalningu. Hafa skal í huga að þar sem löngunum er svalað hömlulaust og engin höft eru fyrir hendi, verða til sjúkdómar eins og kynsjúkdómar, samkynhneigð, bólgur og hitasóttir. Af skapgerð mannsins ræðst hvaða tegundum sjúkdóma honum er hætt við og eiginleikar geislans ráða skapgerðinni. Fólki á mismunandi geislum er hætt við mismunandi kvillum. Sálfræðingar hafa rétt fyrir sér þegar þeir skipta mönnum í tvo meginflokka, úthverfa og innhverfa. Þessar tvær manngerðir hafa hvor um sig sínar sérstöku sjúkdómstilhneigingar, sem mótast af ofvirkni og hömluleysi, eða höftum og bælingu.

Við höfum nú fjallað um annan þáttinn undir liðnum um lækningar sjúkdóma af geðrænum orsökum. Sá fyrsti fjallaði um óheftar og illa agaðar tilfinningar. Ég vil minna ykkur á að við ætlum að einskorða okkur við sjúkdóma sem hrjá þann hluta mannkynsins sem langt er kominn á þróunarbrautinni, þ.e. leitendur og lærisveina á öllum stigum. Við munum ekki (í þessu stutta riti) fjalla um allt svið sjúkdómanna sem leggjast á mannkynið, né fortíðarsöguna. Því lengra á þroskabrautinni sem leitandinn nær, þeim mun meiri líkur eru á að sjúkdómarnir sem þjá hann séu svæsnir og illvígir, vegna örvandi innstreymis sálarorku í meira eða minna mæli. Flokkur einkenna sem lauslega má kalla hitasótt, æxli, þrútin svæði, ásamt almennu

þróttleysi og sjálfseitrun, býr að baki margra sjúkdóma og geta flokkast undir einhvern þeirra fimm aðalflokka sjúkdóma sem áður var vikið að. Ég bið ykkur að muna þetta glögglega og hafa stöðugt í huga að ég er að alhæfa, en þessar alhæfingar eru grundvallandi og þess vegna mikilvægar.

*C. Sjúkdómar sem stafa af áhyggjum og pirringi.*

Þriðji flokkur sjúkdóma sem eiga upptök sín í geðlíkamanum er dulfræðilega nefndur: Sjúkdómar pirringis. Hér er á ferðinni lúmskt eitur sem dylst undir fyrirbrigðinu sjúkdómur.

Frá sjónarhóli dulfræðinnar er hægt að skilgreina alla sjúkdóma á tvennan hátt:

1. Sjúkdóma sem stafa af sjálfseitrun. Þeir eru algengastir.
2. Sjúkdóma sem stafa af pirringi. Þeir eru mjög tíðir meðal lærisveina.

Nú á dögum er mikið rætt um sjálfseitrun og mikið er gert til að lækna hana með réttu mataræði og með því að koma á reglu í lífinu eða því sem kalla má réttri lífshrynjandi. Þetta er allt gott og til hjálpar en nægir ekki til endanlegrar lækningar, eins og þeir sem boða þessa leið vilja láta okkur halda. Pirringur er að grunni til sálrænn kvilli og rætur hans liggja í mögnun geðlíkamans sem hefur sérstök óeðlileg áhrif á taugakerfið. Þetta er sjúkdómur sjálfshyggju, sjálfsnægjusemi og sjálfmánægju. Aftur segi ég, hugleiðið þessi orð, því þessar þrjár hliðar á pirringi má finna mjög víða. Þess vegna munum við fjalla nánar um pirringinn eða „*imperi*“ eins og meistari M og aðrir talsmenn fyrsta geislans nefna hann.

Við höfum nú nærri lokið fyrsta hluta kaflans um sálrænar orsakir sjúkdóma og höfum stuttlega, þó með mörgum vísbendingum að ég tel, íhugað þau vandamál sem stafa af of-

virgni og vanhæfni geðlíkamans. Allt sem ég get gert í þessu stutta fræðiriti er að alhæfa, vegna þess að flest það sem ég segi er svo nýtt og byltingarkennt frá sjónarhóli almennrar læknisfræði, að jafnvel þessi frumgerð hugmyndabyggingar og að hluta til nýja framsetning sanninda þarf tíma til að hafa áhrif á hugsuði mannkynsins. Ef hún verður samþykkt sem fræðilegur möguleiki af þeim sem móttækilegir eru, mun líða langur tími þar til nægar rannsóknir hafa farið fram og fullmótaðar niðurstöður gert hugmyndirnar almennt viðurkenndar og hagnýtar. Ég er ekki að segja þetta til þess að gagnrýna læknastéttina. Fégráðugir sérfræðingar og svikahrappar eru sjaldgæfir, þótt þeir séu auðvitað til, eins og til eru spilltir menn og óæskilegir í öllum stéttum. Hvar er slíka ekki að finna? Margir eru ekki móttækilegir, en þá má líka finna víða. Frumkvöðlar nýrra hugmynda og þeir sem hafa tileinkað sér sumt af hugtökum nýja tímans eru oft jafn ómóttækilegir og sjá ekkert nema nýjar leiðir, lífshætti og aðferðir. Þeir varpa öllu gömlu fyrir borð og glata miklu með því. Læknastéttin hefur skapað sér mikla og fagra sögu með markmiði sínu og starfsemi og hefur þroskað með sér suma af bestu sálareiginleikunum – fórnfýsi, samúð og þjónustu. En ekki er auðvelt að ná tókum á háttum og aðferðum nýrra tíma. Margt gamalt verður að leggja fyrir róða og marga fórnina að færa áður en hin nýja lækningarlist verður að veruleika.

Þar til staðreyndin um tilvist efnisfínni líkama er réttilega viðurkennd af hugsuðum heimsins og tilvist þeirra sönnuð með aðferðum sannra vísinda sálfræðinnar og skyggnihæfileika, er tiltölulega þýðingarlaust að reyna að rekja orsakir sjúkdóma til fingerðari sviða. Besta viðhorfið sem hinir móttækilegustu læknar geta komið fram með (ég segi *geta* en ekki *munu*) er það að sálræn afstaða, hugarástand og tilfinningalegt ástand hjá sjúklingi sé annaðhvort til bóta eða бага. Margir hafa nú þegar viðurkennt þetta. Það er í sjálfu sér mikill árangur.

Þar af leiðir að þegar ég segi til dæmis, að krabbamein

eigi rætur að rekja til geðræns ástands og eigi upphaf sitt á Atlantistímanum, hefur það litla merkingu fyrir fólki nú á tímum. Það áttar sig ekki á því að stórir hópar fólks eru á Atlantisstiginu í vitund sinni.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um áhyggjur og pírring sem eru algengustu orsakir allra erfiðleika. Þær eru útbreiddari nú en nokkru sinni fyrr af eftirfarandi ástæðum:

1. Ástand heimsmála er slíkt, vandamálin og óvissan, að það lætur varla nokkurn jarðarbúa ósnortinn. Ástand plánetunnar snertir alla meira eða minna.
2. Samskipti fólks hafa aukist og menn lifa það mikið saman í nábylí, að óhjákvæmilegt er að þeir verði meira fyrir áhrifum hver frá öðrum en nokkru sinni fyrr. „Ef einn úr hópnum þjáist, þjáist allir með honum“ eru forn sannindi, en nú fyrst lifandi veruleiki.
3. Aukin næmni mannlíkamans veldur því einnig að menn stillast inn á tilfinningar og hugrænt ástand hvers annars á nýjan og áhrifameiri hátt. Áhyggjur og vandamál annarra manna, sem þeir kunna að vera í tengslum við, bætast við þeirra eigin.
4. Með hugsanaflutningi og aukinni hæfni til að sjá hluti fyrir eru menn nú á tímum að bæta á sig erfiðleikum sem tilheyra öðrum, einhverjum öðrum hópi eða þjóð. *Erfiðleikum sem kynnu að verða en ekki er víst að verði.*

Þessi vandamál sýna að ákaflega erfitt er fyrir menn að horfast í augu við lífið. Augljóst er að vandamál sem stafa af áhyggjum og pírringi (sem meistari Morya kallar „imperil“) eru fjölmörg og þarfnast íhugunar.

Hvers vegna eru vandamál geðlíkamans svo háskaleg og alvarleg? Áhrif af áhyggjum og pírringi eru hættuleg af eftirtöldum ástæðum:

1. Þau draga það mikið úr lífsorkunni að menn verða mót-tækilegir fyrir sjúkdómum. Rætur influensuplágunnar liggja í ótta og áhyggjum, en við munum sjá hana líða undir lok þegar slaknar á spennunni í heiminum þá mun ógnin og óttinn dvína.
2. Þau eru svo bráðsmitandi á tilfinningasviðinu að þau þyngja á sérstakan hátt hið geðræna andrúmsloft og gera mönnum þannig tilfinningalega erfitt um andardrátt.
3. Ótti, áhyggjur og pirringur einkenna svo mjög geðrænt ástand nú á tímum að hægt er að líta á það sem *farsótt* á heimsmælikvarða.
4. Pirringur (hér á ég ekki við áhyggjur) veldur geðraunum sem erfitt er að þola og leiðir til mikilla erfiðleika. Það er athyglisvert að sérstakar tegundir augnsjúkdóma stafa af þessu.
5. Áhyggjur og pirringur koma í veg fyrir rétta sýn og loka fyrir útsýnið. Fórnarlamb þeirra sér ekkert nema ástæður sinna eigin vandamála og er í svo neikvæðu ástandi vegna sjálfsmeðaumkunar og sjálfshyggju að sýn hans er takmörkuð, og hans nánustu og hópur líða með. Hafið í huga að eigingirni er til sem hópþyrirbrigði á sama hátt og hún er til sem einstaklingsbundin tilhneiging.

Ég hef vitnað nóg um áhrifin sem áhyggjur og pirringur valda til að sýna ykkur fram á umfang vandans. Ekki er til mikils að ræða um lækningu að þessu sinni. Ekki er við hæfi að segja við influensusjúkling þegar veikin stendur sem hæst: „Það er ekkert að þér. Láttu þig þetta engu skipta. Farðu á fætur og sinntu störfum þínum.“ Það er ekki til neins að segja við menn í dag: „Óttist ekki. Hafið ekki áhyggjur. Allt mun fara vel.“ Þeir munu ekki trúá þér fyrir það fyrsta og það er gott, því það væri ekki rétt. Ástandið er ekki gott. Mannkynið og plánetulífið er sjúkt. Þetta veit Bræðralagið og er að vinna að bættu ástandi.

Pegar hamfarir „plánetuinflúensunnar“ eru liðnar hjá (og sjúklingurinn lifir þær af) þá er hægt að sinna rannsóknum og vinna að því að koma í veg fyrir að þetta ástand endurtaki sig. Það eina sem nú er hægt að gera er að róa sjúklinginn og halda hitanum niðri. Það er starf Hins nýja hóps heimsþjónenda og allra skynsamra góðvildarmanna. Fjöldi þeirra er mikill.

## 2. ORSAKIR FRÁ ETHERLÍKAMANUM

Hafið í huga að hér fjalla ég ekki um þær orsakir sem valda sjúkdómum í efnislíkamanum og eiga upptök í hugræna eða geðræna starfstækinu. Eins og gefur að skilja koma þær fram í gegnum etherlíkamann. Etherlíkaminn flytur alla orku til efnislíkamans. Allar orkutegundir fara um etherlíkamann til mismunandi hluta efnisformsins og valda góðum eða slæmum áhrifum, neikvæðum eða jákvæðum eftir atvikum. Þetta er staðreynd sem við viðurkennum. Hér fjalla ég um sjúkdóma, vandamál og efnislega erfiðleika sem stafa frá etherlíkamanum sjálfum og koma fram í tengslum hans við efnislíkamann. Þau vandamál eru bæði útbreidd og almenn. Nauðsynlegt er að þið haldið þessu tvíþætta orkusamspili skýrt aðgreindu í huganum. Bæði koma frá og í gegnum etherlíkamann inn í efnislíkamann, en aðeins annað þeirra er tengt erfiðleikum sem hafa etherorku uppruna.

Etherlíkaminn er í heild sinni samsettur úr orkuþráðum og þar sem þessir þræðir mætast verða til orkustöðvar. Þar sem margir slíkir þræðir mætast verður til stærri orkustöð, en þar sem miklir orkustraumar renna saman verður til meginorkustöð, eins og gerist í höfðinu og upp með hryggnum. Meginorkustöðvarnar eru sjö, en þar til viðbótar eru þekktar af dulfræðingum tuttugu og ein minni orkustöð og fjörutíu og níu smáar. Við munum þó takmarka okkur að þessu sinni við etherlíkamann sem heild og aðalorkustöðvarnar sjö. Samt sem

áður mun ykkur þykja áhugavert að fá vitneskju um staðsetningu smærri orkustöðvanna sem eru tuttugu og ein að tölu. Þær eru á eftirfarandi stöðum:

Tvær eru framan við eyrun nálægt kjálkaliðamótunum.

Tvær eru rétt fyrir ofan brjóstin.

Ein er efst við brjóstbeinið, nálægt skjaldkirtlinum. Hún myndar orkuþríhyrning ásamt brjóststöðvunum tveim.

Ein er í hvorum lófa.

Ein er á hvorri il.

Ein er aftan við hvort auga.

Tvær tengjast kynkirtlunum.

Ein er rétt hjá lifrinni.

Ein tengist maganum og er því nátengd sólarplexusstöðinni, en er ekki sú sama.

Tvær eru tengdar miltanu. Þær mynda í reynd eina stöð, þar sem þær liggja hvor ofan í annarri.

Ein er aftan við hvort hné.

Ein öflug stöð er nátengd vagus tauginni. Hún er mjög kraftmikil og er í sumum dulfræðikenningum talin sem meginstöð; hún er ekki í hryggnum, en er nálægt hóstarkirtlinum.

Ein stöð er nálægt sólarplexusstöðinni og tengir hana við mænurótarstöðina og myndar á þann hátt þríhyrning kyn-orkustöðvar, sólarplexusstöðvar og mænurótarstöðvar.

Þríhyrningarnir tveir sem getið er um í þessari upptalningu eru mjög mikilvægir. Annar er fyrir ofan þind en hinn fyrir neðan.

Ljóst er að minni líkur eru á sjúkdómum eða veikindum ef orkuflæðið um etherlíkamann er hindrunarlaust. Hins vegar kunna þá að vera meiri líkur á erfiðleikum vegna oförvunar, sem leiðir til ofvirkni taugakerfisins með öllum þeim vandamálum sem því fylgja. Kraftarnir sem leita inn í efnislega starfstækið

koma úr þremur áttum (ef hægt er að orða það svo):

1. Frá starfstækjum persónunnar, geðlíkama og huglíkama.
2. Frá sálinni, ef tenging, meðvituð eða ómeðvituð, hefur komist á.
3. Frá umhverfinu, en starfstæki persónu og sálar hafa þjónað því hlutverki að vera „dyr inngöngunnar.“ Meðal annarra orða vil ég vekja athygli ykkar á mögulegum skyldleika orðanna „dyr inngöngunnar“ hér í síðustu setningu og orðanna „dyr vígslunnar.“

Hindrun myndast þegar orkustöðvarnar, sem er ætlað að taka við innstreymi frá orkuuppsprettunum, eru í dvala, eru aðeins að hluta til virkar eða jafnvel of hægvirkar (í sveiflutíðni). Þetta veldur teppu í etherlíkamanum og afleiðingarnar verða truflanir í starfsemi efnislíkamans. Einn algengasti vandi af þessu tagi er lungnateppa, en þótt rekja megi hana til ákveðinna efnislegra ástæðna, stafar hún í raun jafnframt af innri etherískri stíflu. Þegar saman fara hin ytri augljósa ástæða og hin innri sanna ástæða, brýst sjúkdómurinn upp á yfirborðið. Þegar þessar tvær aðstæður eru samverkandi og um er að ræða efnislegan vanda og einnig óæskilegt etherískt ástand, er ekki komist hjá sjúkdómi, veikindum eða einhvers konar veikleika. Sérhverja ytri teppu er ávallt hægt að rekja til tveggja ástæðna, innri og ytri. Í þessum tilfellum er ytri ástæðan ekki afleiðing innri orsakar, sem er athyglisvert. Þið sjáið því að einstaklingsbundnir sjúkdómar eru ekki alltaf af huglægum eða sálrænum orsökum, heldur bæði af ytri og innri orsökum. Vandamálið verður því flóknara.

Ofangreind atriði vekja spurningu um virknina í orkustöðvunum sjö í etherlíkamanum. Þær geta verið óvirkar eða í dvala, að vakna en þó aðeins með dauðu lífi, eða eðlilega virkar. Þetta þýðir að sumar orkutegundirnar, sem mynda form stöðvarinnar, hreyfast í takt og eru því móttækilegar fyrir



innstreymi, en aðrar eru algerlega óvirkar og lokaðar. Sumar stöðvar eru fullkomlega virkar og hafa því mikið aðdráttaraffil fyrir allar tegundir orku, en aðrar eru aðeins að hluta til virkar. Hjá meirihluta fólks eru orkustöðvarnar neðan við þind virkari en þær sem eru ofan við þind (hér á ég við meginstöðvarnar sjö en ekki hinar tuttugu og eina minni). Hjá leitendum eru stöðvarnar fyrir neðan þind með fulla virkni og hjarta- og hálsstöðin eru smám saman að verða virkar. Hjá lærisveinum er ennisstöðin, að viðbættum öðrum stöðvum neðar í líkamanum, að vakna hröðum skrefum. Hjá hinum vígðu er höfuðstöðin að ná öflugri sveiflutíðni og hrífur þannig allar aðrar stöðvar með sér í réttan og samhæfðan takt. Hver sjúklingur eða mannvera er á einhverjum geisla og svarar því áhrifum á mismunandi hátt. Tímabátturinn er einnig mismunandi, þróunarmynstrið er breytilegt og svörun við innstreymi orkutegunda og krafta er lítillaga mismunandi.

Allt þetta munum við taka vandlega fyrir í níunda kafla sem fjallar um hinar sjö aðferðir til lækninga. Ég minnst á þetta hér einfaldlega til þess að leggja grunninn að því sem seinna verður tekið fyrir og sýni ykkur þannig að samband etherlíkama og efnislíkama er nátengt lækningarstarfinu. Það er þess vegna augljóst hve mikilvægt er að læknandinn þekki þroskastöðu sjúklingsins, ásamt persónugeisla og sálargeisla hans, áður en raunveruleg lækning getur átt sér stað. Ef hægt er að bæta við þetta vísbendingum úr stjörnukortu sjúklingsins, er mögulegt að fá mun nákvæmari sjúkdómsgreiningu. Lykilinn að allri lausn (annaðhvort með lækningu efnislíkamans eða með dauða) er að finna í skilningi á ástandi orkustöðvanna í etherlíkamanum. Þær ákvarða sveiflutíðnina í starfsemi líkamans og hina almennu móttökuhæfni hans. Þær móta jafnvel starfsemi og nákvæmni eðlishvatanna og samband þeirra við lífið á hinu ytra sviði og „heilleika“ og almennt heilsufar sjálfvirka taugakerfisins.

### A. Orkuteppa.

Margs konar erfðleika má rekja til teppu eða hindrunar á frjálsu orkustreymi. Benda má á í þessu sambandi að etherlíkaminn er tæki fyrir inn- og útstreymi orku. Það er því sérstakt samband á milli hans og líffæra eins og lungna, maga og nýrna. Táknfræðin sem hér er vísað til mun sýna, ef rétt er skilin, að djúpur innri skyldleiki er á milli:

1. Starfsemi hugar og lungna. Andardrátturinn, sem greinist í innöndun, hlé og útöndun, vinnur í nánnum tengslum við bæði hugræna og efnislega krafta.
2. Tilfinningalífs og maga. Aftur er hér um að ræða ferli inntöku, úrvinnslu og úthreinsunar.
3. Etherlíkama og nýrna. Í báðum tilfellum er starfsemin augljóslega upptaka, efnaumbreyting og útskilnaður.

Hvergi er táknmál alls sköpunarverksins hlutfallslega eins nákvæmt og í mannlíkamanum.

Stífla í etherlíkamanum, sem veldur miklum óþægindum í efnislíkamanum, getur verið við innstreymisstað frá geðlíkama eða geðheimi (takið eftir mismuninum) eða við útstreymisstað þeirrar orkustöðvar sem beinir viðkomandi orkutegund í gegnum sig á auðveldastan máta og etherorkan á greiðasta leið í gegnum. Vandamál koma fram þegar ekki er um að ræða frjálst samspil milli etherlíkamans og geðlíkamans. Vandamál koma einnig fram þegar ekki er eðlilegt orkustreymi á milli etherlíkamans og efnislíkamans, með tauga- og innkirtlakerfum sínum. Aldrei má gleyma hinu nána sambandi milli meginorkustöðvanna sjö og megininnkirtlanna sjö í efnislíkamanum. Þessi tvö kerfi mynda eitt náíð og samfléttað stjórnkerfi, þar eð kirtlarnir og starfsemi þeirra ákvarðast af ástandi etherorkustöðvanna. Ástand orkustöðvanna, aftur á móti, mótast af þroska og

reynslu sálarinnar, af hinni sérstöku innstillingu sálarinnar og af geislasamsetningu mannsins (persónu og sálar). Gleymið ekki að einkennandi geislaorka ákvarðar hina fimm eðlisþætti mannsins, í hlutverki hans í persónuheimunum þrem. Þeir eru geisli sálarinnar, geisli persónunnar, geislar hugar, tilfinninga og efnislíkama. Á komandi tímum verða geislarnir uppgötvaðir og þekkingin sem með því fæst mun gefa lækndanum til kynna *líklegt* ástand orkustöðvanna, í hvaða röð þær opnast og grunntón eða tóna hvernar fyrir sig. Nýja læknisfræðin verður með afgerandi hætti byggð á vísindum orkustöðvanna; á þeirri þekkingu mun grundvallast öll sjúkdómsgreining og möguleg lækning. Innkirtlafræðingar eru rétt að byrja að koma auga á möguleikana og margt af því sem þeir eru nú að fást við geymir í sér fræ fram tíðar sanninda. „Samstilling innkirtlakerfisins“ og tengsl þess við blóðið, skapgerð og margs konar tilhneigingar er viðfangsefni sem hefur mikið gildi og er þess virði að því sé fylgt eftir. Margt er þó óuppgötvað og nauðsynlegt er því að vinna að auknum rannsóknum og ná meiri þekkingu á hormónastarfsemi áður en óhætt verður að fást við kirtlana og beina athygli að þeim (eins og gert verður í öllum sjúkdómstilfellum í framtíðinni).

Ég gef í þessu stutta fræðiriti margar vísbendingar sem þjóna þeim tilgangi að beina móttækilegum fræðimanni í rétta átt. Áður en lengra er haldið og etherlíkaminn skoðaður sem sjálfstæð heild í samskiptum sínum við efnislíkamann, vil ég benda á að ég skipa örðugleikum vegna *teppu* efst á listann yfir sjúkdóma sem eiga upptök sín í etherlíkamanum, vegna þess að nú á tímum og á næstu tveim öldum, verður slíkt aðalorsök erfiðleika hjá þeim meirihluta mannkyns, sem hefur sólarplexus- og kynorkustöð mest ráðandi (svonefnt „sólar-sakral“ fólk). Að hluta til er ástæðan sú aldagamla venja að bæla niður og byrgja inni, sem mannkynið í heild hefur tamið sér. Teppan við innstreymis- og útstreymisstaði etherlíkamans veldur hindrun á frjálsu flæði lífsorkunnar og afleiðingarnar verða þær að

sjúkdómar ná fljótt yfirhöndinni. Af þessu leiðir að vandlega og gætilega skipulagðar öndunaræfingar verða smám saman algengari. Þær hafa fingerð áhrif á innri líkamana í þá veru að endurskipuleggja og endurstilla þá (sérstaklega á þetta við um ether- og geðlíkamann). Hinn almenni áhugi nú á tímum á önduninni er vottur um ómeðvitaða viðurkenningu á þessu atriði, þó enn sé ekki fyrir hendi næg vitneskja um aðferðir og áhrif.

Það er eitt enn sem ég vil vekja athygli ykkar á, en það er að teppan getur annaðhvort verið í orkustöð í geðlíkama eða etherlíkama. Þetta er atriði sem lækningandinn verður að kanna.

### *B. Vöntun á samhæfingu og samtengingu.*

Við munum nú í stuttu máli taka til athugunar annan liðinn um vandamál tengd etherlíkamanum, þann sem við nefnum *vöntun á samhæfingu og samtengingu*. Slíkt vandamál eru mjög algeng um þessar mundir og valda talsverðum erfiðleikum. Etherlíkaminn er hið innra mót sem efnislíkaminn er byggður eftir. Hann er innri uppistaðan sem býr að baki öllum hlutum efnisformsins, undirstaðan sem viðheldur heildinni. Hann er það sem ytra formið er smíðað eftir, vefur óendanlega margþættra orkurása (eða nadía) sem er mótpartur eða spegilmynd taugakerfisins í heild sinni, þessa mikilvæga þáttar í starfstæki mannsins. Hann er því ásamt blóðinu vissulega verkfæri lífsorkunnar. Augljóslega má því sjá að miklir erfiðleikar hljóta að fylgja veikluðu sambandi orkulíkamans, innri uppistöðunnar, og ytra formsins. Erfiðleikarnir birtast á þrennan hátt:

1. Þetta efnisformið er of laustengt etherforminu. Það leiðir af sér þróttleysi og almennt slen sem gerir manninn mót-tækilegan fyrir sjúkdómum.

2. Slæmt samband í ákveðna átt eða í ákveðnum þáttum starfstækisins. Lífkrafturinn getur ekki flætt eðlilega í gegnum vissa leiðara og orkupunkta, það veldur svo veikleika í ákveðnum hlutum líkamans. Kynferðislegt getuleysi og næmleiki fyrir hálsbólgu eru dæmi um tvo mjög ólíka kvilla af þessari ástæðu.
3. Samtengingin getur einnig verið svo laus og léleg að grunni til að sálin hafi lítið tangarhald á starfstæki sínu og haldning eða andsetni getur þá auðveldlega átt sér stað. Slíkt er reyndar allra versta dæmið um þetta ástand, en önnur eru vissar tegundir yfirlíða eða meðvitundarmissis og væg flogaveiki.

Það er einnig ljóst að algjörlega gagnstætt ástand er einnig til, þegar etherlíkaminn er svo nátengdur eða samhæfður persónunni, hvort sem um er að ræða háþróaða veru eða venjulegan etherlíkama, að allir hlutar efnislíkamans búa við stöðuga örvun og eru alltaf í viðbragðsstöðu. Álagið sem það veldur taugakerfinu getur leitt til mikilla erfiðleika, ef rétt stjórn er ekki fyrir hendi. Ég fjalla um þetta atriði undir yfirskriftinni „*Oförvun orkustöðvanna*.“ Of laus tenging eða of nán tenging veldur vandamálum, en fyrra afbrigðið er venjulega mun alvarlegra en hið síðara. Ég hef sagt hér nógu mikið til að sýna hve áhugaverð og mikilvæg rannsókn etherlíkamans getur verið. Allt umfjöllunarefni okkar um lækningar er nátengt þróun, vexti og stjórnun meginorkustöðvanna sjö.

### C. *Oförvun orkustöðvanna.*

Ég gæti bætt mörgu við það sem ég hef þegar sagt um orsakir sjúkdóma frá etherlíkamanum, en ég mun taka það efni nánar fyrir í næsta hluta bókarinnar, þegar ég fjalla um nokkrar

grunnforsendur lækninga. Orkuteppa, vöntun á samhæfingu og oförvun orkustöðvanna eru augljóslega grunnorsakir hvað efnislíkamann áhrærir og eru oft afleiðingar fíngerðari orsaka sem dyljast í lífi tilfinninga og hugar, en í tilfellum oförvunar má stundum rekja ástæðuna til sálartengsla. Etherlíkaminn bregst eðlilega við öllum aðstæðum fíngerðari starfstækjanna í samræmi við eðli sitt og uppbyggingu. Hann miðlar en er ekki sjálfur uppspretta og það er aðeins vegna takmarkana athugandans að ástæður sjúkdóma efnislíkamans eru raktar til etherlíkamans. Etherlíkaminn er úrvinnslustöð fyrir allar tegundir orku og krafta sem ná til efnislíkamans, að því tilskildu að hinar ýmsu orkustöðvar hafi náð því stigi á þroskabrautinni að geta tekið við viðkomandi orkutegundum. Frá dulfræðilegu sjónarmiði getur ásigkomulag orkustöðvar verið á fimm mismunandi vegu. Hún getur verið:

1. Lokuð, hreyfingarlaus, en þó með lífsmarki, þögul og í djúpu óvirku ástandi.
2. Að opnast, innsiglið rofið, með daufum litblæ; lífið tifar.
3. Hraðari, lifandi, vakandi í tvær áttir, litlu dyrnar tvennar standa galopnar.
4. Geislandi, teygir sig með hljómandi tóni til allra skyldra stöðva.
5. Samvirk og vinnur í réttum takti með öðrum stöðvum. Lífsorkan flæðir í gegn frá öllum sviðum. Heimurinn stendur opinn upp á gátt.

Etherlíkaminn vex og þroskast eftir þessum fimm stigum og verður að *lifgefandi matti* allrar tjáningar á efnissviðinu. Hliðstæða þessa eru hinir fimm kynstofnar mannkyns frá upphafi Lemúríu-kynstofnsins, fimm svið mannglegrar og ofurmannlegrar virkni, vitundarstigin fimm og ýmsar

fimmflokkarnir sem finna má í dulfræðilegri heimspeki. Það kann að vera gagnlegt og áhugavert að skjóta því hér inn í að fimmhyrnda stjarnan er ekki aðeins tákn vitundarvígslu og um síðir hins fullkomnaða manns, heldur er hún einnig grunn-tákn etherlíkamans og orkustöðvanna fimm sem stjórna hinum fullkomnaða manni, höfuðstöðvarnar tvær, hjartastöðin, hálsstöðin og mænurótarstöðin. Hinar ýmsu fimmundir, sem ég hef vitnað til hér að framan, verða samofnar vitund hins fullkomnaða manns, þegar etherorkustöðvarnar fimm eru vaknaðar til fulls og vinna í réttum innbyrðis takti.

Þessar upplýsingar snerta lækningavísindin ef til vill ekki mikið, en viðfangsefnið í heild sinni tengist orku og orka í einu eða öðru formi er tengd orsökum og afleiðingum sjúkdóma. Þess vegna er sjúkdómur óæskileg afleiðing orku á orkueininguna sem við nefnum atóm.

Höfum hugfast að etherlíkami mannsins er órofa hluti etherlíkama Plánetulogossins og tengist því öllum formum Hans í öllum ríkjum náttúrunnar. Hann er hluti af efni alheimsins, samfléttaður efni plánetunnar og þar af leiðandi hinn vísindalegi grundvöllur einingar.

Ef þið spyrjið mig hvað í raun valdi öllum sjúkdómum, vonbrigðum, misgjörðum og skorti á guðlegri tjáningu í persónuheimunum þrem, þá myndi ég svara því til að *aðgreiningarkenndin* sé það sem veldur helstu erfiðleikunum sem koma fram í etherlíkamanum. Við þetta bætist vanhæfni efnisformsins til að bregðast með fullnægjandi hætti við hinum innri og fíngerðari straumum. Hér liggur orsök (afleidd orsök eins og ég hef áður bent á) meginhluta vandans. Etherlíkami plánetunnar leyfir ekki enn frjálsa miðlun og hringrás kraftanna sem leita inn í vitund mannsins og birtingu hans á efnissviðinu. Þessir kraftar geisla innan frá manninum sjálfum, þar sem hann starfar á hinum fíngerðari vitundarsviðum og frá sálinni. Þeir koma einnig frá tengdum hópum hans, frá plánetulífni og að

síðustu, þegar á allt er litið, frá öllum alheiminum. Hver einstök orkustöð getur verið sem opnar dyr vitundar eða varurðar inn á svið sem liggja utan við líf einstaklingsins, sé hún fullkomlega vöknuð og notuð vísindalega á meðvitaðan hátt. Etherlíkaminn er mikilvægasta skyntækið sem maðurinn hefur yfir að ráða, hann er ekki aðeins undirstaða skilningarvitanna fimm sem mynda fimm helstu tengingarnar við efnisheiminn, heldur gerir hann manninum einnig fært að skynja hina fíngerðari heima, og þegar sálin lífmagnar og stjórnar eru hinir andlegu heimar manninum einnig opnir.

Etherlíkaminn er virkur móttakandi áhrifanna, sem berast vitund mannsins fyrir tilstilli virkra orkustöðva. Til dæmis er ekki um að ræða sanna skyggnigáfu fyrr en annaðhvort sólarplexusstöðin eða ennisstöðin er vöknuð. Áhrif þau og upplýsingar sem þannig berast verða hvati að meðvituðu starfi. Mörg orð eru notuð til að lýsa þessum kröftum og hvetjandi áhrifum þeirra, svo sem hvöt, örvun, áhrif, máttur, löngun, andleg þrá og mörg önnur slík orð sem eru aðeins samheiti yfir krafta eða orku og gefa þannig til kynna sömu meginhugmyndina. Hin ýmsu tilbrigði í virkni etherlíkamans, sem lýst er með þessum orðum, koma aðeins fram þegar efnislíkaminn nemur ethervirknina og bregst við henni. Þetta viðfangsefni um hvetjandi krafta er allt mjög áhugavert.

Efnið er samt sem áður svo umfangsmikið að mannkynið getur aðeins nálgast það í smáum skrefum og þannig öðlast skilning á því að maðurinn er í eðli sínu (fyrir tilstilli etherlíkamans) órofa hluti hinnar miklu geislandi Heildar. Með tímanum mun hann læra að með auknum þroska á þróunarbrautinni getur hann vonast til þess að öðlast skynjunarhæfni á öllum hinum mismunandi sviðum guðlegrar birtingar. Það er ekki fyrr en etherlíkaminn er hrifinn til starfa undir áhrifum frá mótandi kröftum sálarinnar, hugans og tímabundið geðlíkamans, að maðurinn getur skynjað alla heima, allt sem gerist og öll stig



vitundar og þannig öðlast þá alvisku sem allir synir Guðs eru bornir til.

En á tímabilinu meðan verið er að ná þessu vitundarstigi veldur þroskaleysi, skortur skynjunar og hið ævilanga viðfangsefni að vekja og koma skipan á hinar ýmsu orkustöðvar og tengja þær síðan saman á réttan hátt, miklum erfiðleikum. Þetta ástand er stórvirk uppspretta erfiðleika sem berast niður í efnislíkamann og valda ýmsum mismunandi sjúkdómum, svo sem óhóflegri spennu, orkuteppu, oförvun orkustöðvanna í einum hluta etherlíkamans og vanþroska þeirra annars staðar, ásamt misþroska og ójafnvægi orkustöðvanna.

Nú á tímum er í læknisfræðilegum rannsóknum mikið rætt um ójafnvægi innkirtlanna og margs konar kvillar eru raktir til þess algenga jafnvægisleysis. En grunnurinn að baki þessa ástands kirtlakerfisins liggur í jafnvægisskorti sjálfra orkustöðvanna. Jafnvægi næst aðeins þegar réttur skilningur er fyrir hendi á kröftum, móttöku þeirra og notkun, og innkirtlakerfi mannsins mun þá stjórna líkamanum á þann hátt sem til er ætlast.

Á okkar tímum er mikil þörf á að skoða vel eftirfarandi:

1. Að taka við orku á réttan hátt um viðeigandi etherorkustöð. Dæmi um þetta er rétt stjórn sólarplexusstöðvarinnar. Í gegnum hana er hægt, að skynja og meðhöndla geðheimsorku á réttan hátt.
2. Að tengja saman orkustöð og tilheyrandi kirtil svo að frjálst flæði krafta sé á milli þeirra, þannig að orkustöðin hafi mótandi áhrif á hormónaframleiðsluna og þar með á blóðið. Ef þið áttið ykkur á þessari samskiptaröð, fáið þið skýrari skilning á dulfræðilegu gildi eftirfarandi orða úr Gamla testamentinu: „Blóðið er lífið.“ Það er lífsorkan frá etherlíkamanum sem nær í gegn og inn í blóðrásina fyrir tilstilli orkustöðvarinnar sem er móttækileg fyrir einhverri hinna sjö sérstöku orkutegunda og þess kirtils sem tengist henni. Það er því ljóst að nán tengsl eru á milli:

- a. Etherlíkamans sem er miðlari fyrir margvíslegar orku-gerðir og krafta.
- b. Innkirtlakerfisins, en hinir ýmsu kirtlar eru í raun efnisbirting smárra og stórra orkustöðva.
- c. Hjartans, sem er miðstöð lífsins, eins og heilinn er miðstöð vitundarinnar. Hjartað stjórnar blóðrásinni. Þannig tengjast þessi þrjú miklu kerfi.
- d. Tengsl innkirtlakerfisins í heild sinni og taugakerfisins með milligöngu tauganetsins og orkubrautanna, „nadí-anna,“ sem eru undirstaða þess. Orkubrautirnar eru orku-grunnur alls líkamans og þá sérstaklega taugakerfisins.

Þessu til viðbótar má nefna, að koma þarf á innbyrðis tengslum orkustöðvanna og leyfa þannig frjálst streymi kraftanna í réttu hrynjandi um allt efnislega starfstækið.

Við höfum því sérstök máttug samhæfð stjórnkerfi, sem hafa stjórn á eða stjórna ekki efnislíkamanum. Stjórnleysi stafar af vanhæfni til að koma á réttum tengslum innan líkamans eða af heftum þroska. Þessi samhæfðu stjórnkerfi eru:

1. Stjórnkerfi etherlíkamans sem vinnur aðallega með tilstilli meginorkustöðvanna sjö en einnig margra annarra stöðva.
2. Stjórnkerfi innkirtlakerfisins, sem vinnur aðallega með atbeina sjö helstu kirtlaflokkanna, en nýtir einnig margskonar aðra, en ekki jafn mikilvæga kirtlastarfsemi.
3. Taugakerfið (hið sjálfvirka og miðtaugakerfið) ekki síst Vagustaugin sem er sérstaklega mikilvæg vegna áhrifa hennar á hjartað og þar af leiðandi á blóðrásina.

Í dulfræðilegum lækningakerfum verður að skoða og samtengja alla þessa þætti, en hvað sem öðru líður er tæknilegi hlutinn ekki eins flókinn og hið umfangsmikla kerfi sem nútíma lyflækningar og skurðlækningar hafa byggt upp. Lækningarlistinni

nú á tímum hefur mistekist að ná markmiði sínu, vegna þess að þar skortir samhæfingu þessara þriggja lækningarkerfa. Hún hefur gert margt, en verður nú að stíga næsta skref inn á etherorkusviðið áður en raunverulegt eðli sjúkdóma og lækning þeirra uppgötvast.

Sem dæmi má nefna að vöntun á lífsþrótti og hin almenna óvirkni, sem svo víða má sjá, gefur til kynna stöðnun og orkuskort í etherlíkamanum. Afleiðing óvirkni etherlíkamans getur bæði verið líkamleg og sálræn, vegna þess að kirtlar í efnislíkamanum starfa ekki eðlilega, þeir hafa, eins og okkur er ljóst, áhrif á efnislega tjáningu, sem og geðræna og hugræna vitund mannsins að því marki sem hún er fær um að tjá sig gegnum efnislega starfstækið. Kirtlarnir hafa ekki áhrif á innri vitund mannsins, en þeir geta hins vegar komið í veg fyrir að innri vitundin nái að tjá sig í ytri formbirtingu. Í gagnstæðu tilfelli getur of kraftmikill etherlíkami og oförvun einstakra orkustöðva haft í för með sér of mikið álag á taugakerfið og það valdið taugaveiklun, mígreni, hugrænu og tilfinningalegu ójafnvægi og getur leitt til geðveiki í sumum tilvikum.

Ég hef fjallað nokkuð ítarlega um þetta efni vegna þess að samband etherlíkama við efnislíkama og næmi þess síðarnefnda fyrir innri orku hefur mjög mótandi áhrif á manninn. Þetta þurfum við nauðsynlega að hafa í huga þegar við rannsökum orsakir sjúkdóma, hvort sem þeir eiga upptök sín í huglíkamanum, eða verða til við virkni sálarinnar í lífi lærisveins, eins þegar við skoðum það sem gerist við undirbúning manns fyrir vitundarvígslu. Etherlíkaminn hlýtur ávallt að vera og er óhjákvæmilega miðlari innri orku til ytra sviðsins, efnislíkaminn verður að læra að þekkja og bregðast við því sem er miðlað. Áhrifamáttur miðlunarinnar og hin efnislega starfsemi sem hún veldur, er alltaf undir orkustöðvunum komin, sem aftur hafa mótandi áhrif á innkirtlana, þeir síðan ákvarða eðli og birtingu vitundar mannsins. Ef orkustöðvarnar eru virkar og mót-

tækilegar, bregst efnislíkaminn við þeirri orku sem streymir í gegn. Ef orkustöðvarnar eru lokaðar og óvirkar og lítil orka kemst í gegn, er efnislíkaminn að sama skapi hægur og óvirkur. Ef orkustöðvarnar fyrir neðan þind eru virkar en ekki þær sem eru fyrir ofan, er vitund viðkomandi innstillt í eðlishvötunum og tilfinningalífnu, flestir líkamlegir sjúkdómar hans munu þá einnig koma fram neðan þindar. Því er ljóst að þetta efni er fjölþætt og flókið, svo flókið að menn munu ekki skilja það til fulls, fyrr en þeir öðlast á ný hina horfnu hæfni að geta séð ljós etherlíkamans og orkustöðvanna sjö og geta með því að þroska með sér næmni fingra og handa, skynjað sveiflutíðni hinna ýmsu orkustöðva. Þegar þessar tvær þekkingarleiðir eru opnar, munu fræðin um etherlíkamann öðlast nýtt mikilvægi og réttmæta viðurkenningu.

### 3. ORSAKIR FRÁ HUGLÍKAMANUM

Ég hóf fyrsta hluta bókarinnar með umfjöllun um orsakir sem rekja má til geðlíkamans og etherlíkamans, vegna þess að þar er að finna megin orsakir erfiðleika. Ástæðan er sú að meirihluti mannkyns hefur geðræna vitundarstillingu, á líkan hátt og meirihluti forma í dýraríkinu er etherorku innstilltur. Kraftarnir sem streyma inn í dýraríkið koma aðallega frá ethersviðunum og frá hinum efnisþéttu sviðum lífsins. Æðri dýrategundir eru samt að verða nærmar fyrir kröftum frá geðsviðinu, vegna þroska sem nálægðin við mennina hefur valdið. Þessar tegundir eru því að þróa með sér atferli og viðbrögð sem ekki eru hrein eðlishvöt.

Vegna þroska hugans hjá aríska kynstofninum, geta vissir erfiðleikar komið upp í efnislíkamanum nú á tímum. Uppþök þeirra eru þó ekki hugræn að grunni til, heldur veldur þeim sú staðreynd að huglíkaminn miðlar sálarorku þegar hann er virkur

og rétt tengdur. Þessi orka getur valdið oförvun og erfiðleikum í taugakerfinu þegar hún streymir inn í efnislíkamann. Hugurinn sem slíkur er þó ekki orsök vandans, heldur orkan sem hann miðlar. Ég mun fara nánar út í þetta atriði síðar.

#### *A. Röng hugarafstaða.*

Ég vil fyrst af öllu setja fram þá grunnforsendu, að ranghugsun veldur ekki sjúkdómum né líkamlegri veiklun. Mun líklegra er að slíkt stafi af því að alls ekki er hugsað, eða vegna þess að menn hlíta ekki þeim grundvallarlögmálum sem ráða í huga Guðs. Eitt athyglisvert dæmi um þetta er sú staðreynd, að maðurinn er hluti af náttúrunni en fylgir ekki grunntakti lögmáls hrynjandinnar sem ræður öllu í starfi náttúrunnar. Rekja má marga þá erfiðleika sem fylgja beitingu eða misbeitingu kynhvatarinnar til vanhæfni manna til að hlíta lögmáli tímaskeiðanna. Maðurinn ætti að lúta háttbundinni birtingu kynhvatarinnar til þess að líf hans fylgi reglubundnum takti, en því er ekki til að dreifa, ef undanskilin eru þau tímabil sem ráða tíðahring kvenna, en menn skeyta lítið um þau. Karlmaðurinn er ekki undir stjórn neinna slíkra tímabila, og hann hefur einnig gripið inn í þann takt sem kvenlíkaminn ætti að fylgja, en réttur skilningur á þeim takti ætti í réttu lagi að ákvarða kynferðisleg samskipti og þar með einnig kynhegðun karlmansins. Sú staðreynd, að fólk fylgir ekki lögmáli tímaskeiðanna í lífi sínu og lætur kynhvötina ekki lúta háttbundinni stjórn, er ein aðalástæða sjúkdóma. Þar sem þessi lögmál eru formuð á hugarsviðinu, má með réttu segja að brot gegn þeim hafi hugrænan grundvöll. Slíkt væri sannmæli ef líf og háttarni mannkynsins væri byggt á hugrænum grunni, en svo er ekki. Á okkar tímum eru brot gegn þessum hugrænu lögmálum að verða algeng, einkum lotulögmálinu, sem ræður

sjávarföllum, stýrir heimsviðburðum og ætti einnig að ráða einstaklingnum og vekja með honum háttbundinn lífstakt, sem er ein helsta forsenda góðrar heilsu.

Með því að brjóta gegn lögmáli hrynjandinnar hefur maðurinn stuðlað að upplausnarástandi hjá kröftunum sem annars leitast við að viðhalda hreysti og heilsu líkamans. Með þessu leggur hann grunn að þeirri almennu veiklun og erfðu tilhneigingum sem gerir manninn móttækilegan fyrir sjúkdómum og leyfir sóttkveikjum og bakteríum að komast inn í líkamann og valda ytri birtingu illkynja sjúkdóma. Þegar mannkynið nær aftur skilningi á rétttri beitingu tímans (en hann stýrir lögmáli hrynjandinnar á efnissviðinu) og getur mótað réttan takt í tímaferlum hinna ýmsu birtinga lífkraftsins á efnissviðinu, mun það sem áður var eðlishvöt verða að vitrænni beitingu. Þetta mun skapa nýja vísindagrein og hrynjandi hinna náttúrulegu lífsferla mun, jafnframt því að rétt hrynjandi í efnislegu líferni verður fest í sessi sem venja, hafa í för með sér nýtt tímaskейð góðrar heilsu og hollra umhverfisáðstæðna hjá öllu mannkyni. Ég notaði orðin „festa í sessi,“ því þegar mannkynið beinir athyglinni inn á svið hinna æðri lífsgilda mun efnislega starfstækið njóta þess í ríkum mæli og góð heilsa verður varanlega fest í sessi með háttbundnum lifnaðarháttum, réttu hugarfari og sálartengslum.

Það byggjast þar af leiðandi mjög fáir sjúkdómar holdsins á hugrænum grunni og erfitt er að greina hverjir þeir eru. Tvær ástæður eru fyrir þessu lága hlutfalli:

1. Tiltölulega fáir eru vitundarstilltir í huglíkamanum og þar með hugsandi.
2. Meginþorri sjúkdóma er af etherískum eða geðrænum toga.

Einnig eykur það vandann að hugsana- og tilfinningalíf manns-

ins er svo samtvinnnað að á þessu stigi þróunarinnar er ekki auðvelt að greina á milli tilfinninga og hugsana, hvort þessi eða hinn kvillinn eigi fremur upptök í geðlíkama eða huglíkama, eða hvort ákveðinn kvilli sé af völdum tilfinningaskekkju eða ranghugsunar. Ef við tölum um mannkynið sem heild, þá eru hlutfallslega fáir í heiminum á okkar tímum sem hugsa. Flestir eru uppteknir við tilfinningar, skynhrif og margskonar tilfinningasemi, svo sem viðkvæmni, áhyggjur, viðleitni að þráðu markmiði, þunglyndi, ásamt hinu leikræna lífi skilningarvitanna sem einkennist af vitundinni um sjálfan sig sem miðpunkt heimsins. Fáir lifa í heimi hugsunar og enn færri í heimi raunveruleikans, þó að með því væri heilsan óhjákvæmilega betri en í meðallagi, vegna meiri samhæfingar og sem afleiðing frjálsara streymis lífkraftanna um öll starfstæki mannsins.

### *B. Hugrænt ofstæki. Vald hugforma.*

Ég vil taka það fram að sjúkdómar og erfiðleikar, sem stafa af því sem ég hef kallað ranga hugarafstöðu, ofstæki, ófullnægðar hugsjónir og brostnar vonir, skiptast í þrjá flokka. Athugun á þeim mun sýna ykkur að þeir eiga alls ekki rót sína að rekja til hugans, heldur eru þeir fyrst og fremst afleiðing þess að tilfinningasemi blandast þar inn í.

1. Sjúkdómar og erfiðleikar í kjölfar starfsemi og vinnu á efnissviðinu sem knúíð er slíku hugarástandi. Það leiðir til dæmis til ofurkapps og óhóflegrar vinnu, vegna þeirrar óhagganlegu ákvörðunar að láta ekkert koma í veg fyrir að settu marki verði náð. Afleiðingin er oft sú að taugarnar gefa sig, en hægt hefði verið að koma í veg fyrir það, ef hugarfarinu hefði verið breytt og réttum starfstakti náð á efnissviðinu. En vinnan sjálf var orsök erfiðleikanna í mun ríkari mæli en hugarástandið.

2. Sjúkdómar vegna stöðugs uppreisnarástands sem litar allt

lífið, ásamt ofsafengnum viðbrögðum tilfinningalífsins. Þetta getur til dæmis byggst á hugrænni skynjun Áætlunarinnar, jafnframt því að menn sjá að hún nær ekki fram að ganga á efnissviðinu, oft vegna takmarkana efnisstarfstækisins, en aðalástæða sjúkdómsins er þó tilfinningaleg uppreisn en ekki hugrænt ástand. Biturð, óbeit, hatur og vonbrigði geta valdið, og valda oft miklu af hinu algenga óheilnæma ástandi, almennu eitrun og vanheilsu sem svo margir þjást af. Hugsjónirnar eru meiri en getan til framkvæmda og það veldur tilfinningalegri þjáningu. Lækningin felst í einu einföldu orði: *sátt*. Í þessu felst ekki óvirkt ástand, að setjast niður í uppgjöf með hendur í skauti, heldur jákvæð viðurkenning (í hugsun og verki) á stöðunni eins og hún er. Þetta kemur í veg fyrir tímasóun við að reyna hið óframkvæmanlega og ýtir undir rétta viðleitni til að halda því áfram sem gerlegt er.

3. Erfiðleikar vegna vanhæfni efnislíkamans til að mæta kröfum hugsanalífs mannsins. Oft er þetta vegna líkamlegra erfðapátta, ef svo er, er yfirleitt ekki mikið hægt að gera. Þó má bæta ástandið verulega, ef raunveruleg og stöðug viðleitni er fyrir hendi, og með því má einnig leggja grunn að betri aðstæðum í síðari jarðvistum.

Nauðsynlegt er að ég taki hér fyrir í stuttu máli vandamál huglækninga, þá kenningu að allir sjúkdómar stafi af rangri hugsun. Mér er umhugað um að þið hafið skýran skilning á þessu í upphafi starfs ykkar. Vandamálin tvö sem ég hef bent á eru nátengd. Við getum sett þau fram í formi tveggja spurninga:

1. Er sjúkdómur afleiðing hugsana?
2. Getur máttur hugans læknað sé honum beitt af einstaklingi eða hóp?

Ef við höfum í huga, eins og áður hefur verið minnst á,



að margir sjúkdómar leynast óvirkir í sjálfu efni jarðarinnar, er augljóst að hugrænu starfi mannsins er ekki um að kenna. Ástandið er eldra en koma mannsins til jarðarinnar. Sjúkdóma er að finna í steinaríkinu, jurtaríkinu, og einnig meðal dýra, jafnvel villtra dýra í náttúrulegu umhverfi sínu, óspilltu af manna völdum. Ekki er hægt að kenna mönnum um það, né getur það stafað af rangri hugsun manna. Það er ekkert svar að segja að orsökkin hljóti þá að vera röng hugsun Plánetulogossins eða Sólarlogossins. Þá væri aðeins verið að forðast spurninguna og víkja sér undan umræðuefninu.

Ég vil hér minna ykkur á skilgreiningarnar tvær á orsökum sjúkdóma sem ég setti fram áður. Leyfið mér að endurtaka þær hér, svo að þið getið íhugað þær vandlega:

„Allir sjúkdómar eru afleiðing af hindrun á lífsstreymi sálarinnar. Það gildir um öll lífsform í öllum ríkjum náttúrunnar.“

„Sjúkdómur er afleiðing af og háður þremur áhrifaþáttum. Í fyrsta lagi fortíð mannsins, þar sem hann geldur fyrir forn mistök. Í öðru lagi því sem hann erfir, þeim menguðu orkustraumum sem hann á sameiginlega með öllu mannkyni og eru af samfélagslegum uppruna. Í þriðja lagi því sem Lávarður Lífsins leggur á líkama sinn og maðurinn deilir sameiginlega með öllum formum náttúrunnar. Þessir þrír áhrifaþættir eru nefndir „*Hið forna lögmál illrar sameignar*.“ Síðar mun það víkja fyrir nýju „*lögmáli hins forna ríkjandi góðleika*“, sem býr að baki alls sem Guð hefur skapað. Þetta lögmál verður að gera virkt með andlegum vilja manna.“

Ef þær fjórar orsakir sjúkdóma sem hér eru settar fram eru athugaðar, sést að frjáls birting sálarinnar í öllum formum mun smátt og smátt stemma stigu við sjúkdómum og að það mun

gerast með virkri beitingu mannsins á andlegum vilja sínum. Við getum orðað þetta á annan veg og sagt, að þegar máttur sálarinnar leysist úr læðingi og er réttilega stjórnað af huganum, og viljanum (sem er endurvarp og birting viljaorku sálarinnar í einstaklingnum) er beitt á réttan hátt, verður hægt að fást við sjúkdómana og yfirvinna þá um síðir. Það er því hægt að ná stjórn á sjúkdómum með því að láta aðra orku og hærri sveiflutíðni ná tökum á lægri kröftum. Framkoma sjúkdóma í líkamanum er til marks um að ekki hefur tekist að ná til þessarar æðri orku og sveiflutíðni, en hæfnin til þess er háð þróunarstigi mannsins.

Það er óljós vitund um þessa vöntun og skilningur á ofangreindum staðreyndum sem veldur því að svo margir hópar álíta að sjúkdómar geti læknað með mætti hugans eins og að orsakir sjúkdóma megi því rekja til hugsanavillu. En raunveruleikinn er sá að það er aðeins hærri vitund sálarinnar, eins og hún vinnur í gegnum hugann, sem getur endanlega leyst þetta erfiða viðfangsefni og það þarf mannkynið að læra fyrir eða síðar.

Við getum þar af leiðandi ekki haldið því fram sem almennri reglu, að sjúkdómar tengist á einhvern hátt hugsun. Þeir eru einfaldlega misbeiting orku ether- geð- og efnissviðanna. Meirihluti fólks er ófær um að hafast nokkuð að í málinu, þar sem kraftarnir, sem til dæmis mynda efnislíkamann og streyma um hann, eru erfðir frá mjög fornri fortíð og eru hluti umhverfisins og samfélagsins sem mennirnir eru hluti af og deila með meðbræðrum sínum. Slíkt orkuefni er litað afleiðingum af fornri rangri hrynjandi, misbeitingu krafta og erfðaeiginleikum. Sálarorka sem tjáð er með réttri hugsun getur læknað þá sjúkdóma sem manninn þjá. Það er skortur á hugsun, og það að skynja ekki og tjá ekki hin æðri svið vitundar, sem leiðir til rangrar hrynjandi. Því endurtek ég að hugsun sem slík veldur ekki sjúkdómum.

*C. Vanmáttugar hugsjónir.*

Ákveðna sjúkdóma sem koma fram í efnislíkamanum má greinilega rekja til þess að athafnir, byggðar á hugsunum, hafa mótast og orðið fyrir áhrifum frá tilfinningalífínu, en tilfinningalífið er frjósöm uppspretta sjúkdóma og myndar auðveldlega rangan lífstakt. Það eru því yfirráð geðkraftanna en ekki orka hugans sem í raun veldur erfiðleikum efnislíkamans. Hér er ég ekki að vísa til sjúkdóma taugakerfis og heila sem eru afleiðingar oförvunar og orkuálags (oftlega frá huga og sál) á tæki sem er vanbúið til að mæta slíku. Við munum taka þá fyrir síðar. Ég vísa einfaldlega til eftirfarandi atburðarásar í sálarlífínu og afleiðinganna sem hún veldur:

Sjúkdómur er viss tegund starfsemi.

1. Hugræn virkni og orka skapa (með mætti hugans) áætlanir, hugsjónir og metnaðarfull markmið.
2. Þessi orka blandast tilfinningaorku og fer að stjórnast af ýmsum óæskilegum geðrænum viðbrögðum, svo sem áhyggjum af vanmætti, að ekki tekst að koma áætluninni í framkvæmd, o. s. frv. Það veldur óhamingjusömu lífi.
3. Sjúkdómar koma síðan fram í efnislíkamanum, misjafnir eftir líkamsgerð, ásköpuðum veikleikum og erfðum.

Þið takið eftir að í raun hefur huglíkaminn og máttur hugans ekki í neinu tilfelli verið orsök erfiðleikanna. Orsökina er afnám hinnar upprunalegu hugsunar og færsla hennar niður á svið tilfinningasemi. Ef þessi niðurfærsla og yfirráð geðkraftanna á sér ekki stað, og hugsunin helst hrein og óflekkuð á sviði hugans, kann að koma til annars konar erfiðleika sem stafa af því að ekki tekst að virkja hugsunina til framkvæmda á efnissviðinu. Þau mistök valda ekki aðeins klofningi í persónuleikanum, sem vel er þekktur meðal starfandi sálfræðinga, heldur lokast einnig

fyrir mjög nauðsynlegt orkustreymi. Afleiðingin er orkuskortur efnislíkamans og bág heilsa í kjölfarið. En þegar hægt er að tengja hugsunina við efnisheilann, þannig að hún stjórni lífkraftinum, er góð heilsa yfirleitt ríkjandi og það hefur reynst vera svo hvort sem hugsunin hefur verið góðviljuð eða illgjörn, hvort sem tilhvöt hennar hefur verið rétt eða röng. Heilbrigði er einfaldlega afleiðing samhæfingar, því helgir menn og syndugir, hinir eigingjörnu og óeigingjörnu og alls konar fólk, getur öðlast samhæfingu og lifað lífi sem stjórnað er af hugsun.

Í seinni spurningunni er spurt hvort einstaklingar eða hópar geti læknað með hugarorku.

Vissulega má segja sem almenna reglu að einstaklingur og hópur geti læknað og að hugsun geti átt mikinn þátt í lækningu, en ekki ein og óstudd. Hugsun getur verið *leiðandi í stjórn krafta* og orkutegunda sem geta stöðvað og eytt sjúkdómi, en til viðbótar verður að vera hæfni til að sjónmynda, geta til að vinna með vissa krafta eins og nauðsyn krefur, skilningur á geislunum og orkutegundum þeirra, ásamt hæfni til að meðhöndla *ljósefni*, eins og það er nefnt. Til viðbótar þessu verður læknaðinn að hafa kærleiksríkt hjarta og vera fær um að mynda tengsl við sjúklinginn. Þegar þessum skilyrðum er fullnægt, er það svo að of mikil beiting hugsunar og of máttug áhrif hugarstarfseminnar getur stöðvað og hindrað lækningarstarfið. Hugsunin verður að móta upphaflegu hvötina og hún verður að kalla fram vitsmuni mannsins til að glíma við verkefni lækningarinnar og til skilnings á eðli þess sem á að lækna. En strax og hugsunin hefur lagt sitt af mörkum við einbeitingu læknaðans og lækningarheildisins, ætti hún að vera stöðugur en dulvitaður stjórnþáttur og ekkert meira en það.

Þegar mögulegt er, fer lækningin fram með orku sem stýrt er og notuð á réttan hátt með nákvæmri sjónmyndun. Kærleikurinn leikur stórt hlutverk og í upphafi hugurinn. Ég ætti ef til

vill að segja sem svo að kærleiksríkt hjarta sé máttugasta orkan sem notuð er.

Ég vildi vekja athygli ykkar á þessum tveim spurningum, vegna þess að mér er umhugað um að hugsun ykkar um þetta atriði sé skýr, áður en þið byrjið á nokkru lækningarstarfi.

Hugsun hvorki lækna sjúkdóm né veldur honum. Nota verður hugsun í lækningarstarfi, en hún er ekki aðalþátturinn né sá mikilvægasti. Margir hópar og lækendur lenda á villigötum út af þessu atriði. Hugurinn getur stýrt orku og orkan sem slík getur valdið oförvun heilans og frumnanna í líkamanum og valdið þannig tauga- og stundum heilasjúkdómum, en hugurinn sjálfur og hugsunin ein og sér getur ekki valdið sjúkdómum og erfiðleikum í efnislíkamanum. Þegar mannkynið lærir að hugsa skýrt og ákveðið og lögmál hugsunarinnar byrja að ráða vitund þess, munu sjúkdómar, eins og við þekkjum þá, minnka til muna, og vaxandi fjöldi fólks mun öðlast samhæfingu. Samhæfing er frjálst flæði krafta og orku um allan efnislíkamann. Vandamál vegna örvunar munu þó aukast stöðugt samhliða því að næmni efnislíkamans vex og vitundarstilling mannsins í huganum eflist. Þetta heldur áfram þar til maðurinn lærir að fást við æðri orkutegundir og fær skilning á þörfinni fyrir háttbundið líferni með því að gefa gaum að lögmáli tímaskeiðanna.

Læknandinn ætti að hafa tök á ákveðnum reglum við lækningarstarfið. Ég hef nú þegar sett fram þrjár mikilvægar reglur. Hér koma þær aftur í stuttu máli. Ég skipti fyrstu reglunni í tvo þætti svo að merkingin verði ljósari.

1. a. Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, hjarta sitt, heila sinn og hendur. Þannig er honum kleift að úthella lífgefandi lækningarorku yfir sjúklinginn. *Þetta er lækning með segulorku.*
- b. Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, heila sinn, hjarta sitt og áríska útgeislun. Þannig getur nálægð

hans nært sálarlíf sjúklingsins. *Þetta er lækning með geislun.* Snertingar er ekki þörf. Sálin sýnir mátt sinn.

2. Læknandinn verður að ávinna sér hreinan segulkraft með hreinu lífverni. Hann þarf að ná þeirri leysandi útgeislun sem birtist hjá hverjum manni sem samtengt hefur orkustöðvarnar í höfðinu. Útgeislunin hefst þegar segulsviðið hefur verið myndað.
3. Læknandinn þjálfi sig í því að þekkja innri hugsanir og langanir þess sem leitar hjálpar hans. Með því getur hann komið auga á upptök vandans. Þannig tengir hann saman orsök og afleiðingu og veit nákvæmlega hvert beina skal aðstoðinni.

Hér ætla ég að koma með aðra reglu fyrir ykkur sem hóp. Hún verður fjórða aðalreglan:

#### 4. regla

Læknandinn eða lækningarheildið skal hafa taumhald á viljanum. Vilji er ekki það sem nota skal, heldur kærleikur.

Þessi regla hefur mikla þýðingu. Aldrei má nota einbeittan vilja einstaklings eða vilja sem stýrt er af sameinuðu heildi. Frjálsan vilja einstaklingsins ætti aldrei að beita þrýstingi frá kraftmikilli einbeitingu hóps eða einstaklings. Það er alltof hættulegt til að hægt sé að leyfa það. Viljaorka getur aukið sjúkdóminn til muna í stað þess að lækna hann (sérstaklega þegar hópur fólks beinir viljaorku samtímis að hinum fingerðu og efnislegu líkögum sjúklingsins). Hún getur örvað sjálfan sjúkdóminn hættulega mikið og truflað lækningarkrafta

náttúrunnar í stað þess að vinna með þeim, hún getur jafnvel eftt sjúkdóminn það mikið að viðnámsþróttur sjúklingsins fái ekki rönd við reist og leitt hann þannig til dauða. Ég bið ykkur því að halda viljanum (og jafnvel sterkri löngun) í lágmarki í öllu lækningarstarfi. Aðeins vígsluhöfum af hárrí gráðu er leyft að lækna með viljaorku, innstilltri í MÁTTARORÐI, það er aðeins vegna þess að þeir geta mælt getu sjúklingsins og stig sjúkdómsins, þeir vita einnig hvort það sé vilji sálarinnar að sjúkdómurinn skuli læknað eða ekki.

Við höfum farið yfir mikið efni og það er mikilvægt að þið farið gaumgæfilega yfir það. Í næsta hluta munum við taka fyrir hin sérstöku vandamál lærisveina. Því til undirbúnings vil ég biðja ykkur að lesa með athygli það sem ég hef áður skrifað um sjúkdóma launspekinga. Margt af því sem þar er sagt þarf ég ekki að endurtaka, en það ætti að falla inn í viðfangsefnið okkar um lækningar. Ég legg til að þið lesið það til þess að fá vitneskju um sjálf vandamálin, bæði fræðilega og sem lið í skilningi á ykkur sjálfum. Sum þessara vandamála ættu að vera ykkur kunn af eigin reynslu, að minnsta kosti að einhverju leyti.

### *Hin helga lækningarlist*

Það er ekki ætlun mín í þessu riti að fjalla um meinafræði sjúkdóma, flokkun þeirra né illkynja einkenni. Venjuleg læknisfræðirit og handbækur gera þessu efni full skil og ég, bræður mínir, er ekki lærður læknir eða sérfræðingur í læknisfræðilegum efnum, ég hef heldur ekki tíma til að kafa djúpt í tæknileg atriði. Verkefni mitt er að færa heiminum einhverja hugmynd um hinar sönnu og dulfræðilegu orsakir sjúkdóma, hulinn uppruna þeirra og lækningarstarfið eins og það er stundað og viðurkennt af Hinu mikla hvíta bræðralagi.

Í reynd felst starfið í viturlegri notkun orku með kærleik og visku. Allt sem ég segi ykkur er árangur tilrauna. Þessar lækningar skiptast í tvo flokka:

1. Í *lækningum með segulorku* gerir lækningarheildið eða læknaandinn tvennt:

- a. Hann dregur til orkustöðvarinnar, sem notuð er við lækninguna, þá orkutegund sem vinnur á móti sjúkdómnum.

Þetta er umfangsmikið efni og hefur mjög mikla vísindalega þýðingu. Ákveðna geislakrafta er hægt að nota við sérstakar tegundir sjúkdóma sem gerir nauðsynlegt að nota vissar orkustöðvar til miðlunar. Þetta verður útskýrt nánar í níunda kaflanum um *lækningaraðferðirnar sjö*.

- b. Hann dregur til sín út úr líkama sjúklingsins þá krafta sem valdið hafa sjúkdómnum.

Við þetta seinna atriði þarf læknaandinn að gæta þess vandlega að sjúkdómurinn láti hann sjálfan ósnertan og finni sér hvergi stað í líkama hans. Ný orka verður einnig að koma í stað þeirrar sem tekin var frá sjúklingsnum. Þetta kemur á sérstöku samspili milli læknaanda og sjúklings. Þar af leiðir að þessi tegund dulfræðilegrar lækningar ber með sér raunverulega áhættu, og því skyldu lækendur í þjálfun hafa hugfast að þeir munu starfa saman sem heildi en ekki sem einstaklingar. Frjáls hringrás orku stuðlar að góðri heilsu hjá einstaklingi eða hóp. Frjáls hringrás orku milli læknaanda eða lækningarheildis og sjúklingsins getur læknað sjúkdóm, að því tilskildu að örlögin hafi ætlað einstaklingnum að lækna á þessum tíma og að samvinna hans sé fyrir hendi þegar það er mögulegt, þó í raun sé hún ekki nauðsynleg. Í mörgum tilfellum flýtir hún fyrir árangri, en stundum geta áhyggjur sjúklingsins komið í veg fyrir árangur.



2. Í *geislunarlækningum* er starfið einfaldara og öruggara, því lækningandinn dregur einfaldlega til sín orku og geislar henni síðan til sjúklingsins í formi stöðugs flæðis geislaorku. Beina skal orkunni að þeirri orkustöð sem er næst sjúkdómsstaðnum.

Hér er engin hættu á ferðum fyrir lækningandann, en sjúklingurinn getur verið í hættu ef vilji blandast hugsuninni eða ef orkustraumurinn er of kraftmikill. Áhrif kraftsins sem lendir á honum getur valdið taugaálagi og getur einnig eftir sjúkdómnum og fært hann í aukana, með því að örva atómin og frumurnar sem eiga þátt í starfsemi kraftsins sem veldur sjúkdómnum. Af þessari ástæðu skyldu byrjendur forðast að beina athyglinni að sjúkdómnum sjálfum eða viðkomandi líkamssvæði og halda hugsunum í lágmarki jafnskjótt og undirbúningi er lokið, því orka fylgir ætíð hugsun og leitar þangað sem hugsunin beinist.

Lækendur verða að gera sér grein fyrir áhrifamætti starfsins sem þeir leitast við að vinna. Þeir verða að skynja mátt hins sameinaða heildisstarfs og kraftsins sem þeir geta beitt. Þeir verða einnig að uppgötva hvernig þeir geta haldið viljanum utan við starfið og sent lækningageislunina með straumi kærleiksorku. Hafið alltaf í huga að kærleikur er orka og að hún er orkuefnistegund, jafn raunveruleg og þétt efni. Hægt er að nota þessa efnistegund til að eyða sjúkum vef og mynda heilbrigðan vef í hans stað.

Lækendur munu því í byrjun starfs síns leitast við að nota aðferð geislunarlækninga. Hún er einfaldari og mun auðveldara er að ná tökum á henni. Síðar meir geta þeir gert tilraunir með aðferð segulorkulækninga.

Þið sjáið nú tilganginn með þeim lækningarreglum sem ég lét ykkur í té framar í ritinu. Þið munið nú skilja hvers vegna

samtenging í geislunarlækningum innifelur sálina, heilann og alla áruna, eða allt segulsvið einstaklings eða heildis. Hugurinn er ekki talinn með né innifalinn og hlutverk heilans er eingöngu það að vera brennidepill fyrir kærleikann og lækningarkraftinn sem beint er inn í orkustrauminn frá ennisstöðinni.

Læknandinn mun því halda öllum kröftunum innstilltum í höfðinu og athygli hans verður einnig að dvelja þar. Hjartað tekur sjálfkrafa þátt í starfinu, því hann mun nota orku kærleikans – eingöngu hana í byrjun.

Við skulum nú flokka þær reglur sem öll lækningarheildin verða að starfa eftir. Ég vil skjóta því hér inn í, að ekki er alltaf nauðsynlegt eða mögulegt að hittast og starfa saman í hóp. Þetta starf er hægt að inna af hendi með árangri og krafti, þótt meðlimir heildisins starfi sem *huglægt heildi*; hver og einn fylgir leiðbeiningunum daglega, eins og hann starfi með hópnunum á efnissviðinu. Hin raunverulega samtenging næst með því að hann ímyndi sér að hann sé í hóp bræðra sinna. Ef þeir hittust sem hópur á efnissviðinu, væri erfitt að koma í veg fyrir orkutap í umræðum, við hina venjulegu ánægju samfundanna og við persónuleg samskipti manna. Óhjákvæmilega yrðu umræður of miklar og starfið því ekki nægilega áhrifaríkt. Frá efnislegu sjónarmiði vinnur læknandinn einn. Frá hinu raunverulega innra sjónarmiði vinnur hann í náinni samvinnu við bræður sína. Hér koma fyrstu reglurnar sem neminn þarf að ná tökum á:

### *Undirbúningsreglur fyrir lækningu með geislun*

1. Eftir að hafa samtengt starfstæki þín meðvitað, skaltu sem sál tengjast með viljaathöfn sálum heildisbræðra þinna. Því næst tengist þú hugum þeirra og að síðustu tilfinningum þeirra. Þetta skaltu gera með notkun ímyndunarafsisins, því þú gerir þér grein fyrir því að orka fylgir hugsun og samtengingin er óhjákvæmileg, sé hún gerð á réttan hátt. Eftir þetta starfar þú

sem hluti heildis. Nú getur þú hætt að hugsa um samtengingu hópsins og einbeitt þér að verkinu sem vinna skal.

2. Innra með þér skaltu tengja saman sál og heila og safna saman allri kærleiksorku sem er að finna innan áru þinnar og stilla vitund þína og allt sem þú hefur að bjóða, innan höfuðsins. Sjáðu sjálfan þig sem geislandi orkustöð eða skæran ljósdepil. Þessu ljósi verður síðan beint að sjúklingnum í gegnum ennisstöðina.

3. Þá ferðu með eftirfarandi máttarsetningu (mantram):

„Í hreinum tilgangi og með kærleiksríku hjarta bjóðum við okkur fram í þetta lækningarstarf. Sem heildi bjóðum við þetta þeim sem við ætlum að reyna að lækna.“

Á meðan skaltu sjá fyrir þér hvernig tengingarnar myndast. Sjáðu þær sem þræði úr lifandi ljósefni sem tengja þig við bræður þína annars vegar og sjúklinginn hins vegar. Sjáðu fyrir þér í huganum hvernig þræðirnir liggja frá þér til hjartastöðvar heildisins og til sjúklingsins. En þú skalt ætíð vinna út frá ennisstöðinni þar til þú lærir annað. Með því móti kemst á náið samband milli ennisstöðva og hjartastöðva allra viðkomandi. Hér sérðu greinilega hið mikla gildi sjónmyndunar. Hún er í raun etherísk birting skapandi ímyndunarafis. Hugleiddu þessa síðustu setningu.

4. Nú skaltu nota hugann í stutta stund og hugsa til sjúklingsins sem þú ert að reyna að lækna, tengjast honum og beina athyglinni að honum, svo að hann verði í raun nálægur og innan vitundar þinnar. Þegar þú verður var við vanda efnislíkamans, skaltu taka eftir því en sleppa honum síðan úr huganum. Slepptu nú úr vitund þinni smáatriðum starfsins, svo sem hópnum, sjálfum þér og vanda sjúklingsins, einbeittu þér að þeirri orkutegund sem þú ætlar að beita, sem

er í þessu tilvikum og nú á tímum annars geisla kraftur, kraftur kærleikans. Það sem ég er að setja fram er aðlögun á annars geisla lækningaraðferðinni, útfærð fyrir byrjendur.

5. Finndu djúpan kærleik streyma inn í þig. Líttu á hann sem ljósefni sem þú getur og vilt meðhöndla. Sendu hann frá þér sem geislandi ljósstraum frá ennisstöðinni, stýrðu honum með höndunum að sjúklingnum. Þetta er gert með því að halda höndunum fyrir framan augun, með lófana fram og handarbökin að augunum, um það bil 20 sentímetra frá andlitinu. Þetta veldur því að ljósstraumurinn frá ennisstöðinni skiptist í tvennt og streymir í gegnum báðar hendurnar. Þannig er honum beint að sjúklingnum. Sjáðu ljósstrauminn fyrir þér þegar hann streymir frá þér og finndu hvernig sjúklingurinn tekur á móti honum. Samtímis skaltu segja upphátt lágri röddu:

„Megi kærleikur hinnar einu sálar, sem birtist í þessu heildi, geisla til þín, bróðir minn og streyma um sérhvern hluta líkama þíns, – lækandi, sefandi, styrkjandi; og eyða öllu því sem hindrar þjónustu og góða heilsu.“

Segðu þetta hægt en ákveðið, trúðu því sem þú segir. Sjáðu til þess að hvorki hugsanir né vilji blandist í flæði lækningarorkunnar, heldur eingöngu hreinn og geislandi kærleikur. Sjónmyndun og skapandi ímyndun ásamt djúpum og stöðugum kærleik mun halda aftur af hugsun og vilja.

Ég vil leggja áherslu á brýna nauðsyn þess að *algjör þagmælska* sé viðhöfð í öllu lækningarstarfi. Láttu aldrei neinn vita að þú starfir á þennan hátt og aldrei skaltu segja neinum frá nöfnum þeirra sem þú ert að reyna að hjálpa. Ekki skal ræða um sjúklinga í meðferð, jafnvel ekki í ykkar hóp. Sé þessi grundvallarregla ekki haldin, gefur það til kynna að þú sért ekki tilbúinn fyrir þetta starf og ættir að hætta. Þessi tilmæli eru mun mikilvægari en þú gerir þér grein fyrir, því að tal og umræða dreifa ekki aðeins kröftunum, heldur brjóta einnig gegn grundvallarreglu í

þjálfun allra læknenda, læknastéttin á efnissviðinu virðir þessa sömu almennu starfsreglu.

### *Þrjú meginlögmál heilsu*

Til eru þrjú meginlögmál heilsu og sjö undirlögmál. Þau gilda í heiminum þrem, en þeir eru það sem mestu máli skiptir fyrir ykkur nú. Í allri fræðslu sem veitt verður í nánustu framtíð verður mest áhersla lögð á starfsemi etherlíkamans, því þekking á honum er næsta skrefið í framþróun vísindanna. Þessi þrjú meginlögmál eru:

1. Lögmálið sem stjórnar lífsviljanum, það er raunbirting fyrsta þáttar Logossins, vilja eða máttar.
2. Lögmálið sem stjórnar jafnri hrynjandi, það er raunbirting annars þáttar Logossins, kærleiks eða visku.
3. Lögmálið sem stjórnar formmynduninni, það er raunbirting þriðja þáttar Logossins, virkninnar eða frumþáttarins.

Þessir þrír ráðandi þættir eða lögmál endurspeglast í megin þrískiptingu mannsins.

1. *Viljaþátturinn* kemur fram í öndunarfærunum. Önnur birting hans er í hæfileikanum til svefns. Í báðum þessum atriðum er endurtekning eða hliðstæða í smáheiminum við raunbirtingu Logossins og hvíldartímabil hans (pralaja).

2. *Kærleikþátturinn* birtist í gegnum hjartað, blóðrásina og taugakerfið. Á margan hátt er skilningur á þessum þætti mikilvægastur fyrir ykkur, því etherlíkaminn og upptaka hans á lífsorku eða þróun er aðallega undir hans stjórn. Þrónuorkan hagnýtir bæði blóðið og taugarnar, því lífkrafturinn notar

blóðrásina og sálræni krafturinn virkjar taugakerfið. Þessir tveir þættir mannlíkamans valda mestu erfiðleikunum nú á tímum og munu gera það jafnvel enn frekar í framtíðinni. Mannkynið lærir af þjáningunni, en aðeins brýn þörf rekur manninn til að leita svara og lausnar. Frá sjónarhóli nútíma lækninga birtir maðurinn einnig minni en þó mjög mikilvæga þrískiptingu:

- a. Efnislíkamann, sem vísindin og læknisfræðin þekkja vel.
- b. Etherlíkamann, sem er næsta skrefið í viðleitni, tilraunum og uppgötvunum.
- c. Geðlíkamann, sem ásamt etherlíkamanum verður næsta viðfangsefni vísindarannsókna. Hann er vettvangur starfs sálfræðivísindanna.

3. *Þáttur virkninnar*, sem birtist aðallega í þeim líffærum sem sjá um uppsog og útskilnað. Hér vil ég leggja áherslu á eitt atriði. Sólkerfið er að þroska kærleiksþáttinn sem er annar í röðinni; maðurinn er innstilltur í geðlíkama sínum, en sá líkami er spegilmynd annars þáttarins; af því leiðir að annar þátturinn í ofangreindri þrískiptingu mannlíkamans, etherlíkaminn, er sá mikilvægasti þeirra þriggja. Fram til þessa hefur hlutverk hans aðallega verið að miðla geðorku til efnislíkamans. Það er nú að breytast.

Læknavísindum okkar tíma ættu að vera vel ljósar áþreifanlegar staðreyndir efnislíkamans og áhersla þeirra að færast í átt til rannsókna á lífsorkunni og blóðrásinni, því þetta tvennt er náskylt. Nú á tímum er taugakerfinu aðallega stjórnað frá geðlíkamanum með milligöngu etherlíkamans, upptök vandamála frá taugum liggja hulin í tilfinningalíkamanum þar sem mannkynið er að mestu innstillt nú. Blóðrásarkerfi efnislíkamans er aðallega stjórnað frá etherlíkamanum. Tvær

aðalástæður fyrir meginhluta sjúkdóma og vaxandi erfiðleikum taugakerfis og heila, eru þær að etherlíkaminn vinnur ekki eðlilega og miðlar prönnunni ekki nægilega vel og að geð- eða tilfinningalíkamanum er ekki stjórnað nægjanlega eða á réttan hátt. Viðbrögð heilans við ófullnægjandi blóðrás (af völdum etherlíkamans) birtist sem vaxandi hugræn streita sem endar með því að heilsan gefur sig. Af þessu getið þið séð mikilvægi etherlíkamans.

*Fyrsti þátturinn*, sem ræður öndunarfærum og svefni, getur valdið dauða, geðveiki og sumum sjúkdómum heilans, ef starfsemi hans er ekki rétt.

*Þriðji þátturinn* getur valdið magakveisum, meltingartruflunum og hinum ýmsu sjúkdómum í líkamanum fyrir innan og neðan sólarplexusstöðina í kviðarholinu, ef hann starfar ekki á réttan hátt.

Þið sjáið því að læknavísindin verða smátt og smátt að leita svara í einfaldari aðferðum og snúa sér frá flókinni lyfjameðferð og skurðaðgerðum að skilningi á réttri notkun orku sem streymir frá hinum innri manni í gegnum etherlíkamann til efnislíkamans.

Eftirfarandi vísbendingar geta orðið að liði:

1. *Með því að rækta með sér góðvilja*, sem er vilji hins góða tilgangs og hvata, munu sjúkdómar öndunarfæra í lungum og hálsi læknast, frumur heilans ná stöðugleika, geðveiki og haldning læknast, jafnvægi og rétt hrynjandi nást. Langlífi fylgir í kjölfarið, því dauðinn ætti að vera viðurkenning sálarinnar á fullkomnuðu verki og verðskuldaðri hvíld. Síðar meir mun dauðinn aðeins eiga sér stað eftir löng aðskilin tímabil og lúta

stjórn einstaklingsvilja mannsins. Maðurinn hættir að anda, þegar hann hefur lokið verki sínu og sendir atóm líkama síns í pralaja. Þetta er svefn hins efnislega og endir birtingar en hið dulfræðilega gildi þess hefur enn ekki skilist.

2. *Með skilningi á lögmálum lífsorkunnar* – með þessu er átt við lögmálin sem ráða prönuorku, geislun og segulmögnun – mun finnast lækning á sjúkdómum í blóði og æðum, ákveðnum taugakvillum, orkuskorti, ellihrumleika, lélegri blóðrás og ýmsum álíka kvillum. Þetta verður einnig til þess að lengja lífdagana. Lögmál hinnar raffræðilegu orku munu þá verða mönnum skiljanlegri í þessu samhengi.

3. *Með skilningi á réttum aðferðum uppsogs og útskilnaðar* mun finnast lækning á sjúkdómum sem tengjast líkamsvefjum, maga meltingarvegi og kynfærum karla og kvenna. Síðar munu menn skilja að líffæri æxlunar hjá konum er aðeins enn eitt kerfi fyrir uppsog og útskilnað, staðsett nú á tímum í kvenlega þættinum, konunni, því munið að núverandi sólkerfi er annað í röðinni, kerfið sem birtir kærleiksorkuna. Röðin er þessi:

- a. Í fyrsta kerfinu var karleðlið ráðandi.
- b. Í núverandi öðru kerfi er kveneðlið ráðandi.
- c. Í þriðja kerfinu verður karl- og kveneðlið í jafnvægi og hin guðlega Hermafróðíta verður til.

Jafnvel þó að mannkynið sem nú er í þróun sé karllegt eða pósitoft, er það þó engin trygging fyrir því að allt sem finna má í núverandi kerfi sé það einnig. Staðreyndin er sú að negatífi þátturinn, eða hinn kvenlegi, er ráðandi, jafnvel þótt okkur kunni að sýnast annað. Leyfið mér að útskýra þessa tilgátu og styðja hana nokkrum tölum:



1. Í fyrsta sólkerfinu var ein ráðandi þróunarleið, en hún samanstóð af eitt hundrað þúsund milljónum mónada.
2. Í núverandi sólkerfi, sem er annað í röðinni, eru tvær ráðandi þróunarleiðir, mannkyn og tívar; það eru – eins og áður hefur komið fram – sextíu þúsund milljónir mennskra mónada. Þessu til viðbótar er hin kvenlega tívaþróun, samtals 140 þúsund milljónir, þannig fæst sú nauðsynlega tala tvö hundruð þúsund milljónir. Þetta skýrir fullyrðingu mína um að kvenlegi þátturinn sé ráðandi í þessu sólkerfi.
3. Í þriðja sólkerfinu verða hinar nauðsynlegu þrjú hundruð þúsund milljónir mónada í þróun, eins og fullkomnun hins þrefalda Logoss krefst.

Umræða okkar hefur af nauðsyn verið heldur brotakennd, því það sem ég er að gera er að leitast við að gefa vísbendingar um þær leiðir sem hin nýja lækningarlist hlýtur um síðir að fara og koma á framfæri ákveðnum hugmyndum sem munu vísa leiðina að orsökum algengustu sjúkdóma og gera þannig þeim sem vitrari eru fært að girða fyrir áhrif þeirra. Þessi knappi stíll og sú leið að koma upplýsingum á framfæri með vísbendingum, er í eðli sínu hin dulfræðilega aðferð, en hún er eina mögulega leiðin til að fjalla um þetta tiltölulega hættulega efni, uns sá tími kemur að góð tæknileg þjálfun í lyflækningum, skurðlækningum og taugalækningum er sameinuð jafngóðum sálfræðilegum skilningi, að viðbættri nokkurri andlegri innsýn. Hinn fullkomni læknir er sá sem einnig er vel að sér í dulfræði. Hægt er að kenna vöntun á sameiningu þessara tveggja þekkingarsviða um mikið af núverandi erfiðleikum og ruglingi. Hinn andlegi læknandi nú á tímum er svo niðursokkinn í það sem ekki tilheyrir efnislíkamanum að hann kemur hinum sjúka og skaðaða manni mun minna að liði en starfandi læknir. Hinn almenni andlegi læknandi, hvaða nafni sem hann nefnir sig,

er með lokaðan huga; hann leggur of mikla áherslu á hina guðlegu möguleika á kostnað hinna efnislegu eða líkamlegu líkinda. Fullkomin andleg lækning verður guðlegur möguleiki um síðir; en hún er ekki efnislega framkvæmanleg á ákveðnum tilteknum augnablikum í tíma og rúmi, eða meðal fólks á mismunandi þrepum þróunarstigans. Rétt tímasetning og góð undirstöðuþekking á verkun karmalögmálsins, ásamt víðtækri innsæisskynjun, er nauðsynleg í hinni háu list andlegrar lækningar. Einnig má bæta við því þekkingaratriði, að formedlið og efnislíkaminn hafa ekki það vægi sem margir telja.

Ýmsir sértrúarhópar og læknendur eru yfirleitt þeirrar skoðunar, að mikilvægast sé að frelsa efnislíkamann frá sjúkdómum og dauða. Hins vegar kann að vera og er oft æskilegt að leyfa sjúkdómnum að vinna sitt verk, svo að dauðinn geti leyst sálina úr fangelsi sínu. Sá tími kemur óhjákvæmilega hjá öllum holdguðum lífverum, að sálin krefst lausnar úr viðjum líkamans og lífi formsins og náttúran hefur sínar eigin viturlegu leiðir í þessu skyni. Menn verða að geta greint sjúkdóma og dauða sem frelsandi þætti, þegar ástæða þeirra er rétt tímasetning sálarinnar. Nemar verða að gera sér grein fyrir því að efnisformið er samsafn atóma, sem byggja líffæri og samhæfðan líkama og að heilleika líkamans er viðhaldið af vilja sálarinnar. Snúðu þessum vilja til síns heima, eða (eins og sagt er á máli dulfræðinnar) „lát sálina beina sjónum sínum í aðra átt,“ og þá munu sjúkdómar og dauði óhjákvæmilega ná yfirhöndinni. Þetta er ekki hugsanavilla né að maðurinn beri ekki kennsl á guðdóminn eða láti undan fyrir hinu illa. Þetta er í raun upplausn formsins í einingar sínar og grunnþætti. Sjúkdómur er, eðli sínu samkvæmt, hluti dauðans. Hann er sú aðferð sem efnisleg náttúra og efnisform nota til að búa sig undir aðskilnað frá sálinni.

Hafa verður þó í huga að þar sem sjúkdómar, veikindi eða óþægindi eru ekki hluti af hinni endanlegu upplausn, er orsakanna að leita í mörgum þáttum. Þær getur verið að finna

í umhverfinu, því margir sjúkdómar eiga rót sína að rekja til umhverfisins og birtast í farsóttum; þær geta tengst því atferli einstaklingsins að stilla sig inn á eittraða strauma sem stafa frá heimi hatursins, eða stafað af geðrænum flækjum, en um sumar þeirra höfum við nú þegar fjallað. Orsakanna má einnig leita í þeim sjúkdómum (ef ég má orða það svo) sem áskapaðir eru efninu sem mannkynið hefur kosið til uppbyggingar á efnisstarfstækjum sínum. Þetta efni hefur mannkynið þannig einangrað og aðskilið frá hinum almenna efnisforða í birtingu og skapað með því efnistegund sem helguð er því ætlunarverki að forma ytri birtingu hins innri raunveruleika. Þessi tegund efnis myndar því einstakan og sérstakan þátt í efnisforða sólkerfisins sem þróaðist á síðasta sólkerfistímabili og náði þá vissu stigi fullkomunnar og er eins og gefur að skilja af hærri gráðu en það efni sem svarar kalli sköpunar í hinum þrem lögri ríkjum náttúrunnar.

### *Orsakir sjúkdóma, samantekt*

Þegar fjallað er um sjúkdóma frá dulfræðilegu sjónarmiði, verður ætíð að miða við þá frumforsendu að allir sjúkdómar séu afleiðingar af misbeitingu orku á einhverju fyrra eða núverandi æviskeiði. Þetta er grundvallaratriði. Í þessu sambandi vil ég minna á nokkur atriði sem ég hef áður sett fram um þetta efni:

1. Níutíu af hundraði allra orsaka sjúkdóma má rekja til etherlíkama eða geðlíkama. Misbeiting hugarorku og afvegaleiddar langanir eru ríkir þættir, en þar sem meginhluti mannkyns er enn innstilltur í geðlíkamanum á atlantíska vísu, eru aðeins fimm af hundraði ríkjandi sjúkdóma af hugrænum orsökum. Þetta hlutfall breytist eftir þroska manna og þróun mannkyns. Sjúkdómur er því raunbirting óæskilegs innra ástands lífsorku, geðs og hugar.

2. Líta má á allt sem tengist heilsu manna frá þrem sjónarhornum:
  - a. Frá viðmiðun hins persónulega lífs...um það erum við að læra.
  - b. Frá viðmiðun mannkynsheildarinnar...viðurkenning á því er að byrja.
  - c. Frá viðmiðun lífs plánetunnar...um það getum við lítið vitað.
  
3. Öll veikindi stafa af ósamræmi á milli formsins og lífsins, milli sálar og persónu; þetta ósamræmi er að finna í öllum ríkjum náttúrunnar.
  
4. Meginhluti sjúkdóma:
  - a. er af samfélagslegum uppruna,
  - b. stafar af sýkingu,
  - c. stafar af vannæringu, séð bæði frá efnislegu, huglægu og dulfræðilegu sjónarmiði.
  
5. Sjúkdómar almennings, hins dæmigerða borgara, menntamanna og lærisveina eru mjög mismunandi og birtast á mismunandi sviðum.
  - a. Helstu sjúkdómsflokkar fyrstu tveggja hópanna eru:
    - Berklar.
    - Kynsjúkdómar.
    - Krabbamein.
  - b. Helstu sjúkdómsflokkar menntamanna og lærisveina eru:
    - Hjartasjúkdómar.
    - Taugasjúkdómar.
  
6. Sjúkdómar eru staðreynd í náttúrunni. Þegar menn hafa almennt viðurkennt þetta, fara þeir að haga lífi

sínu samkvæmt lögmáli frelsunar með réttri hugsun og í samræmi við frumatriði viðnámsleysis. Það mun leiða til réttra viðhorfa og réttrar stefnu. Hinn mikli fúsleiki til að deyja, sem svo oft er einkennandi fyrir stundina rétt fyrir dauðann, er birting viðnámsleysis í sinni lægstu mynd. Sálrænt séð er það viðnámsleysi sem ræður dauðadái.

7. Lögmál orsaka og afleiðinga, karma, ræður öllum sjúkdómum. Þetta á við karma einstaklinga, hópa, þjóða og alls mannkyns.

Ef þið dokið hér við og athugið vandlega ofangreinda samantekt og ef þið lesið aftur og hugleiðið lögmálin fjögur og reglurnar fjórar, ættuð þið að ráða yfir nægjanlegri grunnþekkingu til að byggja framhaldsnám okkar á, sem byrjar á kaflanum um sjúkdóma í lífi lærisveina. Sumt af því hef ég fjallað um áður í öðru bindi bókarinnar „*A Treatise on the Seven Rays*“ (bls. 520-625). Í þeirri bók var aðallega fjallað um efnið frá sjónarhorni launspekingsins, en hér ætla ég að taka til athugunar vandamál viðurkenndra lærisveina.

#### 4. SJÚKDÓMAR Í LÍFI LÆRISVEINA

Ég hef áður sagt að sjúkdómar stafi af eftirtöldum fjórum orsökum:

1. Þeir eru afleiðing hindrunar á frijálsum flæði lífsins frá sálinni.
2. Þeir stafa af þrenns konar áhrifum eða smitleiðum:
  - a. Fornum mistökum, hinum svokölluðu syndum eða mistökum viðkomandi einstaklings sem hann hefur framið í þessu lífi eða á einhverju fyrra æviskeiði.

- b. Mannlegum veikleika og tilhneigingu sem mannkynið allt hefur fengið sameiginlega í arf.
  - c. Hinu illa í lífi plánetunnar, sem tengist þróunarstöðu Plánetulogossins og mótast af karma jarðarinnar.
3. Þeir mótast af kröftum sviðsins þar sem vitund og athygli einstaklingsins er innstillt.
  4. Fimm helstu sjúkdómsflokkarnir, ásamt ýmsum hliðarverkunum þeirra, geta haft og hafa áhrif á lærisveina; þeir eru ekki ónæmir fyrir þeim fyrr en eftir þriðju vitundarvígslu.

#### *A. Sjúkdómar launspekinga.*

Lærisveinar eru lítt móttækilegir fyrir berklum, nema það sé vegna karmískra áhrifa. Þeim er ekki heldur hætt við kynsjúkdómum, ef undanskilin eru þau tilvik þar sem þeir geta haft áhrif á þá líkamlega vegna þess að þeir fórna sér í þjónustulífi. Smitsjúkdómar geta lagst á þá en ekki alvarlega. Þeir geta orðið fórnarlömb krabbameins, en líklegra er að þeir eigi við hjartasjúkdóma að stríða eða taugasjúkdóma af einhverju tagi. Sönnum launspekingi hættir frekar til ýmis konar sálrænna vandamála hins sameinaða persónuleika, sem kemur til af því að vitund hans er aðallega innstillt á geðsviðinu. Lærisveinum er hættara við hugrænum erfiðleikum og kvillum sem tengjast orku vegna samruna sálar og persónu, samruna sem annaðhvort er lokið eða er enn yfirstandandi.

Fyrsta ástæðan, sem ég nefndi fyrir í þessu riti var sett fram með þeim orðum, að sjúkdómar séu afleiðing af hindrun á frjálsu flæði lífsins og innstreymi sálarorku. Launspekingurinn býr þessa hindrun til með því að gefa sig á vald eigin hugformum, sem verða stöðugt til sem svar við hans eigin háleitu andlegu þrá. Þau verða sem veggur á milli hans og hins frjálsa lífs sálarinnar og hindra tengingu við orkuna sem annars streymdi frá sálinni.

Hjá lærisveinum er ástandinu algerlega öfugt farið. Allt þar til þriðju vitundarvígslunni er náð eru þeir fórnarlömb hins gífurlega innstreymis sálarorku, orku annars þáttarins – sem kemur til þeirra frá:

- a. Þeirra eigin sál, því að vitundarsamruni þeirra við sálarvitundina fer hraðvaxandi.
- b. Heildinu eða ashraminu sem þeir tengjast sem viðurkenndir lærisveinar.
- c. Meistararum, sem þeir eru tengdir andlegum böndum, því þeir eru ætíð undir áhrifum frá sveiflutíðni hans.
- d. Helgivaldinu, en orka þess getur náð til þeirra fyrir milligöngu allra þriggja ofangreindra þátta.

Allir þessir orkustraumar hafa ákveðin áhrif á orkustöðvar lærisveinsins í samræmi við geisla hans og þá sérstöku stefnu sem hann tekur í þessu lífi. Sérhver orkustöð tengist einhverjum innkirtlanna og þeir hafa mótandi áhrif á blóðið og alla þá vefrænu byggingu sem lendir innan áhrifa tíðnisviðs þeirra. Sem dæmi má nefna áhrif sólarplexusstöðvarinnar á magann og hjartastöðvarinnar á hjartað. Af þessu má draga þá ályktun að þeir helstu sjúkdómar sem geta lagst á lærisveininn (það eru hinir sérstöku sjúkdómar hinna þroskaðri meðal mannkyns) séu afleiðing oförvunar eða innstreymis orku til vissrar orkustöðvar og valdi þannig staðbundnum erfiðleikum.

Launspekingi er síður hætt við slíkum erfiðleikum, nema að hann sé að komast á umbreytingarskeiðið, frá hinu launspekilega viðhorfi til þess, sem kalla má ákveðnari afstöðu sem dulspekingurinn tekur og sé að verða að hagnýtum launspekingi eða dulfræðingi. Ég mun ekki fjalla um sjúkdóma launspekinga, en mig langar þó til að benda á eitt athyglisvert atriði: Í vitund launspekingsins er tvíhyggjan ætíð ráðandi. Hann er leitandinn sem leitar ljóssins, sálarinnar, hins elskaða,

Þess háleita sem hann skynjar og telur að hægt sé að finna. Hann sækist eftir viðurkenningu á og frá hinu guðlega; hann er fylgjandi sýnarinnar og lærisveinn Krists, þetta mótar hugsun hans og viðleitni. Hann er tilbiðjandinn sem elskar það sem virðist utan seilingar, – það sem hann sjálfur er ekki.

Það er ekki fyrr en launspekingurinn verður að dulfræðingi að hann kemst að því að segullinn, sem dró hann til sín allan tímum og tvíhyggjan, sem mótaði líf hans og hugsanir og var hvöt alls þess sem hann leitaðist við að gera, var hans eigið sanna sjálf, hinn eini raunveruleiki. Hann sér þá að samruni og samsömun við þennan eina raunveruleika gerir honum kleift að ummynda tvíhyggju í einingu og breyta leitinni í viðleitni til að verða það sem hann raunverulega er – Sonur Guðs, einn meðal allra Sona Guðs. Eftir að því stigi er náð sér hann sjálfan sig sem einn í hinum EINA sem við lifum hrærumst og eigum tilveru okkar í.

Ég vil benda á það næst, að það sem nefnt er „klofinn persónuleiki“ er lægsta birting á hinu launspekilega ástandi. Í þessu ástandi, sem verður æ algengara, tjáir lægra sjálfíð sig á tvígreindan hátt og tvær persónur virðast vera til í stað sameinaðrar vitundar persónu og sálar. Þetta er að sjálfsgöðu hættulegt sálrænt ástand og þarfnast meðhöndlunar þjálfaðra sérfræðinga. Slíka meðhöndlun vantar að miklu leyti á okkar tímum, þar sem svo fáir þjálfaðir sálfræðingar og geðlæknar viðurkenna sálina sem staðreynd. Ég minnst á þetta, því það hefur gildi nú á tímum og mun hafa það í vaxandi mæli á komandi árum, þegar nauðsynlegt verður að gera sér grein fyrir ýmsum þáttum í vitund mannsins sem rekja má til stórra ókannaðra vitundarsvæða. Klofinn persónuleiki og hið launspekilega ástand eru tvær hliðar á heild – önnur er rétt og í samræmi við leið æðri andlegs þroska, en hin er afbökun og brengl á því stigi þroska sem er forstíg þess sem einkennir hinn þjálfaða dulfræðing. Meðal manna nú á tímum má finna



margvíslegt ástand sem hægt er að taka fyrir með svipuðum rökum og ein aðferð til lækninga, sem síðar verður notuð, er sú að benda á æðri hliðstæðu hinna lægri erfiðleika og sjúkdóma, og efla skilning á því að þeir eru aðeins afbökun æðri veruleika. Þetta leiðir til þess að athygli sjúklingsins sem lækningandinn hefur umsjón með beinist að þessum æðri þætti.

Samrunavísindin í heild sinni tengjast þessu viðfangsefni. Með réttum skilningi munu þessi vísindi opna algjörlega nýtt svið sálfræðilegra viðhorfa til sjúkdóma, hvort sem um er að ræða truflanir í líffærastarfsemi eða taugakerfi. Andlega sinnaðir sálfræðingar og kennarar eru nú þegar byrjaðir að feta fyrstu skrefin í þessa átt. Sú aðferð, að hjálpa fólki með aðstoð sálfræðinnar, stefnir vissulega í þessa nýju átt. Þeirri aðferð má lýsa á eftirfarandi hátt: Þegar hinn almenni sálfræðingur fæst við sálfræðileg tilfelli, þá sem eru tæpir á geði og taugaveiklað fólk, beitir hann þeirri aðferð að leiða í ljós djúpstæðar sálarflækjur, áverka, forn áföll eða ótta sem býr að baki reynslu nútímans og hefur mótað manninn eins og hann er. Oftast er hægt að rekja hina ákvarðandi þætti til dulvitundarinnar með því að grafa upp fortíðina, taka til greina núverandi umhverfi, gera ráð fyrir erfðum og rannsaka áhrif menntunar – bæði kennslustofnana og skóla lífsins. Síðan er það atriði, sem verið hefur mesta hindrunin og olli hinu sálræna vandamáli, dregið fram í dagsljós vitundarinnar (í samvinnu viðkomandi sé það hægt), það atriði er síðan skýrt á vitrænum forsendum og tengt ríkjandi ástandi, og manninum þannig gert mögulegt að skilja persónuleika sinn, vandamálin og tækifærin sem bjóðast.

Andlega aðferðin er hins vegar af allt öðrum toga. Ekki er skeytt um vandamál persónunnar né kafað í dulvitundina, því að litið er á hið óæskilega ástand sem vöntun á sálarsambandi og sálarstjórn. Sjúklingnum (ef ég má kalla hann svo) er kennt að beina augum sínum og athygli sinni frá sjálfum sér, tilfinningum sínum, duldu, þráhyggju og óæskilegum hugsunum og

snúa þeim að sálinni, hinum guðlega Veruleika innan formsins og að Kristsvitundinni. Þetta mætti vel nefna aðferð vísindalegra umskipta, þar sem innleiddur er nýr öflugur áhugavaki í stað þess sem hingað til hefur verið ráðandi í lífi mannsins. Þannig vaknar til lífsins samstarfsþáttur og orka hans flæðir í gegnum líf persónunnar og hreinsar burt hina röngu sálrænu afstöðu og óaskilegu sálarflækjur sem leiddu til brenglaðra lífsviðhorfa. Þannig mun hugurinn og hugarstarfsemin smám saman endurnýjast, svo að maðurinn mótast af beinskeyttri hugsun með hvöt eða hugljómun frá sálinni. Þetta skapar „sterkan hreinsikraft nýrra viðhorfa.“ Gamla þráhyggjan, þunglyndið og þjáningin ásamt hinum hindrandi og hamlandi fornu hvötum hverfur og maðurinn stendur frjáls sem sál og stjórnar framvindunni í lífi sínu.

Ég hef rætt nokkuð ítarlega um þessi tvö atriði, vegna þess að nauðsynlegt er að fá skilning á næsta lögmáli lækninga áður en lengra er haldið. Þessi umfjöllun um persónuklofning, vandamál launspekinga og nýjar leiðir í meðhöndlun sjúkdóma (leiðir þar sem unnið er út frá sálarvitundinni og sviði orsakanna í stað þess að miða við persónuvitundina og svið afleiðinganna) getur auðveldað ykkur skilning á þessu lögmáli. Hún getur að minnsta kosti gefið til kynna réttmæti þess og gagnsemi fyrir manninn.

#### IV. LÖGMÁL

*Rætur sjúkdóma, bæði líkamlegra og sálrænna, liggja í hinu góða, fagra og sanna. Þeir eru einskonar brenglað endurvarp guðlegra möguleika. Hin hefta sál reynir að tjá guðlegar eigindir eða innri andleg sannindi. Með því myndar hún mótstöðu í efnisforminu. Augu persónunnar beinast að mótstöðustaðnum og það veldur sjúkdómi.*

*List læknandans er fólgin í því að lyfta niðurlútu tilliti augnanna til sálarinnar, hins sanna læknanda innan formsins. Lækningakrafturinn er þá undir stjórn hins andlega eða þriðja auga og allt fer á besta veg.*

### *B. Sjúkdómar lærisveina.*

Við munum skipta efninu um sjúkdóma lærisveina í tvo hluta: einkennandi vandamál allra lærisveina, og erfiðleika við sálartengingu.

Við verðum þó að muna að allir lærisveinar eru móttækilegir fyrir öllum helstu flokkum sjúkdóma. Þeir leitast við að vera eitt með öllu mannkyni og eru því móttækilegir fyrir öllum sjúkdómum mannkynsins. Kvillar hins almenna manns snerta þá að vísu ekki og rétt er að muna að sjúkdómar hjarta og tauga eru helstu vandamál þeirra. Í þessu sambandi má benda á að lærisveinar skiptast í meginráttum í tvo hópa: Þá sem hafa lífsinnstillingu sína að mestu í orkustöðvunum ofan þindar og er því hætt við hjartasjúkdómum og erfiðleikum tengdum skjaldkirtli og hálsi og þá sem eru að flytja orku orkustöðvanna neðan þindar upp í orkustöðvarnar ofan við þind. Nú á tímum eru flestir þeirra að flytja orku sólarplexusstöðvarinnar upp í hjartastöðina, en þjáningar heimsins flýta mjög þessu ferli. Þessari tilfærslu fylgja kvillar í maga, lifur og öndunarfærum.

#### 1. Einkennandi vandamál lærisveina.

Eins og þið vitið eru þessi vandamál einkennandi fyrir þá sem hafa lyft vitundarstillingu sinni frá hinu persónulega lífi til lífs sálarinnar. Þau tengjast fyrst og fremst orku, innstreymi hennar, aðlögun eða höfnun og réttri notkun undir stjórn. Við munum ekki að þessu sinni fjalla um aðra sjúkdóma sem allt mannkyn

er móttækilegt fyrir á þessum tíma þróunarinnar og leggjast einnig á lærisveina (því við þurfum að hafa í huga að sjúkdómar breytast í rás þróunarinnar og birting þeirra er tímabundin). Látum nægja að geta þess að þrír helstu sjúkdómsflokkar mannkynsins, sem rætt hefur verið um, taka sinn toll af lærisveinum, sérstaklega þegar sálin er að vinna að því að öðlast lausn frá starfstæki sínu. Í þeim tilvikum er þeim stjórnað frá sálarviðinu, þó það sé ekki augljóst og viðskilnaðurinn er ráðgerður samkvæmt ákvörðun sálarinnar, en gerist ekki sem afleiðing af bráðum sjúkdómi. Ástæðan fyrir því að helstu sjúkdómsflokkarnir þrír, eðlislægir í plánetulífínu þar sem við lifum, hrærumst og eigum tilveru okkar, hafa þetta vald yfir lærisveinum, er sú að lærisveinarnir eru sjálfir óaðskiljanlegir hlutar plánetulífsins. Þegar þeim verður ljós þessi eining sín og plánetulífsins eru þeir til að byrja með auðveld bráð sjúkdóma. Þessi staðreynd er lítt þekkt, en skýrir hvers vegna lærisveinar og þroskað fólk er móttækilegt fyrir þessum sjúkdómum.

Við getum skipt þessum vandamálum í fjóra flokka:

1. Þau sem tengjast blóðinu eða eðlisþætti lífsins, því „blóðið er lífið.“ Um er að ræða sérstök áhrif á hjartað, venjulega þó aðeins starfræn. Vefrænir sjúkdómar hjartans eiga rót sína í djúpstæðari orsökum.
2. Þau sem eru bein afleiðing orku sem leikur um taugakerfið með milligöngu og stjórnun heilans.
3. Þau sem tengjast öndunarferunum og eru af dulrænum toga.
4. Þau sem rekja má til áhrifa orkustöðvanna, móttökuhæfni þeirra eða vöntunar á móttökuhæfni og virkni þeirra eða óvirkni. Þessi vandamál eru augljóslega sjöþætt og hafa áhrif á sjö helstu hluta líkamans. Áður en sálin hefur náð fullkomnum yfirráðum með mánadstjórn er vagus-taugin,

með milligöngu heilans, helsti stýriþátturinn hjá hinum almenna lærisveini. Orkutegundir sem koma í gegnum höfuðstöðina dreifast eftir henni út til líkamans. Nokkrir áhrifamiklir austrænir dulfræðiskólar hafa byggt upp sérstök vísindi orkustöðvanna og tengsla þeirra við kúndalini orkuna (slöngueldinn). Margt í þessum fræðum er rétt, en einnig margt rangt.

Ég geri greinarmun á vandamálum, líkamlegum viðbrögðum og sjúkdómum, því ekki er sjálfgefið að innstreymi, dreifing og stýring orku valdi sjúkdómum. Á umbreytingaskeiðinu, sem alltaf er undanfari vitundarvígslu, veldur þetta hins vegar alltaf einhvers konar vandamálum og erfiðleikum í vitund lærisveinsins eða í samskiptum hans við þá sem hann umgengst mest. Umhverfi hans verður fyrir áhrifum og það aftur magnar upp hans eigin viðbrögð.

Í þessu sambandi þarf að muna að allir lærisveinar eru orkustöðvar í mannkynsheildinni og eru að þróast í það að verða miðstöðvar stýrðrar orku. Tilvist og starf lærisveinanna veldur alltaf og óhjákvæmilega áhrifum, árangri, vakningu, upplausn og umskiptum í lífi allra sem þeir hafa samskipti við. Í fyrstu gerist þetta ómeðvitað af þeirra hálfu, þess vegna eru afleiðingarnar oft óáskilegar hjá þeim sem þeir tengjast og orku ekki viturlega stýrt, bægt frá eða haldið í skefjum. Vitrænn tilgangur hlýtur að liggja að baki allri viturlegri orkumiðlun. Síðar, þegar lærisveinar eru af ráðnum hug að læra að *vera* og eru að þróast í það að verða geislandi miðstöðvar lækningakrafta, undir meðvitaðri stjórn, er þessi upplýsandi og síðar miðlaða orka notuð meira uppbyggjandi bæði sálrænt og líkamlega. Samt sem áður verður lærisveinninn í öllum tilfellum atkvæðamikill áhrifavaldur og getur aldrei verið það sem dulfræðilega er nefnt „ómerkjanlegur í umhverfi sínu og áhrifalaus á aðrar sálir.“ Áhrif hans, útstreymi og kraftmikil orka skapa honum óhjákvæmilega vandamál

og erfiðleika; þau byggjast á karmískum tengslum sem hann hefur myndað við fólk og viðbrögðum þeirra sem hann hefur samskipti við, annaðhvort til góðs eða ills.

Áhrif lærisveina Hins mikla hvíta bræðralags eru í eðli sínu góð í grundvallaratriðum og andlega mótandi. Á yfirborðinu og í ytri áhrifum – sérstaklega hjá lærisveininum – kemur í ljós erfið staða, augljós klofningur og fram koma gallar jafnt sem dyggðir í fari þeirra sem verða fyrir áhrifunum og slíkt getur viðhaldist mörg æviskeið, þar til persónan sem fyrir áhrifum verður er það sem kallað er „dulfræðilega séð sátt við hina útstreymandi orku.“ Hugleiðið þetta. Aðlögunin verður að koma frá þeim sem fyrir áhrifunum verða en ekki frá lærisveininum.

Við skulum nú skoða þessi fjögur svið vandamála frá sálrænu en ekki líkamlegu sjónarhorni:

*a. Vandkvæði sem stafa af opnun hjartastöðvar lærisveinsins* eru ef til vill algengust og oft erfiðust viðureignar. Vandkvæðin byggjast á lifandi sambandi og samspili milli orku kærleikans og krafta langananna. Í byrjun hefur innstreymi kærleiksorkunnar þau áhrif að persónutengsl af hálfu þess sem verður fyrir áhrifum af orku lærisveinsins sveiflast á milli öfgadýrkunar og haturs. Þetta veldur stöðugu umróti í lífi lærisveinsins, þar til hann hefur lagað sig að áhrifunum sem orkumiðlun hans hefur og einnig hinum tíðu vináttuslitum og sáttum. Vandinn getur verið ákaflega raunverulegur og mjög svo truflandi, þegar lærisveinninn er orðinn nægilega mikilvægur til að verða ráðandi miðdepill hóps, eða er í þeirri aðstöðu að geta farið að mynda á dulfræðilegan hátt sitt eigið ashram, áður en hann tekur einhverja af hinum meiri vitundarvígslum. Lærisveinninn getur þó lítið gert, nema það eitt að reyna að temprað útstreymi kærleiksorkunnar. Í grundvallaratriðum liggur vandinn hjá þeim sem fyrir áhrifunum verður; og eins og ég gat um hér að framan, verður vilji til aðlögunar að koma frá mótaðilanum,

en lærisveinninn bíður reiðubúinn til samvinnu við fyrstu vísbendingu um vilja til skilnings á samskiptum og samvinnu í þjónustu fyrir heildina. Þetta er atriði sem bæði – lærisveinninn og einstaklingurinn sem svarar áhrifum hans – þurfa að athuga. Lærisveinninn er reiðubúinn; mótaðilinn dregur sig vanalega í hlé eða nálgast, allt eftir hvöt sálar sinnar eða persónuleika – líklega til að byrja með hið síðara, þar til að því kemur að hann vinnur með lærisveininum af fullum skilningi og erfiðleikatímanum lýkur.

Ekki er gerlegt fyrir mig að fara út í nákvæm smáatriði í umfjöllun þessara vandamála sem tengjast hjarta og lífsorku lærisveinsins. Þau mótast af geisla hans, vígslunni sem hann er að búa sig undir, ásamt eiginleikum, þróunarstöðu og geisla þeirra sem áhrif hans snerta.

Það eru einnig erfiðleikar og vandamál af fingerðari toga sem stafa af sömu rót, en snerta ekki samskipti ákveðinna persóna. Lærisveinn þjónar; hann skrifar og talar; orð hans og áhrif seytla út til mannkynsins og hvetja menn til einhvers konar athafna – oft góðra og andlegra, stundum illra, fjandsamlegra og hættulegra. Hann þarf því ekki aðeins að fást við sín eigin vandamál vegna starfsins, heldur þarf hann einnig að fást, bæði á almennan og sérstakan hátt, við almenning sem hann er farinn að hafa áhrif á.

Þetta er ekki auðvelt, síst af öllu fyrir óreyndan liðsmann Áformsins. Hann flöktir á milli hugarsviðsins, þar sem hann leitast venjulega við að vera virkur, og geðsviðsins, þar sem meirihluti fólks er innstillt, og við það færast hann inn á svið sýndarljómans með öllum þeim hættum sem því fylgja. Hann nálgast í vitund sinni þá sem hann reynir að hjálpa, stundum sem sál og þá oförvar hann oft tilheyrendur sína og stundum sem persóna en þá eflir hann og ýtir undir persónuleikaviðbrögð þeirra.

Þegar tímar líða lærir hann, í gegnum erfiðleikana sem

aðferð hjartans veldur, að halda sér stöðugum í miðjunni og gefa tóninn, koma boðskap sínum á framfæri, miðla og stjórna kærleiksorku og hafa áhrif á þá sem hann umgengst, en vera samt hlutlægur leiðbeinandi og skilningsrík sál. Þessi hlutlæga afstaða (sem felst í því að halda orku persónuleikans í skefjum) hefur í för með sér sín eigin vandamál, eins og allir lærisveinar vita; en þeir geta ekkert annað gert en að bíða eftir tækifæri til að leiðbeina viðkomandi persónu, svo að hún öðlist skýran skilning á gildi og dulfræðilegri þýðingu rétttra mannlegra samskipta. Vandamál þeirra sem vinna með einstaklingum og hópum tengist í grundvallaratriðum hjartanu, orku þess og lífgefandi krafti hins ídveljandi lífs þess. Þessi áhrif sem lærisveinninn verður fyrir geta haft í för með sér sérstaka líkamlega erfiðleika, og mun ég fjalla um þá síðar.

Á það skyldi einnig bent að hætt er við erfiðleikum í sambandi við lífstakt og reglu í líferni lærisveinsins. Hjarta og blóð tengjast dulfræðilega séð og marka á táknrænan hátt slögin í lífi sálarinnar sem birtast á efnissviðinu í tvískiptu lífi lærisveinsins, virku og útræðu, duldu og innræðu, hvort um sig með sín sérstöku vandamál. Þegar lærisveinninn hefur náð valdi á hrynjandi lífs síns, bæði hið ytra og hið innra, og hefur þjálfað viðbrögð sín þannig að hann nemi ýtrustu merkingu þeirra án þess að vera bundinn af þeim, þá byrjar hann hið tiltölulega einfalda líf vígsluhafans. Vekur þessi setning ykkur furðu? Munið að eftir aðra vitundarvígsluna hefur vígsluhafinn öðlast lausn frá flækjunum sem stafa af yfirráðum tilfinninga og geðhvata. Hann fær ekki lengur glapist af sýndarljóma. Hann getur haldið ró sinni í öllu því sem hann gerir og skynjar. Honum er ljóst að hið sveiflukennda ástand tengist andstæðum og er hluti af lífsbirtingu sjálfrar tilverunnar. Þessi skilningur kostar hann miklar þjáningar. Sem sál ásetur hann sér að lifa virku, úthverfu og áhrifaríku lífi. Strax á eftir geta fylgt tímabil þar sem hann dregur sig í hlé og virðist missa áhuga á mannlegum



samskiptum og umhverfi, verður innhverfur og íhugull á svip. Á milli þessara tveggja öfga sveiflast hann oft, stundum mörg æviskeið samfelt, þar til hann lærir að sameina þessa tvo lífshætti í eina lífstjáningu. Þá verður honum ljóst tvíþætt líf hins viðurkennda lærisveins í sínum ýmsu stigum og gráðum; hann veit hvað hann er að gera. Bæði með því að vera virkur eða halda sig til hlés þjónar hann sínu gagnlega hlutverki, hið ytra og hið innra, stöðug og reglubundin þjónusta í hinum ytri heimi og innrætt starf í íhugun.

Meðan lærisveinninn er að ná valdi á þessu ferli, koma upp margskonar sálrænar erfiðleikar sem geta leitt bæði til djúpstæðs og minniháttar klofnings. Markmið allrar þróunar er samruni – samruni persónuleikans, samruni við sálina, samruni inn í Helgivaldið, samruni inn í heildina, uns algjörri einingu og samsömun er náð. Þegar lærisveinninn leitast við að ná tókum á vísindum samruna, sem hafa samruna við hinn *eina* Raunveruleika að grundvallarmarkmiði, færist hann frá einni samsömun til annarrar, gerir mistök og verður oft fyrir sárum vonbrigðum með því að hann samkennir sig því sem ekki er æskilegt, þar til hann sem sál-persóna hafnar fyrri tengslum. Aftur og aftur geldur hann fyrir ranga viðleitni, leit á villigötum, yfirþyrmandi áhrif sýndarljóma og hið margvíslega upplausnarástand, bæði sálrænt og líkamlegt, sem hann óhjákvæmilega þarf að ganga í gegnum á meðan hann er að ná samstillingu og réttri samsömun og er að móta sína réttu stefnu.

Meðan á þessu óhjákvæmilega og nauðsynlega ferli stendur, á sér stað sérstakt þróunarferli innan etherlíkamans. Lærisveinninn er að læra að flytja orku lægri orkustöðvanna inn í sólarplexusstöðina og frá henni inn í hjartastöðina. Með því flytur hann grundvallarmiðstillingu orkunnar frá stöðvunum neðan þindar til stöðvanna ofan þindar. Þetta ferli hefur oft í för með sér djúpstæð vandamál. Ástæðan er sú að frá sjónarhóli

persónunnar er sólarplexusstöðin máttugasta stöðin, því hún hreinsar og jafnar krafta persónuleikans. Erfiðasti vandi lærisveinsins felst í tilfærslu frá sjálfhverfu lífi til heildisvitundar eða, „upphafningu“ lægri vitundarinnar á hærra stig. Þessi atburðarás er einnig að gerast nú í heiminum sem heild og veldur hinni miklu upplausn í málefnum manna, menningu og þjóðlífi. Heildar vitundarstilling mannkynsins er í þann mund að breytast; eigingirnir sem einkennir manninn, þegar langanirnar eru ráðandi og sólarplexusstöðin því virkust, er að víkja fyrir heildrænu viðhorfi hins óeigingjarna manns þar sem æðra sjálfíð eða sálin er ráðandi. Þetta viðhorf felur í sér skilning á tengslum milli manna og ábyrgð einstaklingsins gagnvart allri heildinni en ekki aðeins hluta hennar. Þessi göfgun lífsins frá hinum lægri viðhorfum til hinna æðri hefur djúpstæða merkingu fyrir einstaklinginn sem og allt mannkyn. Þegar lærisveinn og einnig mannkynið, sem er alheimslærisveinninn táknrænt séð, hefur náð tökum á þessari tilfærslu, munum við sjá nýrri skipan einstaklings- og heimsþjónustu komið á fót og þar með hinni nýju skipan heimsmála sem vænst er.

Tákn þessara breytinga er hringrás blóðsins, og í því táknmáli felst vísbending um eðli hinnar nýju heimsskipanar – óhindrað flæði allra nauðsynja til allra manna og allra þátta mannlífsins. Blóðið er lífið, frjáls samskipti, samnýting og dreifing alls sem þörf er á fyrir rétta lífshætti mannkynsins mun einkenna komandi tíma. Þessar aðstæður eru ekki fyrir hendi nú á tímum, mannkynið er sjúkt og innra líf þess í molum. Í stað óhindraðs flæðis milli allra þátta lífsins hefur ríkt aðskilnaður, lokaðar rásir, stíflur og stöðnun. Hin skelfilega kreppa var nauðsynleg til að vekja mannkynið til vitundar um sjúkt ástand sitt, um hið illa sem komið hefur í ljós að er fyrir hendi í mjög miklum mæli og sjúkdómana í „blóði mannkynsins“ (táknrænt skilið) sem eru svo svæsnir að aðeins róttækustu aðgerðir – sársauki, þjáning, örvænting og ógn – geta nægt til lækningar.

Læknendum er hollt að muna þetta og hafa í huga að lærisveinar og allir góðir menn og leitendur taka þátt í þessum sameiginlega sjúkdómi mannkynsins og þetta hlýtur að taka sinn toll sálrænt, líkamlega eða hvort tveggja. Uppruni vandans er ævaforð og hefur fyrir löngu mótast í fastar venjur, en það hefur óhjákvæmilega áhrif á efnisstarfstæki sálarinnar. Það er alls engin vísbending um andlega yfirburði að vera undanþeginn áhrifum mannlegra sjúkdóma. Það gæti einfaldlega bent til þess sem einn af meisturunum hefur nefnt „hyldýpi andlegrar eigingirni og sjálfsánægju.“ Vígsluhafi af þriðju gráðu getur undanskilið sig, en það er aðeins vegna þess að hann er ósnortinn af sýndarljóma og enginn þáttur persónulífsins hefur lengur neitt vald yfir honum. Fólki á öllum geislum stendur jafnt að vígi gagnvart þessum sérstöku vandamálum. Fólki á sjöunda geislanum er þó hættara við ýmsum kvillum og sjúkdómum tengdum blóðinu en fólki af öðrum geislagerðum. Ástæðan er sú að þessi geisli er tengdur tjáningu og raunbirtingu lífsins á efnissviðinu og því hvernig andi og efni tengjast við myndun forms. Verksvið hans nú á tímum er að koma á nýrri skipan með frjálsu flæði og samskiptum, þar með einnig fyrirhuguðu frelsi mannkynsins frá sjúkdómum og vandamálum fortíðarinnar. Þetta er rétt að hafa í huga, það er gagnlegt fyrir nema að safna saman og rannsaka allt það sem ég hef skrifað um sjöunda geislann, geisla siðareglna og kynngi, ef þeir vilja taka þátt í skynsamlegri samvinnu innan framvindu samtímans.

b. *Sjúkdómar taugakerfisins* eru margir og ágerast eftir því sem lærisveinninn færir nær því að taka vígslu eða eftir að hann er orðinn vígsluhafi. Ástæðan er mögnun orkuflæðis um alla hluta líkamans, orku sem annaðhvort stjórnast af persónuleiknum, einhverjum þætti hins persónulega lægra sjálfs, eða sálinni með milligöngu heilans. Auk hinna lífeðlislegu áhrifa

getur þetta kraftinnstreymi leitt til vandkvæða af margvíslegu tagi. Nefna má sem dæmi að lærisveinninn verður fyrir oförvun sem leiðir til óhóflegrar virkni; hann kemst úr jafnvægi og þegar ég segi þetta á ég ekki við hugrænt ójafnvægi (þó að það geti gerst), heldur ofvöxt og ofþjáningu einhvers eðlisþáttar hans. Hann getur orðið óhóflega skipulagður vegna sérstakrar virkni einhverrar orkustöðvar, eða óskipulagður og óvirkur. Hann þjáist því af ójafnvægi innkirtlakerfisins, með öllum þeim erfiðleikum sem því fylgir. Oförvun eða vanþroski orkustöðva hans hefur yfirleitt áhrif á kirtlana; truflun á starfsemi þeirra leiðir svo til skapgerðarvandkvæða sem síðan valda samskiptaörðugleikum sem og persónuleikaáögllum.

Hér er því kominn vítahringur sem myndast af rangri stýringu krafta og innstreymi krafta frá einhverju af starfstækjum persónuleikans til viðkomandi orkustöðvar (t.d. kraftur geðsviðsins og tengsl hans við sólarplexusstöðina), þá koma fram vandamál heilsu, skapgerðar og áhrifa út á við. Ofkröftug geislun einhverrar orkustöðvar vekur athygli og lærisveinninn verður fórnarlamb síns eigin árangurs. Um þetta efni mun ég fjalla nánar, þegar ég tek fyrir sjúkdómana sem tilheyra fjórum helstu sjúkdómsflokkunum.

Þessi vandkvæði eru mjög almenns eðlis en hafa mest áhrif á lærisveina á öðrum og sjötta geisla. Ástæðan er sú að annar geislinn er geisli formbyggingar og tengist því mjög allri ytri raunbirtingu og notkun allra orkustöðvanna, sá síðarnefndi vegna þess að sjötti geislinn er fyrst og fremst geisli spennukrafts – krafts sem getur komið fram sem illskeyttasta ofstæki eða sem innileg og óeigingjörn tryggð. Eins og gefur að skilja tengjast þessi vandamál öllum geislunum, en starfsemi annars geislans tengist mjög virkni sálarinnar í gegnum allar orkustöðvarnar (bæði fyrir ofan og neðan þind), þó svo að hjartað sé aðalmiðstöð orkunnar. Sjötti geislinn er nátengdur sólarplexusstöðinni og því

hlutverki hennar að vera stöð miðlunar og jöfnunar og staðurinn þar sem stefnubreyting verður á lífsorku persónuleikans. Hafði þetta ætíð í huga.

c. *Vandkvæði í sambandi við öndunarferin* tengjast öll hjartanu og hafa því áhrif á rétta hrynjandi og rétt samband við umhverfið. Að draga að sér lífsandann og deila andrúmsloftinu með öllum öðrum mönnum, tákna bæði aðgreint líf einstaklingsins og þátttöku í almennu lífi heildarinnar. Þessi spurning um aðgreint líf einstaklingsins og andstæðu þess er nátengd orðinu helga, ÓM. Segja má með orðum dulfræðihandbókar um lækningar, sem langt komnir lærisveinar fá í hendur, að:

„Sá sem lifir í hljómi AUM er vitandi um sjálfan sig. Sá sem lifir hljómandi ÓM er vitandi um bróður sinn. Sá sem skynjar HLJÓMINN er vitandi um allt.“

Síðan heldur handbókin áfram á hinu torræða og táknræna máli hins innvígða:

„Lífsandinn verður orsök dauða þess sem lifir í skel. Hann er til, en hann er ekki; lífsandinn hverfur síðan á spíralbraut til heildarinnar.“

„Sá sem andar frá sér tóninum ÓM er ekki aðeins vitandi um sig sjálfan. Hann skynjar að andardrátturinn er prana, líf, hið samtengjandi flæðiefni. Kvillar lífsins eru hans, því slíkt er hlutskipti mannsins – ekki orðnir til í skel, því skelin er ekki.“

„Sá sem er HLJÓMURINN hljómandi kynnist ekki sjúkdómum, kynnist ekki hönd dauðans.“

Í þessum örfáu orðum er samandreginn allur vandi sjúkdóma og erfiðleika í þessum þriðja flokki vandkvæða. Um er að ræða

flæði sálarorku, orku kærleikans, en þetta snertir ekki flæði líforkunnar. Þessar tvær grundvallandi orkutegundir hafa í för með sér meginhluta þess heilbrigðisvanda sem mannkynið fær í vöggugjöf, þegar þær verka á krafta persónuleikans. Hér er um að ræða vöntun samúðar og lítinn lífsþrótt; tónn sálarinnar og geislans er ekki rétt hljómaður og ekki er nægilega skeytt um rétta miðlun og tjáningu. Leynardómur þess að verða hreinn farvegur (ef við orðum þetta með launspekilegum orðum, en ekki dulfræðilegum) er athugaður í fyrsta flokki vandkvæðanna (a lið); og í öðrum og þriðja flokki vandkvæðanna (b og c lið) er athugað hvernig rétt tengsl eru mynduð með því að hljóma rétt hinn aðlaðandi tón sálarinnar.

Þessi þriðji flokkur vandkvæða og sjúkdóma er að sjálfsgöðu hlutskipti fólks af öllum geislagerðum, en fólki á fyrsta geisla er sérstaklega hætt við erfiðleikum í þessum flokki. Samt sem áður getur fólk á þeim geisla yfirunnið þessi vandamál og erfiðleika á mun auðveldari hátt en fólk á öðrum geislum, þegar það nýtir réttilega sína óvirkjuðu krafta með réttri notkun orðsins ÓM og um síðir HLJÓMSINS. Hér er vitnað til hins týnda orðs frímúrara og til HLJÓMS hins óumræðanlega nafns.

Hljómur AUM, hljómur ÓM og HLJÓMURINN sjálfur tengjast allir sveiflutíðni og áhrifum hennar í sínum margvíslegu myndum. Leynardómurinn sem felst í lögmáli sveiflutíðninnar mun skýrast stig af stigi, samhliða því sem fólk lærir að hljóma ORÐIÐ í sínum þrem myndum. Nemar hefðu gagn af því að hugleiða muninn á andardrætti og hljómi og á því að anda og skapa virka sveiflutíðni. Þetta tvennt er skylt en er ekki það sama. Annað tengist tíma en hitt rúmi, (eins og segir í „*Old Commentary*“) „hljómurinn endanlegi en samt hljómur upphafs, tekur til þess sem hvorki er tíma né rúms; hann liggur utan við hina raunbirtu Heild, upphaf alls sem er en er samt ekkert“ (eða enginn hlutur, A.A.B.).

Af þessari ástæðu geta lærisveinar á fjórða geisla venjulega öðlast skilning á ÓM með mætti innsæisins. Þessi geisli samræmis fyrir átök (átök andstæðna), hlýtur að stuðla að þeirri starfsemi virkrar sveiflutíðni sem leiða mun til einingar, til samræmis og réttra samskipta og leysa innsæishæfileika mannsins úr læðingi.

d. *Vandamálin, sem ójafnvægi í starfsemi orkustöðvanna hefur í för með sér*, eru ef til vill mikilvægust með tilliti til sjúkdóma. Ástæðan felst í þeim beinu áhrifum sem stöðvarnar hafa á innkirtlakerfið, því kirtlarnir hafa bein áhrif á blóðið og hafa mótandi áhrif á helstu og mikilvægustu svæði líkamans. Áhrif þeirra á persónuleikann, innri og ytri tengsl hans og samskipti, eru bæði líkamleg og sálræn. Svörunin við áhrifunum er fyrst og fremst líkamleg en afleiðingar þeirra eru aðallega sálrænar. Ég mun því fjalla mest um vandamál af þessum toga þegar ég ræði um sjúkdóma lærisveina. Í því sambandi mun ég láta í té margvíslega fræðslu um orkustöðvarnar. Það mun skýra betur en margt annað orsakir margra sjúkdóma og líkamskvilla. Reynið að ná fyllri skilningi á lögmálum og reglum lækninga áður en við höldum áfram og tökum fyrir næsta atriði. Þau eru endurtekin hér ykkur til hægðarauka.

## I. LÖGMÁL

*Allir sjúkdómar eru afleiðing af hindrun á lífsstreymi sálarinnar; það gildir um öll lífsform í öllum ríkjum náttúrunnar. List lækandans felst í því að leysa sálina úr læðingi svo að líf hennar nái að streyma óhindrað um líffærakerfin sem mynda hið tiltekna efnisform.*

## II. LÖGMÁL

*Sjúkdómur er afleiðing af og háður þremur áhrifaþáttum. Í fyrsta lagi fortíð mannsins, þar*

*sem hann geldur fyrir forn mistök. Í öðru lagi því sem hann erfir, þeim menguðu orkustraumum sem hann á sameiginlega með öllu mannkyni og eru af samfélagslegum uppruna. Í þriðja lagi því sem Lávarður Lífsins leggur á líkama sinn, og maðurinn deilir sameiginlega með öllum formum náttúrunnar. Þessir þrír áhrifaþættir eru nefndir: „Hið forna lögmál illrar sameignar.“ Síðar mun það vikja fyrir „nýju lögmáli hins forna rikjandi góðleika,“ sem býr að baki alls sem Guð hefur skapað. Þetta lögmál verður að gera virkt með andlegum vilja manna.*

### III. LÖGMÁL

*Sjúkdómar eru áhrif sem stafa frá sviðinu þar sem líforka mannsins er innstillt. Frá því sviði eru þær ákvarðandi aðstæður komnar sem valda heilsuleysi. Þær þróast og birtast í sjúkdómum eða lausn frá sjúkdómum.*

### IV. LÖGMÁL

*Rætur sjúkdóma, bæði líkamlegra og sálrænna, liggja í hinu góða, fagra og sanna. Þeir eru eins konar brenglað endurvarp guðlegra möguleika. Hin hefsta sál reynir að tjá guðlegar eigindir eða innri andleg sannindi. Með því myndar hún mótstöðu í efnisforminu. Augu persónunnar beinast að mótstöðustaðnum og það veldur sjúkdómi.*

*List læknaandans er fólgin í því að lyfta niðurlútu tilliti augnanna til sálarinnar, hins sanna læknaanda innan formsins. Lækningakrafturinn er þá undir stjórn hins andlega eða þriðja auga og allt fer á besta veg.*



## 1. regla

Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, hjarta sitt, heila sinn og hendur. Þannig er honum kleift að úthella lífgefandi lækningarorku yfir sjúklinginn. *Þetta er lækning með segulorku.* Það læknar sjúkdóma eða getur aukið hið „slæma ástand,“ allt eftir þekkingu læknandans.

Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, heila sinn, hjarta sitt og áríska útgeislun. Þannig getur nálægð hans nært sálarlíf sjúklingsins. *Þetta er lækning með geislun.* Snertingar er ekki þörf. Sálin sýnir mátt sinn. Útgeislun frá áru læknandans, upplýst orku sálarinnar, veldur áhrifum í áru sjúklingsins og sál hans bregst við.

## 2. regla

Læknandinn verður að ávinna sér hreinan segulkraft með hreinu líferni. Hann þarf að ná þeirri leysandi útgeislun sem birtist hjá hverjum manni sem samtengt hefur orkustöðvarnar í höfðinu. Útgeislunin hefst þegar segulsviðið hefur verið myndað.

## 3. regla

Læknandinn þjálfar sig í því að þekkja innri hugsanir og langanir þess sem leitar hjálpar hans. Með því getur hann komið auga á upptök vandans. Þannig tengir hann saman orsök og afleiðingu og veit nákvæmlega hvert beina skal aðstoðinni.

## 4. regla

Læknandinn eða lækningarheildið skal hafa taumhald á viljanum. Vilji er ekki það sem nota skal, heldur kærleikur.

## 2. Erfiðleikar við sálartengingu.

Við hefjum nú athugun okkar á sjúkdómum og kvillum lærisveina og andlega leitandi manna. Þessir sjúkdómar eru bæði líkamlegir og sálrænir (tengdir taugakerfi og geðrænu og hugrænu lífi mannsins). Við munum skoða þá sérstaklega með tilliti til orkustöðvanna sjö, og einnig munum við athuga afleiðingar krafta og orku sem streyma í gegnum þær (ég nota þessi aðgreinandi orð af ráðnum hug). Margt af því sem ég segi verður dregið í efa af talsmönnum hefðbundinnar læknisfræði, en samt sem áður hefur hefðbundin læknisfræði jafnt og þétt verið að færast nær hinu innræða sjónarmiði. Ég mun ekki gera neina tilraun til að tengja þær innræðu lækningaraðferðir, sem eru viðfangsefni okkar, við ríkjandi lækningahefðir. Þessar tvær hliðar lækningarlistarinnar eru hvort eð er að nálgast hvor aðra. Bók þessi er skrifuð fyrir fólk sem ekki hefur læknisfræðilega menntun og það mun fá skýrari skilning á kenningu minni, ef hún er að mestu laus við tækniorð og menntayfirbragð læknávisindanna. Slík framsetning væri aðeins til þess fallin að rugla lesandann í ríminu, en viðleitni mín er að gefa almennt yfirlit yfir frumorsakir líkamlegra sjúkdóma. Ég leitast við að koma á framfæri þeim sérstöku innræðu lækningaraðferðum sem mannkynið er nú tilbúið að taka við, en vek þó athygli á því að framsetningin er af eðlilegum ástæðum ófullnægjandi og alls ekki tæmandi. Af þeirri ástæðu kann hún að virðast röng og verka sem vatn á myllu þeirra sem ætíð leita að ummerkjum um mannlega trúgirni. Mér er það þó ekki áhyggjuefni. Tíminn mun leiða í ljós nákvæmni fullyrðinga minna.

Hin nýja lækningarlist mun fást við atriði sem enn eru óljós í vitund manna og hafa ekki ennþá nein bein raunveruleg tengsl við manninn og líkama hans. Frumatriði kenningarinnar, sem hin nýja lækningarlist mun byggjast á, felast í þeirri hugmynd að í raun og veru þurfi aðeins að taka tillit til orku og krafta sem

andæfa eða aðlagast æðri orku eða orku af annarri gerð. Leyfið mér því í byrjun að koma fram með eitt lögmál enn til viðbótar þeim fjórum sem þegar eru komin fram. Fyrri lögmálin eru sett fram í formi óhlutstæðra fullyrðinga og eru nokkuð óljós og merkingarlaus, ef þau tengjast ekki þessu fimmta lögmáli.

## V. LÖGMÁL

*Allt er orka, því Guð er líf. Í manningum mætast tvær orkutegundir, en aðrar fimm er þar einnig að finna. Hver þeirra hefur sinn megin tengipunkt. Árekstrar milli orku og krafta og kraftanna innbyrðis valda líkamskvillum mannsins. Átök hinnar fyrstu og annarrar vara um aldir, þar til fjallstindinum er náð – hinum fyrsta mikla fjallstindi. Átökin milli kraftanna valda öllum sjúkdómum, veikindum og líkamssársauka sem dauði leysir frá. Tveir, fimm og þannig hinir sjö, ásamt því sem sameining þeirra myndar, geyma lykil leyndardómsins. Þetta er fimmta lögmál lækninga í heimi efnisformanna.*

Þetta lögmál má setja fram í sjö setningum sem hver um sig felur í sér grundvallarstaðhæfingu:

1. Við lifum í heimi orku og erum sjálf hluti af orku heimsins.
2. Efnisstarfstækið er byggt upp af tveim orkugerðum og sjö kröftum.
3. Fyrsta orkugerðin er orka sálarinnar, orka sálargeislans. Hún veldur átökum þegar hún reynir að ná stjórn á kröftunum.
4. Önnur orkugerðin er orka hins þríþætta persónuleika

- geisli persónuleikans sem hamlar gegn æðri orkunni.
5. Kraftarnir eru aðrar orkugerðir eða geislakraftar sem ráða meginorkustöðvunum sjö. Þeir stjórnast annaðhvort af orku persónuleikans eða orku sálarinnar.
  6. Átök verða því á tvennum vígstöðvum, annars vegar milli meginorkugerðanna tveggja og hins vegar milli hinna orkugerðanna, þeirra sem tengjast orkustöðvunum sjö.
  7. Góð eða slæm heilsa ræðst af samspili þessara orkutegunda.

Mikil fræðsla hefur verið sett fram um hina óralöngu baráttu milli persónuleika og sálar, en framsetningin hefur alltaf verið í formi andlegrar iðkunar, launspekilegrar eða trúarlegrar, eða þá miðuð við skapgerðarrækt, innri leit eða hugmyndir tengdar hreinleika og óhreinleika. Um þetta mun ég ekki fjalla. Viðfangsefni mitt snýst um afleiðingar þessara átaka innan efnislíkamans. Ætlun mín er því að takmarka mig einvörðungu við lífeðlisleg og sálræn vandamál sem eru fylgifiskar togstreitunnar og gera hlutskipti lærisveinsins erfitt. Staðhæfa má eftirfarandi:

A. Einn eða fleiri eftirtalinna þriggja þátta eða aðstæðna er orsök allra sjúkdóma og líkamlegra erfiðleika:

1. Þróað sálarsamband, sem veldur lífmögnun allra orkustöðvanna í rétttri röð samkvæmt geisla sálarinnar. Þetta veldur óhjákvæmilega streitu og álagi í efnislíkamanum.

2. Líf og afstaða persónuleikans sem reynir að andæfa stjórn sálarinnar og tjáir sig aðallega í gegnum starfsemi hálsstöðvarinnar (sem veldur örvun skjaldkirtilsins) og orkustöðvanna fyrir neðan þind.

3. Tímabil í lífi leitandans þegar stjórn persónuleikans byrjar að dvína og lífsáherslan og tilsvarendi virkni flyst upp

í orkustöðvarnar ofan þindar – sem á ný veldur erfiðleikum, umróti og enduraðlögun.

B. Sérstök markmið koma til sögu hjá nemanum á hinum ýmsu stigum, öll horfa þau til framfara, en jafnframt fylgja þeim vandamál.

1. *Markmið vígsluhafans* er að gera allar orkustöðvar etherlíkamans næmar fyrir geislaorku sálarinnar og að allar hinar geislaorkutegundirnar sjö séu henni háðar. Í lífi hans skiptast á örvun, enduraðlögun og síðan full yfirráð, þar til eftir þriðju vígslu. Þegar sú vígsla hefur verið tekin, er efnisstarfstækið af allt annarri gerð og búið öðrum eiginleikum. Reglur og lögmál heilsu eiga þá ekki lengur við.

2. *Markmið lærisveinsins* er að vinna að því að koma orkustöðvum líkamans undir stjórn sálarinnar með örvun, úthreinsun og síðan stöðugleika. Þetta veldur óhjákvæmilega erfiðleikum og lífmögnunin eða innblásturinn (bæði þessi orð eru viðeigandi), vöntun þeirra eða ófullkomleiki, hefur áhrif á líffæri líkamans í nálægð orkustöðvanna og allt efnið þar í grennd.

3. *Markmið leitandans* eða reynslunemans er að færa kraftana úr orkustöðvunum fyrir neðan þind til orkustöðvanna ofan þindar með milligöngu sólarplexusstöðvarinnar. Flytja þarf orku mænurótarstöðvar til höfuðsins; orku kynorkustöðvar til hálsins og orku sólarplexusstöðvar verður að ummynda og flytja til hjartans. Þetta gerist sem svar við segulmögnum „togi“ sálargeislans þegar hann byrjar að ríkja yfir geisla persónuleikans. Þessi atburðarás er löng og þjáningarfull, spannar mörg æviskeið og hefur í för með sér margs konar líkamlega kvilla.

4. *Markmið hins venjulega manns* (ómeðvitað) er að bregðast fullkomlega við krafti persónuleikans sem fyrst og fremst er

innstilltur í miðpunktinum, sólarplexusstöðinni. Samhæfa síðan þessa krafta af skynsemi jafnt og þétt, svo að úr þeim verði að lokum sameinaður persónuleiki sálinni til afnota og umráða.

5. *Markmið hins frumstaða eða óproskaða manns* (einnig ómeðvitað) er að lifa kröftugu lífi tilfinninga og eðlishvata og öðlast með því reynslu vaxtar, samskipta og skilnings síðar meir. Á þann hátt mótast og byggist skyntæki sálarinnar í heimum þrem.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á hugmyndinni sem ég hef sett hér fram, að markmiðin í sjálfu sér hafi áhrif á það sem maðurinn stefnir að. Þetta atriði gefur tilefni til vandlegar íhugunar.

Þessar almennu staðhæfingar eru því aðeins gagnlegar að þið munið að þær eru alhæfingar. Enginn leitandi, hvar sem hann er staddur í leit sinni, er fullkomlega óskiptur í viðleitni sinni fyrir en eftir þriðju vígslu, né er hann algerlega sérhæfður í lífi sínu og starfi. Menn eru staddir á öllum mögulegum stigum þroska og mörg þeirra eru millistig ofangreindra fimm stiga. Þessi stig blandast og skarast og eru oft ákaflega óárennilegt og ruglingslegt svið fyrir hugsun og starf. Aðeins í lífi óproskaðs einstaklings er hreinan einfaldleika að finna. Á tímabilinu frá bernskuskeiði kynþáttarins, eða mannsins, þar til náð er lausn frá lífi persónuleikans, er aðeins að finna flækjur, skörun vitundarstiga, erfiðleika, sjúkdóma, sálræn vandamál, veikindi og dauða.

Augljóslega hlýtur þetta svo að vera, þegar hinn mikli fjöldi orkutegunda og krafta sem mynda tilveru mannsins og umhverfi hans kemst í snertingu hvert við annað. Sérhver mannvera er í raun eins og smá hringiða sem lifir og hrærist í hinu mikla hafi Tilverunnar – á endalausri hreyfingu uns sá tími kemur að sálin „andar á vötnin“ (eða kraftana) og Engill návistarinnar

stígur niður í hringiðuna. Þá verður allt kyrrt. Vötnin, sem áður hrærðust af hrynjandi lífsins og seinna hrærðust ofsafengið vegna komu Engilsins, svara lækningarmætti hans og breytast „í lygna tjörn sem hinir smáu geta stigið út í og öðlast þá líkn sem þeir þarfnast.“ Eins og segir í „*Old Commentary*.“

### *Orkustöðvarnar og innkirtlakerfið*

Þegar sjúkdómar eru ekki samfélagslegir, afleiðing af karma jarðarinnar eða af völdum slysa, ætti ykkur að vera ljóst að þeir eiga rót sína að rekja til orkustöðvanna, virkni þeirra eða óvirkni. Þetta eru grundvallarsannindi, sett fram á einfaldasta hátt. Eins og þið vitið, ráða orkustöðvarnar innkirtlakerfinu, það ræður svo sjö helstu svæðum efnislíkamans og sér um að líffærakerfið í heild sinni starfi rétt. Áhrif þess eru bæði lífeðlisleg og sálræn.

Ekki er hægt að ofmeta mikilvægi kirtlakerfisins. Það er smækkuð mynd af sjöfaldri uppbyggingu alheimsins, tjáningarmiðill og samskiptatæki geislakraftana sjö, Andanna sjö frammi fyrir Hásæti Guðs. Læknisfræði og lækningaraðferðir menningar framtíðarinnar munu byggjast á þessum enn lítt viðurkenndu sannindum.

Innkirtlarnir mynda yfirgripsmikið kerfi tenginga innan líkamans; þeir koma á sambandi milli allra hluta efnisstarfstækisins; þeir koma einnig á sambandi mannsins við etherlíkamann – bæði sinn eigin og etherlíkama plánetunnar. Ennfremur tengist etherlíkaminn blóðinu sem miðlar eigind lífsins til allra hluta líkamans. Í líkamanum eru því fjórir meginþættir miðlunar eða dreifingar. Allir eru þeir fullkomin heild hver um sig; allir leggja þeir sinn skerf af mörkum til lífs líkamans, bæði til starfsemi hans og uppbyggingu vefja; allir eru þeir nátengdir, allir hafa þeir bæði lífeðlisleg og sálræn áhrif í samræmi við áhrifamátt sinn, svörunarhæfni orkustöðvanna

við innstreymi æðri orku, þróunarstigið sem náð hefur verið og hindrun eða frelsi í tjáningu orkunnar sem inn streymir. Þessir fjórir miðlarar orku eru:

1. *Etherlíkaminn sjálfur*. Hann er grundvöllur efnislíkamans og er byggður upp af ótal kraft- og orkuþráðum. Hann tekur við og miðlar ýmsum orkutegundum og er næmur fyrir orkuáhrifum, bæði frá umhverfinu og hinum innri andlega manni sem og fingerðari líkömunum. Í honum eru orkustöðvarnar sjö sem eru miðstöðvar móttöku og dreifingar. Þær taka á móti sjö orkutegundum og þær dreifa þeim um hið afmarkaða lífkerfi mannsins.

2. *Taugakerfið* og hin ýmsu samfléttuðu stjórnkerfi þess. Það er tiltölulega áþreifanlegt net fyrir orku og krafta og er ytri birting hins innra, lífgefandi og máttuga vefs etherlíkamans og þeirra milljóna af nadíum eða frummyndum tauganna sem liggja að baki hins efnisþéttari líkama. Taugarnar og taugahnoðin í sínum mörgu greinum eru hinir negatífu eða móttækilegu þættir þeirra pösítífu eða virku orkutegunda sem móta eða reyna að móta manninn.

3. *Innkirtlakerfið*. Það er hin ytri áþreifanlega birting á starfsemi etherlíkamans og sjö orkustöðva hans. Orkustöðvarnar sjö er að finna á sama svæði og meginkirtlana sjö. Samkvæmt kenningum dulfræðinnar eru orkustöðvarnar uppsprettur fyrir líf og mátt innkirtlanna, hver um sig fyrir sinn sérstaka kirtil, því þeir eru í raun ytri birting orkustöðvanna.

Þessi þrjú kerfi tengjast hvert öðru mjög náið og mynda samfléttað stjórnkerfi orkutegunda og krafta sem er í eðli sínu lífgefandi, hvetjandi, kraftmikið og skapandi. Þau eru í grundvallaratriðum hvert öðru háð og á þeim byggist öll innri



heilsa líkamans. Í byrjun svara þau áhrifum frá tilfinninga- eða huglíkamanum, síðan hinum sameinaða persónuleika og geisla hans og að síðustu svara þau áhrifum frá geisla sálarinnar, þegar hann fer að ná yfirráðum. Þessi kerfi ráða raunverulega myndun efnislíkamans og eftir fæðingu móta þau sálræna eiginleika hans, en þetta til samans er hinn efnislegi maður í þróun. Þau eru fulltrúar hinna þriggja guðlegu þátta allrar raunbirtingar sem eru: líf – eðliseiginleiki – birting.

| <i>Orkustöð</i>       | <i>Kirtill</i> |
|-----------------------|----------------|
| Höfuðstöð .....       | Heilaköngull   |
| Ennisstöð .....       | Heiladingull   |
| Hálsstöð .....        | Skjaldkirtill  |
| Hjartastöð .....      | Hóstarkirtill  |
| Sólarplexusstöð ..... | Briskirtill    |
| Kynorkustöð .....     | Kynkirtlar     |
| Mænurótarstöð .....   | Nýrnahettur    |

4. *Blóðrásin*. Hún flytur eðlisþátt lífsins og sameinaðar orkutegundir og krafta þessara þriggja ofangreindu kerfa. Þetta er hugmynd sem er nokkuð nýstárleg fyrir bókstafstrúaða. Tengsl blóðrásar og blóðsins við taugakerfið hefur ekki enn fengið næga umfjöllun í nútíma læknisfræði. Margt hefur þó verið gert til að sýna fram á tengsl kirtlakerfisins við blóðið.

Það er aðeins þegar þessi fjögur samtengdu kerfi eru skoðuð sem ein samfelld heild og sem fjórir þættir í einu lífgefandi hringrásarkerfi, að sönn mynd kemur í ljós. Það er ekki fyrr en þau eru viðurkennd sem fjögur meginkerfi dreifingar fyrir sameinaða geisla einstaklingsins, að menn munu skilja og sjá hið sanna eðli efnislegra fyrirbæra. Það má bæta hér við eftirfarandi:

1. Tunglið sem staðgengill Vúlkans ræður etherlíkam-  
anum, þegar litið er á hann sem hringstreymis- og  
miðlunarkerfi.
2. Venus ræður taugakerfinu.
3. Satúrnus ræður innkirtlakerfinu.
4. Neptúnus ræður blóðrásinni.

Í raun eru þessi fjögur kerfi birting fjögurra eiginda efnisins í sinni lægstu eða hreinu efnislegu mynd. Til eru fleiri eigindir grunnefnisins en þessar fjórar eru mikilvægastar.

Hvert þessara kerfa er í eðli sínu tvígreint. Þau greinast eftir geisla sálarinnar og geisla persónuleikans. Hvert þeirra er því bæði pósítíft og negatíft; hverju um sig má því lýsa sem kerfi hamlandi krafta og kerfi virkrar orku; hvert um sig er samband vissra blæbrigða efnis og fyllingar, þar sem efnid er hinn tiltölulega stöðugi þáttur og fyllingin hinn tiltölulega fljótandi og eigindagefandi þáttur. Samspil þeirra, samband og sameinuð starfsemi eru tjáning Lífsins Eina og þegar þessi fjögur kerfi hafa náð fullri blöndun eða samþættri og samhæfðri virkni, kemur fram á sjónarsviðið það sem Kristur nefndi „lífið í ríkulegra mæli“ en um það vitum við ekkert enn sem komið er. Þessir fjórir frumþættir efnisins mynda einnig hliðstæðu við hinar fjórar guðlegu eigindir sem og hina þrjá guðlegu meginþætti.

Þetta ásamt hinni grundvallandi tvískiptingu allrar raunbirtingar gerir töluna níu, sem er tala vígslunnar – þrír, fjórir og tveir. Þessi samsvörun við vígsluferlið gengur þó í öfuga átt, því hér er um að ræða vígslu inn í hinn skapandi þriðja meginþátt, eðlisþátt efnisins og heim virkra vitsmuna. Ekki er um að ræða vígslu inn í annan þáttinn, eða eðlisþátt sálarinnar, eins og er reyndin með vitundarvígslurnar sem lærisveinninn er að búa sig undir. Hún er vígsla sálarinnar inn í reynslu efnisbirtingarinnar, inn í tilveru á efnissviðinu og inn í þá list að lifa sem maður. Inngangurinn inn í þessa

reynslu og tilvist er „hlið krabbans.“ Vígslan inn í ríki Guðs fer í gegnum „hlið steingeitarinnar.“ Þessar fjórar eigindir ásamt þrem eðlisþáttum efnisins, að viðbætti hinni tvíþættu starfsemi þeirra, eru hliðstæður fjögurra eðliseiginda persónunnar, andlegu þrenndarinnar og virks tvíþætts sambands þeirra. Í þessari staðhæfingu er að finna lykilinn að frelsuninni.

### *Meginorkustöðvarnar sjö*

Við skulum nú íhuga eðli orkustöðvanna sjálfra um stund, draga að einhverju leyti saman þann fróðleik sem er að finna í öðrum bókum mínum og fá á þann hátt greinargóða mynd af orkulíkamanum sem er undirstaða efnislíkamans.

Til eru margar kraftmiðstöðvar í líkamanum, en við munum aðeins fjalla um sjö þær helstu, því þær ráða á einn eða annan hátt öllum hinum. Þannig er minni hætta á ruglingi. Við munum fjalla um orkustöðvarnar fimm sem liggja upp með hryggnum og þær tvær sem er að finna í höfðinu.

1. *Höfuðstöðin*. Hún er rétt ofan við hvirfilinn og er oft nefnd „þúsund blaða lótusinn“ eða Brahmarandra.
  - a. Hún samsvarar hinni andlegu sólarmiðju.
  - b. Hún verður virk eftir þriðju vígslu og er líffæri sem miðlar orku mónadsins eða viljaþáttar guðdómsins.
  - c. Hún tengist hinum þrefalda persónuleika með vitundarbrúnni (antahkarana), sem lærisveinar og vígsluhafar eru að vinna við að byggja, en hún kemst ekki í fulla virkni fyrr en eftir eyðingu orsakalíkamans við fjórðu vígsluna.
  - d. Hún er Shamballa-stöðin í efnislíkamanum og er fulltrúi Föðurins eða hins fyrsta guðlega meginþáttar.
  - e. Hún nemur tilgang, samsvarar „rafmagnseldi“ sólkerfisins og eðliseiginleiki hennar er máttur.

- f. Hin þetta efnisbirting hennar er heilaköngullinn. Hann er virkur í frumbersku þar til lífsviljinn er nægjanlega sterkur til að persónan í holdgun sé fasttengd í efnislegri birtingu. Á síðustu stigum guðlegrar tjáningar mannsins verður hann aftur virkur og starfandi fyrir framkvæmd viljaorku Tilverunnar á jörðinni.
- g. Hún er líffæri samfjöllunar, því að eftir þriðju vígslu og fyrir eyðingu orsakalíkamans, tekur hún til sín allar orkutegundir hinna þriggja meginþátta lífsbirtingarinnar. Hvað manningur viðkemur er hér um að ræða orku andlegu þrenndarinnar, hins þrefalda sálarlótuss og hins þrefalda persónuleika, sem aftur gerir níu, tölu vígslunnar. Orkan sem þannig er samhæfð og innstillt umhverfis og yfir höfðinu er ægifögur og hefur víðtæka geislun og kröftugan áhrifamátt. Hún þjónar þeim tilgangi að koma vígsluhafanum í samband við alla hluta plánetulífsins, við Ráðið mikla í Shamballa og við Lávarð Heimsins, Höfuðvígjandan – með milligöngu Búddha og eins hinna þriggja Búddha athafnarorkunnar. Í mjög sérstökum skilningi tengir Búddha vígsluhafann við annan meginþátt guðdómsins – kærleikspáttinn – og þar af leiðandi einnig við Helgivaldið. Búddhar athafnarorkunnar tengja hann við þriðja meginþátt guðdómsins, þátt virkra vitsmuna. Þannig mætast í vígsluhafanum orka vilja, vitundar og skapandi virkni og mynda samfjöllun hinna guðlegu meginþátta.
- h. Hún er sú eina af orkustöðvunum sjö sem viðheldur stöðu öfugs lóttuss þegar fullkomin frelsun er fengin, með stilk lóttussins (í raun antahkarana) upp í „sjöunda himinn,“ og tengir þannig vígsluhafann við Shamballa, fyrstu meginorkustöð plánetunnar. Allar aðrar stöðvar byrja í öfugri stöðu, með krónublöðin vísandi niður á við í átt til mænurótar; allar opna þær krónublöðin smám saman eftir því sem líður á þróunina og snúa þeim

síðan hægt upp á við „í átt að hátindi veldissprotans,“ eins og það er nefnt í „*Old Commentary*.“ Ofangreindar upplýsingar hafa ekki mikið gildi, nema að því leyti sem þær gefa sannleikann til kynna, fullkomna myndina og gefa nemanum táknræna hugmynd um þann þátt sem í eðli sínu er miðlun viljaorku Guðdómsins.

2. *Ennisstöðin*. Þetta er stöðin milli augabrúnanna. Hún er rétt fyrir ofan augun og „er sem sýningartjald fyrir hina geislandi fegurð og dýrð hins andlega manns.“
  - a. Hún samsvarar efnislegu sólinni og birtir persónuleikann, samhæfðan og virkan, í fyrstu sem lærisvein og að síðustu sem vígsluhafa. Hún er hin eiginlega persóna eða gríma.
  - b. Hún nær þessari fullu virkni um það leyti sem þriðja vígslan er tekin. Ég vil minna ykkur á að Helgivaldið lítur á þá vígslu sem fyrstu meginvígsluna, nokkuð sem ég hef þegar nefnt. Hún er líffæri sem miðlar orku þriðja meginþáttarins, orku virkra vitsmuna.
  - c. Hún tengist persónuleikanum með hinum skapandi líffræði og er því nátengd hálsstöðinni, orkustöð skapandi athafnarorku. Á sama hátt tengist höfuðstöðin mænurótarstöðinni. Þegar komið hefur verið á virku samspili milli ennisstöðvar og hálsstöðvar, leiðir það til þess að vígsluhafinn verður skapandi og hann getur raunbirt hina guðlegu hugmynd. Samsvarandi veldur virkt samspil höfuðstöðvar og mænurótarstöðvar því að guðlegur vilji eða tilgangur getur raunbirst. Þegar kraftar ennisstöðvar og hálsstöðvar sameinast mynda þeir æðstu birtingu „viðnámseldsins,“ alveg eins og orka höfuðstöðvar og mænurótarstöðvar mynda „rafmagnseld“ einstaklingsins. Þann eld nefnum við kúndalini-eld, þegar hann hefur náð fullri tjáningu.
  - d. Hún er stöðin sem fjórða skapandi lífveldið notar til tjáningar á sínu eigin sviði og í henni blandast það

fjórða náttúruríkinu, mannkyninu. Höfuðstöðin tengir mónadinn og persónuleikann. Ennisstöðin tengir andlegu þrenndina (birtingu mónadsins í formlausu heimunum) persónuleikanum. Íhugið þessa fullyrðingu, því að hér má sjá táknmál þar sem höfuðstöðin, frá efnislegu sjónarmiði, endurspeglar andlegan vilja, atma, og andlegan kærleik, búddhi. Hér má einnig bæta við fræðslu um hlutverk augnanna í þróun meðvitaðrar tjáningar sem vinnur á skapandi hátt að framgangi hins guðlega tilgangs.

*Þriðja augað* . . . . . höfuðstöðin . . . . . Vilji. Atma.  
 Auga Föðurins, mónadinn. SHAMBALLA.  
 Fyrsti meginþáttur vilja, máttar og tilgangs.  
 Tengist *heilakönglinum*.

*Hægra augað* . . . . . ennisstöðin . . . . . Kærleikur. Búddhi.  
 Auga Sonarins, sálin. HELGIVALDIÐ.  
 Annar meginþáttur kærleiks og visku.  
 Tengist *heiladinglinum*.

*Vinstra augað* . . . . . hálsstöðin . . . . . Virkir vitsmunir.  
 Auga Móðurinnar, persónuleikinn MANNKYNID.  
 Þriðji meginþáttur vitsmuna.  
 Tengist *carotid kirtlinum*.

Þegar augun þrjú eru virk og „sjá“ öll samtímis, gefur það innsýn í hinn guðlega tilgang (vígsluhafi), innsæisskynjun áætlunar Guðs (lærisveinn) og andlega stjórn hins skapandi starfs sem þar af leiðir (meistari).

- e. Ennisstöðin nemur eða miðlar *tilgangi*, eða ætlun til sköpunar. Hún er ekki líffæri sköpunarstarfs á sama hátt og hálsstöðin, en hún geymir hugmyndina sem liggur að baki skapandi starfsemi. Hið skapandi starf sem á eftir fylgir myndar smám saman æskilegt form hugmyndarinnar.
- f. Hin þetta efnisbirting hennar er heiladingullinn; tvískipting þessa kirtils samsvarar hinum tveim

margþættu krónublöðum orkustöðvarinnar. Hún tjáir ímyndunarafli og þrá í æðstu mynd sinni, en þetta tvennt er drifkrafturinn að baki allrar sköpunar.

- g. Hún er líffæri hugsjóna, þess vegna er hún nátengd sjötta geislanum þó furðulegt sé, alveg eins og höfuðstöðin er í eðli sínu tengd fyrsta geislanum. Sjötti geislinn tengist á sérstakan hátt þriðja geislanum og þriðja meginþætti guðdómsins sem og öðrum geislanum og öðrum meginþættinum. Hún blandar, festir og tjáir. Ég hef hingað til ekki lagt áherslu á þessa staðreynd í öðrum ritum mínum. Ennistöðin er sá staður í höfðinu sem birtir á táknrænan hátt tvíþætt eðli raunbirtingarinnar í heimunum þrem. Hún blandar saman skapandi orku hálsstöðvarinnar og göfgaðri þrá eða hinum sanna kærleik hjartans.
- h. Þar sem hún er aðeins með tvö krónublöð hefur hún ekki hið rétta lóthusform á sama hátt og hinar orkustöðvarnar. Krónublöðin eru samsett af 96 minni blöðum eða orkueiningum ( $48 + 48 = 96$ ) en þau taka ekki á sig form blóms eins og hinir lóthusarnir. Þau breiða úr sér, eins og vængir flugvélar til hægri og vinstri og tákna hægri handar leiðina og vinstri handar leiðina, leið efnisins og leið andans. Þau mynda því á táknrænan hátt hina tvo arma krossins sem maðurinn er festur á – tveir orku- eða ljósstraumar sem skerast þvert á straum lífsins sem gengur í gegnum höfuðið frá mónad til mænurótar.

Neminn verður ætíð að hafa í huga afstæði allra hluta þegar hann leitast við að fá skilning á orkustöðvunum. Þær tengjast sín á milli innan etherlíkamans, jafnframt því að tengjast fíngerðari líkömunum og vitundarstigum sem er samheiti stigum tilvistar og tjáningar. Ennfremur tengjast orkustöðvarnar orku geislanna, umhverfisþáttum og hinum þrem tímabilsbundnu starfstækjum (eins og H.P.B. kallar persónuleikann, hina

þreföldu sál og andlegu þrenndina), svo og Shamballa og heild allra raunbirtra lífa. Þetta efni er ákaflega flókið, en þegar lærisveinninn eða vígsluhafinn starfar í heimunum þrem og hinar ýmsu orkutegundir mannsins í heild eru „jarðtengdar“ í hinum jarðbundna manni, verður málefnið nokkuð skýrara. Hægt verður að gera sérstakar athuganir í tíma og rúmi, vissar afleiðingar verða skýrari, sjá má hvernig vissir orkugeislar virðast meira ráðandi en aðrir og ákveðin „tilverumynstur“ koma fram; birting andlegrar veru á sérstöku stigi meðvitaðrar reynslu verður ljós og mögulegt er að skilgreina hana andlega. Í þessari sérstöku birtingu skapaðrar lífstilveru er hægt að ákvarða eðlisþætti hennar og eðliseigindir, krafta hennar og orku. Hafa skal þetta í huga, en hugur nemans má ekki fá að reika of langt frá þræðinum. Hann verður að einbeita sér að birtingu viðkomandi einstaklings (sér sjálfum eða einhverjum öðrum) og að þeim *eiginleikum* sem koma í ljós. Þegar neminn er lærisveinn eða vígsluhafi, getur hann einnig rannsakað *eðlisþátt lífsins*.

Athuganir okkar munu þó verða nokkuð á annan veg, því við munum reyna að greina þá sjúkdóma og erfiðleika sem stafa af örvun eða örvunarleysi orkustöðvanna. Á þann hátt munum við komast að þeim áhrifum sem þetta orkuinnstreymi og átök þess við kraftana valda.

3. *Hálsstöðin*. Þessi orkustöð er aftan við hálsinn og nær upp í mænukólfinn (medulla oblongata), einnig nær hún yfir carotid kirtilinn og niður í áttina að herðablöðunum. Hún er mjög kraftmikil og þróuð hjá mannkyninu almennt. Í þessu sambandi er athyglisvert að hafa eftirfarandi í huga:
  - a. Satúrnus ræður hálsstöðinni á sama hátt og Úranus ræður höfuðstöðinni og Merkúrís ennisstöðinni. Þetta á aðeins við þegar um lærisvein er að ræða. Ráðandi plánetur breytast eftir þriðju vígslu og fyrir þá fyrstu.



Þessar þrjár plánetur mynda mjög athyglisverðan orkuþríhyrning og í eftirfarandi þrenndum og afleiddum tengslum þeirra kemur í ljós – einnig aðeins hjá lærisveinum – athyglisverð tákmynd hinnar níföldu vitundarvígslu:

1. Höfuðstöðin  
Ennisstöðin  
Hálsstöðin
2. Þriðja augað  
Hægra augað  
Vinstra augað
3. Heilaköngullinn  
Heiladingullinn  
Carotid kirtillinn

Hér birtast tækin sem andlega þrenndin, sálin og persónuleikinn vinna með. Lykillinn að réttum skilningi á því sem gerist felst í sambandi plánetnanna þriggja: Úranusar, Merkúríusar og Satúrnusar, þegar orka þeirra streymir í gegnum þessar níu „andlegu tengingar“ á efnissviðinu inn í „hið jarðtengda svið ljóss og máttar sem er maðurinn í tíma og rúmi.“

- b. Þessi orkustöð tengist fyrstu vígslunni og nær mikilli virkni þegar þeim áfanga á þróunarbrautinni er náð en honum hefur mikill meirihluti þeirra manna náð, sem nú eru leitendur og reynslunemar. Gleymið þó ekki að tæknilega séð er þriðja vígslan fyrsta meginvígslan frá sjónarmiði Helgivaldsins. Fyrir sjónum meistaranna merkir fyrsta vígslan aðgang að Veginum. Ástæðan fyrir því að mannkynið kallar hana vitundarvígslu er sú, að á Lemúríútímanum var hún fyrsta vígslan og merkti aðgang að fullri líkamsstjórn. Hálsstöðin er líffæri til

dreifingar skapandi orku, orku þriðja eðlisþáttar sálna sem eru á umræddu þróunarstigi. Í mannum eru þrjár orkustöðvar sem tengjast og eru meginbirting þriðja geislans eða meginþáttarins, mismunandi eftir stigi þróunar á Veginum.

1. Kynorkustöðin hjá hinum lítt þroskuðu og hjá meðalmanninum.
2. Hálsstöðin hjá leitendum og reynslunemum.
3. Ennisstöðin hjá lærisveinum og vígsluhöfum.

Hér er einnig um að ræða máttuga orkuprenningu, sem býr yfir miklum möguleikum nú á tímum, vegna þeirrar staðreyndar að birting þriðja meginþáttar virkra vitsmuna hefur náð svo langt sem raun ber vitni í þróun og vitund mannsins.

- c. Hálsstöðin tengist persónuleikanum með sköpunarþræðinum, sálinni með vitundarþræðinum og mónadinum með sútratma eða þræði lífsins. Hún tengist ekki guðlegu meginþáttunum með antahkarana (vitundarbrúnni), því að sá þráður tengir saman mónadinn og persónuleikann beint og festir um síðir, óháð sálinni, lífsbirtingu mónadsins í höfðinu við höfuðstöðina. Þannig verður til beint vitundarsamband mónads og persónuleika og öflug tvennd verður til. Líf, vitund og form eru þá innstillt á skapandi og virkan hátt í höfðinu, starfsemi þeirra er stýrt þaðan með milligöngu höfuðstöðvanna tveggja. Ennisstöðin byrjar þá fyrst skapandi virkni þegar antahkarana hefur verið byggð. Á fyrri stigum er hálsstöðin miðstöð skapandi virkni, en þar á undan gegndi kynorkustöðin því hlutverki. Þið þurfið þó að muna eitt athyglisvert atriði. Bygging antahkarana verður í raun aðeins möguleg þegar

skapandi líf leitandans flyst frá kynorkustöðinni upp í hálsstöðina og er að verða raunhæft og tjáningarríkt. Sjálfur hálsinn er tákn fyrir þessa „tengibrú,“ þar sem hann tengir höfuðið – eitt og einangrað – við hinn tvíþætta bol. Það sem er ofan við þind og það sem er neðan hennar. Hann er um leið tákn fyrir sálina og persónuleikann, sameinuð í eina heild. Höfuðið er tákn fyrir það sem Patanjali lýsir sem ástandi „einangraðrar einingar.“

- d. Vitsmunæðlisþáttur mannkynsins er tengdur þessari stöð á skapandi hátt. Hún er því sú stöð sem skapandi orka þeirrar miklu plánetuorkustöðvar, sem mannkyn nefnist, flæðir um. Helstu plánetuorkustöðvarnar þrjár eru Shamballa, Helgivaldið og mannkynið. Þegar fullkomnun er náð, mun Shamballa-orka vilja, máttar og tilgangs streyma um höfuðstöðina, kærleiks-visku orka Helgivaldsins mun streyma um hjartastöðina og orka mannkynsins verður tengd hálsstöðinni, en ennisstöðin verður fulltrúi allra þriggja. Þá fær mannkynið nýtt verkefni. Það felst í því að tengja hin þrjú yfirmannlegu lífríki við lífríkin þrjú sem eru neðan mannkynsins í þróuninni, þannig verða til hin nýju himnaríki og hin nýja jörð. Þá hefur mannkynið náð hátindi þróunarmarkmiðs síns á þessari jörð.
- e. Hálsstöðin er líffæri hins skapandi ORÐS. Hún nemur markmið, eða skapandi tilgang sálarinnar sem berst til hennar með orkuinnstreymi frá ennisstöðinni; blöndun orkutegundanna tveggja, sem þannig verður til, mun leiða til einhvers konar skapandi starfsemi. Þetta er æðri hliðstæða sköpunarmáttar kynorkustöðvarinnar. Í þeirri stöð felast hinar negatífu og pósitífu orkutegundir í aðskildum kvenkyns og karlkyns líffærum, sem sameinast vísvitandi í sköpunarathöfn, sem þó er enn án mjög skýrs markmiðs.

- f. Hin þetta efnisbirting þessarar stöðvar er skjaldkirtillinn. Nú á tímum er þessi kirtill talinn sérstaklega mikilvægur fyrir heilsu hins venjulega manns. Tilgangur hans er að varðveita heilsuna og viðhalda jafnvægi í ákveðnum mikilvægum þáttum efnislíkamans. Hann er tákn fyrir þriðja meginþátt vitsmuna, og efni sem er frjónvægt eða gagnsýrt huga. Hann tengist í raun Heilögum Anda, þriðja guðlega meginþættinum í raunbirtingu, sem „yfirskyggir“ Móðurina, Maríu mey, eins og segir í Biblíunni. Kalkkirtlarnir (parathyroids) tákna Maríu og Jósef og skyldleika þeirra við hinn yfirskyggjandi Heilaga Anda. Það mun síðar koma í ljós að náinn lífeðlislegur skyldleiki er á milli skjaldkirtilsins og heilaköngulsins og milli kalkkirtlanna og hinna tveggja hluta heiladingulsins. Þannig mynda háls og höfuð eitt samtengt kerfi.
- g. Höfuðið er tákn fyrir eðlislægt tvíeðli hins raunbirta Guðs. Á sama hátt er hálsstöðin tákn fyrir þríeðli hinnar guðlegu tjáningar. Í höfðinu birtist tvíeðlið, samþætt og blandað, í sambandinu milli orkustöðvanna tveggja og hinna þéttu efnisbirtinga þeirra. Þrjár máttugar orkutegundir eru virkjaðar í guðlegri skapandi starfsemi og sameinast í starfi með fullri tjáningu orkunnar sem streymir um hálsstöðina, talfærin og lungun tvö. Hér er um að ræða: Líf eða andardrátt, Orðið eða sálina og hálsstöðina, stöð hins virka efnis.
- h. Lótus hálsstöðvarinnar snýr niður á við í byrjun þróunarinnar, krónublöðin teygjast í átt til axlanna og ná yfir lungun eða hluta þeirra. Á æviskeiði sálarinnar snýst hann hægt við, krónublöð hans teygja sig í átt að eyrunum, umlykja mænukólfinn (medulla oblongata) og carotid kirtilinn. Sá kirtill tengist skjaldkirtlinum nánar en hinum kirtlunum tveim í höfðinu.

Af þessu ætti ykkur að vera ljóst hvernig hægt er að koma einstökum hlutum efnislíkamans í virkt ástand og til rétrar starfsemi, hvernig hægt er að styrkja þá og halda í góðu og réttu formi með einhvers konar meðhöndlun í þeirri orkustöð sem næst er viðkomandi hluta líkamans. Ykkur mun einnig vera ljóst að vanhæfni og sjúkdómar geta stafað af óvirkni orkustöðvar.

4. *Hjartastöðin*. Hennar staður er á milli herðablaðanna, og er hún sú orkustöð sem á okkar tímum fær mesta athygli frá þeim sem bera ábyrgð á þróun mennskrar vitundar. Sannlega mætti segja, bróðir minn, að hin hraða vöknun þessarar orkustöðvar hafi verið ein af ástæðum þess að ekki var unnt að koma í veg fyrir heimsstyrjöldina. Á vissan hátt var styrjöldin nauðsynleg og gagnleg atburðarás (þegar tekið er tillit til blindrar eigingirni mikils hluta mannkyns), því brýnt var orðið að leggja til hliðar öll hin gömlu form stjórn mála, trúarbragða og staðnaðra þjóðfélagsháttá. Mannkynið hefur nú náð ákveðnu andlegu stigi samfélagsvitundar og félagslegra tengsla, svo að þörf var á nýjum formum sem hæfðu betur þessum nýja anda.

- a. Hjartastöðin samsvarar „hjarta sólarinnar,“ hinni andlegu uppsprettu ljóss og kærleiks.
- b. Hún verður virk eftir aðra vitundarvígsluna. Sú vígsla markar lokastig þess þróunarferlis, þar sem tilfinningaeðlið með sínum ráðandi löngunum kemst undir stjórn sálarinnar, og þrá hins persónulega lægra sjálfs ummyndast í kærleik. Hún er líffærið sem miðlar orku Helgivaldsins, þeirri orku sem úthellt er með milligöngu sálarinnar inn í hjartastöð allra leitenda, lærisveina og vígsluhafa. Þannig verður þessi orka tiltæk og það veldur tvenns konar áhrifum:

1. Siðbót mannkynsins fyrir mátt kærleikans.

2. Mannkynið, orkustöð í hraðri þróun, og Helgivaldið tengjast föstum böndum. Þessar tvær miklu plánetuorkustöðvar, Helgivaldið og mannkynið, komast því í náð samband og samskipti.

Í Biblíunni segir: „Kærleik Guðs er úthellt“ í hjarta mannsins, hinn ummyndandi, segulmagnaði og geislandi máttur er ómissandi fyrir enduruppbyggingu heimsins og til að koma á hinni nýju heimsskipan. Allir lærisveinar eru beðnir um að íhuga þróun og þroska hjartastöðvarinnar og vitsmunalegt samband mannkynsins og Helgivaldsins, einnig það hvernig maðurinn bregst við orku kærleikans, því „eins og maðurinn hugsar *í hjarta sínu*, þannig er hann.“ Hugsun í hjartanu verður fyrst raunhæfur möguleiki þegar hugrænir hæfileikar hafa náð fullum þroska og þróun hugans er komin á hátt stig. Tilfinningu í hjartanu er oft ruglað saman við hugsun. Sá hæfileiki að geta hugsað í hjartanu er árangur af ummyndun löngunar í kærleik, þegar unnið er að því að hefja krafta sólarplexusstöðvarinnar inn í hjartastöðina. Hugsun í hjarta er einnig vottur þess að æðri eðlisþáttur hjartastöðvarinnar, tólf blaða lótusinn í miðri orkustöð þúsund blaða lótussins, hafi náð raunverulegri virkni. Hugsun sem afleiðing rétttrar tilfinningar kemur þá í stað persónulegrar viðkvæmni. Þannig fáum við líka fyrstu daufu vísbendingarnar um það stig tilvistar sem einkennir mónadinn og ekki er hægt að kalla vitund – eins og við skiljum hugtakið.

- c. Samband hjartastöðvar og persónuleika verður náð þegar maðurinn er að leitast við að ná samstillingu við sálina. Slík samstilling er kennd í öllum sönnum dulfræðiskólum og frá upphafi hefur verið lögð áhersla á

hana í Arcane skólanum. Iðkun þessi, sem einkennist af réttum markmiðum, einbeitni og hugleiðingu, tengir persónuleikann sálinni og þannig Helgivaldinu. Samband við Helgivaldið næst sjálfkrafa þegar þessi samstilling þróast og beinu sálarsambandi er náð. Heildisvitund tekur við af vitund persónunnar og innflæði helgivaldsorku fylgir sem eðlileg afleiðing, því allar sálir tilheyra áhrifasviði Helgivaldsins. Þetta fastmótaða samband og það samspil, segulmagnað og geislandi, sem því fylgir, er sá þáttur sem veldur hinni endanlegu upplausn sálarlíkamans, eða orsakalíkamans, það gerist þegar sambandið nær sínu hæsta mögnunarstigi skilnings.

- d. Hjartastöðin er því sú stöð í efnislíkamanum sem Helgivaldið nýtir sem tæki í starfi sínu; hún er einnig miðill fyrir orku sálarinnar. Þegar ég nota hér orðið „sál“ er ég ekki aðeins að vísa til sálar einstaklingsins heldur og til sálar Plánetugudsins, en hvor um sig er afleiðing sameiningar anda og efnis, Föðurins og Móðurinnar. Hér er um að ræða mikla ráðgátu sem vitundarvígsla ein getur afhjúpað.
- e. Hjartastöðin endurspeglar orku kærleikans. Í þessu sambandi má bæta því við að þegar antahkarana hefur loks verið byggð, verða hinir þrír meginþættir andlegu þrenndarinnar tengdir hver á sínum stað innan etherlíkama vígsluhafans á meðan hann er í efnislegri birtingu. Vígsluhafinn er nú samþætt sál og persóna sem líf mónadsins getur streymt um að fullu.

1. Höfuðstöðin verður tengiliður hins andlega vilja, Atma.
2. Hjartastöðin verður miðlari hins andlega kærleiks, Búddhi.

3. Hálsstöðin verður tjáningarmiðill hins alheimslega huga, Manas.

Þegar vígsluhafinn vinnur að hinu guðlega markmiði í samræmi við áætlunina, stjórnar eða miðlar ennisstöðin samblandaðri orku hins guðlega manns. Hjartastöðin samsvarar „sólareldinum“ innan sólkerfisins og eðlis-eiginleiki hennar birtist í segulmætti og starfsemi hennar í útgeislun. Hún er líffæri þeirrar orku sem leiðir til samkenndar.

- f. Hin þetta efnisbirting hennar er hóstarkirtillinn. Lítið er enn vitað um þennan kirtil en margt mun koma í ljós þegar vísindamenn viðurkenna kenningar dulvísindanna og gera tilraunir í samræmi við þær. Þegar hjartastöðin þroskast eykst starfsemi hóstarkirtilsins á fullorðins-árum mannsins. Sú er ekki raunin enn. Hormónarnir sem hann framleiðir hafa ekki enn verið greindir og sálræn áhrif kirtilsins eru betur þekkt en hin efnislegu. Það er þekkt í nútíma sálfræði og læknisfræði, að þegar kirtillinn er of virkur veldur það ábyrgðarleysi og vöntun á siðferðisvitund. Þegar mannkynið fær skilning á eðli ábyrgðar, er það fyrsti vísirinn að sálartengingu, minnkandi áhrifum persónuleikans og að aukinni heildisvarurð, samhliða þeirri þróun munum við sjá hóstarkirtilinn ná réttri virkni. Enn sem komið er vinnur hið almenna ójafnvægi innkirtlakerfisins gegn öruggri og fullri starfsemi hóstarkirtilsins á fullorðinsárum mannsins. Milli heilakönguls og hóstarkirtils er samband sem enn er óþekkt og einnig milli þeirra beggja og orkustöðvarinnar við mænurót. Þegar andlega þrenndin verður virk innan persónuleikans, munu þessar þrjár orkustöðvar og efnisbirtingar þeirra vinna í samstillingu og ráða og



stjórna manningu í heild sinni. Þegar heilaköngullinn nær fullri virkni í manningu á fullorðinsárum hans (sem ekki er raunin nú) mun hinn guðlegi vilji-til-góðs koma í ljós og guðlegu markmiði verða náð; þegar hóstarkirtillinn verður á sama hátt virkur á fullorðinsárum mannsins, verður góðvilji ríkjandi og hið guðlega áform byrjar að sækja fram. Þetta er fyrsta skrefið til kærleiks, rétttra samskipta manna á milli og friðar. Góðviljinn er nú þegar farinn að koma í ljós í heiminum og það gefur til kynna að hjartastöðin sé að byrja að verða virk. Það er sönnun þess að hjartastöðin í höfuðstöðinni sé að byrja að opnast sem afleiðing af vaxandi starfsemi hjartastöðvarinnar við hrygginn.

- g. Hún er líffæri samruna á sama hátt og höfuðstöðin er líffæri samfjöllunar. Þegar hjartastöðin verður virk, fer neminn smám saman að tengjast sál sinni æ sterkari böndum og þá verður hann fyrir tveimur vitundarþenslum, sem hann túlkar í vitund sinni sem sérstaka atburði:
1. Hann fær inngöngu í ashram eins meistaranna, í samræmi við sálargeisla sinn og verður viðurkenndur lærisveinn í tæknilegum skilningi. Meistarinn er sjálfur hjartastöð ashramsins og hann getur nú tengst lærisveini sínum með milligöngu sálar hans, því lærisveinninn hefur, með samstillingu og snertingu, myndað náið samband milli hjartastöðvar sinnar og sálarinnar. Hann verður næmur á hjarta allra hluta en fyrir mannkynið nú á tímum er Helgivaldið það hjarta.
  2. Hann tengist mannkyninu náið í þjónustu og er knúinn til starfa og þjónustu af vaxandi ábyrgðartilfinningu sem vakin er af virkni hjartans. Hann verður

einnig sjálfur um síðir hjarta hóps eða samtaka. Í byrjun eru þau smá í sniðum en verða alþjóðleg eftir því sem andlegur máttur hans vex og þroskast og hann fer að hugsa út frá heildinu og mannkyninu. Þessi sambönd hans við heildið og mannkynið eru gagnverkandi. Þannig gerist hinn guðlegi meginþáttur kærleikans virkur í heimunum þrem og kærleikurinn er rótfestur á jörðinni og kemur í stað tilfinninga, langana og efnislegra þátta tilfinningalífsins. Takið eftir þessum orðum.

- h. Í upphafi þróunarferlisins, bæði hjá einstaklingi og kynþætti, teygja blöð tólfblaða hjartalótussins sig niður á við í átt til sólarplexusstöðvarinnar. Sú síðarnefnda hefur snúið upp á við frá því á dögum Atlantis en krónublöð hennar eru nú farin að teygja sig upp í átt til næstu stöðvar ofar með hryggnum, hjartastöðvarinnar, vegna áhrifa frá hægfara upphleðslu orku sólarplexusstöðvarinnar sem leitast við að sleppa frá „fangelsi hinna lægri sviða“ með aðferð ummyndunar. Sem afleiðing þessa er hjartastöðin að byrja að opnast og snúa sér smátt og smátt. Viðsnúningur „lótuss stöðvanna“ gerist ætíð sem afleiðing af tvíþættri virkni – þrýstings að neðan og togs að ofan.

Viðsnúningur hjartalótussins og opnun hans upp á við er til kominn vegna eftirfarandi þátta:

1. Helgivaldið færir nær og áhrif þess fara vaxandi.
2. Sálarsamband myndast í vaxandi mæli.
3. Hjartalótusinn svarar togi frá ashrami meistarans.
4. Ummynduð orka streymir upp frá stöðvum neðan þindar með milligöngu sólarplexusstöðvarinnar sem svörun við hinu andlega „togi.“

## 5. Skilningur mannsins á eðli kærleikans fer vaxandi.


Fleira kemur til, en þessi atriði eru auðveldust til skilnings, ef þið takið ekki táknmálið of bókstaflega. Fram til ársins 1400 eftir Krist, mætti lýsa sambandi sólarplexusstöðvarinnar við hjartastöðina á myndrænan hátt eins og sýnt er á teikningunni á bls. 164.

Við lok tímabils næsta kynstofns verður kærleikspátturinn í fullri birtingu og lótusarnir upp með hryggnum koma í ljós – allir fimm – eini mismunur þeirra verður fjöldi krónublaða á hverjum um sig.

Að lokum, þegar hinu stærra heimstímabili lýkur, hafa allir lótusarnir snúið sér, opnast og myndað hreinar rásir fyrir innstreymi og miðlun hinna þriggja guðlegu meginorkutegunda og fjögurra minni krafttegunda.

Hægt er að rekja margvíslega vanlíðan í hinum ýmsu líkómum mannsins til þessara stöðugu breytinga í orkustöðvunum og hins stöðuga orkuinnstreymis. Vanhæfni orkustöðvanna til að bregðast við eða opnast veldur í mörgum tilfellum sjúkdómum og erfiðleikum. Hinn ójafni þroski orkustöðvanna, hindrun í þróun þeirra og dauf svörun veldur vanda í öðrum tilfellum. Ótímabær opnun og ofvirkni veldur hættu í enn öðrum tilfellum. Mikil vandkvæði stafa af því að efnisstarfstækið þroskast ekki í samræmi við innri þróunina. Þannig að enn og aftur má sjá hve efnið er margflókið. *Stig kenningarinnar* er einfalt, nema að því leyti að það setur af stað krafta sem um síðir leiða til erfiðleika. Þegar lærisveinninn kemst á það stig, að hann fer að bregðast við áhrifum kenningarinnar og aðlagast henni, má búast við erfiðleikum og umróti í lífi hans, því það leiðir til tímabils tilrauna og reynslu sem er bæði mjög lærdómsríkt og þjáningarfullt. En síðar, þegar reynsla fæst, tekur við *stig hinnar andlegu tjáningar* með frelsi frá hættum og lausn frá erfiðleikum og sjúkdómum. Einfaldleika er aftur komið á.

## ENDURSP EGLUN ANDLEGU ÞRENN DARINNAR Í PERSÓNULEIKANUM



Endurspeglun andlegu þrenndarinnar í persónuleikanum er fullkomnuð þegar ennisstöðin er komin að fullu undir stjórn sálarinnar. Í skýringarmyndinni hér að ofan er ekki gerð nein tilraun til að teikna nákvæman fjölda krónublaða í hverri orkustöð fyrir sig.

*Uppbygging efnislíkamans*

Ekki er þörf á að skrifa mikið um þetta efni, því að eðli líkamans og formsins hefur verið viðfangsefni rannsókna og efni til íhugunar og umræðu hugsandi manna um aldir. Margar niðurstöður þeirra eru réttar í grundvallaratriðum. Athugendur nútímans viðurkenna lögmál hliðstæðnanna sem grundvallarforsendu og sjá stundum að hin hermetíska kenning, „Sem hið efra, svo hið neðra,“ getur varpað ljósi á vandamál samtímans. Eftirfarandi staðhæfingar geta skýrt málið:

1. Maðurinn í efnislíkama sínum er samheild, eining.
2. Þessi heild greinist í marga hluta og líffæri.
3. Þessir hlutar vinna saman sem eining og líkaminn er samstillt heild.
4. Hver þessara hluta hefur mismunandi form og hlutverk, en allir eru innbyrðis háðir hver öðrum.
5. Hver hluti og hvert líffæri er sjálft samsett úr sameindum, frumum og atómum, og þeim er haldið saman í sérstöku formi af lífi heildarinnar.
6. Líkamsheildin skiptist í grófum dráttum í fimm hluta, suma mikilvægari en aðra, en til samans mynda þeir lifandi líffærakerfi sem við nefnum mennska veru.
  - a. Höfuðið.
  - b. Efri hluti bolsins, eða sá hluti sem er ofan við þind.
  - c. Neðri hluti bolsins, eða sá hluti sem er neðan við þind.
  - d. Handleggirnir.
  - e. Fæturnir.

7. Þessi líffærakerfi hafa mismunandi hlutverk og rétt starfsemi þeirra og samhæfing skapar vellíðan heildarinnar.
8. Sérhvert líffæri býr yfir sínu eigin lífi sem er samheild lífs efnisatóma þess. Það er einnig gætt lífi sameinaðs lífs heildarinnar sem stýrt er frá höfðinu af vitrænum vilja eða orku hins andlega manns.
9. Mikilvægasti hluti líkamans er þrígreiningin: höfuðið, efri og neðri bolur. Maðurinn getur lifað lífinu án handleggja sinna og fóta.
10. Hver þessara þriggja hluta er einnig þrígreindur frá efnislegu sjónarmiði. Með því fæst samsvörun við hið þrígreinda eðli mannsins og níugreiningu hins fullkomnaða lífs mónadsins. Eftirfarandi upptalning líffæra er ekki tæmandi, en þau sem hér eru nefnd hafa innræðara gildi en önnur.
  - a. Innan höfuðsins eru:
    1. Fimm holrúm heilans, eða heilinn sem samsett og sameinað líffæri.
    2. Kirtlarnir þrír: carotid, heilaköngull og heiladingull.
    3. Augun tvö.
  - b. Innan efri hluta bolsins:
    1. Hálsinn.
    2. Lungun.
    3. Hjartað.
  - c. Innan neðri hluta bolsins:
    1. Miltað.
    2. Maginn.
    3. Kynfærin.

11. Líkaminn í heild er einnig þrígreinður:
  - a. Húðin og beinagrindin.
  - b. Blóð og æðakerfi.
  - c. Þríþætt taugakerfi.
  
12. Sérhver hluti þessarar þrígreiningar samsvarar hinum þrem eðlisþáttum mannsins:
  - a. Efnisformið: Húð og beinagrind samsvara hinum þetta líkama og etherlíkama mannsins.
  - b. Sálin: Blóðæðar og hringrásarkerfi eru samsvörun hinnar allt-umlykjandi sálar sem fyllir út í alla hluta sólkerfisins, rétt eins og blóðið nær út til allra hluta líkamans.
  - c. Andinn: Taugakerfið sem veitir orku um allt efnisform mannsins er samsvörunin við orku andans.
  
13. Í höfðinu er samsvörun við meginþátt andans, hinn stjórnandi vilja, Mónadinn, hinn Eina.
  - a. Heilinn með sínum fimm holrúmum samsvarar efnisforminu sem andinn lífgar. Hin fimmgreinda samheild er tækið sem andinn þarf á að halda til að tjá sig á efnissviðinu.
  - b. Kirtlarnir þrír í höfðinu eru nátengdir sálinni eða hinu sálræna eðli (æðra og lægra).
  - c. Augun tvö eru hliðstæður mónadsins á efnissviðinu, sem er vilji og kærleikur-viska, eða atma-búddhi, eftir því hvaða dulfræðileg hugtök eru notuð.
  
14. Í efri hluta bolsins er samsvörun við hið þrígreinda eðli sálarinnar.
  - a. Hálsinn, hliðstæða hins skapandi þriðja meginþáttar eða efnisformsins, hinir virku vitsmunir sálarinnar.

- b. Hjartað, kærleikur-viska sálarinnar, búddhi eða Krists-eðlisþátturinn.
- c. Lungun, samsvörunin við andardrátt lífsins, eru hliðstæða andans.

15. Í neðri hluta bolsins er einnig að finna þetta þrígreinda kerfi.
- a. Kynfærin, hinn skapandi eðlisþáttur sem býr til líkamann.
  - b. Maginn, sem efnisbirting sólarplexusstöðvarinnar, samsvarar sálinni.
  - c. Miltað, móttakandi orku og þess vegna efnisleg tjáning orkustöðvarinnar sem móttækur orku hins orkugefandi anda.

Mér er vel ljóst að atriðin sem ég hef sett hér fram eru tæknilegs eðlis; þau eru einnig torskilin og virðast gagnslítill. Spyrja má: Hvers vegna er nauðsynlegt að greina svo nákvæmlega frá efnislegum, sálrænum og kerfislegum smáatriðum, sem eru hreint fræðileg í eðli sínu, þegar hægt er að lækna með beitingu viljans og guðlegum krafti ásamt því að nota sérstök máttarorð? Slíkar hugmyndir eru réttar í grundvallaratriðum, en eru byggðar á misskilningi – í tíma og rúmi. *Ef* allir lækendur væru meistarar viskunnar, *ef* þeir væru allir skyggjir, *ef* þeir skildu karmalögmálið og hvernig það kemur fram í lífi sjúklingsins, *ef* þeir hefðu fulla samvinnu sjúklingsins og *ef* þeir gætu til viðbótar við öll ofangreind skilyrði notað viss orð og máttarsetningar, þá væri hin fræðilega þekking að sjálfsögðu óþörf. En þessum skilyrðum er ekki og getur ekki verið fullnægt. Lækendur eru yfirleitt ekki slíkum hæfileikum gæddir. Rétt er þó að þeir lækna oft (þó ekki eins oft og þeir halda), þegar góður árangur næst hefur þeim heppnast eitthvað af eftirfarandi:



Að lækna sjúklinginn þegar forlög hans mæltu svo fyrir og sál hans hafði því beint starfstæki sínu (hinum efnislega manni) inn í geislunaráru læknaða eða læknaðaheildis. Líkindi eru á því að sjúklingurinn hefði læknað hvort sem var, en lækningunni var flýtt vegna viðleitninnar og athyglinnar, auk trúar.

Að blanda sér í áætlun eða lífsmynstur sjúklingsins og á þann hátt seinka sérstakri andlegri fræðslu sem þörf var á. Mönnum hættir til að gleyma þessu. Þetta er of flókið viðfangsefni til að hægt sé að fjalla um það hér, en það kann að vera að ég geti skýrt það eitthvað nánar í síðasta hluta bókarinnar.

Það er því brýnt (þar til fyllri þekking er fyrir hendi) að læra meira um skipulag kraftanna og lífsorkunnar og orkunetin sem mynda líffærakerfi mannsins. Þörf er á hugrænum skilningi á því hvernig lækning fer fram, en ástæðurnar fyrir því að slíkt virðist bæði erfitt og flókið, óþarft og tímasóun, eru eftirfarandi:

Vanhæfni jafnvel hinna mestu hugsuða mannkynsins til að ná *heildarsýn* yfir viðfangsefnið. *Samföllunareiginleikinn er ekki enn fyrir hendi*. Eins og er verður að ná tökum á aðferðum og fræðslu skref fyrir skref, smáatriði eftir smáatriði, reglu eftir reglu, verklag eftir verklag. En fyrirheit framtíðarinnar eru skýr og hæfileiki mannsaugans til að skynja heildrænt, sýnir framtíðar möguleika mannkynsins. Hvernig augað til dæmis sér megindrætti landslags í einu svipleiftri. Eitt tillit hins upplýsta huga, ein máttug útgeislun kærleiks og læknaðinn eða læknaðaheildið veit hvort á að lækna, styðja við viðleitni sjúklingsins – sem tekur mun lengri tíma – eða láta það vera að lækna.

Tregða hins venjulega karls eða konu sem setur fyrir sig það nauðsynlega átak sem þarf til að ná tökum á hinni tæknilegu hlið lækninga. Það er svo miklu auðveldara að halla sér að guðdómi (guðdómi sem í raun er dulinn og tjáir sig ekki) og „treysta á Guð.“ Það er svo miklu auðveldara að skynja kærleikann og útgeislun kærleikans, heldur en að læra að stýra þeim ferlum sem virkja hann eða greina eðli þess sem lækna skal.

Þetta eru atriði sem þarfnast vandlegrar athygli og athugunar. Þau eru íhugunar verð. Hinn samfjallandi máttur hugans, grundvallaður á sönnum kærleik, mun síðar meir verða verkfæri allra sannra læknaenda. Til að brúa bilið yfir til framtíðarinnar og í þeim tilgangi að hjálpa til við að byggja upp hina komandi lækningarlist – byggða á skilningi á orku, innstreymi hennar og hringrás – mun þetta rit fjalla að einhverju leyti um hina fræðilegu hlið málsins. Hvað sem öðru líður eru sannindin sem sett eru fram raunveruleg og sannarlega fyrir hendi, sem og tilfinningarnar sem hinn almenni læknaði nefnir kærleik.


### *Meginorkustöðvarnar sjö (framhald)*

Við skulum nú halda áfram athugun okkar á orkustöðvunum. Við höfum nú þegar fjallað um þær fjórar sem liggja ofan þindar – stöðvarnar þrjár sem andlega þrenndin notar um síðir sem starfstæki og samfjöllunarstöðina, ennisstöðina, sem mun tjá hinn sameinaða persónuleika og verða beintengd sálinni. Við eigum eftir að athuga þrjár stöðvar til viðbótar, allar neðan við þind – sólarplexusstöðina, kynorkustöðina og mænurótarstöðina. Sólarplexusstöðin er mikilvægust nú fyrir alla leitendur. Almennt séð er kynorkustöðin virkust þegar litið er á mannkynið sem heild. Sú sem hefur minnsta virkni í líkamanum (frá sjónarmiði hins andlega manns) er rótarstöðin.

5. *Sólarplexusstöðin*. Hún er við hrygginn talsvert neðan við herðablöðin og er mjög virk. Á dögum Atlantis komst hún á mjög hátt þróunarstig, alveg eins og hálsstöðin er nú, á aríska tímanum, í hraðfara vöknun. Þessi orkustöð tengist á sérstakan hátt tveimur öðrum stöðvum: hjartastöðinni, ennisstöðinni og nú á tímum mynda þær í mannlíkamanum áhugaverðan orkuþríhyrning. Helgivaldið veitir þessum orkuþríhyrningi mikla athygli. Frá ennisstöðinni til hjartastöðvarinnar á sér stað niðurstreymi sálarorku í réttu hlutfalli við sálarsamband leitandans. Þetta veldur þrennu:

- Örvun hjartastöðvarinnar.
- Virkri svörun frá hjartastöðinni sem kallar fram örvun í ennisstöðinni og veldur því um síðir að persónuleikinn nær tókum á heildisvitund.
- Vöknun hjartastöðvarinnar í höfuðstöðinni.

Allt þetta gerist þó á auðveldari hátt ef sólarplexusstöðin hefur náð háu þróunarstigi hjá leitandanum. Hún hefur sjálf áhrif á hjartað og gagnverkandi áhrif á ennisstöðina. Af þessu leiðir að athuga þarf tvo mikilvæga þríhyrninga:



Þríhyrningavísindi eru sérstök grein innan stjörnuspekinnar. Á sama hátt munu síðar meir þróast þríhyrningavísindi sem tengjast lífkerfi mannsins. En sá tími er enn ekki kominn. Ég gef aðeins öðru hverju vísbendingar tengdar þessum vísindum sem geta verið viðfangsefni fyrir innsæi lærisveina.

- a. Í persónuleikanum er sólarplexusstöðin samsvörun „hjarta sólarinnar,“ á sama hátt og hjartastöðin. Hún er miðdepillinn í lífi persónuleikans hjá öllu mannkyni sem ekki hefur náð stigi reynslunemans. Á þeim tímamótum byrjar hugurinn greinilega að taka til starfa, þótt í litlum mæli sé. Hún er útstreymisstaður – ef nota má slíkt orð – fyrir geðlíkamann til ytri heimsins og starfstækið sem tilfinningaorkan flæðir um. Hún er líffæri löngunarinnar. Hún er gífurlega mikilvæg í lífi hins venjulega manns og stjórn hennar er lífsnauðsynleg fyrir leitandann. Hann *verður* að umbreyta löngun í andlega leit.
- b. Sólarplexusstöðin náði fullri virkni á Atlantistímanum, á því tímabili þegar annar meginkynstofn manna var í þróun. Orkustöðvarnar neðan við þind tengjast ekki eins ákveðið vitundarvígslum og þær sem eru ofan þindar, því þær eru orkustöðvar persónuleikans og þurfa að vera undir fullri stjórn sálarinnar þegar vitundarvígslur af ákveðinni gráðu eru teknar.
- c. Sólarplexusstöðin er hin mikla miðlunar- og hreinsistöð fyrir allar orkutegundir neðan þindar. Hér er vísað til þriggja meginstöðva og minni stöðvanna sem voru taldar upp á bls. 79. Tengsl stöðvarinnar við geðsviðið eru *skörp* (svo notað sé sérkennilegt orð). Hún tekur á móti öllum tilfinningasvörunum og löngunar-hugdettum og vegna þess að mannkynið nú á tímum er farið að starfa meira á

samfélagslegum grunni og hefur heildrænni viðhorf en nokkru sinni áður í sögunni er ástandið sérstaklega erfitt. Mannkynið er undir næstum því óbærilegum þrýstingi frá sólarplexusstöðinni, bæði þeirri einstaklingsbundnu og hinni samheildarlegu. Slíkar eru þolraunir vígslunnar! Ekki er ætlun mín að fjalla hér um það á hvern hátt lægri orkutegundirnar eru laðaðar að og innstilltar í sólarplexusstöðinni, þar sem þær eru ummyndaðar og hreinsaðar, þar til unnt er að senda þær inn í hjartastöðina. Margt af því tengist þeirri þjálfun sem viðurkenndur lærisveinn fær fyrir aðra vitundarvígsluna. Það yrði of margslungið mál að ræða um og myndi fela í sér sérstaka hættu fyrir þá sem ekki væru tilbúnir fyrir það ferli. Þetta gengur þó næstum því sjálfkrafa fyrir sig með *lifandi* starfi lærisveinsins. Sólarplexusstöðin er þannig sú stöð sem birtir í sér mestan aðgreiningarmátt allra stöðvanna, ef undan er skilin ennisstöðin, þegar um er að ræða mann á vinstri handar leiðinni. Ástæðan er sú að hún er miðsvæðis, á milli háls- og hjartastöðvar ofan þindar og kynorku- og mænurótarstöðvar neðan þindar. Þessi athugasemd hefur mikið gildi.

- d. Sólarplexusstöðin er sú stöð í etherlíkamanum sem mannkynið (venjulegt, óupplýst mannkyn) lifir, hrærist og hefur tilveru sína í. Mannkynið er mótað af þrá – góðri þrá, eigingjarnri þrá, rangri þrá og andlegri þrá. Um þessa stöð flæða flestar þær orkutegundir sem gera manninn framsækinn, vegna þess að hann er metorðagjarn; eigingjarnan, vegna þess að persónulegar þrár hans eru honum mikilvægar; og hverfflyndan, vegna þess að hann er geðrænt innstilltur. Hinu „bjarta ljósi sem myndað var á Atlantis“ er úthellt í gegnum hana og sambandi náð við astralljósið. Hún er því sú stöð sem flestir miðlar og skyggnt fólk nota. Síðar meir mun þetta fólk læra að starfa sem milliliðir og nota hæfileika sína

meðvitað og af skynsemi. Það býr þá yfir beinni skynjun, sem kemur í stað venjulegrar skyggni og verður vitundarstillt í ennisstöðinni. Sólarplexusstöðin er þar af leiðandi sú stöð í líkamanum sem veldur mestum truflunum og til hennar má rekja grunnorsök flestra magakvilla og truflana sem tengjast starfsemi lifrar. Allt svæðið rétt neðan við þind er í stöðugu óreiðuástandi hjá hinum almenna manni; það stafar bæði af einstaklingsbundnum og samheildarlegum orsökum.


Eftirtektarvert er að íhuga hér samsvörun á milli sólarplexus- og ennisstöðvar, því ennisstöðin er ráðandi stöð miðlunar og stjórnar, sem samræmir krafta persónuleikans þegar þeir hafa náð háu stigi þróunar, en sólarplexusstöðin felur í sér samfjöllun meðalþróaðra persónuleikakrafta áður en að persónusameiningu kemur og er mikilvæg söfnunarstöð sem stýrir og dreifir þessum samsöfnuðu lægri orkutegundum og kemur til skila til viðeigandi hærri orkustöðva:

1. Orku sólarplexusstöðvarinnar sjálfrar verður að beina til hjartastöðvarinnar.
2. Orku kynorkustöðvarinnar verður að miðla til hálsstöðvarinnar.
3. Orku mænurótarstöðvarinnar verður að flytja til höfuðstöðvarinnar.

Eftir þriðju vitundarvígsluna er þessum grunnorkutegundum lyft, stýrt eða dreift með viljabeitingu Andlegu þrenndarinnar. Þá mun „ljósið sem myndað var í Lemúríu“ (ljós kynorkustöðvarinnar) og „ljósið sem myndað var á Atlantis“ (ljós sólarplexusstöðvarinnar) deyja út og þessar tvær stöðvar verða einfaldlega móttakendur andlegra orkutegunda að ofan; þær munu ekki hafa yfir að ráða neinu eigin innra ljósi; ljósið

sem þær munu miðla kemur til þeirra frá sameiginlegum uppsprettum á ethersviðunum.

Hin þetta efnisbirting stöðvarinnar er briskirtillinn, en önnur efnisbirting hennar er maginn. Athyglisverðar eru vissar tengingar sólarplexusstöðvarinnar, en þær eru táknrænar bæði að formi til og merkingu. Um er að ræða:



Hér birtist aftur hugmyndin um miðstöð andlegrar orku (því geðheimskraftur er andlegur í eðli sínu) og þrjár efnisbirtingar hennar. Öll þessi þrjú þéttu efnisform nærast á kröftum og orku sólarplexusstöðvarinnar. Hér hef ég birt mjög mikilvæga staðreynd fyrir þá sem hafa áhuga á læknisfræðinámi frá innræðu sjónarmiði; réttilega metin mun hún leiða til skilnings á lækningarlistinni. Stjórn á sólarplexusstöðinni, rétt móttaka og losun orkutegundanna sem eru innstilltar í henni, mun hafa í för með sér meiriháttar hreinsun, öfluga styrkingu og kröftuga vernd hinna þriggja lífsnaudsynlegu líffæra sem er að finna í þessum hluta efnislíkama mannsins.

Þessi orkustöð er líffæri samfjöllunar, eins og ég hef áður bent á, hún dregur til sín allar hinar lágstæðari orkutegundir

mannsins, þegar hann er kominn á visst æðra stig í þroskaferli sínu. Hún er þá í raun verkfæri (þegar réttur skilningur og rétt stjórn er fyrir hendi) til aðstoðar við samþættingu lífs persónuleikans. Helstu vandamál þess manns, sem náð hefur háu þróunarstigi en hefur ekki enn neinar andlegar tilhneigingar, tengjast löngunum. Hver eru markmið hans? Að hverju stefnir hann? Hvaða metnað hefur hann? Og hvert vill hann beina kröftum sínum? Í samræmi við eðli þeirra krafta og orkutegunda sem hugsanalíf hans hefur á sólarplexusstöðina, verður ákvörðun hans, hvort hann heldur fram á við eftir vegi ljóssins, heldur sömu sjálfhverfu stöðu, eða tekur lægri leiðina sem leiðir til útpurrkunar á ljósi sálarinnar.

Okkur er sagt að krónublöð sólarplexusstöðvarinnar leiti upp á við í átt til hjartastöðvarinnar. Í raun merkir þetta að orka tilfinninganna, löngun og metnaður (hjá mannkyninu sem heild) leitar upp á við í áttina til hins æðri vegar.

Við skulum gefa því gaum hér að verkefni allra nema, sem eru að búa sig undir að feta vígslubrautina, er að flytja orku sólarplexusstöðvarinnar *sem slíkrar* og örva og opna hjartastöðina stig af stigi. Af eðlilegum orsökum eru það leitendur og lærisveinar sem eru fyrstir af fjölskyldu mannsins til að öðlast heildisvitund og þeir marka framvinduna fyrir þá sem á eftir koma. Þessu vitundarstigi ná þeir vegna þrýstings hins daglega lífs og kringumstæðna, en ekki með því að fara eftir sérstökum reglum eða stunda ákveðnar hugleiðsluæfingar. Síðar, áður en vissar meginvígslur eru teknar, er hægt að nota slíkar reglur og aðferðir í þeim tilgangi að veita vígsluhafanum skjóta og meðvitaða stjórn yfir geðlíkamanum og sólarplexusstöðinni, sem er miðstöð hans fyrir innstreymi inn í efnislíkamann og aftur þegar vissir mikilvægir orkuflutningar eiga sér stað á meðvitaðan hátt. Þrjár slíkar orkutilfærslur eru mikilvægastar:



1. Frá stöðvunum þrem neðan við þind inn í hjarta- háls- og ennisstöðina.
2. Frá stöðvunum tveim ofan við þind – hjarta- og hálsstöðinni – inn í ennisstöðina og þúsundblaða lótusinn í höfðinu.
3. Frá ennisstöðinni inn í höfuðstöðina, til marks um algjöra einingu allra orkutegundanna í etherlíkamanum í einn miðlægán orkupunkt dreifingar – undir beinni stjórn andlegu þrenndarinnar.

Það sem gerist við þessar þrjár mikilvægu atburðarásir og allar undanfarandi prófanir og tilraunir, veldur að sjálfsögðu álagi á efnislíkaman og er ástæða margra veikinda sem lærisveinar verða fyrir.

Það er því til dæmis augljóst, að tilfærsla á allri uppsafnaðri orku í sólarplexusstöðinni inn í hjartastöðina mun valda erfiðleikum, oft mjög alvarlegum; þetta er ástæðan fyrir því að nú á tímum deyr svo margt þroskað fólk úr hjartasjúkdómum. Á löngum ferli lífs og reynslu sálarinnar skiptir það tiltölulega litlu máli, en á hinu stutta lífsskeiði lærisveinsins hefur það í för með sér mikla erfiðleika og oft sorgir. Á sama hátt mun tilfærsla orkutegunda orkustöðvanna fimm upp með hryggnum inn í höfuðstöðvarnar bera með sér sín eigin vandamál. Örvun ennisstöðvarinnar, vegna innstillingar orkutegundanna þar, getur leitt til hörmulegra sálrænna vandamála. Maðurinn getur orðið stjórnlausri sjálfseksu að bráð um tíma, því allt er tímabundið í löngu lífi sálarinnar, og orðið að skrímsli í mannsmynd eins og Hitler og aðrir af sama sauðahúsi, þótt í minna mæli sé. Slæm tilfelli af flogaveiki geta einnig komið til, eða sjónin orðið fyrir áhrifum sem getur valdið blindu. Öll þessi atriði þarfnast vandlegar íhugunar.

6. *Kynorkustöðin*. Þessi orkustöð er neðarlega á spjaldhryggs-svæðinu og er mjög öflug, þar eð hún ræður kynlífinu. Eitt af því athyglisverða við þessa stöð er sú staðreynd að hún verður að vera sívirk allt þar til tveir þriðju hlutar mannkyns hafa tekið vitundarvígslu, því að kynæxlunin verður að halda áfram, svo að sálir á leið til fæðingar fái ný starfstæki. En eftir því sem mannkynið tekur meiri framförum, mun þessi stöð komast undir stjórn og starfsemi hennar verður vitræn byggð á þekkingu, innsæi og fíngerðari og æðri tengslum, en ekki á ótakmarkaðri og óhaminni löngun, eins og nú er raunin. Ég get ekki fjallað frekar um þetta efni, til þess er það of umfangsmikið. Ég get þó vakið athygli á því sem ég hef áður skrifað og legg til að einhver sem hefur áhuga og tíma safni saman öllu því sem ég hef sagt um kynlífið í bókum mínum svo að bæklingur um efnið geti komið út.
- a. Kynorkustöðin er samsvörun hinnar efnislegu sólar sem er uppspretta lífsorku og undirstaða lífsins á jörðinni.
  - b. Táknmál kynorkustöðvarinnar á fyrst og fremst við meðgöngutímann að fæðingu og með réttum skilningi er hægt að rekja og fylla út í heildarsöguna um getnað og formbyggingu, hvort sem um er að ræða efnisform manns, form hugmyndar, samtök sem byggð eru umhverfis einhver sannindi, eða form plánetu eða sólkerfis. Hún er ef til vill framar öllu öðru sú stöð sem hlýtur um síðir að tjá krafta HINS ÓPERSÓNULEGA og þar hlýtur hin mikla ráðgáta tvíhyggjunnar að verða leyst. Þessi lausn og túlkun á táknfræðinni verður að gerast með hugrænu starfi sem leiðir til þess að efnislegum svörunum er haldið í skefjum og unnið er með tilgang en ekki löngun.

Hugleiðið þetta. Þegar slíkur skilningur er fyrir hendi, erum við að nálgast það stig þegar mikil tilfærsla getur átt sér stað inn í æðri stöð sköpunar, hálsstöðina.

- c. Kynorkustöðin er því nátengd hinum efnisþétta þætti tilverunnar og orkuflæði er á milli þriggja staða í neðri hluta mannslíkamans:
1. Miltaðs, sem er líffæri fyrir þróun eða efnislega lífsorku frá sólinni.
  2. Kynorkustöðvarinnar, sem er ráðandi þáttur efnislegrar sköpunar.
  3. Orkustöðvarinnar við mænurót sem miðlar hinum lífgefandi eðlisþætti, lífsviljanum, um allt efnisform mannsins, allt þar til meginþáttur viljans er vaknaður í manningum.

Þetta myndar máttugan orkuþríhyrning sem tengist efni, formbyggingu, sköpun, lífkrafti og fastheldni við form. Þessi þríhyrningur er endurvarp af öðrum mun æðri sem samanstendur af:

1. Hálsstöðinni, sem samsvarar kynorkustöðinni.
2. Heiladinglinum, sem samsvarar miltastöðinni.
3. Heilakönglinum, sem samsvarar rótarstöðinni.


Í sambandi þessara tveggja þríhyrninga felst vísbending um þrjár hliðar ódauðleikans, það er hvötin til sjálfsviðhalds, framhaldslíf fingerðari líkamanna eftir dauða efnisformsins og sjálfur ódauðleikinn sem á aðsetur sitt í sálinni og tekur við þegar hinar tvær hafa lokið hlutverki sínu. Hér er sett fram þrennd hugmynda sem

ígrunda þarf mjög vandlega og – ef svo mætti segja – veitir skilning á hreyfingu spíritista.


- d. Kynorkustöðin tengist einnig ennisstöðinni þegar grannt er skoðað. Þessar tvær stöðvar skapa til samans virka tvennd sem getur af sér það óljósa eðli sem við nefnum *persónuleika*. Vítt svið rannsókna felst í persónuleikanum sem samþættri heild og í eðliseiginleika persónuleikans sem birtist í blæ, áhrifum, verkunum og útgeislun hans. Ég varpa þessum hugmyndum til nemenda, í þeirri von að það verði til þess að einhverjar rannsóknir fari fram sem hafi þann tilgang að tengja þetta viðfangsefni um orkustöðvarnar við viðurkenndar staðreyndir um mátt samhfæingar og samþættingar í sköpun mikilhæfra persónuleika.

Fyrir þau ykkar sem eruð að nema „*The Secret Doctrine*,“ er margt sem á eftir að koma í ljós um tengsl „tungljöfranna“ (Barhishad Pitris) og sólarengilsins. Verksvið hinna fyrrnefndu er kynorkustöðin fyrst og fremst; verksvið sólarengilsins er hálsstöðin.

- e. Kynorkustöðin birtir orku þriðja meginþáttar guðdómsins, alveg eins og sólarplexusstöðin birtir orku annars meginþáttarins og rótarstöðin tjáir orku fyrsta meginþáttarins. Hér sjáið þið aftur hvernig lægri orkustöðvarnar endurspeгла háls-, hjarta- og höfuðstöðvarnar og fullgera þannig æðri og lægri raunbirtingu guðlegu þrenningarinnar í mannum. Þessi orkustöð náði fullri virkni í Lemúríu hinni fornu, í hinum fyrsta mennska kynstofni. Orka hennar er orka Heilags Anda sem yfirskyggir ósnortið efni. Hér sjáum við einnig aðra guðlega endurspeglun í eftirfarandi táknumynd:



Í hinni guðlegu Hermafróditu (sem kemur fram á næsta sólkerfistímabili) verður um aðra samsetningu að ræða:



Aftur sérðu, bróðir minn, hvernig þríhyrningavísindin ráða öllum þáttum í uppbyggingu mannsins á sama hátt og þau ráða uppbyggingu sólkerfis. Við þessu er að búast.

- f. Hin þetta efnisbirting orkustöðvarinnar eru æxlunarfæri mannsins. Þau eru að grunni til eining, þó þau séu um tíma aðskilin í núverandi tvískiptri birtingu mannsins. Hafa verður í huga að þessi aðskilnaður elur á máttugri

hvöt til sameiningar og þessa þörf til sameiningar nefnum við kynhvöt. Kynhvötin er í raun eðlishvötin til sameiningar; fyrst og fremst líkamlegrar sameiningar. Hún er hin meðfædda (en mjög svo misskilda) frumregla launspekinnar, sem er nafnið sem við gefum hvötinni til sameiningar við guðdóminn. Eins og allt, sem snert er af óþroskuðum mönnum, hefur guðleg hugmynd verið brengluð og rangfærð og andleg þörf niðurlægð í efnislega löngun. Við höfum umsnúið orkustefnu kynorkustöðvarinnar, af því stafa hinar ofþroskuðu eðlishvatir og hegðun hins venjulega manns.

Ég gæti bætt miklu við ofangreint efni, en það yrði of viðamikilið og tímafrekt og myndi raska jafnvæginu í efnisniðurröðun bókarinnar.

Ég get lítið sagt um mænurótarstöðina. En áður en ég set fram það sem er gagnlegt eða mögulegt, myndi ég vilja benda á að skýringarmyndin á bls. 164 sýnir þróunarstig lærisveins en ekki háþroskaðs vígsluhafa. Hún er ekki heldur lýsing á venjulegum meðalmanni. Þetta sést á því að endurspeglun hjartastöðvarinnar í höfuðstöðinni er farin að vísa upp á við sem andsvar við vaxandi virkni sjálfrar hjartastöðvarinnar og myndun ennisstöðvarinnar er skýr og nákvæm, en það er til marks um samstilltan og sameinaðan persónuleika. Myndin er því ekki skýringarmynd af orkustöðvum hins venjulega eða óþroskaða manns. Ekki er mögulegt að gera meira með slíkum yfirlitsmyndum en að sýna eitthvert áfangastig, en hafa skal í huga að þessir áfangar eru ekki föst þrep, heldur er undanfari þeirra allra margs konar viðleitni, starfsemi og virkni sem hefur í för með sér síbreytilegar afleiðingar og verka á mismunandi þætti orkustöðvanna; í kjölfar þeirra koma önnur tímabil umbrota og breytinga og ný orka leysist úr læðingi. *Afleiðingar* hinna djúpu frumorsaka verða síðan aftur að *orsökum*, því að í hringrás

raunbirtingarinnar er ekki til neitt varanlegt eða fastmótað né endanlega ákvarðað. Þetta atriði er ákaflega mikilvægt. Því skulið þið ekki láta þá tíma, þar sem miklum áfanga virðist hafa verið náð, villa um fyrir ykkur. Þeir eru aðeins undanfari breytinga, því þannig er lögmál tilverunnar.

7. *Mænurótarstöðin*. Tilverulögmálið, sem vísað er til hér á undan, stjórnar og ræður þessari stöð frammar öllu öðru. Hún verður til þar sem andi og efni mætast og þar sem efni, María mey – undir áhrifum frá Heilögum Anda, orku etherlíkamans – er hafin „til himna,“ (eins og það er orðað í kristni) og „situr hjá Syni sínum í húsi Föðurins.“

Þessi stöð liggur alveg neðst við mænurót og er *undirstaða* allra annarra stöðva. Hún er tiltölulega óvirk nú á tímum, því hún er aðeins vakin til fullrar virkni með viljaákvörðun og undir stjórn vígsluhafans sjálfs. Hún bregst eingöngu við eðlisþætti viljans og viljinn-að-vera í holdgun er sá þáttur sem nú ræður lífi hennar og hefur sín áhrif, þar sem hann nærir og stjórnar eðlisþætti lífsins í efni og formi. Okkur er sagt að eðlisþáttur lífsins eigi „aðsetur í hjartanu,“ á sama hátt hefur viljinn-til-að-vera aðsetur í mænurótinni. Mikið hefur verið um fánýtt og hættulegt hjal um þessa stöð og „kúndalini eldinn“ hafa gervi-dulfræðingar heimsins gert að spennandi og tælandi ævintýri. Hinn sanni dulfræðingur í þjálfun skiptir sér ekkert af kúndalini eldinum – í almennri merkingu þess orðs. Mér er ekki mögulegt að gera meira en að útskýra fyrir ykkur fáeinar staðreyndir og jafnframt verð ég að forðast að gefa til kynna aðferðir við að vekja upp starfsemi þessarar stöðvar, vegna þeirrar miklu hættu sem felst í ótímabærri örvun rótarstöðvarinnar. Besta sem ég get gert er að telja upp nokkrar staðhæfingar sem skiljast munu á réttan hátt af þeim sem vita (en þeir eru enn sem komið er fáir og strjálir) og gætu aukið skilning þeirra sem eru í þjálfun og gefið þeim


heldur fyllri mynd, en forðað hinum fáfróðu frá slysum. Ég mun hafa þessar staðhæfingar eins skýrar og stuttar og mögulegt er, en svo til engar skýringar munu fylgja þeim.

1. Í rótarstöðinni mætast efni og andi samkvæmt þróunarlögmálinu og lífið tengist forminu.
2. Hún er því stöðin þar sem pólarnir í tvíeðli hins raunbirta guðdóms – manns eða Plánetulogoss – mætast og skapa form.
3. Eðli þessa guðdóms er aðeins gert opinbert, þegar annar eðlisþátturinn hefur fullkomnað sitt verk með tilstilli þriðja eðlisþáttarins og undir viljastjórn fyrsta eðlisþáttarins.
4. Hún er stöðin þar sem „slanga Guðs“ gengst undir tvenns konar ummyndanir:
  - a. Slanga efnisins liggur hringuð.
  - b. Slangan er ummynduð í slöngu viskunnar.
  - c. Slöngu viskunnar er umbreytt í „dreka hins lifandi ljóss.“
5. Þessi þrjú stig nærast á lífi og orku sem streymir niður endilanga hryggsúluna um etherhliðstæðu mænunnar, og – í tíma og rúmi – veldur þetta niðurstreymi (með samhliða uppstreymi orku lífsins):
  - a. Hægfara og skipulegri vöknun orkustöðvanna í samræmi við geislagerðir.
  - b. Viðsnúningi orkustöðvanna, svo að vitund hins innri manns hæfi umhverfi hans.
  - c. Samþættingu lífsorku allra orkustöðvanna, til samræmis við kröfur vígsluhafans og þjónustu Helgivaldsins og mannkynsins.
6. Í hryggnum býr þrefaldur þráður (frá sjónarhóli hinna innræðu vísinda). Hann er ytri birting á antahkarana og er samþættur úr hinni eiginlegu antahkarana, sútratma eða lífþræðinum og hinum skapandi þræði. Þessi þre-



faldi þráður í hryggsúlunni er því samþættur úr þrem orkuþráðum sem hafa gert sér rásir í innra efni súlunnar eða „þrefaldan veg inngöngu og útgöngu.“ Með orðum Hindúa kallast þeir: *ída, þíngala og súshúmna* leiðirnar, saman mynda þær leið lífsins fyrir einstaklinginn og eru vaktar til virkni hver á fætur annarri í samræmi við geisla og þróunarstöðu. Súshúmna leiðin er ekki notuð rétt og örugglega fyrr en antahkarana hefur verið byggð og mónadinn og persónuleikinn hafa tengst, jafnvel þótt ekki sé nema með hinum fingerðasta þræði. Þá getur mónadinn, Faðirinn, eðlisþáttur viljans, snert persónuleikann beint, vakið grunnstöðina og með henni blandað, sameinað og reist eldana þrjá.

7. Í gegnum eina þessara leiða flæðir orkan sem nærir efnið. Önnur tengist leið vitundarinnar og þróun hins sálræna næmleika. Sú þriðja er leið hins hreina anda. Á þann hátt starfa Faðirinn, Móðirin og Sonurinn í öllum lífsformum. Líf-vitund-form og líf-eðliseiginleiki-birting blandast og tjáningartæki hins guðlega manns er fullkomnað og gerir honum fært að snerta og skynja hina guðlegu meginþætti í ríkjum náttúrunnar, á plánetunni og – um síðir – í sólkerfinu.




Freistist ekki til að staðfæra þessi samfléttuðu svið lifandi orku hægra eða vinstra megin við mænuna. Hreyfing, samspil og umsnúningur gerist án afláts. Ég get aðeins sett fram táknmynd sem gefur til kynna hina sérstöku

leið hinna þriggja orkutegunda guðlegu Þrenndarinnar. Ég gef *ekki* til kynna *raunverulega legu þeirra*, því það er slík efnisleg og staðfærð framsetning á hugmyndinni sem hefur valdið svo mikilli hættu. Vígsluneminn reynir að ná tökum á sambandi grunn-orkutegundanna þriggja, þrem leiðum hins lifandi elds, sambandi þeirra, innbyrðis skyldleika og samfelldri mögnun. Hann reynir ekki að þrengja fræðsluna niður í punkta, línur og staði, því að sá tími kemur að slík hugtök verða merkingarlítill fyrir honum og hann veit betur.

8. Þessir þrír vegir lífsins eru rásir fyrir rafmagnseld, sólareld og viðnámseld, notkun þeirra tengist hinum þrem stigum á vegi þróunarinnar: efnisþróuninni á fyrri stigum, braut reynslunemans og fyrri stigum vígslubrautarinnar fram að þriðju vígslu og vígslubrautinni sjálfri.
9. Kúndalini eldurinn, sem svo mikið hefur verið kennt og ritað um í Austurlöndum og í vaxandi mæli á Vesturlöndum, er í raun eining þessara þriggja elda, sem eru samstilltir í rótarstöðinni með notkun hins upplýsta vilja fyrir tilhvöt kærleikans. Þessum sameinaða eldi er síðan lyft með notkun máttarorðs (sem mónadinn magnar fram með vilja sínum) og með sameinuðu áhrifavaldi sálarinnar og persónuleikans, samhæfðum og lifandi. Sá maður sem getur gert þetta með fullri vitund er því vígsluhafi sem lagt hefur þriðju vitundarvígsluna að baki. Hann og hann einn, getur lyft þessum þrefalda eldi frá mænurótarstöð til höfuðstöðvar án áhættu.
10. Hin venjulega túlkun fáfróðra dulfræðinema í hinum ýmsu dulfræðihópum er sú að kúndalini eldurinn sé eitthvað sem verði „að lyfta,“ og þegar honum hafi verið lyft muni allar orkustöðvarnar verða virkar og rásirnar upp og niður hryggsúluna hreinsast af öllum hindrunum. Þetta er hættuleg alhæfing og umsnúningur staðreynda. Kúndalini eldinum verður lyft til himna, *þegar* allar orkustöðvarnar eru vaknaðar og rásirnar upp hrygginn eru

hindrunarlausar. Þessi fjarlæging allra hindrana er árangur af lífsmætti hverrar einstakrar stöðvar sem af mætti sínum eru sjálfar virkar í eyðingu allra hindrana og tálmana. Þær geta „brennt upp“ allt sem hindrar geislun þeirra. Það sem venjulega gerist í slysatilfellum, þeim sem gera svo mikinn skaða, er að leitandanum tekst í fávisku sinni og forvitni og með hugrænu átaki (ekki hins andlega vilja, heldur með beitingu persónulega viljans), að vekja þann lægsta af eldunum þrem, eld efnisins, viðnámseldinn; það veldur ótímabærum bruna og eyðileggur etherhimnurnar í etherlíkamanum. Þessar hringlaga skífur eða himnur er að finna milli orkustöðvanna upp með hryggnum og í höfðinu. Þær eyðast á eðlilegan hátt með hreinu lífverni, eftir því sem tilfinningalífið kemst undir stjórn og hinn andlegi vilji þroskast.



Þessar himnur eru fjórar talsins. Þær eyðast smátt og smátt, eðlilega og sjálfkrafa, þegar hinn fjórfaldi persónuleiki er háþróaður og ennisstöðin að vakna. Himnurnar í höfðinu eru mun fíngerðari og hafa æðri eiginleika. Þær skipta höfðinu, lárétt og lóðrétt og eru þannig táknræn mynd af Krossinum sem Sonur Guðs er krossfestur á.

11. Rásirnar þrjár upp hrygginn eru í heild sinni nærmar fyrir áhrifum eftirfarandi þriggja orkustöðva:
  - a. Sólarplexusstöðinni, láta þannig í té löngunar-hvöt og næra líf efnisins og sköpunarþörfina.
  - b. Hjartastöðinni, láta þannig í té kærleiks-hvöt og snerta meðvitað sífellt víðara svið guðlegrar tjáningar.
  - c. Höfuðstöðinni, láta þannig í té máttar-hvöt viljans til að lifa.

Ég geri ekki uppskátt um tengsl orkustöðva og rása, nema að súshúmna rásin andsvarar *aðeins* orku höfuðstöðvarinnar og hinum stjórnandi vilja sem er miðstilltur í þúsundblaða lótusnum. Óhætt er að gefa þetta upp, þar sem andlegi viljinn er enn óþroskaður hjá þeim sem eru að reyna að vekja upp kúndalini. Þegar hún er vakin, munu þeir vita hvað þeir geta gert án þess að stofna sér í hættu.

12. Orkustöðvarnar þrjár í höfðinu eru einnig tengdar þessari þrígreindu rás:
  - a. Svæðið kringum mænukólfinn (medulla oblongata og stóra alta stöðin) og carotid kirtillinn.
  - b. Ennisstöðin og heiladingullinn.
  - c. Þúsundblaða lótusinn og heilaköngullinn.

Áhugavert er fyrir nema að tengja allar þessar þrenndir megingeislunum þrem:

- a. Fyrsta geisla vilja eða máttar,

- b. öðrum geisla kærleiks-visku,
- c. þriðja geisla virkra vitsmuna,

og einnig þrem megin kynstofnum manna sem eru búnir mættinum til að þroska fræ þessara guðlegu meginþátta: kynstofnum Lemúríu, Atlantis og núverandi aríska kynstofninum. Þessa þrjá er hægt að tengja, *sem fræ*, tveim síðustu kynstofnunum sem munu sameina og samþætta öll ofangreind öfl, eiginleika, árangur og markmið í eitt fullkomnað plánetulíf.

Annars konar samþætting er einnig möguleg og mikilvæg:

- a. Vegur þróunarinnar ..... stöðvar neðan þindar.
- b. Vegur lærisveinsins ..... stöðvar ofan þindar.
- c. Vegur vígslunnar ..... stöðvar í höfðinu.

Allir þessir hópar og þrenndir tengjast hinni þriggreindu mænu í tíma og rúmi.

13. Einnig er um að ræða einn lokapunkt fullkominnar samþættingar í tengslum við sérhverja ofangreinda samfjöllunarstöð líkamans. Ég tel upp hvern fyrir sig í þeirri röð sem samþættingarstarfið fer fram:
    - a. Sólarplexusstöðin, sem samþættir orkustöðvarnar neðan þindar.
    - b. Ennisstöðin, sem samþættir stöðvarnar bæði neðan og ofan þindar.
    - c. Mænurótarstöðin, sem samþættir allar stöðvarnar sex.
    - d. Þúsundblaða lótusinn í höfðinu, sem samþættir allar orkutegundirnar sjö.
- Hafið hugfast í sambandi við allt sem hér að ofan er talið,

að við erum eingöngu að fjalla um krafta og orku sem eru að verki í etherlíkamanum; að við erum að fjalla um þriðja stigið í orsakaröðinni sem stýrir og mótar lífheim hinnar þéttu efnislegu raunbirtingar. Þessi efnislega birting er sjálf háð áhrifum frá heimi hins meðvitaða lífs sem er annað stigið í orsakaröðinni, sem í tíma og rúmi svarar síðan áhrifum frá innsta stigi orsakanna, eða hinum máttuga heimi tilgangs og Tilvistar.

Lausnin á ráðgátu alls lífs sálarinnar liggur falin í orðum mínum, en til að hafa gagn af þekkingunni sem látin er í té og til að sjá lykilhugsunina sem býr að baki formi orðanna og gefur þeim líf og skapandi hlýju – í dulfræðilegum skilningi – þarf líf ástundunar og uppljómaðan huga.

Hafið skýrt í huga hugmyndina um örvun eða skort örvunar, samspil eða sundrunu, virkni eða óvirkni, því að í þessum andstæðum er að finna orsakir heilsu eða vanheilsu.

### *Etherlíkaminn, tauga- og innkirtlakerfin*

Það sem ég hef um þetta efni að segja byggist á vissum athugasemdum á undanfarandi blaðsíðum, þar sem ég benti á að

1. etherlíkaminn sjálfur
2. taugakerfið
3. innkirtlakerfið

„tengjast hvert öðru mjög náið og mynda samfléttað stjórnkerfi orkutegunda og krafta sem er í eðli sínu lífgefandi, hvetjandi, kraftmikið og skapandi.... Á þeim byggist öll innri heilsa líkamans.“ Við þetta þrennt bætti ég blóðrásinni, sem ber með sér

1. eðlisþátt lífsins

## 2. sameinaðar orkutegundir hinna þriggja ofangreindu kerfa

og benti á að hinar miklu samstæður krafta, sem nefna má andstæðupör krafta, eru ráðandi þættir í frumorsökum heilsu og vanheilsu. Með þessum staðhæfingum er ég að leitast við að einfalda viðfangsefni okkar eins og mögulegt er. Með því móti glatast hluti sannindanna, en nauðsynlegt er að neminn nái að greina vissar víðtækar alhæfingar áður en hann byrjar að athuga frávik og fást við smáatriði líkamans, galla hans eða andstæður þeirra.

Dulfræðinemum er vel kunn sú staðreynd að etherlíkaminn mótar, ræður og ákvarðar líftjáningu og framkomu hins holdgaða einstaklings. Það er einnig vitað að etherlíkaminn miðlar kröftum persónuleikans með milligöngu orkustöðvanna og örvar þannig efnislíkamann til virkni. Kraftarnir, sem berast í gegnum orkustöðvarnar, eru sameinaðir kraftar hins sameinaða persónuleika, eða einfaldlega kraftar geð- eða tilfinningalíkamans og huglíkamans; þær miðla einnig kröftum persónugeislans eða orku sálargeislans, í samræmi við þróunarstöðu mannsins. Efnislíkaminn er því ekki sjálfstæður eðlisþáttur. *Hann mótast en mótar ekki* – atriði sem oft vill gleymast. Hann er algerlega háður lífi persónuleikans eða tákni fyrir sigursæla birtingu sálarorkunnar. Af þessum sökum munu vísindi sálfræðinnar verða ráðandi í læknavísindunum næstu tvær aldirnar, nema á sviði þeirra sjúkdóma sem við munum fjalla um í næsta kafla. Það eru sjúkdómar sem stafa af samfélagslegum orsökum, svo sem berklar, kynsjúkdómar og krabbamein. Ekki verður mögulegt að beita almennum sálfræðihugtökum við sjúkdómama, sem eru eðlislægir í plánetunni okkar, fyrr en mannkynið hefur öðlast fyllri heildisvitund (nokkuð sem enn er í fjarlægri framtíð). Við getum samt sem áður tekið til athugunar meðhöndlun á samskonar erfiðleikum einstaklinga; grundvöllur þeirra er

barátta andstæðra afla og ósamræmi sem gætir í umræddum þrem stjórnkerfum.

Þið þurfið því að hafa þrjú stjórnkerfi í huga og eitt flutnings- eða dreifikerfi, að viðbættri þeirri dulfræðilegu grundvallarstaðreynd, að ákveðnar máttugar andstæðar orkutegundir, sem eru að verki innan líkamans, valdi því sem við nefnum sjúkdóm. Til viðbótar ofangreindum atriðum vil ég bæta annarri nauðsynlegri samsvörun. Ég vil minna ykkur á að við erum að fást við lífform, öll slík form eru sjálf gædd skapandi mætti og geta hugsanlega skapað fleiri form eða umhverfi sem slík form geta lifað í. Takið eftir þessari framsetningu grundvallarsanninda. Grundvöllur allra dulfræðikenninga viðvíkjandi raunbirtingu byggist á tilveru byggingarkraftanna og því að tilvera þeirra er staðreynd, hvort sem átt er við Líf sólkerfis eða aðeins vitund þess líkama sem mennsk vera notar og lifir í – á heilbrigðan eða óheilbrigðan hátt; viðfangsefni okkar er heimslíkaminn sem myndar umhverfi mannsins. Vegna þessa stöndum við andspænis öðru náttúrulögmáli sem orða má einfaldlega á eftirfarandi hátt:

## VI. LÖGMÁL

*Þegar byggingarorka sálarinnar er virk í líkamanum ríkir heilbrigði, hreint samspil og rétt virkni. Þegar byggjendur líkamans eru tungljöfrarnir og þeir sem vinna undir áhrifavaldi tunglsins og samkvæmt fyrirmælum hins lægra persónulega sjálfs, þá ríkjá sjúkdómar, heilsuleysi og dauði.*

Þetta er djúptæk einföld regla, en hún lætur í té vísbendingu um orsakir sjúkdóma og ástæðuna fyrir áunnum ódauðleika. Innan fárra ára verður skilningur manna á henni mjög skýr og yfirgripsmikill, hún mun þá koma í staðinn fyrir hin óraunsönnu



og ósönnu kenningakerfi sem kölluð eru Eining (*Unity*), Hugræn vísindi (*Mental Science*) og Kristileg vísindi (*Christian Science*). Þessi kerfi setja fram, sem tafarlausan og sannanlegan möguleika, eina endanlega lausn frá þeim eðlilegu og efnislegu takmörkunum sem nú á tímum ráða öllum formum. Þau líta framhjá þætti tímans og gleyma ferli þróunarinnar og einnig þróunarstöðu viðkomandi persónu. Afstaða þeirra byggist á óskhyggju og hinni meðfæddu löngun hins venjulega manns eftir þægindum og efnalegu jafnvægi. Í framsetningu sinni á sannleikanum fegra þau hið eigingjarna eðli með tilvitnun til þess að allt sé gert fyrir eilífa dýrð Guðs. Sjúkdómar og efnislegar takmarkanir af öllum gerðum munu vissulega hverfa, en það verður aðeins þegar sál einstaklingsins ræður og hið lægra persónulega sjálf verður á sama hátt verkfæri sálarinnar, eins og efnislíkaminn er nú á tímum verkfæri tilfinningalífsins, hugans og stöku sinnum sálarinnar, en um slíkt er sjaldan að ræða hjá meirihluta fólks.

Sjúkdómar munu ekki hverfa fyrr en sálin endurbyggir musteri líkamans meðvitað og í samvinnu við persónuleikann og viðheldur því síðan fullu af ljósi. Þessi mótun sálarinnar er samt sem áður vísindalegt ferli; á fyrri stigum lærisveinstímans (sem er tímabilið þar sem sálin byrjar að ná tökum á starfstæki sínu, persónuleikanum) leiðir það óhjákvæmilega til átaka, aukins álags og ósjaldan til aukinnar vanheilsu og ósamræmis. Misræmið og vanheilsan leiða til mikilla óumflýjanlegra erfiðleika sem valda óæskilegum afleiðingum. Afleiðingarnar verða yfirunnar, en á aðlögunartímanum, þegar þær eru að koma upp á yfirborðið, verður mikið um þjáningu, líkamlega og sálræna, og alla þá meiri og minni erfiðleika sem virðast hlutskipti manna.

Hjá óþroskuðu mannkyni eru slík átök nær óþekkt frá sjónarmiði vitundar. Næmni fyrir fingerðari sjúkdómum

sem stafa frá stjórnkerfunum þrem er mun minni, en um leið er aukin svörun við eðlislægu sjúkdómunum þrem, smitsjúkdómum og hinum miklu plágum sem herja á heilar þjóðir og stór landsvæði. Eftir því sem mannkynið þróast verða sjúkdómar þess persónulegri (ef ég má orða það svo) og ekki jafn greinilega tengdir samfélagsaðstæðum. Þeir eiga upptök sín hjá persónunni sjálfri og þó þeir geti verið skyldir farsóttum, eru orsakir þeirra einstaklingsbundnar.

Þegar maðurinn tekur sig út úr fjöldanum, stígur út á braut reynslunemans og býr sig þannig undir lærisveinsstigið, mynda sjúkdómar holdsins og ósamræmi alls hins þrefalda kerfis, ásamt flæði dreifikerfisins, *meðvitað vandamál* sem leitandinn verður sjálfur að glíma við – og þannig verður honum ljós þörfin fyrir vísitæða og skapandi uppbyggingu.

Það er á þessum tímamótum sem kenningin um endurholdgun fær sitt mesta gildi; lærisveinninn byrjar að móta aðstæður sínar; hann fer að skapa þau form og byggja þau starfstæki sem munu reynast hæfari fyrir stjórn sálarinnar á öðru æviskeiði og verða tæki sem duga betur til að halda áfram í átt til þeirrar fullkomnunar sem sálin krefst. Ég vil benda á að lærisveinn einbeitir sér aldrei að efnislíkamanum, né leggur áherslu á efnisleg atriði til að eyða sjúkdómum og ósamræmi. Hann byrjar á sálfræðinni sem sálin kennir og hefst handa við að móta þær orsakir sem valda afleiðingum á efnissviðinu. *Þetta er hægara ferli, en endist.* Mikið af hinni mögnuðu sjálfsefjun sem kennd er í kenningakerfum, tengdum Kristilegum vísindum og Einingu, hefur aðeins tímabundin áhrif og byggist á vísindalegri aðferð til bælingar og á afneitun staðreynda. Þau eru ekki byggð á sannindum. Á seinna æviskeiði mun hið bælda birtast aftur af enn meiri krafti og þessu heldur fram þar til áhuganum sleppir og áherslan í lífinu færist yfir á sálarsamband og líftjáningin beinist út á við í þjónustu við náungann.

Hér vil ég setja fram vissar víðtækar alhæfingar, sem gætu

verið gagnlegar í sambandi við sjúkdóma líkamans og tengsl þeirra við orkustöðvarnar (sem líta má á sem miðstöðvar fyrir orku frá ýmsum uppsprettum). Hafa verður þó í huga að undantekningar geta verið frá þeim öllum, einkum í því er snýr að heilsu eða heilsuleysi lærisveina.

1. Sérhver hinna sjö meginorkustöðva ræður eða mótar – frá efnislegu sjónarmiði sem og sálinni og eðlisþætti lífsins – það svæði efnislíkamans sem er næst henni, ásamt öllum þeim mörgu smærri orkustöðvum og kraftsveipum sem þar er að finna.
2. Í hverri stöð er að finna tákmynd hinna þriggja grundvallandi meginþátta guðdómsins í birtingu:
  - a. Eðlisþáttur lífsins, fyrsti eðlisþátturinn, afhjúpast þegar öll stöðin hefur opnast eða er vöknud á innræðan hátt. Hann er alltaf fyrir hendi í duldu ástandi, en hann er ekki virkur þáttur, sem leiðir örvun frá mónadinum, fyrr en undir lok hinnar miklu hringrásar þróunarinnar.
  - b. Eiginleiki eða eðlisþáttur sálarinnar afhjúpast smám saman í rás þróunarinnar og veldur í tíma og rúmi hinum sérstöku áhrifum orkustöðvarinnar á umhverfi sitt. Þessi eiginleiki er háður geislanum (geisla persónu eða sálar) sem er uppspretta innstreymandi orku, eða geislanum sem ræður geðlíkamanum, þegar um er að ræða þá sem skammt eru komnir á þróunarbrautinni; hann er einnig háður þróunarstöðu og geislunaráhrifum annarra orkustöðva.
  - c. Birting orkustöðvar í etherlíkamanum, þróaðrar eða í þróun, gefur til kynna stöðu mannsins í stiga þróunarinnar, kynþáttatengsl hans og meðvitað markmið; þetta markmið getur spannað mjög vítt svið allt frá áherslu á kynlíf, og þarf af leiðandi virkni

kynorkustöðvarinnar, til markmiðs vígsluhafans sem vekur höfuðstöðina til virkni. Allt þetta hefur áhrif á líkamsvefi, efni og lífræn form sem eru umhverfis og innan áhrifasviðs orkustöðvarinnar. Þetta áhrifasvið er breytilegt eftir starfsemi orkustöðvarinnar og er háð þróunarstöðunni sem einstaklingurinn hefur náð og hinni ráðandi orkutegund sem hann andsvarar.

3. Innstreymandi orku er umbreytt í krafta innan orkustöðvarinnar. Upphaflega orkan greinist í undirflokkka með sjálfvirkum hætti; hraði umbreytingarinnar, styrkur hinna samsöfnuðu krafta sem myndast og tilsvarendi virk geislun (sem hefur mótandi áhrif á hinn þetta efnislíkama) eru háð þroska orkustöðvarinnar og hvort hún hafi opnast eða sé enn lokuð.
4. Kraftarnir sem stafa frá orkustöðinni leika um etheríska hliðstæðu hins flókna nets tauga sem til samans mynda taugakerfið. Þessi innri fingerða hliðstæða tauganna nefnist „nadíur“ í heimspeki Hindúa; þær mynda flókin og víðfeðman vef flæðandi orku sem er óáþreifanlegt innra kerfi samhliða taugakerfi líkamans, en hið síðarnefnda er í raun ytri birting þessara innri orkubrauta. Ekkert orð er enn til í enskri tungu né í nokkru öðru evrópsku tungumáli yfir hið forna orð „nadí,“ vegna þess að tilvist þessa óhlutlæga kerfis er enn óþekkt, aðeins hin efnislega hugmynd um taugarnar sem tæki til að bregðast við hinu hlutlæga ytra umhverfi er viðurkennd á Vesturlöndum. Sú hugmynd, að taugarnar séu efnisþétt afleiðing af næmu innra skyntæki, er enn óskilgreind og óþekkt í nútíma vísindum Vesturlanda. Þegar þetta fingerða efni eða

orkuþræðir, sem er undirstaða hinna efnisþéttari tauga, er orðið þekkt og viðurkennt, höfum við nálgast til muna lausn á heildarvandamáli heilsu og vanheilsu og færst nær veröld orsakanna sem því nemur. Þessi vefur nafianna myndar sérstakt lífsmynstur sem er mismunandi *eftir geisla persónuleikans*.

5. Nafiurnar ákvarða því eðli og eiginleika taugakerfisins með öllu sínu víðfedma neti taugaþráða og taugahnoða sem kvíslast um allan efnislíkamann. Nafiurnar ásamt taugakerfinu tengjast fyrst og fremst tveimur þáttum í efnislegu starfstæki mannsins – meginorkustöðvunum sjö í etherlíkamanum (þessu veigamikla orkukerfi sem er undirstaða þetta efnislíkamans) og hryggnum ásamt höfðinu. Hafa verður ætíð í huga að etherlíkaminn er efnislegur líkami, þótt hann sé samsettur úr fingerðara efni en sá sem við getum séð og snert. Hann er gerður úr efni sem myndar undirstöðu allra þátta efnisþetta starfstækisins. Þetta atriði mun vekja athygli lækna og upplýstra lækna á komandi tímum. Þegar tengsl nafianna og tauganna og sameiginleg tengsl þeirra við orkustöðvarnar og hryggsúluna verða viðurkennd, munum við verða vitni að mikilli byltingu í lækningaráferðum og geðlækningum. Tilraunir munu leiða í ljós að eftir því sem nánara samspili er komið á milli nafianna og tauganna, þeim mun fyrr er hægt að ná tökum á sjúkdómnum.
6. Nafiurnar í efnislíkamanum samsvara eðlisþætti lífsins eða andans; taugarnar samsvara eðlisþætti sálarinnar eða eðliseiginleikans. Innkirtlakerfið, sem er sameinuð raunbirting þeirra beggja, samsvarar eðlisþætti formsins eða efnisins. Nafiurnar, taugakerfið og kirtlarnir eru

samsvörun guðlegu meginþáttanna þriggja á efnissviðinu; þau mótast af eðlisþáttunum á innræðan hátt og maðurinn á efnissviðinu er það sem hann er vegna þeirra. Þessi þrjú kerfi verða sjálf fyrir mótandi áhrifum frá einhverjum innri eðlisþætti með milligöngu orkustöðvanna sjö, eins og við höfum áður séð. Þessi mótandi eðlisþáttur getur verið geð- eða huglíkaminn, eða hinn sameinaði persónuleiki, eða sálin sem fer að nota persónuleikann sem tæki miðlunar og umbreytingar og þegar maðurinn nálgast endimörkin á braut lærisveinsins er það mónadinn sem notar antahkarana, þann sjálfskapaða farveg sem beintengda samskiptarás orkustöðvanna sjö og þaðan til hins þrefalda kerfis nadía, tauga og kirtla.

7. Þessi þrjú meginkerfi mannsins birta í efnislíkamanum ástand eða þroskastig orkustöðvanna. Lífið, eiginleikinn og orkan, sem þær miðla, berst til allra hluta efnislíkamans með blóðinu. Þessa staðreynd hafa vísindi samtímans þegar viðurkennt með því að benda á að blóðið dreifi ákveðnum efnasamböndum sem kirtlarnir gefi frá sér. Þau hafa ekki enn viðurkennt þá staðreynd að kirtlarnir tengjast orkustöðvunum, með milligöngu nadíu- og taugakerfanna. Næsta stóra framfaraskref læknisfræðinnar verður viðurkenning á tilvist etherlíkamans, efnis- tegundinni sem er undirstaða hins þetta efnis.
8. Þegar orkustöðvarnar um allan líkamann hafa vaknað og opnast, verður taugakerfið mjög virkt og orkumagnað og bregst með skjóttum hætti við orkunni sem nadíurnar flytja, með því heldur það innkirtlakerfinu í góðu jafnvægi. Lífkrafturinn sem streymir um allan líkamann verður þá svo máttugur að efnislíkaminn hrindir sjálfkrafa frá sér öllum sjúkdómum, hvort sem þeir eru meðfæddir, erfðir

eða af samfélagslegum uppruna. Með þessum orðum er ég að kynna ykkur líklega framtíðarþróun en ekki möguleika innan seilingar. Sá tími kemur að þessi þrjú kerfi verða fyllilega samhæfð og maðurinn verður næmur fyrir hinu innra orkukerfi nadía og orkustöðva. Hann verður þá meðvitað samstilltur sálinni og síðar frumþætti lífsins með milligöngu antahkarana.

9. Vegna þroskamisræmis nú á tímum, sem kemur fram í því að sumar orkustöðvar eru í dvala, aðrar oförvaðar, og orkustöðvarnar neðan þindar of virkar, eru stór svæði líkamans með vanþroskaðar nadíur. Á öðrum svæðum eru þær mjög virkar, en orkuflæðið er hindrað vegna þess að einhver orkustöð á leið þeirra er enn ekki vöknuð, eða ekki enn orðin geislandi þótt hún sé vöknuð. Þetta ójafna ástand hefur mikil áhrif á taugakerfið og kirtlana og leiðir í sumum tilfellum til oförvunar, óeðlilega lítillar virkni í öðrum, skorts á lífsorku, of mikillar starfsemi og annarra óæskilegra viðbragða sem óhjákvæmilega valda sjúkdómum. Sjúkdómarnir eiga annaðhvort upptök sín í líkamanum sjálfum sem afleiðing af meðfæddum (eða ætti ég að segja ásköpuðum) tilhneigingum eða móttækileika í líkamsvefjunum, eða þeir stafa af útgeislun eða skorti á útgeislun orkustöðvanna um nadíurnar; þeir geta einnig átt upptök sín í ytra áreiti eða snertingu, svo sem smitandi sjúkdómum og farsóttum. Þeim er maðurinn ófær um að verjast vegna vanþroska orkustöðva sinna.
10. Í stuttu máli: Sjúkdóma, alls konar líkamlega vanhæfni (að sjálfsgöðu ekki þá sem stafar af slysum og að sumu leyti plánetuaðstæðum, svo sem sérstaklega skæðum farsóttum, eins og þær sem stríðsástand hefur oft í för með sér) og hinar mörgu mismunandi ástæður fyrir heilsuleysi

er hægt að rekja beint til ástands orkustöðvanna. Ástæðan er sú að þær ákvarða virkni nadíanna; þær verka síðan á taugakerfið og það mótar innkirtlakerfið og gerir það að því sem það er í hverjum manni. Blóðið sér síðan um að þetta ástand nái til allra hluta líkamans.

*Áhrif sem birtast á einstökum svæðum*

Við skulum nú taka til athugunar nokkrar afleiðingar framangreindra staðreynda og áhrif þeirra á svæðin innan áhrifsviðs orkustöðvanna þar sem sjúkdómar koma í ljós.

Augsýnilegt er að þegar orkan streymir í gegnum orkustöðvarnar, um nadíur og taugar og hefur mikil áhrif á kirtlakerfið og blóðrásina, eru viðkomandi svæði líkamans móttækileg og verða fyrir miklum áhrifum. Hér er vitaskuld um að ræða höfuðið, hálsinn og bolinn. Orkan smýgur inn í sérhvern hluta efnislíkamans, inn í öll líffæri og allar frumur og atóm. Það eru áhrif frá eiginleikum orkunnar á líkamann sem koma af stað, örva, fjarlægja eða draga úr sjúkdómum. Hér á ég ekki við þrjá helstu sjúkdómsflokkana – krabbamein, kynsjúkdóma og berkla. Um þá mun ég fjalla síðar, vegna þess að þeir spanna allan hnöttinn, eru í efninu sem öll form eru gerð úr og eru ástæðan fyrir fjölmörgum minniháttar sjúkdómum, sem stundum eru þekktir sem hliðarkvillar, en eru þó ekki alltaf greindir sem slíkir.

Skilningur er enn ekki mikill á sjúkdómum sem oftast nefnast geðsjúkdómar og tengjast heilanum. Hjá síðasta kynstofni, hinum atlantíska, voru geðræn vandamál fátíð; hugurinn var þá lítt starfandi og lítil örvun barst frá hugrænu sviðunum til heilaköngulsins og heilans í gegnum höfuðstöðina. Augnsjúkdómar voru þar einnig fátíðir, sem og kvillar í nefi, því ennisstöðin var lokuð og þriðja augað á hraðri leið með að



verða óvirkt. Ennisstöðin er líffæri hins sameinaða persónuleika, líffæri stjórnunar og er nátengd heiladinglinum og augunum tveim, sem og öllum framhluta höfuðsins. Á Atlantistímanum var samstilling persónuleikans tiltölulega óþekkt fyrirbrigði, nema þegar í hlut áttu lærisveinar og vígsluhafar. Markmið vígsluhafa og merki um árangur hans á þeim tíma var þessi þrefalda samstilling. Nú á tímum er markmiðið enn hærri samruni, það er sá sem felst í samstillingu sálar og persónuleika. Frá orkusjónarmiði felur þetta í sér myndun, virkni og tengt samspil eftirfarandi orkuþríhyrninga:

- I.
  1. Sálin, hinn andlegi maður á sínu eigin sviði.
  2. Persónuleikinn, hinn þrefaldi samhæfði maður í heimunum þrem.
  3. Höfuðstöðin.
  
- II.
  1. Höfuðstöðin, staður annars samrunans.
  2. Ennisstöðin, staður fyrsta samrunans.
  3. Orkustöðin í mænukólfinum (medulla oblongata) sem ræður hryggnum.
  
- III.
  1. Heilaköngullinn, hin þetta efnisbirting höfuðstöðvarinnar.
  2. Heiladingullinn, sem tengist ennisstöðinni.
  3. Carotid kirtillinn, hin þetta efnisbirting þriðju höfuðstöðvarinnar.

Þessar þrenndir innan höfuðsins mynda allar til samans starfstæki sem:


1. Sálin notar til að stjórna starfstæki sínu, persónuleikanum.
2. Persónuleikinn notar til að stýra starfsemi efnislíkamans.

Hryggsúlan (innrætt séð ída, þíngala og súshúmna rásirnar), augun tvö og heilinn í heild sinni eru móttækileg fyrir, örvast af, eða eru ónæg fyrir þessu orkusamspili innan höfuðsins. Í síðastnefnda tilvikinu er allt svæðið í óvirku ástandi andlega séð og brennidepill orkunnar á öðrum stað.

Ef um ójafnvægi eða misbeitingu er að ræða, mun þessi óvirkni eða örvun valda einhvers konar erfiðleikum, oft bæði líkamlegum og geðrænum. Á núverandi tímasteiði munu heilasjúkdómar fara vaxandi (hugrænt ójafnvægi mun aukast stöðugt) sem og augnsjúkdómar, uns menn hafa öðlast skilning á eðli orkustöðvanna og gerð hinnar innstreymandi orku með vandlegri og vísindalegri athugun og gert sér þannig grein fyrir á hvern hátt þeim verður best stýrt. Þá myndast grundvöllur fyrir þróun vísindanna um stjórnun orkunnar sem mótar manninn. Þangað til verða erfiðleikar miklir á öllum sviðum, hugrænir sjúkdómar, taugaveiklun, geðveiki og ójafnvægi í kirtlastarfsemi munu fara vaxandi og verða jafnvel enn meira ríkjandi en nú er raunin. Á Vesturlöndum hefur allt til þessa verið lítið vitað um aðferðir til stjórnunar og lækninga, og í Austurlöndum, þar sem nokkur þekking er fyrir hendi, er ekkert gert vegna ríkjandi sinnuleysis.

Hryggsúlunni er fyrst ætlað að mynda rás fyrir starf hins vitsmunalega og sameinaða persónuleika sem vinnur að mögnun orkustöðvanna og miðlun orku til nálægna líkamssvæða undir *meðvitaðri* stjórn sálarinnar. Hér á ég ekki við beinabyggingu hryggjarins, heldur mænuna, innri hliðstæðu hennar og taugarnar sem greinast frá hryggnum. Nú á tímum er slík skipulögð og innræð orkustjórn ekki fyrir hendi, nema hjá vígsluhöfum og vissum háþroskuðum lærisveinum. Innra með mannum eru teppur, stíflur, óvirk blundandi svæði, vöntun á lífsorku og frjálsu flæði og samsvarandi líttill þroski;

eða á hinn veginn, að um er að ræða of mikla örvun, of hraða sveiflutíðni eða ótímabæra opnun orkustöðva sem leiðir til yfirálags þeirra atóma og frumna sem eru innan áhrifasvæðis viðkomandi orkustöðvar. Allt þetta og fleira, sem ekki hefur verið minnst á, verkar á taugakerfið, mótar virkni kirtlanna og veldur geðrænum erfiðleikum og ýmisskonar sjúkdómum. Hér á eftir er einföld en lýsandi og táknræn skýringarmynd af hryggnum og höfðinu, séð bæði frá sjónarhóli orkustöðvanna og kirtlanna:



Þið sjáið að miltað er ekki talið með á skýringarmyndinni. Starfsemi þess er sérstæð að því leyti að það er orkustöð lífsorku tengd lífsorku plánetunnar og geislun frá sólinni. Því er ekki á neinn hátt stjórnað frá orkurás hryggjarins. Hafa verður í huga að þessi skýringarmynd er einfaldlega tilraun til að tengja saman á myndrænan hátt orkustöðvarnar, kirtlana sem þær móta og líffærin sem þau bæði hafa áhrif á. Hún er ekki ætluð sem sönn mynd af neins konar lífeðlisfræðilegu sambandi líffæra.

Orkustöðin við mænurót hefur sérstakt hlutverk. Hún er uppspretta lífs fyrir efnismassa líkamans, efnisvefi hans og allt efni sem ekki tilheyrir líffærunum sem nefnd eru hér að framan. Í hinum fullkomnaða manni eru orkustöðvarnar tvær (hæsta höfuðstöðin og rótarstöðin) fulltrúar fyrir hið mikla tvíeðli efnis og anda, þær ráða í fullkominni einingu heildarstefnu starfstækis sálarinnar. Að síðustu mun hinn andlegi eðlisþáttur mannverunnar tjá sig fullkomlega í gegnum samtengdan mónad og persónu (sú tenging verður til við þriðja megin samrunann). Maðurinn á efnissviðinu er þá tengdur mónadinum, í gegnum höfuðstöðina og andlegri orku persónuleikans, gegnum rótarstöðina. Þessar tvær stöðvar verða þá í fullkomnu gagnkvæmu sambandi og tjá allt eðli hins andlega manns.

Það er mikilvægt að andlegir læknendur geri sér í huganum skýra mynd af svæðum í líkamanum sem höfuðstöðvarnar og aðrar stöðvar ráða, vegna þess að þar liggja hin ýmsu líffæri sem sjúkdómar hafa áhrif á. Heilbrigði þessara líffæra byggist að miklu leyti á orkustöðvunum, því þær hafa áhrif á kirtlana og dreifa orkunni út um líkamann. Jafnt og óheft flæði orku frá orkustöð út um svæðið sem hún ræður myndar mótstöðu gegn hinum svonefndu sjúkdómum. Ef þroskaleyfi og ójafnvægi er ríkjandi ástand orkustöðvanna, skortir mótstöðuafli til að veita

sjúkdómum viðnám. Lækningarstarfið á komandi tímum mun byrja með því að fengist verður á sérstakan og skipulegan hátt við orkustöðvarnar og hin almenna stefna lækningarlistarinnar mun þá verða – eins og þið getið auðveldlega séð – fyrirbyggjandi frekar en lækandi. Aðaláherslan verður lögð á orkustöðvar, orkustrauma og stýringu orku til líffæra sem liggja innan áhrifasviðs einherrar tiltekinnar orkustöðvar. Margt mun koma í ljós síðar meir vegna rannsókna á kirtlunum (sú rannsókn er nú á svo miklu byrjunarstigi að varla er hægt að segja að hún sé á frumstigi) og á sambandi þeirra við orkustöðvarnar, margs konar tilraunir munu verða gerðar. Frá sjónarhóli dulfræðinga, sem viðurkenna að tilvist orkustöðvanna sé staðreynd, eru kirtlarnir framar öllu öðru það sem mestu ræður í almennu heilsufari einstaklinga; ekki aðeins gefa þeir mun betur til kynna sálrænan þroska en nú er talið, heldur hafa þeir (eins og hina hefðbundnu læknisfræði grunar) mikil áhrif á allt líffærakerfið; áhrif þeirra ná út í hvern krók og kima líkamans með hringrás blóðsins. Kirtlarnir eru afleiðingar af starfsemi orkustöðvanna; þeir eru ætíð *afleiðingar innri mótandi orsaka*, það er fyrir atbeina orkustöðvanna og kirtlana þeim tengdum sem sálin byggir verkfæri sitt á efnissviðinu, það sem við nefnum hinn efnislega mann.

Sérhver starfandi lækandi verður því að rannsaka vandlega og ná tökum á þessum skyldu þáttum sem við höfum verið að fjalla um, þar eð hann verður um síðir að vinna í gegnum sínar eigin orkustöðvar í samskiptum við sjúklinginn sem hann er að leitast við að lækna. Hann verður þar af leiðandi að hafa þrennt í huga: Orkustöðvarnar, kirtlana sem tengjast þeim og líffærin sem þau ráða. Í hinum sjö svæðum líkamans, sem meginorkustöðvarnar sjö ráða ásamt tengdum kirtlum sínum, birtist aftur hin grundvallandi þrenning allrar raunbirtingar:

1. Líf eða andi ..... orkustöðin.
2. Sál eða eiginleiki ... kirtillinn.
3. Form eða efni ..... líffærin á tilteknu svæði sem einhver ein orkustöð ræður.

Með þessu komum við að öðru lögmáli sem lækningandinn verður ætíð að hafa í huga.

## VII. LÖGMÁL

*Þegar líf eða orka flæðir óhindrað og undir rétttri stjórn til útfellingarstaðar síns (hins tengda kirtils), þá svarar formið og sjúkdómar hverfa.*

Þetta er grundvallarlögmál í lækningum og á við hina sönnu list að tengja andlega orku lífi formsins, en á því byggist heilbrigði og lífsmáttur líffæra. Það leiðir okkur að næstu reglu sem lækningandinn verður að ná tökum á. Hún er mjög gagnorð, og lækningandinn verður að skilja hana og nota leiðbeiningarnar sem í henni felast á skynsamlegan hátt.

### 5. regla

Lát lækningandann safna saman þeirri orku sem nauðsynleg er innan viðeigandi orkustöðvar. Lát þá orkustöð samsvara þeirri orkustöð sem þarfnast aðstoðar. Lát þær tvær samstillast og saman magna kraft. Þannig mun formið sem bíður ná jafnvægi í starfsemi sinni. Þannig munu hinir tveir og hinn eini, með rétttri stjórn, lækna.

Þið sjáið því að lækningandur okkar tíma hafa ekki enn náð inn að grunnþættinum, þrátt fyrir alla umræðu um kærleikann

sem lækndandi mátt (hér á ég ekki við læknastréttina heldur vísa ég til hinna mörgu og mismunandi hugrænu skóla). Þeir eru í raun að leggja áherslu á og fjalla um tilganginn sem hvetur lækndandann til að beita lækningarlistinni. Þeir eru að fást við aðferðina til að ná sambandi við sjúklinginn sem þeir ætla að lækna. Sambandinu verður alltaf að ná með KÆRLEIK – hreinum, knýjandi og óeigingjörnum. En þegar sambandið hefur myndast, verður lækndandinn að átta sig á þeirri staðreynd að hann verður að vinna lækningarstarfið á vísindalegan hátt; hann verður að nýta þekkingu sína og starfa í gegnum sína eigin orkustöð og koma henni í samband við samsvarandi orkustöð sem ræður hinum sjúka líkamshluta eða líffæri, en það gerir hann ekki fyrr en eftir rétta sjúkdómsgreiningu og nútímalega lækni meðhöndlun, sem beitt er af skynsemi og felur í sér það besta sem hin reyndu læknavísindi hafa fram að færa.

Þegar hann vinnur á þennan hátt, er orkunni sem kærleiksríkur tilgangur, hæfni og þekking hafa náð til og gert tiltæka, ekki leyft að örva eða hafa áhrif á samsvarandi kirtla í líkama lækndans sjálf. Lækndandinn verður að læra að einangra sjálfan sig frá orkunni sem hann notar til hagsbóta fyrir sjúklinginn. Hann blandar henni við orku þeirrar orkustöðvar sjúklingsins, sem ræður sjúka líkamshlutanum; tilsvandi kirtill tvíeflist (eða dregur úr starfsemi hans, eftir því hvers eðlis sjúkdómsgreiningin er) og blóðið kemur því til skila út í hinn sjúka vef sem þörf er á til að lækna eða koma í veg fyrir vöxt sjúkdómsins.

Með þessum leiðbeiningum hef ég gefið ykkur margt til umhugsunar. Ég hef lagt áherslu á einn þátt vísindalegrar aðferðar andlegrar lækninga sem nemendur hafa ekki áður kynnst. Ég vil að heildarmyndin verði ykkur ljós og að þið gerið ykkur skýra grein fyrir megindráttum aðferðarinnar; ég vil einnig að þið kannið hvernig tengslin milli lækna og sjúklings verða við

Það að lækndandinn kemst af því stigi að nota eingöngu kærleik með því að senda hann frá sér eða að sjá sjúklinginn umvafinn ljósi kærleiksins og byrjar á því vísindalega starfi að efla andlega orku sjúklingsins sjálfs. Þannig gerir hann sjúklingnum kleift að lækna sig sjálfur á meðvitaðan eða ómeðvitaðan hátt.

Það er því um að ræða læknanda, sjúkling og forðabúr andlegrar orku, til viðbótar er hin vísindalega aðferð sem tengir þetta þrennt í náð lækningarferli. Þetta fer fram í gegnum viðeigandi orkustöð í starfstæki sjúklingsins, samsvarandi orkustöð í starfstæki lækndandans og með stjórn (með viljaathöfn lækndandans eða lækningarheilðisins) sameinaðra strauma þeirrar sérstöku orku sem sjúka svæðið þarfnast. Oftast er viðeigandi kirtill nýttur í þessu skyni, þótt ekki sé það ætíð svo.

Íhugið þetta og reynið að fá yfirsýn yfir einfaldleika starfsins. Það byggist á kærleiksríkum tilgangi, sem einangrar hið sérstaka svæði þar sem vandinn liggur, samsamar sig hinni andlegu orkustöð sjúklingsins og beitir síðan og stjórnar hinum sameinuðu og samþættu orkutegundum.

### *Áhrif van- eða oförvunar orkustöðvanna*

Hér á undan höfum við varið nokkrum tíma í að athuga orkustöðvarnar og samband þeirra við þetta efnislíkamann. Við höfum einnig gert okkur grein fyrir svæðunum sem falla undir áhrifasvið orkustöðvanna og því milligönguhlutverki sem innkirtlarnir gegna. Við höfum komist að því að tvær helstu ástæður líkamlegra erfiðleika, sem eiga upptök sín í hinu efnislega lífkerfi, eru van- eða oförvun orkustöðvanna. Eins og þið munið er einnig um að ræða þrjá sjúkdóma sem fylgja sjálfu efninu sem formið er byggt úr og mynda því grundvöll næmni fyrir sjúkdómum innan líkama mannsins. Það eru krabbamein, kynsjúkdómar (sýfilis) og berklar. Við fjöllum ekki um þá að þessu sinni. En það er ástand orkustöðvanna sem í meginatriðum veldur öllum erfiðleikunum, því það leyfir smiti og sýklum, sem



að öðrum kosti ylli ekki neinum vanda, að gera sjúkdómum ásköpuðum efnisforminu mögulegt að þróast og efla hinar óæskilegu tilhneigingar. Í framhaldi af þessu getum við sett fram þá forsendu (sem læknastéttin mun síðar meir samþykkja) að sjálfskapaðir sjúkdómar (ef hægt er að nota svo sérkennilegt og ófullnægjandi orðalag), sem ekki eru afleiðingar sýkinga, smits eða slysa, stafi af vanhæfni, takmörkunum, skorti eða ofgnótt og af ofþróun eða vanþróun innkirtlakerfisins. Kirtlakerfið hefur áhrif á allan efnislíkamann með hormónunum með milligöngu blóðsins og því má sannlega fullyrða að ekki sé um nein sjúk svæði í líkamanum að ræða, þegar innkirtlakerfið er í fullkomnu jafnvægi og vinnur á réttan hátt. Ástand blóðsins verður þá einnig óaðfinnanlegt. Ástæðuna fyrir fullkomnu heilbrigði efnislíkamans, sem sjá má hjá meisturum viskunnar, má rekja beint til þess að þeir hafa fulla stjórn á orkustöðvunum, að móttaka þeirra og dreifing orkunnar er í algeru jafnvægi og áhrif orkustöðvanna á kirtlakerfið er samsvarandi. Á þann hátt er öllum líkamanum séð fyrir nauðsynlegum kröftum og viðhaldið í heilbrigðu ástandi.

Taugakerfið er milliliður fyrir dreifingu orkunnar milli orkustöðvanna og kirtlanna. En þar er einmitt oft erfiðleika að finna. Orkuflæðið er ófullnægjandi; orkunni, sem taugakerfið sér um að miðla frá orkustöðvunum, er ekki jafnt dreift; sumar orkustöðvar taka við krafti í óhóflega miklum mæli; aðrar taka við of litlu; sumar eru enn óvirkar og þar af leiðandi ómóttækilegar; aðrar hafa þroskast fyrir tímann og flytja of mikinn kraft til svæðanna sem þær ráða. Í andlegri læknisfræði og heimspekilegri túlkun hennar (sem er í raun áhrifarík og nysamleg notkun á þekktum staðreyndum) er lögð á það áhersla að heilinn og mænan móti og ráði öllu taugakerfinu, því það er vegna þeirra og fyrir atbeina þeirra að orkustöðvarnar starfa og hafa áhrif á lífkerfi líkamans og láta líkamanum í té

nauðsynlega lífsorku. Þannig verður taugakerfið smám saman móttækilegt fyrir meginorkutegundunum sjö, eða geislunum sjö, með milligöngu orkustöðvanna sjö.

Ef meistari er undanskilinn, er sá maður ekki til sem hefur allar orkustöðvarnar virkar á réttan hátt og starfandi í góðu jafnvægi, né heldur rétt tengdar með kröftugri geislun; í engum manni er taugakerfið með rétta móttökuhæfni fyrir orkustöðvunum. Fyrir þessu eru tvær orsakir og báðar tengjast þær heila og mænu:

1. Höfuðstöðin er enn óvirk eða þroskast hægt, í takt við þjálfun lærisveinsins.
2. Flæði orku í gegnum höfuðstöðina til orkustöðvanna sem tengjast hryggnum er ójafnt, vegna þess að innstreymið er ójafnt og etherhimnan – milli orkustöðvanna – leyfir enn aðeins mjög lítið gegnumstreymi orku til orkustöðvanna.

Hafa verður í huga að í byrjun byggist líf orkustöðvanna á eðlislægu lífi lífkerfisins sjálfs, en miðdepil hins útstreymandi lífs er að finna í orkustöðinni við mænurót. Þessu atriði gleyma dulfræðingar oft. Líf sjálfs efnisins streymir í gegnum rótarstöðina; það er líf eða orka Heilags Anda, þriðja meginþáttarins. Hvert einasta atóm í líkamanum nærast af lífi hans. Lífgun efnisins sem byggir líkamsformið hefst strax á meðgöngutímanum; eftir fæðinguna kemur annar máttur til sögunnar samhliða hinum fyrri, en það er innflæði plánetuþrónu, eða lífsorku frá plánetulífinu sjálfu, í gegnum miltað. Miltað er hið nauðsynlega líffæri sem tengir eðlislægt líf efnisins í smáheiminum við eðlislægt líf plánetunnar.

Í rás þróunarinnar bætist smám saman nýtt innflæði orku við þennan eðlislæga kraft. Þetta er orka gædd sérstökum

eiginleikum sem tjáir vitundar-meginþátt guðdómsins. Hún gefur dulfræðingnum til kynna vitundarstig mannsins og sálargeisla hans. Þessi orka kemur frá öðrum guðlega meginþættinum, frá sálinni eða Kristi hið innra. Við getum því sagt um höfuðstöðvarnar tvær að:

1. Ennisstöðin, stöð persónuleikans, sem hefur miðdepil sinn milli augabrúnanna og mótar starfsemi heiladingulsins, tengist lífsbirtingu hins samhæfða þrískipta persónuleika. Vitundin verður að tjá sig í gegnum þessa veru og ástand starfstækja hennar, hins efnislega, geðræna og hugræna, endurspeglar þróunarstöðu hennar.
2. Höfuðstöðin (sem í heimspeki Hindúa nefnist þúsundblaða lótusinn) mótar starfsemi heilaköngulsins og er tengd lífi sálarinnar og eftir þriðju vitundarvígsluna verður hún tengd lífi mónadsins. Hún miðlar orku hinna þriggja meginþátta andlegs lífs til orkustöðvanna, en hinir þrír kraftar persónuleikans eru spegilmýndir eða efnislegar hliðstæður þeirra.

Síðar mun orka frá meginþætti andans, fyrsta meginþættinum eða Föðurnum, koma til sögu og streyma niður í gegnum höfuðstöðina til ennisstöðvarinnar og samtengja þannig orku persónuleikans og sálarinnar. Með viljaathöfn er henni síðan stýrt niður hrygginn í gegnum „stóru alta“ stöðina, sem mótar starfsemi „carotid“ kirtilsins. Á ferð sinni niður hrygginn lífgar hún tvo af þrem eðlisþáttum orkustöðvanna; þegar hún nær niður að mænurótarstöðinni, sameinast hún orkunni sem bundin er í sjálfu efninu, þá hafa allar guðlegu orkutegundirnar þrjár sameinast og maðurinn birtir alla guðlegu meginþættina þrjá. Sameinuð orkan flæðir síðan upp miðrásina í hryggsúlunni, þriðji og hæsti eðlisþáttur orkustöðvanna lífmagnast. Þannig öðlast allar orkustöðvarnar fulla virkni; öllum hindrunum er

eytt og allir hlutar líkamans ná fullri lífsorku. Afleiðingin er efnisleg fullkomnun ásamt fullri leikni, bæði hinnar uppljómuðu vitundar og eðlisþáttar lífsins.

Taugakerfið kemst þá undir fulla stjórn hins andlega manns, blóðrásin hreinsast og verður óhindraður og fullnægjandi farvegur fyrir miðlun þess sem hinir lífguðu kirtlar gefa frá sér. Þetta er innrætt gildi orða Biblíunnar, „blóðið er lífið,“ og einnig orðanna „frelsaður fyrir blóð Krists.“ Maðurinn frelsast ekki fyrir blóð þess Krists sem lét lífið á krossinum í Palestínu fyrir tvö þúsund árum, heldur fyrir lífmátt blóðsins þar sem líf Krists, vitund og eiginleikar, birtast og tjá sig á fullkominn hátt. Þegar eðli hins ídveljandi Krists birtir sig sjálfkrafa á fullkominn hátt í og með milligöngu persónuleikans, hafa hinir þrír eldar sköpunarinnar – eldur efnisins, eldur sálarinnar og hinn rafmagnaði eldur andans – runnið saman, þá er um að ræða fullkomna birtingu á jörðu á efnislegu lífi, á geðrænu og hugrænu lífi og einnig andlegu lífi hins holdgaða Sonar Guðs, Krists.

Á þessu stigi skilningsins gerist það svo oft að margur mætur maðurinn tapar áttum, sérstaklega á það við um hreyfingarnar sem nefnast Hugræn vísindi, Eining og Kristileg vísindi. Í stað þess að einbeita sér að því að öðlast hreinleika Krists í daglegu lífi sínu, helga sig þjónustu við meðbræður sína, vera farvegir kærleiks og vinna út frá sjónarmiði heildarinnar, þá sefja þeir sjálfa sig í hugsun og orði með fullyrðingum um framtíðar fullkomnun, góða heilsu og efnisleg þægindi. Þeir líta á það sem rétt sinn, sem þeir öðlist með fullyrðingu, en gleyma þeirri miklu vinnu sem nauðsynleg er til að umbreyta innra lífi sínu svo að það geti birt hinn guðdómlega Krist. Þeir þurfa að hafa það í huga að góð heilsa verður eðlileg og sjálfögð ef innri vitundin er skaðlaus (en meirihluti þeirra er sekur um þóttafulla gagnrýni), ef vitund þeirra snýst ekki lengur um lægra sjálfið í heimunum þrem og ef þeir hafa „vitundina innstillta á himnum og gera

með því hinum himneska Mannssyni sem er Guðssonur fært að lifa himnesku lífi þegar hann er fjarri hinum himnesku sviðum“ – eins og gamall kristinn launspekingur, löngu gleymdur, sagði. Orð hans lifðu í minni meistara M og þannig bárust þau mér.

Annað kenningakerfi, sem ranglega kennir sig við dulfræði, er jafn rangt. Áhangendur þess fást við orkustöðvarnar, eða öllu heldur halda því fram að þeir fáist við þær, en til allrar hamingju fyrir þá sjálfa verndar náttúran þá oft fyrir sjálfum sér. Þeir leitast við að örva orkustöðvarnar meðvitað, eyða hlífðarhimnunum og lyfta eldi efnisins, áður en eldur andans hefur sameinast eldi sálarinnar. Þeir verða þá fórnarlömb ótímabærrar örvunar efniseldanna, áður en kraftarnir hafa náð jafnvægi. Afleiðingarnar koma fram sem sjúkdómar, geðveiki og margs konar hugsýki, ásamt alvarlega sjúklegu ástandi. Starfsemi sumra kirtla verður óhófleg, meðan aðrir liggja í dvala, allt kirtlakerfið og taugakerfið fer algjörlega úr jafnvægi.

Lærisveinar þurfa að læra að beina athygli sinni að raunveruleikanum og að þeim þáttum sem hafa mest andlegt gildi. Sé það gert munu orkustöðvar höfuðsins og orkustöðvarnar sem tengjast hryggnum eins og perlur á streng, þróast á eðlilegan hátt og grunnstöðin við mænurót mun vakna sjálfkrafa og orka hennar sameinast æðri orkutegundum án nokkurrar áhættu.

Reglubundin hrynjandi kirtlakerfisins verður þá möguleg, ásamt frjálsri og hættulausri beitingu og stjórn taugakerfisins. Orka orkustöðvanna mun streyma í gegnum nadiurnar, samtengjast á öruggan hátt og mynda samræmi í starfsemi líkamans. Þannig mun lærisveinninn ekki aðeins komast að raun um fulla vöknun vitundar og heila, sem ætíð er vitsmunalega móttækilegur, heldur einnig skynja innflæði lífsins frá andanum. Hið fullkomna jafnvægi og heilbrigði, sem einkennir meistara vискunnar, verður þá staðreynd í lífi hans.

Þekking á innkirtlunum er ennþá á frumstigi. Margt

er vitað um kirtlana sem tengjast kynorkustöðinni og um skjaldkirtilinn, en á okkar tímum viðurkennir læknastéttin að sjálfsgöðu ekki að starfsemi þeirra sé afleiðing af virkni eða óvirkni orkustöðvanna, né heldur að leið minnstrar mótstöðu sé á milli kynorkustöðvarinnar og hálsstöðvarinnar. Nokkuð (en ekki mikið) er vitað um heiladingulinn, en hin gífurlega mikilvægu áhrif hans á sálræna virkni persónunnar, er ekki nægilega þekkt. Ekkert er í raun vitað um heilaköngulinn og hóstarkirtilinn, af þeirri ástæðu að hvorki höfuðstöðin né hjartastöðin eru virkar í óþroskuðum eða meðalþroskuðum manni. Ástæðan fyrir hinum talsverða þekkingarforða viðvíkjandi kynorkustöðinni (sem uppsprettu efnislegrar sköpunar) og um mótandi áhrif skjaldkirtilsins, er sú staðreynd að báðar þessar stöðvar eru virkar í hinum venjulega manni, þegar virkni er næg og nauðsynlegu samspili milli þeirra er komið á, verður einstaklingurinn kynferðislega mjög virkur og einnig skapandi á einhverju listrænu sviði. Eins og ykkur er vel kunnugt er slíkt ekki sjaldgæft. Þegar ennisstöðin og ytri birting hennar, heiladingullinn, eru einnig virk og virk samtenging orðin milli orkustöðvanna þriggja – kynorku- háls- og ennisstöðvar og ákveðið meðvitað samspil er komið á milli þessa orkuþríhyrnings og annarra stöðva (háð geisla, meðvitudu markmiði og þjálfun), þá er um að ræða einstakling, sem er hagnýtur launspekingur, mannvinnur og dulfræðingur.

Nemar ættu að hafa í huga að hjá leitendum og lærisveinum er bæði um að ræða uppstreymi og niðurstreymi orku í heildarkerfi orkustöðvanna:

### 1. *Uppstreymið ... veldur umbreytingu.*

Frá kynorkustöð til hálsstöðvar. Efnislegrri sköpun er umbreytt í listræna sköpunargáfu.

Frá sólarplexus til hjartastöðvar. Einstaklingsbundinni

geðrænni vitund er umbreytt í heildisvitund.

Frá mænurótarstöð til höfuðstöðvar. Efnislegum krafti er umbreytt í andlega orku.

Frá einhverjum eða öllum fimm orkustöðvunum sem tengjast hryggnum til ennisstöðvar. Ósamhæfðu lífi er umbreytt í sameinaðan persónuleika.

Frá orkustöðvunum sex í sameiningu til hæstu höfuðstöðvarinnar. Starfsemi persónuleikans er umbreytt í andlegt líf.

Hér er um að ræða mjög víðtæka alhæfingu, því framvindan er ekki jöfn stig af stigi í þeirri röð sem ætla mætti af ofangreindri upptalningu. Þessi atburðarás nær yfir mörg æviskeið umbreytingar, í upphafi ómeðvitað, en á síðari stigum sem árangur biturrar reynslu og meðvitaðrar viðleitni. Hún nær síðan stigvaxandi krafti og áhrifum eftir því sem hin margvíslegu þrep í stiga þróunarinnar eru stigin af leitandanum. Geislarnir fimm sem lærisveinninn þarf að vinna með (tveir aðalgeislar og þrír hliðargeislar) hafa ákveðin virk áhrif; karmaáhrif gefa tækifæri eða valda hindrunum og margbreytileiki framvindunnar í heild sinni (fyrir tiltölulega takmarkaða reynslu lærisveinsins) er svo ruglandi á meðan á henni stendur, að það eina sem hann getur er að ná tókum á hinum almennu dráttum eins og kemur fram hér og beina athyglinni ekki um of að smáatriðum staðreynda.

## 2. Niðurstreymið ... veldur umformun.

Þegar höfuðstöðin er að vakna og lærisveinninn er virkur í því starfi að stýra orkunni til orkustöðvanna og nær með því valdi yfir lífi persónu sinnar, er um að ræða vísindalega aðferð við að vekja og lífga orkustöðvarnar á sérstakan háttbundinn hátt sem ræðst af geislum, kringumstæðum og karma; þannig er öllum orkutegundum líkamans beint inn á rétta andlega virkni.

Við getum ekki fjallað um ferlið sem það felur í sér, nema að benda á það að þetta niðurstreymi skiptist í stórum dráttum í þrjú stig:

1. Að lífga sköpunarmáttinn með milligöngu hálsstöðvarinnar, með því er:
  - a. Höfuðstöðinni og hálsstöðinni,
  - b. þeim báðum og kynorkustöðinni,
  - c. þeim öllum þrem, samtímis og vitandi vits, komið í meðvitað samband.

Þegar þessu sambandi hefur verið komið á með réttum hætti, mun það leysa einstaklingsbundin vandamál viðvirkjandi kynlífinu, ekki með því að grípa til hömlunar eða bælingar, heldur með því að koma á réttri stjórn og gera lærisveininn samhliða skapandi á hinu ytra sviði, til gagns fyrir meðbræður sína.

2. Að lífga meðvituð samskipti með milligöngu hjartastöðvarinnar, með því er:
  - a. Höfuðstöðinni og hjartastöðinni,
  - b. þeim báðum og sólarplexusstöðinni,
  - c. þeim öllum þrem, samtímis og á meðvitaðan hátt, komið í nána samvirkni.

Þetta þjónar þeim tilgangi að koma á réttum samskiptum milli manna, réttum heildissamböndum og réttum andlegum samskiptum í gegnum alla lífstjáningu mannsins. Fyrsta stigið, þar sem sköpunarmátturinn er skipulagður, hefur mest áhrif á efnislíkamann, en þetta annað stig hefur samsvarandi kröftug áhrif á geðlíkamann; tilfinningaviðbrögð eru umformuð í andlega leit og þjónustu; eigingjörn einstaklingsbundin ást er umformuð í heildiskærleik



- og lífið ræðst af hinu guðlega.
3. Að lífga manninn í heild sinni, með milligöngu grunnstöðvarinnar, með því er:
- Höfuðstöðinni og grunnstöðinni,
  - þeim báðum og ennisstöðinni,
  - þeim öllum þrem, samtímis og á meðvitaðan hátt, komið í háttbundna samhæfða tjáningu. Þetta er lokastig sem hefur mikla þýðingu og gerist aðeins til fulls við þriðju vitundarvígsluna, eða Ummyndunina.

Þannig sjáið þið að þrjú mikilvæg orð tjá tilgang hinnar vísindalegu þróunar og réttar stjórnar orkustöðvanna:

*Umbreyting. Umformun. Ummyndun.*

Þessi framvinda nær yfir langt tímabil og vinnst þannig á viturlegan hátt og án áhættu. Þegar hún er fullkomnuð er afleiðingin líkamleg heilbrigði, en á meðan á henni stendur er hið gagnstæða oft raunin, vegna þess að lífið einkennist þá af breytingum og aðlögun að breytingum. Marga hættulega líkamlega sjúkdóma má rekja til ástands orkustöðvanna, samspils þeirra eða sambandsleysis, óþroskaðs ástands, óvirks og hægfara, eða til oförvunar eða ójafnvægis í starfsemi þeirra. Sé orkustöð ótímabært vakin til virkni, er það oft á kostnað annarra stöðva. Hin grófa heilsa frummanns, eða fáviss og óheflaðs manns (sem er vitundarstig á hröðu undanhaldi eftir því sem hugarþroski og áhrif þróunarinnar koma fram), stafar að mestu leyti af óvirku ástandi næstum allra orkustöðvanna, að kynorkustöðinni undanskilinni. Til sömu ástæðu má einnig rekja þá staðreynd að þeir eru auðveld fórnarlömb smitsjúkdóma. Þegar tilfinningalífið þroskast og hugurinn tekur að starfa, verða orkustöðvarnar virkari. Þá koma fram sérstök vandamál,

að mestu vegna þess að ný sálræn áhrif koma til í vitundinni. Maðurinn er ekki lengur einfaldlega dýr. Álag tilfinningalífsins (meginorsök heilsuleysis) flæðir yfir lægra eðlið með illa stýrðri orku (eða ætti ég að segja misstýrðri?). Sólarplexusstöðin verður þá óhóflega virk, en sú virkni skiptist í fjögur stig:

1. Stig vöknunar, þegar geðlíkaminn verður stöðugt máttugri.
2. Stig áhrifamáttar, þegar hún er allsráðandi í ether- eða lífsorkulíkamanum mörg æviskeið samfleytt. Maðurinn mótast þar af leiðandi nær eingöngu af tilfinningum sínum og geðrænu lífi.
3. Stig hreinsunar og ummyndunar, þegar sólarplexusstöðin verður úrvinnslu- og hreinsistöð fyrir allar stöðvarnar neðan þindar, bæði meiri og minni.
4. Stig flutnings, þegar orku sólarplexusstöðvar er lyft til hjartastöðvarinnar.

Á öllum þessum stigum koma tímabundið fram einkennandi líkamlegir sjúkdómar.

Þið sjáið að ég tengi ekki sérstaka sjúkdóma við sérstakar orkustöðvar, ef frá eru skildar vissar alhæfingar. Ég hef bent á svæðin sem mótast af orkustöðvunum og mótast af þeim á mun áhrifaríkari hátt en þið getið gert ykkur grein fyrir. Ég hef sagt að í grundvallaratriðum skipti innkirtlarnir – sem ytri birtingarform orkustöðvanna – mestu máli fyrir heilbrigði líkamans og þar sem um er að ræða ójafnvægi eða misjafnan þroska, munu erfiðleikar koma fram. Ég hef gefið í skyn að læknaframtíðar muni í vaxandi mæli rannsaka kenninguna um stjórn orkunnar og tengsl hennar við innkirtlana. Sem tilgáta mun í tilraunaskyni verða viðurkennt að kenningin um orkustöðvarnar kunni að vera rétt, að þær séu frummótunarþættirnir og vinni í gegnum innkirtlana, sem sjálfir sjá um að vernda líkamann, framleiða

nauðsynleg mótefni, sjá blóðinu fyrir nauðsynjum til viðhalds heilsunni og að þeir muni – þegar samtengingin er komin á með réttum hætti – móta lífeðlislegt og sálrænt jafnvægi um allan líkamann. Þegar þetta æskilega ástand er ekki fyrir hendi, geta innkirtlarnir ekki valdið þessu verkefni vegna rangra tenginga og rangrar og ójafnrar þróunar; þeir geta ekki veitt út í blóðið því sem efnislega starfstækið þarfnast. Vegna vanhæfni þeirra er líkaminn ófær um að hrinda frá sér sýkingum, býr við viðvarandi vanheilsu og er ófær um að sigrast á sjúkdómum utan frá og þeim sem leynast óvirkir í lífkerfi líkamans. Þessi veikleiki leiðir oft til banvænna sjúkdóma.

Læknisfræði á næstu öld mun byggjast á ákveðnum meginforsendum:

1. Markmið lækninga verða forvarnir. Þær leiða af sér viðleitni í þá átt að halda líkamsástandinu stöðugu og í réttu jafnvægi.
2. Litið verður á hreinlæti og heilbrigt umhverfi sem nauðsynlegt og ómissandi.
3. Athugað verður í efnafræðilegu tilliti hvers líkaminn þarfnast – en efnafræðin sem vísindagrein er enn á barnsaldri, þó hún sé að verða blómstrandi ung barn.
4. Skilningur á lögmaálum lífsorkunnar verður talinn ákaflega mikilvægur og sú áhersla sem menn leggja á vítamín og áhrif sólarljóssins nú á tímum er til marks um rétta viðleitni í þessa átt.
5. Hugrænt starf verður talið ofar öllu öðru að mikilvægi; menn munu uppgötva mátt hugans til að hafa áhrif á orkustöðvarnar, fólki verður kennt að fást hugrænt við orkustöðvar sínar í þeim tilgangi að leiðrétta starfsemi innkirtlakerfisins. Í þessu felst óhjákvæmilega rétt stýring hugsunar að orkustöð eða beining athygli frá orkustöð

með þeim afleiðingum sem hvort um sig hefði á kirtlakerfið. Allt byggist þetta á hinu dulfræðilega lögmáli að „orka fylgir hugsun.“

Lærisveinar verða fyrstir til að eiga samstarf við læknastéttina og sýna fram á tengsl orkustöðvanna við kirtlana og þar með við allan líkamann. Þetta er mögulegt þar eð hugarþroski þeirra er meiri en almennt gerist, þess vegna er geislagerð þeirra auðsærri, og auðveldara er að ganga úr skugga um ástand innkirtlakerfisins. Með einbeitingu og rétttri hugleiðingu í höfuðstöðinni, sem beint verður að einhverri orkustöðinni, munu lærisveinar sýna fram á svo ákveðin áhrif á innkirtlana að læknar munu sannfærast um mikilvægi og raunverulega tilveru og mátt orkustöðvanna og einnig um möguleikann á stjórn efnislíkamans með mætti hugsunar. Allt þetta ber framtíðin í skauti sér. Ég er aðeins að benda á leiðina og gefa til kynna tæknina sem notuð verður í framtíðinni til að yfirvinna sjúkdóma. Hinar ýmsu kenningastefnur, eins og Eining og Kristileg vísindi, hafa komið fram með fjarstæðukenndar og ímyndaðar fullyrðingar og hafa nálgast þetta viðfangsefni á mjög óvísindalegan hátt. En þær hafa samt haldið einum þræði í hinni miklu þróunarrás sem miðar að aðlögun að lífinu og réttum samskiptum. Þær höfðu drauminn og hugsjónina en skorti næmni og almenna skynsemi og tóku ekki tillit til tímans í framvindu þróunarinnar.

Vísindi lífeðlisfræðinnar og sálrænn máttur, ásamt samvinnu milli hins þjálfaða lærisveins og þjálfaðs læknis (sérstaklega hins víðsýna innkirtlafræðings), munu smám saman sigrast á mörgum sjúkdómum mannsins og takast þannig að lækna meginhluta þeirra sjúkdóma sem nú ásækja mannkynið.

Við höfum nú lokið þessum fyrsta kafla bókarinnar sem nefnist *Sálrænar orsakir* sjúkdóma. Við höfum gert efninu skil með því að vinna frá hinum innri og fingerðari orsökum sjúkdóma til innkirtlanna, sem hafa mest áhrif á ástand

lífkerfisins. Við getum nú tekið til athugunar vissar orsakir sem stafa frá samfélagslegu lífi mannkynsins og karmaskuldum þess. Við förum þá inn á svið dulfræðilegrar þekkingar og innræðra upplýsinga, en það kemur til með að reynast hinum almennt hugsandi manni mun erfiðara að skilja.



## II. KAFLI

### Samfélagslegar orsakir sjúkdóma

Í athugun okkar á sjúkdómum og frumorsökum þeirra, höfum við einkum fjallað um þá sjúkdóma sem snerta aríska kynstofninn og mannkyn okkar tíma; þeir eru að mestu leyti af geðrænum uppruna og atlantískir í eðli sínu. Við höfum einnig athugað lítillega ýmsa sjúkdóma sem eiga rót sína að rekja til hugar sviðsins; þeir eru sértengdari aríska kynstofninum og undir þá falla einnig veikindi sem lærisveinum er hætt við. Smitsjúkdómar og sjúkdómar sem eru eðlislægir í efnismassa plánetunnar, hafa máttug áhrif á þá kynþætti sem eru elstir á jörðinni og skyldir Lemúríu manngerðunum sem eru smám saman að hverfa úr þróuninni. Svörtum frumbyggjum er sérstaklega hætt við smitandi farsóttum.

Í þessu fræðiriti hef ég ekki reynt að fjalla um sjúkdómsfræðilega hlið þeirra sjúkdóma sem rætt hefur verið um, né hef ég vikið að líkamlegri meðhöndlun sjúklingsins. Það er algjörlega utan við mitt svið. En ég hef reynt að gefa vísbendingu um uppruna sumra sjúkdómanna, vakið athygli á mikilvægi kirtlakerfisins og tengt, að svo miklu leyti sem hæfilegt er og viturlegt, sumar hinar austurlensku kenningar um orkustöðvarnar við þekkingu Vesturlanda. Síðar er ætlun mín að benda á nokkur grundvallaratriði sem verða að breytast meðal mannkynsins svo að hægt verði að vinna hið sanna lækningarstarf á réttan hátt, síðan vonast ég til að geta látið uppi sumar þær aðferðir sem lækendur geta notað til að ná árangri í hverju tilfelli fyrir sig og leitt gætu til bata.

Sjúkdómsvandinn hefur aukist að miklum mun nú á tímum, vegna þess að nú hefur hin sanna samfjöllun mannkynsins út á

við birst í fyrsta sinn á jörðinni í okkar kynstofni, hinum aríska sem nú er áhrifamestur. Þessi samfjöllun, í sinni betri mynd, mun verða áberandi mikilvæg í næsta meginkynstofni, hinum sjötta. Hjónabönd milli einstaklinga af mismunandi þjóðerni og kynþáttum, blóðblöndun um aldir – vegna fólksflutninga milli landa, ferðalaga, menntunar og hugmyndalegrar einingar – hefur orðið til þess að ekki er um að ræða neina hreina kynþætti á okkar tímum. Þessi staðhæfing er sannari en flestir upplýstir menn halda, ef tekið er tillit til hinnar löngu sögu mannkynsins. Engar óyfirstíganlegar hindranir eru nú í vegi fyrir kynmökum og fólk nú á tímum hefur í sér allar hneigðir og blóð allra kynþátta, en það má einkum rekja til heimsstyrjaldarinnar (1914-1945). Þessi framvinda er vissulega þáttur hinnar guðlegu áætlunar, hversu óaskilegt sem það kann að virðast í augum þeirra sem hafa hreinleika í samböndum að hugsjón, eða hversu miskunnarlaus sem framkvæmd hennar er nú á tímum. Eitthvað fyrirfram ákveðið er að gerast og hjá því verður ekki komist. Hvötin til að ná sér í maka verður sérstaklega sterk, þegar menn eru hrifnir frá heimahögum og ganga í gegnum nýja reynslu algerrar einsemdar, þegar hefðbundin höft og siðir, sem fjölskyldubönd og þjóðfélagshættir krefjast, eru fjarlægð, þegar dauðinn er sífellt nálægur og hin mikilvægari gildi yfirgnæfa hefðir og það sem hefur minna gildi, þegar efnislíkaminn hefur verið þjálfaður og náð hámarks hæfni með vísindalegri meðhöndlun og orkuríku fæði. Ég er að tala um líkamlega hæfni en ekki hugræna getu, sem kann eða kann ekki að fylgja hinni fyrrnefndu.

Eðlishvatirnar eru því öflugar; orkustöðvarnar fyrir neðan þind verða sérstaklega kraftmiklar; kröfur tilfinninganna örva sólarplexusstöðina gífurlega og mænurótastöðin eykur starfsemi nýrnahettanna þegar vilji mannsins er kallaður til starfa til að yfirvinna hættur; alið er kröftuglega á viljanum til að lifa ásamt viljanum til að fjölga sér og að lifa áfram í börnum



sínum. Við þetta verður einnig að bæta því sem ætíð fylgir mannfalli stríðsátaka, en það er vilji sjálfrar náttúrunnar sem vinnur (samkvæmt sérstökum guðlegum lögmálum) að því að vega á móti missi lífs með nýju innstreymi lífs í form. Þannig viðheldur hún kynþætti mannsins.

Með þessum orðum er ég að reyna að útskýra það sem alltaf gerist á stríðstímum og var sérstaklega áberandi í heimsstyrjöldinni. Herir hvaðanæva úr heiminum dreifast um öll lönd; búferlaflutningar kynþátta eru alheimslegt fyrirbrigði, bæði af hernaðarlegri nauðsyn og vegna kringumstæðna borgaranna sem lenda í farvegi stríðandi herja. Þessir víðtæku fólksflutningar milljóna manna eru einn helsti þátturinn í mótun hinnar nýju menningar og mikilvægi þessa fellst í þeirri staðreynd að eftir tuttugu og fimm ár verða karlar og konur blandaður kynþáttur, afkomendur fólks af öllu hugsanlegu þjóðerni; hvítir karlar hafa þá haft mök við konur af öllum þjóðflokkum Afríku og Asíu og valdið með því blóðblöndun sem mun birta fyrsta vísinn að eðli sjötta kynstofnsins, ef hún er viðurkennd og þróuð á réttan hátt með þekkingu að markmiði. Sjötti kynstofninn mun verða í raun MANNKYN án nokkurrar skiptingar í kynþætti eða þjóðflokka og án hins svonefnda hreina blóðs og aðgreindra stétta. Hann mun hafa nýtt og kraftmikið lífsskyn vegna blöndunar sterkari stofna við veikari eða slitnari manngerðir og blöndunar nýrri kynþáttaeiginleika við hina eldri og þróaðri. Ég reyni ekki að verja það hvernig framvindan hefur orðið. Þetta hefði geta gerst án styrjalda á grundvelli sannfæringar um jafnrétti og manngildi og að blöndun kynþátta myndi leysa mörg vandamál. Stríðið hefur samt sem áður flýtt atburðarásinni og hermenn allra herja heimsins hafa mök við konur af öllum kynþáttum, siðmenningu og hörundslit. Hvort sem menn líta á þetta sem siðferðilega rétt eða rangt, hlýtur afleiðingin að verða algjörlega ný staða sem menn verða að fást við í framtíðinni. Það hlýtur óhjákvæmilega að brjóta niður

Þjóðernislega fordóma og aðgreiningu kynþátta – hið fyrrnefnda mun í byrjun valda meiri áhrifum en hið síðarnefnda. Áhrifin af umróti næstu eitt hundrað ára hljóta að birtast í samleitnara mannkyni. Mörg viðtekin viðhorf og vanabundin viðbrögð munu hverfa, en manngerðir, eiginleikar og einkenni sem nú eru óþekkt munu birtast í miklum mæli.

Hvort íhaldssömu og svokölluðu „siðavöndu“ fólki mun líka vel eða illa þessi hnattræna atburðarás kemur málinu ekki við. Þetta hefur gerst og er að gerast daglega og mun hafa í för með sér víðtækar breytingar í efnislegu tilliti. Þessi sambönd og blöndun ólíkra kynþátta hefur alltaf átt sér stað einstaklingsbundið og í litlum mæli; nú er þetta að gerast í stórum stíl. Viðeigandi undirbúning þarf til að mæta afleiðingum þess.

Eins og þið vitið eru vissir sjúkdómsflokkar ráðandi í heiminum nú á tímum. Þeir eru:

1. Ýmiss konar hjartasjúkdómar, sem þjá sérstaklega hina þroskaðri meðal mannkynsins.
2. Geðtruflanir.
3. Krabbamein, sem er útbreitt meðal allra manngerða nú á tímum.
4. Kynsjúkdómar.
5. Berklar.

Á óræðan og dulfræðilegan hátt eru tvær grundvallarástæður fyrir þessum sjúkdómum. Önnur er náíð samneyti fólks sem býr við nútíma aðstæður samþjappað í borgum og bæjum; hin ástæðan er aldur jarðvegsins sem maðurinn býr á (staðreynd sem er lítt þekkt eða gaumur gefinn), því hann er mettaður sóttkveikjum og leifum frá liðnum öldum. Ónæmiskerfi mannsins er furðulegt fyrirbrigði, ef þið aðeins gætuð gert ykkur grein fyrir því. Maðurinn verst stöðugt alls konar sjúkdómum og varpar frá sér þeim sjúkdómum sem stafa af snertingu við

annað fólk, þeim sem er að finna í sjálfu andrúmsloftinu, þeim sem bíða óvirkir í lífkerfi líkamans og þeim sem eru erfanlegir og hann er stöðugt móttækilegur fyrir. Barátta mannsins fyrir heilsu sinni er sífelld og endalaus, allt frá viðnámi hans gegn þreytu og slappleika, ásamt hinni almennu tilhneigingu að kvefast, til baráttu hans gegn banvænum sjúkdómum sem leitt geta til dauða.

Fyrir augum hins þjálfaða dulfræðings er eins og mannkynið í heild sinni gangi að hluta til í dimmum skugga sem umlykur það og hluti hans tekur til einhvers svæðis í líkama sérhverrar mannveru. Eitt af markmiðum nýja tímans mun verða „að aflétta þessum skugga og leiða fólk til hreysti sannrar heilsu.“ Þessi sami skuggi þrengir sér inn í steinaríkið, hefur áhrif á jurtaríkið og nær einnig til dýranna. Hann er ein af helstu ástæðum alls þess sem nefna mætti „synd,“ en það kann að vekja undrun ykkar. Hann er einnig frjósöm uppspretta glæpa. Þessa staðreynd þarf að viðurkenna, íhuga á réttan hátt og fjalla um á skynsamlegan, heilbrigðan, vitsmunalegan og andlegan hátt. Á öllu þessu er þörf til að lyfta mannkyninu úr myrkri sjúkdóma upp í birtu hinnar fullkomnu og geislandi heilsu. Nokkrir meistaranna eru að fást við þetta vandamál í öðrum ríkjum náttúrunnar, því ekki verður um neina raunhæfa lausn að ræða fyrir manninn á meðan umhverfi hans er enn í skugga sjúkdómanna.

Margt af því sem ég gæti sagt ykkur í þessu sambandi myndi hljóma sem furðusögur og kalla fram háð og spott efagjarnra vísindamanna. Ráðandi kenningar um uppruna sjúkdóma og tilveru baktería, örvera og svipaðra ásækinna lífvera, eru réttar í stórum dráttum, en þær eru það eingöngu ef haft er í huga að í raun eru þær afleiðingar orsaka sem ekki hafa verið rannsakaðar og liggja faldar í sögu plánetunnar sjálfar og í fortíðarsögu kynstofnanna – en um hana er lítið eða svo til ekkert vitað. Á þessu sviði ráða tilgátur og ágiskanir.

## 1. SJÚKDÓMAR MANNKYNS ERFÐIR ÚR FORTÍÐINNI

Saga mannkynsins, eins og hún er kennd er rakin tiltölulega skammt aftur í tímann og þó að fjölfróðir sagnfræðingar og vísindamenn kunni að geta rakið hana nokkrar milljónir ára til baka, er ekkert vitað um þá kynþætti manna sem voru uppi á þessum löngu liðnu tímum. Ekkert er vitað um menningarskeiðið sem blómgaðist snemma á tíma Atlantis fyrir tólf milljón árum; alls ekkert er vitað um hina enn eldri menningu Lemúríu sem er allt að fimmtán milljón ára gömul; enn minna er vitað um tímabil dagrenningarinnar fyrir tuttugu og einni milljón ára, þegar menn voru varla mennskir og voru svo nátengdir dýraríkinu að við köllum þá því óþjála orði „dýrmenni.“

Á þeim óratíma sem liðinn er síðan hefur ótölulegur fjöldi manna lifað á jörðinni og öðlast lífsreynslu. Líkamar þeirra hafa síðan horfið aftur til moldarinnar og látið henni þannig í té þær eigindir sem hver og einn hefur aflað sér á lífsskeiði sínu – eigindir sem eru þó aðrar en þær sem veitt var inn í líf sálarinnar á hennar eigin sviði. Þetta sem veitt var hefur breytt á einhvern hátt atómum og frumum efnislíkamans og því er skilað aftur til moldarinnar. Sérhver sál hefur komið aftur og aftur til jarðarinnar og mjög margir eru hér nú á tímum, einkum þeir menn sem lifðu seint á Atlantistímanum. Þeir eru því ávöxtur og blómi þess tilfinningasama kynstofns og bera í sér þær tilhneigingar og innri hvatir sem þeim áskotnuðust á fyrri tímum.

Við skulum því hafa hugfast að efnislíkamar mannkynsins eru gerðir úr mjög fornu efni sem er litað eða mótað af sögu fortíðarinnar. Við þetta þarf að bæta tvennu: Í fyrsta lagi, að sálir á leið til jarðvistar draga til sín efni af þeirri gerð sem þær þarfnast til uppbyggingar ytri hjúpa sinna. Efnið er

móttækilegt fyrir einhverjum þætti í hinu innra eðli þeirra. Ef til dæmis efnisleg löngun er ráðandi, verður efnið í hinu efnislega starfstæki að miklu leyti móttækilegt fyrir þessari sérstöku hvöt. Í öðru lagi hefur hver efnislíkami í sér fræ hins óhjákvæmilega endurgjalds, ef starfsemi hans er misnotuð. Hin mikla erfðasynd á Lemúríutímanum var kynlífs-eðlis. Hún stafaði ekki að öllu leyti af meðfæddum tilhneigingum, heldur af óvenjulegu þéttbýli í því samfélagi og nánu sambandi við dýraríkið. Uppruna sýfilisku-sjúkdómanna má rekja aftur til þess tíma.

Í hugskoti hinna fáfróðu er sú fagra mynd að frumstæðir þjóðflokkar séu lausir við þessa tegund sýkingar og að hinir mörgu kynsjúkdómar og afleiðingar þeirra séu að langmestu leyti sjúkdómar siðmenningarinnar. Frá dulfræðilegu sjónarmiði er það ekki svo. Sönn þekking afsannar það. Í frumbersku kynstofnsins átti sér stað mikið brengl á kynlífi, lauslæti og ýmiss konar afbökun og í nokkrum af elstu bókunum í skjalasafni meistaranna má lesa þessi orð: „Jörðin tók sinn toll, jörð til jarðar, flekkuð og óhrein hvarf aftur til jarðar; þannig komst hið illa líf inn í flekklausan hreinleik hinnar fornu móður. Djúpt í jörðu liggur hið illa, birtist í formi af og til og aðeins eldur og þjáning getur hreinsað móðurina af hinu illa sem börn hennar hafa lagt til hennar.“

Lemúríu kynstofninn nær eyddi sjálfum sér vegna misbeitingar sinnar á kynorkustöðinni, sem var á þeim tíma sú orkustöð sem var virkust og mest ráðandi. Á dögum Atlantis var sólarplexusstöðin aðal viðfangsefni hins „innstreymandi elds.“ Starf Helgivaldsins á dögum Lemúríu var, eins og ég hef sagt ykkur annars staðar, að kenna hinu barnunga mannkyni eðli, meiningu og gildi hins efnislega starfstækis. Í næsta kynstofni var lögð mest áhersla á tilfinningalífið og ræktun þess og í núverandi kynstofni verður hugurinn fyrir mestri örvun. Á Lemúríu tímanum var sá vígður maður sem hafði náð fullri

stjórn á líkamanum, og var Hatha-jóga sú andlega þjálfun sem mest var iðkuð. Þegar tímar liðu tók Laja-jóga við, en markmið þess var að örva og fá fram virka starfsemi í orkustöðvum etherlíkamans (að hjarta- og hálsstöðinni undanskildum). Iðkun af þessu tagi er ekki möguleg á okkar tímum, því að við verðum að muna að meistari á þeim tíma hafði hvorki þroska né skilning meistara nú á tímum, að frátöldum þeim einum sem höfðu komið frá öðrum hnattakerfum og hnöttum til að aðstoða dýrmennið og hið frumstæða mannkyn.

#### *A. Kynsjúkdómar.*

Samhliða allri starfsemi Hins mikla hvíta bræðralags var starf hinna myrku afla, en þannig hefur það ætíð verið og er enn í dag. Áhrif hinna myrku afla urðu að koma fram í gegnum kynorkustöðina, þannig skapaðist mikil hættu sem veikti mótstöðu líkamans og efldi mjög áhrifamátt kynhvatarinnar, vegna örvunar kynorkustöðvarinnar sem Svarta bræðralagið kynnti undir. Það olli mörgum vanhelgum samböndum og útbreiddum illum samskiptum.

Plánatulosoginn setti þá nýtt og máttugt náttúrulögmál, en það hefur verið túlkað á mjög ófullkominn hátt með orðunum, „Sú sál sem hefur syndgað skal deyja.“ Hægt er að orða þetta lögmál betur með því að segja, „Sá sem misnotar það sem hann hefur byggt, mun sjá það hrynja fyrir áhrif krafta innan þess sjálfs.“

Eftir því sem aldir liðu varð kynstofn Lemúríu leiksoppur hinna illu dýrslegu tilhneinginga og smám saman komu fram elstu afbrigði kynsjúkdóma; um síðir varð allur kynstofninn undirlagður þessum sjúkdómum og dó út. Náttúran tekur sinn toll og krefst síns óhjákvæmilega gjalds. Þið gætuð spurt hér, hvernig unnt var að gera hina fyrstu íbúa jarðarinnar ábyrga í þessu máli, því ekki er um neina synd að ræða þar sem ekki

er nein ábyrgðartilfinning, og menn vita ekki að þeir eru að gera rangt. Helgivaldið á þessum tíma hafði sínar eigin aðferðir við að kenna þessu frumstæða fólki, alveg eins og hægt er að kenna ungum börnum að forðast vissa hluti. Mannkynið á þeim tíma vissi vel hvað var rangt, vegna þess að vísbendingar um afleiðingar hins illa voru líkamlegar og lágu í augum uppi. Refsingin var augljós og afleiðingarnar tafarlaugar; kennarar kynstofnsins sáu til þess að orsök og afleiðing dyldust engum.

Á þessum tíma kom fram fyrsta viðleitnin til hjónabands, sem andstæða fjöllyndis; stofnun fjölskyldu varð áhugavert viðfangsefni og takmark þeirra sem náð höfðu lengst í þróuninni. Þetta var eitt af fyrstu verkefnum sem Helgivaldið tók að sér og fyrsta átakið í þá veru að koma á einhvers konar hópstarfi, með því lærðu menn í fyrsta sinn að þekkja ábyrgðartilfinningu. Fjölskyldan var ekki jafn föst í sessi og hún getur verið nú, en jafnvel þessi tiltölulega skammvinna byrjun var gríðarstórt skref fram á við; síðan þá hefur aðgreining fjölskyldueiningarinnar og vaxandi ábyrgðartilfinning þróast stöðugt. Þessi þróun náði hámarki með þeirri stöðu sem hjónabandið hefur í þjóðfélaginu nú á tímum ásamt þeirri áherslu sem lögð er á einkvæni á Vesturlöndum. Það hefur leitt til þess metnaðar sem lagður er í fjölskyldubönd og ætterni, ásamt miklum áhuga á ættfræði og frændsemi og þeirrar andstyggðar sem hinn vestræni maður hefur á kynsjúkdómum, þar sem þeir hafa áhrif á fjölskyldur þeirra og afkomendur.

Tvennt mjög athyglisvert er þó að gerast nú á tímum. Fjölskyldueiningin er að leysast upp um heim allan, vegna stríðsátakanna og – í minni mæli – vegna nýrra viðhorfa gagnvart hjónaböndum og skilnaði. Einnig er verið að finna örugga og fljótvirka lækningu á kynsjúkdómum, en það getur leitt til þess að fólki hætti frekar til gáleysis. En þegar lækningar aðferðirnar hafa verið fullkomnaðar, verður það til þess að vernda mannkynið, þegar til lengri tíma er litið og

líkamar hinna dánu munu hverfa til moldar lausir við pláguna sem hefur mengað jarðveginn um ótaldar aldir, mun hann þá hreinsast smám saman. Aukin líkbrennsla mun einnig flýta fyrir hreinsuninni. Eyðing í eldi og sá mikli hiti sem notkun hernaðartækja veldur gagnast einnig og á næstu milljón árum munum við sjá sýfilisku-sjúkdómunum (erfðum frá Lemúríu) eytt, bæði meðal mannkynsins og í jarðvegi plánetunnar.

Eftir því sem aldir liðu, gekk mannkynið inn á þróunarstigið sem kennt er við Atlantis. Meðvituð stjórn efnislíkamans hvarf niður í dulvitundina; etherlíkaminn varð þeim mun máttugri (staðreynd sem lítið er haldið á lofti) og efnislíkaminn varð í vaxandi mæli ósjálfráður viðtakandi áhrifa og stjórnunar tilfinningalífs í stöðugri þróun. Löngun varð meira en einfaldlega andsvar efnislegra dýrshvata og hinna frumstæðu eðlishvata, henni var beint að hlutum og markmiðum utan líkamans, að efnislegum verðmætum og að því sem menn sáu og ágirntust og gátu slegið eign sinni á. Líkt og syndir Lemúríumanna fólust í misbeitingu kynhvatarinnar (ef hægt er að nota hér orðið synd í sinni réttu merkingu, vegna hins lága vitsmunarþroska kynstofnsins), þá var aðalsynd Atlantisbúa þjófnaður – útbreiddur og almennur. Fræ ágengni og persónulegrar ágirndar fóru að bera ávöxt, sem náði hámarki í hinu mikla stríði (eins og skýrt er frá í „*The Secret Doctrine*“) milli Foringja hinnar lýsandi ásýndar og Foringja hins myrka andlits. Þeir sem töldust til æðri stétta kynstofnsins tóku að ástunda kynngi til að afla sér þess sem þeir girntust og fannst þeir þurfa á að halda. Mér er ekki mögulegt að útskýra fyrir ykkur eðli og ástundun hinnar atlantísku kynngi, sem byggðist á valdi yfir formgervisverum og lífförum sem nú hafa verið rekin inn á svið óaðgengileg mannkyninu. Ég get heldur ekki gefið ykkur hugmynd um þær sérstöku aðferðir sem viðhafðar voru til að afla þess sem ágirnst var; þau sérstöku máttarorð sem notuð voru og hið vandlega skipulagða ritúal sem fylgt var



af þeim sem sóttust eftir að auðga sjálfa sig og taka það sem þeir ágirntust, án tillits til hvað það kostaði aðra. Þessi tegund galdurs var villandi afskræming hvítu kynnginnar sem viðhöfð var opinberlega á þessum tíma á undan stríðinu mikla á milli krafta ljóssins og krafta hins illa. Hvítkynngi var vel þekkt meðal Atlantisbúa og henni var beitt af þeim meðlimum Helgivaldsins sem treyst var fyrir leiðsögn kynstofnsins og voru að berjast gegn hinu illa sem ríkti skefjalaust meðal hástéttanna. Þessi sömu illu öfl eru nú í vígahug og gegn þeim berjast nú menn góðvilja undir stjórn Hins mikla hvíta bræðralags. Á Atlantis lifðu menn slíku munaðar- og óhóflífi að ekkert í siðmenningu okkar, sem við erum svo stolt af, nær nokkrum samjöfnuði þar við. Okkur hafa borist daufar menjar þessa úr þjóðsögum og frá Egyptalandi hinu forna, með fornleifarannsóknnum og úr gömlum ævintýrum. Á hnignunartíma Rómaveldis kom fram endurtekning á einberri atlantískri meinsemd og illsku. Lífið litaðist af spillingaröflum algerrar eigingirni og uppsprettur sjálfs lífsins menguðust. Menn lifðu og drógu andann eingöngu í því skyni að eignast óhófligan munað og ofgnótt hluta og efnislegra gæða. Löngunin kæfði þá og sá draumur, að lifa endalaust og eignast æ meira af því sem þeir þráðu, ásótti þá eins og plága.

### *B. Berklar.*

Við þessar aðstæður er uppruna berklaveikinnar að finna. Upptök hennar voru í líffærunum sem menn nota til að draga lífsandann. Hún var í raun svar Hins mikla hvíta bræðralags í formi refsingar; meistararnir kunngjörðu Atlantisbúum nýtt lögmál, þegar spilling Lemúríu og græðgi Atlantis náðu sínu miskunnarlausu hámarki. Þetta lögmál má túlka með eftirfarandi orðum: „Sá sem lifir eingöngu fyrir efnisleg gæði, sem fórnar öllum dyggðum í þeim tilgangi að öðlast það sem

ekki getur enst, mun lifandi deyja, mun finna andardráttinn bregðast sér, en mun samt forðast að hugsa um dauðann allt þar til kallið kemur.“

Það er erfitt fyrir okkur nú á tímum að meta eða gera okkur grein fyrir vitundarstigi Atlantisbúans. Hugarstarfsemi var ekki til nema meðal leiðtoga kynstofnsins; aðeins skefjalaus, miskunnarlaus og óseðjandi löngun. Þessi gjörð hins mikla Hvíta bræðralags setti tvennt á oddinn og kynstofninn stóð frammi fyrir tvenns konar vandamálum sem menn höfðu hingað til ekki þurft að glíma við. Hið fyrra var að innra viðhorf og vitundarástand getur valdið og veldur líkamlegum afleiðingum, til góðs eða ills. Í öðru lagi var mönnum nú í fyrsta sinn þröngvað til vitundar um veruleika dauðans – dauða sem þeir sjálfir ollu – á nýjan hátt og ekki eingöngu líkamlega. Nauðsynlegt var að þetta væri sýnilegt á ákveðinn hlutlægan hátt, því enn voru menn ekki móttækilegir fyrir munnlegri fræðslu, heldur eingöngu sýnilegum atburðum. Þegar menn því sáu vissa rángefna og ágjarna persónu fara að þjást af skelfilegum sjúkdómi, sem virtist eiga upptök sín innra með henni og hún í þjáningunni missti ekki lífslöngun sína (eins og berkla sjúklingar nú á tímum), stóðu þeir frammi fyrir öðrum þætti í þjáningunum eða mynd hins upprunalega lögmáls frá tíma Lemúríu sem orðað var þannig: „Sú sál sem hefur syndgað skal deyja.“ Hingað til hafði dauðanum verið tekið sem eðlilegum endalokum allra lifandi vera, en nú sáu menn í fyrsta sinn hugrænt samband milli athafna einstaklingsins og dauða hans – þótt enn væri það ógreinilegt og veikt – og stórt skref var stigið fram á við í þroska hinnar mennsku vitundar. Eðlishvötin dugði ekki til að fást við þessar aðstæður.

Dauðinn, bróðir minn, er mikil og alheimsleg arfleifð; öll form deyja, því slíkt er lögmál lífsins, svo notað sé mót-sagnakennt orðalag. Sá tími hafði runnið upp að hægt var að kenna kynstofninum þá lexíu, að dauðinn getur annaðhvort

verið endir tímabils og sjálfvirk svörun við hinu mikla lögmáli tímaskeiðanna, sem stöðugt innleiðir hið nýja og bindur enda á hið gamla, eða að hægt er að valda honum með misnotkun efnislíkamans, með misbeitingu orku og með meðvitaðri athöfn mannsins sjálfs. Sá maður, sem syndgar af ráðnum hug, hefur sálrænt séð rangt viðhorf og breytir þar af leiðandi ekki rétt, fremur sjálfsmorð jafn raunverulega og sá sem beinir byssu að höfði sér og hleypir af. Menn gera sér sjaldan grein fyrir þessu, en sannindi þessa munu koma æ greinilegar í ljós.

Þau fyrirmæli Biblíunnar, að muna að syndir feðranna koma niður á börnunum, fjalla bókstaflega um sjúkdómsarfleifð mannsins frá Lemúríu og Atlantis. Sýfilis og berklar voru mjög útbreiddir og tíðir sjúkdómar á fyrri hluta hins aríska tímabils, sem við tilheyrum, nú á tímum hafa þeir ekki eingöngu áhrif á getnaðarfærin eða lungun (eins og upphaflega þegar þeir komu fram), heldur ná þeir einnig til blóðsins og þar af leiðandi til alls líffærakerfis líkamans.

Margt hefur verið gert á síðustu fimm tíu árum til að ná tökum á hinum mikla atlantíska sjúkdómi, berklum. Mikíð hefur áunnist með einföldu líferni, nægri og hreinni fæðu og hreinu lofti. Margt er gert til að ná endanlega tökum á kynsjúkdómunum og hvor tveggja verða um síðir upprættir, ekki eingöngu með góðri meðhöndlun og vegna uppgötvana læknávisindanna, heldur vegna þess að þegar mannkynið verður hugrænna, mun það sjálft fást við vandann með heilbrigða skynsemi að leiðarljósi og þannig komast að raun um að hinar líkamlegu syndir valda of þungum refsingum, að eignarhald á því sem maðurinn hefur ekki sjálfur unnið til eða þarfnast og er því ekki hans réttmæt eign, sé ekki fyrirhafnarinnar virði.

Átökin í heimsstyrjöldinni (1914-1945) snérist um þessar grundvallarhugmyndir. Ólögmæt yfirráð yfir jörðum, landsvæðum, eignum og lausafé annars fólks nefnum við yfirgang; en það er í eðli sínu það sama og stuldur, þjófnaður og

kúgun. Nú á tímum eru þessar illu tilhneigingar ekki eingöngu einstaklingsbundnar syndir og yfirsjónir, heldur geta þær verið þjóðareinkenni. Heimsstyrjöldin hefur fært vandann upp á yfirborðið í vitund mannsins og hið forna atlantíska stríð er háð af heift, þó að líklegt sé að í þetta sinn muni Hið mikla hvíta bræðralag sigra. Svo var ekki í fyrri átökum. Þá var endi bundinn á þau með íhlutun sjálfs Plánetulogossins og þessi forna siðmenning hvarf í djúpin og umluktist vatni – tákni hreinleika, hreinsunar og hins algilda og því tilhlýðilegur endir þess sem einn meistaranna hefur nefnt „berklavísandi kynstofn.“ Bæði dauða með drukknun og dauða með torræðum líkamlegum ráðum, sem ég hef ekki leyfi til að útskýra, hefur verið reynt að beita í þeirri viðleitni að bjarga mannkyninu. Á okkar tímum er dauði með eldi aðferðin sem beitt er og það lítur út fyrir að hún verði árangursrík. Ólíkt því sem var á hinum miklu umbyltingartímum í Lemúríu og Atlantis er mannkynið nú á tímum mun betur vakandi hugrænt, orsakir vandans eru greindar, tilgangurinn sést mun skýrar og viljinn-til-góðs og viðleitni til að breyta hinu fyrra illa ástandi er sterkari en nokkru sinni fyrr. Í vitund almennings er að koma fram eitthvað algerlega nýtt og gott.

Þessar huglægu ástæður sem hér eru settar fram fyrir tilvist þessara tveggja mjög svo fornu sjúkdóma mannkynsins kunna að virðast þeim sem ekki þekkja til dulfræði, sem hugsanlegar en ekki líklegar, heldur óraunverulegar og of almennar í eðli sínu. Hjá því verður ekki komist. Þessar tvær tegundir sjúkdóma eiga sér svo ákaflega fornu upptök að ég hef sagt að þeir séu eðlislægir í sjálfu plánetulífinu og arfleifð alls mannkyns, því brot gegn vissum lögmálum veldur þessum sjúkdómum. Ef ég kærði mig um, gæti ég farið með ykkur enn lengra til baka inn á vettvang hinnar kosmísku illsku eins og hún ríkir í sólkerfi okkar og hefur áhrif á Plánetulogosinn, sem enn er talinn meðal hinna „ófullkomnu guða.“ Hið ytra form plánetunnar

sem Hann notar til raunbirtingar er mettað niður að ákveðnu dýpi af smitefni og sýklum þessara tveggja sjúkdóma. Samt sem áður, eftir því sem lækningaraðferðir þróast, eftir því sem forvarnarstarf hlýtur réttmæta viðurkenningu og eftir því sem maðurinn sjálfur öðlast vaxandi hugræna og sálarlega stjórn á eðlishvötum og tilfinningalífi, mun þessi tegund þjáninga hverfa og þær eru að hverfa hjá þeim sem hafa aukna sjálfstjórn, hvað svo sem tölfræðiupplýsingar segja. Eftir því sem líf Guðs (sem birtist í guðdómsneista einstaklingsins og alheimslegum guddómi) bylgjast af meiri krafti í gegnum lífríki náttúrunnar, minnkar þörfin fyrir þessar tvenns konar refsingar fyrir illan verknað og þær munu hverfa af þremur ástæðum:

1. Stefna mannkyns er stöðugt að færast nær ljósinu og „ljós eyðir öllu illu.“ Ljós þekkingar og viðurkenningar á orsökum mun leiða til þeirra vandlega skipulögðu úrræða sem verða til þess að kynsjúkdómar og berklar heyri sögunni til.
2. Orkustöðvarnar neðan þindar munu ganga í gegnum ferli hreinsunar, orku þeirra verður lyft. Lífi kynorkustöðvarinnar verður stjórnað og orkan sem venjulega er innstillt þar mun verða notuð í skapandi lífi með virkni hálsstöðvarinnar; orku sólarplexusstöðvarinnar verður lyft upp til hjartans og tilhneiging mannsins til eigingirni mun fjara út.
3. Velheppnaðar vísindalegar lækningar, munu leiða til þess að smám saman dregur úr smitun.

Önnur lítt þekkt ástæða mun verða til þess að menn munu hverfa frá þeim athöfnum og háttum lífs og langana sem eru undirrót þessara sjúkdóma. Kristur vísaði til hennar, þegar hann talaði um tímana þegar engin leynd fær viðgengist og öll leyndarmál verða hrópuð út frá húspökunum. Vaxandi hæfileiki til að fjarhrifa og aukning sálrænna hæfileika, svo sem dulskyggni og dulheyrnar, mun smám saman svipta mannkynið leyndinni sem

er hlífiskjöldur syndugs líferniss. Þeir hæfileikar sem meistarar og hærri gráðu vígsluhafar hafa til að greina sálrænt og líkamlegt ástand mannkyns, eiginleika þess og vitund, eru nú þegar farnir að koma í ljós hjá hinum þroskaðri meðal mannkynsins. Menn munu syndga, fremja illvirki og fullnægja afbrigðilegum löngunum, en það verður á vitorði samferðamanna og engin leynd mun viðgangast um slíkt atferli. Einstaklingar eða hópar manna munu skynja tilhneigingarnar í lífi einstaklings og jafnvel þau atvik, þar sem hann fullnægir einhverjum kröfum síns lægra eðlis. Sú staðreynd, að þessi möguleiki er fyrir hendi, mun verka sem hamla – mun meiri hamla en þið getið gert ykkur í hugarlund. Menn eiga vissulega að gæta bróður síns og gæslan mun verða í formi vitneskju og í því að „sniðganga og beita refsiaðgerðum“ – eins og sagt er nú á tímum þegar refsingum er beitt gegn þjóðum. Hugleiðið þessar tvær aðferðir við meðhöndlun illra verka. Þeim verður beitt næstum því ósjálfrátt sem þætti í háttvísi, rétttri tilfinningaafstöðu og hjálparviðleitni einstaklinga og hópa í garð annarra einstaklinga og hópa, á þennan hátt munu glæpir og tilhneigingar til illra verka smám saman þurrkast út. Mönnum verður ljóst að alla glæpi má rekja til einhvers konar sjúkdóms, eða til van- eða oförvunar kirtla, sem byggist aftur á þroska eða vanþroska viðkomandi orkustöðva. Upplýst almenningsálit – meðvitað um innri gerð mannsins og hið mikla lögmál orsaka og afleiðinga – mun fást við afbrotamenn með læknisfræðilegum aðferðum, réttu umhverfi og refsingum sem felast í því að sniðganga og beita refsiaðgerðum. Ég hef ekki tíma til að hafa fleiri orð um þetta efni, en þessar ábendingar geta orðið ykkur til umhugsunar.

### *C. Krabbamein.*

Næst í umfjöllun okkar er krabbamein, dæmigerður atlantískur sjúkdómur sem fer ört vaxandi. Við höfum rætt um

algengan sjúkdóm sem tengist efnislíkamanum og við höfum fjallað lauslega um annan sem er afleiðing tilfinningalífsins. Krabbamein á núverandi aríska tímabili er greinilega afleiðing af starfsemi lægri hlutstæða hugans og þeirrar örvunar etherlíkamans sem hugurinn getur valdið. Hann er helsti sjúkdómur af völdum örvunar hjá arískum almenningi, á sama hátt og hjartasjúkdómar eru sjúkdómar oförvunar hjá þeim þroskaðri meðal mannkynsins, sem fyrir áhuga sinn á viðskiptum og stjórnunarstörfum, fórna oft lífinu og greiða gjald misbeitingar og samþjöppunar orku með ýmsum tegundum bráðra hjartasjúkdóma.

Lærisveinum og vígsluhöfum er einnig hætt við hjartasjúkdómum vegna öflugrar starfsemi hjartastöðvarinnar. Í fyrra tilfellinu er lífsorkan, sem streymir í gegnum hjartað, notuð til að fást við hagnýt verkefni umfram þol mannsins; í hinu síðara opnast hjartastöðin, álagið sem því fylgir fyrir vefi hjartans er of mikið og hjartasjúkdómar ná að myndast. Þriðja orsök hjartasjúkdóma er ótímabær og meðvituð færsla orku frá sólarplexusstöðinni til hjartans, þar sem hún veldur óvæntu álagi.

Að sjálfsgöðu fer ég hér með viðtækar alhæfingar; síðari tíma rannsóknir munu sýna fram á hvaða lífshættir það eru sem valda auknu álagi og erfiðleikum innan hjartans. Hjartasjúkdómar munu aukast stórlega við tilkomu sjötta kynstofsins, sérstaklega fyrst eftir að tilvist orkustöðvanna, eðli þeirra og eiginleikar, verður almenn vitneskja og einbeitt athygli mun þar af leiðandi beinast að þeim. Orka fylgir hugsun og þessi einbeiting hugans að orkustöðvunum mun óhjákvæmilega valda oförvun þeirra allra, það mun gerast þrátt fyrir aðgæslu og vandlega þróuð vísindi orkustöðvanna. Hjá því verður ekki komist vegna streitu og misþroska manna. Síðar verður hægt að tempra þessa örvun og stjórna henni, hjartað ásamt öllum hinum orkustöðvunum, mun þá verða fyrir jöfnu álagi.

Krabbamein er sjúkdómur sem tengist mjög ákveðið orku-stöðvunum. Koma mun í ljós að orkustöðin á því svæði, þar sem krabbameinið finnst er of virk, það veldur tilsvarendi aukningu á orkustreymi í gegnum þá vefi líkamans sem tengjast henni. Orkustreymið og örvun orkustöðvarinnar stafar ekki eingöngu af starfsemi orkustöðvarinnar og geislun hennar, heldur fylgir örvun einnig hugrænni bælingu á hvers konar starfsemi orkustöðvar. Bælingin veldur uppsöfnun orku og orkusambjöppun á tilteknu svæði innan líkamans. Ein af aðaluppsprettum krabbameins, sem tengist kynorkustöðinni og þar af leiðandi kynfærunum, er hin vel meinta bæling kynlífsins og allra hugsana tengdum kynlífi hjá afvegaleiddum leitendum, þeim sem laðast að miðaldakenningum um klausturlíf og skírlífi. Á þeim tíma kenndu góðir menn að kynmök væru syndsamleg og ill, eitthvað sem ekki mátti tala um og mikil uppspretta erfiðleika. Í stað þess að stjórna eðlilegum hvötum og ummynda þær í skapandi starfsemi, voru þær bældar niður af hörku og hugsanir um kynlíf fengu ekki framrás í neins konar tjáningu. En þar sem orka fylgir stefnu hugsunar, verður afleiðingin sú að þessi sérstaka segulmagnaða orka laðar til sín vaxandi fjölda frumna og atóma. Þar er að finna orsök fyrir æxlum, bólgum og krabbameini sem svo mikið er um nú á tímum. Hið sama má segja um þær óeðlilegu hömlur sem leitendur leggja á allar geðshræringar og tilfinningar. Í viðleitni sinni við að stjórna geðlíkamanum er gripið til þess ráðs að nota beina hömlun og bælingu. Slík bæling gerir sólarplexusstöðina að geymslustað innibyrðrar orku. Ekki er fyrir hendi umbreyting tilfinninga í æðri þrá og kærleik né skynsamleg stjórn, en tilvera mikils forða innibyrðra krafta stuðlar að myndun krabbameins í maga, lifur og stundum í öllu kviðarholinu. Ég nefni einfaldlega þessar orsakir (óeðlileg virkni orkustöðvar og innibyrging orku, sem fær ekki framrás í tjáningu) sem frjósama uppsprettu krabbameins.



Eins og þið sjáið komum við ætíð aftur að orkustöðvunum, tilveru þeirra og lífeðlislegum áhrifum. Svo mikil áhersla hefur verið lögð á eiginleikana og sérkennin sem munu birtast hjá manningum, þegar allar orkustöðvarnar hafa verið rétt skipulagðar og er stjórnað á réttan hátt, að mönnum hefur að mestu leyti sést yfir áhrif orkunnar sem þær móttaka og veita út í hið efnislega lífkerfi. Tveir athyglisverðir þættir í sambandi við orkustöðvarnar og blóðið kalla því á endurtekningu:

1. Blóðrásin er farvegur kirtlakerfisins, en það mótast að sínu leyti af starfsemi orkustöðvanna. Blóðið ber til allra hluta líkamans þau lífsnauðsynlegu en lítt þekktu efni sem gera manninn sálrænt að því sem hann er og stjórna þannig starfstæki hans efnislega.
2. Blóðið er einnig lífið, það ber út um allt lífkerfið einn þátt orkunnar sem geymd er í orkustöðvunum en er ekki beint tengd innkirtlakerfinu. Með geislun sinni smýgur orkan inn í blóðið og inn í allar æðar, slagæðar og háráðar innan áhrifasvæðis orkustöðvarinnar. Þessi orkugeislun sjálfs lífsins, tengd ákveðnum stað og gædd vissum eiginleikum, getur annaðhvort verið lífgefandi eða valdið dauða.

Alla sjúkdóma – að undanskildum slysum, sárum sem sýking kemst í og farsóttum – má, þegar grannt er skoðað, rekja til ástands orkustöðvanna, þar af leiðandi til óbeislaðrar orku, ofvirkrar og stjórnlausrar orku, orkuleysis, eða til orku sem er heft í stað þess að vera virkjuð og umbreytt til tilsvareandi æðri orkustöðvar. Leynardómur blóðsins er enn óráðin gáta, en mun fá aukna athygli eftir því sem tímar líða. Blóðleysi, sem er algengt nú á tímum, stafar einnig af óhöflegri orku.

Ég get aðeins lagt fram almennar vísbendingar, skýrt frá orsökum og síðan látið skynsömum rannsóknarmönnum eftir

Það verk að rannsaka áhrifin, hafi þeir fallist á ábendingar mínar sem líklegar tilgátur. Rækileg rannsókn innkirtlanna og blóðrásarinnar (og síðar alls kirtlakerfis líkamans) mun leiða í ljós að þar sé að finna helstu uppsprettu líkamskvilla. Rannsakendur munu óhjákvæmilega, en þó hægfara, beina athygli sinni að orkustöðvunum og fara að gera ráð fyrir óhlutlægu taugakerfi (hinu fingerða nadiúkerfi í heild sinni sem er undirstaða tauganna) og sýna fram á að orsakapættir þaðan séu valdir að helstu sjúkdómum og mörgum fylgikvillum og óljósum lasleikum sem þjaka mannkynið. Hins vegar mun hleypidómalaus rannsakandi, sem viðurkennir tilvist orkustöðvanna og lítur á tilveru þeirra sem líklega og innan seilingar vísindalegra sannana, ná skjótari árangri. Valdi verður náð á sjúkdómum með Laja-jóga kerfi (vísindum orkustöðvanna) sem verður æðra form Laja-jóga Atlantistímans. Þá munu nemar, langt komnir í námi, stjórna orkustöðvunum með mætti hugans. Í jóga framtíðarinnar verður orkustöðvunum komið undir beina stjórn sálarinnar með hugleiðslu, samstillingu og réttri iðkun – sem er allt annað en hugræn stjórn orkustöðvanna og nokkuð sem hinn almenni maður er ekki enn tilbúinn fyrir. Þessu til viðbótar verður lögð stund á vísindi andardráttarins. Þau felast ekki í öndunaræfingum, eins og nú eru kenndar, oft með hættulegum afleiðingum, heldur öndunarhrynjandi sem komið er á af huganum og sálin getur hagnýtt í sínu starfi. Ekki verður þörf fyrir neitt annað en einfalda öndunarhrynjandi, og hún mun endurskipuleggja fingerðu líkamana og stuðla að skipulegri virkni orkustöðvanna, allt eftir geisla og þróunarstöðu viðkomandi.

Ég fjalla ekki um fræðilegan þátt þessara sjúkdóma. Um hann er fjallað með ágætum í almennri læknisfræði. Í þessum hluta umfjöllunar okkar leitast ég aðeins við að leggja áherslu á hinar óhlutlægu orsakir og hinar hlutlægu afleiðingar. Þetta tvennt verður að tengja saman. Starfsemi orkustöðvanna – óhófleg eða

ónóg – er hin óhlutlæga orsök, en hún er ekki ennþá greind af öðrum en dulfræðingum. Hinum sjáanlegu orsökum, sem eru þó sjálfar afleiðingar hinna sannari óhlutlægu orsaka, er maðurinn sjálfur ábyrgur fyrir, annaðhvort í þessu eða fyrra lífi. Um þetta atriði munum við fjalla síðar.

Hér að framan hef ég gefið ykkur margt til umhugsunar og ljós mun renna upp fyrir ykkur þegar þið hugsið og brjótíð heilann, athugið tilfelli og tegundir, veitið athygli sérkennum og eiginleikum þeirra sem þið þekkið, sérkennum sem um síðir hafa þróast yfir í einhverja tegund sjúkdóms.

Næsta viðfangsefni okkar tek ég fyrir eingöngu af nauðsyn þess að benda á helstu uppsprettur sjúkdóma og líta ekki fram hjá neinni, þó svo að efnið sé of torrætt til að almenn skynsemi geti hagnýtt það.

## 2. SJÚKDÓMAR SEM STAFA AF TORRÆÐU ÁSTANDI INNAN LÍFS PLÁNETUNNAR

Af augljósum ástæðum er ekki mögulegt fyrir mig að fjölyrða um þetta viðfangsefni, því ekki er unnt að gefa neinar vísbendingar sem nýta mætti nú á tímum til einhvers konar sönnunar. Sannleiksgildi þess sem ég hef að segja um þetta efni verða menn að byggja á því áliti sem þeir hafa á sannsögli minni og heiðarleika. Ég get lítið sagt – aðeins nóg til að benda á eina ríka uppsprettu sjúkdóma, sem er svo forn að hún er eðlislæg í lífi plánetunnar sjálfar. Þessir sjúkdómar eiga ekki upptök sín í hinu óhlutstæða og fíngerða; þeir eru ekki afleiðing tilfinningaástands eða óæskilegrar starfsemi hugans. Þeir eru ekki sálrænir í eðli sínu og því er ekki hægt að rekja þá til neins konar starfsemi orkustöðvanna. Þeir koma frá sjálfu plánetulífinu, frá lífeðli plánetunnar og hafa bein geislunaráhrif

á atómin sem mynda hinn þetta efnislíkama. Þetta er mikilvægt atriði sem leggja þarf á minnið. Sjúkdómar af þessu tagi, sem plánetan sjálf hefur komið af stað, eiga því upptök sín fyrst og fremst í utanaðkomandi áhrifum sérstakrar geislunar sem stafar frá yfirborði plánetunnar og lendir á efnislíkamanum; upptökin eru djúpt innan plánetunnar. Þessi geislun leikur um orkueiningarnar sem í heild mynda hið atómíska efni líkamans; hún tengist á engan hátt blóðrás eða taugakerfi. Ekki er því mögulegt að rekja hana eða einangra, því að menn nú á tímum eru svo skipulagðir og samhæfðir að þessi ytri áhrif vekja beina svörun frá taugakerfinu. Læknar nútímans eru ekki ennþá færir um að greina á milli þeirra sjúkdóma sem eiga upptök sín í innri líffærum sjúklings – sýnilegum eða ósýnilegum – og þeirra sem birtast í gervi ytra áreitis og valda beinum áhrifum í hinu næma lífkerfi mannlíkamans. Hér er ég ekki að ræða um smitsjúkdóma.

Það er ef til vill gagnlegt að minnst á að þessi torræðu plánetuáhrif (okkur nú illskiljanleg) á efnislíkamann eru helsta orsök dauða þeirra lífsforma sem tilheyra algerlega dýraríkinu, eða allra lífsforma í dýra- og jurtaríkinu, einnig í minna mæli og með hægari virkni í steinaríkinu. Dauði, að minnsta kosti hvað manninn varðar, stafar í vaxandi mæli af *ráðgerðri* ætlun og *ráðgerðu* brotthvarfi sálarinnar úr líkamanum, vegna kerfisbundins þrýstings frá kröfu hennar eigin fyrirætlunar. Þetta gildir að sumu leyti um alla sem deyja, að undanskyldum þeim sem eru á svo lágu vitsmunastigi að sálin er varla meira en yfirskyggjandi þáttur. Hin síðari stig upplausnar, sem verða virk eftir meðvitað brotthvarf sálarinnar (meðvitað af hálfu sálarinnar og að verða sífellt meira meðvituð af hálfu hinnar deyjandi persónu), falla undir yfirráð þessa dauða-valdandi máttar plánetulífsins sjálfs og á þetta við um alla þá sem deyja, óháð þróunarstigi þeirra.

Hvað viðkemur þremur lægri náttúruríkjunum, er dauði bein afleiðing af þessari torræðu virkni plánetunnar. Eina hug-

myndin, sem ég get gefið ykkur um þessa virkni, er sú að sál allra lífsforma lægri náttúruríkjanna er eðlislægur þáttur efniviðarins sem sjálf plánetan er byggð úr; þessi sál getur horfið úr forminu í samræmi við hringrásir, sem vísindin hafa ekki enn greint, en eru samt sem áður stöðugar og vissar í rás sinni – ef undan eru skilin mikil plánetuslys eða bein íhlutun fjórða náttúruríkisins. Þessi innri máttur plánetunnar veldur dauða dýra og útdauða tegunda, þegar litið er til víðara sviðs þróunarinnar. Hann veldur einnig í tímans rás dauða forma í jurtaríkinu og er ein orsökinn fyrir hinu árstíðabundna hausttímabili, með sínum fallandi laufum, sölnaða grasi og þeim hringrásarfyrirbrigðum sem boða ekki eingöngu dauða, sem er skammvinnur og líður hjá, heldur einnig algjöra útburrkun lífs í formi. „Tímar dauða“ eru háttbundin birting „hins eyðandi meginþáttar“ innan plánetunnar sjálfrar Þessi atriði verða ekki auðveldlega skilin.

Þessi stöðuga og tímaskeiðsbundna geislunarvirkni plánetulífsins er nátengd áhrifum fyrsta geislans. Hún er sá meginþáttur vilja- og máttargeislans sem veldur upplausn formsins, rotnun og sundrun efnisstarfstækisins, þar til því hefur öllu verið skilað í efnisforða plánetunnar. Einbeitt notkun ímyndunarafsisins mun hjálpa ykkur við að sjá hve þessi þáttur guðdómsins er lífsnauðsynlegur og uppbyggjandi. Dauði hefur verið til á plánetunni okkar frá upphafi tímans; form hafa komið og farið. Dauði hefur ráðið niðurlögum jurta og trjáa, dýra og mennskra forma frá örófi alda, en samt sem áður er plánetan okkar ekki sá dauðastaður sem hún gæti vel verið í ljósi þessara staðreynda, heldur er hún fögur og óspillt, jafnvel af hendi mannsins. Dauði, niðurbrot og sundrun forma á sér stað á hverju andartaki án þess að valda smitandi mengun eða lýtum á yfirborði jarðarinnar. Áhrif upplausnarinnar eru til góðs. Hugleiðið þessa gagnlegu starfsemi og fegurð hinnar guðlegu áætlunar dauða og brotthvarfs.

Hvað manningnum viðvíkur er dauðinn tvíþáttur; sál mannsins

er ólík sál hinna ómennsku forma að því leyti að á sínu eigin sviði er hún fullkomin og áhrifarík birting hinna þriggja guðlegu meginþátta. Hún ákvarðar, innan vissra takmarka, innkomu sína í mannlegt form og brottför sína þaðan, en það byggist á þætti tímans og nauðsyn ytri aðstæðna. Þegar hún hefur lokið brottför sinni og dregið til sín vitundarþráðinn frá heilanum og lífþráðinn úr hjartanu, viðhelst enn ákveðin lífsstarfsemi. En hún er nú undir áhrifum frá plánetulífínu, formgervisvera efnisins (heild hinna lifandi atóma líkamans) er nú móttækileg fyrir þessum áhrifum. Takið eftir þeirri dulfræðilegu þversögn, að dauði sé afleiðing af starfsemi lífsins. Dauði, eða hin dauða-valdandi orka plánetunnar, veldur hinni algjöru upplausn lífkerfis líkamans og niðurbroti þess í frumeiningar sínar – efnasambönd og steinefni, ásamt vissum ólífrænum efnum sem samlagast jarðvegi plánetunnar. Dauði, sem afleiðing af starfsemi sálarinnar, veldur því brotthvarfi „ljóslíkamans og hinna fingerðu líkama“ úr efnislíkamanum og skilur hið þetta form og hina aðskiljanlegu hluta þess eftir fyrir hina mildu starfsemi undir stjórn plánetunnar. Þetta tvíþætta ferli veldur dauða eins og við þekkjum hann frá sjónarhóli mannsins.

Nauðsynlegt er að benda á það hér að þessi máttur Plánetulogossins, að draga til sín lífið sem býr innra með hverju atómi, veldur því sem kalla má hrörnun í uppbyggingu formsins allsstaðar þar sem lífið hverfur frá. Þetta veldur ástandi sem um síðir verður sýnilegt; þannig verður sjúkdómur og „tilhneiging til dauða“ þekktanleg. Þess vegna veldur aðdráttarkraftur hins máttuga lífs plánetunnar, dulfræðilega séð, visnun blómsins, ellidauða hjá dýri eða tré og hinum mörgu sjúkdómum mannsins; hann er einn þáttur þess sem ranglega hefur verið nefnt þyngdarlögmál. Dulfræðilega séð er þetta lögmál einn þáttur lögmáls heimkomunnar sem ræður sambandi lífeiningar

í formi og uppsprettunnar sem hún kemur frá. Staðhæfingin: „Af moldu ertu kominn, að moldu skaltu aftur verða“ er í samræmi við dulfræðilegt lögmál. Í hinni sérkennilegu þróun orðanna – eins og sjá má í öllum góðum orðabókum – kemur orðið „dust“ (ryk eða mold) af tveimur orðstofnum, merking annars er „vindur“ og hins „að molna niður.“ Gildi beggja þessara merkinga er augsýnilegt og samsetning hugmyndanna er grípandi. Þegar vindurinn eða andinn hverfur á braut, er afleiðingin niðurbrot formsins. Þetta er sönn og mikilvæg staðhæfing. Þegar hið meira líf dregur til sín hið minna líf, eyðist formið sem hefur verið bústaður þessa lífs. Þetta gildir um öll form í lægri ríkjum náttúrunnar þegar þau svara togi eða aðdráttarkrafti plánetulífsins; það gildir einnig um form mannsins þegar það bregst við því boði sálarinnar, að skila eðlisþætti lífsins aftur til sálarinnar í gegnum sútrama og hverfa sem vitund til uppsprettu sinnar.

Í þessu ferli og samspili birtir formið afleiðingar þess þegar það, samkvæmt tímаскеiðsbundnu lögmáli, er annaðhvort viðtakandi öldu lífsins frá plánetunni eða gefur hana frá sér til hins sameiginlega forðabúrs lifandi orku. Heilsa eða vanheilsa formsins á öllum þroskastigum byggist á þessu tvíþætta samspili, ásamt áhrifum annarra mótagandi þátta. Í lífhringrás allra forma í lægri náttúruríkjunum er um að ræða þrjá ráðandi meginþætti. Þetta gildir einnig um hið mennska form, þegar sálin er einfaldlega yfirskyggjandi þáttur en ekki samhæfð orka.

1. *Þáttur innstreymis*, lífgunar og vaxtar.
2. *Þáttur viðnáms*, þegar formið viðheldur heilleika sínum tímabundið, en sá tími ákvarðast af tegundinni sem það tilheyrir og umhverfinu og stendur þannig á árangursríkan hátt á móti hvers kyns „togi“ hins allt umlykjandi lífs og hvers kyns eftirgjöf á lífskrafti sínum.

3. Þáttur *útstreymis*, þegar tog hins meira lífs plánetunnar dregur til sín hið minna líf eftir því sem kraftur þess minnkar. Þessi minnkun lífkrafts tengist tímaskeiðsbundnu lögmáli, eins og hinn gamli málsháttur, að „dagar mannsins telja þrisvar sinnum tuttugu ár og tíu,“ gefur í skyn. Þegar eðlilegur tími æviskeiðs hefur liðið án áfalla, hlýtur lífskrafturinn smám saman að minnka í einhverjum hluta líkamsvefjanna. Framhaldið er yfirleitt sjúkdómur eða hrörnun einhvers hluta formsins sem síðan leiðir til dauða. Tímaskeiðin, lengd þeirra og ákvarðandi orsök, eru hulin leynd og tengjast á sérstakan hátt lífríkjum náttúrunnar, tegundum undirtegundum og formum innan þessa samsafns lífsferla. Þessar tímalengdir eru enn sem komið er aðeins á vitorði meistara og þeirra vígsluhafa sem hafa það verkefni að hjálpa til við þróun lægri náttúruríkjanna, sem og þeirra tíva sem hafa það verkefni að stjórna rás atburðanna.

Eins og ykkur er kunnugt er það frjáls vilji mannsins sem gerir hinn mikla mun milli ríkis hans í heimunum þrem og annarra ríkja náttúrunnar. Þessi frjálsi vilji hefur samt ákveðin tengsl við sálina í þeim málum sem snerta dauða; vilja sálarinnar er fylgt annaðhvort meðvitað eða ómeðvitað í ákvörðun um dauða. Með þessari hugmynd er margt gefið í skyn sem nemar hefðu gott af að hugleiða.

Við erum nú komin að næstu megin alhæfingu um sjúkdóma og dauða í tengslum við mannkynið:

## VIII. LÖGMÁL

*Sjúkdómur og dauði eru afleiðing tveggja virkra krafta. Annar er vilji sálarinnar sem segir við starfstæki sitt: „Ég dreg kjarnann til mín.“ Hinn er sá segulmagnaði máttur plánetulífsins sem segir við lífið í*



*atóminu: „Stund heimfararinnar er runnin upp. Snú aftur til mín.“ Þannig, undir lögmáli tímahringrása, haga sér öll form.*

Hér er vísað til hinnar eðlilegu upplausnar formsins við lok holdgunartímans. Eins og við vitum er ævilengd mannsins ákvörðuð af nokkrum sálrænum meginþáttum sem geta flýtt eða seinkað endalokunum en aðeins að ákveðnu marki. Dómur sálarinnar og boð plánetulífsins eru hinir endanlegu ákvörðunarþættir, nema þegar um er að ræða stríð, slys, sjálfsmorð eða farsóttir.

Aðdráttarmáttur plánetunnar er mjög mikill innan vissra takmarka; það eru þessar takmarkanir sem valda til dæmis farsóttum sem fylgja í kjölfar stríðs. Slíkar farsóttir hafa alvarleg áhrif á mannkynið eftir að stríðstíminn er liðinn og eftir að farsóttin sem kemur í kjölfarið hefur runnið sitt skeið. Mannkynið, einkum í Austur-Evrópu, hafði ekki náð sér til fulls eftir farsóttirnar sem fylgdu fyrri hluta heimsstyrjaldarinnar, þegar síðari hluti hennar hófst. Hin sálrænu áhrif viðhaldast; ummerki og afleiðingar þessa seinni hluta heimsstyrjaldarinnar munu vara í fimmtíu ár, þrátt fyrir að hægt sé að halda þætti farsóttanna furðanlega í skefjum, vegna meiri vísindalegrar þekkingar mannsins. Þetta er þó enn óljóst. Tíminn einn mun leiða í ljós hvernig mannkyninu gengur að hamla á móti refsingum sem hin vanvirta náttúra er líkleg til að krefjast.

Margt gott mun leiða af hinum vaxandi sið að brenna þau form sem hið ídveljandi líf hefur yfirgefið; þegar þetta er orðinn alheimslegur siður, mun greinilega draga úr sjúkdómum og það mun leiða til langlífis og aukins lífsþróttar. Viðnámsþátturinn, eða sú starfsemi sem formið notar til að gera sig ónæmt eða ómóttækilegt fyrir togi plánetunnar og hvötinni til útstreymis, krefst mikillar orkunotkunar. Þegar máttur lífsins eykst innan formsins og minni svörun verður við sjúkdómsvaldandi þáttum,

mun sálin innan formsins hafa fyllri yfirráð og birta aukna fegurð og gagnsemi í þjónustu. Þetta mun einhvern tímann gilda í öllum ríkjum náttúrunnar, þannig verður til viðvarandi geislun sem ljómar í upprennandi dýrð Lífs Guðs.

### 3. SJÚKDÓMAR KYNSTOFNA OG ÞJÓÐA

Eins og ykkur ætti nú að vera ljóst er mér umhugað um að gefa vísbendingar um atriði sem eru afleiðingar liðinnar sögu kynstofnsins, en ég tel síður ástæðu til að fjalla sérstaklega og í smáatriðum um sjúkdóma sem tengjast hinum ýmsu þjóðum. Í raun er slíkt ekki unnt, vegna þess að þróunin skarast og gengur samhliða á öllum sviðum lífsins í náttúrunni. Fyrst og fremst leitast ég við að varpa ljósi á nauðsynlegar forsendur forvarnarstarfs og þau verk sem inna þarf af hendi í því erfiða starfi að leita úrbóta á þeim aðstæðum sem nú þegar eru ríkjandi á jörðinni og eru afleiðingar *fyrri misbeitingar á máttaröflum náttúrunnar*. Umbótum á ríkjandi ástandi plánetunnar verður því að hrinda í framkvæmd og þess vegna mun ég ekki leggja áherslu á sérstök eða einstaklingsbundin atriði. Ég er einnig að leggja grunn að næsta námsefni okkar – tengslum karmalögmálsins við sjúkdóma og dauða og við mannkynið í heild.

Í þessari umfjöllun um sjúkdóma kynstofna og þjóða er ekki ætlun mín að benda á til dæmis, að berklar séu einkennandi sjúkdómur miðstétta allra landa, að sykursýki sé mikið vandamál meðal hrísgrjónaneytandi þjóða og að krabbamein sé útbreitt á Stóra-Bretlandi, en hjartasjúkdómar helsta orsök dauðsfalla í Bandaríkjunum. Slíkar alhæfingar eru bæði jafn sannar og jafn rangar og tölfræðiupplýsingar eru yfirleitt. Þegar tímar liða verður vegið á móti öllum þessum erfiðleikum með vaxandi skilningi, innsæislegri greiningu sjúkdóma og hinu dásamaða

starfi vísindalegrar og fræðilegrar læknisfræði, ásamt sannari skilningi á réttum lífsháttum.

Ég kys fremur að setja fram enn víðtækari alhæfingar sem benda á orsakir en leggja ekki áherslu á afleiðingar þeirra. Ég vil því vekja athygli á eftirfarandi:

1. *Sjálfur jarðvegur plánetunnar* er veruleg orsök sjúkdóma og mengunar. Frá örófi alda hafa líkamar manna og dýra verið grafnir í jörð; jarðvegurinn er þar af leiðandi mettaður sýklum og afleiðingum sjúkdóma og það í mun fíngerðara formi en menn ætla. Sýkla fornra sjúkdóma, bæði þekktara og óþekktara, er að finna í jarðlögunum og jarðvegsgrunninum og þeir geta enn valdið skæðum kvillum við rétt skilyrði. Ég vil lýsa því yfir að náttúran ætlaðist aldrei til þess að lík væru jarðsett. Dýrin deyja og líkamar þeirra hverfa til moldar, en hverfa þangað hreinsaðir af geislum sólarinnar og vindunum sem blása og tvístra. Sólin getur valdið dauða sem og lífi og hinir skæðustu sýklar og bakteríur geta ekki viðhaldið krafti sínum, verði þau fyrir *hinum þurra hita* sólargeislanna. Raki og dimma eru ákjósanleg skilyrði fyrir sjúkdóma, þar sem þeir stafa frá og nærast á líkömum sem lífsþátturinn hefur yfirgefið. Þegar sú regla verður ríkjandi í öllum löndum heimsins, að hin dauðu form verði látin ganga í gegnum „eldskírnina,“ og þegar þetta er orðin hnattræn varanleg siðvenja, munu sjúkdómar hjaðna og heimurinn verða mun heilnæmari.
2. *Sálrænt ástand* kynþáttar eða þjóðar getur bersýnilega valdið tilhneigingu til sjúkdóms og minnkandi viðnáms gegn sjúkdómsvaldandi þáttum; það getur aukið hættu frá illri mengun. Um þetta þarf ekki að fjölyrða.
3. *Lífsskilyrði* í mörgum löndum ala einnig á sjúkdómum og heilsuleysi. Dimm og þröng híbýli, neðanjarðarbústaðir,

vannæring, rangt mataræði, slæmar lífsvenjur og ýmis konar atvinnusjúkdómar – allt á þetta þátt í almennri vanheilsu mannkynsins. Þessar aðstæður eru viðurkenndar um allan heim og margt hefur verið gert til úrbóta, en margt er þó enn ógert. Eitt af því góða sem heimsstyrjöldin mun hafa í för með sér er að knýja fram þarfar breytingar, nauðsynlega enduruppbyggingu og vísindalega samsetta næringu til handa æskulyðnum. Sjúkdómar þjóðar eru breytilegir eftir áhrifum starfsgreina á fólkið. Sjúkdómar landbúnaðarþjóðar eru mjög ólíkir sjúkdómum þjóðar sem stundar hátækniðnað; líkamlegar sjúkdómstillhneigingar sjómanns eru allt aðrar en skrifstofumanns í stórborg. Þessar upplýsingar eru alþekktar staðreyndir í starfi þjóðfélagsfræðinga um allan heim. Sumir sjúkdómar virðast algjörlega staðbundnir; aðrir virðast hafa hnattræna dreifingu; vissir sjúkdómar eru að hverfa og nýir að koma fram; vissir sjúkdómar fylgja okkur viðvarandi; aðrir virðast koma og fara í tímans rás; sumir sjúkdómar takmarkast við ákveðna hópa, en aðrir breiðast út sem farsóttir.

Hvernig gat hún orðið til þessi gríðarlega fylking sjúkdóma og líkamskvilla? Hvernig má það vera að sumir kynþættir eru móttækilegir fyrir einni tegund sjúkdóma á meðan aðrir kynþættir eru ónæmir fyrir þeim? Loftslag veldur sérstökum einkennandi sjúkdómum sem eru algerlega staðbundnir og finnast ekki annars staðar í heiminum. Sjúkdómar eins og krabbamein, berklar, kynsjúkdómar, mænuveiki, lungnabólga og hjartasjúkdómar, sem og kýlaveiki (þá nota ég hugtakið (scrofulosis) í sinni eldri merkingu sem vísar til ákveðins húðsjúkdóms), eru skefjalausir um allan heim og taka sinn toll í milljónum. Jafnvel þó að þessa sjúkdóma megi rekja til vissra tímabila meginkynstofna, eru afleiðingar þeirra nú á tímum almennar. Ástæðan fyrir þessu kann að verða ljósari,

ef menn minnst þess að meirihluti mannkynsins nú á tímum er „atlantískur“ í vitund sinni og er því hætt við sjúkdómum þeirrar siðmenningar, þó svo að tímabil Atlantiskynstofnsins liggja þúsundir ára aftur í fortíðinni.

Ef gerð væri heildarathugun á heilsufari íbúa heimsins á þeim tímum sem telja má eðlilega, en ekki þegar stríðsástand ríkir – gætum við spurt, hvort finna mætti eitt hundrað þúsund fullkomlega heilbrigða einstaklinga af öllum þeim milljörðum sem nú lifa á jörðinni. Ég tel svo ekki vera. Þótt enginn virkur sjúkdómur sé greinanlegur, er samt sem áður mörgu ábótavant, til dæmis í ástandi tanna, heyrnar og sjónar; erfðar tilhneigingar og næmni fyrir ýmsum sjúkdómum valda áhyggjum, við þetta má bæta sálrænum vanda, geðrænum sjúkdómum og sérstökum heilakvillum. Í öllu þessu er dregin upp ógnþrungin mynd. Læknisfræðin berst nú gegn sjúkdómum; vísindamenn leita leiða til úrbóta og lækninga og að góðum og varanlegum aðferðum til að uppræta þá; rannsakadir eru óvirkir sýklar og leitað er nýrra leiða til að verjast árásum sjúkdóma. Hreinlæti, skyldubólusetning, tíðar skoðanir, reglur um hreinlæti við matvælavinnslu, lagasetningar og betra húsnæði eru allt atriði sem framsýnir mannvínir nota í baráttunni. Samt sem áður eru sjúkdómar skefjalitlir; þörf er fyrir fleiri sjúkrahús og dánartíðni hækkar.

Auk þessara hagnýtu atriða, bjóða skólar eins og Hugræn vísindi, Ný hugsun, Eining og Kristileg vísindi fram hugmyndir sínar og leitast vissulega af heilum hug við að virkja hugrænan mátt til að fást við vandann. Á núverandi stigi mótast þessir hópar um of af öfgamönnum og fólki sem vinnur af heilindum en er á lágu vitsmunastigi, hafnar allri málamiðlun og virðist ekki sjá að þekking, sem aflað hefur verið í læknisfræði með vísindalegum aðferðum, er jafn mikil guðsgjöf og hugsjónir þeirra sjálfra, sem enn eru ósannaðar. Síðar meir mun kjarna þeirra sanninda sem þessir hópar berjast fyrir, verða aukið við

starf sálfræðinga og lækna; þegar það hefur gerst má búast við miklum framförum. Þegar starf hefðbundinna lækninga fær réttmæta viðurkenningu, þegar niðurstöður sálfræðinga styðja verk þeirra og þegar máttur skýrrar hugsunar kemur á sama hátt til hjálpar, þá, og ekki fyrir en þá, mun bjarma fyrir morgni nýrra tíma, þar sem finnast mun varanleg lausn á sjúkdómsvandnum.

Við þá flokka sjúkdóma, sem eru geðrænir eða etherískir að uppruna, þarf að bæta heilum flokki sjúkdóma sem eru meira hugrænir í áhrifum sínum; af þeim má nefna geðklofa, geðveiki, haldningu, taugaáfall, skapbresti og ofskynjanir. Til viðbótar starfi hinna þriggja áðurnefndu lækningarhópa þarf að bæta því starfi sem unnið er af meðlimum Hins andlega helgivalds og lærisveinum þess; við visku og starf hinna lækningarhópanna þarf að bætast máttur sálarinnar og innræð þekking til að mögulegt sé að bæta heilsufar fólks, tæma sjúkrahús og hæli, ráða bug á geðveiki og haldningu og koma í veg fyrir glæpi. Þetta vinnst endanlega með rétttri samstillingu allra þátta mannsins, með réttum skilningi á eðli orku, réttu mati á innkirtlakerfinu, kirtlum þess og hinu fíngerða sambandi þar á milli.

Mikið vantar á að hóparnir fjórir, sem starfa að lækningum, hafi nauðsynlegt samstarf og vinni samþætt starf í einingu. Við getum talið þessa hópa upp til nánari glöggvunar:

1. Læknar og skurðlæknar með hefðbundna læknismenntun.
2. Sálfræðingar, taugasjúkdómafræðingar og geðlæknar.
3. Huglæknar, fylgismenn Nýrrar hugsunar, Einingar og Kristilegra vísinda.
4. Þjálfaðir lærisveinar og þeir sem starfa í samvinnu við sálir manna.

Þegar hægt verður að koma á laggirnar nánú sambandi þessara fjögurra hópa og þeir geta unnið í sameiningu að því að leysa mannkynið undan sjúkdómum, þá mun okkur skiljast hið sanna undur mannverunnar. Þegar tímar líða verða til sjúkrahús þar sem þessir fjórir þættir lækninga- og heilsugæslustarfs munu verða samstiga og í fullri samvinnu. Enginn hópur getur náð fullkomnum árangri án hinna; allir eru þeir háðir hver öðrum innbyrðis.

Það sem gerir mér næstum ómögulegt að fjalla af meiri nákvæmni og á beinskeyttari hátt um þetta efni er vanhæfni þessara hópa til að viðurkenna kosti hinna og þörfina á aðstoð þeirra og samvinnu. Gerið þið ykkur grein fyrir þeim múr andsnúinnar hugsunar og umræðu sem ný eða framsækin hugmynd þarf að brjótast í gegnum? Hafið þið nokkurn tíma íhugað alvarlega hin samsöfnuðu og stöðnuðu hugform sem allar slíkar nýjar hugmyndir, sem nefna mætti Helgivaldshugmyndir, þurfa að stríða gegn? Getið þið metið hið mikla farg þeirra fornu vanabundnu ákvarðana sem koma þarf á hreyfingu, áður en Helgivaldið getur komið nýrri og þarfri hugmynd inn í vitund hins venjulega hugsandi manns? (Eða ætti ég ef til vill að segja vanhugsandi.) Læknisfræði er svið sem mjög erfitt er að starfa á, því að viðfangsefnið er svo persónulegt og ótti kemur svo sterklega inn í viðbrögð þeirra sem nauðsynlegt er að ná til. Það tekur tíma og mikla aðgæslu að brúa bilið á milli hins gamla og rótgróna og hinnar nýju andlegu þarfar. Þótt einkennilegt sé, verður alið á miklum hluta vandans af hinum nýju hugrænu skólum. Hefðbundin læknisfræði er hægfare og með réttu hægfare, við að taka upp nýjar aðferðir og tækni; hún er stundum of hægfare, en hinar nýju aðferðir við meðhöndlun eða greiningu verður að sanna á réttan hátt og tölfræðilega, áður en hægt er að samlaga þær aðferðum og námsefni læknisfræðinnar; áhættan fyrir sjúklinginn er of mikil, góður og mannúðarfullur læknir notar ekki sjúklinga sína í tilraunaskyni. Samt sem áður

hefur læknisfræðinni farið mjög hratt fram síðustu áratugina, raflækningar og ljósamedhöndlun og margar aðrar nútíma aðferðir og tækni hafa nú þegar bæst við ýmis önnur vísindi sem læknisfræðin færir sér í nyt. Kröfur hins óáþreifanlega og meðhöndlun hins þokukennda – ef nota má svo sérkennilegt orðalag – eru í vaxandi mæli að öðlast viðurkenningu og hafa þekkt hefðbundið hlutverk í nýrri aðferðum við meðhöndlun sjúkdóma.

Aðferðir hugrænu skólanna, eins og þeir ranglega nefna sig, hafa ekki þróast á eins gagnlegan hátt. Það er að mestu leyti þeirra sök. Skólar eins og Hugræn vísindi, Ný hugsun, Eining, Kristileg vísindi, hnykkklækningar, náttúrulækningar og margar aðrar, valda málstað sínum tjóni með stóryrtum yfirlýsingum og stöðugum árásum á hefðbundna læknisfræði og þekkingu læknaháskólanna (sem aflað hefur verið með aldalangri tilraunastarfsemi). Þeim gleymist að margar fullyrðingar þeirra um árangur (sem oft er óvéfengjanlegur) er hægt að flokka sem almennar trúarlækningar og þær geta gerst á réttan eða rangan hátt. Slíkar lækningar eru vel þekktar af læknavísindunum. Þessir skólar, sem eru í raun verndarar þarfra sanninda, þurfa fyrst og fremst að breyta viðhorfi sínu og læra hið andlega eðli málamiðlunar nú á tímum þróunar og opnunar. Hugmyndir þeirra geta ekki komið að fullum og æskilegum notum án þeirrar þekkingar sem Guð hefur gefið og læknisfræðin safnað saman um aldir; þeir þurfa einnig að halda skrá yfir hin mörgu árangurslausu tilfelli á sama hátt og árangursríku tilfelli sem þeir kunngerá svo hástöfum. Ég vil benda á það hér að þessi árangursríku tilfelli eru engan vegin jafn mörg og gerist hjá hinni hefðbundnu læknisfræði og því gagnlega starfi sem unnið er á lækningarstofum sjúkrahúsanna sem – þrátt fyrir mistök og oft grófa heimsku – léttir og linar sársauka og veikindi fjöldans stórlega. Þessar sértrúarstefnur láta vera að nefna, eða jafnvel að viðurkenna, að þegar um er að ræða slæm



veikinda- eða slysatilfelli, er sjúklingurinn líkamlega ófær um að staðfesta eða krefjast guðlegrar lækningar og er háður starfi einhvers lækna sem starfar án nokkurrar þekkingar á karma sjúklingsins. Margar hinar svokölluðu lækningar (og þetta á einnig við um hina hefðbundnu læknisfræði) lækna vegna þess að tími endalokanna fyrir sjúklinginn er enn ekki kominn og hann myndi hafa náð sér hvort sem var, þótt það gerist oft fljótar vegna læknisaðgerða þjálfaðs læknis.

Í alvarlegum slysatilfellum, þegar hinum slasaða blæðir, neyðist sértrúar-læknandinn (sama hvaða trúarstefnu hann fylgir) til að notfæra sér aðferðir hefðbundins læknis; hann mun nota æðaklemmu til dæmis og gera þær ráðstafanir sem hin hefðbundna læknisfræði kennir, frekar en að standa hjá og horfa á hinn slasaða deyja, vegna þess að þessar aðferðir voru ekki viðhafðar. Þegar hann stendur augliti til auglitis við dauðann, snýr hann sér alla jafna, til hinna reyndu og sönnuðu hjálparaðferða og kallar til lækni fremur en að kalla yfir sig ásökun um morð.

Allt það sem að ofan greinir er ekki sagt í anda lítilsvirðingar, heldur sem tilraun til að sanna að hinar mörgu hugmyndastefnur – hefðbundnar, fræðilegar, fornar, efnislegar eða andlegar, nýjar, framsækna eða hugrænar – eru háðar hver annarri, nauðsynlegt er að steypa þeim saman í ein heildræn læknavísindi. Það yrðu vísindi sem mundu lækna manninn í heild sinni og kalla til aðstoðar öll þau úrræði – líkamleg, geðræn, hugræn og andleg – sem mannkynið hefur yfir að ráða. Hefðbundin læknisfræði er opnari fyrir samvinnu við hinar nýju stefnur en þeir nýliðar sem stunda vísindin um hugrænt vald yfir sjúkdómum; hún getur samt sem áður ekki leyft að sjúklingar séu notaðir sem tilraunadýr til að þóknast hinum framsækna hugræna lækna og til að sanna kenningar hans – engu máli skiptir hve réttar þær eru þegar þeim er beitt í sameiningu við það sem þegar hefur sannast. Leið málamíðlunar og gagnkvæmrar samvinnu er ætíð

viturlegust, þá þekkingu er nauðsynlegt að menn tileinki sér nú á tímum á öllum sviðum mannglegrar hugsunar.

Við skulum nú halda áfram og taka til umfjöllunar þriðja og síðasta hluta þeirra hugmynda sem snúa að grundvallarorsökum sjúkdóma. Viðfangsefnið *karma* hefur lítið verið athugað, ég mun fjalla um það á víðtækari hátt en okkar sérstaka viðfangsefni ef til vill gefur tilefni til.

### III. KAFLI

## Karmaskuldir okkar

#### Inngangur

Við erum nú komin að lokaþættinum í umfjöllun okkar um sjúkdómsvandann. Í næsta hluta bókarinnar munum við fjalla um viðhorf og skapgerð sjúklingsins, tekið verður tillit til geisla hans og hugarástand læknandans athugað. Allt er þetta ákaflega mikilvægt með tilliti til hinnar göfugu lækningarlistar. Samt sem áður er nauðsynlegt að vanheilsa, bráðir sjúkdómar og dauðinn sjálfur séu með í heildarmyndinni. Einhver ein jarðvist er ekki einstakt og einangrað atvik í lífi sálarinnar, heldur hluti af og þáttur í lífsreynsluröð sem er ætlað að stefna á eitt skýrt og ákveðið markmið, markmið hins frjálsa vals, sem leiðir til þess að maðurinn snýr til baka, úr efninu til andans, af ráðnum hug og öðlast þannig lausn í fyllingu tímans.

Meðal dulfræðinga hefur mikið verið rætt um frelsun, sérstaklega í austurlenskri framsetningu á Brautinni til raunveruleikans. Markmiðið sem haldið er á lofti fyrir nýliða er frelsun, frelsi, lausn úr ánaud; þetta er í raun grunntónn sjálfs lífsins. Hugtakið felur í sér tilfærslu frá sviði hins eigingjarna, eða hinni persónulegu frelsun, til einhvers mun víðtækara og mikilvægara. Þessi skilningur á hugtakinu frelsun liggur að baki notkunar orðsins „frelsi“ (liberty) nú á tímum, en felur í sér mun vitrænni, betri og dýpri merkingu. Frelsi er í huga almennings frelsi frá öllum reglum manna, frelsi hvers og eins til að gera það sem hann óskar, að hugsa eins og hann vill og að lifa eins og hann kýs. Þetta er eins og það ætti að vera, að því

tilskildu að óskir, val, hugsanir og langanir manna séu lausar við eigingirni og helgaðar velferð heildarinnar. Enn er það sjaldan svo.

Frelsun er miklu meira en allt þetta; hún er frelsi frá fortíðinni, frelsi til að halda fram á við eftir sérstökum fyrirfram ákveðnum leiðum (fyrirfram ákveðnum af sálinni), frelsi til að birta eða tjá þá guðlegu eiginleika sem hver og einn er fær um sem einstaklingur, eða sem þjóð getur birt heiminum.

Í sögu síðustu tvö þúsund ára hafa átt sér stað fjórir mikilvægir táknrænir atburðir sem hafa birt í rökréttri röð (fyrir þá sem hafa augu til að sjá, eyru til að heyra og huga til að skilgreina) þema frelsunar – en ekki einfaldlega frelsis.

1. *Líf og ævi Krists*. Hann birti í fyrsta sinn í sögu mannkynsins hugmyndina um fórn einstaklings sem af ráðnum hug er færð til þjónustu heildarinnar. Heimslausnarrar höfðu áður komið fram, en málefnið hafði ekki áður verið sett fram á jafn skýran hátt, vegna þess að hugir manna voru ekki færir um að skilja það sem fram var sett. Þjónusta er grunntónn frelsunar. Kristur var hinn fullkomni þjónandi.
2. *Undirritun „Magna Charta“*. Þetta skjal var undirritað í Runnymede á valdatíma Jóhanns konungs, 15. júní, árið 1215 e.K. Hér var hugmyndin um lausn frá valdboði sett fram með áherslu á persónulegt frelsi og réttindi einstaklingsins. Vöxtur og þróun þessarar grunnhugmyndar, sem bæði er hugrænt hugtak og formuð skynjun, skiptist í fjögur stig eða kafla:
  - a. Undirritun „Magna Charta“ með áherslu á persónulegt frelsi.
  - b. Stofnun franska lýðveldisins með áherslu á frelsi mannsins.
  - c. Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna og Réttindaskráin, sem ákvarðar hina þjóðlegu stefnu.

- d. Atlantshafsyfirlýsingin og Frelsisgreinarnar fjórar (undirritaðar af Roosevelt og Churchill 1941) sem færðu málið í heild sinni yfir á alþjóðlegt svið, tryggja körlum og konum hvarvetna í heiminum frelsi til að þroska með sér hinn guðdómlega raunveruleika.
3. *Afnám þrælahalds*. Hin andlega hugmynd um frelsi mannsins varð að viðurkenndri hugsjón sem krafðist breytinga og merkur táknrænn atburður átti sér stað – þrælarnir voru leystir úr ánaud. En engar athafnir manna eru fullkomnar. Blökkumenn eru ekki frjálsir í þessu landi frelsisins. Bandaríkin þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu tilliti. Til að kveða skýrt að orði, þá verða Bandaríkin að sjá til þess að Stjórnarskráin og Réttindaskráin séu staðreyndir en ekki draumsýn. Eingöngu þannig er hægt að bregðast við og upphefja óhjákvæmilegar verkanir karmalögmálsins, en það er viðfangsefni okkar nú. Blökkumennirnir eru bandarískir á sama hátt og íbúar Nýja-Englands og öll önnur þjóðabrot sem ekki eru frumbyggjar í þessu landi, Stjórnarskráin nær einnig til þeirra. Ennþá eru réttindin sem hún veitir heft af þeim sem eru þrælur ótta og eigingirni.
4. *Frelsun mannkynsins fyrir tilstilli Sameinuðu þjóðanna*. Við erum þátttakendur í merkum og táknrænum atburði og fylgjumst með framkvæmd hans. Frelsun einstaklingsins hefur gengið í gegnum táknræna frelsun hluta mannkynsins (leifar tveggja fyrstu kynstofnanna, hins lemúríska og atlantíska) og áfram til frelsunar milljóna manna sem hneptir voru í þrældóm af kröftum hins illa fyrir atbeina milljóna samferðamanna þeirra. Hugsjónin hefur hrundið af stað hagnýtu hnattrænu átaki á efnissviðinu og það hefur krafist hnattrænnar fórnar. Baráttan hefur tekið til allra þriggja heima mennskrar þróunar og þess vegna getur Kristur

nú leitt sveitir sínar til hjálpar mönnum og til frelsunar mannkynsins.

Hvað hefur þá í raun og veru verið að gerast í lífi einstaklinga, lífi þjóða og í lífi mannkynsins? Feikistórt skref hefur verið stigið til að leiðrétta mjög svo fornt böll og bæta fyrir fornar skuldir, með því að vinna með lögmáli orsaka og afleiðinga á meðvitaðan hátt og viðurkenna hinar persónulegu, þjóðarlegu og alþjóðlegu orsakir sem valda mannkyninu þjáningu nú á dögum.

Nú á tímum er karmalögmálið óhrekjanleg staðreynd í vitund mannkynsins alls. Nafngiftin er ef til vill önnur, en menn vita vel að með öllu því sem er að gerast eru þjóðirnar að uppskera það sem þær hafa til sáð. Þetta mikla lögmál – sem var áður kenning – er nú viðtekin staðreynd og hluti af hugsanagangi fólks. Spurningin „hvers vegna?“ sem svo iðulega er borin upp, vekur stöðugt og óhjákvæmilega upp hugmyndina um áhrif orsaka og afleiðinga. Hugtökin erfðir og umhverfi eru notuð sem tilraun til að útskýra núverandi stöðu mannsins; eiginleikar, einkenni kynþátta, lunderni þjóða og hugsjónir eru vottur um tilvist einhvers konar heims frumorsaka. Rekja má sögulegar forsendur, tengsl milli þjóða, þjóðfélagslega bannhelgi, trúarsannfæringu og trúhneigð til frumorsaka – sumra mjög fornra. Allt sem er að gerast í heiminum nú á tímum og hefur svo víðtæk áhrif á mannkynið, svo sem menning, vísindi, listir og það hvernig mannkynið mótir alla tilveruna, er hluti afleiðinga sem áttu sér upphaf á einhverjum tíma hjá mönnum, bæði einstaklingum og hópum.

Karma er því það sem maðurinn – einstaklingar, hópar, þjóðir, mannkynið sem heild og sá Himneski Maður sem við lifum, hrærumst og eigum tilveru okkar í – hefur stofnað til eða tengst á einhvern hátt – réttilega eða ranglega – á liðnum öldum allt fram til okkar tíma. Nú eru ávextirnir þroskaðir og mannkynið

er að uppskera það sem það hefur til sáð, til undirbúnings fyrir nýja plægingu á vori nýrra tíma með sáningu nýs sæðis sem bera mun betri ávöxt. Þess biðjum við og vonum.

Skýrt dæmi um lögmál orsaka og afleiðinga er kynþáttur Gyðinga. *Allar þjóðir eru vottar þessa lögmáls*, en ég kys að nefna hebresku þjóðina, vegna þess að saga hennar er svo vel þekkt og framtíð hennar og örlög varða allan heiminn. Kynþáttur Gyðinga hefur alltaf haft táknrænt gildi; í honum sameinast frá fornu fari hyldýpi illsku mannsins og hæðir mannlegs guðdómleika. Hin herskúa saga þeirra, eins og hún er sögð í Gamla Testamentinu, er sambærileg við það sem gerðist í Þýskalandi á stríðsárunum; samt var Kristur Gyðingur og það var hebreski kynþátturinn sem fæddi hann af sér. Því skulum við ekki gleyma. Gyðingar voru mjög herskáir; þeir rændu Egypta og tóku fyrirheitna landið með vopnavaldi, hlífðu hvorki körlum, konum né börnum. Trúarleg saga þeirra hefur í tímans rás byggst í kringum hinn veraldlega Jehovah, ráðríkan, gráðugan, styðjandi og hvetjandi til árása. Saga þeirra er dæmigerð fyrir sögu allra árásarmanna. Þeir réttlæta hana fyrir sjálfum sér með þeirri trú, að þeir vinni að framkvæmd guðlegs ætlunarverks, sölsandi undir sig eignir annarra í anda sjálfsvarnar og fundvísir á hverskonar rök sem fullnægja þeim sjálfum til afsökunar á siðleysi athafna sinna. Gyðingar lögðu undir sig Palestínu, vegna þess að hún var „land þar sem smjör og hunang draup af hverju strái,“ en fullyrt var að það væri gert til að hlýðnast guðlegu boði. Síðar meir verður táknræn merking sögu þeirra mjög athyglisverð. Þeir skiptust í tvo hluta; Ísraélíta með höfuðstöðvar í Samaríu og Gyðinga (átt er við tvær eða þrjár af kynkvíslunum tólf) með aðsetur umhverfis Jerúsalem. Tvíhyggjan var allsráðandi í trú þeirra; kennimenn þeirra voru Saddúkear eða Farísear, þessir tveir hópar áttu í stöðugum erjum. Kristur kom fram meðal ættbálks Gyðinga og þeir afneituðu honum.

Lögmálið er enn í fullu gildi og Gyðingar eru nú að greiða skuld sína, raunverulega og táknrænt, fyrir allt það sem þeir hafa aðhafst í fortíðinni. Þeir sýna fram á hin víðtæku áhrif lögmálsins. Þeir *eru*, raunverulega og táknrænt, fulltrúar menningar og siðferðilegra verðmæta; þeir eru, raunverulega og táknrænt, mannkynið; þeir eru, eins og þeir hafa alltaf kosið að vera, fylgjendur aðskilnaðar. Þeir líta á sig sem útvalda þjóð og hafa innri vitund um það háa hlutskipti, en gleyma hinu táknræna hlutverki sínu og að það er mannkynið sem er hin útvalda þjóð en ekki einn lítill og léttvægur hluti þess. Þeir þrá einingu og samvinnu, raunverulega og táknrænt, en kunna samt ekki að vinna saman; þeir eru hinn „Eilífi Pílagrímur“ táknrænt og í reynd; þeir eru mannkynið, sem ráfar um völundarhús hinna þriggja heima mennskrar þróunar og starir löngunarfullum augum í áttina til fyrirheitna landsins; raunverulega og táknrænt líkjast þeir fjöldanum, sem neitar að skilja hinn andlega tilgang sem býr að baki öllum efnislegum fyrirbrigðum. Þeir hafna Kristi hið innra (eins og þeir fyrrum höfnuðu Kristi í landi sínu), sækjast eftir efnislegum gæðum og hafna stöðugt því andlega. Þeir krefjast hinnar svonefndu endurreisnar Palestínu, sölsa hana undir sig frá þeim sem hafa byggt hana um aldir; og með stöðugri áherslu sinni á veraldlegar eignir sjá þeir ekki hina sönnu lausn sem enn og aftur, raunverulega og táknrænt, felst í því að þeir verða að samlagast þjóðum heims og sameinaðir öllum kynþáttum munu þeir sýna fram á og viðurkenna einingu mannkynsins.

Það er athyglisvert að Gyðingunum, sem byggðu suðurhluta Palestínu með Jerúsalem sem höfuðborg, hefur tekist þetta, þeir hafa samlagast og horfið inn í bresku, hollensku og frönsku þjóðirnar á þann hátt sem Ísraelítarnir, sem tilheyrðu Samaría, hafa aldrei gert. Ég segi ykkur þetta til umhugsunar.

Ef Gyðingar myndu minnast síns háleita táknræna hlutverks og ef hinn hluti mannkynsins gæti séð sjálfan sig í Gyðingum



og ef báðir hóparnir leggðu höfuðáherslu á þá staðreynd, að mannkynið er ein heild og hættu að líta á sig sem einingar í þjóðum og kynstofnum, myndi karma mannkynsins breytast á róttækan hátt frá refsikarma nútímans til hins jákvæða umbunarkarma framtíðarinnar.

Ef litið er á málið með opnum huga, sögulegar forsendur skoðaðar og litið til framtíðar með von, er ljóst að það eru Gyðingarnir sjálfir sem verða að leggja meira á vogarskálarnar. Enn hafa þeir aldrei horfst einlæglega og heiðarlega (sem kynþáttur) í augu við ástæðuna fyrir því *hvers vegna* hinum mörgu þjóðum, allt frá tímum Egypta, hefur aldrei líkað við þá né viljað neitt með þá hafa. Þannig hefur þetta verið um aldir. Einhver ástæða hlýtur að vera innra með þjóðinni sjálfri sem skýrir svo almenn og hnattræn viðbrögð. Viðbrögð þeirra sjálfra við þessu mikla vandamáli hafa verið í formi bæna, mæddrar ásökunar eða dapurrar örvæntingar. Krafa þeirra hefur verið að þjóðir heimsins gerðu eitthvað til leiðréttingar og margar þeirra hafa reynt það. En þar til Gyðingarnir sjálfir fara að horfast í augu við ástandið og viðurkenna að þeir sjálfir þurfi ef til vill að vinna úr refsipætti lögmáls orsaka og afleiðinga, þar til þeir sjálfir reyna að finna hvað það er í þeim, sem kynþætti, sem hefur hrundið af stað þeirra fornu og illu örlögum, verður þetta vandamál mannkynsins áfram óbreytt eins og það hefur verið um aldir. Það er óumbreytanleg staðreynd að meðal Gyðinga eru og hafa verið mikilhæfir, góðir, réttlátir og andlegir menn. Alhæfingar eru aldrei fullkomin tjáning sannleikans. En ef litið er á vandamál Gyðinga fyrir og nú, eru ábendingar mínar Gyðingum tilefni til vandlegrar íhugunar.

Það sem ég hef sagt dregur á engan hátt úr sekt þeirra sem hafa svo sárlega misþyrmt Gyðingum. Er ekki til málsháttur sem segir: „tvennt svart verður ekki hvítt?“ Framkoma þjóðanna gagnvart Gyðingum, sem náði hámarki sínu í grimmdaræði annars fjórðungs tuttugustu aldarinnar, á sér enga afsökun.

Verkanir lögmálsins eru ófrávíkjanlegar. Þó svo að margt af því sem hent hefur Gyðingana eigi rætur í fortíðarsögu þeirra sjálfra, í hinni óbifandi afstöðu þeirra að vera aðgreindir og blandast ekki og í áherslu þeirra á efnisleg gæði, kalla þeir, sem fært hafa þeim þetta illa karma, á sama hátt yfir sig refsipátt hins sama lögmáls. Ástandið hefur nú myndað vítahring ranginda og illra verka, refsinga og hefnda, með þetta í huga hlýtur sá tími að koma að þjóðir heims muni þinga saman um þetta vandamál og sameiginlega vinna að því að binda enda á hin röngu viðhorf *beggja aðila*. Til að eyða öllu illu karma þarf að koma fram vilji til sátta, samstarf í anda kærleiks, hreinskilin viðurkenning á ábyrgð og hæfni til að stilla saman krafta í sameiginlegu starfi að heill mannkynsins í heild, en ekki eingöngu einstakrar þjóðar eða kynþáttar. Gyðingavandamálið verður ekki leyst með því að taka Palestínu eignarnámi, með kærum, kröfum og fjármálalegu baktjaldamakki. Með því væri aðeins verið að viðhalda fornum rangindum og ráðríki. Vandamálið verður leyst með því að Gyðingar lagi sig af fúsum og frijálsum vilja að þjóðmenningu, menningarlegum bakgrunni og lífsháttum þeirrar þjóðar sem þeir – vegna fæðingar eða menntunar – tengjast og eiga að samlagast. Það mun gerast með afsali þjóðernishroka og höfnun hugmyndarinnar að vera útvalinn; það mun gerast með afneitun á úreltum kreddum og siðum sem valda sífellt úlfúð í nánasta umhverfi Gyðinga; það mun gerast þegar eigingirni í viðskiptaháttum og hinu áberandi ráðríki hebresku þjóðarinnar er umbreytt í óeigingjarnari og heiðarlegri starfshætti.

Vegna geislagerðar sinnar og þróunarstöðu eru Gyðingar hæfileikaríkir og skapandi á listrænu sviði. Þetta þurfa þeir að skilja og reyna ekki að vera ráðandi á öllum sviðum, hrifsa til sín tækifærin frá öðrum og búa í haginn fyrir sig og sitt fólk á kostnað annarra. Núverandi ástand mun breytast til batnaðar þegar Gyðingurinn gleymir að hann er Gyðingur og verður í innstu vitund sinni ítalskur, bandarískur, breskur, þýskur

eða pólskur. Blönduð hjónabönd munu stuðla að lausn á Gyðingavandamálinu, þarna er ekki átt við svertingja. Þetta gerist með tilslökun og málamiðlun af hálfu hinna rétttrúuðu Gyðinga – tilslökun sem byggist á sannfæringu en ekki hentistefnu.

Ég vil einnig benda á að Kabbala og Talmúd eru hliðargrein- ar í innræðri sannleiksleit, með efnishyggjublæ og fela í sér mikið af kynngistarfi sem tengir saman mismunandi efnis- flokka. Gamla Testamentið er á sama hátt ekki ein af megin ritningum heimsins og er frá andlegu sjónarmiði ekki í sama flokki og Bhagavad-Gita, fornar ritningar Austurlanda og Nýja Testamentið. Það leggur áherslu á hið efnislega og reynir að innprenta í vitund mannkyns hugmyndina um hinn veraldlega Jehovah. Í Gamla Testamentinu er leitast við að endurvekja æðstu tjáningu hinnar guðlegu visku *fyrsta sólkerfisins*; það sólkerfi birti hið skapandi starf þriðja meginþáttar guðdómsins, þátt virkra vitsmuna, sem tjáir sig í efni. *Í þessu sólkerfi* er ætlunin að hinn skapaði heimur sé birting annars meginþáttarins, kærleiks Guðs. Þetta hafa Gyðingar aldrei skilið, því að kærleikurinn sem kemur fram í Gamla Testamentinu er hinn aðgreinandi, ráðríki kærleikur Jehovah til einhvers ákveðins einstaklings innan fjórða ríkisins eða mannkynsins. Páll postuli dró saman þau viðhorf, sem mannkynið ætti að gera að sínum, í orðunum: „Hér er enginn Gyðingur né grískur“ (Galatabréfið 3,28). Hinu illa karma Gyðinga nú á dögum er ætlað að binda enda á einangrun þeirra, fá þá til að falla frá efnislegum markmiðum, hafna þjóðerni sem hefur tilhneigingu til að vera að nokkru leyti afæta innan annarra þjóða og jafnframt að tjá ótakmarkaðan kærleik í stað óhamingju aðgreiningarinnar.

Og hvað með afstöðu þeirra sem ekki eru Gyðingar? Það er óhjákvæmilegt að þjóðirnar mæti Gyðingum meira en miðja vega, þegar þeir fara smám saman að breyta þjóðernislegum kreddum sínum. Nauðsynlegt er að þær láti af hræðslu sinni og

ofsóknum, hætti að hata og reisa hindranir gegn samvinnu. Hin vaxandi and-semitíska tilhneiging í heiminum er óafsakanleg fyrir sjónum Guðs og manns. Hér er ég ekki að tala um hina viðurstyggilegu grimmd hinnar helteknu þýsku þjóðar. Þar að baki liggur saga atlantískra samskipta sem ég get ekki farið nánar út í, því ég gæti ekki fært sannanir fyrir orðum mínum. Ég á við sögu síðustu tvö þúsund ára og hina almennu hegðun fólks um allan heim. Íbúar allra landa verða að gera sérstakt átak í því skyni að taka Gyðingana í sinn hóp, stofna til blandaðra hjónabanda með Gyðingum og hafna hindrunum vegna vana-bundinna hugsana og slæmra samskipta fyrri tíma. Menn verða alls staðar að líta á það sem blett á þjóðarheilleika sínum ef innan landamæra þeirra finnast Gyðingar sem aðgreindur hluti þjóðarinnar. *Það er ekki til neinn Gyðingur aðgreindur frá öðru fólki; það er aðeins til mannkyn.* Heimsstyrjöldin (1914-1945) ætti að hafa bundið enda á hinn forna fjandskap milli Gyðinga og annarra þjóða. Þessir tveir hópar hafa nú tækifæri til að hefja nýja og hamingjuríkari lifnaðarhætti og raunveruleg samskipti í anda samvinnu á báða bóga. Gyðingar munu samlagast öðrum þjóðum mjög hægfara, því ríkjandi hugsanavenjur, hefðbundin viðhorf og aðskilnaðarhefðin eru svo forn og fastmótuð að erfitt er að brjóta slíkt niður. En nauðsynlegar breytingar geta orðið, ef góðvilji ræður orðum, rituðu máli og sambýlisháttum. Helgivaldið gerir engan greinarmun. Þó að stjórnandi Helgivaldsins sé ekki í líkama Gyðings nú á tímum, náði hann æðsta andlegu markmiði mannkynsins í líkama Gyðings. Helgivaldið er að senda vissa lærisveina til jarðvistar meðal Gyðinga sem munu vinna að því með fullum ásetningi að breyta ástandinu. Þeir Gyðingar eru til sem ekki hugsa á þann hátt að þeir séu Gyðingar og eru ekki svo uppteknir við vandamál Gyðinga að ekkert annað kemst að. Í þess stað leitast þeir við að blanda öllum þjóðum saman í eitt mannkyn og mynda þannig samhæfða einingu án aðgreiningar.

Ég endurtek að meistararnir gera engan greinarmun á Gyðingum og öðru fólki, en sjá alla sem sálir og syni Guðs.

Þegar fjallað er um karma sem afgerandi og varanlegan orsakapátt bæði í veikindum og góðri heilsu, má vera að eitt í framsetningu minni geti valdið gagnrýni, en það er að ég tali of mikið í alhæfingum og að ég komi ekki með neina nákvæma greiningu á vissum sjúkdómum, þá einkum hinum útbreiddu almennu sjúkdómum sem taka svo stóran toll af mannkyninu og ekki hefur tekist að vinna bug á nema að litlu leyti; ég fjalli ekki um einkenni þeirra né lækningu og gefi ekki upp aðferðir við meðhöndlun þeirra. Mér finnst rétt að svara þessari gagnrýni, svo að þið getið haldið áfram námi ykkar án nokkurs misskilnings. Þetta er hentugur staður til að staldra við og svara þessari staðhæfingu. Karma er í eðli sínu viðfangsefni sem er almenns eðlis en ekki sérhæft; það hefur ekki enn hlotið viðurkenningu né verið skilið dulfræðilega af almenningi. Nauðsynlegt er að fjalla um það í víðu samhengi, uns sá tími kemur að lögmál orsaka og afleiðinga verður viðurkennt sem eitt helsta mótunarafli í vitund mannsins, ekki aðeins í víðari skilningi, heldur einnig í lífi einstaklingsins. Ennþá hefur almenningur litla sem enga þekkingu á þessu lögmáli.

Það liggur í augum uppi að ekki er nauðsynlegt að ég fjalli um sjúkdómseinkenni og þær hliðar læknisfræðinnar sem hin hefðbundnu læknavísindi hafa svo fagmannlega leitt í ljós. Við höfum verið að athuga orsakir slíkra sjúkdóma og ætlun mín er að fjalla um hinar dulfræðilegu lækningaradferðir – þegar slíkar lækningar eru leyfilegar samkvæmt karmalögmálinu og þar sem lækandinn er reiðubúinn að starfa á dulfræðilegan hátt. Ég hef reynt að gera ykkur ljóst að frumorsökin tengist orku, að hún sé of mikil þegar hún streymir í gegnum orkustöðvarnar, eða að um skort á henni sé að ræða. Þetta eru þeir tveir aðalþættir sem leiða til sjúkdóms. Þessi staðreynd þarf að mynda grundvöll þeirrar aðferðar sem þau ykkar, sem áhuga hafa á því að læra um

sjúkdóma og lækningu þeirra, koma til með að beita. Ég hef gefið í skyn að í læknisfræði framtíðarinnar muni meðhöndlun hefjast á því að gengið verður úr skugga um þetta atriði. Ég hafna ekki vísindabætti læknisfræðinnar. Ég leitast við að halda áfram frá þeim grunni og það er ekki ætlun mín að hafa að engu hinar viturlegu uppgötvunar nútíma læknávisinda, né er ég hliðhollur þeim hópum fólks sem gera lítið úr og neita að viðurkenna árangur nútíma læknisfræði. Á þetta hef ég áður lagt áherslu. Ég vil benda á að læknisfræðirannsóknir framtíðarinnar munu stefna að því að leita að upptökum vandans á sviði lífsorkunnar (eins og vísindamenn myndu nefna það), en við mundum sjá það sem orkusvið etherlíkamans. Hér vil ég setja fram gagnlega staðhæfingu sem við getum litið á sem okkar næstu reglu:

#### 6. regla

Vandleg greining sjúkdómsins, byggð á þekktum ytri einkennum, mun verða einfölduð að því leyti, að þegar líffærið sem um er að ræða er þekkt og þannig afmarkað, verður dulfræðilegum lækningaraðferðum beitt við þá orkustöð í etherlíkamanum sem stendur því næst, þó svo að hinum venjulegu aðferðum lyf- og skurðlækninga verði ekki hafnað.

Það er hér sem hinn öfgafulli hugræni læknandi fer oft villur vegar. Hinar rótgrónu lækningaaðferðir, með efnislegum rannsóknnum sínum og misjöfnum árangri við sjúkdómsgreiningu, verða enn um sinn nauðsynlegar, eða þar til sá tími kemur að lækna geta beitt skyggningáfu, innsæisskynjun og andlegri innsýn og þar til þeir hafa þróað aðferð við að nýta orku við meðhöndlun sjúklingsins. Við þetta bætist rétt túlkun á stjarnspekilegum aðstæðum, skjót geislagreining og síðan

beiting réttra lækningaraðferða sem ráðast af geislanum sem mótar lífstjáningu sjúklingsins. Einnig þarf að taka tillit til þróunarstöðu hans.

Mér er mjög erfitt um vik þegar ég leitast við að móta frumdrögin að þessari nýju stefnu læknisfræðinnar. Mér er erfitt um vik vegna óraunhæfra fullyrðinga frumkvöðlanna á hinum nýju sviðum andlegra lækninga. Það eina sem mér er unnt og getur orðið ykkur að gagni, er að setja fram ákveðnar víðtækar og almennar hugmyndir sem munu verða ráðandi meðal lækna framtíðarinnar. En þangað til munu menn reika um í þoku getgátna; mikil átök verða milli þeirra sem aðhyllast hinar gömlu og hefðbundnu aðferðir og þeirra sem eru að ígrunda og rannsaka hinar nýju hugmyndir, hinn „göfugi meðalvegur“ Búddha hefur gleymst.

Nú á tímum er að finna innan læknisfræðinnar hliðstæða stöðu og finna má hjá trúarbrögðunum. Hinar gömlu aðferðir duga fyrir fjöldann og eru oftlega árangursríkar, bæði í lækningum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem og í sjúkdómsgreiningu. Þetta er allt og sumt sem mögulegt er nú á tímum. Hin gamla framsetning trúarbragðanna dugir á sama hátt til þess að leiðbeina hinum lítt hugsandi almenningi eftir ákveðnum breiðum línunum reglubundinna lífnaðarhátta og til að halda ákveðnum óhrekjandi andlegum staðreyndum skýrum í vitund meðalmannsins. Þegar titið er á leiðsögn í andlegum málum og andlega sálgæslu fjöldans og einnig líkamlega heilsuvernd og fræðslu, er hægt að skipta læknum og prestum í nokkra hópa – sumir aðhyllast hinar gömlu reyndu aðferðir, aðrir taka svo einstrengingslega afstöðu að þeir neita að rannsaka það sem nýtt er og ósannað, nokkrir eru svo óraunsæir, fræðilegir og öfgafullir að þeir ana áfram með ómarkvissar tilraunir sem gætu eða gætu ekki vísað þeim veginn að læknisfræði framtíðarinnar og setja með því sjúklinga sína vissulega í flokk með tilraunadýrum.

Það svið sem er öruggast og áhættuminnst innan læknisfræðinnar eru *skurðlækningar*; þar er byggt á öruggri þekkingu

á líffærafræði, hægt er að meta þörf þeirra með skynsamlegum hætti, beiting þeirra (þegar um er að ræða traustan og viðurkenndan skurðlækni) getur læknað og gerir það oft og getur raunverulega framlengt líf sjúklingsins. En jafnvel á þessu sviði er lítið vitað um þær afleiðingar sem skurðaðgerð hefur á etherlíkamann og þar af leiðandi á taugakerfið fyrir tilhlutun „nadíukerfisins“ eða hins etheríska hluta tauganna. Ég gæti tekið sem dæmi brott nám einhvers líffæris. Ákveðnar afleiðingar hljóta óhjákvæmilega að fylgja innan hins fingerða starfstækis sjúklingsins og erfitt aðlögunar- og endurhæfingartímabil. Líkamshlutinn sem gekkst undir skurðaðgerð, sérstaklega orkustöðin sem tengist honum mest, *hlýtur* að verða fyrir áhrifum, því að „skammhlaup“ verður í hringrás orkunnar frá orkustöðinni, ef ég mætti orða það svo. Orkuflæðið, sem áður streymdi í gegnum umrætt svæði, verður að finna sér nýjar leiðir gegnum „nadíurnar“; en þær veita taugakerfinu hina nauðsynlegu orku. Við skurðaðgerðina, hvort sem hún var smá eða stór, hafa fyrri orkurásir verið fjarlægðar. Því er nauðsynlegt að mynda nýjar orkurásir til að brúa svæðið og etherlíkami sjúklingsins verður að aðlagast breyttum aðstæðum. Um þetta atriði er nánast ekkert vitað og það hefur ekki einu sinni náð inn á svið hinna þróuðustu rannsókna enn sem komið er.

Ekki er mögulegt að setja fram hina nýju læknisfræði með vísindalegum hætti, eða kynna hana á skynsamlegan hátt, fyrir en tilvist etherlíkamans er viðurkennd sem staðreynd og *hlutverk hans sem tæki orkumiðlunar og lífgefandi þáttur hins ytra forms er almennt þekkt*. Athygli læknastéttarinnar mun þá beinast frá hinum ytri, áþreifanlegu og líkamlegu áhrifum til innri orsaka, eins og þær er að finna í orkustöðvum og starfsemi tengdum þeim.

Ég hef nú þegar bent á vissar innræðar staðreyndir um það sem almennt gerist í líkamanum þegar sjúkdómur kemur fram:



1. Hægt er að rekja nánustu orsök sjúkdóms til etherlíkama einstaklings þegar vandinn tengist honum einum. Rekja má orsökina til etherlíkama plánetunnar (sér í lagi til etherlíkama fjórða ríkis náttúrunnar) þegar um er að ræða farsóttir, eða ástand eins og styrjöld, sem hefur áhrif á mikinn fjölda fólks.
2. Tilvist etherlíkamans hefur hingað til ekki verið viðurkennd af hinni hefðbundnu læknisfræði, þótt nú á tímum sé tilhneiging til áherslu á lífsorku, lífræna eiginleika fæðunnar og nauðsyn vítamína og fæðubótaefna til þess að byggja upp þrótt. Þetta er fyrsta vísbending um ómeðvitaða þörf á því að auka mátt lífsorkulíkamans.
3. Ástand etherlíkamans ræður hvort maðurinn er móttækilegur fyrir sjúkdómum eða ekki. Etherlíkaminn ver manninn gegn áhrifum hrörnunar eða er ekki fær um það vegna meðfædds veikleika.
4. Etherlíkaminn er tæki lífsorku eða prönu og liggur til grundvallar taugakerfinu, sem nærir og knýr alla hluta hins líkamlega starfstækis. Tengsl á milli orkustöðva, nadía og alls taugakerfisins mynda vettvang hinnar nýju læknisfræði og þar er að finna nýtt megin svið rannsókna.
5. Aðalorsakir allra sjúkdóma eru í eðli sínu tvær:
  - a. Þær eru fyrst og fremst fólgnar í misjafnri virkni orkustöðvanna. Með þessu er einfaldlega átt við ofvirkni eða vanvirkni einhverrar orkustöðvar einhvers staðar í líkamanum. Heilsufarið er tiltölulega gott þar sem flæði orkunnar samrýmist þörfum efnislíkamans á hvaða tilteknu þróunarstigi sem er.
  - b. Í öðru lagi eru þær fólgnar í karmískum áhrifum plánetusjúkdómanna þriggja, krabbameins, berkla og kynsjúkdóma. Einhvern tímann mun læknisfræðin átta sig á því að þessar þrjár meginorsakir í mannlíkamanum liggja að baki allra sjúkdóma, ef afleiðingar slysa og styrjalda eru undanskildar. Þetta er mikilvæg grundvallarstaðhæfing.

6. Etherlíkaminn er miðstöð allra innri orkutegunda líkamans og því er orkan, sem hann miðlar, ekki hrein lífsorka eða einfaldlega plánetuprana, heldur mótast hún af kröftum sem stafa frá starfstæki geðs og tilfinninga, frá huganum eða frá sálarlíkamanum. Þessi „mótunaráhrif kraftanna“ eru til marks um karma einstaklingsins og eru í raun áhrifamestu mótunarþættirnir. Þeir gefa til kynna þróunarstöðu einstaklingsins og þá þætti sem eru mest ráðandi í persónuleika hans. Af þeim má því ráða hvernig karma hans er háttað. Þetta færir starf læknisfræðinnar yfir á svið sálfræðinnar og gerir karmísk áhrif og geislagerðir að helsta viðfangsefni hennar.
7. Þessir mótandi kraftar gera etherlíkamann að því sem hann er á hverju einstöku æviskeiði. Þeir eiga sjálfir rót sína að rekja til athafna í fyrri jarðvistum og mynda þannig karmaskuld eða inneign mannsins.
8. Grunnorkan sem streymir inn í etherlíkamann og mótar efnislíkamann er í aðalatriðum af tveim gerðum, geislaorka sálarinnar og geislaorka persónuleikans. Þær mótast af þrem minni kröftum, geislum hugans, geðlíkamans og efnislíkamans. Læknar framtíðarinnar verða því að taka tillit til fimm orkutegunda.
9. Sjúkdómsgreiningar, byggðar á þekkingu á þessum innri þáttum, eru í raun ekki eins margslungið og flókið verkefni fyrir nema hinna þróaðri dulfræðikenninga og þær virðast vera nú á tímum. Læknislærðir menn framtíðarinnar munu hafa næga þekkingu til að geta tengt saman geislakrafta og orkustöðvar; þannig munu þeir vita hvaða kraftur veldur góðu eða slæmu ásigkomulagi hvar sem er í líkamanum. Læknavísindi framtíðarinnar munu byggjast á staðreyndinni um tilvist lífsorkulíkamans og orkutegundanna sem mynda hann. Menn munu þá sjá að þessi vísindi verða mun einfaldari og ekki nærri eins flókin og þau eru nú á

tímum. Nú eru þau orðin svo flókin að sérfræðinga þarf til að fást við einstaka hluta líkamans og áhrif þeirra á efnislíkamann í heild. Hinn almenni heimilislæknir ræður ekki við þau ógrynni nákvæmra þekkingaratriða sem nú hefur verið aflað um efnislíkamann, hin ýmsu lífkerfi hans, innbyrðis samskipti þeirra og áhrif þeirra á hin margvíslegu líffæri líkamans. Skurðlæknar munu halda áfram að fást við hin lífsnauðsynlegu líffæri mannlíkamans, en læknisfræðin mun áður en langt um líður beina athygli sinni að etherlíkamanum, orkurásunum og innri tengslum hans og flæðinu milli meginorkustöðvanna sjö, bæði milli þeirra sjálfra og áhrifasvæða þeirra. Þetta mun valda miklum framförum í gagnlegum lækningaraðferðum og grundvallandi einföldun; það mun leiða til réttari lækni meðhöndlunar, þá sérstaklega þegar skyggigáfa hefur þroskast og er orðin viðurkennd sem vísindaleg staðreynd og menn vita að hún er viðbót við eðlilegt sjónskyn.

10. Þegar stjörnuspekin hlýtur sinn réttmæta sess og þróast sem viðurkennd vísindagrein, verður hægt að bera saman stjörnukort sálar og persónu; þá verður etherlíkaminn skoðaður út frá réttum stjarnspekilegum forsendum. Læknirinn hefur þá mun traustari grunn að byggja á en nú er raunin. Stjörnuspekin hefur hingað til beinst að lífi persónuleikans; stjörnuspeki framtíðarinnar mun gefa til kynna tilgang sálarinnar og mun meðal annars umbylta læknisfræðinni. Nauðsynlegt er þó að taka hana úr höndum þeirra sem misnota hana af vanþekkingu eða í hagnaðarskyni og færa í hendur þjálfaðra vísindamanna á sviðum stærðfræði og þeirra sem hafa varið jafn miklum tíma í vísindalega þjálfun í stjörnuspeki og nú tíðkast við þjálfun lækna, efnafræðinga eða líffræðinga.
11. Árangur stjörnuspekinnar mun ekki eingöngu tengjast

stjörnukortum persónuleika og sálar, heldur einnig ná inn á svið læknisfræðinnar og þá einkum þau sem varða etherlíkamann. Nú á tímum tengjast allar stjörnuspekirannsóknir í læknisfræði sjúkdómum efnislíkamans; í framtíðinni munu þær einkum beinast að etherlíkamanum. Eftir þessum nýju brautum munu stjörnuspekirannsóknir þróast í framtíðinni.

Annar vandi sem blasir við mér, þegar ég reyni að kynna fyrir ykkur læknisfræði framtíðarinnar, er sá að hugmyndir mínar miðast við heil tímabil, en hugsun ykkar miðast við fáein stutt ár. Ég er í raun að gefa til kynna þá stefnu sem læknisfræðirannsóknir munu fylgja næstu tvö hundruð árin. Aðferðir okkar tíma miða að því að lækna sjúklinginn hér og nú; þetta eru eðlileg viðbrögð og þroskaðir hugsuðir leitast við að koma því til leiðar með svokölluðum innræðum eða hugrænum lækningum. Lítið er enn vitað um uppbyggingu lífsorkulíkamans og svo að segja engar undirstöðurannsóknir hafa verið gerðar á því sviði. Nútíma læknisfræði á sér mjög fornan uppruna. Hún hefur vaxið og þróast á liðnum öldum þar til hún náði furðu góðum árangri í færni, nútíma rannsóknum, tækni og læknisáferðum. Þessu gleyma oft þeir sem aðhyllast nýjar og óreyndar aðferðir, þegar þeir leggja áherslu á árangurslaus tilfelli. Kenna um röngum aðferðum, en láta hjá líða að gera ráð fyrir karmískum takmörkunum. Árangur nútíma læknisfræði er svo mikill að milljónum manna er haldið á lífi – ef ekki læknaðir – sem fyrr á tímum hefðu yfirleitt dáíð, því kunnáttan var ekki á eins háu stigi. Í kjölfar þessarar þróðu kunnáttu og hæfni til að annast um efnislíkamann er nú að finna mikið hnattrænt vandamál sem felst í offjölgun mannkynsins á jörðinni, sem leiðir til fjöldasamfélaga og efnahagsvandamála sem fylgja í kjölfarið. Þessi „ónáttúrulega“ lenging lífsins er völd að miklum þjáningum og leiðir oft til stríðsátaka, þar eð hún er andstæð karmískum tilgangi Plánetulogossins.

Ég get ekki fjallað um þetta mikla vandamál hér. Ég get aðeins bent á það og það mun leysast þegar óttinn við dauðann hverfur og mannkynið lærir að meta gildi tíma og merkingu tímaskeiða. Það verður einfaldara viðfangs þegar mögulegt verður að fá fram sannar stjarnspekilegar ábendingar, þegar maðurinn veit hvenær hann mun hverfa úr hinum ytri heimi og nær tökum á tækni „brothvarfsins,“ þeirri aðferð að skilja við fangelsi líkamans *vitandi vits*. En fyrst verða viðtækar rannsóknir að fara fram. Sú staðreynd, að vandamálið er viðurkennt og rannsakað og mikið um það hugsað, gefur samt til kynna að nú sé kominn tími til rannsókna á etherlíkamanum, þeim geislum sem móta hann *í rúmi* og stjörnuspeki sem ræður raunbirtingu hans *í tíma*. Fyrir þessu eru karmískar ástæður ásamt því að þróun mannsins krefst þess.

Hér er að finna ástæðu þess að í heimi nútímans eru fjölmargir hópar sem gera uppreisn gegn hefðbundinni læknisfræði – en þeir gera það ranglega, því að í öfgafullum áhuga sínum á sinni sérstöku lækningaraðferð, hafa þeir að engu hina gagnlegu þætti þróaðra læknavísinda. Þannig reyna þeir að varpa fyrir borð reynslu og þekkingu sem aflað hefur verið um aldir; þeir telja sig ekki þurfa að læra af vísku fyrri tíma og vilja heldur hefja rannsóknarstörf í anda uppreisnar, fullir fordóma og með öllu vanbúnir til að fást við verkefnið.

Fylgjendur hinna ýmsu kerfa óhefðbundinna lækninga, sem vinna að lækningum án nokkurra tengsla við almenna læknisfræði, eru allir til marks um nýja og vænlega framvindu; en starf þeirra er samt að mestu á tilraunastigi. Þeir eru svo öfgafullir í stuðningi sínum og einskorðaðir við sína eigin lækningaraðferð, svo harðlega andsnúnir öllum fyrri tíma uppgötvunum og mótfallnir allri samvinnu við hefðbundna læknisfræði, að í mörgum tilfellum eru þeir raunveruleg hættu fyrir almenning. Það er að mestu leyti þeirra eigin ámælisverða afstaða sem veldur þessu; augljós vanþekking á eðli mannlíkamans, árás þeirra á

núverandi lækningarstarfsemi sem þó hefur sannað gildi sitt og fordómafull trú þeirra á óbrigðulleika eigin aðferða sem þó eru enn á tilraunastigi. Þessi afstaða hefur gert þá berskjaldaða fyrir árásum hinna hörðu fylgjenda hefðbundinnar læknisfræði og bókstafstrúarsinna innan hinnar fræðilegu læknisfræði. Samt sem áður eru margir upplýstir menn úr röðum læknisfræðinnar sem myndu með gleði vinna með þeim, ef hinir smáu og háværu hópar hættu að útiloka aðrar aðferðir og væru tilbúnir til samvinnu og að viðurkenna það sem hin guðlega hvöt innra með mannum hefur um aldir kennt í sambandi við lækningu mannslíkamans. Læknisfræði framtíðarinnar mun þróast í samstarfi fylgjenda hinna nýju og tilraunakenndu kenninga og fylgjenda eldri og reyndari aðferða. Gildi hinna mörgu hópa – hinna vænlegu og hinna hlutlausu – liggur í þeirri staðreynd að þeir vísa veginn í átt til nýrra strauma og gefa til kynna eftir hvaða leiðum læknisfræði framtíðarinnar getur aukið við sig og aðlagast betur þörfum mannsins. Enn er of mikið byggt á aðferðum sem ekki hafa verið vísindalega sannar, svo þeim er ekki fyllilega treystandi. Þeir hópar eru frumkvöðlar og hafa raunverulega eitthvað fram að færa, en það verður því aðeins mögulegt að þeir hafni aðgreiningu frá fortíðinni og leitist við að gera málamiðlun í samtíðinni. Fræðileg læknisfræði er árangur hæfileika mannshugans sem Guð hefur gefið; hún er raunhæf guðleg birting og blessunarríkt afl í heiminum, þrátt fyrir veikleika mannsins, misnotkun í gróðaskyni og mörg mistök. Sama er að segja um trúarbrögðin. Báðar þessar miklu vísindagreinar verða að losa sig við hina afturhaldssömu og bókstafstrúarlegu afstöðu og halda síðan fram á við með opnum huga til nýrra leiða við að nálgast hið guðlega og efla líkamlega vellíðan.

Framlag mitt að þessu sinni er því það, að benda á orsakir sjúkdóma og heilsubrests sem hefðbundin læknisfræði hefur

ekki komið auga á og fjalla um afleiðingar þessara fíngerðu orsaka eins og þær birtast í efnislíkamanum og taugakerfinu. Umfjöllunarefni mitt er ekki (eins og ég hef áður sagt ykkur) sjúkdómseinkenni, greining sjúkdóma eða efnislegar aðferðir við að lækna eða bæta ástand sjúklingsins. Þær aðferðir hafa eflst í takt við vaxandi hæfni mannsins til að uppgötva og vita.

Leyfið mér að endurtaka að ég er að leggja grunn að aðferð við að nálgast heilsufar efnislíkamans með umfjöllun sem mun fyrst og fremst taka til etherlíkamans. Þetta ætti smám saman að leiða til vaxandi þekkingar á orku, miðsækni hennar og dreifingu í etherlíkamanum og mun jafnast á við þá nákvæmu þekkingu sem nú þegar er fyrir hendi á efnislíkamanum, en sú þekking er raunveruleg.

Rannsókn erfðasjúkdóma gefur til kynna óljósan skilning á karmaskuldum mannsins og karmískum tilhneigingum. Það er samt ekki rétt að álíta að þessar tilhneigingar sé að finna í frjóí lífs og efnis sem nær saman við getnað og því séu faðirinn eða móðirin ábyrg fyrir því sem gefið er. Því er ekki þannig varið. Frá sjónarmiði sálarengilsins hefur hinn holdgaði einstaklingur vissulega sjálfur kosið sér foreldra sína vitandi vits, vegna þess sem þeir hafa fram að færa til *efnislegrar* líkamsgerðar hans í tiltekinni jarðvist. Lífsorkulíkaminn er því að upplagi þannig að maðurinn er móttækilegur fyrir vissum sjúkdómstegundum; efnislíkaminn hins vegar veitir minnsta mótstöðu gegn birtingu og stjórn þess sem lífsorkulíkaminn leyfir; sálin í holdgun myndar sérstaka samsetningu með skapandi starfi sínu og lífsorkustarfstæki, en foreldrarnir, sem hún kys sér, leggja til vissar tilhneigingar. Maðurinn veitir því ekki viðnám gegn ákveðnum sjúkdómum, sem ræðst af karma hans.

Það er vel þekkt meðal dulfræðinema að efnislíkaminn er einfaldlega sjálfvirkt tæki sem stjórnast af efnisfínni orkulíkama. Í orkugerð hans birtist sönn tjáning á stöðu mannsins í þróunarstiganum. Sú þróunarstaða getur einkennst af stjórn

persónuleikans, í gegnum einn eða annan líkama hans, eða af stjórn sálarinnar. Þessar staðreyndir verður læknastéttin að gera sér ljósar og þegar það verður hefur stórt skref verið stigið í framfaraátt. Dulfræðinemar eru fúsir til að viðurkenna að svörun efnislíkamans við geðrænum, hugrænum og sálarlegum áhrifum er sjálfvirk; etherlíkaminn er hinsvegar svo samfléttadur efnisstarfstækinu að það er næstum því ómögulegt að aðskilja þá tvo í vitundinni. Ekki er unnt að sanna þetta fyrr en vísindaleg rannsókn orkunnar og þróun skyggignigáfu sýna fram á sannleiksgildi þess sem ég hef sagt. Hér er aftur um að ræða þarfa endurtekningu.

Læknavísindin stefna hraðfara í rétta átt með rannsóknum sínum á taugakerfinu og skilningi á áhrifum hugsunarinnar á efnislíkamann, þegar þau síðan viðurkenna að orka fylgir hugsun og fara að gera tilraunir með áhrif þess á efnislíkamann, mun margt koma í ljós. Grunnhugmynd Kristilegra vísinda um hugann sem fastan tilveruþátt, sem var grunnur að starfi þeirra, var sönn, en ofuráhersla þeirra á hugann og óraunhæf túlkun þeirra á mannlegu eðli, að maðurinn geti sannað sig nú og án tafar sem fullkominn sonur Guðs, án þess að ganga í gegnum hið nauðsynlega þróunarferli og hin mótsagnakennda afstaða þeirra að hagnýta orku hugans að mestu til líkamlegra lækninga, hefur vissulega gert grunnhugmynd þeirra áhrifalaus. Að öðrum kosti hefði maðurinn getað orðið varanlega afvegaleiddur. Hefðu Kristileg vísindi uppfyllt hinn upphaflega tilgang vígsluhafanna sem leituðust við að hafa áhrif á mannkynið fyrir atbeina þeirra og hefðu þau þróað á réttan hátt hugmyndina um fylgni orku við hugsun, hefði það orðið læknavísindunum verulega til góðs.

Framsetning þeirra var í senn of háleit og of lágstæð og góðu tækifæri var kastað á glæ. Kristilegum vísindum hefur mistekist frá sjónarhóli Helgivaldsins og gagnsemi þeirra hefur nánast orðið að engu.



Læknendaheildi og læknendur vinna enn við mjög erfið skilyrði. Þeim er nú unnt að hefja starf sem í eðli sínu er tvíþætt:

1. Að beina orku með mætti einbeittrar hugsunar inn í orkustöðina sem mest áhrif hefur á því svæði í efnislíkamanum þar sem erfiðleikarnir liggja. Ef sjúklingurinn þjáist til dæmis af magasári, getur örvun sólarplexusstöðvarinnar leitt til lækningar, að því tilskildu að starfið sé unnið *algjörlega hugrænt* og aðeins vænst *efnislegra* afleiðinga. Að öðrum kosti mun tilfinningaorkan einnig örvast og þá magnast erfiðleikarnir til muna.
2. Að örva þá orkustöð sem er æðri hliðstæða þeirrar sem ræður hinu tiltekna svæði líkamans og draga þannig úr krafti hinnar lægri. Til dæmis, ef um er að ræða sjúkdóm eða erfiðleika sem tengjast kynfærunum (eins og til dæmis sjúkdóm í blöðruhálskirtli), ætti að beina athyglinni að hálsstöðinni. Hún er sú stöð sem hlýtur um síðir að taka á móti orku hins lægri skapandi eðlisþáttar. Þessi aðferð er nefnd „afturköllun eldsins“; með henni er hægt að stöðva það sem í sumum tilfellum er nefnt oförvun, en í öðrum ofvirkni.

Þessar tvær aðferðir við beitingu orku og hugarstjórn mynda dulfræðilegan grunn fyrir grundvallaraðferðirnar tvær sem beitt er við stjórn orku í sjúkum líkamshlutum. Fyrri aðferðin eflir lífsmátt viðkomandi orkustöðvar og hefur sérstök áhrif á hinn sjúka líkamshluta, en seinni aðferðin dregur úr innstreymi krafts og slævir þannig mátt sjúkdómsins. Það er því augljóst að læknendur verða að hafa víðtæka þekkingu á áhrifum þessara tveggja mismunandi grundvallaraðferða, áður en þeir *áráða* að beita þeim. Að öðrum kosti gætu þeir örvað sjúkdóminn til mikilla muna í stað þess að lækna. Það gæti jafnvel valdið dauða sjúklingsins, en slíkt gerist iðulega.

Ég vil einnig leggja á það áherslu að í öllum lækningum sem byggjast á innræðum aðferðum er nauðsynlegt að samhliða þeim séu nýttar hinar traustu hefðbundnu læknisaðferðir. Bestur árangur mun nást með skynsamlegri samtvinnun þessara tveggja lækningaradferða.

Þegar nemar í innræðum lækningum fara að gera tilraunir til að lækna þurfa þeir að átta sig á eðli sjúkdómsins, eins og góður læknir hefur greint hann og orkustöðinni sem ræður hinum sjúka líkamshluta. Örugast og best fyrir lækninganema og heildi er að starfa í samvinnu við einhvern virtan lækni og vinna út frá orkustöðinni sem ræður hinum sjúka líkamshluta. Vígsluhafar fást við æðri hliðstæður orkustöðvarinnar í starfi sínu og vinna ávallt út frá tilsvarendi geðrænni og hugrænni orkustöð. Þetta er *hvorki mögulegt né leyfilegt* fyrir almenn lækningarheildi. Því hærri orkustöðvar sem fengist er við, þeim mun afdrifaríkari árangur og meiri þörf á aðgæslu.

Lækningarstarfið felst í einu af þrennu, að örva eða draga úr orku, að örva æðri hliðstæða orkustöð og draga þannig úr orkustreymi til orkustöðvarinnar sem ræður hinum sjúka líkamshluta eða líffæri, eða jafna orkuflæði milli orkustöðvanna tveggja og ná þannig fram stöðugu og jöfnu samspili. Því meira sem nýliðinn kynnist þessum lækningaradferðum þeim mun flóknari virðast þær vera, þar til að því kemur að hann getur unnið í samstarfi við lækna sem hafa innri sýn og geta séð orkustöðvarnar, eða með sjúklingum sem hafa innri vitneskju um forlög sín og geta starfað með einhverju heildi, sem hefur yfir að ráða sannri dulfræðilegri þekkingu og getur gengið úr skugga um geisla sjúklingsins eða að minnsta kosti komið auga á eðli hans, lunderni og veikleika með því að athuga stjörnukort hans.

Í framhaldi af þessu kann sú spurning að vakna hvort ykkur sé unnt að inna af hendi lækningarstarf sem verður árangursríkt,

öruggt, rétt og leyfilegt. Hættan á of- eða vanörvun virðist of mikil, þekking læknandans virðist of lítil til að leyfa tilraunir, hinn almenni læknandi virðist þar af leiðandi ekki enn fær um að ráða í karma sjúklingsins.

Því er til að svara að allt frumkvöðla- og tilraunastarf hefur ætíð sína sérstöku áhættu í för með sér. Margir hafa látið lífið fyrir vísindin og þá ekki síst læknavísindin í upphafi nútíma lyf- og skurðlækninga. Þetta hefur þó aldrei stöðvað leit hins sanna vísindamanns né heldur stöðvað vöxt þekkingarinnar. Nú á þessum sérstöku tímum frumkvöðla á sviði dulfræðilegra lækninga verður að sýna samskonar hugrekki og taka sömu áhættu. Hin lögfræðilega og faglega trygging felst í því að sjúklingurinn verður í umsjá viðurkennds læknis, sem sér um sjúkdómsgreiningu og læknisfræðilega umönnun, samhliða því að hinn dulfræðilegi læknandi leggur sitt af mörkum með innræðum lækningaraðferðum.

Starf læknandans og lækningarheildisins kemur því til viðbótar hinni hefðbundnu umönnun; fylgjast verður vandlega með árangri og skrásetja hann af beggja hálfu. Öll lækningarheildi ættu að starfa eftir sérstökum fyrirfram ákveðnum reglum og eftirfarandi eru nokkrar sem ég tel nauðsynlegar á núverandi umbreytingaskeiði:

1. Sjúklingurinn ætti ætíð að vera í umsjá góðs og viðurkennds læknis. Ef svo er ekki, skyldi hvetja hann til að leita slíks.
2. Eðli sjúkdómsins skal vera lækningarheildinu kunnugt og ætti að skilgreina í kjölfar hefðbundinnar sjúkdómsgreiningar lækna.
3. Aldur sjúklings og fæðingardagur og nokkrar upplýsingar um kringumstæður hans ættu einnig að vera kunnar til að mynda sameiginlegan áhuga, í því skyni að byggja upp segulmagnað svæði umhverfis sjúklinginn, en það mun laða til sín hugstýrða orku heildisins.
4. Læknandinn eða lækningarheildið skal búa yfir almennri þekkingu á eðli og líffærafræði líkamans og staðsetningu og

eðli orkustöðvanna, sem ráða hinum sjúka líkamshluta eða hlutum. Þekkingar á þessu atriði er unnt að afla sér með því að skoða skýringarmyndir.

5. Leggja skal áherslu á hæfni ímyndunarafsisins og mátt sjónmyndunar í lækningarheildi og þjálfða hæfileikann til að senda orkustrauma til sjúklingsins og þeirra svæða í líkama sjúklingsins þar sem erfiðleikana er að finna.
6. Læknandinn verður að muna að hann vinnur ekki eingöngu með hugræna orku. Hann *sjálfur*:

- a. Skapar hugform lækningarmáttar.
- b. Þetta form sem miðpunktur einbeittrar athygli verður að stjórnandi afli fyrir lækningarkraftinn eða prönuna.
- c. Pranar er hvorki hugræn né geðræn í eðli sínu. Hún er hreint plánetuefni eða lífkjarni og er efnið sem myndar lífsorkulíkama plánetunnar.
- d. Læknandinn eða heildið tekur til sín eins mikið af þessu efni og mögulegt er og beinir því með mætti sameinaðrar hugsunar í áttina til og í gegnum viðkomandi orkustöð. *Lækningarorkan myndar hringrás*, hafið það í huga. Prönuorkan er ekki send til orkustöðvarinnar og látin safnast þar upp. Hún er látin *streyma í gegnum* orkustöðina, fyrst og fremst til viðkomandi líffæris eða svæðis þar sem erfiðleika er að finna og síðan send um allan líkamann. Hægt er að líta á hana sem *kerfi til skolonar* sem hefur hreinsandi og örvandi áhrif.

Nú á tímum tilraunastarfs er aðeins hægt að setja fram ákveðnar einfaldar reglur. Árangurinn skilar sér í aukinni reynslu og læknendaheildið mun smám saman læra hvernig eigi að starfa, *hvenær* eigi að breyta aðferðum og *eftir hverju* ætti helst að taka.

Halda skal skrár yfir starfið allt frá byrjun. Við þann þátt starfsins mun sjúklingurinn iðulega verða með í ráðum.

Dagsetningar, tilfallandi atriði, breytingar til hins betra eða verra skal skrá, ásamt upplýsingum um almennt ástand sjúklingsins. Af þessum ástæðum mæli ég með því að í upphafi skuli aðeins reynt að lækna þá sem meðlimir heildisins þekkja vel til eða þá sem lækna, eða aðrir sem eru fúsir til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hafa falið lækningarheildinu í hendur.

Fólk sem er svo veikt að því er ekki hugað líf, eða þjáist af sjúkdómum sem útiloka endanlegan bata, skyldi lækningarheildið ekki taka til meðferðar, nema að tilgangurinn sé eingöngu sá að *bæta líðan* sjúklingsins. Enginn nýliði veit nógu mikið um verkanir karmalögmálsins til að geta starfað af öryggi, hvort heldur við lækningar eða að auðvelda sjúklingnum lausn um dyr dauðans. Ef sjúklingi í umsjá heildisins versnar, skal meðferð ekki hætt, þess í stað er hægt að nota sérstaka aðferð til að auðvelda komu dauðans. Í öðrum hluta bókarinnar er ætlun mín að fjalla lítillega um karma dauðans.

Sé haft í huga að nú á tímum er jafn lítið vitað um starf sem tengist etherlíkamanum (sem tæki lífsorku) og vitað var um nútíma læknávisindi árið 1200 e. K., er ykkur unnt að starfa án vanmáttarkenndar eða þeirrar ótímabæru væntinga sem nú eru nýliðum fjötur um fót. Hafið í huga að ekkert er enn í raun vitað um orkustöðvarnar, hvernig orkan tengist mismunandi líkamshlutum og hvernig hugrænni stjórn orkunnar er háttáð; gerið ykkur einnig ljóst að þið eruð þátttakendur í mikilli tilraun. Bókstaflega ekkert raunhæft hefur verið unnið á sviði læknisfræðinnar er snertir vísindi orkustöðvanna, þó svo að stöku bækur um tengsl þeirra við sálfræðilegar rannsóknir og kirtlana eða innkirtlakerfið hafi fjallað lauslega um efnið. Þetta er algerlega nýtt rannsóknarsvið. Þau ykkar sem fara inn á þetta svið munu ef til vill ekki sjá neinn árangur af þessari tilraunastarfsemi. Óþolinmæði ykkar og löngun til að hjálpa getur orðið ykkur til trafala; þekkingarleysi ykkar getur valdið mistökum. En haldið áfram; látið ekki deigan síga; haldið

vandaðar skrár og haldið til haga öllum upplýsingum. Þá verður árangurinn vís.

## 1. KARMASKULDIR EINSTAKLINGSINS

Við höfum nú þegar tekið fyrir fyrsta atriðið sem fellur undir þessa fyrirsögn (án þess ef til vill að gera okkur grein fyrir hvað í því felst). Það varðar karmaskuldir einstaklingsins sem stafa frá fíngerðu starfstækjunum og persónuleikanum í heild sinni.

Þegar við ræddum um sálrænar orsakir sjúkdóma, sem eiga upptök sín í fíngerðari líkömunum í heimunum þrem, eða stafa frá átaki lærisveinsins þegar hann leitast við að þræða Veginn, vorum við í raun eingöngu að fást við karma, eða verkanir hinna innri orsaka atburða, búnaðar og kringumstæðna á efnissviðinu. Okkur var ljóst hvernig innri líkamarnir mótuðu ytri birtingu mannsins í gegnum etherlíkamann og að sjúkdómar eða heilbrigði voru að miklu leyti þeim háðir. Þeir eru nánasta karmísk orsök efnislegrar tilveru. Ef hugmyndin er síðan víkkuð út og látin ná yfir fyrri jarðvistartímabil – eins og óhjákvæmilega hlýtur að vera reyndin – komumst við að þeirri niðurstöðu að ástand þessara innri líkama, takmarkanir þeirra og gnótt, gallar þeirra og kostir, og hinar almennu geðrænu og sálrænu tilhneigingar eru erfðir frá fyrri lífum og valda núverandi jarðneskum kringumstæðum. Við höfum, þar af leiðandi, einfaldlega ýtt orsökum núverandi ástands enn lengra aftur, og við gætum – ef við vildum – farið inn á svið svo flókinna smáatriða að ekkert gagnlegt myndi af því leiða. Að rifja upp fyrri jarðvistskeið er ótakmarkað verkefni, þegar ég nota orðið „ótakmarkað“ vísa ég málinu um leið út úr umráðasviði hins takmarkaða huga. Við værum þá að fjalla um eitthvað sem ekki er mögulegt að meðhöndla á rökrænan hátt.

Fyrir mannkynið á bernskuskeiði sínu og fyrir óþroskaða menn var karma málefni heildarinnar. Maðurinn var hluti

heildarinnar en án nokkurrar hugsunar um hvað í því fælist eða hvaða ábyrgð það hefði í för með sér. Síðar, þegar einstaklings- eðlið þróaðist og eðli þess og tilgangur urðu áhrifaríkari og komu betur fram í skapgerðinni, varð karma einnig persónulegra og skýrara og maðurinn í aðstöðu til að búa til eða vinna af sér meiri orsakir og afleiðingar. Þar sem persónuleikinn hafði ekki náð fullum þroska og samhæfingu var maðurinn enn háður lífi heildarinnar og innbyrðis samskipti urðu viðtækari. Síðar meir varð persónuleikinn hinn sjálfsvitandi skapari sinna eigin orsaka og meðvitaður þátttakandi í afleiðingum þeirra. Á Veginum tekur maðurinn þátt í karma hópsins sem hann velur sér, karma einstaklinganna og karma þeirra sem maðurinn kýs að hafa samskipti við vegna einingar um andlegan tilgang og þá bætist annar þáttur karmískrar ábyrgðar við hina fyrri. Enn síðar er tekist á við karma í heimunum þrem og það yfirunnið og gert að engu; á sama tíma bætist karma, vegna orsaka sem heimsþjónusta kemur af stað, við það sem einstaklingurinn hefur þegar reynt og hann tekur þátt í karmískri ábyrgð sjálfs Helgivaldsins. Öllum þessum stigum:

1. einföldu hóp karma hins frumstæða manns,
2. einstaklingsbundnu karma hins sjálfsvitandi manns á þróunarbrautinni,
3. karma sem tengist lífi lærisveinsins og
4. karma Helgivaldsins,

verður að bæta við hið vel þekktu *karma refsingarinnar* sem lærisveinninn er þegar vel kunnugur; við það verður einnig að bæta þjóðar- og kynþáttakarma, ásamt karma menntunarinnar sem allir lærisveinar taka á sig þegar þeir æskja inngöngu í heildisskóla (ashram) til undirbúnings fyrir vitundarvígslu.

Einnig er um að ræða *karma umbunar* gagnstætt *karma refsingar*; þessi tegund karma gleymist oft, en hún mun verða

betur þekkt á næsta heimstímabili. Mannkynið hefur unnið af sér mikið af slæmu karma, en karma sem grundvallast á orsökum sem síðar meir verður hrundið af stað mun ekki valda eins ógnþrungnum afleiðingum og karma fortíðarinnar. Ekki er allt karma slæmt, þrátt fyrir það sem menn halda. Mikið af því er óhjákvæmilega refsandi og þjáningarfyllt, vegna vanþekkingar mannkynsins og lítills þroska. Þegar karmísk refsing verður bráð og ógnvekjandi, eins og hún er nú á þessum tímum skelfilegrar reynslu heimsins, má af því ráða að mannkynið hafi náð því stigi að hægt sé að útdeila afleiðingunum í miklum mæli og af réttlæti. Mjög lítil þjáning tengist karma þar sem um er að ræða fáfræði, sem leiðir til óabyrgðar og algers gáleysis og þegar lítil sem engin sektarkennd tengist því sem gerist. Ástandið kann að vera slæmt og kringumstæðurnar ömurlegar, en ekki er fyrir hendi næmleiki til þess að áhrifin valdi tilsvarendi sársauka; lítil hugræn svörun verður við hinni karmísku refsingu. Hafa skal þetta í huga. Aríski kynstofninn er aftur á móti almennt svo hugrænt þroskaður, að karma, vissulega hræðilegt og kveljandi, getur birst í ástandi heimsins. Á sama tíma gefur hin útbreidda þjáning nú á tímum til kynna víðtæka og árangursríka þróun mannkynsins og lofar góðu. Með þessari hugmynd er ykkur gefin vísbending um ástæðu þess að góðir, heilagir og göfugir þjónendur kynstofnsins bera – á þessu heimstímabili – svo þungar karmabyrðar.

Það er því svo að segja ógerlegt innan ramma þessa rits að fjalla nánar um viðfangsefnið karma; það veldur margs konar mannlegu böli, að meðtöldum sjúkdómum – en þeir eru aðeins eitt af birtingarformum þess. Viðfangsefnið er of viðamikið, of flókið og áhrif þess of víðfeðm. Allt sem við getum er að gera ráð fyrir þeirri forsendu að fyrri athafnir og viðbrögð hafi komið af stað karmískri hrynjandi í fyrri lífum sem innifelur nú á tímum alla þætti hins lægra eðlis; og sjúkdómur er algeng afleiðing og birtir sem slík verkun hins mikla lögmáls refsinganna. Þetta er



atriði sem læknendur og svokallaðir dulfræðingar ættu að íhuga vandlega.

## 2. HINAR SJÖ GEISLAORSAKIR KARMA

Þetta færir orsök allra mannlegra vandamála, þar með talið vanheilsu og sjúkdóma – einstaklings, þjóðar og kynþáttar – enn lengra aftur í tímann allt til upptaka sjálfrar sköpunarinnar. Karma kemur fram í þeim straumum orku og upprunalegs efnis sem flæða inn í og gegnum hinn skapaða heim, að meðtöldum lægri heimunum þrem sem eru starfsvettvangur tungl-sjálfanna (the lunar pitris) og formgervisvera allra forma. Þetta upprunalega karma (ef ég má kalla það svo) stuðlar að tilveru sjúkdóma. Okkur er sagt í fornum bókum sem meistararnir hafa aðgang að, að heimurinn sé byggður úr efni sem þegar var mengað karmískum eiginleikum frá síðasta sólkerfi.

Það er því augljóst að þessir kraftstraumar, sem stafa frá Drottnum hinna sjö geisla, eru þess vegna litaðir og „mengaðir“ – ef ég get notað slíkt orð – af takmörkunum þessara sömu miklu Vera; þær eru guðir, frá okkar sjónarhóli séð, en í raun eru þær guðir í mótun, jafnvel þó þær séu mun nær sólarguðdómi en hinn þroskaðasti maður er nálægt plánetuguðdómi. Þær eru hinir „ófullkomnu guðir“ sem vikið er að í *Keningunni duldu* og eru Plánetulogosar hinna helgu og ekki helgu plánetna. Ef hin miklu ídveljandi Líf plánetnanna í sólkerfinu okkar eru ófullkomin, hljóta afleiðingar þess ófullkomleika óhjákvæmilega að hafa áhrif á pláneturnar sem þau hafa skapað og eru efnisleg raunbirting þeirra, þannig kemur fram karmískt ástand sem maðurinn sem einstaklingur hefur alls ekkert vald á, en í því lifir hann og hrærist. Það er af augljósum ástæðum ógerlegt fyrir mig að útskýra þetta viðfangsefni nánar. Allt sem ég get gert eða er leyfilegt að gera er að birta ykkur sjö erindi

úr einu elsta riti heimsins; það fjallar um sjö geislaástæður ófullkomleika í pláneturaunbirtingu okkar. Til viðbótar þeim þyrfti (ef það væri mögulegt) erindin sem sýna fram á þýðingu þeirra ágalla sem stafa frá stjarnspekilegum aðstæðum og valda afleiðingum plánetueðlis og snerta því stjörnukort okkar sérstaka Plánetulogoss. En þau eru allt of torskilin, margbrotin og víðtæk í umfangi sínu. Þau verður aðeins hægt að skoða og ígrunda þegar mannkynið hefur náð svo langt í innsæislegri þróun að menn geta „gert sér ljósar orsakir og afleiðingar sem eina heild og geta séð upphaf og endi í einu svipleiftri tíma og rúms.“ Með þessum orðum tók meistari Serapis eitt sinn efnid saman í stuttu máli þegar hann var að leitast við að þjálfá hóp vígðra lærisveina í þessari aðferð við að nálgast umfangsmikið viðfangsefni.

Í „Bók karma“ eru eftirfarandi erindi, en þau geta gengt því hlutverki að vera inngangur að umfjöllun um hinar sjö geislaástæður misræmis og sjúkdóma. Fyrir leitanda með innsæishæfni mun renna upp nokkurt ljós, en hann verður ætíð að hafa í huga að allt sem ég er að leitast við er að setja fram í orðum – ófullkomnum og alveg ófullnægjandi – setningar sem lýsa mótandi þáttum í starfstækjum þeirra miklu Vera, sem skapa með lífskrafti sínum (sem við köllum orku) allt sem er. Lífskraftur þeirra gefur allri raunbirtingu heimsins lit og lögun og bætir sínum skerfi af krafti við starfstæki hvernar einustu mannlegrar veru. Sérhver maður tekur til sín þessa orku eftir þörfum, og þörf hans er mælikvarði á þroska hans. Erindin sem ég hef valið eru úr *Bók ófullkomleikanna*, fjórtánda hluta:

„Hinir sjö ófullkomleikar streymdu fram og menguðu efnid frá hinu hæsta sviði til hins lægsta. Hinir sjö fullkomleikar fylgdu á eftir og þetta tvennt – það sem er heilt og gallalaust og það sem þekkt er sem brotkennt og

óheilbriggt á ógnvekjandi hátt – mættist á sviði efnislegs lífs. (Ethersviðinu. – A.A.B.)

Og þar háðu þeir baráttu sína og drógu inn í átökin allt sem þeir voru og höfðu, allt sem var sýnilegt og allt sem ekki var sýnilegt innan hins þrefalda hringis. (Lægri heimanna þriggja. – A.A.B.)

Hinir sjö ófullkomleikar komu inn í hina sjö kynstofna manna, hver á sínum eigin stað; þeir einkenndu orkupunktana sjö í hverjum kynstofni. (Plánetuorkustöðvarnar sjö sem gefa frá sér ófullkomna orku. – A.A.B.)

Ófullkomleikarnir sjö svifu yfir hverjum kynstofni, hverjum manni í hverjum kynstofni og hverjum orkupunkti í hverjum manni.

Og þannig uxu átökin frá hinu ysta til hins innsta, frá hinum mesta til hins minnsta. Sjö eru ófullkomleikarnir. Sjö eru hinar fullkomnu heildir; sjö eru leiðirnar til að ýta burt myrkri ófullkomleikans og sýna fram á hina hreinu köldu birtu, hið hvíta rafmagnaða ljós hins fullkomna heilleika.“

Allt sem þú hagnast á ofangreindu, bróðir minn, er hugmynd um aldalanga baráttu sjö mikilla orkutegunda sem raunbirtast sem tvenndir og mynda, þegar þær hafa náð fótfestu innan líkama (hvort heldur er í líkama plánetu, manns eða atóms), svæði eða tímabil þjáningar, eins og það er nefnt; þessi þjáning veldur þróunarhvötinni og er sjálf *orsök* raunbirtingar, þegar aftur á móti *afleiðing hennar* (sem er karma) er um síðir lausn hins fullkomna og góða. Þetta er ekki auðvelt að skilja. Við verðum að muna að hinir sjö ófullkomleikar eru skyldir sjöföldu eðli Hins Eina sem við lifum, hrærumst og eigum tilveru okkar í og að þessar sjö ófullkomnu orkutegundir geyma í sér hinn fullkomna vilja-til-góðs, sem, þegar til lengri tíma er litið, er máttugri en viljinn-til-skaða.

Þessar orkutegundir streyma í gegnum orkustöðvarnar sjö í líkama plánetunnar og eru – hvað okkur snertir – orka geislanna sjö. Viljinn-til-skaða getur birst og birtist sem sjúkdómur í öllum fjórum ríkjum náttúrunnar. Þarna er að finna ástæðuna fyrir því að ég kom af stað þjálfun í skaðleysi meðal þeirra dulfræðinema sem ég hef gert sjálfan mig ábyrgan fyrir. Skaðleysi er meginþátturinn í að veða á móti karma.

Hér set ég fram IX. lögmálið og með því er lokið flokki lögmála og sé þeim fylgt verða þau höfuðatriði við lækningu sjúkdóma og til að viðhalda heilsunni.

## IX. LÖGMÁL

*Fullkomleiki dregur ófullkomleika upp á yfirborðið.  
Hið góða rekur hið illa úr formi mannsins í tíma og rúmi. Aðferðin sem notuð er af hinum fullkomna og hið góða beitir er skaðleysi. Það er ekki óvirkni heldur fullkomin stilling, fullmótuð afstaða og guðlegur skilningur.*

Þið hafið séð að það sem ég hef sagt í þessu sambandi færir sjúkdómsspemað í heild inn í fjarlægán heim orsaka – heim sem maðurinn er ekki enn fær um að ná til. Það er af þessari ástæðu sem ég hef helgað athugun á *orsökum* sjúkdóma svo mikinn tíma; meira en helmingur þess sem ég þarf að segja er að finna í þessum fyrsta hluta umfjöllunar okkar. Við höfum nú næstum lokið því og framundan er það sem margir munu telja gagnlegri og hagnýtari hluti fræðslunnar. Það hefur aldrei verið ætlun mín að fjalla tæknilega um sjúkdóma né einkenni margskonar veikinda sem herja á mannkynið. Ég legg aðaláherslu á hinar óhlutstæðu ástæður fyrir meirihluta þeirra sjúkdóma sem ráðast á líkama mannsins. Tilgangur minn er samt sem áður réttmætur. Sú ofuráhersla sem fólk leggur á sjúkdóma er ruglandi fyrir sálina,

Því að það gerir hinu hverfula, síbreytilega formeðli óeðlilega hátt undir höfði, þar sem aftur á móti hinar ófyrirsjáanlegu breytingar líkamans eru – frá sjónarmiði sálarinnar – aðeins mikilvægar að því leyti sem þær auðga reynslu sálarinnar.

Orsakir, sem maðurinn kemur af stað frá lífi til lífs eru mikilvægar þáttur; þær leysast í sjúkdómum, í hörmungum, í kringumstæðum og atburðum og í hinum almennu aðstæðum einhverrar einstakrar jarðvistar. Maðurinn verður að læra að takast á við þessar orsakir, viðurkenna þær og rekja hina mótandi orku til viðeigandi afleiðingar, fást síðan fyrst og fremst við það verkefni að gera orsökina óvirka með beitingu þjálfaðs vilja. Karma er ekki eitthvað óhjákvæmilegt, óumflýjanlegt og ógnþrungið. Hægt er að upphefja það; en slíkt felur í sér ferns konar starfsemi, einkum þegar um sjúkdóm er að ræða:

1. Að ákvarða eðli orsakarinnar og það stig vitundar sem hún er upprunnin frá.
2. Að þjálf þá eiginleika sem eru andstæðir, eða pólur-andhverfa, hinnar virku orsakar.
3. Að ástunda skaðleysi til að stemma stigu við birtingu orsakarinnar og koma í veg fyrir frekari framvindu hins óæskilega ástands.
4. Að taka þau nauðsynlegu efnisleg skref sem leiða munu til þeirra kosta sem sálin æskir. Í þessum skrefum felst:
  - a. Hugrænt samþykki og viðurkenningu á *staðreynd* afleiðinganna, sem í þessari umfjöllun okkar um karma er sjúkdómur.
  - b. Viturlegar ráðstafanir samkvæmt hefðbundnum læknisfræðilegum aðferðum.
  - c. Aðstoð lækendaheildis eða læknaða til hjálpar við innri andlega lækningu.
  - d. Skarpskyggni á niðurstöðuna. Það getur leitt til undirbúnings að nýtsamlegra lífi á efnissviðinu eða

undirbúnings fyrir hin miklu umskipti sem nefnd eru dauði.

En að baki allri viturlegri hugsun og öllum viturlegum athöfnum verður að vera viðurkenning á tilveru sérstakra almennra aðstæðna sem á núverandi heimstímabili koma fram sem líkamleg veiklun, ekki aðeins hjá mannkyninu heldur einnig í þrem lægri ríkjum náttúrunnar. Lögmál ófullkomleikans er til vegna þess að hinar miklu Verur (sem finnast í gervöllum heimi hlutveruleikans) eru einnig að þroskast og eru á þróunarbrautinni. Þar af leiðir að þar til þær, sem andlegar verur, hafa þroskað með sér „himneska stjórn“ – eins og það er nefnt – á efniviði forma hlutveruleika síns, mun þessi form skorta guðlega fullkomnun. Sjúkdómur er aðeins ein mynd hverfuls ófullkomleika og dauði er aðeins aðferð til að endurstilla orku áður en haldið er áfram til aukinnar starfsemi, sem stöðugt og ávallt leiðir til framfara.

Skilningur á erindunum sjö, sem ég mun nú láta ykkur í té, mun smám saman leiða til sundurgreiningar hinna sjö sálrænu orsaka sjúkdóma, sem eru eðlislægir í efniviði allra forma á þessu heimstímabili, vegna þess að öll form eru mettuð lífsorku hinna „ófullkomnu guða.“ Okkur er sagt í ritningum heimsins að Andarnir sjö séu „frammi fyrir hásæti guðs;“ þetta merkir að þeir eru ekki enn í aðstöðu til að setjast í hásætið, táknrænt sagt, vegna þeirrar staðreyndar að þeir hafa ekki enn öðlast fullkomna guðlega birtingu. Þessir Drottmar hinna sjö geisla eru meiri og lengra komnir á andlegan mælikvarða en hin Miklu Líf sem mynda Ráð Lávarðar heimsins í Shamballa. Þau eru fulltrúar orku geislanna sjö sem gæða hinar sjö heilögu plánetur lífi en eru ekki enn eins guðdómlega þroskuð og þeir eru. Vandamál mannkyns af völdum ófullkomleika er flóknara fyrir þá staðreynd að ekki einungis hinar sjö líf- og orkugefandi

Verur eru „litaðar ófullkomleika,“ heldur er Lávarður Heimsins sjálfur, frá sjónarmiði Sólarlogoss til dæmis, einnig langt frá því að vera fullkominn; þetta er ástæðan fyrir því að plánetan okkar, Jörðin, er *ekki* heilög pláneta. Okkur er sagt að Sanat Kúmara sé guðdómlegur fangi þessarar plánetu. Haldið hér þar til „hinn síðasti þreytti pílagrímur hefur fundið leiðina heim.“ Þetta er Hans þunga karma jafnvel þótt það sé jafnframt tjáning á löngun Hans og gleði; hinir „þreyttu pílagrímar“ eru atómin (mannleg eða önnur) í líkama Hans og þau eru merkt ófullkomleikanum vegna ófullkomleika Hans; fullkomin „lækning“ þeirra mun ákvarða lausnardag Hans.

Hafið því í huga að erindin – sjö að tölu – sem nú verða birt, gefa til kynna eiginleika hinna innstreymandi orkutegunda og þá galla sem þær orkutegundir bera í sér til allra forma sem lífmögnuð eru með lífi Plánetulogoss okkar.

### *Hinar sjö geislaorsakir misræmis og sjúkdóma*

I. „Hinn Mikli ásetti sér að fylgja einn og sjálfur leiðinni sem Hann hafði kosið sér. Hann þoldi engin afskipti. Hann hertist í stefnu sinni. Frá sviði til sviðs, varð harkan meiri; hún óx og magnaðist. Vilji Hans var óbifanlegur eins og kristall, glitrandi, brothættur og harður. Hæfileikinn til að kristalla var Hans. Hann kom ekki með viljann-til-lífsins heldur viljann-til-að deyja. Dauði var gjöf Hans til lífsins. Innflæði og dreifing var ekki að Hans skapi. Hann dáði frjálsræði og leitaði þess.“

Svo langt sem skilningur okkar nær á gildi þessa erindis í sambandi við viðfangsefni okkar, sjúkdóma, veldur ófullkomleiki þessarar guðlegu orku sérkennilegu viðhorfi sem tjáir sig með hæfileikanum til að kristalla, til að herða, til að valda lífsþreytu

og hinu mikla frjálsræðisferli sem við nefnum dauða. Aðrar afleiðingar eru hinar mörgu kristallamyndanir sem verða í efnisformunum, allar tegundir visnunar, rýrnunar og elli.

II. „Hinn Mikli úthelsti lífi sínu gegnum alla hluta og sérhvern þátt raunbirtingarinnar. Hann þaut frá miðbiki að útjaðri og frá útjaðri að miðju, hann flutti með sér ofgnótt lífs, lífmagnaði öll form sín, valdandi ofgnótt hreyfingar, óþrjótandi útvíkkun, ofurgrósku og ótímabærum flýti. Hann vissi ekki hvað Hann vildi því Hann vildi allt, þráði allt, laðaði allt að sér og gaf öllu of mikið.“

Ófullkomleiki þessarar miklu orku með byggingar-, lífmögnunar- og samtengingarmætti sínum, var og er hæfileikinn til að oförva, að valda samsöfnun, að hlaða saman, að byggja of mörg form, að laða að sér of mörg atóm og valda ástandi sem leiðir til þess sem kallað hefur verið (dulfræðilega) „íþynging lífsins“ – önnur tegund dauða, en að þessu sinni dauði sem afleiðing óhóflegrar lífsorku, sem hefur áhrif á blóðið, veldur byggingu forma innan forma sem þegar hafa verið byggð og skapar oft etherlíkama sem er of máttugur fyrir hið ytra efnisform. Aðrar afleiðingar eru til dæmis bólgur, krabbamein, æxli, ofproskun ýmissa líkamshluta, ofvaxin líffæri og auka líkamshlutar.

III. „Hinn Mikli viðaði að sér héðan og þaðan. Hann valdi og Hann hafnaði. Hann hafnaði einum hæfileika og Hann tók við öðrum hæfileika. Hann átti sér engan tilgang sem tengdist markmiðum Bræðra Hans sex. Hann aflaði sér forms en líkaði það ekki; fleygði því frá sér og valdi annað. Hann átti sér hvorki fastan samastað né áform en lifði í sýndarljóma og líkaði það vel. Hann byrgði hið góða og hið illa, þótt Hann nýtti sér hvort tveggja. Sjá mátti óhóf hér og hungur



þar. Báðar þessar öfgar réðu vali Hans á efniviði lífsins, Hann blandaði því saman sem ekki hæfði hvað öðru, sá síðan að útkoman var sorg og blekking. Hann gerði fyrirmyndir, en markmiðið hæfði þeim ekki. Hann gafst upp í örvæntingu.“

Aðaláhrif þessara ófullkomnu „tilfæringa“ og hagræðinga, sem svo hefur verið nefnt, eru geðræns eðlis, sem valda tilsvarendi óheilbrigði efnislíkamans og þeim óæskilegu áhrifum sem við höfum nú þegar fjallað um í þessu riti. Ástæðan er sú að þessi þriðja geisla orka er orka sjálfs efnisins og að ófullkomleiki hennar sýnir sig mjög sem hin mannlega tilhneiging til sjúkleika. Sýndarljómi orsakast af óhóflægri beitingu þessarar þriðju geisla orku í eigingjörnu og persónulegu augnamiði og raunbirtist fyrst og fremst á sjötta eða geðræna sviðinu. Sem afleiðing þessarar ráðsmennsku með langanir og óheftar tilfæringar til að fullnægja þeim eftir efnislegum leiðum, eru sjúkdómar eins og meltingartruflanir og ýmsir magasjúkdómar sem þjaka hið siðmenntaða mannkyn – mun meira en frumstæða kynþætti. Aðrar afleiðingar eru vissar tegundir heilasjúkdóma og lítill lífsþróttur.

IV. „Hinn Mikli barðist og hóf orrustu. Allt sem á vegi Hans varð virtist Honum sem tilefni til að sýna mátt sinn. Meðal hins fjórða fann Hann sér vettvang til baráttu og Hann settist að til bardaga. Hann sá hið rétta og þekkti hið ranga og sveiflaðist þar á milli, barðist fyrst gegn öðru og síðan hinu, en allan tímann kom Hann ekki auga á jafnvægið þar sem barátta er ekki til. Þar sem finna má samræmi, ró, hvíld og friðsæla þögn. Hann gerði öll formin veikari sem notuðu kraft Hans og mátt. En samt sem áður sóttist Hann alltaf eftir fegurð, leitaði að yndisþokka og þráði frið. Vonleysi náði tökum á Honum á leið

Hans og með vonleysi getur viljinn-til-lífsins ekki þrífist. Samt var yndið þar allan tímann.“

Hér höfum við sterka vísbendingu um ástæðu þess hvers vegna mannkynið (fjórða ríki náttúrunnar) lýtur svo fljótt og auðveldlega í lægra haldi fyrir sjúkdómum. Átökin sem mannkynið er svo stöðugt kallað til, bæði í formi hóps og sem einstaklingar, leiða til ástands stöðugrar lífsorkueyðingar – þar til skilningur sem leiðir til fagnaðar og framfara er fenginn. Þar sem slík lífsorkueyðing er fyrir hendi dregur úr viðnámsþrótti gegn sjúkdómum, og svo að segja allar tegundir sjúkleika verða mögulegar. Útþynning orkunnar hefur í för með sér sífellt minnkandi viðnámsþrótt. Afleiðingar þessa eru magnleysi, skjót og illvíg viðbrögð við sjúkdómum eðlislægum í sjálfri plánetunni og mikil næmni fyrir sýkingum og smitsjúkdómum. Það er þessi orka sem býr að baki því sem við köllum farsóttir og influensa er eitt alþekkt dæmi um þetta.

V. „Hinn Mikli reis upp í reiði sinni og reif sig lausan. Hann sópaði til hliðar andstæðunum og sá fyrst og fremst svið margbreytileikans. Hann olli klofningi allt um kring. Hann vann með krafti hugsunar að sundurgreiningu. Hann aðskildi með gleði og kærði sig ekki um skilning; Hann þekkti ekki einingu, því Hann var kaldranalegur, strangur, meinlætari og ávallt harður. Hann stóð á milli hins blíða, kærleiksríka miðdepils alls lífs og forgarðs aumra lifandi manna. Þó stóð Hann ekki í miðjunni og ekkert sem Hann gerði dugði til að brúa bilin. Hann jók ágreining, reisti hindranir, og leitaðist við að gera enn breiðari gjár.“

Það hefur verið mjög erfitt að lýsa eðli ófullkomleika orku Drottins fimmta geislans. Í starfsemi þessarar orku sem birtist aðallega á fimmta eða hugræna sviðinu munu um

síðir finnast upptök margra sálrænna kvilla og geðrænna erfiðleika. Klofningur er hið áberandi einkenni – klofningur innan einstaklings eða milli einstaklings og samfélags hans, sem gerir hann andfélagslegan. Ég hef fjallað um þetta í fyrra bindi þessa ritverks og þarf ekki að fjölyrða um þessa erfiðleika hér (í „*Esoteric Psychology*“, öðru bindi ritverksins „*A Treatise on the Seven Rays*“). Aðrar afleiðingar eru ýmiskonar geðveiki, heilaskemmdir og sambandsleysi efnislíkamans við fingerðu líkamana sem kemur fram í andlegum vanþroska og sálrænum erfiðleikum. Annarskonar sjúkdómur, sem kemur fram sem afleiðing þessa fimmta geisla krafts er mígreni, sem stafar af sambandsleysi á milli orku heilakönguls og heiladinguls.

VI. „Hinn mikli elskaði sjálfan sig í öðrum og í öllum formum. Hvarvetna sá Hann það sem Hann dýrkaði og ætíð reyndist það vera Hann sjálfur. Hann úthelsti sjálfum sér ætíð inn í þessa aðra, það um andsvör en fékk ekki. Hratt og örugglega misstu útlínur hinna elskuðu forma skerpu sína, dofnuðu og hurfu. Það sem Hann elskaði þurrkaðist smám saman út. Aðeins heimur skugga, móðu og þoku varð eftir. Og sem Hann leit sjálfan sig, sagði Hann: „Drottinn sýndarljóma, það er ég og engill ráðleysis. Ekkert er mér skýrt. Ég elska en ekkert virðist rétt! Ég veit að kærleikurinn er með réttu andi alheimsins. Hvað er þá að?“

Þótt furðulegt sé, er það máttur þessa sjötta geisla krafts (þar sem hann kyndir undir löngunum) sem veldur mörgum þeim veikindum og sjúkdómum mannkynsins sem grundvallast á misbeitingu á ætlunarverki og starfsemi kynhvatarinnar. Löngun, ráðleysi, veikleiki, öfuguggaháttur og einhliða áhugi á kynlífi og öðrum hvötum, verða til við misbeitingu þessarar orku. Ráðleysið sem sprettur af löngunum, leiðir til öflugrar

kröfu um fullnægingu og að þau skref séu stigin – sum rétt og sum röng – sem leiða til ánægju. Afleiðingarnar ná yfir vítt svið, allt frá kvalalosta og fýsn til þeirra hjónabanda sem byggjast á kynlöngun, svo og til þeirra aðstæðna sem leiða til hinna mörgu tegunda kynsjúkdóma. Vísbendingu um þetta alheimslega vandamál er að finna í svohljóðandi orðum úr fornu riti: „ófullkomleiki Drottins sjötta geislans opnaði dyrnar fyrir rangri tengingu andstæðnanna.“

VII. „Hinn Mikli dró saman krafta sína og lýsti yfir ásetningi sínum til sköpunar. Hann skapaði það sem er hið ytra og hægt er að sjá. Hann sá sköpunarverk sín en líkaði þau ekki og dró sig til baka; þá dóu sköpunarverk Hans og hurfu. Hann náði engum varanlegum árangri og sá aðeins mistök á ferð sinni um hina ytri vegu lífsins. Hann hafði ekki skilning á þörfum formanna. Sumum gaf Hann ofgnótt lífs, öðrum of lítið; svo hvor tveggja dóu og tókst ekki að sýna fegurð þess Drottins sem gaf þeim líf en vanrækti að gefa þeim skilning. Hann vissi ekki þá að kærleikurinn viðheldur og nærir.“

Áhrif þessa geislakrafts eru mjög sérkennileg og fara vaxandi, þar sem þessi geisli er nú að koma til áhrifa. Það er þessi orka sem er að mestu völd að sýkingum og smitandi sjúkdómum. Meginþráðurinn í virkni sjöunda geislans er að flétta saman efni og anda á efnissviðinu. Sé litið á þetta frá sjónarmiði ófullkomleika, þá er þetta samfléttun (ef þið skiljið hvað í því felst) á Lífi, lífunum og hinum altæka lífmætti sköpunarstarfsins. Sundurleitni og hið endalaus íðandi samspil alls lífs innan allra lífa er táknrænt fyrir þetta. Afleiðingin er því starfsemi allra sýkla og baktería í þeim hýsli sem býður þeim bestu vaxtarskilyrðin.

Þetta eru torskildar og erfiðar hugmyndir, en það ætti að hugleiða þær vandlega því djúp íhugun mun leiða til skilnings.

Allir sjúkdómar og vanheilsa eru afleiðingar virkni eða óvirkni einhverrar af orkutegundunum sjö þar sem þær leika um líkama mannsins. Öll líkamleg veikindi stafa frá áhrifum þessara ófullkomnu orkutegunda þegar þær lenda á, streyma inn í og gegnum orkustöðvarnar í líkamanum. Allt ræðst af ástandi orkustöðvanna sjö í mannlíkamanum; þessar ófullkomnu orkutegundir leika í gegnum þær og bera með sér líf, sjúkdóm eða dauða, örva ófullkomleikann í líkamanum eða hafa í för með sér lækningu. Hjá manninum, þá ræðst allt af ástandi efnislíkamans, aldri sálarinnar og karmískum möguleikum.

Ég vil biðja ykkur að mistúlka ekki gildi orðsins „ófullkomleiki“ sem ég hef notað svo stöðugt í sambandi við hinar miklu Verur sem tjá guðdómleika sem mannkyn, á hvaða tíma sem er, getur ekki náð á þessari sérstöku plánetu. Þið verðið að hafa í huga að þetta sólkerfi er annað í röðinni, og í fyrsta sólkerfinu var áherslan lögð á vitsmunalega efnishyggju; markmið hins hæsta vígsluhafa var að öðlast algjör yfirráð yfir efni, að þróa eðlisþátt hugans og að bera vitni um afdráttarlausu efnishyggju. Á þeim órafjarlægum tímum táknaði það að markmiði var náð, þar sem í þessu sólkerfi aftur á móti tákna það ósigur fyrir mannkynið. Þetta sólkerfi, með öllum plánetum sínum ásamt jörðinni okkar, hefur annað markmið. Annar guðlegi meginþátturinn, eðlisþáttur kærleikans, þarf að raunbirtast og það í efni sem er gagnsýrt þeim eiginleikum sem þróuðust í fyrsta sólkerfinu. Það sem taldist fullkomnun þá er ekki svo nú. Þess vegna starfa hinar miklu Verur, sem eru samheild alls sem er, með og í efni sem er þegar litað eða mengað því sem verður að skilja frá og ekki verður þróað frekar.

Þetta er sá ófullkomleiki sem við erum að gaumgæfa – hinir sjö þættir vitsmunalegrar efnishyggju; hér hafa sjúkdómar sinn stað og birtingu. Okkur er sagt að efnislíkaminn sé ekki sjálfstæður eðlisþáttur; hann var það í síðasta sólkerfi. Í þessu sólkerfi eru eðlisþættirnir aðrir og það er í árekstri þess sem er

og þess sem verða mun (það sem vill verða) sem orsakirnar fyrir sjúkdómum og dauða á efnissviðinu liggja. Hugleiðið þetta og hafið í huga að til að ná réttum skilningi á sumum orsökum ýmissa efnislegra veikinda og sjúkdóma verður að líta á málið í víðu samhengi, eins víðu og mögulegt er.

## IV. KAFLI

### Nokkrum spurningum svarað

Flestar þær spurningar sem nýliði spyr væru ónauðsynlegar ef hann hefði meiri þolinmæði og skildi námsefnið betur. Byrjendur þurfa að bíða eftir eigin þroska og víkka vitund sína á eðlilegan hátt undir tilsögn. Kennarinn getur samt sem áður óskað eftir spurningum af eftirtöldum ástæðum:

1. Vegna þess að þegar um hóp mjög skynsamra einstaklinga er að ræða gætu þeir með spurningum sínum tekið framförum í því að læra að þekkja og skilja hver annan. Koma mætti á samskiptum sem tengdu þá nánar.
2. Vegna þess að með spurningum getur kennarinn betur kynnst viðhorfum nemans. Ég get tekið sem dæmi sjálfan mig og hin vestrænu viðhorf er snerta lækningarlistina.

Gleymið því ekki að ég er Austurlandamaður, þegar allt kemur til alls og bakgrunnur minn og þjálfun eru austurlensk. Ég kann að vita miklu meira en þið um lækningarlistina og um orkugerðirnar sem mynda mannslíkamann, en viðhorf ykkar, orðaforði og hugræn afstaða eru mér framandi. Spurningar ykkar myndu hjálpa mér að skilja betur bakgrunn ykkar og takmarkanir og þannig gera mér kleift að leiðbeina ykkur á skynsamlegri hátt.

3. Vegna þess að það að spyrja skynsamlegra spurninga er hin dulfræðilega aðferð til að einbeita hugarinum við að samfjalla þekkingu og gera sér grein fyrir því sviði sem spurt er um, ásamt mögulegri þenslu vitundarinnar.

*Um eðli teppu.*

Hvernig get ég skilgreint fyrir ykkur *teppu* þegar skilningur á krafti og orku og samspili þeirra í mannlíkamanum er enn sem komið er á frumstigi rannsókna? Að segja að teppa sé storknaður kraftur er villandi; að segja að hún sé stöðnuð orka hefur litla meiningu; að segja að hún sé óregluleg eða ósamhæfð sveiflutíðni hefur tæplega nokkra merkingu. Vandi minn við að koma á framfæri við ykkur innræðum sannindum er vöntun á orðum og réttum hugtökum.

Teppa er ef til vill best skilgreind sem hindrun á frjálsum flæði krafta um orkustöðvarnar eða orkustöðina og um allan líkamann. Hún getur verið tvennskonar:

1. Teppa sem veldur afleiðingum í sjálfri orkustöðinni og þar af leiðandi einnig í kirtlinum. Krafturinn er heftur annaðhvort þegar hann streymir inn í orkustöðina (þá hefur hann ekki áhrif á kirtilinn nema á óbeinan hátt), eða þegar hann yfirgefur hana (þá munu verða bein áhrif á einn eða annan hátt). Þegar vandamálið tengist innstreymi í orkustöðina, þá endurvarpast orkan til hinnar upprunalegu uppsprettu – annaðhvort geðlíkama eða huglíkama – og þá er um að ræða sálræna bælingu. Hina innri hvöt skortir til að kirtillinn sem um ræðir geti veitt svörun. Þegar vandamálið tengist útstreymi inn í efnislíkamann er um að ræða vöntun á frjálsum flæði krafta; kirtillinn sem tengist orkustöðinni verður fyrir greinilegum áhrifum, annaðhvort oförvast hann vegna hins óreglulega flæðis eða hann verður fyrir orkuskorti. Það hefur síðan áhrif á hormónaframleiðsluna og síðar meir á blóðið.
2. Teppa sem verður til þegar orka eða lífkraftur flæðir út um efnislíkamann og á leið hennar verða ákveðnir veikleikar, ýmsir sjúkir staðir og svæði þar sem orkuflæðið verður fyrir hindrun eða hringrásin verður of hröð. Orkuflæðið getur



stöðvast á ákveðnum stöðum og nært sjúk svæði í líkamanum, það getur einnig læknað og hreinsað þau. Tímabundin teppa getur verið jafnt til góðs sem ills. Þetta kann að vekja undrun ykkar.

Aftur verð ég að endurtaka hversu víðtækt viðfangsefni okkar er og allar fyrri leiðbeiningar og svör sem ég gaf við spurningunum eru aðeins til þess fallin að sýna fram á hversu torskilið efnið er. En ef þið eruð þolinmóð og fús til að læra meira með því að meðtaka námsefnið, frekar en að sundurgreina það út í æsar, munið þið síðar uppgötva – með innsæi og dómgreind – að þið vitið mikið.

*Að finna stað teppu.*

Það er á þrennan hátt sem læknaði getur ákvarðað og fundið stað teppu og annarra erfiðleika sem valda efnislegum sjúkdómum:

1. Það er fyrst af öllu skyggigáfa sem gerir læknanandanum kleift að skynja sjónrænt hvar vandinn liggur. Þessi tegund sjúkdómsgreiningar er ekki alltaf nákvæm og getur „lítast“ af ásigkomulagi lækandans sjálfs.
2. Aðferð „skýrrar vitneskju,“ sem er eitt form beinnar skynjunar og er hæfileiki sálarinnar og óskeikul, þegar viðkomandi hefur verið réttilega þjálfaður í notkun hennar. Hún er sambland af hugrænni og andlegri skynjun og er skýlaus þekking, eða innsæi, sem gerir læknanandanum kleift að benda óbrigðult á hvar veikleikann er að finna og að vita orsök hans, áhrif og endalok.
3. Einnig er um að ræða efnislegra aðferð, sem byggist á næmni lægra eðlisins, sem gerir læknanandanum kleift að nema í sínum eigin líkama sömu veikleika og sjúklingurinn finnur

fyrir. Þetta er kallað „dulfræðileg yfirfærsla“ og ætti ekki að notast af öðrum en þeim sem veit hvernig á að taka til sín og eyða. Í þessu tilfalli getur lækningandinn einnig fundið fyrir orsök sjúkdómsins gegnum orkuinnstreymi til etherhluta efnislega sjúkdómsins, eða sem óhóflega tilfinningasemi eða næma svörun í geðræna hlutanum.

*Um tvöfalda orsök teppu.*

Leyfið mér fyrst að setja fram nokkrar gagnorðar staðhæfingar og síðan skal ég koma með nánari skýringar. Í fyrsta lagi, innri forsenda *ein og sér* getur ekki valdið ytri teppu. Sálin hefur af ásettu ráði birt sig í gegnum líkama sem hefur ákveðnar *tilhneigingar*.

Í öðru lagi, innri þátturinn er orsakandi þáttur þegar hann helst í hendur við meðfæddar tilhneigingar efnislíkamans; þar af leiðir að ekki er hægt að komast hjá öllum teppum, því að lífið hið innra ákvarðar forsendur og efnislíkaminn er móttækilegur fyrir ákveðnum sjúkdómum. Þetta er vilji sálarinnar. Mætti ég benda á að á þessu stigi mannlegrar þróunar eru engar innri kringumstæður nokkru sinni réttar.

Í þriðja lagi, ytri skilyrði ein og sér geta ekki verið orsakandi þáttur. Ef meginforsendur mínar eru réttar (en það munu hin nýju komandi vísindi sanna), þá þurfa lækna að aðlaga athuganir sínar þeim staðreyndum. Orsakaþátturinn er þar sem hinir innri og ytri þættir koma saman.

Leyfið mér að útskýra þetta nokkuð nánar, því að sú hugmynd að sjúkdómur sé afleiðing *tveggja* orsaka – innri orsakar og ytri orsakar – getur valdið ruglingi. Frumorsökin er ástandið hið innra. Einhver sálrænn þáttur, sem leiðir til rangrar notkunar orku, setur af stað innri tilhneigingar sem brjótast út sem mikilvægir ákvarðandi þættir á efnissviðinu. Þar komast þær í snertingu við efnislíkamann eða tjáningu sem

hefur ákveðnar tilhneigingar, ákveðna erfða veikleika, kirtla með ákveðna annmarka – sem allt er hluti þess starfstækis sem sálin ákvarðaði að hún þarfnaðist til að ná tökum á vissum þörfum lexíum. Sambandið sem kemst á, á milli ytri og innri kraftanna er grundvallarorsökin (kemur fram sem tvær orsakir) sem veldur einhverjum sjúkdómi. Aftur er um að ræða negatífa og pösítífa þætti sem tengjast og leiða fram þriðja þáttinn: birtingu einhvers sjúkdóms.

Ég get ekki sagt að ég viti um neitt líkamsástand né efnislegar kringumstæður þar sem hugtakið, fullkomin efnisleg lífsskilyrði, gæti átt við. Ávallt má finna bæði innra sálrænt ástand og orsök sem er hin óhlutstæða staðreynd (í smáum mæli) og ytra efnislegt ástand sem birtist sem veikleiki eða ófullkomleiki; hvort tveggja tilhneiging sem erfð er frá fyrra lífi, hneigð, erfðagalli eða dulinn vandi sem rekja má til áhugamála eða mistaka fyrra lífs. Komi þessir tveir megin ákvarðandi þættir saman, kemur óhjákvæmilega – samkvæmt lögmálinu – fram í dagsljósið einhvers konar líkamlegur sjúkdómur eða kvilli; hann getur verið alvarlegur eða tiltölulega léttvægur; hann getur verið lífshættulegur eða aðeins valdið tímabundnum óþægindum. Engin ytri skilyrði ein og sér nægja til að valda sjúkdómi, en vandinn liggur í því að nútíma læknisfræði viðurkennir ekki tilgátuna um hulda orsök, aðeins yfirborðskenndar tilgátur eins og þær að áhyggjur og mikill kvíði geti valdið því að hjartasjúkdómur ágerist. Hún gerir ekki enn ráð fyrir þeim þáttum sem rekja má til fyrra æviskeiðs. Þegar um er að ræða smitandi sjúkdóma er innri orsökina af *samfélagslegum uppruna* og hefur því ytri samfélagsleg áhrif og er tjáning á samfélagslegu karma. Vandi málsins er þar af leiðandi mikill.

Eins og þið sjáið þá hljóta að vera fyrir hendi tveir þættir og þessir tveir þættir kalla fram sjúkdóm þegar þeir tengjast og hljóta örvun. Hafa skal í huga að sú hugmynd, að sálin kjósi sér líkama og þá gerð starfstækis sem gerir henni fært að læra

sérstakar lexíur og ná tökum á tiltekinni fræðandi lífsreynslu, hefur ekki enn hlotið mikinn skilning. Í því sambandi vil ég minna ykkur á að sjúkdómur er oft ákveðin hreinsun og áhrif hans verða um síðir til góðs. Hann er atburðarás sem dregur innri óæskilegan þátt fram í dagsljósið og þegar þessar innri og ytri orsakir eru komnar fram, er hægt að meðhöndla þær, skilja og oft eyða og binda enda á þær í gegnum mótlæti og þjáningar sjúkdóms. En það er hart að segja það.

*Um einstakar tegundir sjúkdóma.*

Liðagigt og sykursýki eru sjúkdómar sem eiga upptök sín í geðlíkamanum, en liðagigt er hlutlægari heldur en sykursýki (ef ég mætti orða það á svo ófullnægjandi hátt), þar sem hún er afleiðing af fullnægju efnislegrar löngunar sem kemur fram í löngun í mat, annaðhvort í þessu eða fyrra lífi. Mjög lítið eða ekkert væri um liðagigt ef mannkynið neytti matar síns á réttan hátt og skildi hið rétta gildi og áhrif fæðunnar. Sykursýki er á ákveðnari hátt afleiðing rangra *innri* langana og er ekki eins afgerandi afleiðing rangra *ytri* langana. Þessir sjúkdómar geta átt upptök sín í þessu lífi, eins og ég sagði hér að framan, eða verið erfðir frá fyrri tilveru. Í síðara tilfallinu kýs sálin að fæðast innan fjölskyldu, sem mun sjá henni fyrir líkama sem hefur tilhneigingu til þessa sjúkdóms eða meðfædda næmni fyrir honum.

Hér liggur fyrir mikið rannsóknarefni; kanna þarf hvaða manngerðir það eru sem verða auðveldlega fyrir ákveðnum samfélagslegum sjúkdómum.

Sýfilis og liðagigt falla undir þann flokk sjúkdóma sem stafa aðallega af fullnægju líkamlegra langana. Krabbamein og sykursýki eru á ákveðnari hátt í flokki með sjúkdómum sem tengjast innri löngunum tilfinningalífsins og kröftuglega bældum tilfinningum. Smitsjúkdómar, eins og mislingar og skarlatssótt,

bólusótt eða kólera eru, þótt furðulegt sé, samfélagslegir sjúkdómar sem tengjast á ákveðinn hátt hugareðlinu. Ykkur mun furða á þessu en þannig er það í reynd.

Nemi sem hefur nokkra innsýn í dulfræðilegar orsakir gæti haldið að þegar fólk er að flytja stillingu athygli sinnar frá líkamlega eðlinu til hins geðræna, eða frá hinu geðræna til hins hugræna, sé því hætt við hinum fornu sjúkdómum eins og sýfilis og krabbameini, sem Lemúrúbúar urðu fyrir. Sú er ekki raunin.

Ég vil minna ykkur á að fólk kallar ekki yfir sig þessa sjúkdóma vegna þess að það breytir um vitundarstillingu, heldur vegna misnotkunar á ákveðnum hæfileikum af Guði gefnum. Umskipti vitundar og sjúkdómurinn tengjast ekki hið minnsta. Ég vil einnig minna ykkur á að fólk nú á tímum er sambland orku á þrem stigum sem við köllum efnislega, geðræna og hugræna, sem eru hin lemúrísku, atlantísku og arísku vitundarstig. Varla nokkur maður nú á tímum er hrein manngerð, þ.e. að meginhluta af einni gerð. Mennt eru venjulega sambland allra þriggja. Það er erfitt að finna persónu eða sjúkling sem er að „breyta um stillingu athygli sinnar frá hinu efnislega til hins geðræna.“ Annaðhvort er vitund hans geðræn, hugræn, eða efnisleg um skamman tíma, frá sjónarmiði lífeðlisfræðinnar. Skörpustu skilin má sjá hjá lærisveinum sem eru á ákveðinn og meðvitaðan hátt að vinna að því að flytja vitundarstillingu sína til hugræna sviðsins. Þeir lifa samt sem áður að meginhluta á sviði sem nefna má kama-manas, en það þýðir bæði geðrænt og hugrænt. Það er millibils vitundarstig. Því eru aðeins víðtækar alhæfingar mögulegar. Að sýfilis-skilyrðin séu almennt séð líkamlegri að uppruna en krabbamein er ein slík alhæfing. Um skörp skil er *ekki* að ræða og þið verðið ætíð að muna að vissir sjúkdómar sem eiga upptök sín í mjög fjarlægri fortíð geta komið fram á ákveðnu æviskeiði; fræ ástandsins hafa legið í dvala um aldir í hinum svonefndu varanlegu frumkjörnum.

Það kann að vera að þau eigi alls ekki uppruna sinn í framgangi eða eiginleikum þessa lífs. Skyndilega vakna þau til lífs og hafa áhrif á núverandi æviskeið og um leið bjóða þau upp á tækifæri til lausnar.

### *Um sóttthita.*

Sóttthiti er einfaldlega vísbending um erfiðleika og er grundvallarleið til hreinsunar og eyðingar. Hann er vísbending en ekki sjúkdómur í sjálfu sér. Hugleiðið þetta og beitið því á öllum sviðum, því að sóttthiti efnissviðsins á sínar geðrænu og hugrænu hliðstæður. Hann er óhófleg orka sem brennir og með brunanum veldur hann létti og lækningu (annaðhvort með því að yfirvinna sýklana eða þær orkutegundir sem ollu honum eða með lausnarmætti dauðans). Þegar það er mögulegt og þegar efnislíkaminn er nógu hraustur til að standast álagið, er gott að leyfa sóttthitanum að hafa sinn gang um tíma, því hann er lækning náttúrunnar á ákveðnu óæskilegu ástandi. Hitasóttir gefa ekki aðeins viðvörðun um tilveru þess sem veldur þjáningu, heldur hafa þær einnig í sér ákveðið lækningargildi. En þörf er á vandlegri athugun og samstillingu – samstillingu við orkutegundir líkamans. Þegar sóttthiti geisar er líkaminn tiltölulega varnarlaus og eðlileg starfsemi hans verður fyrir áhrifum. Hinn almenni læknir býr yfir mikilli þekkingu á lækningu og meðhöndlun hitasóttar og sú þekking mun duga þar til sá tími kemur að orsakir hitasóttar verða betur þekktar og læknar geta fengist við orsakir en ekki afleiðingar.

Of mikil tilfinningasemi er geðræn hliðstæða líkamlegrar hitasóttar og gefur til kynna að sýkill löngunar geisar óheftur. Meðhöndlun er nauðsynleg til að hitinn hjaðni. Hin hugræna hliðstæða er of virkur, lítt skipulagður hugur, mjög önnum kafinn en gagnslaus til framkvæmda.

*Um lækningu krabbameins.*

Í öllum illkynja sjúkdómum er lifandi orkukjarni sem dregur til sín lífskraft mannsins, hægfara eða hratt, eftir atvikum. Á byrjunarstigum sjúkdóms eins og krabbameins, er þennan lífkjarna ekki að finna fyrr en hið illkynja ástand hefur fest rætur svo rækilega að mjög erfitt er að gera nokkuð til hjálpar. Samt sem áður er lækning aðeins möguleg á þessum byrjunarstigum og þá getur lækningin hrifið, en þó aðeins ef vilji sjúklingsins er virkjaður. Lítið er hægt að gera í krabbameinstilfellum nema fyrir hendi sé skynsamleg samvinna af hálfu þess sem á að lækna, því að eina leiðin (sem ég kann síðar að útskýra nánar) er að blanda saman einbeittum vilja sjúklingsins og lækningarheildisins í eina virka krafteiningu. Þegar þessu hefur verið áorkað, þá mun hin sameinaða og tilkallaða orka fylgja hugsun, samkvæmt hinu forna lögmáli, og örva svæðið umhverfis krabbameinið (það er að segja heilbrigða vefinn) þannig að sterkari vefurinn geti gleypt í sig hinn veikari sjúka vef. Ef orkunni er beint að sjálfu krabbameininu, örvast sjúkdómsástandið og erfiðleikarnir margfaldast. Lækning krabbameins á byrjunarstigi skiptist því í tvo hluta:

1. Örvun heilbrigða vefsins.
2. Uppbygging á nýjum vef til að koma í stað hins sjúka vefs sem smám saman er sogaður upp og fjarlægður.

Þegar krabbamein kemur í ljós er það alltaf áður en tilfinningakraftinum hefur verið umbreytt, en það eru fáir lærisveinar sem hafa umbreytt þannig tilfinningalífinu (og þess vegna enn færri af fjölda hins venjulega fólks). Þetta frelsi frá tilfinningum er svo sjaldgæft að – á þessu stigi heimssögunnar – má segja að það sé alls ekki til.

Heilsteyptum og athafnasömum persónum er ekki hætt við sjúkdómi eins og krabbameini, eða nokkrum öðrum sjúkdómi, í sama mæli og tilfinningasömu manngerðinni; þeim er aftur á móti mun hættara við hjartasjúkdómum. Innihaldsríkt og starfsamt líf kemur í veg fyrir sjúkdóma eins og krabbamein, en þó ekki alltaf. Þegar kraftar lífsins hægja á sér, þegar ellin læðist að, kemur krabbamein oft í ljós og sannar þar með upphaflegu fullyrðingu mína. Á tímum eins og þessum, þar sem krabbamein er önnur helsta ástæða dauða og eyðingar (og ef það er rétt hjá mér að krabbamein sé plánetusjúkdómur), þá er svo að segja öllum hætt við því. Ótti er mikill áhrifaáttur. Einnig aðgerðaleyfi og tilfinningasemi.

### *Um flogaveiki.*

Hvað er flogaveiki? Bendir eitthvað til þess að hún sé ættgeng? Er eitthvað hægt að ráða af þeirri staðreynd að hún kemur fyrst fram snemma á gelgjuskeiðinu? Hefur hinn almenni læknir rétt fyrir sér í því að flokka hana með vonlausum tilfellum? Nemar og þeir sem stunda lækningar spyrja sífellt þessara og annarra álíkra spurninga.

Þessar tegundir líkamlegra sjúkdóma sem almennt er hægt flokka sem geðsjúkdóma eru mun torskildari en almennt er álitid. Frá sjónarhóli dulfræðingsins skiptast þeir í eftirfarandi tiltölulega einfalda flokka:

1. Sjúkdóma sem eru afleiðing af hrörnun heilavefsins. Mun fleiri sjúkdómar af þessum toga eru greinilega af sýfilis-uppruna heldur en almennt er viðurkennt og ég vil minna ykkur á að dulfræðilega talað, þá er það svo eðli málsins samkvæmt, því að hin líkamlegu kynfæri eru lægri hliðstæða hinna negatífu-pósítífu tengsla í heilanum milli orkustöðvanna tveggja í höfðinu, heiladinguls og heilakönguls.



2. Sjúkdóma sem stafa af því að einhverjar orkutegundir valda oförvun heilafrumna og setja úr skorðum jafnvægið milli þeirra og annarra forma líkamans. Þetta veldur ákveðnum alvarlegum geðsjúkdómum.
3. Sjúkdóma þar sem ekki er um neina líkamlega erfiðleika að ræða, enga skemmda eða sjúka vefi, heldur einfaldlega losaraleg tengsl milli etherlíkamans og þetta efnislega starfstækisins. Það getur leitt til þráhyggju eða haldningar. Almennir geðlæknar og læknar álíta slík tilfelli oft vera einhvers konar geðsjúkdóm; en þannig er það ekki í reynd. Ef hægt er að veita hinni þjáðu persónu „þfírráð yfir sjálfri sér“ aftur með hjálp einhvers skilningsríks sálfræðings og slíkt er vissulega mögulegt, þá er vandinn leystur. Nú á tímum er rík hvöt meðal hinna framsýnustu sálfræðinga að meðhöndla þessi tilfelli samkvæmt kenningunni sem ég hef sett fram og það er vissulega framför.
4. Sjúkdóma þar sem fyrir koma ákveðnar gerðir arfgengs hugræns ójafnvægis. Slíkt ójafnvægi stafar af atburðum á fyrri æviskeiðum og er í eðli sínu endurgjald eða refsikarma. Til að koma þessu í kring kýs sálin sér af ásettu ráði efnislegt starfstæki sem býr yfir ákveðnum erfðagöllum. Þegar sálin hefur ekki tök á starfstæki sínu – eins og er hjá hinum óþroskuðu – sjá Karmajöfrarnir um það; en þegar um þroskaða einstaklinga er að ræða gerist það með ætlan og vilja, þar sem líkaminn er undir stjórn sálarinnar. Ekki er ætlun mín að telja upp og flokka þessar mismunandi tegundir geðveiki og ójafnvægis, til þess er efnið of flókið og oft er um að ræða nokkra ráðandi þætti og oft aðeins vísbendingar um erfiðleika sem ekki þurfa að leiða til alvarlegra vandræða. Ég tel aðeins upp aðalflokkana og læt fræðimönnum eftir það verkefni síðar meir að skrá sjúkdómseinkenni og ákvarða tilsvarendi orsök, eftir að mikið tilraunastarf hefur verið unnið. Sá tími er aðeins rétt að byrja.

5. Sjúkdóma þar sem hugurinn er óhófllega fastmótaður og stöðugur og ræður heilanum svo óeðlilega að aðeins virðist um eitt sjónarmið að ræða, eitt viðhorf til lífsins, hvorki sveigjanleiki né aðlögunarhæfni. Slíkir einstaklingar geta til dæmis þjáðst af því sem nefnt er *þráhyggja* (idée fixe), eða þeir geta verið algerlega á valdi einhverrar ásækinna hugsunar. Slíkur hugfjötur getur verið allt frá vægu ofstæki til trúarlegs æðis ásamt einkennandi kvalalosta, miskunnarleysi og almennu heilsuleysi sem því fylgir.

Flogaveiki fellur undir fyrsta og fjórða tölulið og er venjulega sambland þeirra þátta sem einkenna báða. Hún erfist í öllum tilfellum, ef ekki líkamlega að virðist, byggist hún á erfðu geðrænu ástandi, sem aftur hjálpar til við að ákvarða hið líkamlega ástand. Hún er af sýfilis-uppruna (oft framhaldið frá öðru lífi) og í þessu lífi er hún algerlega ólæknandi.

Kynferðislegur grunnur hennar birtist í þeirri staðreynd að hún kemur fram snemma á gelgjuskeiðinu. Hægt er þó að hjálpa sjúklingunum mikið á byrjunarstigi sjúkdómsins ef sjúkdómseinkennin eru greind hæfilega snemma og hugsunum þeirra beint á nýjar brautir og notaður er hinn kröftugi áhrifamáttur nýrra hugðarefna. Andleg áhugahvöt og sambærileg áhugaefni geta stundum hamlað framgöngu sjúkdómsins; sé það raunin og meðhöndluninni framhaldið allt frá æsku og áfram, er hægt að komast hjá verstu hástígu sjúkdómsins. Að því marki sem sjúklingurinn reynir vitsmunalega að hjálpa sér sjálfur og er varinn með skynsamlegri umönnun læknis, getur hann að talsverðu leyti vegið á móti erfiðleikunum, einkum endurtekningu sjúkdómsins á öðru æviskeiði.

Mörg þessara vandamála eru í eðli sínu bundin fortíðinni, þar til lögmálin sem ráða endurfæðingum hafa verið látin heiminum í té, er erfitt fyrir mig að útskýra þau ferli sem ráða líkamlegum erfðum, karmískum afleiðingum og því sem nefnt er refsikarma. Viðurkenning á fingerðari formum sjúkdóms og

aðstoð sálfræðings í samvinnu við hefðbundna læknisfræði (sem vissulega hefur sitt hlutverk, til dæmis við að sjá um lagfæringu á kirtlastarfseminni), ásamt réttri heilsufræðilegri meðhöndlun allt frá bernsku, mun hafa mikið að segja og mun smám saman þurrka út geðsjúkdóma og sjúkdóma heilans sem eru fjölmargir nú á tímum og valda mikilli þjáningu.

### *Um líknardauða.*

Sumir nemar hafa áhyggjur af skipulagðri hreyfingu fólks sem vill lögleiða líknardauða og hafa efasemdir um að fela vald yfir lífi og dauða í hendur læknum. Jafnframt gera þeir sér grein fyrir því að inn í þetta blandast þáttur *mannúðar*, í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að koma í veg fyrir langvarandi þjáningar. Við þá vil ég segja þetta:

Vandamál sem tengjast líknardauða, verða ekki til þegar samfelldri vitund (sem upphefur dauða) er náð. Það þýðir að sá tími kemur í þróun mannkynsins, að sálin mun *vita* að tími hins efnislega lífs er liðinn og mun búa sig undir brotthvarf sitt úr forminu með fullri meðvitund. Hún mun *vita* að þjónustu formsins er ekki lengur þörf og að nauðsynlegt sé að losa sig við það. Hún mun *vita* að vitund hennar, sem er innstillt í eðlisþætti hugans, er nægilega sterk og nægilega vakandi til að fleyta henni í gegnum þetta ferli og þátt aðskilnaðarins. Þegar maðurinn hefur þróað með sér slíka vitund og þessi atburðarás hefur hlotið viðurkenningu læknastéttarinnar og þeirra nema sem athuga starfstæki mannsins frá vísindalegu sjónarmiði, þá mun heildarviðhorf manna til dauða og dauðaatburðarins með sársauka sínum og þjáningu, breytast í meginráttum. Þá getur maður á dauðastund sinni notfært sér ákveðnar aðferðir til lausnar, sem frá almennu sjónarmiði væri hægt að álykta að fælu í sér líknardauða. Rannsakadar verða ýmis konar aðferðir aðskilnaðar og þeim beitt þegar kemur að dauða og litið verður

á atburðinn sem brotthvarf sálarinnar, frelsun og lausn. Sá tími er ekki eins fjarri og ætla mætti.

Nú á tímum felst mikil hætta í því að flýta viðskilnaðinum og lagalegar varúðarráðstafanir munu krefjast mikillar aðgæslu í framkvæmd, en þrátt fyrir það gætu mjög alvarlegir hlutir gerst. En sumar aðgerðir til að flýta dauðaferlinu eru leyfilegar og nauðsynlegt er að þær þróist. Aðalatriðið er þó að á okkar tímum byggist vilji sjúklings til að deyja ekki á þekkingu og hugrænni innstillingu, né á því að náðst hafi samfelld vitund, heldur á tilfinningaviðbrögðum og því að forðast sársauka og ótta.

Samt sem áður, þar sem um er að ræða óbærilega þjáningu og alls enga von um nokkra hjálp eða bata og ef það er vilji sjúklingsins (eða ef hann er of veikur, vilji aðstandenda), þá skyldi eitthvað gert með réttum varúðarráðstöfunum. En þessi ráðstöfun á brottfararstundinni má ekki grundvallast á tilfinningum og miskunnsemi, heldur á andlegum vísindum og á réttum skilningi á andlegum möguleikum dauðans.

### *Um örverur.*

Hversu vanhæf eru orðin til að mæta þörfum sannleikans. Við notum orðið „germ“ (enska orðið „germ“ þýðir bæði sýkill, frjóangi og vísir að einhverju. Þýð.) til að gefa til kynna upptök einhvers sjúkdóms eða upphaf einhvers forms. Við tölum um „germ“ eða frjóanga lífsins; við ræðum um „germ“ eða vísi að hugmynd; við bendum á þann óáþreifanlega orkupunkt sem leiðir síðar meir til einhverskonar formbirtingar. Það kann að vera hugform, mannleg vera, eða sjúkdómur, samt sem áður þarf sama orðið (germ) að ná yfir allt þetta þrennt. Hve oft hef ég ekki sagt ykkur að allt er orka og að ekkert annað er til. Örvera er orkupunktur sem býr yfir ákveðnum lifandi möguleikum, hefur sérstök áhrif á orkusviðið umhverfis og myndar sérstök

birtingarform sem eru merkjanleg á efnissviðinu. Og endanlega, er allt það sem við höfum rætt um eitthvert form virkrar orku sem myndar hluta af hinni tiltæku orku á yfirborði, innra með og umhverfis plánetuna Jörð.

Í tengslum við sjúkdóma er örvera enn orkupunktur, en það má líta á hana sem orku sem starfar ekki rétt í tengslum við það sérstaka form sem hefur orðið móttækilegt fyrir starfsemi hennar eða næmt fyrir návist hennar.

Örverur eru fyrstu afleiðingar upprunalegrar orsakar. Fáeinar mynda hluta af plánetubölinu, sem þýðir að þær eiga sér djúpstæð og hugræn upptök og af slíku umfangi að takmarkaðir hugir manna geta ekki enn skilið það. Slíkar orsakir geta til dæmis valdið afleiðingum eins og ofsafenginni og eldheitri dýrkun hugmyndar eða persónu, eða þær geta komið fram sem jafn ofsafenginn og eldlegur sóttthiti í efnislíkamanum og þessum sóttthita mun læknastéttin gefa nafn í samræmi við einkenni. Upprunalega orsökina er sú sama, en afleiðingarnar í persónuleikanum munu verða mismunandi eftir því hvar athyglin er innstillt eða hvar lífsáherslan liggur. Hugleiðið þetta því ég hef hér gefið vísbendingu sem hefur mikið gildi.

Þegar ég notaði orðin „hvar athyglin er innstillt,“ var ég ekki að vísa til neinnar hugrænnar afstöðu eða athygli hugans, heldur til áhrifa lífkrafts í einhverja gefna átt, til einhvers hluta og einhvers þáttar mannlíkamans, þangað sem lífsorkunni er stýrt. Örverur eru lifandi lífkerfi, stór og smá. Þær komast inn í mannlíkamann fyrir tilstilli lífkraftsins, en hann aftur á móti notar hjartað og blóðið sem tæki til dreifingar. Orka vitundarinnar notar á sama hátt taugakerfið og heilann sem dreifingartæki. Þar sem eðlislægur eða erfður veikleiki er fyrir, er lífkrafturinn ekki rétt innstilltur og þar er að finna einhvers konar vanþroska, eða einhvers konar móttækileika fyrir sjúkdómi. Þegar um slíkt er að ræða geta örverur fundið gróskuríkan stað fyrir illkynja starfsemi sína. Þegar um er að ræða mikla lífsorku

og hringrás lífkraftsins er frjálst og óheft, þá er þessi næmni eða móttækileiki ekki til, örverurnar finna sér engan samastað og hættan á smiti er ekki fyrir hendi.

Skarlatssótt, til dæmis, er smitandi, en það veikjast ekki allir sem eru í smithættu. Sá hæfileiki að hrinda frá sér smiti og ónæmi fyrir smitandi sjúkdómum er fyrst og fremst vegna lífsorku (ef til vill lífsorku á sérstökum stöðum líkamans þar sem athyglin er innstillt og aðalvirkni lífkraftsins er að finna). Það getur einnig byggst á starfsemi blóðkornanna, sem vinna að því að viðhalda góðu ástandi blóðsins.

Sama má segja um þessa innstillingu og áherslu hjá dýrum, því ekki er um að ræða innstillingu hugans, heldur lífsorkunnar innan efnislíkamans. Hún verndar ef hún er fyrir hendi og er virk. Þegar hún er óvirk og veik er efnislíkaminn (bæði manna og dýra) móttækilegur fyrir smiti.

Nánari útskýringar get ég ekki gefið ykkur, því að vandamál uppruna og aðferðar verður áfram óleysanlegt svo lengi sem maðurinn býr yfir núverandi hugrænu viðhorfi og tilfinningalegum svörunum við sársauka og sjúkdómum og svo lengi sem hann leggur sömu ofuráherslu á líf í *formi*. Þegar menn hafa þroskað með sér betra gildismat og eru farnir að hugsa út frá sálinni, markmiðum og hlutverki, þá munu sjúkdómar eins og við þekkjum þá skiptast í tvo flokka:

1. Sjúkdóma sem valda hreinsun og gera tímabil endurstillingar og hvíldar fyrir líkamann nauðsynleg, til undirbúnings fyrir áframhaldandi líf á jörðinni.
2. Sjúkdóma sem valda brottvarfi eða brottför sálarinnar, eða hinna tveggja eðlisþátta hennar – lífs og vitundar.

*Um ónæmisáðgerðir.*

„Hver er staða eða gildi ónæmisáðgerða eða bólusetningar frá dulfræðilegu eða innræðu sjónarmiði?“ Þessi spurning er

oft í huga læknaenda þegar þeir spyrja næstu spurningar sem er hinn raunverulegi grundvöllur áhuga þeirra: „Hafa þær áhrif á fíngerðari líkamana? Og þá hvernig?“

Ónæmisáðgerð hefur ekki neitt meira dulfræðilegt gildi en venjuleg lyfjagjöf með sprautu. Hinir svonefndu dulfræðinemar hafa lagt óeðlilega mikla áherslu á allt sem viðkemur bóluþefni og ónæmisáðgerðum. Nú á tímum er dælt inn í mannlíkamann svo gífurlegu magni utanaðkomandi efna að málið er allt mun þýðingarmeira, en samt sem áður ekki eins mikilvægt og menn halda. Slíkar eru þverstæðurnar sem ég set fram við ykkur. Neysla alls konar rangrar fæðu, innöndun reyks og mengaðs lofts um aldir, inntaka lyfja af öllum hugsanlegum gerðum, grannskoðun jurta- og steinaríkisins til að kanna efni þeirra og inntaka efna úr steinaríkinu, ásamt lyfja- og mótefnagjöf. Allt þetta gerir það að verkum að maður undrast hina furðulegu móttökuþefni mannlíkamans.

Til að réttlætinu sé fullnægt, vil ég samt sem áður minna ykkur á að hvað viðkemur efnislegri velferð mannsins, hafa þessar aðferðir og tækni Vesturlanda gert það af verkum að fram hefur komið heilbrigðara mannkyn en í Austurlöndum, að mannsævin hefur lengst mjög greinilega og að tekist hefur að eyða mörgum slæmum plágum sem áður fyrr tóku sinn toll af mannkyninu. Ég, sem Austurlandabúi, viðurkenni þetta. Ég hef lýst ástandinu á þennan hátt í þeim tilgangi að víkka viðhorf ykkar frá hinu sértæka til heildarinnar.

Í sambandi við sjúkdóma og ónæmisáðgerðir vil ég minna ykkur á að þrír flokkar sjúkdóma eru ekki bundnir mannkyninu, heldur eru þeir eðlislægir sjálfri plánetunni. Þessa sjúkdóma er að finna í mjög mismunandi formum í öllum ríkjum náttúrunnar. Þessar þrjár fjölskyldur eða flokkar sjúkdóma eru:

1. Hinn mikli sjúkdómsflokkur krabbameins.
2. Kynsjúkdómar.
3. Berklar.

Flest andmæli lækna með dulfræðilegar hneigðir byggjast ómeðvitað á þeirri tilfinningu að til ættu að vera háþróaðri aðferðir við að ná tökum á sjúkdómum í mönnum en þær að dæla inn í líkama mannsins efnum sem tekin eru úr líkómum dýra. Þetta er vissulega og sannarlega rétt, og síðar meir verða færðar sönnur fyrir því. Önnur viðbrögð eru óbeit byggð á næmni, aftur að mestu leyti ómeðvituð. Brýnni andmæli ættu að byggjast á þjáningunum sem lögð eru á dýrin sem gefa af sér bóluefnin og önnur efni.

Áhrifin á innri líkamana eru svo að segja engin og mun minni en sjúkdómanna sjálfra. Í þessu er að finna mjög áhugavert framtíðar viðfangsefni. Að hve miklu leyti nær hið sjúka ástand í mannlíkamanum til innri líkamanna og hefur áhrif á þá með tilliti til formbyggingar? Ekki er ætlun mín að svara þessari spurningu. Nútíma lækisfræði heldur sjúkdómum samtímans í skefjum fyrst og fremst á þrennan hátt: með vísindum hreinlætis og hollustu, með forvarnarstarfi og með ónæmisáðgerðum. Þetta eru lægri hliðstæður starfsaðferða sem stafa frá geðsviðinu, frá etherísku sviðsstigunum og frá sjálfri jörðinni.

Vísindi hollustu og hreinlætis, notkun vatns og hin vaxandi þekking á vatnslækningum eru efnisleg birting á jörðinni á ákveðinni og mjög sérstakri innri starfsemi á geðsviðinu. Af hálfu leitandans nefnast þessar aðferðir hreinsun.

Vísindi forvarna (bæði til varnar gegn sjúkdómum og dauða) eru efnisleg birting á jörðinni á ákveðnum starfsháttum á ethersviðinu þar sem kraftar eru notaðir réttilega og ákveðnum eyðingaröflum haldið í skefjum og varnað þess að halda áfram á sinni eyðingarbraut.

Vísindi ónæmis eru algerlega efnisleg að uppruna og varða aðeins dýralíkamann. Þessi síðasttöldu vísindi munu bráðlega víkja fyrir æðri tækni, en sá tími er ekki runninn upp.



*Um kirtla.*

„Er mögulegt með iðkun sérstakrar hugleiðingar að örva annaðhvort aftari eða fremri sepa heiladingulsins þegar um of litla virkni er að ræða? Mun hugleiðing sem miðar að því að samhæfa persónuleikann leysa erfiðleika sjálfkrafa og leiðrétta starfsemi heiladingulsins? Getur það einnig orðið til þess að samstillta og koma jafnvægi á starfsemi annarra mikilvægra kirtla?“

Hér er um að ræða nokkrar spurningar; viðfangsefnið er of víðtækt til að hægt sé að fjalla um það innan þess tíma og marka sem við höfum.

Í stuttu máli vildi ég samt segja, að örvun annars hvors sepa heiladingulsins og það á við um örvun hvaða kirtils sem er, með hugleiðingariðkun byrjenda er afar hættuleg iðja. Þetta er hægt, en slík iðkun er ekki ráðleg nema undir sérfræðilegu eftirliti einhverra þeirra sem vita meira en þið vitið og geta séð meira en þið sjáið. Kirtlarnir eru afleiðing af virkni eða óvirkni orkustöðva líkamans og fylgja þeim í þróuninni. Sú þróun er háð geislanum og stöðunni á þróunarbrautinni. Þetta viðfangsefni er viðamikil og erfitt og ég vil minna ykkur á að það er *ekki* háttur lærisveins að dvelja stöðugt við hina *efnislegu* þætti í starfstæki persónuleikans. Hann hlýtur að stefna að samstillingu persónuleikans, eins og þið minntust á og að því markmiði að vera óhindraður farvegur fyrir sálina. Undir eðlilegum kringumstæðum er slík samstilling afleiðing af:

1. Skapgerðarrækt.
2. Sálarsameiningu með hugleiðingu.
3. Lífstjáningu í gegnum þjónustu.

Iðkun ofangreindra þriggja atriða, um langt árabíl, mun óhjákvæmilega hafa í för með sér hinar þráðu afleiðingar hvað

varðar kirtlana og að svo miklu leyti sem starfstækið í heild getur á sérhverju æviskeiði staðist álagið af kröfum sálarinnar.

*Um lífsorkulíkamann.*

„Hverjir eru þeir aðalþættir sem hægt er að fara eftir til að byggja upp sterkan og heilbrigðan lífsorkulíkama? Er mögulegt fyrir mann með frekar veikbyggðan lífsorkulíkama að styrkja hann? Getur ekki verið að kraftlítil lífsorkulíkami sé samt sem áður heilbrigður, en að veikleikinn komi fram í úthaldsleysi og að þurfa langa hvíld til að ná sér eftir þreytu?“

Þessar spurningar eru gagnorðar og hægt er að svara þeim í stuttu máli. Í raun er það nauðsynlegt, því annars þyrfti til langa umræðu um lífsorkulíkamann og það umræðuefni er of yfirgripsmikið til að um það sé fjallað hér og of margt sem tengist því. Ég hef látið ykkur margt í té um þetta efni í hinum ýmsu bókum sem ég hef skrifað.

Ég geri ráð fyrir að með hugtakinu *kraftlítil* lífsorkulíkami eigið þið við lífsorkulíkama sem er lítt samhafður efnislega starfstækinu og laust tengdur og hefur því ekki kröftugt tak á ytra forminu, því það er hin nána samstillingu etherlíkama og efnislíkama sem allt úthald mannsins byggist á. Sú trú ykkar er rétt að maður geti verið fullkomlega heilbrigður þótt hann þreytist mjög auðveldlega.

Aðalþættirnir sem stuðla að því að endurvekja eða efla etherískt samband eru:

1. Sólskin.
2. Vandað fæðuval, með áherslu á prótín og vítamín.
3. Að forðast þreytu og áhyggjur.

Loftslag, ástand heimsmála, umhverfi og siðmenning okkar hamla gegn öllum ofangreindum atriðum nú á tímum og

maðurinn verður því að setta sig við ástand mála sem hann sem einstaklingur hefur engin áhrif á.

Eðlilegt, heilbriggt og reglubundið líf er best til þess fallið að efla lífsorkuna. Það er þetta sem ég geri ráð fyrir að þið eigið við. Þið þurfið þó að hafa í huga að þar sem um er að ræða veiklaðan etherlíkama og aðstæður eru þannig að erfitt eða ómögulegt virðist að endurvekja lífsorkusambandið, verður að viðurkenna karmískar takmarkanir og hafa fúsleika til þess að setta sig við þær og láta málin leysast sjálf á sinn hátt. Þessi jarðvist er ekki sú eina. Ósjaldan er því ekki hægt að breyta aðstæðum í einhverju einstöku lífi, en þeim er viðhaldið með innri baráttu og uppreisn. Lærisveinn þarf að læra þá lexíu að halda áfram, eins og sagt er, þrátt fyrir en ekki vegna kringumstæðnanna.

#### *Um þrónu.*

Þið getið uppgötvað margt um eðli þrónu ef þið notið bækurnar sem þið eigið og ættuð að hafa aðgang að. Í bók minni „*A Treatise on Cosmic Fire*“\* og bók A.A.B. „*The Light of the Soul*,“ eru viðfangsefninu gerð skil.

Það nægir að segja eftirfarandi:

1. Það er ekkert til í raunbirtingu nema orka, sem tekur á sig form, notar og drífur form og eyðir formum.
2. Þessi orka skiptist í þrenns konar svonefnd rafmagnsfyrirbrigði, í ritunum „*The Secret Doctrine*“ og „*A Treatise on Cosmic Fire*“ nefnast þau viðnámseldur, sólareldur og rafmagnseldur.
3. Prana er nafnið sem gefið er orkunni sem dregin er upp á efnissviðið frá hinum etheríska eðlisþætti alls hins hlutlæga lífs. Þessi etheríska eðlisþáttur hinnar guðlegu orku er samþætt orka. Ef orkan sem einstaklingur aðallega lifir, hrærist

\* *A Treatise on Cosmic Fire*, bls. 77-116.

*The Light of the Soul*, bls. 77, 217-225, 280-282, 328-330, 332.

og er stilltur inn á, er til dæmis að meginhluta geðræn, þá er megin orkubirtingin í starfstæki hans geðræn eða orka tilfinningalífsins. Hann mun ætíð andsvara hinni efnislegu orku eða þrónu og geðrænni orku eða hinum mörgu skynrænu kröftum tilfinninganna. Þessi orka vinnur fyrst og fremst í gegnum milta, sólarplexus og háls og hefur mismunandi áhrif á efnislega miltað, magann og skjaldkirtilinn.

4. Þegar einstaklingur sýnir áhuga á þessum tveimur orkugerðum, byggist það á þeirri staðreynd að þær eru þær tvær orkugerðir sem hann er vanalega umkringdur og hann bregst eðlilega við og á auðveldastan hátt.
5. Orkustraumurinn sem notaður er í lækningarstarfi verður samfjöllun þeirra orkutegunda sem læknaandinn venjulega vinnur með og þá er sú orkutegund ráðandi sem fyrir honum er hin ráðandi orka lífsins. Hinn almenni lítt vitsmunalegi læknaði er yfirleitt einfaldlega miðlari þrónu, sem er orka plánetunnar. Hún streymir í gegnum líkama læknaðans og tengist hinni efnislegu etherorku sjúklingsins. Þetta örvar sjúklinginn nægilega til að gera honum kleift að hrinda frá sér hinum orkueyðandi sjúkdómi. Sumir læknaendur geta unnið með samblandi af fyrrgreindri orkugerð og geðrænni orku og komið þannig af stað virkni, ekki aðeins í efnislíkama sjúklingsins heldur einnig í geðlíkama hans. Stundum veldur þetta alvarlegum erfiðleikum og hindrar oft raunverulega líkamlega lækningu, vegna geðrænnar ringulreiðar sem af þessu leiðir. Ég get ekki fjölyrt frekar um þetta efni hér, að þessu sinni er enginn tími til frekari útskýringa. Hugrænir læknaendur (hinir sönnu hugrænu læknaendur sem eru ákafflega sjaldgæfir) blanda sálarorku við hinar tvær áður nefndu orkugerðir. Þetta samfjallar krafta persónuleikans. Ef haldið er áfram á skynsamlegan hátt, veldur þessi samfjöllun lækningu persónunnar með því að mynda ákveðna skipan og samstillingu.

Sálarlækning tekur við af framangreindum þrem aðferðum, en hún veldur innstreymi hreinnar sálarorku inn í og gegnum starfstæki sjúklingsins. Það var á þennan hátt sem Kristur læknaði, en fáir starfa þannig nú á tímum. Það verður samt að minnast á hana sem markmið fyrir ykkur að stefna að.

Líkamleg lækning með þrónu er mjög algeng. Hún hrífur oft tímabundið, en hún fæst aðeins við afleiðingar en aldrei orsakir. Hægt er því að halda sjúkdómnum niðri en aldrei að lækna hann. Hæfileiki til að lækna hugrænt fer vaxandi og veldur tiltölulega varanlegum árangri. En geðræn lækning er sjaldgæf og mjög sjaldan árangursrík. Máttur tilfinningalífs læknaða og einnig sjúklings og hið venjulega óhamda ástand þess, er of ráðandi fyrir áhrifaríkt starf, vegna vitundarstillingar mannkynsins nú á tímum og skorts á stjórn og réttu geðrænu jafnvægi.

#### *Um vestræna og austræna líkama.*

Sú spurning er oft í huga sumra læknaða hvort munur sé á orsökum sjúkdóma og áhrifum eftir austrænum eða vestrænum líkamsgerðum. Við þá vil ég segja þetta:

Mannkynið er eitt og hið sama um allan heim, bæði austrænum og vestrænum líkómum er hætt við sömu sjúkdómum og birta sömu einkennin; allir geta þjáðst af berklum, af krabbameini og kynferðislegum kvillum; allir geta dáið úr lungnabólgu og inflúensu. Með almennu hreinlæti og öðrum læknaði aðferðum er smám saman verið að eyða fornum sjúkdómum (erfðum frá Atlantis) eins og svartadauða og kóleru. Þeir skjóta þó enn upp kollinum í Austurlöndum vegna þess hve hin forna menning er sterk, vegna skorts á fæðu og hreinlæti og vegna hins mikla þéttbýlis. Þeir eru háðir loftslagi og eyðast í kaldara lofti norðursins. Vissir sjúkdómar eru afleiðing af rangri fæðu sem neytt hefur verið um aldaðir.

Ein meginástæða mismunar sem virðist vera (ef nokkur er) getur einnig legið í hærri aldri hinna austrænu kynþátta. Sjúkdómar elli, æsku og miðs aldurs hafa sinn mismun, Asía og íbúar hennar eru mjög gömul. Kynstofninn er óðum að verða útslitinn. Samt sem áður sýna Japanir engin merki um þennan háa aldur. Indland er mun eldra en Evrópa, kynþættir Japana og Kínverja eru enn eldri, samt sýna þeir engin merki um slíkt slit hins háa aldurs. Ástæða þessa liggur í hinum mikla mismun á tilfinningalíkama aríska og atlantíska kynstofnsins. Allt þetta efni er óumræðilega flókið.

Ég gæti samt svarað spurningu ykkar í mjög stuttu máli með því að segja að það er alls enginn mismunur á grundvallarorsökum sjúkdóma í austri og vestri. Þær eru hinar sömu hjá allri fjölskyldu mannsins.

### *Um taugakerfið.*

Með réttum skilningi á sambandi ether- eða lífsorkulíkama og taugakerfis er hægt að öðlast yfirsýn yfir tvo megineðlisþætti í starfsemi sálarinnar.

Í fyrsta lagi, þann eðlisþátt í lífi sálarinnar sem gerir henni kleift að örva og þrýsta hinu efnislega tæki, líkamanum til jarðvistar og virkni með hvetjandi starfsemi þess sem við nefnum *Lif*.

Í öðru lagi, þann eðlisþátt sálarlífsins sem heldur efnislega starfstækinu heilbrigðu með óheftu flæði prönu-strauma. Hér er ég að reyna að tjá djúpstæð sannindi á eins einfaldan hátt og mögulegt er. Skilningur á hinu sanna gildi framangreindra staðhæfinga felur í sér næsta stóra skrefið á sviði sannrar sálfræði og lækninga. Allt þetta viðfangsefni er mjög áhugavert. Sumt af þessu hef ég fjallað um í bókinni „*A Treatise on White Magic*“\* og þið hefðuð gagn af því að kynna ykkur það sem þar er sett fram.

\* *A Treatise on White Magic*, bls. 18-50.

Lýsa má almennu ástandi mannsins frá þessu sjónarmiði á eftirfarandi hátt:

Maðurinn er samsetning ýmissa krafta. Það er kraftur eða orka sjálfs efnisins sem líta má á sem heildarorkuþátt frumna eða atóma líkamans. Sjálfst orðið *sella* (enska orðið „cell“ sem merkir bæði fruma og lítill klefi eða fangaklefi) gefur til kynna fangað líf, í sinni almennu aukamerkingu, en líf og orka eru sama hugtakið í huga dulfræðingsins. Þetta er þriðji meginþáttur guðdómsins, sem birtist í mannkyninu. Þá er einnig sú tvöfalda orka sem sálin felur í sér eða miðlar; hægt er að líkja henni við tvo orkustrauma, sem blandast og samlagast í einn straum utan við líkamann, en deilist í tvo strauma þegar hann kemur inn í efni og form. Þeir færa efninu eða samsafni frumulífanna, framlag eðliseiginleika – vitund og hreint líf. Það má einnig segja þetta þannig:

- a. Straumur lífsorkunnar finnur sér leið til hjartans, hins líkamlega hjarta og þar (í gegnum efnislega frumkjarnann) lífmagnar hann allan efnislíkamann og notar blóðið sem helsta miðlara sinn og rás til tengingar og samskipta milli þessarar orkumiðstöðvar lífs og yfirborðsins. Blóðið er lífið, eins og vel þekkt er. Þessi lífsvirkni er sá þáttur sem safnar saman og heldur öllum hinum lífandi atómum og frumum líkamans í formi. Þegar sálin tekur til sín lífþráðinn við dauðann, aðgreinast hin lífandi atóm, líkamsstarfsemin hættir og sundrun tekur við, hin atómísku líf snúa til baka til forðabúrs máttarins, í skaut hins lífandi efnis þaðan sem þau komu.
- b. Orkustraumurinn sem flytur með sér sálareiginleika vitsmuna og kærleiks-visku og myndar það sem við skiljum sem vitund, með hæfileika sínum til snertingar, skynjunar og rökhugsunar, nær ekki lengra en að efnislega heilanum. Þar safnast þessi annar eðlisþáttur saman eða rótfestir sig á

svæði í námunda við heilaköngulinn. Frá þeim stað byrjar sálin, með stöðugt vaxandi mætti, eftir því sem lengur er haldið áfram á braut jarðlífa og lífsreynslu, að stjórna og örva til starfsemi sem samræmist ákveðnum tilgangi og nota efnislíkamann. Munið að fyrir sálinni er líkaminn aðeins tæki og tjáningarmiðill skynjunar á efnissviðinu.

Sem hina þriðju nauðsynlegu staðhæfingu mætti benda á að sálin úthellir orku sinni undir meðvitaðri stjórn inn í þetta efnislíkamann í gegnum ether- eða lífsorkulíkamann. Það starfstæki er samsett úr:

1. Sjö meginorkustöðvum og fjörutíu og níu minni orkustöðvum. Meginorkustöðvarnar er að finna í höfðinu og upp með hryggsúlunni. Minni orkustöðvarnar eru víðsvegar um allan líkamann.
2. Hinu etheríska netkerfi sem er samsett úr orkustraumum, en það samtengir allar orkustöðvarnar í tvö kerfi – eitt meginkerfi og annað minna – og geislar út frá þessum orkustöðvum um allan líkamann.
3. Náðíum sem eru óendanlega smáir orkuþræðir eða kraftstrengir sem geisla út frá öllum hlutum netkerfisins og eru undirstaða alls hins þrefalda taugakerfis. Þær eru að finna í milljónum og mynda hin næmu skyntæki sem við vinnum með, en starfstæki skilningarvitanna fimm er ein af ytri birtingum þeirra.

Koma mun í ljós að mismunandi er hvaða orkustöð er ráðandi og fer það eftir stöðu mannsins í þróunarstigunum:

1. Frumstætt fólk notar sólarplexusstöðina tímabundið sem miðstöð fyrir grundvallar-orkuna. Einnig finnst lítils háttar starfsemi í ennisstöðinni.
2. Venjulegt fólk vinnur að hluta til í gegnum sólar-



plexusstöðina en að mestu leyti í gegnum ennis- og hálsstöðina.

3. Háþróað fólk, gáfumenn og leitendur heimsins nota höfuðstöðina, ennisstöðina, hálsstöðina, hjartastöðina og sólarplexusstöðina.

Að lokum mætti segja að hin líkamlegu líffæri, sem eru bein afleiðing af innri starfsemi orkustöðvanna, netkerfisins og nadianna, séu hjartað, innkirtlakerfið og heilinn. Inn í þetta almenna kerfi sem dregið er stórum dráttum hér að framan, falla öll forn læknavísindi (sérstaklega hið tíbeska, kínverska og indverska) ásamt nútíma vestrænum vísindum. Enn á eftir að leiða í ljós samsvörunina milli hinna austrænu og vestrænu aðferða, en á henni geta menn margt lært. Um þetta get ég ekki haft fleiri orð hér, en þetta nægir til að sýna að þær aðferðir sem þið kunnið að uppgötva við lestur rita (en fjöldi þeirra er mikill) geta allar tengst þessu almenna kerfi orkuferla í mannlíkamanum.

### *Um mataræði.*

Ekkert tiltekið mataræði getur talist algerlega rétt fyrir hóp fólks á mismunandi geislum, mismunandi að skapgerð og líkamsgæð og á mismunandi aldri. Hver og einn einstaklingur er á einhvern hátt ólíkur öllum öðrum og þarf sjálfur að finna hvað það er sem hann þarfnast, hvernig hann fullnægir best þörfum líkama síns og hvers konar fæða gerir honum auðveldast að þjóna. Hver persóna verður að finna þetta fyrir sjálfa sig. Ekki er til neitt *hópfæði*. Ekki er nauðsynlegt að þvinga menn til að sleppa kjötáti né að skylda menn á strangt grænmetisfæði. Það eru ákveðin tímabil í lífinu og stundum heil æviskeið þar sem leitandinn gengst undir ögun í fæðuváli, alveg eins og það kunna að vera önnur tímabil eða heil æviskeið þar sem gengist

er tímabundið undir algjört skírlífi. En það eru önnur lífsskeið og jarðvistartímabil þar sem áhugi og þjónusta lærisveina liggur á öðrum sviðum. Síðar koma jarðvistir þar sem ekki er um að ræða stöðuga umhugsun um efnislíkamann og maðurinn lifir frjáls frá fæðisfordómum og án þess að einbeita sér að formlífinu og neytir þess matar sem í boði er, og þess sem best er til þess fallinn að viðhalda lífshæfni hans. Áður fyrr var grænmetisfæði talið nauðsynlegt til undirbúnings ákveðnum vitundarvígslum. Slíkt þarf ekki alltaf að vera raunin og margir lærisveinar telja sig vera að búa sig undir vígslu án þess að það sé tímabært.

### *Um miltað.*

Miltað gegnir afar mikilvægu hlutverki fyrir streymi lífsorkunnar, en hér er um að ræða lífsorku efnisins án tengsla við formbirtingu. Það er því nátengt efnislíkama plánetunnar og er efnisbirting mjög mikilvægrar orkustöðvar.

Í líkamanum eru þrjár orkustöðvar, með tengdum efnisbirtingum, sem eru frumforsendur lífs.

1. Hjartastöðin og hjartað sem líffæri. Þar er að finna eðlisþátt lífsins og andans, því Líf og andi eru eitt.
2. Höfuðstöðin og heilinn. Þar er að finna eðlisþátt vitundarinnar, hið sálræna eðli.
3. Orkustöð þrónuorkunnar og miltað. Þar er að finna líf sjálfs efnisins, hið efnislega eðli.

Hafið í huga það sem H.P.B. benti á, að hinn þétti efnislíkami er ekki sjálfstæður eðlisþáttur. Hann er samsafn efna sem haldið er saman í formi af etherískum orkugrunni undir stjórn sálarinnar. Hann bregst sjálfkrafa við áhrifum frá hinum ytri heimi og innri hvötum, en hefur ekkert lífsfrumkvæði sjálfur. Hann er samsettur úr orkueiningum, eins og allt annað í náttúrunni og

býr yfir sínu eigin sjálfstæða lífi; miðstöð orkuvinnslu hans er í miltanu.

Í miltanu tengjast negatífar og pósítífar orkutegundir í formi lífsorku efnisins og orku etherlíkamans. Við þessa tengingu myndast „neisti,“ eins og það er nefnt, sem er vottur um tengingu innri líkama mannsins við efnissviðið með tilstilli etherlíkamans. Þessi tenging er, á neðsta þrepi þróunarstigans, endurspeglun á sambandi sálar og líkama og á hærri vindu spíralsins, sambandi anda og efnis.

### *Um flakktaugina (Vagus-taugina).*

Tvær máttugar orkustöðvar tengjast flakktauginni, hjartastöðin og stöðin við mænurót og þegar þær komast undir stjórn sálarinnar í gegnum höfuðstöðina (brahmarandra) valda þær uppstreymi kúndalini-eldsins. Þetta hefur í för með sér sérstaka háttbundna virkni og næmni taugakerfisins, en þessu er áorkað með sérstakri örvun og stjórn flakktaugarinnar. Það er þó ekki flakktaugin sem vekur upp kúndalini-eldinn, heldur hið gagnstæða. Þegar segulmagnað samband hefur myndast á milli höfuð-, hjarta- og mænurótarstöðvar, veldur það máttugum geislunaráhrifum sem hefur áhrif á flakktaugina og eldar líkamans sameinast og streyma upp rásina, hreinsa og eyða öllum hindrunum og allar dyr standa opnar.

### *Um augað.*

Til er hópur vísinda- og fræðimanna sem vinnur eftir þeirri kenningu að augað gefi skýrastar vísbendingar um mannslíkamann og sé lykillinn að réttum skilningi á honum. Þeir hafa nú þegar bent á margt sem gefur til kynna hæfni þess til að varpa ljósi á sjúkdóma líkamans. Þeir eru á réttri leið, en þessi vísindi eru þó enn ekki fullmótuð og niðurstöður þeirra ekki fullsannaðar og því ekki algjörlega áreiðanlegar.

Í náinni framtíð, þegar nokkur ró hefur færst yfir líf plánetunnar, mun áhugi manna á innsýn og sjónskynjun í innri heima aukast verulega og ný og óþekkt svið munu opnast augum manna. Nýtt tímabil nýrra viðhorfa og aukins skilnings mun hefjast. Kenningarnar um lithimnu augans eru vísbending um þetta.

Hví ekki að lesa sér dálítið til um augað og gefa gaum að dulfræðilegri samsvörun þess við hinn skapaða heim og að ráðgátu ljóssins? Augun og sálin eru nátengd og ef við notum dulfræðilegt orðaval, er hægra augað fulltrúi sálarinnar og þjónar þess vegna innsæinu (búddhi), en vinstra augað er fulltrúi persónuleikans og þjónar því lægri hlutstæða huganum. Margt athyglisvert um þetta efni er að finna í „*The Secret Doctrine*“ og öðrum bókum (að mínum meðtöldum); þið komist ekki hjá því að álykta að um sé að ræða lítt þekkt rannsóknarsvið og kenningar sem vert sé að taka til vandlegrar athugunar til gagns fyrir heildina, þó ekki væri af öðrum ástæðum.

### *Um sálrænar orsakir sjúkdóma.*

Koma „sálrænar orsakir sjúkdóma“ fram sem sjúkdóms-einkenni í heilanum áður en þær endurspeglast í öðrum hlutum líkamans? Eftirfarandi setning úr bókinni „*The Light of the Soul*“ á hér við:

„Heilinn, til dæmis, er „skuggi“ eða ytra líffæri hugans og koma mun í ljós að innihaldið í holrúmi heilans á sér hliðstæðu í þeim þáttum í starfstæki mannsins sem er að finna á hugarsviðinu.“

Hafið í huga að lífkrafturinn berst í gegnum hjartað út í blóðrásina, en vitundarorkan hefur aðsetur í heilanum og notar taugakerfið. Þetta er fyrsta og mikilvægasta atriðið til skilnings á þessu máli.

Sálrænar orsakir sjúkdóma koma fram í heilanum eða í sólarplexusstöðinni, ef maðurinn er lítt þroskaður. Tilvera þeirra á þessum stöðum skynjast samt ekki sem sjúkdómseinkenni. Þær eru orkutegundir eða kraftar sem valda því ástandi sem við nefnum sjúkdóm, þegar þær komast í snertingu við orku líkamans, en ekki fyrr en þá. Hinar sálrænu orsakir eru vissar gerðir orku sem streyma um viðeigandi orkustöð í líkamanum og hafa síðan mótandi áhrif á kirtlakerfið. Sá hormón, eða efnið sem verður til við þessa innræðu örvun berst út í blóðið og afleiðingarnar af öllu þessu samspili geta verið annaðhvort góð heilsa, sem er tjáning heilbrigðra sálrænna orsaka, eða slæm heilsa sem er tjáning hins gagnstæða.

Framkoma sjúkdóms og möguleg lækning hans tengist hinu innra sambandi fingerðra orkutegunda, þegar þær streyma um orkustöðvarnar og tengda innkirtla sem veita áhrifum sínum út í blóðið. En fræðilega viðurkenningu á þessu skortir þó enn. Menn hafa öðlast skilning á mörgum sálrænum þáttum, en gap er enn á milli efnis- og etherlíkama, þar sem etherlíkaminn fær enn litla fræðilega viðurkenningu. Enn hafa menn engan raunverulegan skilning á sambandinu á milli hinna innri sálrænu eiginleika og ytra formsins, með etherlíkamann sem tengilið. Rannsókn á kirtlunum hefur komið að nokkru gagni, en læknávisindin verða að ganga skrefi lengra og tengja kirtlakerfið innri orkustöðvunum.

### *Um þunglyndisvandamál.*

Þunglyndisvandamálum er erfitt að finna stað og þau stafa af mjög margvíslegum orsökum. Ég tel þær upp hér, en þessi listi kann einhvern tímann að koma ykkur að notum.

1. Vonleysistilfinning, ófullnægðar langanir, eða tilfinning fyrir að hafa mistekist ætlunarverk sitt í lífinu.
2. Ýkt tilfinning fyrir eigin mikilvægi í smáum heimi per-

sónunnar. Ýmist getur þetta verið algjörlega ómeðvitað, upprunnið frá undirvitundinni eða vandlega þróaður vani eða viðhorf.

3. Orkuleysi, að mestu leyti etherískt, sem sviptir lífið gleði sinni og þrá og birtist ætíð sem tilfinning tilgangseysis. Margar konur ganga í gegnum þessa reynslu á breytingaskeiðinu.
4. Hrörnun frumna á vissu svæði heilans.
5. Ótti við geðveiki og dauða, ótti við eitthvað sem aldrei hefur gerst en hefur myndað þráhyggju sem gerir manninn að fórnarlambi máttugs hugforms.
6. Innstilling inn á þjáningar og sársauka heimsins, vegna ofurnæmni. Lærisveinar geta látið bugast af þessu tíma-bundið.
7. Mjög fá tilfelli eru þekkt þar sem haldning veldur þunglyndi, en þau eru of fá til að hægt sé að líta á þau sem sérstaka ástæðu.
8. Stundum stilla menn sig inn á ástand uppsafnaðs þunglyndis, sem finna má t.d. á hælum eða geðspítólum. Þetta ástand er ekki tengt manninum sjálfum, en vegna næmni sinnar samsamar hann sig þeim sem þjást af bráðu þunglyndi.
9. Þunglyndi sem sjúkdómseinkenni (ekki vegna heilasjúkdóma) er einnig all algengt en mun hverfa þegar sjúkdómurinn er réttilega meðhöndlaður.

Menn kunna að þjást vegna nokkurra slíkra samverkandi orsaka, við getum tekið sem dæmi vegna orsaka númer 1, 2 og 6.

*Um fullt tungl og geðveiki.*

Ein læknisfræðigrein framtíðarinnar mun fást við lögmál umferðartímabila tungls og sólar. Þá mun verða sýnt fram á staðreynd þess sem menn hefur alltaf grunað og er nú almennt

viðurkennt, að tíminn þegar tungl er fullt hefur merkjanleg áhrif á fólk sem á við ójafnvægi að stríða og einnig á draumfarir manna og hefur oft róttæk áhrif á taugaveiklun og kynhneigð sem algengt er nú á tímum.

Hin feikilega aukning á geðveiki og ójafnvægi á sér þrjár meginorsakir:

1. Umbreytingarskeið nútímans veldur árekstrum milli krafta frá stjörnumerkjum Vatnsberans og Fiskanna. Það hefur leitt til ástands sem gerir næmu fólki mjög erfitt að lifa eðlilegu lífi. Táknrænt má segja að það sé næstum eins og mannkynið verði nú að venja sig við að lifa í vatni, eftir að hafa vanist lífi á þurru landi. Hér er ég að tala út frá sjónarmiði formsins.
2. Hin kröftuga andlega og hugræna örvun sem Helgivald plánetunnar beinir að fjöldanum nú á tímum. Ætlunin er að binda enda á gamla lífshætti, skapa nýja með aðlögun að nýjum áhrifum og móta þannig nýja siðmenningu byggða á *huglægari menningu*. Ég vil biðja ykkur að íhuga þessa síðustu setningu.
3. Meira innstreymi ljóss frá geðræna sviðinu, sem menn eru ekki enn færir um að skynja og gífurleg aukning á venjulegri lýsingu og birtu á efnissviðinu. Þetta veldur meiri næmni en menn eru viðbúnir. Áhrif ríkjandi notkunar raflýsingar og hin almenna glýja sem mannkynið nú er umlukið munu taka sinn toll, þar til starfstæki mannsins hefur aðlagast *ljósi*. Munið að þessi almenna notkun ljóss er minna en aldar gömul og hefur víðtækar afleiðingar af dulfræðilegum toga.

Ég nefni þetta þrennt vegna þess að það stuðlar að óeðlilegri næmni. Dulfræðinemum er vel kunnugt að við fullt tungl eru ákveðnar æðri tengingar auðveldari en á öðrum tímum, en það er einmitt í þessu, bróðir minn, sem vandinn liggur.

Á þeim tíma þegar tungl er fullt (á fimm daga tímabili)

taka jörðin og tunglið við meira endurskini ljóss frá sólinni en á öðrum tímum. Fyrir þessu er innræð orsök. Ég get aðeins útskýrt það á táknrænan hátt, sem getur hvort heldur sem er opinberað eða dulið sannleikann. Táknrænt séð fellur tímabil dýpstu hugleiðingar Plánetulogossins saman við tímabil hinnar mánaðarlegu tunglfullingar. Rétt eins og þið stundið ykkar daglegu hugleiðingu hefur Hann á sínum háa stað sína háttbundnu tengingu. Þetta veldur innstreymi geislandi birtu og orku bæði hið innra og hið ytra. Viðleitni allra sannra nema á hugræna sviðinu er því auðvelduð, þeim er fært að ná meiri árangri í hugleiðingariðkun sinni og skilningi. Þeir leggja vissulega sitt af mörkum í árangri Lávarðarins í Shamballa.

Eins og þið vitið er tunglið líflaus skel, eða fornt form sem Plánetulogossinn notaði áður fyrr til raunbirtingar. Efnislegi hluti þess er smátt og smátt að eyðast, en geðræni hlutinn er enn óskertur. Það er því enn nátengt geðlíkama Plánetulogossins og þar af leiðandi einnig geðlíkama allra manna. Áhrifin á alla þá sem ekki eru í andlegu jafnvægi eru þess vegna sterkari á þeim tíma þegar tungl er fullt. Koma mun í ljós síðar að þetta jafnvægisleysi, sem það í raun og veru er, fyrirfinnst á milli geðlíkama, etherlíkama og efnislega starfstækisins.

Fólk sem er ótvírætt andlega leitandi eða áberandi hugrænt innstillt getur haft gagn af þessum tunglfullingartímabilum, en þeir sem ekki eru í andlegu jafnvægi, eru tilfinningasamir og geðrænt innstilltir og láta stjórnast af óhaminni löngun, verða fyrir hindrun, oförvun og geðrænu umróti á þessum sömu tímabilum. Á þessum tíma eykst ljómi og vald blekkingarhulunnar sem aftur leiðir til ofskynjana, geðheimssýna, geðrænna hvata og þeirra mistúlkana lífs og ofuráherslu á lífsþætti sem kallast fælmi, tunglsýki o.s.frv.

Ég vil koma hér með vísbendingu sem mér er ekki unnt að sanna, en verður síðar meir rökstudd. Þeir helstu sjúkdómar,



sem hafa verið kallaðir hugrænir sjúkdómar, eru sjaldnast nokkuð tengdir huganum. Þeir eru:

1. Sjúkdómar heilans.
2. Truflun á starfi sólarplexusstöðvarinnar.
3. Geðrænt ofurvald.
4. Ótímabær skyggni og dulheyrn.
5. Haldning.
6. Fjarhygli.
7. Sálarleysi.

Þetta er að sjálfsögðu víðtæk alhæfing og snertir á engan hátt þann flokk sjúkdóma þar sem bæði heili og hugur koma við sögu. Sjúkdómar launspekinga falla einnig undir annan flokk, en þeir taka að sjálfsögðu einnig til heilans, gefa vísbendingu um hugrænt ójafnvægi, valda ýmis konar hjartasjúkdómum og hinum margvíslegu tilhneigingum til taugaveiklunar sem helgir menn hafa oft átt við að stríða.

Ég vil þó bæta við einu atriði ykkur til uppörvunar. Eftir því sem mannkynið sem heild kemst undir stjórn Sólarlávárðarins, sólarguðsins, sálarinnar, munu tunglhringrásirnar smám saman glata illum áhrifum sínum og hin ýmsu taugaveiklunartilfelli og hugsýki sem eru svo ríkjandi á okkar tímum munu hverfa. Sá tími er enn ekki kominn. Það er ekki auðvelt fyrir mig að veita meiri upplýsingar um tunglið og kvartilaskipti þess, þar sem það efni fellur undir einn af megin leyndardómunum sem opinberaðir eru við þriðju vígsluna.

*Um dreifingu krafts; blóðgjöf.*

Í stað tveggja spurninga er um nokkrar að ræða. Ég skal telja þær upp fyrir ykkur, svo að þið sjáið hvað ég á við. Nokkrar spurninganna eru ályktanir og ekki afdráttarlausar, en ef ég á að

fjalla um þær verður að setja þær fram í formi spurninga, þrátt fyrir það er viðfangsefnið svo víðtækt að ekki gefst nægur tími til svara.

1. Hvernig er hægt að koma á samræmdari dreifingu krafts öllum til hagsbóta?
2. Getur þú gefið okkur sérhæfðari leiðbeiningar viðvíkjandi þessum vanda og látið okkur í té einhverjar innræðar aðferðir og sem hæfa okkar þróunarstigi?
3. Hefur blóðgjöf. . . nokkra samsvörun í yfirfærslu einherrar fíngerðrar orku á innri sviðunum?
4. Eru til einhverjar sérstakar aðferðir, utan þær sem við erum nú þegar að reyna að nota, til þess að þeir sem eru á öðrum geislanum geti á áhrifaríkari hátt yfirfært eiginleika kærleikans til bræðra á fyrsta geislanum, og öfugt?
5. Hver eru innri tengsl og samvinna milli geislalífanna og þá sérstaklega milli lífa fyrsta og annars geisla?
6. Hvernig getur fordæmi hinnar nánú samvinnu og vináttu meistarans M. og meistarans K.H. orðið okkur til hjálpar og hvatningar?

Þið sjáið af ofangreindu að illmögulegt verður að fjalla um svo víðtækt svið viðfangsefna. Ég mun þó gefa stutt svör við sumum spurningunum, eða gefa til kynna eftir hvaða línunum þið getið hugleitt þær.

1. Samræmd dreifing krafta fylgir mismunandi tilhögun og þar af leiðir að ytri áhrif eru ekki eingöngu í samræmi við geislagerðir, heldur einnig í samræmi við aldur sálarinnar og stöðu einstaklingsins á þróunarbrautinni. Mismunur er á þessari tilhögun í fíngerðari líkömunum, hvort um er að ræða lærisveina á braut reynslunemans, lærisveina sem eru að nálgast það að verða viðurkenndir lærisveinar, viðurkenndra

lærisveina og á sérhverju þrepi á vígslubrautinni. Þessi tilhögun er til komin á þrennan hátt, eða segja má að hún verði fyrir þrenns konar þróunaráhrifum.

- a. Gegnum líf andlegrar leitar, eins og það kemur fram í vitund efnisheilans.
- b. Gegnum sjálfkrafa vöknun orkustöðvanna og rétta rúmfræðilega framvindu eldsins. Ég hef minnst á þetta í sumum bóka minna, en ekki er hægt að láta meira uppskált um þetta, þar sem hér er um að ræða einn af leyndardómum fyrstu vígslunnar. Endurskipulagningu og aðlögun orkustöðvanna miðar fram allan tímann á meðan Brautin er fetuð.
- c. Gegnum fráhrarf alls hins innra meðvitaða lífs frá miðpunkti sjálsins. Þjónandinn verður því:
  - 1) Hinn úthverfi launspekingur.
  - 2) „Sá sem vísur frá miðjunni.“
  - 3) „Sá sem dvelur við útjaðar hjartans.“
  - 4) „Sá sem svífur yfir lótusnum í miðjunni.“
  - 5) „Hinn fjarlæggi sem sér úr fjarlægð, en býr í formi alls sem er.“

Athugun á þessum myndrænu setningum kann að gefa ykkur vísbendingu um rétta dreifingu orku.

2. Annarri spurningunni hefur að sumu leyti verið svarað í ofangreindu svari. Í einkaleiðbeiningum mínum\* til ykkar allra geri ég það sem ég get til að koma tvennu til leiðar:
  - a. Hreinsa til í lífi persónuleikans svo að æðri orka hafi greiðari aðgang.
  - b. Stuðla að þeim aðstæðum og afstöðu sem leiðir til samræmis hið innra, og þar afleiðandi sáttar og samlyndis í ytri samskiptum. Ég vil samt sem áður minna á að ekki er víst að innra samræmi eins bróður í hóp sé einhlítt til að koma á samræmi hjá öðrum bróður eða hjá hópnum í heild.

\* *Discipleship in the New Age*, bindi I og bindi II

3. Blóðgjöf er tákn fyrir tvennt: Í fyrsta lagi, að blóðið er lífið og í öðru lagi, að aðeins er um að ræða eitt Líf sem streymir í gegnum öll form og er því flutningshæft við rétt skilyrði. Hún er einnig þjónusta sem felur í sér samfjöllun. Hugleiðið þetta.
4. Spurning ykkar gefur mér tækifæri til að benda á að jafnvel skilningur og áhugi á geislagerðum getur í sjálfu sér leitt til lúmskrar aðgreiningarafstöðu. Það er engin nauðsyn fyrir neinn son Guðs í holdgun á efnissviðinu eða í heimumum þrem að „yfurfæra“ geislaeiginleika sína á bróður sinn. Geislaeiginleikar þessir eru öllum jafnt sameiginlegir og eigin sál bróður – á engan hátt frábrugðin öðrum sálum – mun inna af hendi hina nauðsynlegu umbreytingu eða yfirfærslu inn í líf persónuleikans. Hægt er að auðvelda hana með því að stuðla að því að kringumstæður samræmis og friðar ríki þar sem bróðir þarf að mæta eins fáum andstæðum viðhorfum og mögulegt er og þar sem samspil kærleiks getur valdið áhrifaríkri örvun. En slíkt er ekki yfirfærsla. Það sem býr með einum býr með öllum og eiginleiki kærleikans (ofar öllum öðrum eiginleikum) er *ráðandi* einkenni allra geisla.
5. Þessi spurning varðar ekki einungis einn leyndardómanna, heldur er hún einnig allt of umfangsmikil í eðli sínu og fjallar um of flókið vandamál til að ég geti gert henni skil á þessum stað.
6. Samband meistaranna tveggja, sem þið nefnið, er hægt að kynna sér á tvennan hátt:
  - a. Með því að taka til athugunar hin áhrifaríku samskipti í starfi milli lærisveinahópa í þeirra umsjá.
  - b. Með því að rannsaka þann fjölda fólks sem hefur fyrsta geisla persónuleika og annars geisla sál, eða öfugt.

Þegar öllu er á botninn hvolft, bróðir minn, þá komum við á réttri dreifingu krafta, sem leiðir til eindrægni í samskiptum,

þegar við leitumst við að lifa á óeigingjarnan hátt. Fyrir reynslunema þýðir þetta *áorkuð* óeigingjörn starfsemi á efnissviðinu. Fyrir hinn viðurkennda lærisvein þýðir þetta líf sem er laust við allar eigingjarnar sjálfsbyggju-tilfinningar, en skýr dæmi um þær eru sjálfsmeðaumkun og sjálfupphafning; fyrir vígsluhafa þýðir þetta hugræn afstaða sem er laus við alla eigingjarna hugsun og allar stórmennsku-hugsanir um sálina.

### *Um þjáningu.*

Þjáning er, þegar á allt er litið, aðeins möguleg þegar sálin er samsömuð líkamanum, eða öllu heldur, þegar hinn andlegi hluti sálarinnar (í líkamanum) er samsamaður eðlishvatasálinni, sem dvelur í og lífgar formið og er hið tímabundna líf þess. Í meðvitundarleysi verður eðlishvatasálin vör við þjáningar og sársauka, það vita þeir sem stunda hjúkrun og umönnun, en ekki er um neinn raunverulegan sársauka eða kvöl að ræða þar sem hinn raunverulegi maður, hin andlega sál, hefur verið hrakin á brott, annaðhvort vegna of mikils sársauka (eins og í algjöru meðvitundarleysi) eða með lyfjum.

Þjáning sálarinnar þegar persónuleikinn fer villur vegar, er aðeins tákmynd í orðum. Ekki er um að ræða neinn sársauka né raunverulega þjáningu og oft er engin vitneskja um það sem gerist, því að sveiflutíðnin er ekki nógu fingerð til að hún nái til hins háa sviðs sálarinnar. Þar sem aftur á móti er um vitneskju að ræða, skynjar sálin, ef ég má orða það svo, tilfinningu fyrir glötuðu tækifæri og þar af leiðandi vonbrigði, en það er allt og sumt, því að þolinmæði sálarinnar, eins og Helgivaldsins, er takmarkalaus. Þó svo að við tölum í táknum og segjum að sálin líði þjáningar, megið þið ekki túlka það samkvæmt venjulegum skilningi.

Þjáning Krists eða Plánetulogossins eða sjálfs Guðs, er ekki skiljanleg með hugtökum persónuleikasvarana. Við notum

orðin, en þau merkja í raun „óháð og afmörkuð samsömun.“  
Segir þetta þér nokkuð, bróðir minn?

Röng samsömun er orsök sársauka og leiðir til þjáningar, óhamingju og ýmissa annarra afleiðinga. Rétt samsömun leiðir til skilnings og yfirsýnar yfir sálræn viðhorf hins þjáða, en ekki til neins raunverulegs sársauka eða óhamingju í venjulegum skilningi.

### *Um plánetuorku.*

Orkan í samheild sinni helst óskert eins lengi og plánetan viðhelst með formum sínum og lífstjáningu. Hún er hluti hins mikla forðabúrs orku. Það sem við tökum eftir eru notkun og áhrif þessarar orku, þegar form af einhverri gerð eignar sér hana og þegar henni er beint frá sínum eigin stað þangað sem hún við venjulegar kringumstæður er ekki í virku ástandi. Þar veldur hún sérstöku ástandi og erfiðleikum nátengdum karma mannsins og örlögum. Til er voldug aðgreinandi orka sem við köllum dauða, en áhrif hennar á tilteknum tíma reynast máttugri en samanlagður áhrifamáttur atóma og frumna líkamans. Hún veldur tilhneigingunni til að draga til baka og um síðir að nema burt sálarorkuna, sem sjálf hagnýtir sér þessa krafta þegar hún leggur til hliðar starfstæki á einhverju sviðinu. Segja má að frjókorn dauðans séu dulin í plánetunni og í formunum. Þegar þau eru það máttug að við verðum þeirra vör nefnum við þau *örverur eða sýkla*, en það merkir sérstakt stig sem nánast er hægt að sanna á áþreifanlegan hátt. Þegar þau eru óhóflega kröftug valda þau bráðum sjúkdómi sem leiðir til dauða; þegar áhrif þeirra eru veikari nefnum við þau veikindi og veitum athygli hreinsandi áhrifum þeirra. Þessi mengun (hægt er að nefna það svo, þó það sé langt frá því að vera gott orð) verður aðeins þegar maðurinn, sem samsafn orkutegunda, kemst í snertingu

við þessi mengandi áhrif eða fornu orkutegundir og áhrifin eða viðbrögðin eru slæm frá sjónarmiði efnislíkamans.

*Um umbreytingu löngunar.*

Hafa þarf í huga að löngun ræður ríkjum og stjórnar athöfnum þegar lífkrafturinn er innstilltur í tilfinningalífínu, eins og algengast er hjá meirihluta fólks. En áformuð hugræn stjórn er aðeins möguleg þegar lífið er innstillt á hugræna sviðinu. Þegar um slíkt er að ræða er ekki þörf á að bæla niður langanir, vegna þess að athyglin er innstillt annars staðar og því ekki um neina hamslausa löngun að ræða sem þarf að bæla. Bæling er tilraun manns sem er innstilltur í geðlíkamanum til að kalla fram viljaeðlisþátt hugans. En það gerir hann sjaldan. Löngunin kann að hverfa vegna ákafrar viðleitni mannsins til að öðlast að einhverju leyti hugræna vitund, en þá á engin raunveruleg bæling sér stað, né er viljinn kallaður til. Umbreyting gerist þegar lífi mannsins er lifað og stjórnað af huganum frá hugrænu sviðsstigunum; umbreyting (þar sem umskipti og breyting verður á tilfinningalífínu) getur verið andlegs eðlis eða einfaldlega af hagkvæmniástæðum. Löngun getur umbreytt í andlega leit eða í afstöðu sem er í samræmi við vilja þess huga sem birtir hana. Af því leiðir að nauðsynlegt er að greina vandlega tilgang og markmið.

*Um karma.*

Ég hef áður minnst á það við ykkur að fullum skilningi manna á karmalögmálinu í heild sé enn áfátt. Til er máttugt lögmál orsaka og afleiðinga, en þekking manna á því er á byrjunarstigi og á einn þátt þess hefur aldrei verið lögð nein áhersla. Karma hefur verið skilgreint með tilvísan til hörmunga, afleiðinga sem eru þjáningarfullar, mistaka, refsinga og illra atburða, bæði hjá einstaklingum og hópum. Þó er fegurð

mannlegs eðlis slík og margt svo vel gert, á svo óeigingjarnan hátt og með svo gæfulegu viðhorfi, að hið góða bætir oft hið illa. Alls staðar er gnótt af góðu karma, þó menn geri sér litla grein fyrir því og máttur þess (undir hinu sama lögmáli) er sambærilegur við það sem álitid er illt. Á þetta er sjaldan minnst. Þetta góða karma kallar til virkni krafta sem geta nýst sem lækningarorka í hvaða tilfalli sem er. Læknandinn getur ætíð reitt sig á þessa orku-til-góðs, sem unnið hefur verið til og er virk. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vil nefna. Hugleiðið það.

Karma *er* ákvarðandi þáttur, en ógerlegt er fyrir læknanda að ákvarða hvort læknismeðhöndlun hafi áhrif á sjúkdóm eða ekki, nema hann sé vígsluhafi af hárrí gráðu og því fær um að starfa á áhrifaríkan og vitsmunalegan hátt á orsakaviðunum, sviði sálarinnar. Þess vegna tekur læknandinn eða hinn starfandi vígsluhafi þá hugrænu afstöðu að lækning sé möguleg, að karma sjúklingsins sé hagstætt og hefst handa við að veita alla tiltæka hjálp. Þetta er annað atriðið.

Í þriðja lagi vil ég benda ykkur á, og öllum þeim er stunda lækningarlistina, að margt af því sem kallað er ógæfa eða áföll og felst í sjúkdómum og dauða (sérstaklega því síðarnefnda) stafar af röngu viðhorfi til dauðans og ofmati á gagnsemi og gildi lífs í efnislegu formi. Lausn sálarinnar vegna sjúkdóms og dauða þarf ekki að vera ógæfa. Nýtt og betra viðhorf til viðskilnaðarins er nauðsynlegt, mögulegt og nærtækt. Um það þarf ekki að fjölyrða hér. En ég er að leitast við að gefa ykkur nýtt viðhorf til sjúkdóma og dauða.

Væri það ykkur undrunarefni ef ég segi að samkvæmt lögmálinu er alveg mögulegt að „hafa áhrif á karma?“ Hægt er að yfirstíga hin miklu lögmál og það hefur oft verið gert í fortíðinni og mun verða gert í vaxandi mæli í framtíðinni. Þyngdarlögmálið er oft yfirstigið og daglega yfirunnið af flugvélum á flugi. Orka trúarinnar getur kallað til æðri orkutegundir sem geta gert sjúkdóm að engu eða seinkað framgangi hans. Trúin og allt sem



henni tengist, mikilvægi hennar og máttur, er jafn lítið skilin og karmalögmálið. Þetta er víðtækt efni sem ég get ekki fjölyrt frekar um hér. En ég hef sagt nóg til að gefa ykkur nokkuð til umhugsunar.

Hvað varðar lengingu ævinnar á síðustu hundrað árum vísindalegra framfara, vil ég benda á að réttar aðferðir og möguleikar á skipulagðri sálarstarfsemi eru alltaf skrumskældar og rangfærðar á efnissviðinu við upphaf vísindalegs starfs. Tilgangur vísindanna er réttur, en þau eru aðeins tákn á ytra borði lífsins fyrir komandi sálarstarf framtíðarinnar. Æviskeiðið mun síðar meir verða styttr eða lengt að vilja sálnanna sem þjóna vitandi vits og nota líkamann sem tæki til þjónustu við Áætlunina. Nú á tímum er lífi – sem vel væri hægt að veita lausn – oft viðhaldið í formi, bæði hjá gamalmönnum og ungbörnum. Það þjónar engum nytsömum tilgangi og veldur miklum sársauka og þjáningum í formum sem náttúran (þegar henni er leyft að fara sínu fram) myndi ekki nota lengi og fljótlega afmá. Takið eftir þessu. Vegna ofuráherslu okkar á gildi formlífsins og vegna hinnar alheimslegu hræðslu við dauða – þau miklu umskipti sem allir þurfa að horfast í augu við – og vegna óvissu okkar um ódauðleikann og einnig vegna hinnar djúpstæðu tryggðar okkar við formið, hindrum við hina náttúrulegu atburðarás og höldum lífi sem berst fyrir frelsi sínu föstu í líkömum sem eru algerlega óhæfir fyrir tilgang sálarinnar. Misskiljið mig ekki. Ég vil ekki segja neitt sem hvetur til sjálfsmorðs. En ég segi það og segi það með áherslu, að karmalögmálinu er oft ekki fylgt þegar lífi er viðhaldið í formi sem ætti að leggja til hliðar, því að það þjónar engum nytsömum tilgangi. Oftast er lífinu þröngvað upp á viðkomandi af hans nánasta hóp, en ekki af honum sjálfum – oft meðvitundarlausum sjúklingi, gamalmenni með skert skynfæri, eða smábarni sem fætt er vanheilt. Þessi tilfelli eru greinileg dæmi um að karmalögmálið fær ekki eðlilegan framgang.

Með aukinni samstillingu fer sálin að hagnýta tímann rétt; eða öllu heldur er heilinn, sem er eini þáttur mannsins sem hefur tímavitund, ekki lengur ráðandi eigind; hugurinn, sem fulltrúi sálarinnar (en vitund hennar felur í sér fortíð, nútíð og framtíð) sér lífið og tilveruna eins og það raunverulega er. Litið er því á dauða sem atvik og ein umskipti í langri röð umskipta. Þegar náð hefur verið tókum á þessu viðhorfi sálarinnar, breytist allt viðhorf okkar til lífsins og einnig dauðastundarinnar.

Að lokum vil ég þó endurtaka, að því er virðist gagnstætt öllu því sem ég hef sagt hér að framan þó að svo sé ekki í raun, að lækningandinn mun gefa þeim sem til hans leita allt það besta sem hann er fær um. Oftast hefur hann ekki yfir neinni skyggningáfu að ráða, er háður tímavitund og er undir áhrifum karma, við þær kringumstæður gerir hann allt sem hann mögulega getur samkvæmt þeirri þjálfun sem hann hefur hlotið og í samræmi við leiðbeiningarnar sem gefnar eru í þessu fræðiriti. Ég legg til að þið áttið ykkur á því að markmiðið, sem lækendur stefna að á þessum ákveðna tímapunkti í þróun mannkynsins, sé þess óskað, er að hjálpa til við að koma líkamanum til góðrar heilsu og viðhalda áframhaldandi lífsreynslu hans. Þið þurfið einnig að átta ykkur á að margt af því sem dulfræðingar trú á, viðurkenna og útbreiða á okkar tímum er byggt á röngum forsendum, þar á meðal eðli efnisins, þáttur tímans, gildi formtilveru og óttinn við dauðann. Reynið að uppræta þessi viðhorf úr vitund ykkar og þá munið þið öðlast réttari skilning á lækningarlistinni.

Síðar meir, innan fárra ára, getum við líklega byrjað að fást við afmörkuð tilfelli. Að þessu sinni leitast ég við að halda mig við almenna fræðslu á breiðum grundvelli, grundvallarlögmál og tilgátur, en flækja ekki málið með hreinum efnisheims tilvikum, tímabundnum eða langvarandi, dauða og forlögum.

Aldrei má nokkru sinni neita beiðni um raunverulega hjálp. Ekki má daufheyrast við erfiðleikum, hvort sem þeir eru líkamlegir, hugrænir eða sálrænir. En ég vil vekja athygli á þeirri

staðreynd að árangur í lækningum þarf ekki að þýða lausn frá sjúkdómum og svokallaða líkamlega lækningu sjúklingsins. Hann getur einfaldlega þýtt frestun á áætlun sálarinnar fyrir persónuna, ef lækningin reynist líkamlega árangursrík. Árangur getur þýtt leiðréttingu rangra innri viðhorfa og rangra hugsanavenja, án þess að ástand líkamans breytist frá því sem var. Hann getur þýtt að sjúklingurinn (með viturlegri kennslu og þolinmæði) komist í samband við sál sína og snúi með því stefnu lífs síns að hinum eilífu sannindum. Hann getur falist í réttum undirbúningi persónunnar fyrir hið mikla markmið sem við köllum dauða og á þann hátt valdið lausn frá sársauka.

Lækningavísindin munu um síðir í vaxandi mæli færast yfir á svið forvarna og sálrænnar aðlögunar einstaklingsins innan hópsins sem hann tilheyrir og í það að stuðla að réttum lífsháttum, heilnæmu mataræði og húsnæði. Allt þetta tekur mikinn tíma og á meðan mannkynið er á leið sinni til nýrra lífshátta, sem leiða munu til betri heilsu og réttari skilnings á lögmálum heilbrigðis, verða allir þeir sem eru miðstöðvar segulmögnunar í heiminum, að halda áfram í samræmi við það ljós sem innra með þeim býr, að vinna með fólki í þeim tilgangi að hjálpa því, lækna og aðstoða við þá leiðréttingu sem þörf er á. Ekkert má stöðva þjónustustarf ykkar eftir þessum nótum, jafnvel þó þið skynjið takmarkanir ykkar og þekkingarleysi. Gerið allt sem þið getið til að hvetja og sýna skilning, benda á óæskileg viðhorf, binda enda á ranga lífshætti og breyta ófullnægjandi sálrænni tjáningu eftir skilningi ykkar og bestu getu. Munið þó að það besta sem þið eruð fær um nú kann að vera langt frá getu ykkar í framtíðinni, verið því ætíð reiðubúin að breyta viðhorfi ykkar þegar æðri og betri leið er ykkur sýnd. Umfram allt annað í lífinu, sýnið öllum sem leita aðstoðar ykkar *kærleik* í fyllsta mæli, því *kærleikur* leysir, *kærleikur* aðlagar og skýrir, og *kærleikur* lækna á öllum sviðunum þrem.

*Um samfélagsjúkdóma.*

Þegar á allt er litið stafa flest veikindi líkamans af einhvers konar svörun við athöfnum hins mennska samfélags. Okkur er nauðsynlegt að gera okkur ljósa þá staðreynd að setningin „líf og virkni samfélagsins“ hlýtur að innifela erfðir fortíðarinnar og erfðar samfélagslegar tilhneigingar, auk þess sem hún getur gefið vísbendingu um tengsl í heimi nútímans, sem auka eða draga úr mótstöðuafninu mun meira en almennt er talið mögulegt. Ein af orsökum krabbameins, sem var ekki eins ríkjandi á hinum fyrri og næðisamari dögum mannkynsins – því að HJARÐ-hvötin var ekki eins máttug þá og hún er nú – stafar af aukinni örvun líkamans. Þessa örvun má rekja til nánari samskipta okkar í miklu þéttbýli, sérstaklega í miðkjarna borganna. Ef frumur eru lifandi lífkerfi (sem þær eru), þá bregðast þær við lífi heildarinnar og samsöfnuðu útstreymi og geislun frumnanna. Þessi stöðugi straumur orku, sem streymir út frá samsafni líkamsfrumna í þéttbýli mannkynsins, getur valdið oförvun í einhverjum hluta af frumubyggingu líkamans hjá vissum manngerðum. Þetta gerist venjulega þegar um er að ræða veikleika í ether- eða lífsorkulíkamanum, sem þýðir að frumuvarnirnar eru skertar og afleiðingin er oft krabbamein eða almennt krabbameinsástand. Þetta er grundvallarorsökin, þó að rannsóknir nútímans snúist aðallega um afleiddar orsakir og afleiðingar þessa etheríska veikleika. Ég mun fjalla nánar um þetta síðar. Það er því augljóst að þegar við förum að fást við lífsorkulíkamann og athuga hann af meiri skilningi og þekkingu, verðum við fær um að meðhöndla sjúkdóma eins og krabbamein á mun áhrifaríkari hátt.

*Um notkun huga og ímyndunarafis við að þroska heildisvitund.*

Þegar einstaklingur í heildi, svo sem lækningarheildi, talar um að þroska heildisvitund, á hann við *sitt* sérstaka bræðraheildi

og *sitt* heildi sem einingu nokkurra sálna. Gleymið ekki að slík eining er í sjálfu sér aðgreinandi hugtak séð frá hinni stærri heild, en hún þjónar nytsömu hlutverki við að þjálfa einstaklinga heildisins í hugsun á breiðum grundvelli. Einingin nýtist sem áfangi frá vitund hins aðgreinda persónuleika.

Ef þið getið í raun skynjað, hugsað og starfað sem ein fullkomin eining – nokkrir persónuleikar og ein sál – verður ykkur tiltölulega auðvelt að færa út skynjunina, auka umfang hennar og víkka sjóndeildarhring ykkar þannig að hann verði yfirgrípsmeiri í víðtækari skilningi.

Notkun hugans í þessu markmiði felur í sér hæfileika til að gera mun á greiningu og gagnrýni. Slíkt er mörgum erfitt og næstum því ógerlegt. Ef hópurinn heldur ótrauður áfram af einlægni mun koma fram vottur hugljómunar um þetta efni. Einstaklingarnir verða sem heildi að læra að andsvara hinum sömu andlegu, hugrænu og mannlegu hugmyndum og á þann hátt stilla sig saman – sem „fjarhrifaening“ – í eina sameinaða hugsanakeðju. Sem heildi verða þeir að fást við sömu viðfangsefnin samkvæmt ábendingum heildissálarinnar, en ekki einnar persónunnar í hópnum, eins og oft vill verða. Sem heildi verða þeir að læra að halda huganum stöðugum í ljósinu – heildishuganum, en ekki einstaklingshuga sínum.

Notkun ímyndunaraflsins í þessu markmiði felur í sér nauðsyn þess að þroska hæfileikann til að horfa fram hjá hinu ytra formi og einbeita sér að hinum innri ljóslínum sem sameina bræður, heildi og lífríki sem tjáningu á Lífi Guðs sjálfs. Það er skapandi notkun ímyndunaraflsins sem myndar samfelldan etherlíkama heildis og gerir ykkur kleift að sjá þennan heildislíkama krafts og ljóss sem eitt fullgert form og eina tjáningu vitsmuna heildisins, vilja þess og markmiðs – en ekki vilja og markmiðs eins eða fleiri ráðandi huga í hópnum. Þannig getur þetta komið fram á réttan hátt á efnissviðinu. Ef hins vegar einstaklingar heildisins eru mjög uppteknir við sínar

eigin hugmyndir, sínar ráðagerðir, sín vandamál og hvernig þeir geta nýtt sér það ljós og þá þekkingu sem kann að nást, hafna þeir alveg möguleikanum á þess háttar skapandi notkun hins sameinaða ímyndunarafis. Til þess að verða algerlega laus við slíkt þarf vandlega þjálfun og uppgjöf sjálfins til sálarinnar.

*Um lækningarorku.*

Byrjendur spyrja oft hvort þeir geti gert skýran greinarmun á lækningarorku sálarinnar og lækningarorku persónuleikans og hvort þeir geti öðlast einhvern skilning á því hlutverki sem kærleikurinn gegnir í lækningarlistinni. Þessu get ég svarað í stuttu máli.

Þegar við förum að starfa í heildi til að liðsinna einstaklingum, munum við læra að nota hinar ýmsu tegundir orku í samræmi við þörf viðkomandi einstaklings. Það myndi þjóna góðum tilgangi fyrir hópinn ef þið öll læsuð vandlega bókina „*Nature's Finer Forces*“ eftir Rama Prasad og það sem Patanjali segir í bókinni „*The Light of the Soul*“ um þróun-kraftana, sem mynda grundvöll starfsins; þið ættuð að vera að einhverju leyti kunnug þessu efni.

Til að svara þessari sérstöku spurningu: Vígsluhafi og jafnvel maður með lágstæða skyggni getur auðveldlega greint á milli lækningarorku sálarinnar og persónuleikans, en hinn almenni vitsmunalegi leitandi getur það ekki enn. Vígsluhafi þekkir uppsprettuna sem hvers konar tegundir lækningarorku geta komið frá. Hann skynjar sveiflutíðni hennar og getur, með beitingu viljans undir stjórn innsæisins, rakið hana til upptaka sinna. Skyggni maður getur séð orkustöðina sem lækningarorkan getur flætt frá og orkustöðin gefur til kynna tegund og eiginleika útstreymiskraftsins. Öll orka kemur í þessu tilviki frá sálinni, en upprunalega er öll orka einfaldlega líf sem vinnur undir einhvers konar stjórn.

Og um þátt kærleiksins í lækningunni: Kærleikur er lífstjáning Guðs sjálf; kærleikurinn er hinn samtengjandi kraftur sem gerir alla hluti heila (hugleiðið þessa setningu) og kærleikurinn er allt sem *er*. Helsti mismunur á sálarorku og persónuleikakrafti við hagnýtingu í lækningu, liggur á sviði notkunar og tjáningar kærleiks. Kraftur persónuleikans er tilfinningaþrunginn og þegar honum er beitt er persónuleikinn alltaf meðvitaður um sjálfan sig sem læknanda og er þungamiðja leiksins á sviðinu þar sem leikendurnir eru tveir, læknandi og sjúklingur. Sálarorkan vinnur ómeðvitað og er stjórnað af þeim sem eru tengdir sál sinni og eru þar af leiðandi ekki sjálfhverfir; þeir eru sjálfir „utan leiksviðsins“ ef ég má orða það svo og þeir eru algerlega uppteknir við heildiskærleik, heildisstarf og heildismarkmið.

Hvers vegna er það þá svo ákaflega erfitt, ef ekki algjörlega ógerlegt fyrir einlæga tilvonandi læknendur að starfa saman sem heildi, við hin helgu lækningarvísindi? Vegna þess að samskipti þeirra sem einstaklinga og hóps eru að mestu leyti persónuleg. Það getur komið fram í ákafri gagnrýni þeirra hver á annan, eða sjálfa sig; í sannfæringu um eigin réttisýni og góða dómgreind, sem leyfir ekki viðkomandi að sjá að hugmyndir hans kunni ef til vill ekki að vera eins réttar og hann álitur sjálfur; það kann að sýna sig í djúpri ánægju yfir persónulegum hugrænum tengslum. Einhverjar eða allar þessar hindranir kunna að vera fyrir hendi og valda því að áhrif hópsins verða persónuleikaáhrif sem gera að engu uppbyggilegt starf og öll viðleitni hópsins eflir aðeins persónuleika-svaranir og gæti haft mikil (og neikvæð) áhrif á persónuleika þeirra sem þeir hugsanlega reyndu að hjálpa.

Hvernig ættu þeir þá að halda áfram? Ég vil benda á að allir meðlimir heildisins, sem eru lausir við ofangreinda breyskleika persónuleikans og þessi viðhorf sem einstaklingar, vita samt sem áður (og gleðjast réttilega yfir því) að þeir taka þátt í eiginleikum heildisins sem meðlimir þess. Þetta er einn af þeim erfðleikum heildisstarfs sem geta komið upp. Að vera þátttakandi en

standa samt sem áður ósnortinn veikleika; að sjá að árangur eða mistök einstakra heildismedlima eru algerlega þeirra eigin mál; að leggja sitt af mörkum en vera samt óháður máttugum hugsunum og hugmyndum áhrifaríkari meðlima heildisins er alltaf vandi. Ég bendi á þetta vegna þess að á þessari komandi öld Vatnsberans, þar sem heildisstarf mun þróast ört, hefur það mikið gildi að skilja stöðu og vandamál hópa og halda síðan áfram til starfa í hópnum ásamt þeim sem ykkur er ætlað að starfa með. Þið verðið þá þeim mun betri og vitrari vegna fyrri reynslu og sameinaðir sem heildi fyrir sameiginlegar þjáningar, takmarkanir og hæfni áunna gegnum mistök sem mætt er á réttan hátt.

Látið því sannan kærleik, þöglan, aðfinnslulausan, staðfastan og án gagnrýni vera markmið ykkar og eiginleika heildisstarfs ykkar. Þá munið þið vinna sameinaðir í huga og hjarta, þegar sinna þarf ákveðnu verkefni.

### *Um tafarlausa lækningu.*

Tafarlaus lækning getur verið af ýmsum toga. Af allmörgum tilvikum getum við til skýringa tilgreint eftirfarandi:

1. Lækning sem er afleiðing af meðvitaðri eða ómeðvitaðri iðkun Hatha-jóga. Þetta er gert með útstreymi á hreinum efnislegum krafti sem nægir til að valda tafarlausri lækningu, þegar hann bætist við þann efnislega kraft sem sjúklingurinn hefur yfir að ráða í sínum eigin líkama. Í stað þess að streyma og geisla út verður krafturinn í líkama sjúklingsins innhverfur og streymir inn á við til að auka við þann forða efnislegs krafts sem haldið er stöðugum innan líkamans. Hinir lágstæðari meðal mannkynsins eiga auðvelt með að lækna á þennan hátt. Þetta á jafnt við um sjúkling sem og læknanda. Sem dæmi má nefna



eftirfarandi tilvik: Arabískur höfðingi átti auðveldara með að lækna vegna þess að sárið (bitsár á handlegg – A.A.B.) var af völdum hans sjálfs og áður en hann veitti sér sárið hélt hann hinum útstreymandi krafti í skefjum með viljaathöfn og byggði þannig upp orkuforða sem var tiltækur til viðbótar kraftinum sem hann leysti úr læðingi með möntru. Þetta er vissulega ekki andleg lækning.

2. Einnig er um að ræða lækningu sem getur gerst skyndilega vegna þess að sjúkdómurinn er að mestu leyti sálrænn og ímyndaður. Læknandinn er þá í þeirri stöðu að gera sjúklingnum mögulegt að varpa af sér blekkingu og verða þannig frjál. Vilji læknandans hjálpar til við að rjúfa blekkinguna og hin glepjandi hugform, þegar hann eykur við vilja sjúklingsins og sjúklingurinn verður þá frjál. Þetta er eitt dæmi um sálræna lækningu.

3. Þá er það hin sanna andlega lækning sem er tvennskonar:

- a. Þegar sjúklingurinn nær skyndilegu og oft óvæntu sambandi við sál sína, þannig að orka sálarinnar er svo mikil og máttug að hún streymir í gegnum starfstækin og veldur greinilegum áhrifum. Þannig á sér stað lækning í einhverju starfstækinu og oft í því efnislega. Hið líkamlega ástand eða sjúkdómur heldur oft óskiptri athygli mannsins, en kraftur sálarinnar streymir að miðpunkti hinnar einbeittu athygli. Fyrir mörgum ykkar liggur skýr vísbending í þessari hugmynd.
- b. Þegar hið illa karma sjúklingsins er uppuríð og veikindi á efnissviðinu eru ekki hlutskipti hans á þessum tiltekna tíma. Þá getur læknandinn, ef hann

er vitur og andlega sinnaður, haft áhrif á ástandið með nægilegri andlegri orku til að tryggja lækningu.

Ég treysti því að þessi svör segi ykkur nokkuð. Hugleiðið vandlega hvað í þeim felst.

*Um notkun Kristsmýnda.*

Hér snertum við svið sem er sérstaklega athyglisvert. Notkun Kristsmýnda er oft afar mikilvæg, en ég vil leggja á það áherslu að það verður að vera sú ímynd sem maðurinn öðlast fyrir tilstilli útvíkkunar kristsvitundarinnar í sínu eigin lífi og þegar hann nær því stigi að vera meðvitaður lærisveinn. Þegar þessu sérstaka stigi er náð er maðurinn tengdur meistara og heildi hans og þá er hann sem einstaklingur sjálfkrafa tengdur meistara allra meistara. Þá getur hann reynt mátt Maitreya Búddha í sinni eigin sál og sál síns sérstaka heildis. Hvers vegna haldið þið að ekki sé til nein góð og sönn mynd af hinum Blessaða? Aðeins eru til fáeinar getgátur tilbiðjenda frumkirkjunnar en engin frá þeim sem þekktu hann. Fyrir þessu er ákveðin ástæða. Það er ekki til nein sönn eftirmynd hans vegna þess að hún verður að koma fram í hjörtum okkar en ekki á málverkastriganum. Við öðlumst þekkingu á honum vegna þess að hann er okkar, alveg eins og við erum hans. Skiljið þið hvað ég á við? Hann er lækandi og frelsari heimsins. Hann starfar vegna þess að hann birtir í sér sál alls raunveruleika. Hann starfar í dag, eins og hann starfaði í Palestínu fyrir tvö þúsund árum, í gegnum *heildi*. Þar starfaði hann í gegnum hina þrjá elskuðu lærisveina, postulana tólf, hina útvöldu sjötíu og hina áhugasömu fimm hundruð. Hugleiðið þessa staðreynd sem lítið hefur verið haldið á lofti. Nú starfar hann í gegnum meistara sína og heildi þeirra og eflir með því stórlega viðleitni sína. Hann getur og mun starfa

í gegnum öll heildi að svo miklu leyti sem þau gera sig hæf fyrir skipulagða þjónustu, útbreiðslu kærleiks og til að komast í meðvitaða samstillingu við hinn mikla mátt innri heildanna.

Þið munuð sjá (ef til vill nokkuð fljótlega) að lækningarheildi munu nota sérstök áköll og að í þessum áköllum mun nafn hins Blessaða koma fram. En ákallið fyrir komutíma hans er ekki enn til afnota. Heimurinn er ekki ennþá reiðubúinn fyrir máttinn sem það myndi leysa úr læðingi. Er til nokkuð máttugra ákall nú á tímum en hin alkunnu orð: „Fyrir sakir Krists og hans dýrlega nafns“? En þegar þessi orð eru sögð verður að fylgja þeim kærleikur og vilji, annars eru þau einungis innihaldslaus tákni og hljómandi málmur. Gleymið því ekki.

### *Um Krist.*

Sumir leitendur og lærisveinar geta orðið fyrir þeirri reynslu að hafa næstum stöðugar minningar um Krist; það er vegna vaxandi næmni þeirra fyrir innri sviðunum og einkum vegna þess að svo mikið af efni í geðlíkama hins langt komna leitanda er komið frá (og er þar af leiðandi næmt fyrir) efsta sviðsstigi geðsviðsins. Það er einnig vegna þess að Drottinn Maitreya ásamt samstarfsmönnum sínum er stöðugt að nálgast efnissviðið meir og meir. Árið 1936 var athygli hans í fyrsta sinn innstillt á efsta sviðsstigi geðsviðsins. Það leiddi til réttar og skjótrar svörunar hinna næmu við orku hans sem þar birtist. Hann er að nálgast í hugsun og starfi. Ef þjóðir heimsins bregðast við þessu tækifæri sem býðst, gætu kraftar hans og athygli þrengt sér dýpra og orðið að mestu leyti innstillt á etherísku sviðsstigunum með öllu sem í því felst.

Þetta skynja margir og vita hið innra; og mikið er því tækifæri þeirra og ykkar til að verða í vaxandi mæli farvegur fyrir þennan kraft.

Munið að starfið sem hann kemur til að inna af hendi, og Helgivaldið hefur skuldbundið sig til að hjálpa honum við, er „lækning þjóðanna“ eins og segir í Bíblíunni. Þetta er sönn staðhæfing um væntanlega staðreynd. Þessi lækning mun verða ef góðvilja menn alls staðar uppfylla tækifærið sem stendur þeim til boða; ef starf Krists og hjálpenda hans er kynnt almenningi með meiri áherslu og ef til kemur innri slökun á spennu í heimi manna sem gerir tívunum fært að starfa. Það er vilji þeirra og svörun við hinni nálægu komu Krists sem margir helgaðir þjónendur skynja innra með sér og hefur valdið þeim nokkrum ruglingi. Tívana er aðeins hægt að skynja og hægt er að finna fyrir þeim; mannkynið getur enn ekki nálgast þá í gegnum heim hugans eða með því að nota tæki hugsunarinnar. Engin hætta er á ferðum fyrir þjónendur þótt þeir verði varir við þessa tívakrafta og starfsemi þeirra fyrir áhrif frá Kristi og svörunar þeirra við starfi hans og væntanlegri komu í náinni framtíð.

*Um hugtakið „Heimsmóðirin.“*

Þetta hugtak er hægt að nota á marga vegu í mismunandi merkingu. Það getur þýtt:

1. Raunbirtingu hins kvenlega eðlisþáttar, sem birtist okkur á táknrænan hátt í mörgum heimstrúarbrögðum sem hin óspjallaða móðir og í kristni sem María mey. Hann er það efni sem gerir Guðdóminum kleift að raunbirtast.
2. Náttúruna sjálfa, móður allra forma.
3. Einnig tunglið, sem er tákn fyrir hið frjósama, skapandi líf sem fæðir af sér form og er því tákn fyrir formedlið.
4. Samþjöppun hins kvenlega krafts í náttúrunni í einstaklingi í kvenlíkama, sem er þá nefndur „Heimsmóðirin.“ Slíkur einstaklingur hefur aldrei verið til í okkar sérstaka plánetulífi, þó svo að avatarar fyrra

sólkerfis, sem tjáðu sig í gegnum plánetulíf, tækju alltaf á sig þetta form. En ekki í þessu sólkerfi. Arfsögnin um slíkar birtingar er algjörlega táknræn, erfð frá fyrra sólkerfi sem arfleiddi okkur að efninu sem öll raunbirt form eru gerð úr. Þessi táknfræði hefur komið til okkar frá hinu forna tímabili mæðraveldisins, en trúarbrögð þess tóku upp forna hætti fyrra sólkerfis. Á þeim tíma var Lilith tákn heimsmóðurinnar þar til Eva kom í hennar stað.

### *Um vanmáttarkennnd.*

Í starfi sínu með sjúklingum við dyr dauðans getur lækna fundist sem hann geti ekki orðið að neinu liði. Er honum mögulegt að vita nákvæmlega hvað hægt er að gera? Ætti hann að halda áfram viðleitni sinni að hjálpa hinni nýfrjálsu sál fram á við inn í ljósið? Þrátt fyrir alla þekkingu sína (sem kann að vera mikil) og þrátt fyrir sterka löngun til að hjálpa þeim sem eru að skilja við, virðist ekkert hægt nema að stíga til hliðar án þess að geta nokkuð að gert á meðan ástvinurinn fer í gegnum hliðið sem leiðir til hvers, bróðir minn? Við getum komist að hliðinu, en svo virðist að enn komumst við ekki lengra. Jafnvel djúpstæð trú á áframhaldandi tilveru hinnar ódauðlegu sálar reynist ófullnægjandi og þjónar aðeins þeim tilgangi að hughreysta hinn þjónandi lækna persónulega, en er ekki nóg til að upplýsa hann um hvaða hjálp honum er unnt að veita.

Ég get lítið sagt meðan við bíðum væntanlegrar opinberunar á þessum mikilvægu tímum. Þessi opinberun er óhjákvæmileg og viss og að tvö hundruð árum liðnum munu slíkar spurningar ekki brenna á vörum manna. Efnisleg fyrirheit þessarar komandi staðreyndar er hið vaxandi næmi mannkynsins fyrir fíngerðari þáttum lífsins og hinar miklu rannsóknir á öllum sviðum. Þessum miklu sannindum og tryggingu okkar fyrir þeim, er

stöðugt haldið fyrir sjónum okkar í sögunni um hina „dýrlegu upprisu Krists“, birtingu hans eftir dauðann og í hinum máttugu en lítt skildu helgisíðum æðstu gráðu frímúrara, þar sem meistarinn er reistur.

Hjálp á stund „fararinnar inn í ljósið“ er einkum undir tvennu komin: Í fyrsta lagi, hversu náíð samband er á milli hinnar deyjandi persónu og þess sem vakir yfir og á hvaða sviði það samband er sterkast. Í öðru lagi, hæfni þess sem vakir yfir til að aðgreina sig frá sínum eigin tilfinningum og að samsama sig, með hreinni og óeigingjarnri viljaathöfn, hinni deyjandi persónu. Ekkert af þessu er raunverulega mögulegt, ef það sem tengir saman er algerlega af geðrænum toga eða byggist á kynnum á efnissviðinu. Sambandið verður að vera dýpra og sterkara en það. Það verður að vera persónulegt samband á öllum sviðum. Þegar um er að ræða raunverulegt samband sálar og persónu er lítið um vandamál. En slíkt er sjaldan raunin. Samt sem áður hef ég hér gefið ykkur vísbendingu.

Einnig skyldi sá sem vakir yfir forðast hugræna starfsemi eins og hægt er. Allt sem þarf og er mögulegt nú er einfaldlega að bera hina deyjandi persónu fram á við á sífellt dýpri straumi kærleiks. Með hæfileika skapandi ímyndunarafis, en ekki með vitsmunalegum skilningi (hversu háleitur sem hann er), skal hjálpa hinum deyjandi að losa sig við ytri umbúnaðinn sem hefur hjúpað hann og hann hefur hagnýtt í lífsstarfi sínu. Það felur í sér hreint sjálfgleymi, sem er á fárra færi enn sem komið er. Flestir láta stjórnast af ótta, eða af sterkri löngun til að halda í hina ástfölgnu persónu og leiðast frá markmiði sínu vegna starfseminnar sem felst í því að milda sársauka og deyfa angist. Eins skelfist fólk dýpt vanþekkingar sinnar á „aðferðinni við að deyja“ þegar það stendur augliti til auglitis við neyðartilfelli. Því finnst það sjálft ófært um að sjá hvað býr handan við dyr dauðans og lætur stjórnast af hugrænni óvissu sem er þáttur í blekkingunni miklu. Eins og við vitum er enga fullvissu að finna

í atburðarás dauðans. Þar er aðeins að finna óvissu og ráðleysi. En á því verður endir áður en langt um líður og maðurinn mun *vita* og jafnframt *sjá*.

Hvað þeim viðvíkur sem horfin eru inn í ljósið, þau sem ykkur langar til að hjálpa, fylgið þeim með kærleik ykkar og munið að þau eru enn þau sömu, að frádregnum takmörkunum hins ytra hjúps líkamans. Þjónið þeim, en ætlist ekki til að þau þjóni ykkar þörf fyrir þau. Farið til þeirra, en reynið ekki að ná þeim aftur til ykkar.

Hreinsunareldurinn er hið efnislega líf og lífsreynslan er hinn harði agaskóli. Við skulum ekki óttast dauða, né það sem býr handan hans. Hinn vísi lærisveinn starfar á vettvangi þjónustunnar en horfir stöðugt með eftirvæntingu til dögunar hins „tæra kalda ljóss“ sem hann mun hverfa inn í einhvern daginn og þannig ljúka um hríð þessum kafla hita, þunga og sársauka hinnar jarðnesku tilveru. En það er á öðrum sviðum lífsreynslunnar þar sem tilfinning vanmáttar og vonleysis mætir þeim sem þjónar í heiminum nú á tímum.

Séð frá sjónarmiði lærisveins gætum við skipt skynsömum mönnum í þrjá hópa, samtímis því sem við útilokum í hugsun okkar farg hins lítt hugsandi fjölda sem skynjar löngun en finnur ekki enn sem komið er, fyrir tilfinningu vanmáttar eða vonleysis. Hann hefur langanir og fær þeim fullnægt; eða hann hefur langanir og er hindraður og fyllist afbrýðisemi og reiði gagnvart þeim sem virðast fá það sem þeir vilja og krefjast og það sem hugnast lífi skilningarvitanna. Þessir þrír hópar eru:

1. *Persónuleikar*, sameinaðir og skynsamir, sem eru metnaðargjarnir og brjótast áfram vitandi vits, en verða fyrir hindrunum. Það sem hindrar þá stafar annaðhvort af aðstæðum í heiminum sem eru þeim ofviða, eða af íhlutun þeirra eigin vökulu sálna sem leggja hindranir á veg þeirra í þeim tilgangi að leiða þá inn í ljósið.

2. *Launspekilega sinnað* fólk og þeir sjáendur sem stefna í rétta átt en hafa ekki enn byggt upp þann hugræna þekkingargrunn sem gera mun þeim fært að efnisgera hugsýn sína á réttan hátt, með réttu hugrænu starfi. Þeir eru margir nú á tímum, og hlutskipti þeirra er ekki auðvelt.
3. *Lærisveinar og leitendur* sem eru að reyna að starfa á vettvangi heimsins, en ná aldrei markmiði sínu í þessu lífi, vegna karmískra takmarkana, misbeitingar lögmálsins, eða einhvers grundvallar veikleika persónuleikans og láta því yfirþyrmandi tilfinningu vonleysis ná tökum á sér.

Handan við þessa þrjá flokka og sem andstæða hins stritandi fjölda, eru hinir samhæfðu og virku lærisveinar heimsins sem vinna og framkvæma, en eru of uppteknir og of einráðnir til að eyða miklum tíma í vanmáttarkennd eða vangaveltur um mistök og misheppnuð verk.

Þar af leiðandi er ykkur unnt að hjálpa þeim sem til ykkar leita af meiri hyggindum, ef þið skipið þeim viturlega í einhvern þessara flokka, en gerið samt ráð fyrir að þeir flytjist í annan og hærri flokk.

Oftast stafar vanmáttarkenndin, sem hefur áhrif á svo marga nú á tímum, mjög ljóslega af viðbrögðum þeirra við innstreymi andlegra áhrifa. Þeir *vita* með sjálfum sér að þeir eru færir um meira en það sem þeir framkvæma; þeir skynja ómeðvitað og án orða eigin guðdómleika, en takmörkun kringumstæðna og hindranir líkamans eru of miklar fyrir rétt viðbrögð við tækifærum og raunveruleika. Leitið uppi þessar sálir og hjálpið þeim með sönnum skilningi, viðurkenningu og samvinnu og eyðið þannig blekkingu framtaksleysisins sem ásækir þær.

En sýnihneigð og ofskynjanir vegna taugapreytu verður að lækna, fyrst og fremst með sjálfshjálpi, með fráhvarfi frá sjálfnu, breyttum áhugamálum og óeigingirni. Tilhneiging til taugapreytu mun að öllum líkindum aukast enn um sinn, slíkt



er álagið sem menn búa við nú á tímum. Núverandi ástand heimsins neyðir menn til að finna undankomuleiðir og hverfa aftur til lækningarmáttar síns eigin skapandi ímyndunarafis. Lausnin felst í því að viðurkenna alla heildina en ekki aðeins einstaka hluta hennar og með stöðugri þátttöku í skapandi starfi á efnissviðinu.

Ákveðnar þjálfunaraðferðir sem enn eru á frumstigi, verða síðar meir notaðar í starfi sálfræðinga heimsins.

*Um vísindalegar bliðstæður.*

Nemar virðast halda að við kennarar á innri sviðunum höfum lesið hverja bók sem skrifuð hefur verið, sérstaklega þær sem fjalla um hin nýju og þróuðu sannindi, og að við séum einnig í sambandi við persónuleika þeirra sem miðla hinum vaxandi forða nýrrar þekkingar í heiminum. Sú er ekki raunin. Hvernig get ég útskýrt þetta fyrir ykkur eins og það raunverulega er? Ég held að það sé aðeins hægt á táknrænan hátt.

Þegar við lítum yfir heim vitsmunanna og beinum huganum að málefnum lifandi þekkingar sem þar er að finna, getum við orðið varir við ljóssvæði (eins og við túlkum það) sem lýsa á efnissviðinu. Slík svæði gefa til kynna skínandi ljós einhvers sem starfar, það getur verið lærisveinn, eða einhver félagi í hinu nýja heildi heimsþjónenda. Ég veit, til dæmis, að slík svæði innan Bandaríkjanna er að finna í Baltimore, Chicago, Cleveland og Rochester. Ég marka það á sérkennilegri gerð hins skínandi ljóss að þar er að finna miðstöð sem býr yfir hinni nýju þekkingu á líkómum mannsins. Ég veit að til eru önnur ljóssvæði út um allan heim. Starf mitt og starf allra kennaranna á þessu umbreytingartímabili er að örva þessi ljóssvæði og gera einstaklinga innan þeirra frjóa af hugmyndum. Okkur er ekki kunn sérhver kenning sem þeir setja fram í leit sinni að sannleika, sérhver bók sem þeir skrifa, né sérhver niðurstaða sem

þeir komast að. Þeir verða sjálfir að bera sína ábyrgð og starfa að eigin frumkvæði hvort sem þeir ná árangri í sannleiksleit sinni eða ekki.

Fyrir mörgum árum sagði H.P.B. fyrir um það starf sem nú er unnið, þegar hún ræddi um að vísindin myndu um síðir viðurkenna ætíð og alls staðar nálægan Guðdóm alheimsins (hún segir okkur einnig að geimurinn sé sérstök lífvera) og að þegar leyndardómur rafmagnsins hefur verið ráðinn, verði það til þess að leysa flest okkar vandamál. Margar kenningar nútíma vísinda eru settar fram í bókinni „*A Treatise on Cosmic Fire*,“ þó svo að vísindamenn hafi enn ekki gengið svo langt að viðurkenna þá staðreynd sem þar er sett fram um hið raffræðilega eðli mannsins. Ykkur myndi þykja það áhugavert og gagnlegt að leita að köflum um þetta efni. Eftir sem áður gera vísindin ekki ráð fyrir rafkrafti sálarinnar, sem fer þó stöðugt vaxandi. Fáeinir þeirra vísindamanna sem lengst eru komnir hafa lagt út á þessa braut. Næsta skref vísindanna framundan er uppgötvun sálarinnar, uppgötvun sem mun umbylta, en þó ekki ógilda, meiri hluta fræðikenninga þeirra.

Hver og einn nemi gæti lagt þessu lið með því að taka sumar grundvallarkenningar einhvers vísindamanns sem væri að rannsaka efni sem höfðaði til þeirra og lagt sig fram við að finna í bókum mínum, til dæmis, eða í „*The Secret Doctrine*,“ þær málsgreinar sem varpað gætu dulfræðilegu ljósi á kenningar hans, eða kynnu að ganga gegn þeim. Þannig væru þeir að rækta og nota hinn sundurgreinandi huga til að brúa heim viðurkenndra vísinda og dulfræðilegra vísinda.

### *Um jónir og geislun.*

Vísindamenn hafa sett fram kenningar um áhrif þess að loftið sem við öndum að okkur innihaldi rafmagnaðar eindir pósitoft eða negatíft hlaðnar og að þeir séu færir um að rafmagna loft

með tækjum. Þeir segja að jafnvel opinn eldur í arni hlaði loftið jónum; að með þar til gerðum tækjum sé hægt að draga úr negatífum eða pösítífum jónum og að sjúklingur sem dvelur í andrúmslofti hlöðnu pösítífum jónum fari að finna fyrir þreytu, svima og höfuðverk, en aftur á móti léttleika ef hann dvelur í andrúmslofti hlöðnu negatífum jónum; að pösítífar jónir auki blóðþrýsting og valdi almennri vanlíðan og að negatífar jónir lækki blóðþrýsting og valdi vellíðan og slökun.

Sú spurning vaknar hvort geislun lækmandans hafi þau áhrif að jóna andrúmsloftið umhverfis sjúklinginn. Ég verð að benda á að til að svara slíkri spurningu með nákvæmni þyrfti tvennt að koma til: opinberun leyndardóms sem mannkynið er ekki enn tilbúið fyrir og jafnframt að gefa svar sem væri ykkur algerlega óskiljanlegt, því ekki eru til nein orð sem hæfa hinum duldu sannindum. Í þessum sannindum felst tvíeðlið í heild sinni – sem er eðli sambands hinna negatífu og pösítífu eðlisþátta lífsins. Ég get samt sem áður bent á nokkrar staðreyndir:

1. Hinar negatífu og pösítífu jónir sem vísindamenn eru að rannsaka eru etherískar í eðli sínu og tilheyra þess vegna efnissviðinu. Þessar óséðu efniseindir, sem aðeins er hægt að rekja fyrir áhrif þeirra og með því að hafa áhrif á starfsemi þeirra, eru hraðfara eindir undir áhrifum frá máttugri stjórnandi þætti sem viðheldur þessari hreyfingu þeirra.
2. Þegar um sjúkdóm er að ræða er aðeins hægt að hjálpa sjúklingi þegar jákvæð geislun lækmandans vinnur bug á hinu neikvæða ástandi.
3. Geislun lækmandans verður að gagntaka og vinna bug á viðnámi sjúkdómsins – en ekki viðnámi sjúklingsins, sem kann að vera móttækilegur geðrænt og hugrænt gagnvart lækndanum og þess vegna í aðstöðu til að öðlast hjálp. Þetta gerist fyrir áhrif frá máttugri geislun lækmandans. Segulmögnunarkraftur lækmandans kemur síðan til skjalanna

og þá getur hann með vitund og vilja dregið út þau efnisatóm sem eru aðsetur og uppspretta vanlíðunar hjá sjúklingnum. Hér er gefin vísbending um eina af þeim aðferðum sem í framtíðinni verður beitt á efnissviðinu við að eyða sjúkdómum. Ekki hefur enn verið uppgötvaður sá hæfileiki að stjórna með ákveðnum hætti straumum segulmögnunarkrafts sem geisla frá uppsprettu utan efnislíkamans, en í því felst ein hinna nýju lækningaraðferða.

Lækningargeislunin hefur því eðlilega áhrif á andrúmsloftið umhverfis sjúklinginn. Samt sem áður er þessi geislun enn sem komið er ójöfn og henni er ekki réttilega stýrt. Sumir geisla efnislegum krafti; aðrir geðrænum eða hugrænum krafti; enn aðrir geisla orku hins sameinaða persónuleika. Fáeinir geisla krafti sálarinnar, megin aðlöðunarorku allra forma. Í framtíðinni verður hinn sanni lækandi að virkja geislun alls persónuleikans eða sálarinnar. Ég segi „eða“ af ráðnum hug, því það eru fáir enn sem komið er sem geta beitt sálarorku, en margir sem gætu starfað sem sameinaðir persónuleikar ef þeir sjálfir kysu. En þegar maðurinn hefur öðlast þennan hæfileika til að geisla, hvað með sjúklinginn? Hvernig kemst hann í þannig ástand að hann bregðist rétt við segulmagnandi geislun? Ef hann er geðræn manngerð, eins og svo margir, er honum þá kleift að bregðast við segulmögnunarkrafti hugræns lækanda? Getur hann öðlast hjálp með geislun slíks lækanda ef hann sjálfur er sameinaður persónuleiki? Ef þið segið að Kristur hafi læknað allar manngerðir, vil ég benda á að í þessu stutta fræðiriti er ég ekki að fjalla um lög mál lækninga eins og meistari viskunnar eða lærisveinn beitir þeim. Enda væri þessi bók mín þá gagnslaus viðleitni. Ég skrifa fyrir áhugasama leitendur og þá sem geta læknað á einhverju sviði neðan við svið sálarinnar, en vita ekki enn hvernig þeir eiga að fara að því. Síðar mun allt þetta efni verða útskýrt nánar.

*Um sveiflutíðni.*

Sumir nemar krefjast þess að ég skilgreini hvað átt sé við með orðinu „sveiflutíðni“ og segi nákvæmlega hvað sveiflutíðni sé. Myndu þið skilja mig ef ég segi ykkur að sveiflutíðni sé blekking, eins og skynjanir skilningarvitanna eru blekking frá sálinni séð (háð takmörkunum eins og allir menn vegna svarana starfstækjanna, sem öll eru tæki skynjana)? Ef ég segi ykkur að svörun við sveiflutíðni stafi af því að við búum yfir starfstækjum sem eru næm fyrir áreiti, er ég að svara spurningu ykkar að hluta, en ef það er rétt, hvaða þýðingu hefur það fyrir ykkur og hvaðan kemur áreitið? Ef ég gef ykkur hina vísindalegu skilgreiningu (sem þið getið fundið í öllum góðum handbókum um ljós, liti og hljóð), er ég að vinna verk sem þið sjálf getið unnið, og fyrir slíkt hef ég engan tíma. Í bókum mínum eru allnokkrar skilgreiningar á sveiflutíðni, annaðhvort beinar, eða skilgreiningar sem hægt er að fá með ályktun, þið gætuð leitað að þeim og hugleitt þær. Ef ég útskýrði fyrir ykkur hér sambandið á milli sjálfsins og ekki-sjálfsins, milli skynjunar og þess sem skynjar og þess sem skynjað er, er ég að fjalla um efni sem vandleg athugun á Bhagavad Gita gæti aukið skilning ykkar á.

Látið einfaldleika vera ykkur til leiðsagnar og hreinan kærleik ykkar megin markmið. Veljið ykkur þjónustuvettvang sem hefur sínar ákveðnu takmarkanir (því allir lærisveinar eru takmarkaðir og geta ekki spannað alla plánetuna í hugsunum sínum) og starfið – hugrænt og efnislega – innan þessara takmarkana. Allt og sumt sem krafist er af ykkur er að þið ljúkið einhverju verkefni sem þið sjálf hafið ákveðið innan takmarkana þess karma og umhverfis sem örlögin hafa ætlað ykkur. Hverju eruð þið raunverulega að áorka einmitt núna? Þjónið á þeim vettvangi sem þið eruð stödd á og náði til, en leitið ekki út um alla jörðina. Er nokkuð meira eða mikilvægara en það að vinna

sitt ætlunarverk og ljúka því á sínum stað og með þeim félögum sem hver og einn hefur valið sér?

Trúið mér þegar ég fullvissa ykkur um að ég er ekki að reyna að forðast að svara neinum spurninga ykkar, en ef ég get vakið ykkur til vitundar um nauðsyn „andlegrar takmörkunar“ (eins og það er kallað dulfræðilega þegar rætt er um starfssvið lærisveins innan takmarkana verkefnisins) og vakið athygli ykkar á þeirri nauðsyn ykkar að ná markmiðinu sem þið settuð ykkur þegar þið byrjuðu að starfa, hef ég orðið ykkur að mun meira liði heldur en hefði ég skilgreint sveiflutíðni eða bent ykkur nákvæmlega á hve miklum framförum þið eða aðrir hafið náð og með hvaða hætti þeim hefur verið náð.

*Um lækningarskóla framtíðarinnar.*

Slíkir lækningarskólar munu ekki þróast í nánustu framtíð, ekki fyrir lok þessarar aldar. Aðeins undirbúningsstarf er unnið nú, og jarðvegurinn undirbúinn fyrir starf framtíðar. Hlutirnir gerast ekki svo hratt. Það verður að koma til vaxandi samfjöllum á aðferðum lækningarleiða, eins og þeirra sem fela í sér :

1. Sálræna aðlögun og lækningu.
2. Lækningu með segulorku.
3. Það besta úr aðferðum lyflækninga og smáskammtalækninga, sem við megum ekki sleppa.
4. Nútíma skurðlækningar.
5. Raflækningar.
6. Vatnslækningar.
7. Lækningar með litum, tónum og geislun.
8. Forvarnarlækningar.
9. Hinar nauðsynlegu beina- og hnykkilækningar.
10. Vísindalega taugasjúkdómafræði og geðlækningar.
11. Lækningu haldningar og hugrænna sjúkdóma.

12. Umönnun augna og eyrna.
13. Raddbeitingu, sem er vissulega læknanði þáttur.
14. Huglækningar og trúarlækningar.
15. Sálarsamband og samstillingu.

Og margar aðrar aðferðir sem tilheyra lækningarlistinni. Ýmsu þarf að sleppa úr sumum hinna eldri lækningaraðferða, eins og lyflækningum, til að þær geti látið í té sitt mikilvæga og sanna framlag. Öðrum nútíma aðferðum sem enn eru ómótaðar og á tilraunastigi, þarf að ná úr höndum öfgamanna; því þar til ofstækið með blindu sinni og skorti á vitsmunalegri samfjöllum líður undir lok (eins og það mun óhjákvæmilega gera þegar sjötti geislinn hörfar og Fiskaöldinni lýkur), geta hinar nýju aðferðir ekki þrífist eins og æskilegt væri; það þarf næmari skilning á því góða sem býr að baki og er grundvöllur allra aðferða og ná verður betri tókum á lögmálunum sem hin sanna lækningarlist byggist á áður en skólarnir, sem greint er frá í bókinni „*Letters on Occult Meditation*,“ geta orðið að veruleika. Á meðan sumir læknendur halda því fram að þeirra aðferðir veiti alhliða lækningu og gera jafnframt lítið úr öllum öðrum aðferðum, verður ekki mögulegt að stofna hina sönnu skóla.

Sá tími fer í hönd að við göngum í gegnum tímabil þar sem við munum safna saman ávöxtum aldanna og fleyta rjómann (ef ég má orða það svo) af mjólk hinnar mannlegu reynslu. Þá munum við hefja það nýja framtak sem hraða mun för mannkynsins á leið sinni og með allt það besta í farteskinu sem fortíðin getur veitt okkur. Í þessu nýja framtaki verður lækningarlistin í fararbroddi vegna mikilvægi sinnar.

Við munum sjá að starfið mun skiptast í þrjá þætti; þeir munu vinnast hver á eftir öðrum en ekki samtímis.

1. Þjálfun í lögmálum lækningarlistarinnar:

- a. Leggja grundvöll að síðari tíma framþróun á nýju tímaskeiði.

- b. Leitast við að varðveita það sem gott er og gagnlegt í umskiptum áherslunnar frá þetta efnislíkamanum til hins fingerðari ether- og lífsorkulíkama.
- c. Gaumgæfa þetta rit um hina nýju lækningarlist sem mun ná viðurkenningu í ákveðnum mæli, en mun ekki koma að miklu gagni né ná markmiði sínu fyrr en síðar.
2. Seinna, þegar hópur getur starfað saman á ópersónulegan hátt sem heildi og með sönnu samspili kærleiks, getur hann byrjað að vinna að ákveðnu lækningarstarfi, og tekið einhver tilfelli, til dæmis þekkta líkamlega sjúkdóma, haldningu eða hugræna erfiðleika og reynt að lækna og hjálpa með því að starfa undir stjórn sálarinnar eða leiðsögn einhvers vígsluhafa í samræmi við kenningarnar sem lýst er í þessari bók. Athugun á listinni að deyja mun einnig ná athygli ykkar og síðar alls mannkyns.
3. Að lokum munu verða myndaðir undirhópar sem verður kennt og hjálpað af meðlimum í frumherja-lækningarheildunum, undir sálarstjórn eða stjórn einhvers vígsluhafa. Þessir undirhópar munu starfa undir heildisstjórn við lækningar. Þetta verður ekki á næstu árum og ekki fyrr en upphaflega heildið (eða heildin) getur starfað með árangri í nokkrum mæli og meðlimir þess hafa náð vitrænum tókum á aðferðum og lögmálum þeim sem notuð eru við lækningar. Hin útræða þróun lækninga nýja tímans mun vaxa frá því sem að ofan greinir.
- Engin þeirra kenninga sem nú eru við lýði ætti að viðhaldast. Þær búa þó allar yfir einhverjum gagnlegum sannindum, lögmálum eða hugmyndum. Ég vil benda á að samþætt heildi væri samt sem áður aðgreinandi og aðgreint fyrirbæri og ekkert slíkt heildi er markmið okkar. Það er *samþætting lífsins og þekkingarinnar sem er æskileg*, en ekki samþætting fólks. Það verða vonandi smátt og smátt til hundruð eða þúsundir hópa um allan heim sem munu tjá þessi nýju



viðhorf til lækninga. Sameiginleg þekking og markmið munu binda þá saman og þeir munu allir tjá þau eftir bestu getu á sínu sérsviði, á sinn sérstaka hátt og með sínum sérstöku orðum. Það er hin hugræna eining lífsins sem vekur áhuga kennaranna á innri sviðum lífsins og myndun netkerfis sannra læknenda um gervallan heim.

Við stöndum nú við nýtt upphaf. Við munum erfa og erfum undur þekkingar fortíðarinnar og mikið af þeirri þekkingu mun haldast; allt sem þarf er að sleppa því sem er óæskilegt, mistúlkun þekktra staðreynda, misnotkun upplýsinga og að eyða eigingjörnum áhuga, fjárhagslegu arðráni og græðgi. Nútíma skurðlækningar, hollustuhættir og læknávísindi búa yfir miklum undrum og nytsemd.

### *Bréf til vísindamanns*

Bróðir minn.

Ég hef fáeinar mínútur aflögu á þessum morgni eftir að hafa lesið A.A.B. fyrir og mun reyna að varpa frekara ljósi á spurningarnar sem þú hefur lagt fram. Þú tekur eftir að ég segi ekki að ég muni svara spurningunum.

Uppgötvanir vísindanna eru enn sem komið er ófullnægjandi til að uppfylla það sem ég sagði fyrir um í „*A Treatise on the Seven Rays*.“ Undir lok þessarar aldar, þegar ástand heimsins hefur skýrst og þegar tímabili enduruppbyggingarinnar er að ljúka, verða gerðar uppgötvanir sem munu leiða í ljós hingað til óþekkta raffræðilega krafta. Ég veit ekki hvaða önnur orð ég á að nota yfir þessa rafmagnsgeisla sem menn munu verða varir við og munu leiða til möguleika sem eru ofar því sem rannsakendur nú á tímum geta látið sig dreyma um. Komandi rafmagnsvísindi verða jafn gerólk á næstu öld og not okkar tíma á rafmagni eru ólík skilningi vísindamanns á Viktoríutímanum.

Í sambandi við spurningu þína um ljósmyndun sem tengist framliðnum sálum, vil ég benda á að skilningur á atburðarásinni mun koma frá rannsóknum á ljósmyndun hugforma. Hinn mikli franskviísindamaður d'Arsonval frá París byrjaði rannsóknir á þessu sviði. A.A.B. getur sagt þér eitthvað um það ef þú veist það ekki nú þegar. Fullkomnun ljósmyndaplatnanna og mikil aukning á næmni þeirra, mun ásamt því að tengja saman rafmagn og ljósmyndun varpa ljósi á viðfangsefnið. Að þínum dómi kann að vera næstum því ógerlegt að búa til ljósmyndaplötur sem eru miklu næmari en þær sem nú eru notaðar á hinum best búnu rannsóknarstofum. En þannig er það ekki. Lausnin kemur eftir þessum línun hugsana-ljósmyndunar og notkun raftækja. Það eru hugsanir þeirra sem eru hinum megin og hæfni þeirra til að mynda hugform af sjálfum sér, ásamt því að búnar verða til nægilega næmar ljósmyndaplötur eða eitthvað sem er sambærilegt við þær, sem mun marka nýtt tímabil í hinni svonefndu „andaljósmyndun.“ Fólk er oft svo upptekið af áþreifanlegum tækjum hérna megin að það vanrækir það sem hinir framliðnu verða að leggja fram frá hinni hliðinni.

Starfið mun verða unnið frá þeirri hlið, með hjálp efna sem ekki hafa enn verið fullkomnuð af hinum ytri vísindum.

Til að koma þessu í kring mun verða þörf á vökumiðli (ekki miðli sem fellur í dásvefn, heldur einhverjum sem býr yfir skyggni og dulheyrn). Margir slíkir eru nú að vaxa úr grasi meðal barna okkar tíma og í næstu kynslóð þar á eftir verða enn fleiri. Hulan sem skilur að heimana mun hverfa fyrir vitnisburð þeirra þúsunda sem geta séð fyrirbrigði og heyrt hljóð sem liggja utan við takmörk hins áþreifanlega.

Þú segir að andarnir lýsi því yfir að þeir þoli ekki rafmagn. Það sem átt er við er að þeir þola ekki rafmagn eins og það er notað nú. Þetta er dæmi um hinar ónákvæmu fullyrðingar sem settar eru fram í gegnum fávísa miðla eða af þeim hinum megin sem hafa engu meiri skilning á lögmálum rafmagnsins en þeir

höfðu að öllum líkindum í efnislíkamanum. Það er ekkert til nema rafmagn í raunbirtingu, hinn svokallaði „leynardómur rafmagnsins“ sem H.P.B. vitnaði til í „*The Secret Doctrine*.“ Allt í náttúrunni er rafmagn í eðli sínu; lífið sjálft er rafmagn, en allt sem við höfum komist í snertingu við og notað nú á tímum er það sem er eingöngu efnislegt og tengist hinu efnislega og er eðlislægt því og hinu etheríska efni allra forma.

Hafa verður í huga að hinir svokölluðu „andar“ dveljast í hinum blekkjandi geðlíkama, þegar aftur á móti þeir „andar“ sem lengra eru komnir eru aðeins sem hugir og aðeins er hægt að ná sambandi við þá með huganum og á engan annan hátt. Aldrei verður mögulegt að ljósmynda hugræna starfstækið; aðeins geðlíkaminn er hæfur til ljósmyndunar. Því grófari persóna til líkama, tilfinninga og langana, þeim mun auðveldara verður að ljósmynda hana eftir andlátíð (ef nokkurn langar þá til þess!) og því háþróaðri sem persónan er, þeim mun erfiðara verður að fá af henni ljósmynd.

Hvað viðkemur notkun fjarskiptatækja til að ná sambandi við „andaheiminn,“ þá vinna núverandi raftæki á of lágrí tíðni til að vera nothæf til verksins og hættir þeim til að hafa sundrandi áhrif; ef „andar“ í geðlíkama sínum nálgast þau. Samt sem áður mun fyrsta sönnunin um tilveru eftir dauðann, á þann hátt að hægt er að nema hana á efnissviðinu, koma í gegnum útvarpsviðtæki, vegna þess að heyrn fer ætíð á undan sjón. Hugleiðið þetta. Engin viðtæki nú á tímum eru samt sem áður nógu næm til að flytja hljóðbylgjur frá geðsviðinu.

Framtíðar uppgötvanir vísindanna búa því yfir lausn leyndardómsins. Með þessu er ég ekki að koma mér undan því að svara, heldur er þetta einfaldlega staðreynd. Uppgötvanir á sviði rafmagnsfræði eru aðeins á byrjunarstigi og allt sem við höfum er einfaldlega forsmekkur að hinni raunverulegu uppgötvun. Töfrar útvarpsins væru algerlega óskiljanlegir mönnum átjándu aldar. Uppgötvanir og þróun sem framundan er á tuttugustu

og fyrstu öldinni munu verða jafn ótrúlegar mönnum þessarar aldar. Mikil uppgötvun hvað viðkemur notkun á ljósi með mætti og stjórn hugans verður gerð í lok þessarar aldar eða í byrjun þeirrar næstu. Tvö lítil börn – annað sem býr í þessu landi (Bandaríkjunum) og hitt sem býr á Indlandi – munu búa til formúlu eftir vísindalegum leiðum sem mun fylla upp í nokkur af þeim götum sem nú eru í þekkingunni á tíðnisviði ljóssins, það verður framhald frá hátíðnigeislum og bylgjum sem nú eru þekkt. Þetta mun krefjast tækja sem menn hafa hingað til ekki látið sig dreyma um að hægt sé að smíða. Þau verða svo næm að máttur mannsaugans undir einbeittri stjórn hugsunar mun hafa áhrif á þau. Eftir það verða áþreifanleg samskipti við andaheiminn möguleg. Ég get ekki gert meira en að gefa ykkur þessa vísbendingu.

Hin algjöra vanþekking A.A.B. á því sviði sem felur í sér þekkingu á rafmagnsfræði og hugtökum hennar er mér einnig fjötur um fót. Í huga hennar er engin fræghugsun sem ég get nýtt eða notað sem byrjunarreit við að útfæra hugmyndina. Hún getur útskýrt hvað ég á við ef þú biður hana um það. En jafnvel þótt hún hefði samskonar þjálfun og þú hefur, gæti ég ekki útskýrt þetta ljóslega, þar sem fyrst verður að gera uppgötvunina og það mun umbylta öllum núverandi hugmyndum, jafnvel þótt uppgötvunin eigi rót sína að rekja til þeirra. Almenn fræðirit um rafmagnsfræði, sem lesið er af rafmagnsverkfræðingum hefði verið algerlega óskiljanlegt jafnvel hinum hámenntaðasta manni fyrir tvö hundruð árum, eða jafnvel fyrir eitt hundruð árum. Í millitíðinni skaltu fást við ljósmyndun hugforma sem forspil að hinum komandi vísindum, því að út frá því og hinni hægfare þróun til aukinnar næmni til að skynja og skrá fíngerðari fyrirbrigði, mun koma ný hugmynd og nýir möguleikar. Hefur það einhverja merkingu fyrir þér þegar ég segi að rafmagn og ljósmyndun séu nátengd vegna þess að maðurinn á uppruna

sinn og eðli í rafmagni? Þetta verður að sanna á efnissviðinu með aðstoð þeirra næmu tækja sem þörf er á.

*Í febrúar 1944*



# ANNAR HLUTI

## Grunnforsendur lækninga

Við byrjum nú á nýjum kafla í umfjöllun okkar um geislana og sjúkdómana. Efnið í þessum hluta er mun hagnýtara en í fyrri hluta bókarinnar. En það efni sem fjallað var um þar var *ykkur* nokkuð óljóst. Margt af því sem þar var ritað er að ykkar mati umdeilanlegur sannleikur (með orðinu „umdeilanlegur“ á ég við eitthvað sem vekur spurningar). Þeir sem beitt geta innsæinu að verulegu leyti líta á það í besta falli sem „hugsanlega rétta“ tilgátu. Ég bið ykkur að taka eftir þessu orðalagi, þótt það virðist nokkuð þverstæðukennt. Þið getið ekki úrskurðað um sannleiksgildi þess sem þar kemur fram. Stór hluti leyndardóms lífsins og tilverunnar mun skýrast eftir því sem fleiri og fleiri leitendur í heiminum fara að starfa vitandi vits í heimi orsakanna. Innan Helgivaldsins ríkir enginn vafi á hvað gerast muni í framtíðinni, utan hvað snertir hina ófyrirsjáanlegu þætti mannlegra viðbragða. Meistararnir geta venjulega séð fyrir hvað gerast muni þrátt fyrir óvissuþættina sem varða starfsemi mannkynsins, en þeir hafna því dulfræðilega séð að „brjóta heilann um þær orkutegundir sem verða til á sviði hins jarðneska lífs, af ótta við að gagnstæðar orkutegundir frá orkustöðinni þar sem þeir dvelja geti unnið gegn frjálsum vilja mannsins.“ Hér vitna ég í ummæli eins meistaranna á ráðstefnu sem haldin var árið 1725.

Það sem ég hef sagt ykkur í fyrri hluta bókarinnar er fyrir mér óumdeilanlegur sannleikur og sannaðar staðreyndir; fyrir ykkur getur það verið ásættanleg tilgáta, eða umdeilanleg og óásættanleg túlkun á orsökum sjúkdóma.

Mannkynið á að baki sér mjög langa fortíð. Í henni hafa svokallaðar syndir og rangindi, ill verk og rangt viðhorf safnast

saman í mjög þungt karma sem (til allrar hamingju fyrir mannkynið!) er nú verið að vinna úr hröðum skrefum. Hinn mikli áhugi á sjúkdómum nú á tímum, hagnýting allra krafta læknávisindanna í þágu hinna stríðandi herja; krafta sem síðar verða nýttir til hjálpar óbreyttum borgurum hinna stríðshrjáðu landa um allan heim; hinar umfangsmiklu rannsóknir sem unnar eru á sjúkrahúsum okkar og háskólum og tíðar uppgötv-anir vísindanna, að viðbættri stöðugri viðleitni til nauðsynlegrar einföldunar, mun áður en langt um líður valda róttækri breytingu í meðhöndlun sjúkdóma. Það mun leiða til þess að margir hinna skelfilegu sjúkdóma sem mannkynið hefur tekið í arf verða upprættir.

Innstreymi dulfræðilegrar þekkingar, fyrir milligöngu lærisveina og vígsluhafa heimsins og örvunin sem það veldur, mun hafa í för með sér fjölmargar breytingar á aðferðum læknávisindanna. Væntanleg opinberun nýrra en jafnframt mjög einfaldra lögmála heilbrigðis og sá samruni sem verða mun á hefðbundinni lækni-fræði, sálfræði og andlegum lækningar-aðferðum, mun opna nýja leið til að takast á við þetta viðfangsefni. Vaxandi notkun *elds*, sem aðferðar til hreinsunar, (bæði á jarðvegi plánetunnar og mannlíkamanum) mun koma að miklu gagni. Í þessu sambandi mun sú aðferð að auka líkamshita í þeim tilgangi að lækna ákveðnar tegundir sjúkdóma og aðferðin sem náttúran sjálf beitir oft, að láta stór landsvæði verða fyrir áhrifum elds, þróast í ný og mjög gagnleg vísindi. Þetta verður þó ekki í bráð. Ég bendi aðeins á óljósa viðleitni í þessa átt. Á öllum sviðum þekkingar stendur maðurinn á hátindi; þessu hefur valdið hin hraða þróun mennskrar vitundar og menn standa nú frammi fyrir mikilli úþpenslu skilnings og nýrri innsýn í þær mótandi orsakir sem valda mörgu af því sem þjakar mannlíkamann.

Hin nýja fræðsla og komandi þekking mun verða til sem árangur vaknandi innsæis, tilveru fjölmargra háþróaðra sálna á jörðinni



og vegna þess að nánari tengsl verða á milli Helgivaldsins og mannkynsins. Hægfara blöndun orkutegunda þessara tveggja plánetu-orkustöðva mun hafa í för með sér miklar breytingar og framþróun, ekki aðeins hvað viðkemur næmleika mannsins, heldur einnig í efnislega starfstækinu. Mun meira viðnám verður veitt gegn hinum eðlislægu og erfðu sjúkdómum og raunveruleg hæfni til að verjast smiti mun aukast; þetta kemur í veg fyrir mikinn sársauka og þjáningar. Sú hjöðnun sem orðið hefur á heildarkarma mannkynsins vegna reynslunnar af heimsstyrjöldinni (1914 - 1945) mun gera þeim sálum, sem eru á leið til jarðvistar, kleift að skapa líkama sem eru lausir við sjúklegar tilhneigingar. Meistararnir eru alveg lausir við sjúkdóma, vegna þess að þeir hafa unnið bug á karma heimanna þriggja og eru frelsaðir.

Hæfnin sem þróast hefur á síðustu fimm tíu árum til að ráða við *hnattræna sjúkdóminn berkla* mun leiða til þess að sá sjúkdómur verður upprættur, þegar náð hefur verið til hinna þéttbýlu Austurlanda og landssvæða þar sem heilsuþjónusta hefur verið ófullnægjandi.

Menn eru nú þegar að ná tökum á *kynsjúkdómunum* með notkun nýrra lyfja, þó svo að meistararnir líti á slík lyf sem úrbót en ekki endanlega lausn í tíma og rúmi. Þeim sjúkdómum verður eytt í heild sinni hægt og sígandi og með réttum hætti, eftir því sem mannkynið færir vitund sína upp á hugarsviðið, frá sviði tilfinninga og kynferðislegrar löngunar sem verkar með ósjálfráðri svörun á hinn sjálfvirka og næma efnislíkama.

Hinn *þriðji mikli hnattræni sjúkdómur, krabbamein*, er enn í grundvallaratriðum óviðráðanlegur og hin tiltölulega einfalda leið skurðaðgerða virðist enn sem komið er eina mögulega leiðin til lækninga. Aðgerðir til varnar krabbameini og eðli orsaka þess eru enn óþekktar og allt viðfangsefnið er að mestu fræðilegs eðlis, enn er þörf á miklum rannsóknum og tilraunum. Margir minni háttar kvillar, sýkingar og vítt svið skyldra líkamlegra

sjúkdóma munu um síðir verða raktir til einhvers þessara þriggja grundvallar-sjúkdóma, en þeir sjálfir tengjast ákveðinni misbeitingu á orku aðalgeislanna þriggja. Það má staðhæfa eftirfarandi:

1. Kynsjúkdómarnir stafa af misbeitingu á þriðja geisla orku, hinni skapandi vitsmunalegu orku sjálfs efnisins.
2. Berklar stafa af misbeitingu á orku annars geislans.
3. Krabbamein er leyndardómsfull og óljós svörun við orku fyrsta geislans eða lífsviljans sem er einn þáttur þess geisla. Hann kemur því fram sem ofvirkni og vöxtur líkamsfrumnanna, þannig að lífsvilji þeirra verður eyðileggjandi fyrir lífkerfið sem þær lifa í.

Með þessu hef ég aðeins gefið ykkur vísbendingu, en hún kemur ekki að miklu gagni nú á tímum. Læknisfræðin á eftir að gera mjög miklar dulfræðilegar rannsóknir á þessu sviði, en slíkt verður aðeins mögulegt þegar meiri skilningur á vísindum geislanna er fyrir hendi og þegar hægt verður að finna sannanir fyrir tilveru hinna fimm grundvallandi orkutegunda hjá hverjum manni (orku geislanna fimm sem móta sérhverja mannveru). Menn munu síðar læra að ákvarða með auðveldum hætti geislagerð sína og þá geisla sem eru ráðandi í þríþættum persónuleika þeirra.

Á öllum sviðum vaxandi skilnings mannsins er sífellt augljósara að hið nýja hefur tækifæri til að birtast og verða ráðandi. Dyr ævintýranna (í æðsta skilningi) standa opnar upp á gátt og aldrei hefur neitt getað komið í veg fyrir að mannkynið gangi inn um þær dyr. Öldum saman hefur maðurinn gengið um þessar dyr og fyrir honum hafa opnast ný og ríkuleg svið til rannsókna og uppgötvana og síðan hagnýtingar.

Nú á tímum er það hlið að opnast sem leyfa mun mannum inngöngu í heim tilgangans, heim sem er forgarður heims or-

sakanna. Afleiðing, tilgangur, orsök. Í þessum þrem orðum er að finna lykilinn að þroskun vitundar mannsins. Flestir menn á okkar tímum lifa í heimi afleiðinganna og hafa enga hugmynd um að þær eru afleiðingar. Fáeinir eru nú byrjaðir að lifa í heimi tilgangsins, en lærisveinar og þeir sem starfa í heimi Helgivaldsins eru sér þess vitandi, eða eru stöðugt að gera sér gleggri grein fyrir orsökum sem valda afleiðingum sem tilgangurinn leiðir í ljós. Það er af þessari ástæðu sem við getum nú byrjað að íhuga þær grundvallarkröfur sem maðurinn verður að uppfylla áður en hann getur haldið áfram leiðina til þekkingar framtíðarinnar. Sú þekking mun vissulega eyða öllum ótta við dauðann og útskýra þetta málefni sem svo lengi hefur rekið mannkynið út á hyldýpi örvæntingar og ótta. Ég vísa einnig til hins nauðsynlega viðhorfs sem þeir, er leita lækninga á sjúkdómum og kvillum efnislíkamans, verða að tileinka sér og ná tökum á, sérstaklega á hugræna sviðinu. Þessar kröfur munu virkja hugræna athygli bæði lækna og sjúklings. Þær vísa einnig til mannsins sem heildar.

Það hefur almennt verið álitnið að ein meginforsenda lækningar sé trúin. En sú er ekki raunin. Trúin hefur þar lítil áhrif. Lækning byggist á ákveðnum lífrænum og grundvallandi þáttum sem koma trú alls ekkert við. Sú viðleitni sjúklingsins að ávinna sér trú kemur oft í veg fyrir að hann geti yfirstigið erfiðleikana sem liggja á milli hans og árangursríkrar lækningar. Þegar Kristur lagði áherslu á trú, sem hann oft gerði (eða öllu heldur þann eiginleika sem þýddur er með orðinu trú í okkar vestrænu ritningum), átti hann í raun og veru við viðurkenningu lögmáls, að menn gerðu sér fyrst og fremst grein fyrir karma og öðluðust þekkingu á guðlegum örlögum. Ef menn gera sér þetta ljóst mun það leiða til nýs viðhorfs bæði til Guðs og kringumstæðnanna. Forsendurnar sem ég vil leggja áherslu á má setja fram á eftirfarandi hátt:

1. Viðurkenning á hinu mikla lögmáli orsaka og afleiðinga ef mögulegt er. Slíkt er ekki alltaf mögulegt ef óupplýst fólk á í hlut.
2. Rétt sjúkdómsgreining gerð af hæfum lækni og síðar með andlegri skyggniáfu þegar hinn vígði læknandi hefur þroskað með sér slíka hæfni.
3. Trú á lögmál karma. Með því á ég við þann hæfileika læknanda eða sjúklings að vita hvort það eigi fyrir sjúklingnum að liggja að læknað, að öðrum kosti að veita aðstoð við hin miklu umskipti.
4. Vilji til að viðurkenna að lækning gæti verið til trafala og í grundvallaratriðum óæskileg frá sjónarmiði sálarinnar. Fólk er stundum læknað fyrir hæfni læknaðans þegar það á *ekki* fyrir því að liggja að hefja aftur virka starfsemi á efnissviðinu.
5. Virk samvinna læknanda og sjúklings – samvinna sem byggist á gagnkvæmum skilningi.
6. Ákveðinn vilji af hálfu sjúklingsins til að sætta sig við hvaðeina sem kann að koma í ljós, sé það vilji sálarinnar. Slíkt mætti kalla tjáningu guðlegs hlutleysis.
7. Viðleitni af hálfu bæði læknanda og sjúklings til að viðhafa algert skaðleysi. Vandleg íhugun um gildi þess mun skila árangri. Þetta á einkum við um tengsl beggja aðila við alla þá sem þeir umgangast.
8. Viðleitni af hálfu sjúklingsins (ef hann er ekki of veikur) til að leiðrétta þær eðliseigindir og eiginleika sem gætu unnið gegn réttri andlegri skynjun. Þetta er ein merking þess sem felst í hugtakinu „starf endurreisnarinnar,“ þó hún sé ekki sú mikilvægasta.
9. Vísitandi útilokun eiginleika, hugsanavenja og langana sem hindrað gætu innstreymi andlegra krafta, krafta sem gætu fært sálina nær starfstækjunum í heimunum þrem og innleitt endurnýjaða lífstjáningu, eða samtengt

sálina uppsprettu sinni og orðið upphaf að endurnýjuðu lífi á sálarsviðunum. Þetta hefur þar af leiðandi áhrif á samband sjúklingsins við sál sína.

10. Hæfileiki bæði læknaða og sjúklings til að komast í nánara samband við sálnaheildið sem þeir eru tengdir á innri sviðum; í öðrum tilvikum að samtengja bæði persónu og sál, eða ef báðir hafa náð nauðsynlegu stigi á þróunarbrautinni, að samtengjast nánar ashram-heildi meistarans.

Þessar tíu kröfur kunna að virðast einfaldar, en þær eru það alls ekki. Á yfirborðinu gætu þær virst fjalla um skapgerð, eiginleika og hæfni, en í grundvallaratriðum snúast þær um samband sálar og líkama og fjalla um samruna eða fjarlægingu. Tilgangurinn sem býr að baki þeim er, hvað sem öðru líður, að koma á órofnu sambandi milli læknaðans eða lækningarheildisins og sjúklingsins sem er móttakandi hinnar vísindalegu athygli læknaðans – heildis eða einstaklings.

Eitt af því fyrsta, sem allir læknaðendur verða að gera, er að skrifa einfaldar leiðbeiningar sem ættu að ráða viðhorfi þess sem á að lækna. Þessar leiðbeiningar verða að vera einfaldar, því þegar um alvarlegan sjúkdóm er að ræða er ekki mögulegt fyrir sjúklinginn að leggja á sig neina líkamlega áreynslu til að koma á breyttu viðhorfi. Þetta vill oft gleymast.

Eitt eða tvö atriði vil ég gera ykkur ljós sem þið verðið síðan að skýra fyrir sjúklingum ykkar.

1. Lækning er ekki óbrigðul. Sjúklingar verða að gera sér ljóst að áframhaldandi líf í efnislíkamanum er ekki æðsta mögulega markmiðið. Það kann að vera svo ef þjónustustarfið hefur mjög mikið gildi, ef skyldum er enn ólökíð og ef nauðsynlegt er að læra fleiri lexíur. Efnisleg tilvera er samt sem áður ekki hástig tilverunnar.

Frelsi frá takmörkunum efnislíkamans er til mikilla bóta. Sjúklingar verða að læra að skilja og sætta sig við karma-lögmálið.

2. Ótti er þarflaus. Eitt fyrsta markmið lækandans ætti að vera að aðstoða sjúklinginn við að öðlast gleðiríkt, heilbriggt og eftirvæntingarfullt viðhorf til framtíðar sinnar – hvað svo sem sú framtíð kann að bera í skauti sér.

Það er því jafnframt augljóst að þið hafið tækifæri til að koma með nýtt viðhorf inn í allt sem snertir sjúkdóma og lækningar og að þjálfá mannkynið til betra og gleðiríkara viðhorfs til sjúkdóma og heilbrigði.

Ykkur er það einnig ljóst að orðið „endurreisn“ tengist þeirri miklu list að gefa sjúklingnum aftur það sem hann þarfnast til að hann geti horfst í augu við lífið á réttan hátt – líf í efnislíkama og á efnissviðinu eða áframhaldandi líf á öðrum sviðum, ósjáanlegt venjulegum mönnum og álitid vafasamt og óáþreifanlegt. Endurreisn getur einnig falið það í sér að sjúklingurinn bæti fyrir rangindi, áður en hann fær það sem hann álitur árangursríka meðferð, en það varðar fyrst og fremst viðleitni lækningarheilðisins þegar það kemur í fyrsta sinn á sambandi við þann sem á að lækna. Gleymið þessu ekki. Stundum verður að gefa sjúklingnum aftur lífsviljann þegar karma hans gefur það til kynna; í öðrum tilfellum verður að stuðla að höfnun ótta (óttu við líf eða ótta við dauða) og þar með endurreisn hugrekkis. Endurreisn jákvæðs viðhorfs við allar kringumstæður kann að vera sá eiginleiki sem sjúklingurinn þarfnast, því samfara er endurreisn viljans til að taka með skilningi og gleði hverju því sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Það kann einnig að hafa í för með sér endurreisn góðra samskipta milli sjúklingsins og umhverfisins, fjölskyldu og vina og nýjar úrbætur sem það hefur í för með sér, birtingu kærleiksanda og höfnun þess sem kann að hafa verið djúpstæðar og rangar hugsanavenjur.

Ykkur ætti því að vera ljóst að lækninga-ritúal er aðeins einn þáttur þess starfs sem inna þarf af hendi og að sambandið milli lækna og sjúklings byggist aðallega á fræðslu; það hlýtur að vera fræðsla sem ræðst af líkamlegu ástandi hinnar sjúku persónu. Þegar þið farið að vinna á þennan hátt, munuð þið sjá að nauðsynlegt er að gera stuttlega grein fyrir starfinu framundan og þeim umbótum sem sjúklingurinn verður að búa sig undir að koma á, í þeim tilgangi að auðvelda innstreymi lækningarorkunnar. Það verður að fá hann til að „gera hreint fyrir sínum dyrum“ (ef ég má nota svo táknrænt orðalag) til að lækningarstarfið geti orðið árangursríkt samkvæmt karmalögmálinu.

Þessi þáttur undirbúningsstarfsins er ekki auðveldur. Sé sjúklingurinn alvarlega veikur kann þetta að vera óframkvæmanlegt. Allir sem stunda lækningar munu komast að raun um, að þegar unnið er með þeim sem eru andlega sinnaðir og hafa byggt líf sitt um langt skeið á rétttri viðleitni og hafa réttilega „galdið keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er,“ gengur lækningarstarfið mun hraðar fyrir sig, eða á hinn bóginn, þá verður verkefnið að auðvelda umskiptin gegnum dyr dauðans mun einfaldara. Hvað sem öðru líður þá er dauði í sjálfu sér endurreisnarstarf. Í því felst að efni er skilað aftur til hinna þriggja efnisheima af fúsleika og gleði; það felur einnig í sér endurreisn mannsálarinnar til þeirrar álar sem hún er komin frá, samfara gleði afturhvarfsins. Þið verðið öll að læra að líta á dauða sem endurreisnarathöfn. Þegar þið getið það, mun hann taka á sig nýja mynd og sanna merkingu og verða óaðskiljanlegur hluti af viðvarandi lífsferli – viðurkenndur og þráður.

Væri ég beðinn að segja hvert yrði meginverkefni allra lækningarheilda sem Helgivaldið leitast við virkja til starfa í framtíðinni, segði ég að það væri að búa menn undir það sem við lítum á sem endurreisnarþátt dauðans og gefa með því

dauðanum, sem mannkynið hefur hingað til litið á sem óttalegan óvin, nýtt og gleðiríkara gildi. Ef þið vinnið samkvæmt þessum ábendingum munið þið sjá að síendurtekið mun dauðinn verða viðfangsefni ykkar og afleiðing þess verður nýtt viðhorf til hans og að upp mun vakna gleðirík eftirvænting þegar sá óhjákvæmilegi og algengi atburður á sér stað. Lækningarheildi verða að búa sig undir að fást við þennan grundvallarþátt alls sem lifir og stór hluti af starfi þeirra verður að útskýra lögmál dauðans. Okkur er sagt að sálin verði að snúa aftur til þess sem gaf hana. Fram til okkar tíma hefur það verið endurreisn sem menn hafa óttast og ekki óskað eftir, eitthvað sem vakið hefur skelfingu og leitt fólk til að leita allra hugsanlegra leiða til að lækna efnislíkamann. Þannig er mikilvægi efnislíkamans stórlega ofmetið og litið á framlengingu jarðneskrar tilveru sem hið allra mikilvægasta í lífinu. Á komandi tímaskeiði þarf að uppræta þetta ranga viðhorf; dauði mun verða eðlileg og skiljanleg atburðarás – jafn eðlileg og fæðing, en vekja samt minni þjáningu og ótta. Þessi athugasemd mín er sett fram sem spádómur og líta verður á hana sem slíka.

Ég vil því leggja ríka áherslu á þá frumstaðreynd, að sérhver lækningarhópur, sem leitast við að starfa samkvæmt þessum nýju leiðum, verður í upphafi starfsins að reyna að öðlast einhvern skilning á þessum þætti dauðans sem nefndur er „hið mikla endurreisnarferli“ eða „hin mikla endurreisn.“ Í honum felst listin að skila líkamanum aftur viturlega, réttilega og í fyllingu tímans til uppsprettu þeirra efna sem hann er gerður úr og að endurreisa sálina til uppsprettu sinnar eðlislægu tilveru. Ég vel orð mín með gætni, vegna þess að ég er að reyna að fá ykkur til að íhuga mjög vandlega og af skynsemi hina svonefndu ráðgátu dauðans. Þótt hún sé mannum ráðgáta, á slíkt ekki við um lærisveina og þá sem þekkja viskuna.

Lækningarhópar og einstakir lækendur munu stöku sinnum álíta það óhjákvæmilegt að sjúklingurinn horfist í augu



við raunveruleika dauðans. Eitt af því sem lærisveinar mínir og meistarans K.H. hafa tekist á hendur er að vekja máls á dauðanum í samræðum sínum við aðra sannleiksleitendur, fá þá til að hugsa um hann og ræða sín á milli og sérstaklega að ræða um hann við þá sem þeir eru að leitast við að lækna. Það verður ekki auðvelt og má ekki gera vanhugsað, en þetta er efni sem hvorki má vanrækja né forðast. Lækningarhópar sem starfa út frá heildisskóla (ashrami) leggja ekki áherslu á lækningu *efnislíkamans*, heldur á rétta tímasetningu og starfstímabilin, eða á líf á efnissviði og tímabil endurreisnar eða líkamlegs dauða.

Allur þessi hluti bókarinnar, sem nefndur er grunnforsendur lækninga, vísar í raun til atburðarásar dauðans, ástands efnisheimsins eða hinna þriggja heima efnislegrar þjónustu. Fyrsta viðfangsefnið fjallar um *endurreisn* líkamans til hins sameiginlega efnisforðabúrs, eða aftur til þjónustu í hinum ytri heimi daglegs lífs, *endurreisn* sálarinnar til uppsprettu sinnar, sálarinnar á sínu eigin sviði eða – á hinn bóginn – til fullrar ábyrgðar innan líkamans. Annað viðfangsefnið er *brottfærsla* lífþáttarins og vitundarinnar, það fjallar ekki um skapgerðarrækt eins og sumir gætu haldið. Ég minntist á skapgerð og persónulega eiginleika í upphafi þessa kafla, vegna þess að allur sannur skilningur á grundvallarlögmálum lífs og dauða er auðveldaður með réttri athöfn sem byggð er á réttri hugsun og veldur um síðir réttri uppbyggingu skapgerðar. Það er þó ekki ætlun mín að orðlengja um þessar frumforsendur. Þau samrunaferli sem ég er að leitast við að fjalla um hér varða samruna sálarinnar og hins þriggreinda líkama, ef karma leyfir eða inn í ríki sálarinnar, ef karma mælir svo fyrir að það sem við nefnum dauða sé framundan.

Í þessum hluta bókarinnar erum við því að fjalla um dauðann eða listina að deyja. Það er nokkuð sem allir alvarlega veikir einstaklingar verða óhjákvæmilega að horfast í augu við og hinir heilbrigðu ættu að búa sig undir með réttri hugsun og

skynsamlegum væntingum. Það óheilbrigða viðhorf sem flestir hafa til dauðans og undanbrögð frá því að leiða hugann að honum þegar heilsan er í lagi, er nokkuð sem nauðsynlegt er að breyta og vinna þarf markvisst að því. Kristur gaf lærisveinum sínum fordæmi um hið rétta viðhorf, þegar hann ræddi um væntanlegt andlát sitt af völdum óvina sinna; hann ávitaði þá þegar þeir létu í ljós sorg og minnti þá á að hann færi til föður síns. Þar sem hann var innvígður maður af hárrí gráðu átti hann við „endurreisn sína til andans eða mónadsins,“ dulfræðilega sagt; venjulegt fólk og þeir sem ekki hafa náð þriðju vitundarvígslunni „endurreisast til sálarinnar.“ Óttinn og óhugnaðurinn sem dauðinn venjulega vekur og tregðan við að horfast í augu við hann af skilningi, stafar af þeirri áherslu sem fólk leggur á efnislíkamann og hversu auðveldlega það samsamar sig honum; það á einnig rót sína að rekja til djúpstæðs ótta við einmanaleika og glötun hins þekkta og reynda. Samt er einmanaleikinn eftir andlátíð, þegar maðurinn skynjar sjálfan sig án efnislíkama, nánast enginn miðað við einmanaleikann eftir fæðinguna. Við fæðinguna kemur sálin skyndilega inn í nýtt umhverfi, innibýrgð í líkama sem fyrst í stað er algerlega ófær um að bjarga sér og myndar ekki vitrænt samband við umhverfi sitt um langt skeið. Maðurinn fæðist án nokkurrar endurminningar um þann hóp sálna í efnislíkómum sem hann tengist; þessi einmanaleiki hverfur aðeins smátt og smátt eftir því sem hann myndar sín eigin persónulegu sambönd, uppgötvar þá sem eru honum andlega skyldir og safnar þeim smám saman í kringum sig sem verða vinir hans. Þessu er ekki svo farið eftir dauðann, því maðurinn finnur hinum megin þá sem hann þekkir og hafa verið tengdir honum í efnislífinu, hann er aldrei einn eins og menn skilja það hugtak; hann er einnig vitandi um þá sem enn eru í efnislíkama, getur séð þá og stillt sig inn á tilfinningar þeirra og hugsanir, því efnisheilinn er ekki lengur til hindrunar. Ef fólk aðeins vissi meira þá væri

fæðingin sú reynsla sem það óttaðist mest en ekki dauðinn, því fæðingin hneppir sálina í hið sanna fangelsi, en efnislegur dauði er aðeins fyrsta skrefið í átt til frelsis.

Annarskonar ótti sem fær fólk til að líta á dauðann sem ógæfu er sá ótti sem guðfræðileg trúarbrögð hafa valdið, einkum bókstafstrúaðir mótmælendur og rómversk-kaþólska kirkjan – óttinn við víti, við refsingu sem venjulega er ekki í neinu samræmi við drýgðar syndir á einu æviskeiði og óttinn við reiði Guðs. Mönnum er sagt að þetta bíði þeirra og frá því sé ekki hægt að losna nema fyrir friðþæginguna. Eins og þið vitið þá er ekki til neinn reiður Guð, ekkert víti og engin friðþæging. Það er aðeins hið mikla kærleikslögmál sem lífgar alheiminn; það er aðeins návist Krists sem vekur vissuna um staðreynd sálarinnar og að líf hennar frelsar okkur, að eina vítið er sjálf jörðin, þar sem við lærum að ávinna okkur frelsi, knúin áfram af lögmáli kærleiks og ljóss með fordæmi Krists að leiðarljósi og innri hvöt okkar eigin sálar. Þessar kenningar um víti eru leifar af þeirri stefnubreytingu í átt til sadisma sem hugsun kristinnar kirkju tók á miðöldum og hinum röngu kenningum í Gamla testamentinu um Jehóva, ættbálksguð Gyðinga. Jehóva er *ekki* Guð, Logos plánetunnar, hið Eilífa hjarta kærleikans sem Kristur opinberaði. Þegar þessar röngu kenningar líða undir lok, mun hugmyndin um víti þurrkast úr minni mannkynsins og í stað hennar kemur skilningur á lögmálinu sem lætur hvern mann ávinna sér frelsi á hinu efnislega sviði og fær manninn til að bæta fyrir þau rangindi sem hann kann að hafa drýgt í lífum sínum á jörðinni og gerir honum um síðir kleift að „gera hreint fyrir sínum dyrum.“

Það er ekki ætlun mín að þröngva upp á ykkur guðfræðilegri umfjöllun. Ætlun mín er aðeins sú að benda á að óttinn við dauðann verður að víkja fyrir vitrænum skilningi á raunveruleikanum og að í staðin komi hugmyndin um stöðugt áframhald sem vinnur gegn umbyltingum og að lögð sé áhersla

á hugmyndina um eitt samfellt líf og eina meðvitaða veru sem ávinnur sér reynslu gegnum marga líkama.

Til að draga saman meginstaðhæfingu mína mætti segja, að ótti og hryllingur dauðans grundvallist á því hve formið er okkur kært – okkar eigið form, form þeirra sem eru okkur kærir og form umhverfisins sem við þekkjum svo vel. En þessi tegund kærleiks er andstæð öllum kenningum okkar um hinn andlega raunveruleika. Von framtíðarinnar, og sú von að okkur takist að losna frá þessum lítt grundaða ótta, liggur í því, að athygli okkar beinist að raunveruleika hinnar eilífu sálar og nauðsyn þeirrar sálar að lifa andlegu, uppbyggilegu og guðlegu lífi í hjúpi hinna efnislegu starfstækja. Í þessari hugsun birtist aftur hugmyndin um endurreisn. Ranghugmyndir gleymast; hugmyndin um eyðingu birtist einnig, þannig beinist athyglin í rétta átt. Sameining krefst ígrundunar, svo að í stað þess að athyglin sameinist lífi líkamans sameinist hún lífi sálarinnar. Sorg, einmanaleiki, óhamingja, hrörnun, missir – þetta eru allt hugmyndir sem hljóta að hverfa samhliða því að hin viðteknu viðbrögð við staðreynd dauðans hverfa. Eftir því sem menn læra að lifa sem meðvitaðar sálir og eftir því sem þeir læra að stilla sig inn á sviðsstig sálarinnar og fara að líta á form einfaldlega sem tjáningartæki, munu hinar gömlu sorglegu hugmyndir um dauðann eyðast smátt og smátt og ný og gleðiríkari viðhorf til þessarar miklu lífsreynslu koma í þeirra stað.

Eins og þið hafið tekið eftir hafa hin mismunandi orð sem ég hef notað um þessar grunnforsendur verið valin vegna sinnar sérstöku merkingar:

1. *Endurreisnin* táknar það, að forminu er skilað aftur til forðabúrs efnisins; eða hvað sálina varðar, endurhvarf hinnar guðlegu andlegu orku til uppsprettu sinnar – annaðhvort á sviði sálarinnar eða mónadsins, en það fer eftir stöðu

mannsins á þróunarbrautinni. Endurreisnin er fyrst og fremst verk mannsálarinnar í hjúpi efnislíkamans og snertir bæði hjarta- og höfuðstöð.

2. *Eyðingin*. Hér er átt við tvenns konar starfsemi hins innri andlega manns; þ.e. að stjórn hins þrígreinda lægri manns sé eytt og að vitundin endurstilli sig á hinum hlutrænu sviðsstigum hugarsviðsins í formi geislandi ljósdepils. Þetta á fyrst og fremst við um hina mennsku sál.
3. *Sameiningin*. Hún á við starf hins frelsaða andlega manns þegar hann sameinast sálinni (yfirsálinni) á æðri sviðsstigum hugarsviðsins. Hlutinn hverfur aftur til heildarinnar og maðurinn skilur hina sönnu merkingu orða Krishna: „Eftir að hafa fyllt allan heiminn með broti af mér, ég er.“ Einnig þessi hluti varir, þessi meðvitaði vitundarþáttur á reynslu-brautinni, sem hefur fyllt hinn litla alheim formsins í heimumum þrem, veit sig vera hluta af heildinni.

*Þetta þrennt er dauðinn.*

Ykkur ætti því að vera ljóst, að þegar mannkynið öðlast þetta hugarfar gagnvart staðreynd viðskilnaðarins, eða listinni að deyja, mun allt viðhorf þess taka gagngerum breytingum til hins betra. Þegar tímar líða mun samfara þessu komast á fjarhrifasamband milli manna; vitsmunir þeirra munu stöðugt aukast og vitund mannkynsins mun í vaxandi mæli verða innstillt á hugarsviðinu. Þetta fjarhrifasamband verður algengt og almennt og sönnun þess er spíritisminn á okkar tímum, þó svo að afbökun hans (og það mjög alvarleg afbökun) byggist aðallega á óskhyggju mannkynsins, en í honum er afar lítið af sönnum fjarhrifum. Þau fjarhrif sem nú á tímum *eru* milli miðils (í transi eða ekki) og hins syrgjandi ættingja eða vinar *eru ekki* milli þess sem hefur gengið í gegnum lausn dauðans

og hins sem er enn í forni. Þetta ber að hafa í huga. Á meðan hugurinn er alla jafna ekki í fjarhrifasambandi er hægt (þó að það sé mjög sjaldgæft) að nota milligöngu miðils sem beitir dulskyggni og dulheyrn en fellur *ekki* í trans. Enn um sinn mun verða nauðsynlegt að koma á sambandi með milligöngu þriðja aðila. Þetta er eingöngu geðheimssamband og þess vegna fullt af blekkingum og rangfærslum. Þetta er samt sem áður skref fram á við frá miðilsfundum okkar tíma, þar sem einfaldlega er gengið fram hjá hinum látna og hið eina sem fyrirspyrjandinn fær er það sem miðillinn getur lesið úr áru hans – það sem hann man um útlit persónunnar, mikilvægar minningar sem geymdar eru í vitund fyrirspyrjandans og óskhyggja um ráðleggingar sem beðið er um, vegna þess að fyrirspyrjandinn heldur að hinn látni hljóti að vera miklu vitrari en hann var, af því að hann er dáinn. Þegar miðlinum tekst endrum og eins að koma á sönnu sambandi, er það vegna þess að fyrirspyrjandinn og hin látna persóna eru hugrænar manngerðir og þar af leiðir að á milli þeirra er raunverulegt fjarhrifasamband sem miðillinn tengist.

Mannkynið tekur framförum, þroskast og er í vaxandi mæli að verða hugrænna. Sambandið milli þeirra sem eru láttnir og hinna sem lifandi eru, hlýtur og mun eiga sér stað á hugræna sviðinu áður en sameiningarferlin hefjast; hið sanna sambandsrof verður þegar hin mennska sál hverfur inn í yfirsálina áður en hún fæðist aftur á jörðinni. Sú staðreynd, að samband næst allt til þess tíma, mun verða til þess að óttinn við dauðann hverfur. Þegar um er að ræða lærisvein sem starfar í heildisskóla meistara mun jafnvel þetta sameiningarferli ekki verða til neinnar hindrunar. Á næstu blaðsíðum mun ég veita fræðslu um það sem nefna mætti listina að deyja og með því eyk ég við það sem ég sagði í bókinni „*A Treatise on White Magic*“.

## NÚVERANDI VIÐHORF TIL DAUÐANS

Ég hef tekið að mér að fjalla um það sem gerist við dauðann og að íhuga nánar þátt hans – hina algengu reynslu (ef aðeins efnisheilinn gæti munað hana og skilið) í tilvist lífverunnar eða sálarinnar í gegnum hringrás endurfæðinganna. Leyfið mér fyrst að koma með nokkrar athugasemdir um viðhorf mannsins sem gengur í gegnum reynslu „endurreisnarinnar.“ Þetta orð, sem er einkar dulfræðilegt, er mikið notað af vígsluhöfum þegar þeir ræða um dauðann. Það viðhorf sem nú er ríkjandi til dauðans er óttinn. Enn sem komið er byggist þessi ótti á hugrænni óvissu um sannreynd ódauðleikans. Án sönnunar um framhaldslíf af hálfu efnisvísindanna er hugmyndin um ódauðleika eða varanlega tilveru þess sem við venjulega eigum við með orðinu „ég“ bundin við svið óskhyggju eða trúar. Þessi trú getur verið grundvölluð á forsendum kristninnar, á trúarlegum fullyrðingum studdum skynsamlegum rökum eða á viðhorfi sem er vísindalegra og beitir þeim rökum að hagfræðileg nauðsyn krefjist þess, að það sem hefur þróast svo lengi og er hátindur þróunarferlisins geti ekki glatast. Það er athyglisvert að engar vísbendingar er að finna á jörðinni um neitt sem náð hefur lengra á þróunarbrautinni en mannkynið; jafnvel fyrir efnishyggjumanni er maðurinn einstakur að því leyti að meðal hans má finna vitund á öllum stigum. Því er hægt að rannsaka hjá manningum öll stig vitundar, allt frá hinum fákunnandi villimanni, í gegnum öll millistig hugrænnar getu, til hinna fremstu hugsuða og snillinga gædda hæfileikum til listsköpunar, vísindalegra uppgötvana og andlegra skynjana.

Spurningin sem dauðinn vekur er einfaldlega: Hvar er sjálfíð, íbúi líkamans, þegar þessi líkami er yfirgefinn og er að eyðast? Eða er einhver íbúi í líkamanum þegar allt kemur til alls?

Saga mannsins sýnir hina endalausú leit að fullvissu um

þetta efni; þessi leit nær hámarki nú á tímum í hinum fjölmörgu félagasamtökum sem vinna að því að reyna að sanna ódauðleikann og að skyggjast inn í vígi andans sem virðist skjóta skjólshúsi yfir þetta „ég“ sem hefur verið leikarinn á hinu efnislega sviði, en fram að þessu hefur hinn einlægi leitandi glímt árangurslaust við þessa gátu. Óttinn knýr áfram þessa áköfu leit; það er því miður staðreynd, að meirihluti þeirra sem taka þátt í hinum vafasömu aðferðum sem viðhafðar eru á miðilsfundum (að frátöldum nokkrum upplýstum vísindamönnum og vitsmunalegum leitendum) eru geðrænar manngerðir sem auðveldlega láta sannfærast og eru fúsar að viðurkenna sem sönnun það sem skynsamari leitandi myndi samstundis hafna.

Leyfið mér að gera hér grein fyrir afstöðu minni til hreyfingar spíritista sem hefur gert svo margt áður fyrr til að sanna framhaldslíf, en hefur einnig gert margt til að afvegaleiða og blekkja mannkynið. Með þessari hreyfingu flokka ég einnig hina ýmsu hópa sem rannsaka sálræn fyrirbrigði en undanskil alla einlæga vísindastarfsemi. Enginn þessara hópa hefur sannað málstað sinn. Leynd og fáránleiki venjulegra miðilsfunda og starf miðlanna hefur samt sem áður sýnt fram á tilveru einhvers sem ekki hefur fengist skýring á; rannsóknarstofur vísindamanna hafa varla getað sýnt fram á neitt sambærilegt. Fyrir hvert tilfalli, þar sem greinilega er hægt að fallast á að látin persóna hafi komið fram, eru þúsundir tilvika sem hægt er að útskýra með trúgírni, fjarhrifasambandi (við eftirlifandi persónu en ekki við hinn látna), að skyggn maður sér hugform eða heyrir raddir og einnig með svikum. Takið eftir að ég tala um endurkomu anda sem „greinilega er hægt að fallast á.“ Næg sönnunargögn eru fyrir hendi til að réttlæta trú á framhaldslíf og sýna fram á raunveruleika þess. Á grunni hinna óskýranlegu tilvika sem hafa verið skjalfest rannsókuð og sönnuð, þar sem samband hefur náðst við þann sem talinn er dáinn, og á



grundvelli trúverðugleika þeirra manna sem vitnað hafa um raunveruleika þessara fyrirbrigða, getum við fullyrt að það er eitthvað sem lifir af „endurreisn“ hins efnislega líkama til hins eilífa efnisforðabúrs. Það er á þeirri forsendu sem við höldum áfram umfjöllun okkar.

Nú á tímum er dauðinn mjög algengur atburður. Heimsstýrjöldin hefur sent milljónir karla og kvenna – óbreytta borgara og hermenn úr hinum ýmsu herdeildum allra þjóða – inn í hina óþekktu veröld sem tekur við öllum sem yfirgefa hið efnislega form. Nú á tímum er ástandið þannig, að þrátt fyrir hinn djúpstæða og forna ótta við dauðann er að vakna í vitund mannkynsins skilningur á því, að til er margt verra en dauði; menn hafa lært að hungursneyð, limlestingar, varanleg líkamleg fötlun, geðræn fötlun af völdum stríðs og þjáningar og sálarkvalir sem menn sjá en geta ekki aflétt eru vissulega verri en dauði og að auki vita margir og trúa (því slík er dýrð mannsandans), að þau verðmæti, sem menn hafa barist og dáið fyrir um aldir og talin eru ómissandi fyrir hinn frjálsa anda mannsins, hafi meira gildi en dauðinn. Þetta viðhorf, sem er einkennandi fyrir næmt og hugsandi fólk nú á tímum, er nú að koma fram mjög víða. Það þýðir að menn skynja, samhliða hinum forna ótta, óslökkvandi von um betri kosti annars staðar, þetta þarf ekki endilega að vera nein óskhyggja, heldur vísbending um dulda hugræna þekkingu sem smátt og smátt er að koma í ljós. Eitthvað er að koma fram sem er afleiðing mannglegrar þjáningar og mannglegrar hugsunar; menn skynja þetta nú; síðar verður þetta viðurkennd staðreynd. Andstæða þessarar innri fullvissu og hugrænu þekkingar eru fornar hugsanavenjur, hið gróna efnishygguviðhorf nútímans, óttinn við blekkingar og andstaða bæði vísindamanna og trúaðra eða kirkjunnar manna. Hinir fyrrnefndu neita réttilega að trúa því sem enn er ósannað og ekki virðist mögulegt að sanna, en trúarhópar og stofnanir bera ekkert traust til neinna sanninda

sem þeir hafa ekki sjálfir sett fram á sinn hátt. Þetta veldur því að óeðlileg áhersla er lögð á það að trúa, sem aftur spillir fyrir allri áhugaverðri rannsókn. Uppgötvun ódauðleikans sem *staðreyndar* mun koma frá fólkinu; kirkjan mun viðurkenna hana um síðir og vísindin sanna hana, en þetta verður ekki fyrr en eftirköst stríðsins hafa hjaðnað og ró hefur komist á að nýju á plánetunni.

Það þarf ekki að taka það fram að vandamálið varðandi dauðann byggist á lífsviljanum sem er djúpstæðasta hvöt mannsins. Þá niðurstöðu að ekkert geti orðið að engu samkvæmt guðlegu lögmáli hafa vísindin viðurkennt; um allan heim er litið á ævarandi stöðugleika í einhverri mynd sem sannindi.

Af miklum fjölda kenninga hefur verið bent á þrjár megingiltáttur sem vel eru þekktar meðal hugsandi manna. Þær eru:

1. *Ósveigjanleg niðurstaða efnishyggjunnar* sem gerir ráð fyrir reynslu og tjáningu meðvitaðs lífs svo lengi sem hið efnislega og áþreifanlega form er til og viðhelst, en gerir jafnframt ráð fyrir að eftir dauða og eyðingu líkamans sé ekki um neina meðvitaða, starfandi og sjálfsvitandi persónu að ræða. Ég-vitundin, tilfinningin fyrir sjálfi aðgreindu frá öðrum persónum, eyðist um leið og formið leysist upp; talið er að persónuleikinn sé aðeins samheild vitundar allra frumna líkamans. Þessi kenning skipar manninum á bekk með formum sem heyra undir hin þrjú ríki náttúrunnar; hjá meðalmaninum byggist hún á skorti á næmni fyrir lífi sem ekki birtist í áþreifanlegu starfstæki; hún skeytir engu um öll sönnunargögn fyrir hinu gagnstæða og kennir, að þar sem við getum ekki séð og þreifað á hinu eftirlifandi sjálfi eða ódauðlegu veru eftir dauðann, þá sé hún ekki til. Þessa kenningu aðhyllast ekki jafn margir nú og gerðu áður fyrr, einkum á því tímabili efnishyggju sem kennt er við Viktoríu drottningu.

2. *Kenningin um skilyrtan ódauðleika.* Þessa kenningu aðhyllast enn ákveðnir bókstafstrúarmenn og þröngir hugrænir skólar og einnig fáeinir menntamenn einkum þeir sem hafa sjálfhverfar tilhneigingar. Hún gerir ráð fyrir því að aðeins þeir sem ná sérstöku stigi andlegs skilning eða viðurkenna ákveðnar guðfræðikenningar geti öðlast að gjöf persónulegan ódauðleika. Þeir sem eru mjög hugrænt sinnaðir halda því stundum fram að æðsta gjöfin til mannkynsins sé þroskaður og menntaður hugur og að þeir sem hafa hlotið þessa gjöf eigi jafnframt fyrir höndum eilífa tilveru. Einn skólinn dæmir þá, sem eru að hans mati andlega óhlýðnir eða ómóttækilegir fyrir boðskap hans sérstöku guðfræðilegu kennisetninga, til algerrar eyðingar eins og efnishyggjan gerir ráð fyrir, eða til eilífrar refsingar og gerir þannig samtímis ráð fyrir einhvers konar ódauðleika. Vegna hinnar eðlislægu gæsku mannhjartans eru þeir mjög fáir sem eru nægilega hefnigjarnir eða lítt hugsandi til að líta á þessa framsetningu sem fullnægjandi, en að sjálfsgöðu verðum við að telja í þeirra hópi það lítt hugsandi fólk sem flýr frá hugrænni ábyrgð til blindrar trúar á guðfræði-kennisetningar. Hin kristna túlkun eins og hún er sett fram í kenningum rétttrúnaðar og bókstafstrúar reynist óverjandi, þegar hún er skoðuð í ljósi skynseminnar. Meðal þeirra röksemda sem hrekja réttmæti hennar er að hin kristna skoðun gerir ráð fyrir langri framtíð en engri fortíð; það er sömuleiðis framtíð sem ræðst í öllu af gerðum á núverandi æviskeiði og skýrir alls ekki þann mismun og margbreytileika sem einkennir mannkynið. Hún er aðeins verjanleg samkvæmt kenningunni um mannlegan Guð og að samkvæmt vilja hans – eins og hann starfar í reynd – sé aðeins til nútíð sem á sér enga fortíð en aðeins framtíð; óréttlæti þessarar hugmyndar er víða skynjað, en hinn torræða vilja Guðs má ekki vefengja! Milljónir manna eru enn þessarar trúar, en hún er ekki eins ríkjandi nú og var fyrir hundrað árum.

3. *Kenningin um endurholdgun*, sem er vel þekkt meðal lesenda minna, er að öðlast vaxandi fylgi meðal Vesturlandabúa; hún hefur alltaf verið viðurkennd meðal Austurlandabúa (þótt það sé með mörgum fáránlegum viðbótum og túlkunum). Þessi kenning hefur verið jafn rangtúlkuð og kenningar Krists, Búddha og Shri Krishna af þröngsýnum og hugrænt takmörkuðum fræðimönnum þeirra. Grundvallar staðreyndirnar um andlegan uppruna, niðurstigningu í efnið, upphafningu fyrir tilstilli stöðugra endurfæðinga í formi, þar til þessi form eru orðin fullkomin tjáning hinnar ídveljandi andlegu vitundar, og röð vitundarvígslna við lok tímabils endurholdgananna, eru samþykktar og viðurkenndar mun fúslegar nú á tímum en nokkru sinni fyrr.

Þetta eru megintilgátturnar um ódauðleika og varanleika hinnar mennsku sálar; þær leitast við að svara hinum eilífu spurningum mannhjartans hvaðan við komum, hver sé tilgangurinn og hvert við förum. Aðeins síðasta tilgátan gefur skynsamleg svör við öllum þessum spurningum. Viðurkenning hennar hefur tafist vegna þess að allt frá tímum H.P. Blavatsky, sem flutti nútímanum þessi fornu sannindi á síðasta fjórðungi nítjándu aldar, hefur framsetning hennar verið mjög óskynsamleg; sú staðreynd, að hún hefur alltaf verið þekkt meðal Austurlandabúa hefur háð henni, því frá sjónarmiði Vestursins eru þeir heiðnir og hinir heiðnu „dýrka í blindni stokka og steina“ eins og segir í einum bókstafstrúarsálmi. Sérkennilegt er að átta sig á því, að frá sjónarhóli Austurlandabúans er framferði trúaðra Vesturlandabúa mjög áþekkt, það má sjá þá á hnjánnum frammi fyrir styttnum af Kristi, Maríu mey og postulunum.

Dulspekingar heimsins, sem starfa í gegnum guðspekifélögin og aðrar svonefndar dulspekihreyfingar, hafa stórlega spillt fyrir framsetningu sannindanna um endurholdgun, vegna ónauðsynlegra, léttvægra, ónákvæmra og óstaðfestra smáatriða

sem þeir halda fram sem sannleika um atburðarás dauðans og kringumstæður mannsins eftir andlátíð. Þessi smáatriði byggjast einungis á geðrænni skyggniáfu leiðandi fólks í Guð-spekifélaginu, en eru ekki í ritningum heimsins. H.P.B. minntist ekki á neitt slíkt í „*The Secret Doctrine*.“ Dæmi um þessar ónákvæmu og óskynsamlegu tilraunir manna til að varpa ljósi á kenninguna um endurfæðingu mannsins, má sjá á þeim tímamörkum sem framlíðnum sálum manna eru sett milli endurholdgana – svo og svo mörg ár eiga að líða á milli jarðvista allt eftir aldri sálarinnar og stöðu hennar í þróunarstigunum. Okkur er sagt að langur tími líði milli æviskeiða hjá mjög þroskuðum sálum, en í raun er þessu öfugt farið. Þroskaðar sálir og þeir sem eru hraðfara að þroska með sér vitsmunalega getu, koma mjög fljótt aftur til fæðingar, en það stafar af næmni þeirra fyrir skyldum, áhugamálum og kvöðum sem þegar hafa náð festu á efnisviðinu. Fólki hættir til að gleyma því að tíminn er röð atburða og breytinga á vitundinni eins og það er túlkad af efnisheilanum. Þegar ekki er neinn efnisheili er það sem menn kalla tíma ekki heldur til. Eftir því sem hindranir formsins eru fjarlægðar ein af annarri effist skilningurinn á hinu eilífa núí. Þegar þannig er, að hinn framlíðni maður heldur áfram að vera bundinn tíma í hugsun sinni, er ástæðan sýndarljómi og viðvarandi máttugt hugform. Það gefur til kynna vitundarstillingu á geðræna sviðinu; en það er sviðið sem leiðandi rithöfundar og skyggnt fólk í guðspekifélögunum hefur starfað á og grundvallað skrif sín á. Frásögn þeirra er mjög einlæg, en það áttar sig ekki á blekkingareðli alls sem byggist á geðrænni skyggni. Tilfinningin fyrir ráðandi þætti tímans og hin stöðuga áhersla sem lögð er á tímasetningar er einkennandi fyrir mjög þroskað fólk í jarðvist og þá sem búa yfir máttugum eiginleikum hins lægri hlutstæða hugar. Börn og frumstæðir þjóðflokkar og það háþróaða fólk í jarðvist sem hefur óhlutstæða hugann virkan (með lægri hugann sem tengilið og túlkanda)

hefur aftur á móti venjulega lítið tímaskyn. Vígsluhafar nota tímaþáttinn í samskiptum sínum við þá sem lifa á efnissviðinu, en innra með sér eru þeir að öðru leyti óháðir honum hvar sem er annars staðar í alheiminum.

Af þessu má sjá að notkun hugtaksins „ó dauðleiki“ gefur til kynna lausn frá tíma og kennir að það eigi við hvað eina sem er varanlegt og handan tíma. Þessi fullyrðing krefst vandlegrar íhugunar. Maðurinn endurfæðist ekki samkvæmt tímaáætlun. Hann endurfæðist vegna kröfu karmískra skuldbindinga, vegna þrýstings frá því sem hann sem sál, hefur hrundið af stað og vegna þess að hann skynjar þörfina á því að uppfylla kvaðir sem hann hefur tekið á sig; hann endurfæðist einnig vegna þess að hann finnur til ábyrgðar og til að mæta þeim kvöðum sem fyrri brot hans á lögmálunum sem ráða réttum samskiptum manna, hafa lagt honum á herðar. Þegar öll þessi skilyrði, sálræn nauðsyn, lífsreynsla og kvaðir hafa verið uppfyllt, hverfur hann endanlega „inn í hið tæra kalda ljós kærleiks og lífs“ og þarf ekki lengur (sjálfs sín vegna) á vöggustofustigi sálarreynslunnar á jörðinni að halda. Hann er laus undan karmískum kvöðum í heimunum þrem, en er enn bundinn karmískri nauðsyn sem krefur hann um alla þá þjónustu sem hann mögulega getur veitt þeim sem enn eru háðir lögmáli karmískra skuldbindinga. Hér er því um að ræða þrjár hliðar karmalögmálsins, sem hafa áhrif á lögmál endurholdgunar:

1. *Lögmál karmískra skuldbindinga*, sem ræður lífinu í hinum þrem heimum mennskrar þróunar, en áhrifum þess lýkur við fjórðu vitundarvígsluna.
2. *Lögmál karmískrar nauðsynjar*. Þetta lögmál ræður lífi þroskaðra lærisveina og vígsluhafa allt frá annarri vígslu til ákveðinnar vígslu ofar hinni fjórðu; þessar vígslur gera honum kleift að hverfa inn á braut hinnar æðri þróunar.

3. *Lögmál karmískrar umformunar.* Þetta er leyndardómsfullt hugtak sem ræður því ferli sem gengist er undir á hinni æðri leið. Það gerir vígsluhafanum kleift að hverfa endanlega frá kosmíska efnissviðinu til starfa á kosmíska hugarsviðinu. Það varðar lausn þeirra sem sambærilegir eru við Sanat Kúmara og samstarfsmenn Hans í Ráðsalnum í Shamballa, frá yfirráðum kosmískra langana sem birtast á kosmíska efnissviðinu sem andlegur vilji. Þetta ætti að vekja ykkur til umhugsunar. Augljóst er þó að það er lítið sem ég get sagt um þetta efni. Þekkinguna sem til þarf hef ég ekki enn á valdi mínu.

Við skulum nú snúa okkur að næsta þætti viðfangsefnisins. Í grófum dráttum má segja að dauðinn skiptist í þrjú meginstig.

Það er fyrst hinn efnislegi dauði sem síendurtekur sig. Hann er okkur öllum gagnkunnur vegna stöðugra endurtekninga, ef við aðeins gerðum okkur grein fyrir því. Það myndi fljótt eyða núverandi ótta við hann. Síðan er það „hinn annar dauði“ eins og segir í Biblíunni sem tengist eyðingu allra geðrænna yfirráða yfir manningum á þessu plánetutímabili. Í víðari skilningi er þessi dauði fullkomnaður við fjórðu vígsluna, þegar jafnvel hin andlega þrá deyr, þar sem ekki er þörf fyrir hana lengur; vilji vígsluhafans er nú stöðugur og óbifanlegur og geðræn næmni því óþörf.

Sérstæða hliðstæðu þessarar reynslu er að finna á mun lægra sviði í dauða allra geðrænna tilfinninga sem gerist hjá leitandanum við aðra vígsluna. Það er þá fullkomnaður og meðvitaður atburður. Milli annarrar og þriðju vígslunnar verður vígsluhafinn að sýna fram á áframhaldandi ónæmi fyrir geðsveiflum og tilfinningasemi geðræna sviðsins. Sá annar dauði, sem ég er hér að vísa til, á við dauða eða upplausn sálarlíkamans sem gerist við fjórðu vígsluna; hann er til marks um fullkomnaða smíði antahkarana (vitundarbrúarinnar) og að

komist hefur á beint og hindrunarlaust samfellt samband milli mónads og persónuleika.

Hinn þriðji dauði gerist þegar vígsluhafinn rýfur endanlega öll tengsl við kosmíska efnissviðið án þess að eiga þangað afturkvæmt. Þessi dauði liggur að sjálfsgöðu í fjarlægri framtíð fyrir öllum innan Helgivaldsins og er nú aðeins mögulegur og leyfilegur örfáum í Ráðsal Shamballa. Sanat Kúmara mun samt sem áður ekki ganga í gegnum þetta ferli. Hann gekk í gegnum þessa „ummyndun“ fyrir langa löngu þegar hin miklu umbrot áttu sér stað sem mörkuðu upphaf Lemúrítímabilsins, en þau komu til af kosmískri reynslu Hans og þörfinni á orkustreymi frá verum utan plánetunnar.

Ég hef gert þessa stuttu samantekt til að auka almennan skilning ykkar á því sem meistararnir kalla „útvíkkun dauðans í rými.“ Á næstu blaðsíðum munum við samt sem áður takmarka okkur við efni sem snertir dauða efnislíkamans og fíngerðari líkamanna í heimunum þrem; við munum einnig fjalla um þau ferli sem valda því að hin mennska sál hverfur aftur inn í hina andlegu sál á sínu eigin sviði, æðra hugarsviðinu; við munum athuga enduraðlögun efnis og samsöfnun efnis fyrir endurfæðingu.

Við munum því taka til umfjöllunar meginferlin þrjú sem ég hef áður minnst á; þau ná yfir þrjú tímabil og leiða um síðir til annarra, samkvæmt lögmáli endurfæðinganna. Þau eru:

1. *Endurreisnin* sem ræður tímabilinu þegar sálin hverfur frá efnissviðinu og úr hinum hlutlægu eðlisþáttum sínum, þetta efnislíkamanum og etherlíkamanum. Það sem hér um ræðir tengist listinni að deyja.
2. *Eyðingin*. Hún ræður fyrir því tímabili í lífi mannsálarinnar sem hefst eftir andlátíð og varir í hinum tveim öðrum heimum mennskrar þróunar. Hér er um það að



ræða að sálin eyðir líkama geðs og hugar, svo hún verði „reiðubúin að standa frjáls á sínum eigin stað.“

3. *Sameiningin*, á við tímabilið þegar hin frelsaða sál verður aftur meðvituð um sjálfa sig sem Engil návistarinnar og hverfur inn í heim sálnanna, inn í ástand íhugunar. Síðar, vegna áhrifa lögmáls karmískrar skuldbindingar eða nauðsynjar, fer sálin á ný að búa sig undir aðra niðurstigningu í form.

Svið reynslunnar (þar sem er dauði eins og hinn venjulegi maður þekkir hann) eru hinir þrír heimar mennskrar þróunar – efnisheimur, geðheimur eða heimur tilfinninga og hugarheimur. Þessi heimur er, þegar á allt er litið, tvöfaldur frá sjónarmiði dauðans og af því leiðir hugtakið „hinn annar dauði.“ Áður notaði ég þetta hugtak um upplausn sálarlíkamans sem hin andlega sál hefur hingað til notað. Það er samt sem áður hægt að nota þetta hugtak í bókstaflegri merkingu um síðara stigið í ferli dauðans í heimunum þrem. Þá er aðeins átt við formið og þau starfstæki tjáningar sem er að finna neðan við hin formlausu svið kosmíska efnissviðsins. Þessi formsvið eru (eins og þið vitið, því sú þekking er byrjunaratriði hinnar dulspekilegu kenningar) sviðin sem hinn hlutstæði lægri hugur starfar á, hið svonefnda astralsvið eða geðsvið, sem tilfinningaeðlið andsvarar, og hið tvígreinda efnissvið. Efnislíkaminn er samsettur úr þetta efnislíkamanum og etherlíkamanum. Þar af leiðir að þegar við fjöllum um dauða mannsins verðum við að nota hugtakið dauði í tengslum við tvo þætti í þessari atburðarás:

*Fyrri þáttur:* Dauði efnis- og etherlíkamans. Hann skiptist í tvö stig:

- a. Þegar atómunum sem mynda efnislíkamann er skilað aftur til uppsprettunnar þaðan sem þau komu. Þessi

uppspretta er samheild alls efnis plánetunnar og myndar hinn efnisþetta líkama Plánetulífsins.

- b. Þegar etherlíkaminn, sem samsettur er úr samsafni orkutegunda, skilar þeim aftur til hinnar sameiginlegu orkuuppsprettu. *Þessi tvígreindi þáttur nær yfir það sem kallað er endurreisnin.*

*Seinni þáttur:* „Höfnun“ (eins og það er stundum kallað) starfstækja hugar og geðs. Þessi tvö starfstæki mynda í raun aðeins einn líkama sem fyrstu guðspekingarnir gáfu (réttilega) nafnið „kama-manasíski líkaminn“ eða starfstæki langanahugans. Ég hef á öðrum stað sagt að það sé ekki til neitt geðsvið eða geðlíkami. Alveg eins og efnislíkaminn er gerður úr efni sem ekki er talið vera sjálfstæður eðlisþáttur, má frá sjónarmiði hugans, fella geðlíkamann í sama flokk. Það er erfitt fyrir ykkur að skilja þetta, vegna þess að langanir og tilfinningar eru svo raunverulegar og ákaflega mikilvægar. En ef við tölum bókstaflega frá sjónarmiði hugarsviðsins þá er geðlíkaminn „tilbúningur ímyndunarinnar;“ hann er *ekki* sjálfstæður eðlisþáttur. Beiting fjöldans á ímyndunaraflinu í þjónustu langana hefur samt sem áður skapað sýndarheim blekkinga, heim geðsviðsins. Í efnislegri tilveru, þegar maðurinn er ekki á vígslubrautinni, er geðsviðið mjög raunverulegt með eigin lífsorku og lífi. Eftir fyrsta dauðann (dauða efnislíkamans) er það enn jafn raunverulegt. En máttur þess fjarar út smátt og smátt; hinn hugræni maður uppgötvar sitt sanna vitundarstig (hvort sem hann er þroskaður á því stigi eða ekki) og hinn seinni dauði verður mögulegur og gerist. *Þessi þáttur nær yfir það sem við köllum eyðinguna.*

Þegar þessum tveimur þáttum listarinnar að deyja er lokið,

stendur hin afhjúpaða sál frjáls undan yfirráðum efnis; hún hefur hreinsast tímabundið (í gegnum þessi stig endurreisnar og eyðingar) frá allri snertingu við efni. Þessu er ekki áorkað með neins konar starfi sálarinnar í formi, hinni mennsku sál, heldur er það afleiðing af starfi sálarinnar á sínu eigin sviði, þegar hún dregur til sín þennan hluta af sjálfri sér sem við köllum hina mennsku sál. Það er fyrst og fremst starf hinnar yfirskyggjandi sálar sem veldur þessu; það er ekki sálin í persónuleikanum sem vinnur þetta verk. Á meðan á þessu stendur er hin mennska sál aðeins móttækileg fyrir togi eða aðlöðunarkrafti hinnar andlegu sálar þegar hún – af ásetningi – nær hinni mennsku sál út úr umlykjandi hjúpum sínum. Síðar meir, eftir því sem þroskinn vex og sálin nær aukinni stjórn á persónu sinni, verður það sálin *innan* hjúpanna sem setja mun af stað atburðarás dauðans – meðvitað og af ásetningi. Á fyrri stigum þessarar þróunar fer lausnin fram með hjálp hinnar yfirskyggjandi andlegu sálar. Síðar meir, þegar maðurinn á efnissviðinu lifir sem sál, mun hann sjálfur – með fullkomlega samfelldri vitund – stjórna ferli aðskilnaðarins og síðan (í markvissum tilgangi) „stíga upp til þess staðar sem hann kom frá.“ Þetta er endurspeglun í heimunum þrem á hinni guðlegu uppstigningu hins fullkomnaða Guðssonar.

Sumu af þeirri þekkingu sem ég hef þegar látið í té um dauðann í öðrum ritum mínum mætti gjarnan bæta hér inn í. Með því hef ég ákveðinn tilgang í huga. Á þessum tímum er dauðinn allt umhverfis ykkur; krafa mannsandans, að ljósi verði varpað á þetta viðfangsefni, hefur náð ákveðnu hástigi; hún kallar á hið óhjákvæmilega andsvar Helgivaldsins. Það er einnig von mín að nemandi muni gera eitthvað verulega gagnlegt til hjálpar við að bregða ljósi á ferli dauðans eins og mannkynið nú krefst.

## UM DAUÐANN

## BROT ÚR ÖÐRUM RITUM

„Hví þessi blindi máttur? Hví dauðinn? Hví þessi hrörnun formanna? Hvers vegna brestur kraftinn til að viðhalda? Hví dauðinn, ó þú máttugi Sonur Guðs?“

Með veikum rómi berst svarið: „Ég held lyklum lífs og dauða. Ég bind og endurleysi. Ég, eyðandinn, er.“

*A Treatise on the Seven Rays*, 1. bindi, bls. 63.

Tilgangur lávarðar fyrsta geislans er að standa að baki hinum guðlegu meginþáttum og þegar þeir hafa lokið ætlunarverki sínu, að brjóta niður formin sem þeir hafa byggt.

Hann sem stýrir drama dauðans í öllum lífríkjunum – eyðingu forma sem veldur því að máttur losnar úr viðjum og gerir mögulega „inngönguna í ljósið í gegnum hlið dauðans.“

Bls. 64.

- a. „Haltu að þér höndum uns stundin er runnin upp. Gef þá gjöf dauðans, ó þú sem lýkur upp dyrunum.“

Bls. 65.

- b. „Svipt klæðinu frá því sem leynist undir hinum mörgu fellingum þess. Kasta burt hulunum. Lát Guð sjást. Tak Krist niður af krossinum.“

Bls. 69.

Fyrsta skrefið í þá átt að sanna tilveru sálarinnar er að sýna fram á líf eftir dauðann, þótt það þurfi ekki óhjákvæmilega að sanna staðreynd ódauðleikans. . . Stöðugt er verið að sanna að eitthvað lifir dauðann og að eitthvað heldur áfram að vera til

eftir að efnislíkaminn leysist sundur. Sé ekki svo þá erum við fórnarlömb hópskynvillu og heili og hugur þúsunda er ósannur og blekkjandi, sjúkur og brenglaður. Svo magnaða múgsefjun er erfiðara að fallast á heldur en möguleikann á útpenslu vitundarinnar.

Bls. 98-99.

- a. Aukin etherskyggni og vaxandi fjöldi sem býr yfir dulheyrn og dulskyggni leiðir jafnt og þétt í ljós tilveru geðsviðsins og etherhluta efnisheimsins. Sífelld fleiri verða varir við þetta óhlutræna svið; sjá fólk allt um kring sem annaðhvort er „dáið“ eins og sagt er eða hefur kastað af sér efnishulunni í svefni.

Bls. 98

- b. Á næstu tvö hundruð árum munum við sjá dauðann hverfa, eins og við skiljum nú þau miklu umskipti og tilvera sálarinnar verður sönnuð. Sálin verður þekkt sem lífvera, sem hin mótandi hvöt og andlega orkustöð að baki allra raunbirtra forma. . . Sýnt verður fram á eðlislægan ódauðleika okkar og litið verður á hann sem náttúrulega staðreynd.

Bls. 96.

Innan tiltölulega fárra ára mun staðreyndin um varanleika og eilífð tilverunnar færast frá sviði getgátna inn á svið fullvissu. . . Í hugum manna verður enginn efi á að eftir að maðurinn hefur losað sig við efnislíkamann, verður hann samt sem áður sjálfsmeðvituð lifandi vera. Ljóst verður að maðurinn heldur áfram tilveru sinni á sviði sem liggur að baki hinu efnislega. Vitað verður að hann er enn lifandi, vakandi og með fulla skynjun. Þessu mun valda eftirfarandi:

- a. Þróun hæfileika í hinu líkamlega auga mannsins . . . mun opinbera etherlíkamann . . . menn munu sjást búa í slíkum líkama.
- b. Vaxandi fjöldi fólks sem býr yfir hæfileika til að nota hið „endurvakta þriðja auga“ mun sýna fram á ódauðleikann, því það mun auðveldlega sjá mann sem hefur lagt frá sér etherlíkamann ásamt efnislíkamanum.
- c. Uppgötvun á sviði ljósmyndunar mun sanna framhaldslíf.
- d. Með notkun útvarps af hálfu þeirra sem látnir eru mun um síðir komast á samband og það færast yfir á svið vísindanna.
- e. Maðurinn mun um síðir ná þeirri skynjun og þeim tengslum sem gera honum kleift að *sjá í gegn* og það mun opinbera honum eðli fjórðu víddarinnar og blanda hinum hlutrænu og óhlutrænu heimum saman í nýjan heim. Dauðinn mun missa brodd sinn og þessi sérstaki ótti hverfur.

Bls. 183.

Þið verðið alltaf að hafa í huga að vitundin er sú sama í jarðvist og utan hennar, að þróunin getur jafnvel gengið auðveldar fyrir sig þegar hindranir og takmarkanir efnisheilans eru ekki fyrir hendi.

*Discipleship in the New Age*, 1. bindi, bls. 81.

Lögmál fórnar og dauða er ráðandi þáttur á efnissviðinu. Eyðing forma í þeim tilgangi að lífi í þróun geti miðað fram á við er ein af grundvallaraðferðum þróunar.

*A Treatise on Cosmic Fire*, bls. 569.

- a. Lögmál sundrunar er ein hliðin á lögmáli dauðans. Þetta er lögmálið sem ræður eyðingu forma til þess að hið ídveljandi líf geti skinið í fyllingu sinni ...

Þetta lögmál brýtur niður formin, en lögmál aðlöðunar dregur efnivið þessara forma aftur til frumuppsprettu sinnar.

Bls. 580.

b. Lögmál dauðans ræður í heimunum þrem.

Bls. 596.

c. Lögmál fórnarinnar er lögmál dauðans í fíngerðari líkömunum, hliðstætt því sem við köllum dauða í efnislíkamanum.

Bls. 596.

d. Lögmál dauða og fórnar ræður hinni hægfare hrörnun hlutlægra forma og fórn þeirra á altari lífs í þróun.

Bls. 596.

e. Þegar allar einingar eða frumur í líkama Plánetulogossins hafa náð markmiðinu, leysist hann einnig úr viðjum efnislegrar birtingar og deyr efnislegum dauða.

Bls. 509.

Dulfræðilega séð er ferli DAUÐANS eftirfarandi:

- a. Fyrsta stigið felst í því að lífkraftur etherlíkamans dregst út úr efnislíkamanum með þeim afleiðingum að hann leysist upp í frumeindir sínar. Hinn hlutlægi maður hverfur og er ekki lengur sýnilegur hinu efnislega auga, þótt hann sé enn í etherlíkama sínum. Þegar etherskyggni hefur þroskast mun hugmyndin um dauðann fá á sig annan blæ. Þegar meirihluti mannkyns getur séð manninn í etherlíkama sínum verður litið á fráfall efnislíkamans sem endurlausn.
- b. Annað stigið felst í því að lífkrafturinn hverfur úr etherlíkamanum og hann deyr...

- c. Þriðja stigið felst í því að lífkrafturinn hverfur úr geðræna starfstækinu og það leysist upp á svipaðan hátt og hin fyrri. Lífið er þá innstillt á öðrum stað. Það hefur öðlast aukið lífsmagn í gegnum tilveru sína á efnissviðinu og meiri lit vegna geðrænnar reynslu.
- d. Lokastigið hjá manningnum verður þegar hann dregur sig úr hugræna starfstækinu. Eftir þennan fjórgreinda aðskilnað eru lífkraftarnir innstilltir í sálinni...

Bls. 735-7.

Lögmál aðlöðunar leysir upp formin og dregur efni þeirra aftur til frumuppsprettu sinnar áður en það er endurnotað til uppbyggingar nýrra forma. Á braut þróunarinnar eru verkanir þessa lögmáls vel þekktar, ekki aðeins við eyðingu aflagðra starfstækja, heldur einnig við eyðingu forma sem miklar hugsjónir hafa byggt. . . Um síðir verða öll form að láta undan verkunum þessa lögmáls.

Verkanir þess eru augljósari hinum venjulega manni eins og það birtist nú á tímum á efnissviðinu. Við getum rakið tengslin á milli atmíska (andlega) og efnislega sviðsins – sem koma fram á lægri sviðunum sem lögmál fórnar og dauða – en einnig má sjá áhrif þess á öllum sviðunum fimm. Þetta er lögmálið sem rýfur síðustu himnuna sem aðgreinir hina fullkomnuðu sál.

Bls. 581.

Þegar „viljinn til lífs“ dvínar hverfa „synir skyldunnar“ úr hlutlægrri birtingu. . . Þegar hugsuðurinn á sínu eigin sviði dregur athyglina frá sínu litla lífkerfi í heiminum þrem og safnar til sín öllum kröftum sínum þýðir það endalok efnislegrar tilveru og allt hverfur til baka til vitundar sálarinnar... Á efnissviðinu kemur það fram í því, að hinn geislandi etherlíkarni dregst út um hvirfilinn og afleiðingin verður sundrun hins efnislega. Stodverkið hverfur og hið þetta efnisform leysist sundur.

Bls. 85.



- a. Í raun er etherlíkaminn vefur örfínna rása sem eru þættir í einum samfléttuðum fingerðum þræði – einn hluti hans er segulmagnaða tengingin sem tengir saman efnislíkama og geðlíkama en hún rofnar eftir að etherlíkaminn hverfur úr efnislíkamanum við andlátíð. (Sjá Predikarann: 12.6.)

Bls. 98.

- b. Síðar, „ákveðnum aðferðum við að sýna fram á að lífið heldur áfram eftir dauða efnislíkamans verður fylgt og komist verður að raun um að ethervefurinn hefur þar hlutverki að gegna.“

Bls. 429.

Dauði er „vígsla, eða lausn úr viðjum.“

*A Treatise on the Seven Rays*, 1. bindi, bls. 197.

### *Dauði og etherlíkaminn.*

Ekki er ætlun okkar að koma fram með staðreyndir sem vísindin geta sannað, né heldur að benda á næsta skref fram á við fyrir vísindalega rannsakendur; ef slíkt kemur fyrir er það aðeins fyrir tilviljun og er aukaatriði. Það sem við reynum fyrst og fremst að gera, er að gefa vísbendingar um þróun og hliðstæður hinnar þrígreindu heildar sem gerir sólkerfið að því sem það er – starfstæki mikillar kosmískrar VERU, Sólarlogossins, til birtingar á virkum vitsmunum með það að markmiði að birta á fullkominn hátt kærleikseðli sitt. Að baki þessu liggur enn innræðara og fjarlægara markmið falið í viljavitund Verunnar æðstu og hlýtur að koma í ljós síðar meir þegar núverandi markmiði er náð. Hin tvígreindu umskipti hlutlægrar raunbirtingar og óhlutlægrar myrkvunar, hin tímaskeiðsbundna

útöndun og innöndun alls sem þróunin hefur borið í skauti sér, felur í sér eina af kosmísku grunnsveiflunum í sólkerfinu og grunntón þeirrar kosmísku VERU sem við erum hluti af. Hjartaslög Logossins (ef hægt er að tjá það á svo ófullkominn hátt) eru uppspretta allrar hringferilþróunar og þar af leiðir mikilvægi þess sem tengist þeim þætti þróunarinnar sem nefndur er „hjartað“ eða „kærleikspátturinn“ og þess áhuga sem vaknar við athugun á hrynjandi. Þetta er staðreynd, ekki aðeins alheimslega og stórheimslega, heldur einnig í rannsókn á manningum. Að baki allrar efnislegrar skynjunar sem tengist hrynjandi, sveiflutíðni, hringrásum og hjartslætti liggja hinar óhlutstæðu hliðstæður – kærleikur, tilfinning, geðhrif, löngun, samræmi, samfjöllun, röð og regla – að baki þessara hliðstæðna liggur uppspretta alls, tilvera Verunnar æðstu sem þannig tjáir sig.

Þannig mun rannsókn á myrkvun (pralaja), eða brotthvarfi lífsins úr etherlíkamanum verða eins, hvort sem rannsakað er brotthvarf hins mennska ethertvífara, brotthvarf ethertvífara plánetu, eða brotthvarf ethertvífara sólkerfis. Áhrifin eru þau sömu og afleiðingarnar áþekkar.

Hverjar eru afleiðingar brotthvarfsins eða öllu heldur, hvað veldur því sem við nefnum dauða eða myrkvun? Þar sem við höldum okkur við fræðilegt form í þessu riti, munum við halda áfram að nýta okkur töfluformið. Brotthvarf etherlíkama manns, plánetu og sólkerfis gerist vegna eftirfarandi orsaka:

a. *Með hjöðnun löngunar.* Sem ætti að verða afleiðing allrar þróunar. Hinn sanni dauði samkvæmt lögmálinu gerist með því að markmiðinu er náð og það veldur því að leitinni lýkur. Þetta á við þegar hin fullkomna hringrás nálgast lokamarkmið sitt, bæði hjá manningum sem einstaklingi, Himnamanningum og Logosnum sjálfum.

b. Með því að hægja á og eyða smátt og smátt hinni hringferilbundnu hreyfingu *er fullnægjandi sveiflutíðni náð* og verkið telst fullkomnað. Þegar tíðnin eða tónninn er fullkomlega skynjaður eða tónaður, veldur það (á þeim punkti þegar samfjöllun næst við aðra sveiflutíðni) hinni algjöru eyðingu formanna.

Eins og við vitum, einkennist hreyfing af þremur eiginleikum:

1. Tregðu.
2. Hreyfanleika.
3. Hrynjandi.

Farið er í gegnum þessa þrjá eiginleika einmitt í ofangreindri röð. Af því má ráða að fyrst kemur tímaskeið þar sem virkni er hæg og í kjölfarið fylgir tímaskeið mikils hreyfanleika. Þetta milliskeið leiðir af sér tímabil óreiðu, tilrauna, reynslu og skilnings á meðan leitað er hins sanna tóns og réttu sveiflutíðni. Á eftir þessum tvennskona hreyfingum (sem einkenna atómið, manninn, Himnamanninn eða heildið og Logosinn eða alla heildina) fylgir tímaskeið reglubundinnar hreyfingar og stöðugleika þar sem jafnvæginu er náð. Orkunni sem skapar jafnvægi andstæðnanna fylgir óhjákvæmilega myrkvun eða pralaja.

c. *Með aðskilnaði efnislíkamans frá fingerðari líkamanum á innri sviðunum með því að rjúfa himnuna.* Þetta hefur þrennt í för með sér:

*Fyrsta.* Lífið sem hafði lífgað efnislega formið (bæði hið þetta og hið etheríska) og átti upptök sín í varanlega frumkjarnanum og „mettaði þaðan bæði hið hreyfanlega og óhreyfanlega“ (í Guði, Himnamanni og manni sem og í efnisatómi) hverfur aftur

til atómsins á sviði brotthvarfsins. Þetta „svið brotthvarfsins“ er mismunandi eftir því hvaða lífeining á í hlut:

- a. Fyrir efnislega frumkjarnann er það atómíska sviðsdeildin.
- b. Fyrir manninn er það sálarlíkaminn.
- c. Fyrir Himnamanninn er það annað sviðið, svið lífs mónadsins sem er bústaður hans.
- d. Fyrir Logosinn er það guðlega eða adi-sviðið.

Þetta eru þeir staðir þar sem einingin hverfur inn í myrkvun (pralaja). Hér verðum við að hafa í huga að það er alltaf myrkvun þegar litið er á það *neðan frá*. Frá hinni æðri sýn, sem sér hið fíngerða ætíð yfirskyggja hið efnisþétta þegar það er ekki í hlutlægri birtingu, er myrkvun einfaldlega óhlutlægni og er ekki „það sem ekki er,“ heldur einfaldlega hið innræða.

*Annað.* Hið ídveljandi líf manns, Plánetulogoss eða Sólarlogoss er ekki lengur með vitundarstillingu í ethertvífara sínum sem er að leysast upp og hamlar því ekki lengur lausn. Ef við orðum þetta á annan hátt, þá er ethertvífarinn ekki lengur uppspretta aðlöðunar né í raun segulmagnaður. Hann missir segulmagn sitt og hið mikla lögmál aðlöðunar hættir að ráða honum; því verður sundrunin hið ráðandi ástand formsins. Sálin hættir að laðast að formi sínu á efnissviðinu og býr sig undir innöndun sem dregur lífið úr hjúpi sínum. Hringferillinn nálgast endimark sitt tilraunin hefur verið gerð, markmiðinu (sem er afstætt frá lífi til lífs) hefur verið náð og ekkert er lengur til að þrá; sálin, eða hin hugsandi vera, missir því áhugann á forminu og snýr athygli sinni inn á við. Vitundarstillingin breytist og hið efnislega er um síðir lagt fyrir róða.

Sama endurtekur sig í hinni stærri hringrás Plánetulogossins (samþættingu eða samsafni hinna örsmáu hringrása frumnanna í líkama Hans); Hann hættir að laðast að hinu neðra eða ytra og snýr athygli sinni inn á við; Hann dregur inn á við

samsafn hinna smærri lífa í líkama sínum, plánetunni og rýfur sambandið. Hið ytra missir aðdráttarafl sitt og allt dregst inn að miðju í stað þess að dreifast um yfirborð líkama Hans.

Í sólkerfinu fylgir Sólarlogosinn þessu sama ferli; frá sínum háa óhlutræna stað hættir Hann að laðast að raunbirtingarlíkama sínum. Hann snýr athygli sinni frá og andstæðurnar, andinn og efni starfstækisins aðskiljast. Með þessu sambandsrofi hverfur sólkerfið, þessi „Sonur Skyldunnar“ eða löngunarinnar úr hlutlægrri birtingu.

*Þriðja.* Að lokum leiðir þetta til þess að atóm etherlíkamans tvístrast og hverfa inn í frumástand sitt. Hið óhlutlæga líf, samfjöllun vilja og kærleika í virkri formbirtingu, er dregið til baka. Samstarfinu er lokið. Formið brotnar niður; segulkrafturinn sem hélt því saman í samloðandi formi er ekki lengur fyrir hendi og sundrunin er fullkomnuð. Efnið er áfram til, en formið ekki.

Starfi annars Logossins líkur og hinni guðlegu holdgun Sonarins er lokið. En hæfileiki eða eðlislægur eiginleiki efnisins er áfram til og eftir hvert raunbirtingartímabil er efnið virkt vitsmunaefni (þótt það hafi brotnað niður í frumástand sitt) en hefur bætt við sig reynslu raunbirtingarinnar, aukinni geislunarvirkni og dulinni virkni sem því hefur áskotnast í gegnum reynsluna. Við skulum skýra þetta nánar: Efni sólkerfisins, þegar það var óaðgreint, var virkt vitsmunaefni og það er allt og sumt sem hægt er að staðhæfa um það. Þetta virka vitsmunaefni var gætt eiginleikum frá fyrri reynslu og litað af fyrri raunbirtingu. Þetta efni er nú í formi, sólkerfið er ekki í myrkvun (pralaja), það er í birtingu – og markmið þessarar birtingar er að bæta nýjum eiginleika við hið guðlega, eiginleika kærleika og visku. Því er það svo að við næstu myrkvun sólkerfisins, við lok þessara eitt hundrað ára Brahma, verður efni sólkerfisins gætt virkum vitsmunum og virkum

kærleika. Þetta þýðir bókstaflega að samsafn hins atómíska efnis sólkerfisins mun um síðir hljóma í annarri tóntegund en þeirri sem hljómaði við dagrenningu raunbirtingarinnar.

Við getum litið á þetta með hliðsjón af Plánetulogosnum og manningum, því hér er samsvörun á milli. Við höfum hliðstæðu í smáum mælikvarða í lífi mannsins í þeirri staðreynd að í sérhverri jarðvist tekur maðurinn sér þróaðri efnislíkama sem býr yfir meiri næmleika, er stilltur á hærri tóntegund, býr yfir meiri hreinleika og er stilltur á nýja sveiflutíðni.

Í ofangreindum þremur tilgátum liggja miklar upplýsingar, ef þær eru vandlega ígrundaðar og útfærðar á rökréttan hátt.

d. *Með umbreytingu hins fjólubláa í hið bláa.* Við getum ekki farið nánar út í þetta atriði. Við einfaldlega setjum fram þessa fullyrðingu og látum úrvinnslu hennar eftir þeim nemum sem eru færir um það af karmískum orsökum og búa yfir nægu innsæi.

e. *Með brotthvarfi lífsins atti formið smám saman að eyðast.* Athyglisvert er að skoða hina ósjálfráðu svörun, því hinir meiri byggjendur og tívar sem eru hinir virku aðilar á raunbirtingartímanum og halda forminu samloðandi og umbreyta, nota og dreifa pranískum straumum, glata einnig aðlöðun sinni að efni formsins og snúa athygli sinni annað. Á braut útöndunarinnar (hvort sem um er að ræða mann, plánetu eða sólkerfi) dragast þessir byggingartívar (á sama eða hliðstæðum geisla og einingin sem sækist eftir raunbirtingu) að vilja og löngun viðkomandi einingar og vinna uppbyggingarstarf sitt. Á braut innöndunarinnar (hvort sem um er að ræða mann, plánetu eða sólkerfi) laðast þeir ekki lengur að og formið byrjar að hrörna. Þeir draga áhuga sinn til baka og eyðingarkraftarnir (sem einnig eru verur) vinna sitt nauðsynlega verk við að sundra forminu; þeir dreifa því – eins og sagt er á máli dulfræðinnar

– til „hinna fjögurra vinda himins,“ eða til ríkja hinna fjögurra andardráttá – fjörgreind aðgreining og dreifing. Með þessu er gefin vísbending til vandlegrar íhugunar.

Þótt ekki hafi verið dregnar upp neinar myndir frá dánarbeðum né dramatísku útstreymi hins titrandi etherlíkama um höfuðstöðina, eins og menn hafa ef til vill átt von á, hefur samt sem áður verið minnst á nokkrar þær reglur og þann tilgang sem ráða þessu brotthvarfi. Við höfum séð að markmið hvers lífs (hvort sem um er að ræða mann, plánetu eða sólkerfi) ætti að felast í því að hrinda í framkvæmd og vinna að ákveðnu áformi. Þetta áform felst í því að þróa hæfara form til afnota fyrir andann; og þegar þessu markmiði er náð snýr íbúi formsins athygli sinni frá og formið leysist sundur eftir að hafa þjónað tilgangi hans. Þessu er ekki alltaf svo farið í sérhverju lífi mannsins né heldur á sérhverju plánetutímabili. Leynardómur tunglsins er leyndardómur mistaka. Þegar skilningi á þessu er náð leiðir það til göfugs lífs og býður upp á markmið sem verðugt er okkar bestu viðleitni. Þegar þessi hlið sannleikans verður almennt viðurkennd, eins og mun verða þegar vitsmunir mannkynsins hafa þroskast nægilega, mun þróunin renna sitt skeið af öryggi og með mun færri mistökum.

*A Treatise on Cosmic Fire*, bls. 128-133.

Hörð viðbrögð verða alltaf þegar samband rofnar. Ef þið aðeins gætuð skilið að rof hinna ytri líkamlegu hlekkja er það auðveldasta og forgengilegasta í þessu ferli. Dauðinn er sjálfur hluti hinnar miklu blekkingar og er aðeins til vegna þeirra hjúpa sem við höfum safnað umhverfis okkur. Öll höfum við sem störfum á sviði sýndarljómans (hinu nýja sviði sem mannkynið verður að læra að starfa á *vitandi vits*), verið heiðruð og okkur verið treyst. Dauðinn kemur til allra en hjá lærisveinum ætti ekki að vera um að ræða neitt af hinni venjulegu glapningu og örvæntingu. Ég segi, horfið ekki til fortíðar, í þeirri átt liggur

glapning og örvænting. Fyrir meirihluta manna er það hin almenna átt og sú auðveldasta en slíkt er ekki ykkar leið. Leitið hvorki eftir opinberunum né hinum blekkjandi huggunum þeirra sem svífa yfir markalínu hins séða og óséða. Ég endurtek, slíkt er ekki ykkar leið. Þið eruð ekki hinn örvæntingarfulli og syrgjandi lærisveinn sem horfir áhyggjufullur á hina aðgreinandi blæju og vonast eftir að eitthvert merki komi í gegn sem muni sannfæra hann um að allt sé í góðu lagi...

Leitið upp til hæða sálarinnar og þegar þið hafið leitað og fundið þann hátind friðar og þá hæð gleði þar sem sál ykkar stendur óbifanleg, lítið þá inn í heim hinna lifandi manna – hinn þrefalda heim þar sem alla menn er að finna – bæði í jarðvist og utan. Finnið þar það sem sál ykkar vill og getur viðurkennt. Sýndarljómi eigin örvæntingar og blekking fortíðarinnar brengla ætíð eigin viðhorf. Aðeins sálin stendur laus við tálsýnir og aðeins sálin sér veruleikann eins og hann er. Leitið því upp til sálarinnar.

„*Discipleship in the New Age*,“ 1.bindi, bls. 463.



## V. KAFLI

### Endurreisnin

Við verðum að fjalla um þema dauðans, þetta viðfangsefni okkar í anda vísindalegrar rannsóknar og á eins eðlilegan hátt og okkur er unnt. Óttaduld mannkynsins finnur sér leið inn í vitund mannsins í gegnum þátt dauðans, en mesti óttinn felst í óvissunni um líf að þessu loknu; þó er þessi atburður eitt algengasta fyrirbrigðið á jörðinni. Hafið það hugfast. Dauðinn er hin mikla alheimslega helgiathöfn sem ræður öllu lífi á plánetunni, en óttasvörun er aðeins að finna hjá fjölskyldu mannsins og óljóst, mjög óljóst, innan dýraríkisins. Ef þið gætuð séð etherheiminn eins og þeir sem ganga í gegnum lífsreynsluna á innri hlið lífsins sjá hann, þá sæjuð þið hina miklu hnattrænu athöfn, endurreisnina, stöðugt og hvíldarlaust að verki. Þið gætuð séð völduga starfsemi fara fram í etherheiminum þar sem sál efnisins (anima mundi), dýrasálin og sál mannsins skila án afláts efniviði allra efnislegra forma til hins sameiginlega forðabúrs grunnefnis. Þetta grunnefni er í eins ríkum mæli lifandi og skipuleg eining og heimssálin sem við heyrum svo mikið um. Samspil dauða og lífs er sá grunnur sem starfsemi sköpunarinnar er byggð á. Hinn mótandi og stjórnandi kraftur er hugur Guðs, Plánetulogossins, þegar Hann vinnur að guðlegum markmiðum sínum og ber jafnframt með sér alla þá þætti sem Hann notar til raunbirtingar.

Ótti mannsins við dauða stafar fyrst og fremst af því að stefna ríkis sálnanna, fimmta ríkis náttúrunnar, hefur (þar til mjög nýlega á þessu heimstímabili) verið í átt til formtjáningar og þeirrar nauðsynjar að öðlast reynslu í gegnum efni í þeim

tilgangi að ná um síðir valdi yfir efninu. Sá hundraðshluti sálna sem stefnir ekki að birtingu í heimunum þrem, er svo smár hlutfallslega í samanburði við heildarfjölda þeirra sálna sem krefjast lífsreynslu í heimunum þrem, að segja má að dauðinn hafi ríkt sigursæll allt til núverandi tímabils sem við kennum við Kristindóm. Nú á tímum er þrátt fyrir allt svo komið að við erum mjög nærri því að sjá gagngera breytingu á þessu vegna þeirrar staðreyndar að mannkynið er að ganga í gegnum nauðsynlega stefnubreytingu í mun ríkara mæli en nokkru sinni fyrr. Hin æðri gildi og líf sálarinnar, sem nálgast er að kröfu æðri og lægri hugans, eru að byrja að verða ráðandi. Þetta mun vissulega hafa í för með sér nýtt viðhorf til dauðans; litið verður á hann sem eðlilegan og æskilegan atburð sem tengist tímahringrásum. Um síðir munu menn skilja gildi orða Krists þegar hann sagði: „Gjaldið keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.“ Þegar Kristur lét þessi orð falla átti hann við hinn mikla atburð endurreisnar sem við köllum dauða. Hugleiðið þessa sögu og sjáið tákni sálarinnar umlukt hinni alheimslegu sál eins og fiskur í vatni haldandi á peningi úr málm, tákni efnisins.

Eftirfarandi táknræn orð koma fyrir í einu hinna fornu rita:

*Faðirinn sagði við soninn:* Haltu af stað og taktu til þín það sem þú ekki ert og það sem ekki er þín eign heldur mín eign. Líttu á það sem þitt eigið og leitaðu að orsök uppruna þess. Láttu það virðast eins og það sért þú sjálfur. Uppgötvaðu þannig heim sýndarljómans, heim hinnar djúpu blekkingar, veröld hins falska. Lærðu síðan að þú hefur tekið það sem ekki er markmið sálarviðleitinnar.

Og þegar þetta andartak kemur á hverjum tíma og í ljós koma svik og þjófnaður, mun rödd heyrast. Hlýddu þeirri rödd. Hún er rödd þess hið innra með þér sem

heyfir rödd mína, rödd sem ekki er heyfð af þeim sem hafa ánægju af þjófnaði. Skipunin mun hljóma aftur og enn aftur: „Bættu fyrir hina *stolnu vöru*. Lærðu að hún er ekki fyrir þig.“ Með lengra millibili mun þessi rödd hljóma aftur: „Bættu fyrir *það sem léð var*; greiddu skuld þína.“

Og síðan þegar þú hefur lært allar lexíurnar mun röddin hljóma enn einu sinni: „Skilaðu aftur með gleði því sem var mitt, var þitt og er nú aftur okkar beggja. Þú hefur ekki lengur þörf fyrir form. Ver frjáls.“

Það sem felst í ofangreindum orðum þarfnast engra skýringa.

Tvær meginhugmyndir munu koma að notum við að skýra út viðfangsefnið dauða, það viðfangsefni sem við erum nú að fjalla um: Í fyrsta lagi hin mikla tvígreining sem alltaf er að finna í allri raunbirtingu. Sinn hvor hluti tvenndar tjáir sig á sinn sérstaka hátt, er háður sínum eigin lögmálum og sækist eftir sínum eigin markmiðum. En í tíma og rúmi sameina þeir hagsmunir sína báðum til góðs og saman mynda þeir það sem lítur út fyrir að vera eining. Andi-efni, líf-birting, orka-kraftur – hvor þeirra býr yfir sínum eigin útstreymisþætti; hvor um sig tengist hinum; hvor þeirra á sameiginlegt tímabundið markmið og skapa þannig í samstillingu hina eilífu hreyfingu, síendurtekið flóð og fjöru lífs í birtingu. Í þessu samspili milli Föður-anda og Móður-efnis verður sonurinn til og elst upp innan áru móðurinnar, samsamaður henni en leitast samt ætíð við að sleppa undan yfirráðum hennar. Þegar fullum þroska er náð gerist vandamálið brýnna og „tog“ föðursins byrjar hægt og sígandi að vega á móti ráðríki móðurinnar þar til tangarhald efnisins, eða móðurinnar, á syni sínum (sálinni) er um síðir yfirrunnið. Sonurinn, Kristsbarnið, laus undan vernd og faðmlagi móðurinnar, öðlast þekkingu á föðurnum. Hér ræði ég við ykkur í táknrænum orðum.

Í öðru lagi: Öll ferli hins efnislega lífs í formi og ferli endurreisnarinnar (vegna starfsemi dauðans), ásamt samskiptum efnis við efni og sálar við sál, gerast vegna hins mikla alheimslega lögmáls aðlöðunar. Getið þið ímyndað ykkur þá stund þegar einfaldlega væri hægt að lýsa atburðarás dauðans sem þá væri mannum vel þekkt og kærkomin, á eftirfarandi hátt: „Sú stund er runnin upp að hinn aðlaðandi kraftur sálar minnar gerir það nauðsynlegt að ég gefi eftir líkama minn og skili honum aftur til þess staðar sem hann kom frá“? Ímyndið ykkur þá breytingu sem verður í vitund mannkynsins þegar farið verður að líta á dauða sem einfaldlega þá athöfn að sleppa af ráðunum hug taki á forminu sem fengið var til skamms tíma, með tvö tiltekin markmið í huga:

- a. Að ná tókum á heimunum þrem.
- b. Að gefa efniviði formanna sem þannig eru „stolin, fengin að láni eða fengin á réttan hátt,“ allt eftir stöðunni í þróunarstiganum, tækifæri til að ná meiri fullkornun með þeim áhrifum sem lífið, í gegnum sálina, hefur á hann.

Þessar hugmyndir hafa mikið gildi. Þær hafa komið fram áður en var hafnað sem táknrænum, huggunarríkum eða sem óskhyggju. Ég set þær fram sem staðreyndir, eins óhjákvæmilegar í raun og eins vel þekktar aðferðir og atburðarás og þá starfsemi (háttbundna í eðli sínu) sem ræður lífi hins venjulega manns – að rísa úr hvílu og ganga til náða, eta og drekka og allt hið háttbundna sem hann er vanur að fást við.

Í bókinni „*A Treatise on White Magic*“ fjallaði ég um viðskilnaðinn og þá aðallega um hina líkamlegu hlið hans frá sjónarmiði áhorfandans eða athugandans. Þar leitaðist ég við að gefa til kynna hvert viðhorf áhorfandans ætti að vera. Hér vil ég gefa nokkuð aðra mynd, það er að segja, ég vil gefa til

kynna vitneskju sálarinnar sem er að hverfa úr líkamanum. Ef það hefur í för með sér endurtekningu á því sem þið þegar vitið, þá er það vegna þess að um er að ræða ákveðin grundvallandi atriði sem ég tel nauðsynlegt að komi fram. Við skulum telja þau upp í stuttu máli. Þið skulið líta á þau sem staðreyndir og grundvöll til að byggja á.

1. Brottfararstund holdgaðrar sálar er runnin upp. Sálin hefur í fortíð sinni:
  - a. Aflað sér líkama búnnum ákveðnum eigindum sem hæfðu þörfum og aldri sálarinnar.
  - b. Lífgað þennan efnislega líkama með etherlíkamann sem millilið og á þann hátt örvað hann til lífsvirkni þann tíma sem sálin hafði sett sér til efnislegrar virkni.
2. Tveir meginorkustraumar tengjast efnislíkamanum og leiða fram virkni, eiginleika og tjáningarmáta, ásamt þeim áhrifum sem hann hefur á umhverfi sitt.
  - a. *Straumur hins virka lífs.* Hann tengist hjartanu. Þessi straumur virkrar orku kemur inn í líkamann gegnum höfuðið og streymir niður til hjartans, þar sem hann er í brennidepli allt æviskeiðið. Minni straumur alheimslegrar orku eða þrónu, aðgreindur frá hinum einstaklingsbundna lífkrafti, kemur inn í líkamann í gegnum miltað. Hann streymir síðan upp til hjartans og sameinast hinum meiri og mikilvægari lífstraumi. Lífstraumurinn lífgar og viðheldur hinum samhæfða efnislíkama. Straumur þrónuorkunnar lífgar hin einstöku atóm og frumur líkamans.
  - b. *Straumur einstaklingsvitundarinnar.* Hann tengist höfðinu, er einn eðlisþáttur sálarinnar og gefur til kynna gerð vitundarinnar, en hún að sínu leyti er vísbending um þá stöðu sem náðst hefur á þróunarbrautinni. Þessi

orkustraumur vinnur á sama hátt í nánum tengslum við straum persónukrafts sem einkennist af löngun (tilfinningum eða geðrænni skynjun) og kemur inn í efnislíkamann um sólarplexusstöðina. Með honum tengist maðurinn geðræna sviðinu í heild sinni og þar af leiðandi heimi sýndarljómans. Hjá lítt þroskuðu fólki og hinni almennu manngerð er vitundin innstillt í sólarplexusstöðinni og orkan er ómeðvitað meðtekin af brennidepli vitundarinnar í höfðinu. Það er af þessari ástæðu að sálin yfirgefur líkamann á dauðastundinni gegnum sólarplexusstöðina en ekki gegnum höfuðið. Þegar um er að ræða þroskaðan mann, hugrænan einstakling, leitanda, lærisvein eða vígðan mann, mun vitundarþráðurinn hverfa úr líkamanum út um höfuðið.

3. Samkvæmt lögmáli aðlöðunar dregur hópsál allra forma í dýraríkinu til sín frumtak lífsins úr líkamsforminu út um sólarplexusstöðina, sem er oftast heili hins venjulega dýrs. Háþróuð og tamin dýr eru byrjuð að nota heilann í meira eða minna mæli en lífsfrumtakið og skynþátturinn eða dýravitundin, hverfur samt enn út um sólarplexusstöðina. Á öllum stigum þróunarinnar er því hér um að ræða ákveðna áhugaverða orkuþríhyrninga.
  - a. Hjá dýrum og þeim mannverum sem eru lítið meira en dýr, andlega vanþroska mönnum og þeim sem virðast fæddir án þess að hafa neina miðlæga einstaklingsvitund er eftirfarandi þrenning mikilvæg:

Hópsálin,  
 sólarplexusstöðin,  
 miltað eða orkustöð þrönnunar.

- b. Hjá lágstæðum mannvörum, sem hafa þó einstaklingseðli og hjá hinum almenna tilfinningabundna persónuleika er eftirfarandi þrenning athyglisverð:

Sálin,  
höfuðstöðin,  
sólárplexusstöðin.

- c. Hjá háþroskuðu fólki og þeim sem eru á vígslubrautinni er eftirfarandi þríhyrningur virkur á stund viðskilnaðarins:

Sálin,  
höfuðstöðin,  
ennisstöðin.

Í sambandi við allar ofangreindar þrenndir eru tvígreind tengsl við lífsfrumtakið:

- a. Við hjartað þar sem líf sálarinnar í formi er innstillt.  
b. Við miltað, en í gegnum það streymir stöðugt og háttbundið hinn alheimslegi lífskraftur eða prana.

Þetta efni er vissulega torrætt og er enn sem komið er ósannanlegt fyrir þeim sem enn eru í einu og öllu á hinu mennska stigi. Viðurkenning ofangreindra þriggja atriða mun samt sem áður verða gagnleg til að varpa ljósi á endurreisnina sem er umfjöllunarefni okkar nú.

4. Næsta atriði þarfnast ekki sönnunar því það er almennt viðurkennt. En það er, að löngun ræður atburðarás dauðans á sama hátt og hún ræður rás lífsreynslunnar. Oft hefur verið sagt, að þegar lífsviljann vantar þá hljóti dauði að vera hin óhjákvæmilega afleiðing. Þessi lífsvilji, hvort sem

hann felst í þrautseigju efnislíkamans sem formgervisveru eða er samkvæmt ætlun sálarinnar, er ein mynd löngunar, eða öllu heldur, hann er andsvar hins andlega vilja á efnissviðinu. Það er því samþætt samband á milli:

- a. Sálarinnar á sínu eigin sviði,
- b. geðlíkamans,
- c. sólarplexusstöðvarinnar.

Þessi tenging hefur hingað til hlotið litla athygli hvað snertir listina að deyja. Hún er samt fyllilega íhugunar verð.

Eins og komið hefur fram er ég hér að fjalla um dauðann sem afleiðingu sjúkdóms eða elli. Ég er ekki að tala um dauða eins og hann birtist í gegnum stríð eða slys, í gegnum morð eða sjálfsmorð. Þessar ástæður dauða og aðrar ástæður falla undir allt annað stjórnunarferli; þær þurfa ekki einu sinni að hafa neitt með karma mannsins eða einstaklingsbundin örlög hans að gera, eins og þegar um stríð er að ræða. Þá hlýtur mikill fjöldi bana. Það tengist ekkert lögmáli orsaka og afleiðinga sem þætti í sálarlífi neins einstaklings. Það er ekki athöfn endurreisnar sem sálin hefur ráðgert þegar hún vinnur úr sínum einstaklingsbundnu örlögum. Dauði sem afleiðing hinnar eyðandi atburðarásar stríðs, er undir stjórn og í samræmi við tímabundin markmið Plánetulogossins sem vinnur í gegnum Ráðsal Shamballa. Þær verur sem þar starfa og stjórna heimsviðburðum vita hvenær sú stund rennur upp þegar samskiptin milli plánetuillskunnar og krafta ljóssins eða hins góða hafa náð því stigi sem nefnt er „sprengifim óvild.“ Þessu verður að gefa lausan taum ef hinn guðlegi tilgangur á að ná fram að ganga óhindraður. Sprengingin er því leyfð; samt sem áður er alltaf fyrir hendi stjórnandi þáttur, jafnvel þótt mönnum sé það ekki ljóst. Þær verur sem vinna að því að framkvæma vilja Guðs eru á engan hátt háðar lífi í formi, þar af



leiðandi leggja þær réttlátt mat á afstætt gildi lífs í formi; eyðing forma er ekki dauði fyrir þeim í sama skilningi og við leggjum í það hugtak, heldur einfaldlega og eingöngu lausnarferli. Það er hin takmarkaða sýn þeirra sem eru samsamaðir formi sem hefur svo ítrekað stuðlað að óttanum við dauða. Á núverandi tímaskeiði hefur orðið meiri eyðing mennskra forma en nokkru sinni fyrr í sögu plánetunnar. *Það hefur ekki orðin nein eyðing manna.* Takið eftir þessari staðhæfingu. Vegna þessarar almennu eyðingar hefur mannkynið tekið stórstígum framförum í átt til yfirvegaðri afstöðu til dauðans. Þetta er ekki enn orðið áberandi, en innan fárra ára mun hið nýja viðhorf byrja að verða ríkjandi í heiminum og óttinn við dauða að fjara út. Að miklu leyti verður þetta vegna vaxandi næmni skilningarvita mannlíkamans sem leiðir til meiri innræðni eða þess að mannhugurinn tekur nýja stefnu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Grundvöllur allra styrjalda er í meginatriðum aðgreiningarkenndin. Þetta grundvallandi einstaklingseðli eða einangrunarstefna leiðir til allra hinna afleiddu orsaka styrjalda, en þær eru: græðgi sem veldur efnahagshruni, hatur sem veldur deilum og átökum bæði innanlands og milli landa, og grimmd sem veldur þjáningu og dauða. Rætur dauðans eru því djúpstæðar; það sem við almennt köllum dauða, eru lokin á aðgreiningartímabili einstaklingsins í efnisheiminum; dauðinn er þess vegna sameining. Ef þið aðeins gætuð skyggnst örlítið dýpra inn á við mynduð þið sjá að dauðinn leysir hið einstaklingsbundna líf og býr því rýmri og frjálsari tilveru, og um síðir – alheimslegt líf – þegar ferli dauðans hefur unnið sitt verk á öllum þrem starfstækjunum í heiminum þrem. Það er stig ólýsanlegs fullkomleika.

Lögmál aðlöðunar ræður atburðarás dauðans alveg eins og það ræður öllu öðru í birtingu. Það er orsakaþáttur samloðunar sem með samræmdri samstillingu alls líkamans viðheldur honum heilum, gerir hrynjandi hans og háttbundna lífsferla stöðuga

og tengir saman hina ólíku hluta hans. Það er eðlisþáttur samhæfingar innan allra forma, því það er aðaltjáning innan sálarinnar á fyrsta meginþætti guðdómsins, viljaþættinum. Þessi staðhæfing kann að valda ykkur undrun, þar sem þið hafið vanist því að líta á lögmál aðlöðunar sem tjáningu annars meginþáttarins, kærleiks-visku. Þennan orsakaþátt aðlöðunar er að finna innan allra forma, allt frá örsmáu atómi til sjálfrar jarðarinnar sem Plánetulogossinn notar sem tjáningarmiðil. En jafnframt því að vera frumtak samloðunar og orsök samhæfingar, er hann verkfæri „endurreisnarinnar“ sem dregur mannsálina til baka með reglubundnu millibili inn í hina yfirskyggjandi sál. Þessi hlið á lögmáli aðlöðunar hefur enn sem komið er hlotið litla athygli. Ástæðan er sú að hún snýr að æðstu tjáningu þessa lögmáls og tengist þess vegna viljaþætti guðdómsins og einnig viljaþætti mónadsins. Það er ekki fyrr en Shamballa-orkan fer að verka á beinni hátt á komandi tímaskeiði að allt mun sjást í skýrara ljósi og menn fara að gera greinarmun (eins og þeir verða og munu gera) á milli sjálfsvilja og hins andlega vilja, á milli ákvörðunar, ætlunar, ráðagerða, tilgangs og fastmótaðrar stefnu. Eins og allt sem er í birtingu, felur lögmál aðlöðunar í sér þrjú stig eða þætti sem hver um sig tengist hinum þrem guðlegu meginþáttum:

1. Það tengir líf og form, anda og efni – þriðji meginþátturinn.
2. Það stjórnar hinni samræmdu sameiningu sem byggir formin – annar meginþátturinn.
3. Það kemur af stað misræmi sem veldur upplausn og ræður þannig niðurlögum formsins hvað manninn varðar. Þessi atburðarás skiptist í þrjú stig sem ákveðið hefur verið að nefna:
  - a. *Endurreisn* sem lýkur með því að líkaminn leysist upp og frumur og atóm hans hverfa aftur til uppsprettu sinnar.

- b. *Eyðing* sem felur í sér sömu atburðarás í tengslum við kraftana sem myndað hafa geðlíkamann og hugræna starfstækið.
- c. *Sameining* sem er samruni hinnar mennsku sálar við uppsprettu sína, hina yfirskyggjandi alheimslegu sál. Þetta er tjáning fyrsta meginþáttarins.

Með réttum skilningi á öllum þessum þáttum er augljós hinn einstaki styrkur lögmáls aðlöðunar og tengsl þess við lögmál samfjöllunar sem ræður fyrsta guðlega meginþættinum. Samsömun veldur um síðir samfjöllun. Hin mörgu síendurteknu samrunaferli sem verða innan stærrí lífshringrásar sálarinnar leiða til endanlegrar samfjöllunar anda og sálar sem er markmið þróunarferlis mannkynsins. Eftir þriðju vígsluna er afleiðing þessa algjör lausn mannsins frá hinu efnislega „togi“ í heimunum þrem og hæfni sem því fylgir til að beita lögmáli aðlöðunar í sínum mismunandi myndum með fullum skilningi, að svo miklu leyti sem sköpunarhæfnina varðar. Síðar næst vald yfir öðrum þáttum þess.

Eitt þarf að hafa í huga. Orðin „af moldu ertu kominn, að moldu skaltu aftur verða,“ sem algeng eru í greftrunarsíðum Vesturlanda, vísa til endurreisnarinnar og merkja að efnislíkamanum er skilað aftur til hinnar upprunalegu efnisuppsprettu og að efniviði lífsorkuformsins er skilað til hinnar sameiginlegu etheruppsprettu. Orðin: „andinn skal hverfa aftur til Guðs sem gaf hann“ eru afbökun skírskotun til sameiningar sálarinnar við hina alheimslegu sál. Hinir hefðbundnu helgisíðir láta samt hjá líða að leggja áherslu á, að það er hin sérgreinda sál á leið til sameiningar sem stjórnar með andlegri viljaathöfn og gefur fyrirmæli um endurreisnina. Það hefur gleymst á Vesturlöndum, að allar sálir í efnislegu formi hafa gefið þessi „fyrirmæli um endurreisn“ margoft á liðnum öldum og með því móti hefur fyrsti guðlegi meginþátturinn – mónadinn á sínu eigin sviði – eftt tangarhald sitt á raunbirtingarlíkama sínum

jafnt og þétt og óhjákvæmilega með milligöngu spegilmyndar sinnar, sálarinnar. Þannig aukast áhrif viljapáttarins þar til á braut lærisveinsins að andleg stefnufesta nær hátindi þróunar sinnar og á vígslubrautinni hefst síðan meðvituð starfsemi viljans. Þess er vert að minnast, að það er með skipun af ásettu ráði, sem sálin á sínu eigin sviði gefur skugga sínum í heimunum þrem, að hún lærir að tjá fyrsta og æðsta meginþátt guðdómsins og framan af og um mjög langt skeið eingöngu í gegnum atburðarás dauðans. Eins og er liggur vandinn í því að tiltölulega fáir hafa sálarvitund og þess vegna eru flestir óvitandi um „hinar dulfræðilegu skipanir“ sinnar eigin sálar. Eftir því sem mannkynið öðlast sálarvitund (en það verður ein afleiðing þjáninga heimsstýrjaldarinnar) verður litið á dauðann sem „reglubundna“ atburðarás sem gengið er í gegnum með fullri vitund og skilningi á háttbundnum tilgangi. Þetta mun á eðlilegan hátt eyða þeim ótta sem nú ríkir og koma í veg fyrir tilhneingingu til sjálfsvígs sem greina má í vaxandi mæli á þessum erfiðu tímum. Syndin að fremja morð felst í raun og veru í þeirri staðreynd að það kemur í veg fyrir að markmið sálarinnar náist, en ekki í því að deyða mennskan efnislíkama. Þetta er ástæðan fyrir því að stýrjaldir eru ekki morð, eins og margir vel meinandi öfgamenn álíta; þær eru eyðing forma samkvæmt góðviljuðum ásetningi Plánetulogossins (ef hægt er að ganga úr skugga um guðlegan tilgang). Það er aftur á móti tilgangur þeirra sem stofna til stýrjalda á efnissviðinu sem gerir þá illa. Ef engar stýrjaldir væru mundi líf plánetunnar kalla til baka sálir manna í stórum hópum með því sem nefna má „Vilja Guðs“ í samræmi við kærleiksríkan tilgang Hans. Þegar illir menn hrinda af stað stýrjöld gerir Hann gott úr illu.

Þið sjáið því hvers vegna dulvísindin leggja áherslu á lögmál umferðartímabilanna og hvers vegna áhugi er vaxandi á fræðum hinna umferðatengdu raunbirtinga. Oft virðist dauðinn svo

tilgangslaus; það er vegna þess að áform sálarinnar eru ekki þekkt; fyrri þróun í gegnum röð endurfæðinga er eftir sem áður dulin, ekki er tekið tillit til fornrar arfleifðar og kringumstæðna og skynjun á rödd sálarinnar er almennt ekki þroskuð. Þessi málefni eru þó mjög nálægt því að öðlast viðurkenningu; opinberun nálgast og fyrir hana er ég að leggja grunninn.

Mér er mikið í mun að þið náðið tökum á fræðslunni sem ég hef þegar veitt, áður en við höldum áfram. Skoðið hana vandlega svo að fræðslan um dauðann geti öðlast skýra og skynsamlega mynd í huga ykkar. Reynið að nálgast viðfangsefnið frá nýju sjónarhorni og sjá lögmál, tilgang og fegurð ásetnings í því sem hingað til hefur verið ógn og ótti.

Síðar mun ég leitast við að veita ykkur nokkra innsýn í atburðarás dauðans, eins og sálin skynjar hana þegar hún vinnur að endurreisninni. Það sem ég segi kann ykkur að virðast sem hreinar vangaveltur eða tilgátur; og í öllum tilvikum eru þetta fullyrðingar sem fá ykkar hafa möguleika á að sanna að séu réttar. En bræður mínir, þær eru vissulega skynsamlegri og heilnæmari, traustari og fegurri en núverandi myrkur, sjúklegar væntingar og hinar döpru vangaveltur og ósjaldan örvænting sem varpa skugga yfir sérhvert dánarbed nú á tímum.

## 1. EÐLI DAUÐANS

### BROT ÚR ÖÐRUM RITUM

Það verður að líta svo á að heildin sé nauðsynlegri en sérhver hluti hennar og slíkt má ekki skoða sem draum, hugsýn, kenningu, óskhyggju, tilgátu eða hvöt. Þessi skilningur kemur til af innri nauðsyn og er óhjákvæmilegur. Inntakið er dauði en

sá dauði er fegurð, gleði, sem andi að starfi og sem uppfylling alls hins góða.

*A Treatise on the Seven Rays. 5. Bindi.*

Dauði er eitt það algengasta sem við göngum í gegnum, ef við aðeins gætum gert okkur grein fyrir því. Við höfum margoft dáið og það á fyrir okkur að liggja að deyja aftur og aftur. Dauði tengist í eðli sínu meðvitundinni. Eina stundina erum við meðvituð í efnisheiminum og andartaki síðar höfum við horfið inn í annan heim og erum meðvituð og virk þar. Dauðinn heldur sinni fornu ógn svo lengi sem vitund okkar er samsömuð eðlisþætti formsins. Jafnskjótt og við vitum að við erum sálir og skynjum að við erum fær um að innstilla vitund okkar eða skynhæfileika að vild í hvaða form sem er, hvaða heim sem er, eða í hvaða átt sem vera vill innan forms Guðs, þá er dauði ekki lengur til.

*A Treatise on White Magic, bls. 494.*

Íhugið því vandlega þessa kenningu um aðskilnaðinn. Hún nær yfir alla þætti lífsins og flytur ykkur hinn eilíflega unaðslega leyndardóm dauðans sem er inngangan inn í líf.

*A Treatise on the Seven Rays. 5. Bindi.*

Í þessari reglu er að finna tvær meginhugmyndir sem báðar tengjast fyrsta guðlega meginþættinum en þær eru hugsunin um DAUÐANN og um eðli VILJANS. Á næstu öld munu *dauðinn* og *viljinn* óhjákvæmilega öðlast nýja merkingu fyrir mannkynið og margar hinna gömlu hugmynda munu hverfa. Fyrir hinum almenna hugsandi manni er dauðinn tími ógnvænlegra umskipta. Í honum felst endir alls sem mannum er kært, alls hins kunnuglega og þráða; hann er brotlending inn í hið óþekkta, inn í óvissuna og skyndilegur endir allra áætlaða og verkefna. Það skiptir engu hversu trúin er mikil og sönn á hin

andlegu gildi, engu skiptir hversu skýran vitsmunalegan skilning hugurinn hefur á ódauðleikanum, né skiptir máli hversu sterk rök eru fyrir framhaldslífi og eilífð, alltaf verður eftir óvissa. Maðurinn skynjar möguleikann á algjörum endalokum og útslokknun, endalokum allra athafna, allrar starfsemi hjartans, allrar hugsunar, geðhrifa, löngunar, leitar og fyrirætlana sem snúast um kjarnann í tilveru hans. Öll þrá og staðfastur vilji til áframhaldandi tilveru og tilfinningin fyrir varanleika hvílir enn, jafnvel hjá hinum staðfastasta trúmanni, á möguleika, á ótraustum grunni og á vitnisburði annarra – sem í raun hafa aldrei snúið til baka til að segja frá því sem raunverulega gerist. Áherslan í allri hugsun um þetta viðfangsefni er á hinni miðhverfu ég-vitund eða þá á óbreytanlegu ástandi guðdómsins.

Þið sjáið að áherslan í þessari reglu færist frá ég-vitundinni til þeirra þátta sem mynda hjúp sjálfsins og það er þess vert að gefa því gaum. Lærisveinninn fær að vita að hann á að vinna að upplausn þessa hjúps og að því að hin minni líf skili sér aftur til hins sameiginlega forðabúrs lífefnis. Hvergi er fjallað um hina sameiginlegu vitund. Hér mun vandleg umhugsun sýna fram á að þessi samtvinnada atburðarás viðskilnaðarins, sem stjórnast af lífi hópsins í tilviki einstaklingsins, er ein sterkasta röksemdin fyrir staðreynd áframhalds og greinanlegum varanleika fyrir einstaklinginn. Veitið þessum orðum athygli. Virknin færist frá hinum virka líkama til hinnar starfandi veru innan þessa líkama, meistara kringumstæðna sinna, stjórnanda eigna sinna og hennar sem er andardrátturinn sjálfur og skilar lífunum aftur til efnisforðabúrsins eða kallar þau til baka að vild, til að taka aftur við stöðu sinni gagnvart henni.

*A Treatise on the Seven Rays. 5. Bindi.*

Fyrst og fremst, kaus hinn eilífi pílagrímur sér sjálfur „dulfræðilega“ að deyjja af fúsum og frjálsum vilja og tók sér síendurtekið líkama í þeim tilgangi að upphefja lífverur

formsins sem hann íklæddist; með því að ganga í gegnum þessa atburðarás „dó“ hann sjálfur í þeim skilningi, að fyrir frjálsa sál er það hugtak að deyja sömu merkingar og að íklæðast formi ásamt þeirri niðurstigningu lífsins í formið sem því fylgir.

Í öðru lagi, með þessu er sálin að endurtaka í smáum stíl það sem Sólarlogosinn og Plánetulogosinn hafa á sama hátt gert og eru að gera. Hinar miklu lífverur eru undir áhrifum þessara lögmála sálarinnar á meðan á raunbirtingartíma þeirra stendur, jafnvel þótt þær séu ekki háðar eða undir stjórn þeirra lögmála sem við nefnum lögmál náttúrunnar. Vitund þeirra heldur áfram að vera óháð heimi hlutveruleikans, þó svo að vitund okkar sé hluti af honum þar til sá tími kemur að við verðum undir áhrifum hinna æðri lögmála. Það er vegna hins dulfræðilega „dauða“ þessara miklu lífvera að allar hinar minni lífverur öðlast líf og þeim bjóðast tækifæri.

*A Treatise on the Seven Rays. 5. bindi.*

Öfl dauðans eru ríkjandi nú á tímum, en það er dauði frelsis, dauði málfrelsis, dauði athafnafrelsis, dauði sannleikans og hinna æðri andlegu gilda. *Þetta* eru þeir þættir í lífi mannkynsins sem hafa mest vægi. Dauði efnisformsins er lítillvægur í samanburði við þá og hann er auðveldlega hægt að leiðrétta aftur með endurfæðingu og nýjum tækifærum.

...Eyðing efnisforma í orrustu er léttvæg fyrir þá sem vita að endurfæðingin er grundvallarlögmál náttúrunnar og að *dauði er ekki til.*

*Júní skilaboð, 1940.*

Þið segið að enn séu engar öruggar sannanir fyrir ódauðleika, aðeins trú. Í uppsöfnun vitnisburða í innri vissu mannshjartans og í þeirri staðreynd að trú á eilífa tilveru er að finna í hugum manna, má sjá örugga vísbendingu. En innan hundrað ára



munu vísbendingarnar hafa vikið fyrir vissu og þekkingu, því að til tíðinda mun draga og mönnum veitast opinberun sem breyta mun von í vissu og trú í þekkingu. Þangað til skulum við rækta með okkur nýtt viðhorf til dauðans og leggja grunn að nýjum vísindum um dauðann. Hættum að láta hann vera það eina sem við getum ekki stjórnað og það sem óhjákvæmilega muni sigra okkur og byrjum að stjórna brottför okkar úr þessum heimi og að skilja að einhverju leyti tæknina eða aðferðina við umskiptin.

*A Treatise on White Magic*, bls. 500.

Það eina sem ég bið um er heilbrigð afstaða til dauðans; það eina sem ég óska eftir, þegar sársaukanum lýkur og mátturinn er þrotinn, er að hinni deyjandi persónu verði leyft að búa sig undir hin miklu umskipti, jafnvel þótt hún virðist ekki vera með meðvitund. Gleymið því ekki að til að geta numið sársauka þarf kraft og góð tök á taugakerfinu. Er ekki mögulegt að gera sér í hugarlund að einhvern tímann verði dauðastundin fagnaðarríkur endir lífsins? Er ekki mögulegt að sjá fyrir sér þá tíð, að litið verði á þær stundir sem eytt er á dánarbedi sem dýrlegan inngang að meðvitaðri brottför? Þegar sú athöfn, að losa sig við takmarkanir efnishjúpsins, geti verið mannum og þeim sem nærstaddir eru langþráð og fagnaðarrík fullkomnun? Getið þið ekki séð fyrir ykkur þá tíð, að í stað tára, ótta og afneitunar hins óhjákvæmilega, muni hin deyjandi persóna og vinir hennar koma sér sameiginlega saman um stundina og að ekkert nema hamingja og gleði muni einkenna brottförina? Að þeim sem eftir verða komi ekki sorg í hug og að litið verði á dauðastundina sem gleðiríkari stund en fæðingar og giftingar? Ég segi ykkur að áður en langt um líður mun þetta verða svo meðal andlega hugsandi manna kynstofnsins og síðan smátt og smátt meðal allra.

*A Treatise on White Magic*, bls. 499.

Það er athyglisvert að gefa því gaum að dauði ræðst af meginreglu frelsunar en ekki takmörkunar. Það eru aðeins sjálfsmeðvitaðar lífverur sem hafa þann skilning á dauðanum að hann sé atburður sem þær þurfi að fást við og það eru aðeins mennirnir sem misskilja hann, því að af öllum holdguðum lífverum eru þeir hjúpaðir mestum sýndarljóma og blekkingum.

*A Treatise on White Magic*, bls. 534.

Þegar menn hafa öðlast skilning á eðli sannrar þjónustu munu þeir sjá að hún er einn þáttur í þeirri guðlegu orku sem vinnur ávallt í tengslum við eðlisþátt eyðandans, því að hún eyðir formum í þeim tilgangi að leysa fjötra. Þjónusta er raunbirting á meginreglu frelsunar, en dauði og þjónusta eru tveir þættir þessarar meginreglu. Þjónusta bjargar, frelsar og leysir á ýmsum sviðum hina fjötruðu vitund. Hið sama er hægt að segja um dauðann. En þjónusta nær ekki tilgangi sínum fullkomlega nema hún sé látin í té af innsæislegum skilningi á öllum staðreyndum málsins, viturlega túlkuð og hagnýtt í anda kærleiks á efnislega sviðinu.

*A Treatise on White Magic*, bls. 537.

*Óttinn við dauðann.*

Óttinn við dauðann byggist á eftirfarandi:

- a. Hræðslu við lokastig viðskilnaðarins, þegar dauðinn sjálfur er að verki.
- b. Ógn hins óþekkta og óskilgreinanlega.
- c. Efasemdum um ódauðleika.
- d. Hryggð sem fylgir því að skilja við ástvini sína, eða að vera yfirgefinn.

- e. Svörun við áhrifum frá fyrri voveiflegum dauðastundum sem geymast djúpt í vitundinni.
- f. Fastheldni við líf í formi, vegna þess að vitundin er að mestu samsömuð því.
- g. Fornum rangsnúnum kenningum um himnaríki og helvíti, en báðir þessir staðir eru mörgum lítið tilhlökkunarefni.

*A Treatise on White Magic*, bls. 300.

Eftir því sem tímar líða og fyrir lok næstu aldar verður dauðinn ekki til í núverandi skilningi. Margir munu þá hafa þróað með sér samfellda vitund og margir þeirra sem náð hafa mestum þroska verða starfandi samtímis í báðum heimunum. Hinn forni ótti mun hverfa og samskiptin milli geðheims og efnisheims munu komast í fastar skorður og verða svo vísindalega stjórnað, að starfi transmiðla mun réttilega og til allrar blessunar ljúka. Venjuleg transmiðlun og líkamningar með innri stjórnanda og indíána-leiðbeinanda er hliðstæð afbökun á samskiptunum milli heimanna tveggja eins og kynferðislegur öfuguggaháttur er afskræming á sambandi og samskiptum kynjanna. Hér á ég ekki við starfsemi þeirra sem búa yfir dulskyggni, hversu lágstæð sem hún kann að vera, né þegar háþroskaðar verur yfirtaka stjórn líkamans, heldur á ég hér við hin ógeðfelldu fyrirbrigði þar sem fram koma líkamningar og útfrymi og þar sem unnið er í blindni og fávisku af fornum, hnignandi og jarðbundnum atlantískum sálum, hinum venjulegu indíánahöfðingjum og leiðbeinendum. Við höfum ekkert af þeim að læra, en þurfum margt að varast.

Óttinn við dauðann hefur ráðið ríkjum, en veldi hans er nú brátt á enda, þá mun hefjast tímabil þekkingar og vissu sem gerir óttann þarflausan. Þegar tekist er á við óttann við að deyja er lítið annað hægt að gera en að hefja umræðuna upp á vísindalegt svið og – þannig fræðilega – kenna fólki hvernig

á að deyja. Til er ákveðin aðferð við að deyja alveg eins og til er aðferð við að lifa lífinu, en þekkingin á þessari aðferð er að mestu leyti týnd á Vesturlöndum og að týnast í Austurlöndum, nema í fáeinum viskusetrum. Ef til vill verður hægt að fjalla nánar um þetta efni síðar, en hugmyndin um hvernig best er að nálgast það ætti að fá að hvíla í hugum þeirra nema sem lesa þetta og þegar þeir rannsaka, lesa og íhuga er hugsanlegt að á vegi þeirra verði áhugavert efni sem smám saman verði hægt að safna saman og gefa út.

*A Treatise on White Magic*, bls. 301- 302.

Ótti við dauða og þunglyndi mynda Vörðinn á þröskuldinum á þessum tímum og tímaskeiði. Hvor tveggja gefur til kynna næma svörun við geðrænum þáttum, en ekki er hægt að bregðast við þeim með öðrum þáttum, svo sem hugrekki. Það verður að bregðast við þeim með alvisku sálarinnar sem vinnur í gegnum hugann, en ekki með almætti hennar. Hér er að finna dulfræðilega vísbendingu.

*A Treatise on White Magic*, bls. 309.

Rætur sjálfsbjargarhvararinnar er að finna í eðlislægum ótta manna við dauða og vegna tilveru þessa ótta hefur mannkynið unnið að því að öðlast það langlífi og varanleika sem það býr nú við.

*A Treatise on White Magic*, bls. 626.

### *Skilgreining á dauðanum.*

Dauðinn er sjálfur hluti af blekkingunni miklu og fyrirfinnst aðeins vegna hjúpanna sem við höfum dregið saman umhverfis okkur.

*A Treatise on the Seven Rays*, 5. bindi.

Fólki hættir til að gleyma að á hverri nóttu þegar það sefur, deyr það frá hinni efnislegu tilveru en lifir og starfar á öðru tilverustigi. Menn gleyma því að þeir eru nú þegar vel færir um að yfirgefa efnislíkamann. Þeir geta ekki enn flutt inn í vitund efnisheilans minninguna um þennan viðskilnað og hið virka líf sem á eftir fylgir. Þess vegna sjá þeir ekki sambandið milli svefns og dauða. Dauðinn er í raun aðeins svolítið lengra hlé á virku starfi í efnisheiminum; maðurinn hefur aðeins farið í lengra „ferðalag“ en venjulega. En þessi daglegi atburður að sofna og hinn sjaldgæfari atburður að deyja eru eins, með þeirri einu undantekningu að í svefni helst segulmagnaði þráðurinn eða orkuþráðurinn sem straumur lífsorkunnar fer eftir, óskertur og myndar leiðina fyrir vitundina þegar hún snýr til baka inn í líkamann. Við dauða slitnar eða rofnar þráðurinn. Þegar það hefur gerst getur hin meðvitaða vera ekki snúið aftur í efnislíkamann og það verður til þess að líkaminn sundrast, þar sem hinn sameinandi eðlisþátt vantar.

*A Treatise on White Magic*, bls. 494.

Atburðarás aðskilnaðarins er því tengd eðlisþætti lífsins (eins og þið getið séð); henni er hrundið af stað með athöfn hins andlega vilja og myndar „frumtak upprisunnar sem dylst í starfi Eyðandans,“ eins og segir í fornu dulfræðilegu spakmæli. Sjá má lægstu birtingu þessa frumtaks í þeirri atburðarás sem við nefnum *dauða – sem er í raun aðferð við að draga til baka eðlisþátt lífsins*, gæddan vitund, úr formi líkamanna í heimunum þrem.

Þannig birtist hin mikla samfjöllun og sjá má að eyðing, dauði og upplausn eru í raun ekkert annað en hlutar af ferli lífsins. Aðskilnaðurinn gefur til kynna ákveðið ferli, framför og þróun. Það er þessi þáttur lífslögmálsins (eða lögmáls samfjöllunar, eins og það er nefnt í ákveðnu víðara samhengi) sem er sérstakt viðfangsefni hinna vígðu.

*A Treatise on the Seven Rays*, 5. bindi.

Lítið er á lífið frá sjónarhóli áhorfandans, en ekki þess sem tekur þátt í raunverulegri könnun og reynslu í heiminum þrem (efnisheimi – geðheimi – hugarheimi) . . . séu þeir vígðir lærisveinar eru þeir í vaxandi mæli ómeðvitaðir um starfsemi og svaranir persónuleikans, vegna þess að vissir þættir í lægra eðlinu eru nú svo agaðir og hreinir að þeir hafa horfið niður fyrir þröskuld meðvitundarinnar og hafa samlagast heimi eðlishvatanna; maðurinn er því jafn lítið meðvitaður um þá og hann er meðvitaður um háttbundna starfsemi efnislíkamans á meðan hann sefur. Þetta eru djúp sannindi og að mestu óþekkt. Þetta tengist dauðanum og það má líta á það sem eina skilgreiningu hans; í því felst vísbending um hin leyndardómsfullu orð „forðabúr lífsins.“ Dauði er í raun meðvitundarleysi um eitthvað sem starfar í einu eða öðru formi, en í formi sem hin andlega vera er ómeðvituð um. Forðabúr lífsins eru heimkynni dauðans, en þetta er fyrsta lexían sem lærisveinninn lærir..

*A Treatise on the Seven Rays, 5. bindi.*

### *Tilgangur dauðans.*

Dauði er einn þáttur í miklu sameiningarferli. Fall laufblaðs til jarðar og sameining þess við jarðveginn sýnir okkur örlítið dæmi um þessa miklu og eilífu atburðarás sameiningar, það er með því að verða og deyja sem afleiðing þess að verða.

*A Treatise on the Seven Rays, 2. bindi, bls. 173.*

Ég fjalla um dauðann eins og sá sem þekkir efnið bæði af reynslu í ytri heiminum og hvernig hann birtist frá sjónarmiði hins innra lífs: *Það er enginn dauði.* Það er eins og þið vitið innganga í fyllra líf. Það er lausn frá fjötrum og tálmunum holdsins. Viðskilnaðarferlið, sem svo margir óttast, er ekki til nema þegar um er að ræða voveiflegan og sviplegan dauðdaga

og hið eina óþægilega er þá snögg og gagntakandi tilfinning fyrir yfirvofandi hættu og tortímingu og eitthvað sem líkist rafmagnshöggi. Annað ekki. Fyrir hinum lítt þroskuðu er dauðinn sem svefn og gleymska, vegna þess að hugurinn er ekki nógu virkur til að andsvara og forðabúr minnisins er svo að segja tóm. Í vitund hins venjulega borgara er dauðinn eðlilegt framhald lífsins og framhald fyrri áhugamála og tilhneiginga. Vitund hans og skynjun er hin sama og hefur ekki tekið miklum stakkaskiptum. Hann verður ekki var við mikinn mismun, það er vel um hann séð og oft gerir hann sér ekki grein fyrir því að hann hafi gengið í gegnum það sem nefnt er dauði. Hinn illi og eigingjarni, glæpamaðurinn og þeir fáu sem lifa eingöngu fyrir efnisleg gæði, lenda eftir dauðann í því sem við nefnum „jarðbundið ástand.“ Þeir hafa bundist jörðinni svo föstum böndum og allar þeirra þrár og langanir eru svo nátengdar því jarðneska, að þeir neyðast til að halda sig í nálægð hennar og í því umhverfi sem þeir áður dvöldu í. Þeir reyna í örvæntingu og með öllum mögulegum ráðum að ná sambandi á ný og komast aftur til baka. Örfá dæmi eru um að sterk persónuleg ást til þeirra sem eftir lifa hafi haldið hinum góðu og fögru í svipuðu ástandi. Fyrir hinum andlega leitanda er dauðinn tafarlaus innganga í svið þjónustu og starfsemi sem hann er vel kunnugur og þekkir strax af fyrri kynnum. Hann hefur sjálfur byggt upp svið virkrar þjónustu og náms í starfi sínu á nóttunni meðan líkaminn svaf. Nú getur hann starfað þar tuttugu og fjóra tíma sólarhringsins (ef miðað er við tímatal efnissviðsins) í stað hinna fáu svefntíma sem áður gáfust.

*A Treatise on White Magic*, bls. 300–301.

Hinn sanni dauði, samkvæmt lögmálinu, gerist með því að markmiðinu er náð og það veldur því að leitinni lýkur. Hið ídveljandi líf manns, Plánetulogoss eða Sólarlogoss er ekki lengur með vitundarstillingu í ethertvífara sínum sem er að leysast upp

og hamlar því ekki lengur lausn. Ef við orðum þetta á annan hátt, þá er ethertvífarinn ekki lengur uppspretta aðlöðunar né í raun segulmagnaður. Hann missir segulmagn sitt og hið mikla lögmál aðlöðunar hættir að ráða honum; því verður sundrunin ráðandi ástand formsins.

*A Treatise on Cosmic Fire*, bls. 129–130.

„Lögmálið krefst inngöngu þess er kemur á breytingu.“

Augljóst er, ef við höfum í huga það sem ég hef sagt á öðrum stað, að það sem hlýtur að krefjast inngöngu er hinn lífgefandi einbeitti vilji og þegar hann verður virkur í einstaklingi, hóp, þjóð, lífríki náttúrunnar (plánetuorkustöð) og í plánetunni sem heild, þ.e. samtímis í öllum plánetu-orkustöðvunum, þá mun hann sem afleiðing þess valda umróti, breyttum áherslum, nýrri hreyfingu og hreyfikrafti, uppstreymi og aðskilnaði. Breytingarnar sem verða í orkustöðvunum við dauða efnislíkamans hafa hvorki verið athugaðar né skráðar; þær eru þó vissulega til fyrir augum hins innvígða og reynast mjög áhugaverðar og upplýsandi. Það er ástand orkustöðvanna sem gerir hinum vígða manni kleift – þegar hann er að lækna – að vita hvort lækning efnislíkamans sé leyfleg eða ekki. Með því að skoða orkustöðvarnar getur hann séð hvort viljaþáttur aðskilnaðarins, sem ég vísaði til hér á undan, sé í virku ástandi eða ekki. Samskonar ferli má sjá hjá stofnunum, hreyfingum og menningarsamfélögum þar sem verið er að brjóta niður formið til að gera lífinu kleift að draga sig til baka svo að það geti síðar byggt sér nýtt og hæfara form. Hið sama á sér stað við hina miklu athöfn vitundarvígsluna, því hún felst ekki eingöngu í útpenslu vitundarinnar; hún á rætur sínar í dauðanum eða aðskilnaðinum sem leiðir til endurreisnar og uppris. Það sem veldur breytingu er afhleðsla (ef mér leyfist að nota svo ófullnægjandi orð) einbeittrar ríkjandi viljaorku. Þessi orka er svo segulmögnuð, að hún dregur til sín líf orkustöðvanna en



Það veldur upplausn formanna og frelsun lífsins. Dauði, í hinni venjulegu merkingu orðsins, kemur til einstaklingsins þegar viljinn-til-lífs hverfur og viljinn-til-aðskilnaðar kemur í hans stað. Þetta köllum við dauða. Þegar um er að ræða dauða af völdum stríðsátaka, þá er ekki um að ræða einstaklingsbundinn vilja-til-aðskilnaðar, heldur þvingaða þátttöku í víðtækum hóp-aðskilnaði. Sál mannsins á sínu eigin sviði skynjar að æviskeiðið er á enda runnið og kallar til sín lífið. Hún kemur þessu til leiðar með því að draga viljaorkuna til baka, en það nægir til að valda breytingu. . . . Kristur var að vísa til þessa aðskilnaðar í tengslum við hina þriðju miklu plánetuorkustöð, mannkynið, þegar hann sagði: „En er ég verð hafinn frá jörðu, mun ég draga alla til mín“ (Jóhannes, 12, 32–33), þá talaði hann sem fulltrúi Helgivaldsins annarrar plánetuorkustöðvarinnar, því allir menn sem hljóta vitundarvígslu eru dulfræðilega „upphafnir“ til hennar. Önnur orð en þessi verða sögð í lok tímabilsins þegar Lávarður Heimsins mun tala frá Shamballa (fyrstu plánetu-orkustöðinni) og draga til sín lífsfrumtakið frá Helgivaldinu. Þá verður allt líf og vitund innstillt í höfuðstöð plánetunnar – hinum mikla Ráðsal í Shamballa.

„Lögmálið krefst þess að breytingarnar sem þannig er komið í kring, fjarlæggi formið, leiði eigind í ljós og leggi áhersluna á líf.“

Hér eru hinir þrír miklu meginþættir – form, eigind og líf – settir í samhengi og markmið þróunarinnar sést í sínu sanna ljósi – LÍFI. Takið eftir þessari setningu. Formið eða hin ytri birting hverfur eftir að hafa þjónað sínu hlutverki. Formið deyr. Eigindin, megin guðlegi eðlisþátturinn sem þróast hefur á þessari plánetu verður ráðandi, er „meðvitaður um sjálfan sig“ – eins og sagt er í hinum fornu ritum. Hann er þekktur og sérgreindur, en á sér enga formbirtingu nema hina stærri heild sem er bústaður hans. Hvorki form (líkami) né eigind (vitund) eru ráðandi á hinu nýja tilverustigi, aðeins meginþáttur lífsins, andinn á sínu

eigin sviði verður hinn ríkjandi þáttur. Hægt er að bregða dauðu ljósi á mikilvægi þessa, ef haft er í huga að hinir sjö heimar eða svið okkar eru aðeins sjö sviðsstig kosmíska efnisheimsins. Hinn vígði maður hefur gengið í gegnum þróunarferlið við að þroska hjá sér næmleika á þessari sjögreindu þróunarbraut í þeim tilgangi að geta starfað í kosmíska geðheiminum við fráhrarf eða aðskilnað í kjölfar æðri vitundarvígslu. Hann hverfur endanlega frá lífi plánetunnar. Aðeins eitt gæti komið í veg fyrir þetta, en það er heit hans að dvelja og þjóna um tíma innan takmörkunarhrings plánetunnar. Þeir meðlimir Helgivaldsins, sem skuldbinda sig til þessa starfs, eru sagðir hafa búddíska vitund og vera (í dulfræðilegum skilningi) beinir afkomendur hins Eilífa Pílagrís, Lávarðar Heimsins, Búddha og Krists. Þeir samsama sig að eigin ósk „eiginleikanum sem sést innan ljóssins“ og helga starf sitt – þann tíma sem þeir gefa af fúsum og frjálsum vilja til þjónustu – vitundarþættinum, til þess að geta síðar lagt áherslu á eðlisþátt lífsins. . . .

*A Treatise on the Seven Rays, 5. bindi.*

Eldarnir átján verða að slokkna; minni lífin (sem lífga eðlisþætti forms, löngunar og hugsunar, sköpunarhæfni heildarinnar grundvölluð á segulmögnum kærlík) verða að snúa aftur til forðabúrs lífsins svo ekkert verði eftir nema það sem var orsök tilveru þeirra, hinn miðlægi vilji sem þekkist af áhrifunum sem útgeislun eða útöndun hans veldur.

Þessi tvístrun, dauði eða upplausn, eru í raun stórbrotin áhrif frá hinni miðlægu Orsök og fyrirmælin eru því eftirfarandi: „Þessu verður að koma til leiðar með því að ákalla viljann.“ ...Lærisveinninn finnur sinn hóp í heildisskóla (ashrami) meistarans og í framhaldi af því nær hann fullu valdi yfir dauðanum – hinum forna ógnvaldi tilverunnar. Hann uppgötvar að dauði eru einfaldlega áhrif sem lífið og hans eigin meðvitaði vilji veldur og er háttur sem hann beitir til að fást við

efni og stjórna því. Þetta verður framkvæmanlegt á meðvitaðan hátt, vegna þess að hann hefur þroskað með sér næmni fyrir tveimur guðlegum meginþáttum – skapandi virkni og kærleik – og hefur því stillt sig inn á æðsta meginþáttinn og veit að hann er nú VILJINN, Lífið, Faðirinn, Mónadinn, hinn Eini.

*A Treatise on the Seven Rays*, 5. bindi.

Mikið umrót í öllum lífríkjum náttúrunnar hefur einkennt þessa tíma og þessa kynslóð; helsta sérkenni þessa umróts er mikil eyðing allra efnisforma guðlegs lífs í öllum lífríkjum. Nútíma siðmenning okkar hefur orðið fyrir slíku rothöggi að hún mun aldrei ná sér, en síðar munu menn sjá að það er í raun „lausnarhögg“ og er til merkis um birtingu þess sem er betra, nýtt og hæfara fyrir andann á þróunarbrautinni. Miklar og gagntakandi orkutegundir og kraftar sem þær hafa vakið upp hafa mest í stríði sem hefur, í óeiginlegri merkingu, lyft steinaríkinu til skýjanna og kallað niður eld af himni. Ég er að tala um raunverulega hluti en ekki eingöngu táknræna. Líkamar karla, kvenna og barna sem og einnig dýra hafa orðið eyðingunni að bráð; formum jurtaríkisins og kröftum steinaríkisins hefur verið sundrað, dreift og þau lögð í rúst. Samheldni allra forma plánetunnar hefur tímabundið verið rofin. Eins og sagt var í fornri spásögn: „Enginn samhljómur hljómar frá formi til forms, frá lífi til lífs. Aðeins kvalaóp, krafa um endurreisn og ákall um lausn frá kvölum, örvæntingu og árangurslausum tilraunum berst þaðan og hingað.“

Allt þetta umrót „jarðvegs“ heimsins – andlegs, sálræns og efnislegs – öll þessi upplausn forma og þekktra útlína plánetulífs okkar *varð* að eiga sér stað áður en Helgivaldið gat komið fram í vitund almennings; allt þetta varð að vinna sitt verk á sálum manna áður en hinn nýi tími gat hafist og fært með sér endurreisn launhelganna og viðreisn þjóða Jarðarinnar. Þetta tvennt fylgist að. Þetta er eitt meginatriðið sem ég leitast við að

koma til skila. Þessi upplausn, eyðing og hin algjöra ringulreið sem hefur verið ríkjandi síðustu fimm hundruð árin í öllum ríkjum náttúrunnar hefur nú loks náð að vinna sig niður í samsvarandi efnislegt ástand. Það er gott og æskilegt; þar með er hafinn forleikurinn að uppbyggingu betri heims, mótun hæfari lífsforma og réttari viðhorfa manna, auk þess að vera heilbrigðari stefna í átt til raunveruleikans. Hið besta er þó enn ókomið.

Allt kemur nú skjótar upp á yfirborðið – hið góða og hið illa, hið æskilega og hið óæskilega, fortíð og framtíð (því þetta tvennt er eitt); plógur Guðs hefur næstum lokið verki sínu; sverð andans hefur aðskilið illa fortíð frá geislandi framtíð, en fyrir auga Guðs leggja hvort tveggja sitt af mörkum; hin veraldlega siðmenning okkar mun víkja hraðfara fyrir menningu sem er í eðli sínu andlegri; kirkjur okkar með sínum takmarkandi og þokukenndu guðfræðikenningum munu brátt víkja fyrir Helgivaldinu og fræðslunni – hreinni og klárri, raunsannri, innsæislegri og kreddulausri – sem þaðan kemur.

*A Treatise on the Seven Rays, 5. bindi.*

Áköf löngun eftir skynrænni tilveru eða tilfinningaböndum er öllum formum eðlislæg og viðheldur sjálfri sér og er jafnvel ekki óþekkt meðal hinna vitru.

Þegar lífið eða andinn dregur sig til baka deyr formið, dulfræðilega séð. Þegar hugsun sálarinnar eða æðra sjálfsins er bundin sínu eigin sviði streymir engin orka út til efnisins í heimunum þrem, þess vegna er engin formbygging né tenging við form möguleg. Þetta er í samræmi við hin alkunnu dulfræðilegu sannindi að „orka fylgir hugsun“ og er einnig í samræmi við þá kenningu, að líkami Kristis-eðlisþáttarins (búddíska starfstækið) byrji ekki að samhæfast fyrr en hinar lægri hvatir fjara út. . . . Tenging við form eða aðlöðun andans að formi er hin mikla

drifhvöt efnisþróunarinnar. Höfnun formsins og eyðing þess sem fylgir í kjölfarið er hin mikla drifhvöt hinnar andlegu þróunar.

*The Light of the Soul*, bls. 137-8.

Löngun er orsök og afleiðingin er myndun persónuleikans eða formhliðar mannsins. Hann mun því viðhaldast svo lengi sem viljinn til að lifa er fyrir hendi. Raunbirting persónuleikans byggist á hugrænni lífsorku. Margsinnis hefur verið sýnt fram á þetta í annálum læknávisindanna. Það hefur verið sannreynt að efnislegt líf viðhelst svo lengi sem viljinn til að lifa varir; en jafn skjótt og þessi vilji hverfur eða áhugi íbúans er ekki lengur bundinn persónubirtingu sinni, þá fylgir dauðinn í kjölfarið og sundrun líkamans, þessarar hugrænu ímyndar hefst.

*The Light of the Soul*, bls. 397.

Meginþróunarstefnurnar eru tvær, sú sem mótar efni og form og sú er snýr að sálinni, vitundarþættinum eða raunbirtingu hugsuðarins. Þessar tvær stefnur hafa mismunandi framþróunarbraut, þær stefna hvor í sína átt. Þið hafið séð að sálin samsamar sig forminu um langa tíð og leitast við að fylgja „braut dauðans,“ því þannig er þessi myrka braut í raun fyrir hugsuðinum. Síðar meir, eftir langa og örðuga viðleitni, hættir sálin að samsama sig þannig forminu, hún lærir að þekkja sitt raunverulega sjálf og sína réttu braut eða dharma og fylgir eftir það braut ljóss og lífs. Hafið samt ætíð í huga, að fyrir báða þessa eðlisþætti er þeirra eigin braut sú rétta og að eðlishvatir efnislíkamans og geðlíkamans eru ekki rangar í sjálfu sér. Þær verða rangar frá vissu sjónarmiði, sé þeim beitt í röngum tilgangi, en það var skilningur á þessu atriði sem olli því að lærisveinninn í Jobsbók hrópaði: „Ég hef rangsnúið því sem er rétt.“ Þessar tvær þróunarstefnur eru aðgreindar og ósamrýmanlegar. Þetta verða allir leitendur að læra.

*The Light of the Soul*, bls. 402-403.

*Listin að deyja.*

Sálin í hjartanu er lífsfrumtakið, eðlisþáttur sjálfsákvörðunar og miðdepill póstífrar orku sem heldur öllum atómum líkamans á sínum rétta stað og undir stjórn lífsvilja sálarinnar. Lífsfrumtakið hagnýtir blóðrásina sem tjáningar- og stjórnþæki og í nánu sambandi innkirtlakerfisins og blóðsins sjáum við hina tvo þætti í starfsemi sálarinnar vinna saman til að gera manninn að lifandi, meðvitaðri og starfandi veru, undir stjórn sálarinnar sem birtir tilgang hennar í daglegu lífi.

*Dauði er því í raun brotthvarf þessara tveggja orkustrauma frá hjartanu og höfðinu sem veldur algjöru meðvitundarleysi og eyðingu líkamans.* Dauði er að því leyti frábrugðinn svefni að báðir orkustraumarnir eru dregnir til baka. Í svefni er aðeins um að ræða brotthvarf orkustraumsins sem tengist heilanum og þegar það gerist missir maðurinn meðvitund. Með þessu er átt við, að vitund hans eða veruleikaskyn er innstillt á öðrum stað. Athygli hans beinist ekki lengur að áþreifanlegum og efnislegum hlutum, heldur að öðru tilverustigi og tengist þar öðru starfstæki eða lífkerfi. Við dauðann hverfa báðir orkuþræðirnir eða eru sameinaðir í lífsþræðinum. Lífsorkan hættir að streyma í gegn fyrir tilstuðlan blóðrásarinnar, hjartað hættir að starfa alveg eins og heilinn hættir að taka við skynjunum og þögnin ein ríkir. Húsið er tóm. Öll starfsemi hættir fyrir utan þá sérstöku starfsemi sem aðeins tilheyrir efninu og birtist í rotnun. Frá vissu sjónarmiði séð má segja, að þetta niðurbrotstarf sýni fram á einingu mannsins og alls hins efnislega; það vísar til þess að hann er hluti sjálfrar náttúrunnar, en með náttúru er átt við líkama hins eina Lífs, en í því „lifum, hrærumst og erum við.“ Í þessum þrem orðum – líf, hreyfing og tilvera – er allt upp talið. *Tilvera* er varurð, sjálfsvitund og sjálfstjáning, en ytri tákn þessa eru höfuð mannsins og heili. *Líf* er orka, löngun og þrá í formi, heilleiki og aðlöðun að hugmynd, en ytri tákn þessa

eru hjartað og blóðið. *Hreyfing* gefur til kynna sameiningu og svörun þessarar núverandi, sjálfsvitandi og lifandi veru inn í hina alheimslegu virkni, en ytri tákn þessa eru maginn, brisið og lifrin.

Hafa verður einnig í huga að *gengið er í gegnum dauðann að fyrirmælum sálarinnar og gildir þá einu hversu vitandi maðurinn er um þau fyrirmæli*. Hjá flestum gerist það ósjálfrátt, þar sem hin óhjákvæmilega svörun efnissviðsins (þegar sálin snýr athygli sinni frá) er annaðhvort dauði, með aðskilnaði hins tvígreinda lífs- og vitundarþráðar eða eingöngu aðskilnaður orkuþráðarins sem gefur hina hugrænu vitund. Er þá lífsþráðurinn enn virkur og tengdur hjartanu, en vitrænn skilningur er engin. Sálin gefur sig að öðru og sinnir eigin málum á sínu eigin sviði.

*A Treatise on White Magic*, bls. 496-497.

Áður en farið er nánar ofan í smáatriði efnisins vil ég víkja nokkrum orðum að „ethervefnum í heilanum,“ sem hjá flestum er heill og órofinn en er ekki til staðar hjá hinum uppljómaða sjáanda.

Eins og þið vitið er undirstaða efnislíkama mannsins líkami byggður úr lífsorku. Þessi líkami er hliðstæða efnislíkamans; hann er stærrí en hinn efnislegi og við nefnum hann etherlíkama eða ethertvífara. Hann er orkulíkami og er samsettur úr orkustöðvum og nadíum eða orkuþráðum. Þær eru undirstaða eða samsvörun taugakerfisins – tauganna og taugahnoðanna.

Í mannlíkamanum eru tvær útgönguleiðir, ef hægt er að orða það svo. Önnur gáttin er í sólarplexusstöðinni en hin er í heilanum við hvirfilinn. Báðar þessar gáttir eru vandlega varðar með þéttum vef úr etherísku efni, sem myndaður er úr samfléttuðum þráðum lífsorku.

Á dauðastundinni verður þrýstingur lífsorkunnar á vefinn til þess að um síðir myndast rífa eða op. Út um þetta op streymir lífskrafturinn eftir því sem aðskilnaðaráhrif sálarinnar

aukast. Þegar um er að ræða dýr, smábörn eða karla og konur, sem eru algerlega vitundarstillt í efnis- eða geðlíkamanum, er útstreymisgáttin sólarplexusstöðin, vefurinn þar opnast og leyfir þannig brottför. Þegar um er að ræða hugrænar manngerðir hins þroskaðri hluta mannkynsins opnast vefurinn efst í höfðinu við hvirfilinn nálægt beinamótunum og leyfir með því brottför hinnar hugsandi vitsmunaveru.

Þetta eru því hinar tvær meginútgönguleiðir á dauðastundinni: sólarplexusstöðin hjá því fólki sem hefur geðræna vitundarstillingu og er undir áhrifamætti hins efnislega, eða hjá meirihluta mannkyns og höfuðstöðin hjá fólki með hugræna vitundarstillingu og þeim sem eru andlega sinnaðir. Þetta er fyrsta og mikilvægasta atriðið sem hafa þarf í huga og auðvelt er að sjá hvernig hin almenna lífsstefna og innstilling athyglinnar ákvarðar rás atburða við brottförina á dauðastundinni. Sjá má að viðleitni til að hafa stjórn á geðlíkama sínum og tilfinningalífi og að beina athygli sinni að hugrænum og andlegum viðfangsefnum hefur úrslitaáhrif á rás atburða á stund dauðans.

Ef neminn hugsar skýrt og rökrétt ætti honum að vera ljóst, að önnur gáttin snertir hinn andlega sinnaða og þroskaða mann en hin á við hina lítt þroskuðu mannveru sem hefur varla komist upp fyrir stig dýrsins. Hvað þá um meðalmanninn? Þriðja gáttin er nú tímabundið í notkun; rétt neðan við efri hluta hjartans er annar ethervefur sem lokar fyrir útgönguleið. Staðan er því sem hér greinir:

1. Gáttin í höfðinu er notuð af hinni vitsmunalegu manngerð, lærisveinum og hinum vígðu mönnum heimsins.
2. Gáttin í hjartanu er notuð af hinum góðhjörtuðu, velviljuðu körlum og konum sem eru góðir borgarar, skynsamir vinir og sinna mannúðarmálum.



3. Gáttin á sólarplexus-svæðinu er notuð af þeim sem búa yfir sterkum hvötum tengdum dýraríkinu.

Þetta er fyrsta atriði þeirra nýju upplýsinga sem smám saman verða almenn vitneskja á Vesturlöndum á næstu öld. Hugsuðir í Austurlöndum hafa nú þegar vitneskju um margt af þessu. Þetta er í eðli sínu fyrsta skrefið til vitsmunalegs skilnings á því sem gerist á dauðastundinni.

*A Treatise on White Magic*, bls. 500.

Að þessu sinni get ég aðeins komið með eina eða tvær ábendingar sem snerta aðferðina við að deyja. Ég ræði ekki um viðhorf þeirra sem viðstaddir eru, ég ræði aðeins þau atriði sem gera viðskilnað sálarinnar úr tímabundnum bústað sínum auðveldari.

Í fyrsta lagi þarf að ríkja þögn í herberginu. Þetta er vissulega svo í mörgum tilfellum. Hafa verður í huga að hin deyjandi persóna getur oft verið meðvitundarlaus. Þó er meðvitundarleysið oft aðeins það sem virðist vera, en er ekki í raun. Í níu tilfellum af tíu er um fulla heilavitund að ræða og fulla vitneskju um það sem er að gerast, en viljinn til að tjá sig er lamaður og hæfnin til að mynda næga orku til að gefa meðvitund til kynna er ekki fyrir hendi. Þegar þögn og skilningur ríkja við dánarbedið getur sálin haft góð tók á starfstæki sínu allt fram til síðustu mínútu og þannig haft næði til að gera hæfilegar ráðstafanir.

Síðar meir, með aukinni þekkingu á áhrifum lita, verður aðeins leyft að hafa rauðgul ljós í herbergi hinnar deyjandi persónu og þeim komið fyrir með tilheyrandi helgisiðum þegar örugg vissa er um að engin von sé um bata. Rauðguli liturinn gerir innstillinguna í höfðinu auðveldari, alveg eins og rautt örvar sólarplexusstöðina og grænt hefur viss áhrif á hjartað og straum lífsorkunnar.

Ákveðin tegund tónlistar verður notuð þegar meiri skilningur á áhrifum hljóðsins er fyrir hendi. Enn er engin tónlist til sem auðveldað gæti starf sálarinnar við að aðskilja sig frá líkamanum, þó mun koma í ljós að vissir orgeltónar eru gagnlegir. Ef eigin tónn persónunnar er hljómaður nákvæmlega á dauðastundinni, mun hann samtvinna orkustraumana tvo og rjúfa síðan lífþráðinn, en þekking á þessu efni er of hættuleg til að mögulegt sé að veita hana nú, það verður að bíða seinni tíma. Ég vil aðeins gefa til kynna hvað framtíðin ber í skauti sér og þær leiðir sem dulfræðilegar rannsóknir framtíðarinnar munu fylgja.

Koma mun í ljós, að með því að þrýsta á vissar taugastöðvar og slagæðar, verður hægt að auðvelda starfið. Þessi vísindi dauðans hafa varðveist í Tíbet, eins og margir nemar vita. Þrýstingur á hóstarslagæðina og á vissar sverar taugar í höfðinu og á ákveðinn stað við mænuhöfuðið (medulla oblongata) mun reynast hjálplegur og áhrifaríkur. Sérstök vísindi dauðans munu síðar meir þróast, en það verður ekki fyrr en tilvist sálarinnar hefur öðlast viðurkenningu og sýnt hefur verið vísindalega fram á samband hennar og líkamans.

Einnig verða notaðar máttarsetningar og þeir sem viðstaddir eru láta þær samlagast vitund hins deyjandi manns, eins er mögulegt að hann noti þær sjálfur hugrænt að eigin frumkvæði. Kristur sýndi okkur not þeirra þegar hann hrópaði: „Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn.“ Annað dæmi höfum við í orðunum: „Drottinn, nú lætur þú þjón þinn í friði fara.“ Síðar munu fleiri atriði bætast við helgisiðina á dánarstundinni, eins og ómun Orðsins helga í lágum hljóðum eða í vissri tóntegund (sem vitað er að vekur andsvar hinnar deyjandi persónu) ásamt smurningu með olíu, en sá siður hefur varðveist hjá kaþólsku kirkjunni. Hin hinsta smurning grundvallast á dulfræðilegum og vísindalegum grunni. Höfuðið skal snúa á táknrænan hátt í austur og fætur og hendur skulu vera krosslögð. Aðeins skal

brenna reykelsi með sandalviðarilmi í herberginu, en engar aðrar tegundir ilmefna skulu leyfðar meðan sálin er að vinna að því að eyða bústað sínum, því að sandalviðarilmur er ilmur fyrsta geislans, geisla eyðandans.

*A Treatise on White Magic*, bls. 505.

Ef eitthvað eitt er til sem namar sjá að þeir verða að ná tókum á, þá er það sú nauðsyn að frelsa sig frá blekkingunni miklu. Þetta vissi Arjuna en lét samt örvæntinguna ná tókum á sér. En á örlagastundu brást Krishna honum ekki og í Bhagavad Gita opinberar hann honum hinar einföldu reglur um það hvernig sigrast megi á þunglyndi og efasemdum. Þessar reglur má draga saman á eftirfarandi hátt:

- a. Gerðu þér ljóst að þú ert hinn ódauðlegi.
- b. Náðu stjórn á huga þínum, því með atbeina þessa hugar getur þú öðlast þekkingu á hinum ódauðlega.
- c. Lærðu að formið er einungis hula sem hylur dýrð guðdómsins.
- d. Sjáðu að Lífið eina býr í öllum formum, þess vegna er enginn dauði, engin vanlíðan, enginn aðskilnaður.
- e. Aðgreindu sjálfan þig frá formþættinum og komdu til mín, dveldu svo á þeim stað þar sem Ljós og Líf er að finna. Þá hverfur blekkingin.

*A Treatise on White Magic*, bls. 308.

Meistari kynnist merkingu hvers takmarkandi forms og síðan tekur hann við stjórninni og beitir lögmálinu á þeim sviðum sem formið nær til. Hann hefur vaxið upp úr hverju forminu af öðru og fleygt hinum gömlu jafnóðum til að taka við nýjum. Þannig hefur fórn og dauði formsins jafnan fylgt þróun hans. Hann lærir að sjá takmarkanir þess og það verður að deyja og hverfa til að lífið hið innra geti svifið til hæða. Krossfesting og

dauði er ævinlega undanfari brautar upprisunnar, er síðan liggur að fjallinu þaðan sem uppstigningin á sér stað.

*Letters on Occult Meditation*, bls. 261.

## 2. ENDURREISNIN

Í umfjöllun um vitund sálar, sem er að skilja við (takið eftir orðalaginu) og vinnur að endurreisnarstarfinu, vil ég endurtaka að ég er að fjalla um efni sem ekki er hægt að sanna efnislega eða með áþreifanlegum hætti. Einstöku sinnum er mönnum snúið aftur til efnislegrar tilveru þegar þeir eru alveg komnir að því að ljúka líkamlegri endurreisn. Þetta er aðeins mögulegt ef hin meðvitaða vera dvelur enn í etherlíkamanum, þó svo að hinn efnislegi líkami hafi að heita má verið yfirgefinn. Etherlíkaminn og efnislíkaminn ganga hvor inn í annan, þó er sá fyrrnefndi mun stærri að ummáli. Geðlíkaminn og hugræni eðlisþátturinn geta enn verið etherískt innstilltir, þó að efnislíkaminn sé dáinn, þ.e. hjartað hætt allri virkni og hin etheríska grunnorka hafi safnast saman í höfðinu, hjartanu eða á sólarplexus-svæðinu og viðskilnaðurinn sé kominn vel á veg.

Fyrst í stað dragast etherkraftarnir út að ytra borði hins etheríska takmörkunarrings, áður en lokaeyðingin sem leysir manninn og gerir honum kleift að standa sem mennsk sál innan takmörkunarrings geðlíkamans á sér stað. Með þessum orðum er varpað nokkuð nýju ljósi á það sem gerist við dauðann. Brotthvarfi etherlíkamans úr efnislíkamanum hefur oft verið lýst. En þó að þessu hafi verið áorkað er dauðinn ekki enn fullkomnaður; enn bíður hann næstu viljaathafnar sálarinnar. Það sem næst gerist veldur því að allir etherkraftarnir leysast upp og hverfa aftur til uppsprettunnar sem þeir komu frá, hins sameiginlega forðabúrs etherkrafta. Gleymið

Því ekki að etherlíkaminn hefur sjálfur enga aðgreinda tilveru. Hann er aðeins samsafn allra þeirra krafta og orku sem lífguðu efnislíkamann og hrifu hann til virkni meðan á hinu ytra lífsferli stóð. Minnst þess einnig að orkustöðvarnar fimm sem liggja upp með hryggnum, eru ekki innan efnislíkamans, heldur á vissum stöðum í hinni etherísku hliðstæðu líkamans; þær eru að minnsta kosti fimm sentímetra frá hryggnum (það á jafnvel við um óþroskaða menn og enn frekar ef um er að ræða venjulegan meðalman). Orkustöðvarnar þrjár í höfðinu eru einnig utan við efnislíkamann. Ef þið hafið þetta í huga ættuð þið að skilja betur þá fullyrðingu, að efnislíkaminn *sem slíkur* hefur verið yfirgefinn þegar læknir hefur úrskurðað manninn látinn, en þrátt fyrir það getur verið að maðurinn sé enn ekki raunverulega dáinn. Ég vil einnig minna ykkur á að það sama gildir um hinar fjölmörgu smærri orkustöðvar og hinar stærri sem við þekkjum svo vel.

Þær tvær af minni orkustöðvunum sem síðastar „dofna og deyja út,“ til að hverfa aftur inn í heildarmassa etherfnisins, eru þær sem eru nátengdar lungunum og eru í námunda við þau. Það eru þessar tvær orkustöðvar sem sálin notar ef hún af einhverjum ástæðum er kölluð til baka inn í efnislíkamann. Lífið snýr aftur inn í yfirgefið efnisformið þegar þær hefja að nýju innstreymisstarf sitt. Það er ómeðvitaður skilningur á þessu atriði sem knýr menn til að reyna þær aðferðir við endurlífgun sem venjulega er beitt ef um er að ræða drukkun eða köfnun. Ef maðurinn hefur látist af völdum sjúkdóms hefur það veikt svo líkama hans að slíkar lífgunaraðferðir eru ekki mögulegar og ætti ekki að reyna. Ef dauðinn er skyndilegur og óvæntur vegna slyss, sjálfsmorðs, morðs, skyndilegs hjartaáfalls eða styrjaldaráttaka er áfallið svo mikið að það kemur í veg fyrir hið venjulega hægfara brotthvarf sálarinnar og lausnin frá efnislíkamanum og endanleg upplausn etherlíkamans verða svo að segja samtímis. Við eðlilegan dauðdaga af völdum sjúkdóms,

er brotthvarfið hægfara, og þá er möguleiki á endurkomu til lengri eða skemmri tíma, ef sjúkdómurinn hefur ekki verið það illkynja, að hann hafi valdið líffærunum of miklum skaða. Þetta gerist nokkuð oft, sérstaklega ef lífsviljinn er sterkur eða lífsstarfinu er ólokið og ekki hefur verið gengið rétt frá öllum málum.

Það er annað atriði sem ég vil koma að og tengist hinni eilífu baráttu sem á sér stað milli póllanna tveggja, þetta efnislíkamans og etherefnislega líkamans. Formgervisveran (en það er nafnið sem gefið er samþættu lífi efnislíkamans) og sálin eiga í miklu stríði, þegar sálin leitast við að draga til baka og leysa upp allar hinar samtvinnuðu orkutegundir etherlíkamans. Þessi barátta er oft ofsafengin og löng; það er þessi barátta sem er háð um lengri eða skemmri tíma þegar maðurinn liggur í dái, eins og oft gerist á dánarbedum. Dulfræðilega séð er til tvennskonar dauðadá: það er „dauðadá baráttunnar“ sem er undanfari hins raunverulega dauða og „dauðadá endurreisnarinnar“ sem á sér stað þegar sálin hefur dregið til sín vitundarþráðinn eða vitundina, en ekki lífþráðinn, í þeim tilgangi að gefa formgervisveru efnisins tækifæri til að ná aftur yfirráðum yfir lífkerfinu og komast þannig til heilsu á ný. Vísindi nútímans gera sér ekki enn grein fyrir mismuninum á þessu tvennskonar dauðadá. Þegar fram líða stundir og etherskyggni eða fjarskyggni verður algengari en nú, munu menn þekkja hvaða eiginleikar eru ríkjandi í dáinu og þá þarf von eða örvænting ekki lengur að ráða. Vinir og ættingjar hinnar meðvitundarlausu persónu munu vita nákvæmlega hvort þeir séu að fylgjast með hinu mikla og endanlega brotthvarfi frá þessari lífsvist eða einfaldlega endurreisn til heilsu og lífs. Í síðara tilfallinu viðheldur sálin taki sínu á efnislíkamanum með milligöngu orkustöðvanna, en lokar alveg um tíma fyrir alla orkuvirkni. Undantekningar frá þessari lokun eru hjartastöðin, miltað og tvær af minni

stöðvunum sem tengjast öndunarfærunum. Þessar orkustöðvar halda eðlilegu orkustigi, þótt starfsemi þeirra minnki nokkuð og fyrir milligöngu þeirra heldur sálin tókum sínum. Þegar tilgangur sálarinnar er raunverulegur dauði, sleppir hún tókum sínum fyrst á miltanu, síðan fylgja minni orkustöðvarnar tvær og að lokum sleppir hún tókum á hjartastöðinni og maðurinn deyr.

Það sem sagt hefur verið hér á undan gefur ykkur nokkra hugmynd um þau fjölmörgu atriði sem læknávisindin eiga enn eftir að uppgötva, en þessi atriði verða leidd í ljós eftir því sem mannkynið öðlast meiri næmni.

Ég bið ykkur að minnast þess, að í allri þessari athugun okkar erum við að fjalla um viðbrögð og starfsemi sálarinnar sem er með vilja að draga til baka hinn mannlega þátt sinn vegna þess að æviskeiðið er á enda runnið. Ævin getur hafa verið löng eða stutt, eftir tilganginum; hún getur hafa varað örfá ár eða heila öld. Allt til sjö ára aldurs er lífskraftur efnislegu formgervisverunnar að mestu ráðandi. Á þeim tíma er sálin innstillt í etherlíkamanum, en hún notar ekki að fullu allar orkustöðvarnar; yfirráð hennar felast aðeins í mildri hrynjandi og hæglátri hvöt – hæfilegri til að viðhalda vitundinni, lífga hina mismunandi lífferla efnislíkamans og leggja grunninn að uppbyggingu skapgerðar og lundernis. Þessi uppbygging vex og mótast allt fram að tuttugasta og fyrsta aldursári, þegar hún hefur náð stöðugleika í því sem við nefnum persónuleika. Þegar um lærisveina er að ræða er tangarhald sálarinnar á etherísku orkustöðvunum kraftmeira allt frá byrjun efnislegrar tilveru. Þegar fjórtánda aldursári er náð eru eiginleikar og eðli hinnar ídveljandi sálar og aldur hennar eða reynsla orðin greinanleg; formgervisverur efnis, geðs og hugar eru undir stjórn og sálin, hinn ídveljandi andlegi maður, er þá þegar farin að ráða tilhneigingum og valkostum í lífinu.

Þegar kemur að dauðastundinni og um venjulega menn er að ræða, er baráttan milli sálarinnar og formgervisveru efnisins hið ráðandi einkenni; dulfræðilega séð nefnist það „lem-úrískt andlát.“ Þegar um er að ræða venjulega borgara með geðræna vitundarstillingu ríkir baráttan milli formgervisveru tilfinninganna og sálarinnar og það hefur verið nefnt „dauði Atlantisbúans.“ Þegar um lærisveina er að ræða er baráttan meira á hugræna sviðinu og snýst oft um viljann-til-þjónustu og ásetninginn, að uppfylla einhvern sérstakan þátt Áætlunarinnar og viljans-til-afturhvarfs með fullum krafti til sálarheildisins. Þegar um vígsluhafa er að ræða verða engin átök, heldur einfaldlega meðvitað brotthvarf af einlægum ásetningi. Það er nokkuð athyglisvert, að ef einhver átök virðast eiga sér stað þá verða þau á milli hinna tveggja formgervisvera sem enn eru eftir í persónuleikanum: formgervisveru efnisins og hugarstarfseminnar. Í starfstæki innvígðra af hárrígráðu er engin geðræn formgervisvera. Langanæðli einstaklinssins hefur algerlega verið yfirstigið.

*Atriði sem snúa að sálinni á dauðastundinni*

Þegar hinn líkamlegi dauði á sér stað og sálin er að vinna að endurreisnarstarfi sínu, verður hún að fást við eftirfarandi þætti:

1. Formgervisveru efnislíkamans, hið samfléttaða og samhæfða líf efnislíkamans en þessi vera reynir stöðugt að halda honum saman með aðlöðunarkrafti allra þátta hans og innbyrðis tengslum. Þessi kraftur vinnur í gegnum margar af minni orkustöðvunum.
2. Etherlíkamann, sem býr yfir máttugu samhæfðu eigin lífi en það birtist í gegnum meginorkustöðvarnar sjö sem andsvara orkuhvötum frá geði, huga og sál. Þetta



líf vinnur einnig í gegnum þær af minni orkustöðvunum, sem hafa ekki það hlutverk að andsvara hinum þetta efnislíkama eða þeim þætti í starfstæki mannsins sem að sögn H.P.B. telst ekki vera sjálfstæður eðlisþáttur.

Af þessu má sjá að smærri orkustöðvarnar greinast í tvær gerðir: Þær sem eru móttækilegar fyrir lífi hins þetta efnis, eðlisþætti móðurinnar og eru því greinilega á efnislegri þróunarleið. Þær eru arfleifð frá síðasta sólkerfi, en þá var manningnum stjórnað í gegnum þessar minni orkustöðvar. Þá vottaði aðeins fyrir nokkrum meginorkustöðvunum hjá innvígðum svo og langt komnum lærisveinum þess tíma. Í öðru lagi, þær orkustöðvar sem eru móttækilegar fyrir orku sem berst þeim gegnum meginorkustöðvarnar; þær eru þar með undir stjórn geðlíkamans og hugræna starfstækisins. Þið sjáið því betur nú hvers vegna ég kom með eftirfarandi upptalningu á minni orkustöðvunum fyrir í þessu riti. Ykkur kann þó að þykja áhugavert að fá aftur upplýsingar um hvar þessar tuttugu og eina orkustöð er að finna, en þær eru á eftirfarandi stöðum:

Tvær eru framan við eyrun nálægt kjálkaliðamótunum.

Tvær eru rétt fyrir ofan brjóstin.

Ein er efst við brjóstbeinið, nálægt skjaldkirtlinum. Hún myndar orkuþríhyrning ásamt brjóststöðvunum tveim.

Ein er í hvorum lófa.

Ein er á hvorri il.

Ein er aftan við hvort auga.

Tvær tengjast kynkirtlunum.

Ein er rétt hjá lifrinni.

Ein tengist maganum og er því nátengd sólarplexusstöðinni en er ekki sú sama.

Tvær eru tengdar miltanu. Þær mynda í reynd eina stöð, þar sem þær liggja hvor ofan í annarri.

Ein er aftan við hvort hné.

Ein öflug stöð er nátengd vagus tauginni. Hún er mjög kraftmikil og er í sumum dulfræðikenningum talin sem meginstöð; hún er ekki í hryggnum, en er nálægt hóstar-kirtlinum.

Ein stöð er nálægt sólarplexusstöðinni og tengir hana við mænurótarstöðina og myndar á þann hátt þríhyrning kynorkustöðvar, sólarplexusstöðvar og mænurótarstöðvar.

Þríhyrningarnir tveir sem tilgreindir eru í þessari upptalningu eru mjög mikilvægir. Annar er fyrir ofan þind en hinn fyrir neðan.

Aftur má sjá að dauðinn er í raun tvískipt atburðarás og snertir aðallega etherlíkamann. Í fyrsta lagi er um að ræða aðgreiningu og samsöfnun etherefnisins út úr efnislíkamanum og *þéttingu* þess á svæðinu sem er utan við efnislíkaman en nær ekki inn í hann. Þetta svæði hefur stundum ranglega verið nefnt heilsuáran, en einmitt á dauðastundinni, frekar en á öðrum tíma, er auðveldara að ljósmynda það með góðum árangri, vegna þess að kraftarnir hafa safnast saman á svæði sem nær nokkra sentímetra út frá efnisþetta líkamanum. Það er á þessu andartaki í starfi sálarinnar sem „orð dauðans“ er mælt fram. Allt þar til að þetta orð hljómar er mögulegt fyrir etherkraftana að samlagast aftur líkamanum og sálin getur snúið aftur til efnislegrar tilveru. Fram til þessa er sambandi haldið við etherkraftana í gegnum höfuðið, hjartað eða sólarplexusstöðina ásamt tveimur af minni orkustöðvunum ofan við brjóstin.

Allan þennan tíma hefur vitund hinnar deyjandi persónu verið innstillt í geðlíkamanum eða hugræna starfstækinu, en það fer eftir þróunarstöðu viðkomandi. Hún er ekki meðvitundarlaus eins og áhorfandanum gæti virst, heldur er hún fullkomlega

meðvituð um það sem er að gerast. Ef persónan er sterklega bundinn efnislegri tilveru og ef það er sú löngun sem hún skynjar best, þá er líklegt að átökin magnist. Í því tilfelli berst formgervisvera efnisins af miklum krafti fyrir tilveru sinni og geðræna formgervisveran berst gegn dauðanum og ætlunarverki sálarinnar, aðskilnaði og endurreisn. Þetta getur valdið átökum og gerir það oft og er það augsýnilegt þeim sem á horfa. Eftir því sem mannkynið þróast og þroskast verða þessi þreföldu átök mun sjaldgæfari; löngun eftir efnislegri tilveru mun ekki virðast eins áhugaverð og starfsemi geðlíkamans leggst af.

Ég vildi að þið gætuð séð fyrir ykkur táknræna mynd af manni sem er í virkri efnislegri tilveru og rótgróinn í reynsluheimi sínum og af manni sem er að hverfa frá þessum reynsluheimi. Það má líta á þetta sem endurtekningu í smáum mæli á hinum stóru plánetuferlum efnispróunar og andlegrar þróunar; það á við þá starfsemi sem veldur því að stefnan er stillt inn á aðra af tveimur áttum. Það líkist því að lífi og ljósi sé hella í ker á efnislega sviðinu, eða svo kraftmikilli eflingu á útgeislun þessa lífs og ljóss að hvort tveggja er dregið til baka af vakningarmætti sálarinnar inn í þá orkumiðju ljóss og lífs sem það upprunalega kom frá. Með þessum orðum hef ég látið ykkur í té skilgreiningu á vitundarvígslu (ef þið aðeins gætuð gert ykkur grein fyrir því), en orðaða á nokkuð óvenjulegan hátt. Ef til vill munu nokkrar línur úr *Dauðahandbókinni* í skjalasafni Helgivaldsins verða ykkur til skilnings og gæti jafnframt hjálpað ykkur til að öðlast nýtt viðhorf til dauðans. Í þessari handbók er að finna það sem nefnt er „Reglur fyrir aðdraganda að pralaja.“ Þessar reglur fjalla um dauðann eða aðskilnaðinn og ná yfir dauða allra forma, hvort sem um er að ræða maur, mann eða plánetu. Þessar reglur snerta aðeins eðlisþætti lífs og ljóss – hið fyrri er skilyrt með Hljómi en hið síðara með Orðinu. Ritið sem ég hef í huga fjallar um ljósið og Orðið sem nemur það burt úr forminu eða setur það inn í formið.

„Ó lærisveinn, mundu að ekkert er innan hinna þekktu sviða nema ljós sem andsvarar ORÐINU. Vit að þetta ljós stígur niður og safnast saman; vit að frá þeim stað, sem það hefur kosið að innstilla sig, lýsir það upp sitt eigið svið; vit einnig að ljós stígur upp og yfirgefur í myrkrinu það sem það áður í tíma og rúmi upplýsti. Þessa niðurstigningu og uppstigningu nefna menn líf, tilveru og dauða; við sem þræðum hina upplýstu braut nefnum það dauða, reynslu og líf.

Ljós sem stígur niður festir rætur á sviði tímabundinnar raunbirtingar. Sjö þræði sendir það frá sér og sjö ljósgeislar streyma taktfast um þessa þræði. Tuttugu og einn minni þræður geislar þar frá og til samans kveikja þeir eldana fjörutíu og níu sem glóa og brenna. Á sviði hins raunbirta lífs er kunngert: Sjá! Maður er fæddur.

Þegar lífið rennur sitt skeið koma eigindir ljóssins fram; það kann að vera dimmt og óljóst, eða geislandi, bjart og skínandi. Þannig ferðast ljósdeplarnir innan Logans; þeir koma og fara. Þetta nefna menn líf; þeir nefna þetta sanna tilveru. Með því blekkja þeir sjálfa sig, en þjóna samt tilgangi sálna sinna og fylgja hinni stærri Áætlun.

Og þá hljómar Orðið. Hinn niðurstigni geislandi ljósdepill stígur upp, næmur fyrir hinu lágróma kalli og dregst að uppsprettunni sem hann kom frá. Þetta nefnir maðurinn dauða en sálin líf.

Orðið viðheldur lífi ljóssins; Orðið nemur ljósið burt og aðeins það sem er Orðið sjálft er eftir. Það Orð er Ljós. Það Ljós er Líf, og Líf er Guð.“

Í raunbirtingu etherlíkamans í tíma og rúmi gerist tvívegis það sem dulfræðilega hefur verið nefnt „hin tvö augnablik

geisladyrðar.“ Það er í fyrsta lagi tíminn rétt fyrir efnislega holdgun, þegar ljósið sem stígur niður og ber með sér lífið, hefur safnast saman umhverfis efnislíkamann og tengist eðlislegu ljósi sjálfs efnisins sem er í öllum efnisatómum. Sjá má að ljósið safnast saman á sjö svæðum innan takmörkunarhringsins og á þann hátt myndast meginorkustöðvarnar sjö sem munu, dulfræðilega séð, stjórna tjáningu þess og tilveru í hinum ytri heimi. Þessu andartaki fylgir mikill geislaljómi; það er næstum eins og tifandi ljósdepill hafi blossað upp í loga og að innan þessa loga hafi myndast sjö skærari ljósdeplar. Þetta er hástig þeirrar reynslu að holdgast og gerist skömmu fyrir fæðinguna. Þessi atburður kemur fæðingunni af stað. Það næsta sem gerist, eins og hinn dulskyggni sér það, er innstreymi eða mettun líkamans af ljósi og þá verða „hinir sjö að hinum tuttugu og einum og síðan að hinum fjölmörgu;“ ljósefnið, orkupáttur sálarinnar, byrjar að gagnsýra efnislíkamann og sköpunarstarfi ether- eða líforkulíkamans er lokið. Fyrsta staðfesting þess á efnissviðinu er „hljóðið“ sem hið nýfædda barn gefur frá sér. Það myndar hástig atburðarins. Sköpunarferli sálarinnar er nú fullkomnað; nýtt ljós skín á myrkum stað.

Seinna augnablik geisladyrðar verður þegar atburðarásin gengur til baka. Það boðar tímabilið þegar endurreisnin á sér stað og sálin dregur til sín hina eiginlegu orku sína. Fangelsismúrar holdsins láta undan þegar ljósið og lífið er numið brott. Eldarnir fjörutíu og níu í efnislega lífkerfinu slokkna; hiti þeirra og ljós dregst inn í minni ljósdeplana tuttugu og einn; þeir dragast síðan inn í meginorkustöðvarnar sjö. Þá hljómar „Orð aðskilnaðarins,“ og vitund, eiginleiki, ljós og orka mannsins í holdgun hverfur inn í etherlíkamann. Eðlisþáttur lífsins hverfur einnig frá hjartanu. Þessu fylgir geislandi blossi af hreinu rafljósi, og „ljóslíkaminn“ rýfur endanlega allt samband við hið þetta efnislega starfs-tæki, er um stund innstilltur í lífsorkulíkamanum og hverfur síðan. Endurreisnarathöfninni er lokið. Allt starfið, að innstilla

hina andlegu þætti í etherlíkamann ásamt aðskilnaðinum og eyðingunni sem á eftir fylgir, gengi mun hraðar ef viðhöfð væri líkbrennsla í stað greftrunar.

### *Tvær meginástæður fyrir líkbrennslu*

Frá sjónarhóli dulfræðinnar er líkbrennsla nauðsynleg af tveim megin ástæðum. Í fyrsta lagi flýtir hún fyrir lausn fíngerð-ari starfstækjanna (sem enn hjúpa sálina) frá etherlíkamanum og veldur þar með lausn á fáeinum klukkustundum í stað fáeinna daga; í öðru lagi er hennar mikil þörf til hreinsunar á geðsviðinu og til að koma í veg fyrir þá tilhneigingu löngunar „að streyma niður á við,“ en slíkt er sálinni mjög til trafala. Hún hefur þá engan stað til að stilla sig inn á, því að eðli eldsins hrindir frá formmyndunarþætti löngunar og er um leið ein megingtjáning guðdómsins, en geðheimurinn tengist honum ekki á neinn raunsannan hátt, því hann er eingöngu skapaður af hinni mennsku sál en ekki hinni guðlegu sál. „Vor Guð er eyðandi eldur“ er setning úr Biblíunni sem vísar til fyrsta guðlega meginþáttarins, eðlisþáttar eyðandans sem gefur lífinu frelsi. Orðin „Guð er kærleikur“ tengjast öðrum guðlega eðlisþættinum og lýsa Guði sem birtist í holdi. Orðin „Drottinn er afbrýðisamur Guð“ tjá Guð sem form, aðgreindan og afmarkaðan, sjálfhverfan og dulan. Hinn eyðandi Hljómur; hið aðlaðandi Orð; hin persónubundna rödd!

Á dauðastundinni hljóðnar röddin þegar Orðið hljómar og knýr fram endurreisnina; síðan heyrast Orðið ekki meir, því Hljómurinn hefur afmáð eða drukkið það í sig og þá er ekkert lengur sem truflar Hljóminn. Eftir það ríkir þögnin og sjálfur Hljómurinn heyrast ekki lengur; fullkominn friður fylgir í kjölfar hinnar endanlegu sameiningar. Hér er allri atburðarás dauðans lýst á dulfræðilegu táknmáli.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að lögmál aðlöðunar mótar listina að deyja og að það er kærleikspátturinn, annar guðlegi meginþátturinn, sem er hinn aðlaðandi kraftur. Hér undanskil ég tilvik þar sem dauðann ber brátt að. Í þeim tilvikum ræður eyðandinn eða fyrsti guðlegi meginþátturinn atburðarásinni. Þá eru aðstæður aðrar; einstaklingsbundin karmísk nauðsyn þarf alls ekki að koma við sögu og ástæður slíkra atburða geta átt upptök innan hóps eða verið torræðar og dular. Þetta viðfangsefni er svo flókið og torskilið nú á tímum, að ég mun ekki reyna að útskýra það nánar. Þekking ykkar á karmalögmálinu, karmískum hópáhrifum eða tengslum og skuldbindingum frá fyrri æviskeiðum er ekki nægilega mikil. Þegar ég til dæmis segi, að það komi fyrir að „sálin skilji varnarhlífina eftir opna til þess að sjálfir kraftar dauðans geti komist inn á ný, þar sem hún finnur sér engan fastan stað fyrir innan“ í þeim tilgangi að „afmá hraðar fyrri misgjörðir,“ þá getið þið séð að þetta efni getur verið mjög torskilið.

Í öllu því sem hér er ritað er ég aðeins að fjalla um eðlilegan dauðdaga – dauða sem er afleiðing sjúkdóms, elli eða vilja sálarinnar sem hún beitir þegar hún hefur lokið fyrirfram ákveðnu reynsluskeiði og notar eðlilegar leiðir til að ná fram markmiði sínu. Í þeim tilfellum er dauðinn *eðlilegur* og mannkynið þarf að gera sér grein fyrir því með meiri þolinmæði, skilningi og von.

Samkvæmt aðlöðunarlögmálinu beitir sálin aðlöðunarmætti sínum af fullum ásetningi undir lok æviskeiðsins með þeim hætti, að hann yfirvinnur aðdráttaraflíð sem býr í sjálfu efninu. Þetta er skýr skilgreining á grundvallarorsök dauðans. Ef ekki er um meðvitað sálarsamband að ræða, eins og hjá meirihluta fólks á þessum tímum, ber dauðann að sem óvæntan eða kvíðvænlegan atburð. Hann er samt sem áður – *hluti af raunverulegri starfsemi sálarinnar*. Þetta eru fyrstu andlegu sannindin sem boða þarf

þegar barist er gegn óttanum við dauðann. Dauðinn vinnur sitt verk samkvæmt þessu lögmáli aðlöðunar, en það felst í stöðugum og skipulegum aðskilnaði lífsorkulíkamans frá þetta efnislíkamanum sem leiðir um síðir til útilokunar alls sambands sálarinnar við heimana þrjá.

*Atburðarás dauðans lýst*

Ég tel að það besta sem ég get gert til að varpa enn skýrara ljósi á þetta viðfangsefni sé að lýsa í rétttri röð því sem gerist á banabeðinu. Ég minni ykkur á, að aðskilnaðarstaðirnir eru þrír talsins: hjá lærisveinum og innvígðum er það höfuðið, það sama á við um þroskaðar hugrænar manngerðir; hjartað hjá leitendum, góðviljuðu fólki og öllum þeim sem hafa náð samstillingu persónuleikans í einhverjum mæli og leitast við að uppfylla lögmál kærleikans svo sem þeim er unnt; og sólarplexusstöðin hjá óþroskuðum og geðrænt vitundarstilltum persónum. Allt sem ég get gert er að setja atburðarásina fram stig af stigi í töfluformi. Það er ykkar að viðurkenna þetta sem áhugaverða og hugsanlega kenningu sem bíður sönnunar; að trúá því án nokkurs vafa, vegna þess að þið treystið þekkingu minni, eða að hafna því sem hugarórum, ósannanlegum og hvort sem er einskis verðum. Af þessum þrem kostum mæli ég með hinum fyrsta, því að á þann hátt er ykkur kleift að viðhalda hugrænum heilleika ykkar, það gefur til kynna víðsýni og ver ykkur gegn trúgirni og þröngsýni. Atburðarásin er sem hér greinir:

1. *Sálin mælir fram „orð brotthvarfs“ frá sínu eigin sviði.* Jafnskjótt er hrundið af stað innri starfsemi og svörun hjá manningnum á efnissviðinu.
  - a. *Ákveðin lífeðlisfræðileg ferli fara af stað í hinum sjúka*



líkamshluta, í tengslum við hjartað og hafa einnig áhrif á hin þrjú miklu kerfi sem hafa svo máttug móttandi áhrif á manninn: blóðið, hina mismunandi þætti taugakerfisins og innkirtlakerfið. Um þessi áhrif mun ég ekki fjalla. Meinafræðilegar breytingar sem verða við dauðann eru vel þekktar og hafa mikið verið rannsakaðar; margt er enn óuppgötvað og bíður seinni tíma. Það sem mig varðar fyrst og fremst eru hinar óhlutlægu svaranir sem valda (þegar á allt er litið) þeim breytingum sem leiða til dauðans.

- b. *Titringur fer um nadiurnar*. Nadiurnar eru, eins og þið vitið, hin etheríska hliðstæða taugakerfisins og þær eru undirstaða hverrar einustu taugar efnislíkamans. Framar öllu öðru sjá þær um að framkvæma boð sálarinnar og bregðast við sveiflum sem berast frá hinni etherísku samsvörun heilans. Þær svara boðum Orðsins, bregðast við „togi“ sálarinnar og búa sig síðan undir viðskilnaðinn.
  - c. *Blóðrásin verður fyrir áhrifum* á sérstakan dulfræðilegan hátt. „Blóðið er lífið“ er okkur sagt; innri breytingar verða á því sem afleiðing hinna tveggja fyrri áfanga, en þó fyrst og fremst vegna vissrar starfsemi innkirtlanna sem nútíma vísindi hafa enn ekki uppgötvað. Kirtlarnir veita ákveðnu efni út í blóðið sem svari við kalli dauðans, en það hefur síðan áhrif á hjartað. Þar er lífþráðurinn tengdur. Þetta efni í blóðinu er nefnt „það sem veitir dauða“ og er ein af grunnorsökum dauðadás og meðvitundarleysis. Það vekur ósjálfráða svörun í heilanum. Hefðbundin læknisfræði mun draga tilvist þessa efnis og áhrif þess í efa, en það mun síðar verða viðurkennt.
  - d. *Sálrænn skjálfti myndast* sem hefur þau áhrif, að los kemst á tengslin milli nadianna og taugakerfisins eða þau rofna; etherlíkaminn er þannig aðskilinn frá hinum efnisþétta hjúp, þótt hann gagnsýri enn sérhvern hluta hans.
2. *Oft verður hér hlé á ferlinu* um lengri eða skemmri tíma. Það

gerist til að losun etherlíkamans geti orðið eins áreynslu- og sársaukalaus og kostur er. Nádíurnar byrja að losna í augunum. Oft kemur þessi aðskilnaður fram sem slökun og óttaleysi eins og oft má sjá hjá deyjandi fólki; yfir því hvílir friðsæld og það er reiðubúið að fara og er auk þess ekki fært um neina hugræna viðleitni. Það er eins og hin deyjandi persóna, með fullri meðvitund, safni saman öllum sínum innri styrk fyrir hinn endanlega aðskilnað. Það er á þessu stigi – eftir að óttinn við dauða er í eitt skipti fyrir öll horfinn úr huga kynstofnsins – að vinir og ættingjar hinnar deyjandi persónu munu „halda henni hátíð“ og samfagna henni því hún er að afsala sér líkamanum. Þetta er ekki mögulegt nú á tímum. Örvæntingin ríkir og stundin líður hjá án þess að eftir sé tekið, en er ekki hagnýtt eins og síðar mun verða.

3. *Næsta stig er það, að hinn skipulagði etherlíkami, sem er nú vegna starfsemi nadianna laus úr öllum sínum tengslum, byrjar að búa sig undir hina endanlegu brottför. Hann dregur sig frá útlimunum í áttina að „útgöngustaðnum“ og safnast saman á svæðinu umhverfis þann stað og bíður eftir lokakalli hinnar stjórnandi sálar. Fram að þessari stundu hefur allt farið fram eftir lögmáli aðlöðunarinnar – hinum segulmagnaða, aðdragandi vilja sálarinnar. Nú gerir annað „tog“ eða aðdragandi kraftur vart við sig. Hinn þétti efnislíkami, samheild líffæra, frumnanna og atómanna, er hægt og sígandi, með starfi nadianna, að losna undan sameiningarmætti orkulíkamans; hann byrjar þá að bregðast við aðdragandi krafti sjálfs efnisins. Þetta hefur verið nefnt „tog jarðarinnar“ og kemur frá hinni dularfullu veru sem nefnd er „andi jarðarinnar;“ þessi vera er á efnislegu þróunarbrautinni og gegnir sama hlutverki fyrir plánetuna og efnislega formgervisveran gegnir fyrir efnislíkama mannsins. Þessi lífskraftur efnissviðsins er í raun ljós og líf atómefnis – þess efnis sem öll form eru mynduð*

úr. Efniviði allra forma er skilað til þessa forðabúrs efnislegs lífs á efnisþróunarbrautinni. Endurreisn efnisins, sem tekið hefur verið til afnota fyrir formið, bústað sálarinnar á meðan á jarðnesku lífi stendur, felst í því að gjalda „keisaranum“ í heimi efnisþróunarinnar það sem honum tilheyrir, en sálin hverfur aftur til guðsins sem sendi hana.

Það má því sjá að tvígreint aðdráttarstarf fer fram á þessu stigi:

- a. Verið er að undirbúa lífsorkulíkamann fyrir brottför.
- b. Efnislíkaminn er farinn að andsvara upplausnarkröftunum.

Því má bæta við, að þriðja starfsemin er einnig í gangi. Það er starf hins sjálfsvitandi manns sem er jafnt og þétt að flytja vitund sína yfir í geðræna og hugræna starfstækið, til undirbúnings fyrir endanlegan aðskilnað etherlíkamans þegar rétta stundin rennur upp. Maðurinn er stöðugt að verða innhverfari og óháðari efnisheiminum. Þegar um þroskaðan mann er að ræða, er þetta meðvitað starf og hann heldur öllum sínum áhugasámum og vitund um tengsl sín við aðra, jafnvel þótt hann sé að losa um tók sín á efnislegri tilveru. Þetta óhæði er auðveldara að sjá hjá öldruðum, heldur en þegar sjúkdómur veldur aldurtila og oft má sjá að sálin eða hinn lifandi, áhugasami innri maður losar tók sín á hinum efnislega, og þar af leiðandi blekkingarfulla, raunveruleika.

4. *Aftur verður hlé.* Það er hér sem formgervisvera efnisins getur stundum náð aftur tókum á etherlíkamanum, það gerist ef sálin telur það æskilegt, ef dauðinn er ekki hluti af hinni innri áætlun, eða ef formgervisvera efnisins er svo máttug að hún getur dregið dauðann á langinn. Líf formgervisverunnar getur stundum streist við dögum eða vikum saman. En ef

dauðinn er aftur á móti óhjákvæmilegur verður þetta hlé örstutt, stundum aðeins fáeinar sekúndur. Formgervisveran hefur misst tak sitt og etherlíkaminn bíður lokaskipunar sálarinnar, samkvæmt lögmáli aðlöðunarinnar.

5. *Etherlíkaminn losnar frá þetta efnislíkamanum* smátt og smátt og streymir út um hinn valda útgöngustað. Að því loknu tekur etherlíkaminn á sig form sem líkist formi efnislíkamans en það gerist vegna áhrifa hugformsins sem maðurinn hefur byggt upp. Þetta hugform fylgir öllum og það verður að leysa upp áður en öðru stigi eyðingarinnar, sem tekur við eftir endurreisnina, er að fullu lokið. Við munum minnst á þetta atriði síðar. Þó að etherlíkaminn sé laus úr fangelsi efnislíkamans er hann samt sem áður ekki enn laus undan áhrifum hans. Enn eru veik tengsl milli þeirra og valda því að hinn andlegi maður dvelst enn í nálægð hins yfirgefna líkama. Þetta er ástæðan fyrir því að skyggir menn segjast oft sjá etherlíkamann svífandi í nágrenni dánarbedsins eða líkkistunnar. Geðlíkaminn og hugræna starfstækið eru enn hjúpuð etherlíkamanum og í miðjunni má sjá ljósdepil sem gefur nálægð sálarinnar til kynna.
6. *Etherlíkaminn leysist upp smátt og smátt* eftir því sem orkutegundirnar sem mynduðu hann aðskilja sig og dragast til baka. Þá er aðeins prönuefnið eftir en það samlagast etherstarfstæki sjálfrar plánetunnar. Þessari sundurgreiningu er hraðað mjög með líkbrennslu, eins og ég hef áður sagt. Ef um óþroskaðan mann er að ræða getur etherlíkaminn viðhaldist um langan tíma í nágrenni hins rotnandi efnislíkama, vegna þess að togkraftur sálarinnar er ekki sterkur, andstætt togkrafti hins efnislega. Sé maðurinn þroskaður og þar af leiðandi óháður efnisheiminum í hugsun sinni, getur upplausn etherlíkamans orðið mjög hröð. Þegar henni er lokið er verki endurreisnarinnar lokið; maðurinn er frjáls frá allri svörun við togkrafti hins efnislega að minnsta kosti

um tíma; hann er nú í fíngerðari líkömum sínum tilbúinn að ganga undir hina miklu athöfn sem ég hef kosið að gefa nafnið „Listin að útiloka.“

Ein hugsun kemur upp þegar við ljúkum þessum ófullnægjandi hugleiðingum um dauða hinna tveggja þátta efnislíkamans. Sú hugsun er um heilleika innri mannsins. *Hann er áfram sá sami og áður.* Hann er óbreyttur og óhindraður; hann er frjál og óháður, hvað viðkemur efnisheiminum og bregst aðeins við þremur mótandi þáttum:

1. Eiginleika geðræna starfstækisins eða tilfinningalífsins.
2. Því hugræna umhverfi sem hann vanalega býr í.
3. Rödd sálarinnar sem oft er ókunnug en stundum vel þekkt og kær.

Einstaklingsæðlið glatast ekki; sama persónan dvelur enn á plánetunni. Aðeins það sem var óaðskiljanlegur hluti hinnar áþreifanlegu birtingar plánetunnar okkar hverfur. Það sem var elskað eða hatað, hefur verið mannkyninu gagnlegt eða háskalegt, hefur þjónað kynstofninum eða verið áhrifalaust innan hans, er enn viðvarandi, er enn í snertingu við eiginleika og hugrænt starf tilverunnar og mun um alla framtíð halda áfram að vera – einstaklingur, bundinn eiginleikum sinnar geislagerðar, hluti af ríki sálnanna og sem slíkur, vígsluhafi af hárrí gráðu.

### 3. TVÆR MIKILVÆGAR SPURNINGAR

Hér að framan hef ég reynt að veita nokkra innsýn í raunverulegt eðli þess sem við nefnum dauða. Dauðinn felst í meðvituðu eða ómeðvituðu brotthvarfi hinnar innri lifandi veru frá ytri skel sinni, samsvarandi innri líforkulíkama og

um síðir afsali fingerða líkamans eða líkamanna, allt eftir þróunarstöðu persónunnar. Ég hef einnig reynt að sýna fram á hversu eðlilegur þessi algengi atburður er. Sá óhugnaður, sem fylgir dauða á vígvelli eða af slysförum, stafar af áfallinu sem það veldur innan etherlíkamans, en það krefst tafarlausrar upplausnar á orkukerfi hans og skyndilegrar og óvæntrar endursameiningar á þáttunum sem mynda hann, en það gerist sem viðbrögð við ákveðinni nauðsynlegri framkvæmd af hálfu mannsins í hinum innri fingerðari líkama sínum. Í þessu felst ekki það, að etheríska starfstækið hjúpi aftur innri manninn, heldur er nauðsynlegt að hinir sundruðu þættir sameinist á ný samkvæmt lögmáli aðlöðunar, í þeim tilgangi að endanleg og algjör upplausn hans geti átt sér stað.

Áður en ég tek til við næsta viðfangsefni okkar (sem er þáttur útilokunarinnar), langar mig til að svara tveimur spurningum sem mér virðast mikilvægar; einlægir og skynsamir nemar spyrja oft um þessi atriði.

Í fyrri spurningunni felast í raun, vonbrigði með þessar leiðbeiningar. Það má orða hana á eftirfarandi hátt: Hvers vegna tekur tíbeski fræðarinn ekki fyrir ákveðna sjúkdóma og fjallar um sjúkdómafræði þeirra, bendir á lækningu þeirra eða leggur fram tillögur um meðhöndlun, gefur til kynna helstu orsakir þeirra og lýsir endurhæfingu í smáatriðum?

Vegna þess, bræður mínir, að það er lítið, tæknilega séð, sem ég get bætt við það sem nú þegar hefur verið uppgötvað af læknavísindunum um sjúkdómseinkenni, staðsetningu þeirra og hið algenga ásigkomulag þar sem sjúkleika er að finna. Athuganir, tilraunir og árangursrík eða árangurslaus leit, hafa gefið mönnum nútímans víðtæka og nákvæma þekkingu á ytri þáttum og afleiðingum sjúkdóma. Tíminn og stöðug vísindaleg rannsókn hafa á sama hátt bent mönnum á lækningaraðferðir, aðferðir til að bæta líðan manna og fyrirbyggjandi aðgerðir (svo sem bólusetningu) og þær hafa staðist próf tímans og reynst

gagnlegar. Rannsóknir, tilraunir og stöðugt betri aðferðir vísindanna, veita mannum aukna möguleika til að hjálpa, stundum að lækna og oft til að gera úrbætur og draga úr þjáningu og sársauka. Læknavísindum og skurðlækningum hefur fleygt fram – og það svo mikið, að það sem nú er þekkt og að einhverju leyti skilið er svo víðtækt, sérgreint og flókið í vísindalegu og læknisfræðilegu tilliti, að til hafa orðið sérfræðingar sem sérhæfa sig á vissu sviði og fást einungis við tiltekna kvilla og sjúkdóma og öðlast með því mikla færni og þekkingu og ná oft góðum árangri. Allt þetta er af hinu góða, hvað svo sem sérvitringar og fólk, sem á sér einhverja eftirlætis lækningaradferð, segir, eða þeir sem jafnvel hafa engin not fyrir læknavísindin en aðhyllast einhverja trúarreglu eða einhverja af hinum óhefðbundnu lækningaradferðum.

Ástæðan fyrir tilveru þessara óhefðbundnu lækningaradferða er sú, að framfarir hafa nú leitt læknavísindin að endimörkum hins hreina efnislega sviðs og eru á mörkum þess að færa þau yfir á svið hins óáþreifanlega og eru þar með að nálgast meira heim orsakanna. Það er af þessari ástæðu að ég hef ekki eytt neinum tíma í að fjalla um smáatriði sjúkdóma, að telja upp eða fjalla um sérstaka sjúkdóma, einkenni þeirra eða meðhöndlun. Þessu er ítarlega lýst í tiltækum handbókum um efnið; einnig má sjá þessa sjúkdóma á mismunandi stigi á hinum stóru sjúkrahúsum okkar.

Ég hef aftur á móti fjallað um duldar orsakir sjúkdóma – eins og berkla, kynsjúkdóma og krabbameins – sem eru eðlislægir í einstaklingum, mannkyninu sem heild og einnig í plánetunni okkar. Ég hef rakið sálrænar orsakir sjúkdóma og bent á nýtt hagnýtt svið þar sem hægt er að rannsaka sjúkdóma – einkum á byrjunarstigi.

Þegar hinir almennu læknar, skurðlæknar, sálfræðingar og prestar geta viðurkennt sálrænan grundvöll sjúkdóma, þá

munu þeir allir vinna saman á þessu nýja þekkingarsviði sem er að þróast og það sem nú á tímum hefur hlotið hið óljósa nafn „forvarnarlækningar“ mun hljóta sinn réttmæta sess. Ég kýs að skilgreina þennan þátt í hagnýtri læknisfræði sem kerfislega skipulagningu þeirra aðferða sem nýttar verða *til að koma í veg fyrir sjúkdóma* og þróun þeirra aðferða og tækni sem nýttar verða til viðeigandi sálfræðilegrar þjálfunar – allt frá barnæsku og upp úr – með réttmætri áherslu á hinn innri andlega mann. Forðast verður það heilsufarsástand og þær venjur sem nú á tímum leiða óhjákvæmilega til slæmrar heilsu og sjúkdómseinkenna sem um síðir draga til dauða.

Með því sem á undan greinir er ég ekki að vísa til óákveðinna og vafasamra vísinda eins og *Christian Science* eða þeirrar hugmyndafræði sem rekur alla sjúkdóma til orku hugsana. Ég tel nauðsyn á að hefja sem fyrst viðeigandi sálfræðilega þjálfun byggða á þekkingu á innri uppbyggingu mannsins, vísindum geislanna sjö (kraftana sem móta manninn og gera hann að því sem hann er) og dulrænni stjörnuspeki; ég hef áhuga á hagnýtingu fræðigreina sem hingað til hafa þótt óhefðbundnar og dulfræðilegar, en eru smátt og smátt að koma inn í almenna umfjöllun og hafa tekið stórstígu framförum á undanförunum tuttugu og fimm árum. Það er ekki skoðun mín að leggja skuli niður hefðbundna læknismeðhöndlun, né er mér umhugað um að styðja eigi nýjar óhefðbundnar aðferðir – sem allar eru enn á tilraunastigi, en hafa hver um sig eitthvað fram að færa til læknisfræðinnar í heild sinni. Með sameinuðu framlagi þeirra ættu að verða til fjölbreyttari og sveigjanlegri valkostir fyrir sjúklínginn.

Það mun taka langan tíma að fullgera þá mynd sem ég hef brugðið upp af sálrænum grundvelli allra sjúkdóma; þangað til getum við ekki verið án framlags læknisfræðinnar. Þrátt fyrir mistök, rangar sjúkdómsgreiningar og ótal yfirsjónir og villur getur mannkynið ekki verið án lækna sinna, skurðlækna og



sjúkrahúsa. Þörfin fyrir þá er brýn og svo mun verða áfram um margar aldir. Það er þó engin ástæða til að láta hugfallast. Mannkynið getur ekki öðlast fullkomna líkamlega heilsu á svipstundu, þó svo að viðeigandi sálfræðileg þjálfun frá barnæsku geti áorkað miklu á fáeinum áratugum. Rangar forsendur hafa verið að þróast í langan tíma. Læknisfræði nútímans þarf að verða laus við hleypidóma, reiðubúin að styðja það sem er nýtt (eftir faglega athugun og sönnun), það sem er í eðli sínu nýbreytni og óvenjulegt. Múrana, sem hin sérhæfða læknisfræði hefur reist umhverfis sig, verður að brjóta niður og leita verður uppi hinar nýju kenningar, rannsaka þær og leiðrétta og innleiða þær að lokum í hina hefðbundnu læknisfræði. Þeir sem stunda hinar nýju aðferðir, svo sem raflækningar og hnykkklækningar og næringarfræðingar sem telja sig geta læknað alla sjúkdóma með réttu mataræði og hinir sérvitru náttúrulækningasinnar að viðbættum mörgum öðrum hópum og hugmyndastefnum, mega ekki fullyrða á yfirlætisfullan hátt að þeir hafi náð að tileinka sér allan sannleikann, að þeirra aðferð sé sú eina rétta og að þeir hafi yfir að ráða algildum ráðum sem lækni allt og séu einstök og áreiðanleg. Þessir hópar og það á sérstaklega við um hnykkklæknana, hafa unnið málstað sínum mikið tjón og dregið úr árangri sínum með áköfum yfirlýsingum um áreiðanleika aðferða sinna (á sviði sem er enn á tilraunastigi) og með stöðugum árásum á hefðbundna læknisfræði. Hin síðarnefnda hefur að sínu leyti takmarkað sig með því að sjá ekki það sem er gott og rétt í hinum nýju hugmyndum; hún hefur fyllst andstöðu vegna kröfu þeirra um viðurkenningu og skorts á vísindalegum aðferðum. Hin hefðbundna læknisfræði hefur þá ósk að vernda almenning. Þetta verður hún að gera til að forða frá þeim ósköpum sem öfgakenndar og óreyndar aðferðir myndu valda, en hún hefur gengið of langt í þessu skyni. Sú hugmyndafræði sem ég hef haldið fram í þessum leiðbeiningum mun einnig verða dreginn í efa og það um langt skeið. Hinar hugrænu og

sálrænu afleiðingar heimsstyrjaldarinnar munu þó flýta mjög fyrir því að sálrænn grunnur sjúkdóma og annarra kvilla verði viðurkenndur; nútíma læknisfræði stendur þar af leiðandi frammi fyrir sínu mesta tækifæri.

Sambland sannra læknávisinda (sem maðurinn hefur þróað á liðnum öldum, innblásinn af guðlegu eðli sínu), nýrra aðferða við læknismeðhöndlun, eins og þær eru settar fram af hinum mörgu nýju hugmyndastefnum, reynslu og tilrauna, ásamt uppgötvun orkutegundanna sem móta manninn og vinna í gegnum orkustöðvarnar sjö í lífsorkulíkama hans, sem og hinna stjarnspekilegu áhrifa sem hafa einnig mótandi áhrif á hann, mun um síðir *fyrir milligöngu hans innri manns*, leiða af sér hina nýju læknisfræðilegu meðhöndlun sem mun viðhalda góðri heilsu mannsins og stöðva sjúkdóma á frumstigi sínu. Þetta mun að lokum marka upphaf að því tímabili í sögu mannkynsins þar sem sjúkdómar og heilsubrestur heyra til undantekninga en ekki reglu eins og er nú á tímum. Þá mun verða litið á dauðann sem fagnaðarríka og fyrirfram ákveðna lausn, en ekki geigvænlegan óvin eins og nú.

Seinni spurningin tengist á ákveðinn hátt ferlum dauðans. Spurt hefur verið: Hver er afstaða Tíbetans til líkbrennslu og hvernig ætti henni að vera háttáð? Það er mikil gæfa og gleðiríkt, að líkbrennsla skuli í vaxandi mæli vera orðin siðvenja. Áður en langt um liður verður bannað með lögum að grafa lík í jörðu og skylt verður að brenna þau með tilliti til heilbrigðis og heilsugæslu. Um síðir munu hinir óheilnæmu og draugalegu staðir, sem nefndir eru kirkjugarðar eða grafreitir, hverfa, alveg á sama hátt og forfeðradýrkun er að líða undir lok, bæði í Austurlöndum – þar sem trúarleg dýrkun forfeðra er við lýði – og á Vesturlöndum – þar sem tíðkast jafn fátánleg dýrkun á erfðum og ættgöfgi.

Öll form leysast upp í eldi; því fyrr sem efnislegu starfstæki mannsins er eytt, þeim mun fljótar brestur haldið sem það hefur

á sálinni. Mikilli fásinnu hefur verið haldið fram í guðspekiritum samtímans um tímalengdir þær sem tengjast eyðingu fíngerðari líkamanna. Rétt er að taka fram, að líkbrennsla getur farið fram jafn skjótt og staðfest hefur verið vísindalega (af lækni hins sjúka), að um *raunverulegan* dauða sé að ræða og gengið hefur verið úr skugga um að ekkert lífsmark sé að finna í líkamanum. Þessi raunverulegi og endanlegi dauði á sér stað þegar vitundarþráðurinn og lífþráðurinn hafa algerlega losnað frá höfðinu og hjartanu. Um leið og þetta gerist þarf að sýna virðingu og yfirvegaða framkomu án nokkurs asa. Fjölskylda hins látna þarf nokkra klukkutíma til að venjast því, að hið ytra og oft elskaða form er að hverfa af sjónarsviðinu; einnig þarf að hyggja vel að öllum formsatriðum sem ríkisvaldið eða önnur yfirvöld krefjast. Þessi tími er aðallega fyrir þá sem eftir lifa, en ekki fyrir hinn látna. Sú fullyrðing, að ekki megi hraða líkbrennslu vegna etherlíkamans og að það verði að láta hann biða í tiltekinn dagafjölda, á sér enga stoð í veruleikanum. Það er engin þörf á bið vegna etherlíkamans. Þegar innri maðurinn hverfur úr sínu líkamlega starfstæki, hverfur hann um leið úr etherlíkamanum. Það er rétt að etherlíkamanum hættir til að dveljast á „útstreymisstaðnum“ þegar efnislíkaminn er jarðsettur, en hann eyðist oft ekki fyrr en efnislíkaminn hefur algerlega sundrast. Sú siðvenja sem tíðkuð var í Egyptalandi, að varðveita lík sem múmíur og líksmurning eins og hún hefur verið viðhöfð á Vesturlöndum, hefur valdið því að etherlíkaminn hefur varðveist, stundum svo öldum skiptir. Þetta á einkum við ef múmían eða hin smurða persóna hefur verið illa innrætt í lifanda lífi; þá er etherlíkaminn oft „haldinn“ af illri veru eða illum krafti. Þetta er oft ástæðan fyrir þeim óhöppum og slysum sem oft elta þá sem finna fornar grafir og draga íbúa þeirra, fornar múmíur og allt sem þeim tilheyrir fram í dagsljósið. Þar sem líkbrennsla er hið viðtekna, veldur það ekki aðeins því að efnislíkaminn eyðist með skjótum hætti

og efni hans hverfur aftur til uppsprettu alls efnis, heldur á það sama einnig við um orkulíkamann þegar logarnir sópa honum inn í forðabúr lífsorkunnar. Hann hefur í eðli sínu alltaf verið hluti af þessu forðabúri, annaðhvort sem þáttur í formi eða í formlausu ástandi. Eftir dauðann og líkbrennsluna eru þessir kraftar enn til, en þeir hafa samlagast hinni *samsvarandi* heild. Íhugið þessa setningu, því hún gefur ykkur vísbendingu um hið skapandi starf mannsandans. Ef bið er nauðsynleg vegna ættingja eða af kröfu yfirvalda, ætti líkbrennsla að fara fram innan þrjátíu og sex stunda frá dauða; ef engin þörf er á bið, er rétt að leyfa líkbrennslu eftir tólf stundir. Rétt er að bíða í tólf tíma til að fullvíst sé að um *raunverulegan* dauða sé að ræða.

## VI. KAFLI

### Eyðingin

Þegar við nú tökum aftur upp þráðinn í þessum leiðbeiningum okkar, munum við fjalla um starfsemi hins innri andlega manns sem hefur aflagt efnis- og etherlíkama sinn og stendur nú í hjúpi fingerðs líkama – líkama sem er samsettur úr skyni gæddu geðrænu og hugrænu efni. Vegna þess hvað hinn venjulegi maður er yfirleitt sterklega innstilltur í tilfinningalífi sínu, hefur sú hugmynd náð festu, að maðurinn sé fyrst eftir dauðann í geðlíkama sínum og eftir það, að ákveðnum tíma liðnum, í huglíkamanum. En þetta er ekki alls kostar rétt. Þessi hugmynd byggist á því að fingerði líkaminn sé að langmestu leyti gerður úr geðrænu efni. Fáir eru það þroskaðir að starfstækid sem þeir nota eftir dauðann sé að mestu gert úr hugrænu efni. Aðeins lærisveinar og vígsluhafar, sem lifa lífi sínu að mestu hugrænt, hverfa rակleitt yfir á hugræna sviðið eftir dauðann. Flestir vakna upp á geðsviðinu, íklæddir geðrænu efni og þurfa að helga sig tímabili eyðingar innan blekkingarsvæðis geðheimsins.

Eins og ég hef áður sagt, þá er geðheimurinn ekki raunverulegur heimur, hann er blekkingarfull sköpun mannkynsins. En vegna ósigurs hinna illu afla og hins mikla bakslags sem Svarta bræðralagið hefur orðið fyrir, mun geðheimurinn héðan í frá verða smám saman að deyjandi sköpunarverki og hverfa alveg af sjónarsviðinu á lokatímabili mannkynssögunnar, tímabili sjöunda kynstofnsins. En sú er ekki raunin nú. Hið geðræna efni geðheimsins er enn notað til að mynda form blekkinga og það er enn hindrun á vegi sálarinnar sem leitar lausnar. Þessi heimur er enn „fangelsi“ þess fjölda fólks sem deyr meðan líf þess snýst að mestu um löngun, óskhyggju og tilfinningalega skynjun. Þetta fólk er enn mikill meirihluti mannkyns.

Geðheimurinn varð til á Atlantistímanum; á þeim tíma var hugræn vitund varla til, þótt „synir hugans“ dveldust þar sem nú eru æðri sviðsstig hugarheimsins. Hugaræni frumkjarninn var einnig að mestu í dvala í hinum mennsku formum og þar af leiðandi var ekkert aðdragandi „tog“ frá hugar sviðinu, eins og nú er raunin. Margt fólk er enn atlantískt í vitund sinni og þegar það hverfur úr efnislegru tilveru og leggur frá sér tvígreindan efnislíkama sinn, stendur það frammi fyrir því verkefni að eyða geðlíkama sínum, en það þarf ekki að vinna mikið starf við að leysa sig úr neins konar hugrænu fangelsi sálarinnar. Þetta er hið óþroskaða og venjulega fólk sem, eftir að hafa eytt geðlíkama sínum, þarf lítið annað að gera. Það er ekki um að ræða neitt hugrænt starfstæki sem gæti dregið það inn í hugræna sameiningu, vegna þess að það er enginn hugrænt innstilltur máttur fyrir hendi; sálin á æðri sviðsstigum hugræna sviðsins er enn „í djúpri hugleiðslu“ og óvitandi um skugga sinn í heimunum þrem.

Það er því um þrenns konar eyðingu að ræða:

1. Þá sem fólk algerlega geðrænt að samsetningu og eðlisfari viðhefur. Þetta fólk er nefnt „kamískt.“
2. Þá sem fólk sem býr bæði yfir geðrænu og hugrænu eðli í jafnvægi viðhefur. Þetta fólk er nefnt „kama-manasískir“ einstaklingar.
3. Þá sem viðhöfð er af fólki og lærisveinum af öllum gráðum þar sem áhersla lífsins er aðallega hugræn. Þetta fólk er nefnt „manasískt.“

Sömu grunnreglurnar stjórna þeim öllum, en áherslan er mismunandi í hverju tilviki. Þið þurfið að hafa í huga, að þegar ekki er um neinn efnislegan heila að ræða og hugurinn er óþroskaður, er innri maðurinn næstum algerlega innbirgður í geðrænum hjúpi og kaffærður um langan tíma í því sem við

nefnum geðheim. Kama-manas persónan hefur það sem nefnt er „frelsi hins tvígreinda lífs“ og býr yfir tvígreindu formi sem gerir henni mögulegt að komast að vild í samband við æðri sviðsstig geðheimsins og lægri sviðsstig hugarheimsins. Ég vil aftur minna ykkur á, að ekki er um neinn efnisheila að ræða sem nemur þessi áhrif. Vitund um að samband hafi náðst er háð eðlislægri virkni innri mannsins og því sérstaka stigi skilnings og matshæfileika sem hann býr yfir. Manas persónan hefur yfir að ráða hálf gagnsæju hugrænu starfstæki með litlum þéttleika, en það ræðst þó af því í hve miklum mæli hún er laus undan löngunum og tilfinningum.

Fólk af þessum þrem manngerðum gengur allt í gegnum svipað hreinsiferli, en beitir mismunandi aðferðum innan ferlisins. Til skýringar má segja:

1. *Kamíska persónan* eyðir geðlíkama sínum með visnun og yfirgefur hann í gegnum geðræna hliðstæðu sólarplexus-stöðvarinnar. Visnunin gerist sem afleiðing af því að allar hinar eðlislægu langanir og tilfinningar tengjast á þessu stigi dýrseðlinu og efnislíkamanum – en hvorugt er nú fyrir hendi.
2. *Kama-manasíski einstaklingurinn* notar tvískipta aðferð. Það hlýtur að vera svo, vegna þess að hann eyðir geðlíkamanum fyrst og síðan huglíkamanum.
  - a. Hann rýrir geðlíkama sinn með vaxandi löngun sinni eftir hugrænu lífi. Hann dregur sig smám saman úr geðlíkamanum inn í huglíkaman og geðlíkaminn „er skilinn eftir“ dulfræðilega séð og hverfur að lokum. Venjulega gerist þetta ómeðvitað og getur tekið mjög langan tíma. Ef maðurinn er hins vegar yfir meðallagi, og farinn að nálgast það að verða hugræn persóna, er lausnin skyndileg og kröftug og maðurinn stendur frjálís í huglíkama sínum. Þetta gerist skjótt og meðvitað.

- b. Hann sundrar huglíkamanum með krafti síns mennska vilja og einnig vegna þess að sálin er smám saman að verða vör við skugga sinn. Innri maðurinn dregst því að sálinni, þótt það sé enn aðeins á ógreinilegan hátt. Þessi atburðarás er tiltölulega hröð, en það er háð því hversu hugrænu áhrifin eru sterk.
3. *Manasíski maðurinn*, sem nú er innstilltur í huglíkama sínum, þarf einnig að vinna tvíþætt verk:
- a. Að leysa upp og losa sig við allar leifar af geðrænu efni sem kunna að lýta hálfgagnsæjan huglíkama hans. Hinn svonefndi geðlíkama er nú allt að því horfinn sem tjáningartæki. Hann fær þessu áorkað með því að kalla til aukið ljós frá sálinni. Það er ljós sálarinnar sem á þessu stigi leysir upp geðræna efnið; á sama hátt mun sameinað ljós sálar mannkynsins í heild leysa endanlega upp hið svonefnda geðsvið.
- b. Að eyða huglíkamanum með notkun sérstakra máttarorða. Þessi orð eru látin lærisveinum í té fyrir milligöngu ashrams meistara hans. Þau kalla mátt sálarinnar til virkni í stórauðnum mæli og valda þar af leiðandi slíkri þenslu vitundarinnar innan huglíkamans að hann sundrast og er ekki lengur hindrun á vegi hins innri manns. Sonur hugans getur nú staðið frjálst í ashrami meistara síns og „mun ei frammar út ganga.“

*Það sem gerist strax eftir dauðann*

Strax eftir dauðann er maðurinn í fingerða líkama sínum jafn vakandi og meðvitaður um umhverfi sitt og hann var í efnisheiminum meðan hann lifði, þetta á einkum við ef líkbrennsla var viðhöfð. Með þessu orðalagi er þó gert ráð fyrir nokkuð mismunandi varurð og athyglisgáfu, alveg eins og hún



er mismunandi meðal manna í lifanda lífi. Fólk er ekki allt jafn vel vakandi eða meðvitað um kringumstæður sínar og eigin reynslu. Þar sem flestir eru meira tilfinningalega meðvitaðir en líkamlega og lifa í miklum mæli innstilltir í geðrænu starfstæki sínu, er maðurinn alls ekki ókunnugur því vitundarstigi sem hann nú býr við. Gleymið ekki að „svið“ er í eðli sínu vitundarstig en ekki ákveðinn staður, eins og svo margir dulfræðingar virðast álíta. Hinn sjálfsmeðvitaði maður, skýrt og sífellt meðvitaður um sjálfan sig, skynjar samspil hinna ríkjandi umhverfisáhrifa og sinna eigin langana, eða (ef um þroskaðra fólk er að ræða á æðri sviðsstigum geðsviðsins) sinn eigin kærleik og andlegu leit; maðurinn er upptekinn við sömu áhugamál og áður og það sem fól í sér hinn geðræna eðlisþátt í holdgaðri tilveru hans. Má ég aftur minna ykkur á, að nú er enginn efnisheili til að bregðast við áhrifum frá hinum innri manni og að ekki er um neitt kynlíf að ræða í líkamlegum skilningi. Spíritistar hefðu gott af því að hafa þetta í huga og gera sér grein fyrir hve hin andlegu hjónabönd, sem vissir hópar innan hreyfingarinnar kenna og ástunda, eru heimskuleg og jafnframt óframkvæmanleg. Maðurinn í geðlíkama sínum er nú laus undan eðlishvötum dýraríkisins sem eru bæði eðlilegar og réttar í efnisheiminum, en hafa nú enga merkingu fyrir honum í geðheiminum.

Ef við tökum sem dæmi venjulegan meðalmann, hver eru fyrstu viðbrögð hans og athafnir eftir að hafa skilað efnislíkamanum til hins alheimslega efnisforðabúrs? Við skulum telja upp nokkur þessara viðbragða:

1. Hann verður meðvitaður um sjálfan sig með skýrari skynjun en þekkist hjá hinum almenna manni í efnislegri tilveru.
2. Tíminn (skynjaður af efnisheilanum sem röð atburða) er nú ekki til í þeim skilningi sem við leggjum í það hugtak og þegar maðurinn snýr athygli sinni að geðrænu sjálfi sínu með skýrari skilningi, kemur *óhjákvæmilega* að því að hann öðlast

beint sálarsamband eitt andartak. Ástæðan er sú, að stundin, þegar endurreisninni lýkur að fullu, fer ekki fram hjá sálinni, jafnvel þótt um sé að ræða fáfróðan og óproskaðan mann. Það hefur greinileg sálaráhrif, eitthvað í líkingu við að togað sé kröftuglega í endann á löngum bjöllustreng, ef ég má nota svo einfalda samlíkingu. Sálin svarar eina örskotsstund og þetta svar er þannig, að maðurinn í geðlíkama sínum, eða öllu heldur í kama-manasísku starfstæki sínu, sér allt æviskeið sitt fyrir sér í einu svipleiftri eins og landakort. Hann finnur sig óháðan tíma.

3. Afleiðing þessarar reynslu verður sú, að maðurinn aðgreinir þau þrjú atriði sem voru ráðandi öflin í lífinu sem liðið er og eru einnig lykilatríðin að því framtíðar æviskeiði sem hann mun næst stofna til. Allt annað gleymist og allir þýðingarminni þættir úr reynslunni þurrkast út úr minni hans og í vitund hans verður aðeins eftir það sem nefnt er á máli dulfræðinnar „hin þrjú fræ framtíðarinnar.“ Þessi þrjú fræ tengjast með sérstökum hætti geðræna og efnislega frumkjarnanum og mynda með þeim þann fimmþætta kraft sem skapar formin sem síðar munu verða til. Það má segja að:
  - a. *Fyrsta fræið* ákvarðar síðar meir það efnislega umhverfi og aðstæður sem maðurinn mun lenda í þegar hann snýr aftur. Það tengist eðli og eiginleikum þessa framtíðar umhverfis og hefur þannig mótandi áhrif á það svið eða svæði sem hann mun tengjast.
  - b. *Annað fræið* ákvarðar eiginleika etherlíkamans sem verður starfstæki eða miðill fyrir orku geislanna til efnislíkamans. Það ákvarðar uppbyggingu etherísku orkurásanna eða lífsvefsins sem leiða hinar innstreymandi orkutegundir og tengist sérstaklega einni af orkustöðvunum sjö, þeirri sem verður virkust á næsta æviskeiði.

- c. *Þriðja fræið* lætur í té lykilinn að geðræna starfstækinu sem verður miðstöð fyrir vitundar stillingu mannsins á næsta æviskeiði. Gleymið ekki að ég er hér að tala um hinn venjulega meðalman en ekki þroskaða mannveru, lærisvein eða vígsluhafa. Það er þetta fræ sem mun – með hjálp þeirra krafta sem það laðar til sín – koma manningum aftur í samband við þá sem hann áður unni eða tengdist nánnum böndum. Það má líta á það sem staðreynd, að í endurfæðingunni er hóphugmyndin ráðandi og að maðurinn endurfæðist ekki aðeins vegna eigin löngunar eftir efnislegri reynslu, heldur einnig vegna hóphvatar og í samræmi við hópkarma ásamt eigin karma. Leggja þarf meiri áherslu á þetta atriði. Þegar menn hafa öðlast sannan skilning á þessu mun óttinn sem hugsunin um dauðann veldur að mestu hverfa. Hið kunnuglega og kæra verður áfram hið kunnuglega og kæra, vegna þess að sambandið hefur þróast og eflst í gegnum mörg æviskeið – eins og segir í *Skýringarritinu forna*:

„Fræin, sem ákvarða hæfileikann til að bera kennsl á það sem áður var þekkt, eru ekki einstök fyrir mig eða þig, þau einkenna allan hópinn; innan hópsins tengja þau einstaklingana saman í tíma og rúmi. Hina sönnu tilveru þeirra sem þannig tengjast er aðeins að finna í hinum lægri þrem. Þegar sál þekkir sál og saman í samkomusalnum í nálægð meistarans, þá munu þessi fræ hverfa.“

Það er því augljóst hve nauðsynlegt það er að þjálfva uppgötvunar-hæfileika barna og hæfni þeirra til að læra af reynslunni, því að þegar það hefur verið lært auðveldar það til muna þessa þriðju starfsemi sem fer fram í geðheiminum eftir dauðann.

4. Eftir að hafa lokið þessari „aðgreiningu reynslunnar,“ mun maðurinn leita og finna sjálfkrafa þá sem áhrif þriðja fræsins auðkenna sem hluta þeirrar hópreynslu sem hann er þáttur

í, vitandi eða óvitandi. Þegar sambandinu hefur aftur verið náð við þá sem leitað er að (ef þeir eru ekki enn í efnislegru birtingu) eru athafnir mannsins álíkar og þær voru á jörðinni, í félagsskap nákominna vina og ættingja og í samræmi við stöðu hans í þróuninni. Ef þeir sem standa honum næst, og hann ann heitast eða hatar mest, eru enn í efnislegru birtingu mun hann einnig leita þá uppi og dvelja í grennd við þá – eins og hann gerði á jörðinni – vitandi um athafnir þeirra, en þeir ekki um hans, nema þeir séu háþroskaðir. Ég get ekki lýst í smáatriðum gagnvirkum samskiptum eða aðferðum til að ná sambandi. Hver persóna er mismunandi; hver skapgerð er einstök. Ég reyni aðeins að greina frá vissum grundvallaratriðum í háttum og eftirsókn mannsins áður en kemur að eyðingunni.

Þessi fjórþætta starfsemi tekur mislangan tíma – frá sjónarmiði „þeirra sem lifa hið neðra,“ þó að maðurinn á geðsviðinu hafi ekki tímaskyn. Smátt og smátt dvínar aðdráttarafi hins geðræna (af æðri eða lægri gerð) og maðurinn kemst á það stig að hann *veit* – vegna þess að hugurinn er nú skarpari og meira ráðandi – að hann er tilbúinn fyrir hinn annan dauða og algera eyðingu geðlíkamans eða kama-manas starfstækisins.

Eitt af því sem hafa þarf í huga hér er að þegar endurreisn hins tvíþætta efnislíkama er lokið er innri maðurinn, eins og ég hef áður sagt, með fulla meðvitund. Efnisheilinn og iðuhvirfill etherkraftanna (hjá flestum í nokkurri óreiðu) eru ekki lengur fyrir hendi. Þessi tvö atriði hafa leitt nema til að álíta að reynsla manna á innri sviðunum sé nokkurs konar óljóst stefnulaust rek, hálfmeðvitundarlaus tilvera, eða gefi til kynna líf sem er sífelld endurtekning, nema um sé að ræða mjög háþroskað fólk eða lærisveina og vígsluhafa. En slíkt er ekki raunin. Maður á innri sviðunum er ekki aðeins jafn meðvitaður um sjálfan sig sem einstakling – með sínar eigin ráðagerðir, líf og málefni

– og hann var á efnissviðinu, heldur gerir hann sér á sama hátt grein fyrir vitundarstigi umhverfisins. Hann getur verið hjúpaður blekkingarmistri hinnar geðrænu tilveru eða verið undir áhrifum fjarhrifa frá mismunandi hugsanastraumum sem koma frá hugarsviðinu, en hann er einnig meðvitaður um sjálfan sig og huga sinn (eða það stig hugræns lífs sem hann hefur þroskað með sér) á miklu greinilegri hátt en þegar hann þurfti að starfa með milligöngu efnisheilans, þegar vitund hans var í hlutverki hins andlega leitanda, en samt fastbundin efnisheilanum. Reynsla hans er mun auðugri og fyllri en hann nokkru sinni þekkti meðan hann lifði í efnislíkama. Ef þið veltið þessu fyrir ykkur um hríð munið þið átta ykkur á því að þetta hlýtur óhjákvæmilega svo að vera.

Það er því óhætt að gera ráð fyrir því, að list eyðingarinnar sé framfylgt á mun ákveðnari og áhrifaríkari hátt en endurreisn efnislega starfstækisins. Annað atriði verður einnig að taka til athugunar. Á innri sviðunum *vita* menn að lögmál endurfæðinga ræður reynsluferli lífsins á efnissviðinu og þeir átta sig þá á því áður en eyðing kamíska, kama-manas eða manas líkamans á sér stað, að þeir eru aðeins að ganga í gegnum millistig milli efnisbirtinga og að þeir eigi þar af leiðandi eftir að standa frammi fyrir tveimur miklum viðburðum:

1. Tímabil (langt eða stutt, eftir stöðunni í þróunarstiganum) þar sem samband næst við sálina eða sólarengilinn.
2. Eftir að því sambandi hefur verið náð tekur við tiltölulega umbrotasamt ferli þar sem stefnan er aftur tekin til jarðlífs og það leiðir enn á ný til þess sem nefnt er „ferli niðurstigningar og köllunar,“ þar sem maðurinn:
  - a. Býr sig undir nýja efnislega fæðingu.
  - b. Hljómar sinn eigin sanna tón inn í efni heimanna þriggja.

- c. Endurlífgar frumkjarnana, en þeir mynda orkuþríhyrning innan sálarlíkamans.
- d. Dregur saman það efni sem hann þarf á að halda til að mynda framtíðar raunbirtingarlíkama sína.
- e. Gæðir þá þeim eiginleikum og einkennum sem hann hefur þegar öðlast í reynslu lífsins.
- f. Skipuleggur efni etherlíkamans þannig að orkustöðvarnar sjö geti tekið á sig form og orðið móttökustöðvar fyrir innri krafta.
- g. Velur af ráðnum hug þau sem munu sjá honum fyrir hinum nauðsynlega efnishjúp og bíður síðan fæðingartímans. Dulfræðinemar ættu að hafa í huga að foreldrarnir leggja aðeins til hinn þetta efnislíkama. Eina framlag þeirra er líkami gæddur sérstökum eiginleikum og eðli, sem myndar hið nauðsynlega verkfæri til að komast í samband við umhverfið sem sálin á leið til fæðingar þarfnast. Þeir geta einnig veitt viss hóptengsl í þeim tilvikum þar sem sálin á að baki langa reynslu og innri hóptengsl hafa myndast.

Hinn líkamslaus maður stendur frammi fyrir þessum tveimur örlagaríku andartökum og veit hvað hann á að gera innan þeirra takmarkana sem honum eru settar af stöðu hans í þróunarstigunum.

### *Devachan reynslan*

Ég vil einnig benda á, að þetta meðvitaða eyðingarferli og þessi skynjun ákveðins tilgangs, myndar í raun það vitundarstig sem guðspekifélagar nefna *devachan*. Mikill misskilningur hefur verið ríkjandi um þessa reynslu. Hin almenna hugmynd hefur verið á þá leið, að eftir að maðurinn hefur losað sig við

geðlíkamann og huglíkamann þá komist hann í nokkurs konar draumkennt ástand þar sem hann upplifir og endurskoðar fyrri atburði í ljósi framtíðarinnar. Það er þá nokkurs konar hvíldartími eða tími þar sem unnið er úr fyrri reynslu til undirbúnings fyrir nýja fæðingu. Þessi villandi hugmynd hefur orðið til af þeirri ástæðu að þáttur tímans ræður enn framsetningu guðspekifélaga á sannleikanum. Ef menn aftur á móti gera sér grein fyrir því að tíminn þekkist ekki nema í reynslu sem tengist efnisheiminum, þá skýrist þessi hugmynd um devachan. Frá því andartaki að maðurinn skilur sig frá efnis- og etherlíkamanum og meðan á eyðingunni stendur, er hann sér vitandi um *fortíð og nútíð*. Þegar eyðingunni er lokið og sú stund kemur að sálarsamband næst og hugræna starfstækið er að eyðast, skynjar hann *framtíðina*, því að forspá er einn af hinum mikilvægu eiginleikum sálarvitundarinnar, en í þeirri vitund tekur maðurinn þátt um tíma. Fortíð, nútíð og framtíð eru því skynjuð sem eitt; skynjun á hinu eilífa nú þroskast smátt og smátt í stöðugri hringrás endurfæðinganna. Þessi skynjun myndar ákveðið vitundarstig sem er einkennandi fyrir venjulegt ástand þroskaðs manns og kalla má devachanvitund.

Það er ekki ætlun mín að útskýra í smáatriðum það sem gerist við eyðingarferlið. Mannkynið er á svo mismunandi þroskastigi, stigum sem falla á milli þeirra þriggja sem að ofan greinir, að ógerlegt er að vera afdráttarlaus eða gagnorður.

Það er tiltölulega auðvelt að skilja visnun; kamíski líkaminn deyr vegna þess að ekkert kall sem vekur löngun berst frá hinu efnisþétta. Það er ekkert til að næra þetta starfstæki. Geðlíkaminn verður til fyrir gagnvirkt samspil milli efnissviðsins, sem er ekki sjálfstæður eðlisþáttur og langanaeðlisins. Þegar sálin í huglíkama sínum vinnur að endurfæðingunni notar hún þennan eðlisþátt með kröftugum ásetningi til að snúa þessu kalli við og efníð bregst þá við kalli mannsins sem er á leið til endurfæðingar. Eftir langt tímabil visnunar stendur hinn

kamíski maður frjáls, hulinn vísi að hugrænu starfstæki, en þetta tímabil hálfhugræns lífs er ákaflega stutt, því sálin bindur enda á það þegar hún skyndilega „beinir auga sínu að þeim sem bíður,“ og með þessum einbeitta mætti snýr hún hinum kamíska einstaklingi með skjóttum hætti út á braut niðurstigningarinnar til endurfæðingar.

Hinn kama-manasíski maður beitir aðferð brotthvarfs og bregst við „togi“ hugræna líkamans sem þroskast óðum. Þetta brotthvarf gerist með vaxandi hraða og krafti þar til það nær því stigi að lærisveinninn á braut reynslunemans – undir stöðugt vaxandi sálarsambandi – sundrar kama-manas líkamanum, *í heild*, með vitrænni viljaathöfn fyrir tilstuðlan sálarinnar. Þið sjáið því að „devachan“-reynsla þessa meirihluta hlýtur að verða styttri en hjá kamíska minnihlutanum, vegna þess að devachan-aðferðin sem felst í því að endurskoða og endurmeta niðurstöðu reynslunnar er smám saman farin að ráða manninum í efnisheiminum svo að hann sér þýðingu hinnar innri merkingar og lærir stöðugt af reynslunni á meðan á hinu efnislega lífi stendur. Þið sjáið því einnig að samfelld vitund er smám saman að þroskast og vitund hins innri manns er farin að birtast á efnisviðinu fyrst með milligöngu efnisheilans, en síðar óháð honum. Með þessum orðum hef ég gefið afdráttarlausu vísbendingu um viðfangsefni sem athygli manna mun í ríkum mæli beinast að næstu tvö hundruð árin.

Eins og við höfum séð þá vinnur manas persónan, eða sameinaður persónuleiki á tvennan hátt, háð því stigi sameiningar sem náðst hefur. Sameiningin er tvennskonar:

1. Sameinaður persónuleiki sem er innstilltur í huganum og nær stöðugt vaxandi sambandi við sálina.
2. Lærisveinninn sem sameinaður persónuleiki er óðum að samhæfast og samlagast sálinni.



Þegar þessu hugræna þroskastigi er náð og stjórnin er stöðugt hugræn, sem byggist á þeirri staðreynd að vitund mannsins er nú ákveðið og varanlega innstillt í huglíkamanum, gerast hin fyrri eyðingarferli geðlíkamans, með visnun og með „einbeitri afneitun,“ á meðan á jarðvistartímanum stendur. Hinn holdgaði maður hafnar því að láta stjórnast af geðrænum hvötum; það sem eftir er af hinum glepjandi geðlíkama er nú undir stjórn hugans og hvötinni til að fullnægja geðrænum löngunum er nú hafnað af fullum ásetningi, annaðhvort vegna eigingjarns metnaðar og af vitrænni ákvörðun hins sameinaða persónuleika eða fyrir áhrif frá fyrirætlun sálarinnar sem sveigir hugann undir markmið sitt. Þegar þessu stigi í þróuninni hefur verið náð getur maðurinn afmáð síðustu leifarnar af öllum geðrænum hvötum og löngunum með *uppljómun*. Á byrjunarstigum hins hreina hugræna lífs er þetta gert með þeirri uppljómun sem þekking veitir og tengist aðallega hinu eðlislæga ljósi sem í hugrænu efni býr. Á seinni stigum, þegar sálin og hugurinn eru að mynda ná-ið samband, tekur ljós sálarinnar þátt í starfinu og flýttir fyrir því. Lærisveinninn notar nú dulfræðilegri aðferðir, en ég get ekki útskýrt þær nánar hér. Eyðing huglíkamans er nú ekki lengur framkvæmd með eyðingarmætti ljóssins sjálfs, heldur er henni flýtt með notkun vissra hljóma sem eru upprunnir frá sviði hins andlega vilja. Lærisveinninn uppgötvar þessa hljóma og fær leyfi til að hagnýta þá í sínum réttu orðformum frá einhverjum hærra settum vígsluhafa í ashraminu, eða frá meistaranum sjálfum þegar líður að lokum tímabils endurfæðinganna.

### *Tíunda lögmál lækninga*

Ég vil nú leggja fram vissar staðhæfingar sem við þurfum að taka til umfjöllunar í athugunum okkar í þriðja hluta bókarinnar, þar sem við munum fjalla um undirstöðulögmál

lækninga. Ég hef þegar látið ykkur í té þessi lögmal og reglur, en nú er ætlun mín að gera nokkuð ítarlegri grein fyrir þeim.

Við höfum nú rakið nokkuð nákvæmlega það sem gerist þegar eðlisþáttur lífsins hverfur frá líkamanum eða er fjarlægður þaðan. Á þessu tvennu er munur sem fer eftir þróunarstöðu mannsins. Við höfum sagt frá brotthvarfi lífsþáttarins og vitundarinnar úr fingerðari líkõmunum í heimunum þrem og erum nú komin þar, að við erum ekki lengur að fjalla um venjulegan meðalman eða óþroskaðan mann. Við munum nú taka til athugunar hina meðvituðu starfsemi sálarinnar sem tengist forminu.

Sálin hefur mjög litlu hlutverki að gegna í atburðarás dauðans, þegar um meðalman eða óþroskaðan mann er að ræða, að öðru leyti en því að leggja til hina einföldu ákvörðun, að enda tímabil hins jarðneska lífs sem undanfara þess að snúa aftur til nýrrar fæðingar á efnissviðinu. „Fræ dauðans“ eru eðlislægur þáttur formsins og birtast sem sjúkdómur eða ellihrönnun, en sálin sinnir sínum eigin áhugamálum á sínu eigin sviði þar til þróunin er komin á það stig, að sameining, eða náíð samband sálar og forms, er orðið það mikið að sálin samsamast ytri tjáningu sinni á djúpstæðan og víðtækan hátt. Þegar þessu stigi er náð má segja að sálin sé í fyrsta skipti sannarlega holdguð; hún hefur sannarlega „stigið niður til birtingar,“ og allt eðli hennar og eiginleikar taka þátt í þeirri birtingu. Menn hafa haft takmarkaðan skilning á þessu atriði og gefið því lítinn gaum.

Sálin skiptir sér mjög lítið af lífi mannsins á fyrri hluta tímabils endurfæðinganna og í rauninni er það svo á meginhluta alls tímabilsins. Endurlausn efnisins, sem öll form eru gerð úr, gerist samkvæmt náttúrulegu ferli og hinn ráðandi kraftur er „karma efnisins;“ en þegar tímar líða tekur við karma sem verður til við samruna sálar og forms, en í fyrstu er ábyrgð sálarinnar mjög lítil. Það sem gerist innan hins þrefalda hjúps sálarinnar hlýtur að vera afleiðing af eðlislægum eigindum sjálfs

efnisins. En eftir því sem tímar líða og æviskeiðin fylgja hvert á fætur öðru, vaknar samviskan sem afleiðing af áhrifum hins ídveljandi sálareiginleika og fyrir áhrif samviskunnar – en segja má að hún sé beiting dómgreindarinnar sem þroskast eftir því sem hugurinn tekur við stjórninni í sívaxandi mæli – verður vöknun og um síðir veldur það fullvaknaðri vitund. Þetta lýsir sér í byrjun sem ábyrgðartilfinning; og það er þetta sem smátt og smátt festir í sessi vaxandi samsömun sálarinnar við starfstæki sitt, hinn lægri þrígreinda mann. Líkamarnir verða þá stöðugt hreinni, fíngerðari og næmari, fræ sjúkdóma og dauða eru ekki lengur eins máttug og næmni fyrir innri skilningi sálarinnar vex þar til sá tími kemur að hinn vígði lærisveinn deyr *að ákvörðun síns andleg vilja eða sem svörun við karma hóps, þjóðar eða plánetu.*

Sjúkdómar og dauði eru í eðli sínu ástand sem tilheyrir efninu, þess vegna heyrir maðurinn undir lögmál upplausnarinnar svo lengi sem hann samsamar sig eðlisþætti formsins. Þetta er grunnlögmál náttúrunnar og ræður lífi formsins í öllum náttúruríkjunum. Þegar lærisveinninn eða vígsluhafinn er að samsama sig sálinni og þegar vitundarbrúin, antahkarana, er byggð fyrir atbeina eðlisþáttar lífsins, losnar lærisveinninn undan þessu alheimslega náttúrulögmáli og notar annaðhvort líkamann eða leggur hann til hliðar að eigin vilja – í samræmi við kröfur hins andlega vilja eða samkvæmt þörfum Helgivaldsins eða fyrirætlunum Shamballa.

Nú er komið að því að láta ykkur í té nýtt lögmál sem kemur í staðin fyrir lögmál dauðans, en það gildir aðeins fyrir þá sem eru á seinni stigum brautar lærisveinsins eða á vígslubrautinni.

## X. LÖGMÁL

*Ó lærisveinn, heyr kallið sem berst frá syninum til móðurinnar og hlýddu því. Orðið hljómar, að formið*

*hafi lokið hlutverki sínu. Þá skipuleggur hugræni eðlisþátturinn (fimmti eðlisþátturinn A.A.B.) sig og endurtekur orðið. Formið sem biður bregst við og hverfur frá. Sálin stendur frjáls.*

*Ó þú upprisandi, svaraðu kallinu sem kemur að innan frá sviði skuldbindinganna; áttaðu þig á kallinu sem berst frá Ashraminu eða frá Ráðsalnum þar sem sjálfur Lávarður Lífsins biður. Hljómurinn endurómar. Bæði sálin og formið verða sameiginlega að hafna eðlisþætti lífsins og gefa með því mónadinum frelsi. Sálin bregst við. Formið sundrar þá sambandinu. Lífið er nú frelsað. Eiginleikar meðvitaðrar þekkingar og ávextir allrar reynslu eru nú eign þess. Þetta eru sameiginlegar gjafir sálar og forms.*

Ég hefði viljað gera skýrari í huga ykkar mismuninn á sjúkdómum og dauða, eins og venjulegur meðalmaður skynjar það og vissri tilsvareandi starfsemi meðvitaðrar upplausnar sem hinn lengra komni lærisveinn eða vígsluhafi viðhefur. Þessi síðastnefnda starfsemi felur í sér tækni og aðferðir sem þróast smám saman, en á byrjunarstigum þeirrar þróunar er lærisveinninn enn á valdi sjúkdómsvaldandi tilhneiginga formsins eins og á við um öll form náttúrunnar. Þessi tilhneiging formsins veldur um síðir dauða. Á fyrri stigum dauðans eftir tiltölulega væga sjúkdómslegu, þar til á síðari stigum að dauðanum er komið af stað með viljaathöfn, en stund og háttur eru ákveðin af sálinni, og sú ákvörðun nær til efnisheilans sem meðvituð vitneskja. Í báðum tilvikum fylgir sársauki, en á vígslubrautinni er sársaukinn að mestu yfirunninn, ekki vegna þess að vígsluhafinn forðist sársaukann, heldur vegna þess að næmni formsins fyrir óæskilegri snertingu hverfur og með því hverfur einnig sársaukinn. Sársauki er verndari formsins og efnisins. Hann varar við hættum; hann gefur til kynna vissa

stöðu á þróunarbrautinni; hann tengist þeim þætti sem sálin notar til að samsama sig efninu. Þegar samsömuninni lýkur, missa sársauki og sjúkdómar einnig tök sín á lærisveininum, sálin er ekki lengur háð þörfum þeirra og maðurinn er frjáls vegna þess að sjúkdómar og dauði eru eiginleikar formsins og háðir hverfuleika formlífsins.

Dauði er fyrir manninum nákvæmlega það sama og það sem virðist gerast þegar orka atómsins er leyst úr læðingi; þetta kemur greinilega í ljós í þessari miklu uppgötvun vísindanna um hagnýtingu kjarnorkunnar. Atómkjarninn klofnar í tvennt. (Þetta er ekki vísindalega rétt orðað.) Þessi þáttur í lífsreynslu atómsins losar um mikið ljós og mikinn mátt. Á geðsviðinu hefur fyrirbærið dauði nokkuð hliðstæð áhrif og á sér nána samsvörun í því sem gerist þegar kjarnorka leysist úr læðingi. Dauði í öllum ríkjum náttúrunnar hefur að einhverju leyti þessi áhrif; hann sundrar og eyðir efnisforminu og þjónar með því móti uppbyggjandi tilgangi. Þessi áhrif eru að mestu leyti geðræn og koma að gagni við að eyða hluta hins umlykjandi blekkingavefs. Sú mikla eyðing forma sem orðið hefur á undanförunum styrjaldarárum hefur valdið gríðarlegum breytingum á geðsviðinu og hefur eytt sýndarljóma og blekkingum í feikilega miklum mæli og það er til mjög mikilla bóta. Þetta ætti að leiða af sér minni mótstöðu gegn innflæði nýrra orkutegunda og greiða fyrir framkomu nýrra hugmynda sem fela í sér nauðsynlegan skilning og viðurkenningu. Þessar hugmyndir eru nú komnar fram, en til að þær nái að komast inn á svið mennskrar hugsunar þurfa að verða til nýir „farvegir eða brautir fyrir framsetningu og tjáningu þeirra“ sem geta vakið hugi manna til skilnings á áformum Helgivaldsins og markmiðum Shamballa.

Það sem ég hef sagt á að þjóna þeim tilgangi að sýna ykkur fram á nokkur tengsl dauða og uppbyggingar og hina víðtæku gagnsemi dauða sem hluta af starfi enduruppbyggingar. Það á

að gefa ykkur þá hugmynd, að þetta mikla lögmál dauðans, þegar það stjórnar efninu í heiminum þrem, sé góðviljaður og gagnlegur þáttur. Án þess þó að fara út í nein smáatriði, þá vil ég minna ykkur á að þetta lögmál dauðans, sem er svo ráðandi í hinum þrem heimum mennskrar þróunar, er endurspeglun á kosmísku markmiði sem ræður ríkjum á hinum kosmísku ethersviðum sólkerfisins, kosmíska geðsviðinu og kosmíska hugarsviðinu. Straumur orku dauðans er tjáning á lífsfrumtaki hins meira LÍFS sem umlykur öll sjö plánetukerfin sem sjálf tjá Líf okkar sólkerfis. Þegar við í hugsun okkar og skilningsviðleitni erum kominn inn á svið hreinna óhlutstæðra hugtaka, þá er kominn tími til að láta staðar numið og draga hugann til baka að hagnýtari þáttum sem snerta líf okkar á plánetunni og að lögmálum þeim sem ráða fjórða ríki náttúrunnar, mannkyninu.

Við erum nú tilbúin, eftir þessa tilraun til að álykta frá hinu almenna til hins sértæka, sem ætíð er hin dulfræðilega aðferð, að taka til við síðasta atriðið sem fjallar um grunnforsendur lækninga og munum nú taka til athugunar hvernig lærisveinninn eða vígsluhafinn notar eðlisþátt dauðans. Takið eftir á hvern hátt ég set fram þetta hugtak. Um þetta er fjallað undir fyrirsögninni *Sameiningin*.

## VII. KAFLI

### Sameiningin

Við íhugun þessa vitsmunalega hagnýta þáttar, eins og sálin notar hann þegar hún vinnur meðvituð í heimunum þrem, sjáum við að gagnlegt er að skipta efninu í tvo meginhluta:

*Fyrsta:* Atburðarásin sem leiðir æviskeiðið til lykta með fullkominni sameiningu sálar og persónuleika. Þetta viðfangsefni munum við nálgast frá þrennskönar sjónarmiði:

Mikilvægi sameiningarinnar.  
Hugarástandi sálarinnar.  
Eyðingu hugforms persónuleikans.

*Annað:* Niðurstöður þessa:

Innan ashrams meistarans, hvað lærisveininn snertir. Á þann hátt sem hinn frelsaði lærisveinn getur nú skapað líkama til afnota á efnissviðinu og til þjónustu í heimunum þrem – að þessu sinni ekki samkvæmt lögmáli nauðsynjar heldur samkvæmt lögmáli þjónustu, eins og það er skilið af vígsluhafanum.

Þið hafið nú áttað ykkur á því, að við höfum verið að ræða um dauðann (þennan mjög svo algenga atburð) eins og hann snýr að efnislíkamanum og einnig geðrænu eða hugrænu hjúpunum – þessu samsafni mótaðrar orku sem við höfum ekki svo mikla hlutlæga þekkingu á, en jafnvel sálfræðin viðurkennir að sé til og við teljum að hljóti að leysast upp eða hverfa við dauða

efnislíkamans. En hefur það hvarflað að ykkur, að sá eðlisþáttur dauðans, sem maðurinn þarf um síðir að fást við, sé dauði persónuleikans? Hér á ég ekki við dauða í óeiginlegri merkingu eins og allir dulfræðingar þegar þeir vinna að því að útrýma eiginleika eða eiginleikum sem einkenna hið persónulega sjálf. Þeir tala um að „uppræta“ þennan eða hinn eiginleikann, að bæla hið „lægra sjálf“ niður og fleira í þeim dúr. Hér er ég að ræða um bókstaflega eyðingu, upplausn, sundrun eða hina endanlegu tvístrun þessa kæra og velþekktu persónulega sjálfs.

Hafa verður í huga að líf persónuleikans skiptist í eftirfarandi stig:

1. Hægfara og stöðug uppbygging sem nær yfir mjög langt tímabil. Fjölmörg æviskeið er maðurinn ekki persónuleiki. Hann er aðeins einn af fjöldanum.
2. Meðvituð samsömun sálarinnar við persónuleikann er á þessu stigi, tæpast fyrir hendi. Sá þáttur sálarinnar sem falinn er innan hjúpanna er um óralangan tíma undir ríkjandi áhrifum þessara lífshjúpa og hið eina sem er til vitnis um nálægð hennar er það sem nefnt er „rödd samviskunnar.“ En eftir því sem tímar líða er hið virka og vitsmunalega líf persónunnar eftt og smám saman samhæft af orkunni sem streymir frá þekkingarkrónublöðum sálarlótussins eða hinu vitsmunalega og næma eðli sálarinnar á sínu eigin sviði. Þetta leiðir um síðir til samhæfingar þriggja lægri hjúpanna í eina virka heild. Þá er maðurinn orðinn persónuleiki.
3. Líf persónuleika hins samhæfða einstaklings nær yfir fjöldamörg æviskeið og því má einnig skipta í þrjá áfanga:
  - a. Áfangi hins ráðandi atorkusama persónuleikalífs, sem mótast í grundvallaratriðum af geislagerð sinni, er eiginjarnt að eðlisfari og mjög ríkt af einstaklingshyggju.
  - b. Áfangi tilfærslu og breytinga þar sem átök ríkja milli per-



sónu og sálar. Sálin fer að leita eftir lausn frá formlífi, en þrátt fyrir allt er persónuleikinn háður lífsfrumtakinu sem sálin veitir. Með öðrum orðum, átökin milli sálar og persónu hefjast og styrjöld ríkir milli þessara tveggja orkumiðstöðva. Þessum átökum lýkur við þriðju vígsluna.

- c. Á síðasta áfanganum er sálarstjórn ríkjandi sem leiðir til dauða og eyðingar persónuleikans. Þessi dauði hefst þegar persónuleikinn, „Vörðurinn á þröskuldinum,“ stendur frammi fyrir Engli návistarinnar. Ljós sólarengilsins afmáir ljós efnisins.

Þetta „stjórnunar“ stig einkennist af algerrri samsömun persónuleikans við sálinu; þetta er öfugt við hið fyrra ástand þar sem sálin samsamast persónuleikanum. Þetta er einnig það sem við eigum við þegar við ræðum um sameiningu þessara tveggja; hinir tveir eru nú eitt. Það var þessi áfangi sem Páll postuli var að ræða um þegar hann (í bréfi sínu til Efesusmanna 2,15-16) vísaði til þess að Kristur hafi „skapað í sér úr báðum einn nýjan mann.“ Þessi áfangi er í aðalatriðum lokastigin á braut reynslunemans, þar sem starfið hefst meðvitað og því er haldið áfram til fullkomnunar á braut lærisveinsins. Þetta er stig hins raunsæja og árangursríka þjónanda; stigið þar sem öll viðleitni og starfskraftar í lífi mannsins eru helgaðir fullkomnun helgivaldslegs tilgangs. Maðurinn byrjar að vinna á og frá sviðum sem ekki teljast til hinna þriggja heima venjulegrar þróunar, en áhrif þeirra og skipuleg markmið tengjast samt þessum þrem heimum.

### *Mikilvægi sameiningar*

Flestir fræðarar og leitendur leggja áherslu á sameiningu persónuleikans og rétta stefnu hans í átt til heims andlegra

gilda. Hafa skal í huga að þetta fer á undan og það með réttu. Sameining hugar, tilfinningaæðlis og heila er megineinkenni allra þroskaðra manna – hins illa, hins mjög illa, hins góða og mjög góða. Það er samt sem áður ekki neitt merki um andlegt lífni og er oft alveg hið gagnstæða. Einhver „Hitler“ eða framagjörn persóna, sem stjórnast í lífinu af mikilli eigingirni eða grimmd, er persónuleiki sem notar alla orku huga síns til illra verka og býr yfir kraftmiklum heila sem meðtekur fyrirætlanir og aðferðir starfstækjanna tveggja sem framfylgja fyrirætlum persónuleikans, þar sem tilfinningalífni er þannig háttað, að það myndar enga fyrirstöðu gegn því að þessi eigingjörnu markmið nái fram að ganga

Ég vil vekja athygli á því, að flest fólk er *ekki* persónuleikar, sama hversu fjálglega það talar um sinn eigin persónuleika. Það er til dæmis fyrsta verkefni flestra leitenda og nema að samhæfa sinn lægri þrígreinda mann, svo að þeir geti gerst virkir persónuleikar, áður en þeir geta starfað sem sálir; starfið miðar að því að mynda meðvitaða einingu í persónuleikanum og forðast þau ferli þar sem persónuleikinn gefur sig allan að lágstæðum og eigingjörnum markmiðum. Langt komnir namar helga sig því markmiði að mynda enn æðri sameiningu sálar og persónu sem leiðir til þeirrar lokasameiningar sem nær til hins æðsta eðlisþáttar, mónadlífsins.

Nú á tímum eru í heiminum margir sannarlega sameinaðir persónuleikar. Þeir geta gengið braut hins viðurkennda lærisveins vegna þess að sál og persónuleiki eru sameinuð. Þessi þróun er góðs viti, ef þið aðeins gætuð áttað ykkur á hvað í henni felst og hvaða gildi hún hefur, en sú spurning vaknar hvornig þeir sem nú eru rétt í þann mund að hefja leitina geta þroskað nægilega með sér sameiningu persónuleikans. Það munu þeir ekki gera ef þeir ofmeta eða vanmeta sjálfa sig. Margir telja sig persónuleika vegna þess að þeir eru að eðlisfari gæddir sjálfstæðum vilja, eða vegna þess að þeir eru dulfræðinemar. Þeir gleyma því,

að dulfræðinemi er sá sem leitar hins dulda – í þeirra tilviki hinnar duldu þráðu sameiningar sem gera mun þeim kleift að samþætta líkamana þrjá og verðskulda þannig fullkomlega nafnið persónuleiki. Sumir þeirra geta ekki orðið persónuleikar í þessu lífi, en þeir geta byggt upp hugrænan skilning á þessum möguleika og eðli hans; þeir þurfa að hafa það í huga að „eins og maðurinn hugsar í hjarta sínu, þannig er hann.“ Það er ekki tímasóun, heldur mjög nauðsynlegt starf og nokkuð *sem sérhver innan Helgivaldsins hefur gengið í gegnum*.

Samtvinnun náms og hugleiðslu er sú aðferð sem allir leitendur ættu að hagnýta sér ef þeir eru að leitast við að ná þessari nauðsynlegu sameiningu og afleiðingu hennar sem er líf þjónustu. Á þann hátt getur leitandinn prófað bæði hversu langt sameiningin hefur náð og þjónustuhæfnina sem hún hefur leitt af sér. Ef leitendur gaumgæfa jarðneskt líf sitt munu þeir uppgötva að þeir starfa annaðhvort ósjálfrátt samkvæmt hefðbundnum hugmyndum heimsins um góðvilja, það að vera góður, eða að þeir starfa af geðrænum hvötum, vegna þess að þeim finnst gefandi að hjálpa, þeim þykir gott að öðrum líki vel við þá, þeir vilja lina þjáningar, af þeirri ástæðu að þeir vilja komast hjá þeim óþægindum sem þjáningar valda þeim, þeir hafa trú á því, að fylgja fordæmi Krists sem gekk um og gerði góðverk, eða þeir starfa af eðlilegri og djúpstæðri lífshvöt. Þetta er sú þróun sem bundnar eru vonir við og mun leiða til lokastiganna.

Leitendur munu um síðir komast að því, þegar hinum efnislega og geðræna hluta sameiningarinnar er lokið, að á eftir þeim fylgir stig skynsamlegrar þjónustu, sem mótast fyrst í stað af meðaumkun, síðan af fullvissunni um nauðsyn hennar, þá af ákveðnum andlegum metnaði, síðan af dyggilegri fylgni við fordæmi Helgivaldsins og að lokum af starfsemi eigindar hins hreina kærleiks. Þessi hreini kærleikur tjáir sig í vaxandi mæli eftir því sem æðri sameiningu sálar og persónu miðar áfram. Öll

Þessi stig fyrirætlana og aðferða eru rétt þar sem þau eiga við, eða svo lengi sem þau hafa eitthvert fræðslugildi og næsta æðra stig er enn óljóst og þokukennt. Þau verða röng þegar þeim er haldið áfram eftir að næsta stig er orðið skýrt og greinilegt en því ekki fylgt. Hugleiðið þetta. Það er gagnlegt fyrir ykkur að gera ykkur grein fyrir raunverulegu gildi þessara mismunandi stiga sameiningar, sem leidd eru áfram af þróunarlögmálinu.

Öll þessi skref á braut sameiningarinnar leiða að því hástigi þar sem persónuleikinn – auðugur af reynslu, gæddur máttugri tjáningarhæfni, andlegu markmiði og trúfesti – verður einfaldlega miðill fyrir líf sálarinnar milli Helgivaldsins og mannkynsins. Aftur segi ég – hugleiðið þetta.

### *Hugarástand sálarinnar*

Hvert er þá viðhorf sálarinnar á sínu eigin sviði á meðan öll þessi mismunandi stig skilnings vakna í lífi persónuleikans? Þegar þetta atriði er skoðað þarf fyrst og fremst að átta sig á hinum þremur eðlisþáttum hugans sem er að finna þar sem við nefnum hugarsvið:

1. *Hinn lægri blutstæði hugur*, sem er hin hugræna afstaða þess smáa brots sálarinnar sem upphaflega var „sett niður“ í raunbirtingu við séreðlismyndunina. Á hinu langa tímabili endurtekinna æviskeiða hefur næmleiki hans fyrir hinu yfirskyggjandi sjálfi aukist í vaxandi mæli. Þetta yfirskyggjandi sjálf segir við hinn holdgaða eðlisþátt sinn: „Eftir að hafa fyllt allan heiminn með broti af sjálfu mér, ég er.“ Tog þessa yfirskyggjandi sjálfs er sá máttur sem dregur hið smáa brot aftur til uppruna síns.
2. *Sonur hugans*, sálin, afkomandi hugsunar hins alheimslega huga; hinn hugsandi, skynjandi, aðgreinandi og rannsakandi þáttur eða andlega vera. Þessi eðlisþáttur hins Eina lífs

einkennist af hreinum huga, hreinum vitsmunum, hreinum kærleik og hreinum vilja. „Lávarður fórnarinnar“ sem hefur tekið sér það verkefni, að endurleysa efnid og hefja það til himins, með því að ganga í gegnum reynslu holdgunar, sameiningar og tjáningar! Þetta eru kunnugleg sannindi og forn, en þau eru fyrir ykkur ennþá aðeins kenningar. Þið getið gengið úr skugga um hvort svo sé með því að spyrja ykkur sjálf: Hvað geri ég sem sál (ef ég á annað borð starfa sem sál) til að upphefja hinn efnislega eðlisþátt minn, starfstæki mín þrjú og efnid sem þau eru gerð úr, upp á æðra svið tjáningar?

3. *Hinn æðri óhlutstæði hugur* sem er fyrir sálinni það sem lægsti eðlisþáttur sálarinnar, falinn í þekkingarkrónublöðum sálarlótussins, er fyrir hinum hlutstæða huga. Hinn óhlutstæði hugur er lægsti eðlisþáttur andlegu þrenndarinnar.

Þegar sameining persónuleika og sálar hefur átt sér stað, getur sálin hafist handa – í sínum eigin líkama og á sínu eigin sviði – við æðri sameiningu eða samtengingu sem hún verður um síðir að koma á, milli sjálfrar sín og andlegu þrenndarinnar. Árangur á lægra sviði gerir árangur mögulegan á æðra sviði. Enginn raunverulegur æðri árangur er mögulegur fyrr en náð hefur verið tökum á hinum lægri eðlisþætti skref fyrir skref og hann viðurkenndur sem tæki til að stuðla að enn æðri starfsemi.

Hugarástand sálarinnar á meðan á hinni lægri sameiningu stendur má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Algert áhugaleysi á meðan á fyrri hluta endurfæðingaferlisins stendur. Hinn „ígreypri þáttur“ hennar, eins og hann hefur verið nefndur, dugir vel til að vinna hið hægfare og þreytandi verkefni að þróa líkamana, þroska eiginleika þeirra og súpa hið beiska seyði reynslunnar í blindni og vanþekkingu. Þetta

tímabil er lang lengst og á meðan á því stendur heldur sálin áfram að vinna að sínum eigin áhugamálum samkvæmt reynslustigi sínu, á geisla sínum og undir leiðsögn meistarans, sem mun um síðir leiðbeina hugrænu starfi persónuleikans á þroskabrautinni með áhrifamætti sínum sem meðtekinn er með gleði. Gleymið ekki að þetta ríki eða samsafn sálna er það sem kristnir menn nefna Guðsríki og dulfræðingar nefna hina andlegu Helgistjórn plánetu okkar. Hafðu einnig í huga að markmið heildarlífs þess er að vekja meðvitadan skilning á andlegu stefnumarki LÍFS plánetunnar.

2. Eftir því sem þróuninni heldur fram verða hin þrjú sköpuðu og þróðu starfstæki máttug og sveiflutíðni þeirra nægilega sterk til að vekja nokkra athygli hinnar önnur köfnu sálar. Fyrstu viðbrögð hennar eru gremja. Dulfræðileg gremja er ekki skapstyggð eins og mennirnir tjá hana, heldur svörun við snertingu – svörun sem ekki vekur neina ánægju. Með öðrum orðum, hún er mótstaða. Þið ættuð því að skilja betur merkingu þess sem sagt hefur verið, að síðasti fjöturinn sem meistarinn varpar af sér er gremjan. Persónuleikinn hættir að draga til sín athyglina; mótstaðan hverfur því og ekkert er eftir nema hindrunarlaus rás sem andleg orka getur streymt um. Gremja, eins og þið skiljið hugtakið, verður til þegar hugmyndir og áform annarra brjóta í bága við persónulegan vilja, sjálfsvirðingu, hugmyndir og áætlanir. Það er ekki þesskonar gremja sem meistarinn varpar af sér.

Næstu viðbrögð sálarinnar er hugleiðingarferli eða myndun orku sem síðar er ætlunin að hagnýta í heimumum þrem til að efla sálarorkuna innan formsins og skapa svið þekkingar byggt hugformum sem persónuleikinn mun síðar hætta sér inn í. Sálin er því að búa sig undir eigin stefnubreytingu í átt til lífs og tjáningar þess í heimumum þrem, en ekki til að öðlast lífsreynslu.

3. Þegar persónuleikinn gerist ráðandi kemur sálin með nýjan þátt inn í líf spegilmyndar sinnar, hinnar holdguðu sálar. Sá

þáttur virkjar og stillir orku sálargeislans og kemur honum með viljaathöfn í beint samband við geisla persónuleikans. Þetta veldur ósjálfráðri svörun hjá geislum hins lægri þrígreinda manns, örvar þá, vekur og hefur mótandi áhrif á etherlíkamann, í þeim tilgangi að orkustöðvarnar sem geislar persónuleikans streyma um og höfuðstöðin sem svarar geisla sálarinnar, geti orðið virkari. Ennisstöðin, sem persónuleikinn vinnur í gegnum eykur virkni sína og tvennt gerist:

- a. Líf persónuleikans gerist æ máttugra og maðurinn verður áhrifamikill einstaklingur.
  - b. Höfuðstöðin fer að hafa áhrif á ennisstöðina og smátt og smátt hefur hún einnig áhrif á mænurótarstöðina. Sjálfsviljinn og fjölhæfnin aukast.
4. Sálin er nú á því stigi sem dulfræðingar hafa nefnt „að hún er að snúa sér.“ Það veldur miklum áhuga hennar á spegilmynd sinni í heimunum þrem og þrennt gerist:
- a. Hinn lægri hlutstæði hugur verður fyrir uppljómun frá sálinni.
  - b. Orka sálargeislans streymir í vaxandi mæli inn í persónuleikann og eykur með því átökin.
  - c. Maðurinn skiptir um stefnu á braut sinni um dýrahringinn og stefnan sem hefur hingað til verið réttisælis frá hrútsmerki til nautsmerkis í gegnum fiskamerkið, verður nú rangsælis.

Öll þessi atriði valda hörðum átökum á braut reynslunemans, sem fara vaxandi þegar maðurinn hefur för sína á braut vígsluhafans. Máttur persónuleikans, ráðandi og við það að komast undir yfirráð sálarinnar, veldur magnaðri karmískri virkni. Atburðir og kringumstæður streyma með miklum hraða inn í lífsreynslu lærisveinsins. Umhverfi hans er af hæsta mögulega gæðaflokki í heimunum þremur; hann vinnur af sér

karmískar skyldur sínar og greiðir skuldir vegna fyrri mistaka með miklum hraða.

Á meðan á öllu þessu stendur leiðir hvert æviskeið af öðru með hléum sem hinn kunnuglega atburðarás dauðans veldur. Hinar þrjár dauðastundir – hin efnislega, geðræna og hugræna – verða þó með sífellt aukinni vitund eftir því sem lægri hugurinn þroskast. Maðurinn líður ekki lengur, sofandi og óafvitandi, út úr etherísku, geðrænu og hugrænu starfstækjunum, heldur verður hver viðskilnaður jafn þýðingarmikill þáttur og hinn efnislegi dauði.

Að lokum kemur sú stund að lærisveinninn deyr af fullum viljaásetningi, með fullri vitund og yfirgefur með sannri þekkingu hin mismunandi starfstæki sín. Sálín nær yfirráðum jafnt og þétt, og þá deyr lærisveinninn fyrir viljaathöfn sálarviljans og veit nákvæmlega hvað hann er að gera.

### *Eyðing hugforms persónuleikans*

Þegar fjallað er um þetta efni, en það er aðeins hægt í örstuttu máli, verður að hafa tvennt í huga:

1. Að við erum eingöngu að athuga hugmynd í huga sálarinnar og fjalla um grundvallarstaðreynd blekkingarinnar sem hefur ráðið ríkjum allt heildartímabil æviskeiðanna og með því móti haldið sálinni í fangelsi formsins. Fyrir sálina hefur persónuleikinn tvenns konar þýðingu:
  - a. Hæfni sálarinnar til að samsamast forminu; skilningur á þessu vaknar þó ekki hjá sálinni fyrr en persónuleikinn byrjar að bregðast við raunverulegri sameiningu í einhverjum mæli.
  - b. Tækifæri til vitundarvígslu.
2. Að eyðing hugforms persónuleikans er mikil vígsla fyrir sálina á hennar eigin sviði, en sú eyðing er fullkomnuð við



Þriðju vígsluna. Af þessari ástæðu er þriðja vígslan álitin vera fyrsta meginvígslan, þar sem hinar tvær fyrri hafa mjög lítil áhrif á sálina og verka aðeins á hina holdgudu sál, „brotið“ af heildinni.

Þessi atriði hafa lítinn skilning hlotið og enn sem komið er hefur lítil áhersla verið á þau lögð í öðrum ritum. Hingað til hefur áherslan verið lögð á vígslurnar eins og þær snúa að lærisveinum í heimunum þrem. En ég er sérstaklega að fjalla um vígslurnar eins og þær hafa, eða hafa ekki áhrif á *sálina*, sem yfirskyggir spegilmynd sína, persónuleikann, í heimunum þrem. Það sem ég hef sagt mun því hafa litla merkingu fyrir hinn almenna lesanda.


Frá sjónarmiði hins persónulega sjálfs, sem lítur á sig sem Vörðinn á þröskuldinum, hefur viðhorfinu eða hugarástandinu verið lýst á ófullnægjandi hátt sem algjörri upplausn í ljósi sálarinnar. Dýrð Návistarinnar, umbreytt af Englinum er slík að persónuleikinn hverfur fullkomlega með öllum kröfum sínum og leit. Ekkert er eftir nema skelin ein, hjúpurinn og tækið sem sálarljósið getur streymt um til hjálpar mannkyninu. Þetta er að hluta til rétt en er aðeins, þegar á allt er litið, tilraun mannsins til að orða hin umbreytandi og ummyndandi áhrif þriðju vígslunnar, en slíkt er ógerlegt.

Óendanlega miklu erfiðara er það sem ég er hér að reyna að gera, að lýsa viðhorfi og viðbrögðum sálarinnar, hinu eina sjálfi, meistarannum í hjartanu, þegar hún öðlast skilning á hinni stórkostlegu staðreynd síns eðlislæga frelsis og uppgötvar í eitt skipti fyrir öll að hún er nú ófær um að bregðast á nokkurn hátt við hinni lægri sveiflutíðni heimanna þriggja, sem berst til hennar frá útverði hennar, persónuleikaforminu. Það form er nú ekki lengur fært um að miðla slíkri sveiflutíðni.

Þegar þessi skilningur er orðinn skýr og hann viðurkenndur verða næstu viðbrögð sálarinnar þau, að hún gerir sér ljóst, eftir

að hafa öðlast frelsi, að frelsið sjálft hefur í för með sér sínar eigin kröfur:

1. Um líf þjónustu í heimunum þrem, svo vel kunnugum og nú svo algerlega yfirstignum.
2. Yfirþyrmandi tilfinning fyrir útstreymi kærleiks til allra þeirra sem enn eru að leita lausnar.
3. Viðurkenningu á hinum mikilvæga þríhyrningi sem nú er orðinn að þungamiðju í hugrænu lífi sálarinnar:



Sálin sveiflast nú á milli hinna tveggja punkta eða andstæðna og er sem miðstöð ákalls og vöknunar.

Það kann að vera að sá skilningur sem um er rætt hér að framan, greinist ekki í vitund efnisheilans né í huga hins upplýsta persónuleika. Fræðilega séð getur verið að einhver óljós mynd af hinum eðlislægu möguleikum greinist, en vitundin er ekki lengur eins og hún er hjá hinum þjónandi lærisveini í heimunum þrem sem notar hugann, tilfinningarnar og efnislíkamann til að framfylgja boðum og fyrirætlanum Helgivaldsins eins og honum er framast unnt. Það hefur allt horfið með dauða vitundar persónuleikans. Vitundin er nú vitund sálarinnar, óháð allri aðgreiningarkennd gædd eðlislægri virkni, andlega gagntekin áætlunum Guðsríkisins og frjáls undan aðdráttaraffi

eða áhrifum frá efnisforminu; sálin er samt sem áður enn móttækileg fyrir og hjúpuð efnislegri orku og æðri hliðstæða hennar er enn virk á æðri sviðsstigum kosmíska efnissviðsins – búddíska, atmíska og mónad-sviðinu og sviði Logossins.

Hvað þarf þá að gerast til að líf sálarinnar geti orðið auðugt og fullkomið og svo allsráðandi að heimarnir þrír verði hluti af vitundarsviði hennar og vettvangur fyrir þjónustu hennar? Ég get aðeins reynt að útskýra fyrir ykkur hvað sálin þarf að gera eftir þriðju vígsluna, með því að draga það saman á tvo vegu:

*Í fyrsta lagi:* Sálin gerist nú meðvitaður skapari, vegna þess að búið er að ná valdi á þriðja eðlisþættinum, sem er orðinn fullþroskaður í gegnum reynsluna í heimunum þrem á hinu langa tímabili endurfæðinganna og er nú orðinn fullkomlega virkur. Fræðilega séð: orka þekkingarkrónublaðanna og orka kærleikskrónublaðanna er nú orðin svo samþætt og blönduð og það á svo virkan hátt, að tvö af innri krónublöðunum sem umlykja gimsteininn í lótusnum, virka ekki lengur sem hjúpur þessa gimsteins. Orð mín hafa táknræna merkingu. Vegna þessa verður fyrsta starfsemi meðvitaðrar sköpunar dauði eða fjarlæging persónuleikans og fyrsta formið sem sálin skapar er staðgengill persónuleikans. Á þann hátt er starfstæki skapað til þjónustu í heimunum þrem. Að þessu sinni er það þó tæki sem ekki býr yfir neinu sjálfstæðu lífi, löngun, metnaði, orku né eigin hugsun. Það er aðeins efnishjúpur, lífmagnaður lífi sálarinnar, en er samtímis móttækilegur fyrir og aðhæfður tímabilinu, kynþættinum og því umhverfi sem hin skapandi sál kys að starfa í. Hugleiðið vandlega þessa setningu og þá sérstaklega orðið „aðhæfður.“

*Í öðru lagi:* Sálin býr sig síðan undir hina væntanlegu fjórðu vígslu. Hún er í grundvallaratriðum mónad-reynsla, eins og þið vitið leiðir hún til þess að starfstæki sálarinnar eða orsakalíkaminn hverfur eða eyðist, þar af leiðandi myndast

beint samband milli mónadsins á sínu eigin sviði og hins nýskapaða persónuleika með antahkarana sem tengilið.

Þessi tvö atriði koma ykkur nú í fyrsta skipti fyrir sjónir í hinni skipulegu framsetningu dulfræðikenninga. Þó hafa komið fram vísbendingar sem rutt hafa brautina fyrir opinberun þessara tveggja staðreynda. Veittar hafa verið upplýsingar um majavirupa, hinn hugskapaða raunbirtingarlíkama sem meistarinn notar sem starfstæki og til að komast í snertingu við heimana þrjá. Hann skapar þennan líkama í þeim ásetningi að þjóna markmiði sínu og áætlunum. Hann kemur í staðin fyrir persónuleikann, en ekki er hægt að skapa hann fyrr en gamli persónuleikinn sem byggður er og þróaður á tímabili endurfæðinganna, hefur verið fjarlægður. Ég kys heldur að nota orðið „fjarlægður“ en orðið „eyddur.“ *Formbyggingin* helst eftir fjarlæginguna, en hið aðgreinda líf hennar hefur horfið brott.

Ef þið hugsíð skýrt um þessa staðhæfingu munið þið sjá að nú er fullkomin sameining möguleg. Líf persónuleikans hefur verið innlimað; form persónuleikans er enn til, en það býr ekki yfir neinu sjálfstæðu eigin lífi. Þetta þýðir að það getur nú orðið viðtakandi orku og krafta sem hinn starfandi vígsluhafi eða meistari þarf á að halda til að geta unnið áfram að frelsun mannkynsins. Nemar munu hafa gagn af því að kynna sér hinar þrjár „birtingar Krists“ eins og frá þeim er greint í Fagnaðarerindinu:

1. Eins og hann birtist upphafinn á fjalli Ummyndunarinnar. Sú frásögn lýsir táknrænt hinni geislandi sál og hinum þrem yfirgefnu líkömum persónuleikans og gefur einnig vísbendingu um framtíðar sköpun raunbirtingarlíkama. Pétur segir, „Meistari, gott er oss hér að vera og gjörum nú þrjár tjaldbúðir“ eða musteri.
2. Birting hans sem sannleikurinn sjálfur, þögull í réttarsalnum

frammi fyrir Pílatusi – hafnað af heiminum en viðurkenndur af Helgivaldinu.

3. Geislandi birting hans eftir vígslu upprisunnar:
  - a. Þar sem hann birtist konunni við gröfina – tákn fyrir samband hans við mannkynið.
  - b. Þar sem hann birtist lærisveinunum tveim á leiðinni til Emmaus – tákn fyrir samband hans við Helgivaldið.
  - c. Þar sem hann birtist postulunum tólf í efri stofunni – tákn fyrir samband hans við Ráðsal Lávarðar heimsins í Shamballa.

Þið getið nú séð raunveruleika þess árangurs sem ég hef áður minnst á í þessu riti. Lærisveinninn sem hefur afmáð, jafnt fræðilega sem launspékilega, tangarhald persónuleikans, hefur nú „frelsi ashramsins,“ eins og það er nefnt; hann getur nú ferðast að vild meðal félaga sinna, lærisveina og vígsluhafa. Ekkert er lengur í sveiflutíðni hans eða eiginleikum sem getur truflað hrynjandi ashramsins, ekkert mun kalla fram hina „róandi íhlutun“ meistarans, eins og oft er raunin á fyrri stigum lærisveinsstigsins; ekkert getur nú truflað hin æðri sambönd og áhrifasvið sem hingað til hafa verið honum lokuð vegna íhlutunar hans eigin persónuleika.



## ÞRIÐJI HLUTI

### Undirstöðulögmál lækninga

Við höfum nú lokið tveimur hlutum í umfjöllun okkar um lækningarlistina. Við höfum í stórum dráttum fjallað um orsakir sjúkdóma og veitt því athygli, að í heild sinni stafa þeir af þremur megin ástæðum: geðrænu ástandi sjúklingsins, karmískri ábyrgð hans og tengslum við umhverfi, þjóðfélag eða plánetuna í heild. Að því loknu fjallaði ég um vissar grunnforsendur sem þurfa að vera fyrir hendi á milli lækna og sjúklings, hvað snertir viðhorf og hugarfar, að síðustu tók ég fyrir viðfangsefnið dauðinn. Ég íhugaði hvernig hann hefur áhrif á hin þrjú forgengilegu starfstæki og lagði áherslu á guðlegt eðli hans og uppbyggjandi tilgang. Við komum nú að þeim hluta þar sem hugað verður í stuttu máli að lækningarlögmálunum og reglunum sem ættu að móta lækningarstarfið.

Við höfum séð að lækningarlögmálín eru tíu talsins og reglurnar sex. Tíunda lögmálið mun reynast of torskilið til að hægt sé að gera því ítarleg skil. Það snertir lífsfrumtakið, en um það vitum við ekkert, enn sem komið er, en það tengist áætlun mónadsins. Allar dulspekikenningar sem koma beint frá Helgivaldinu bera í sér lifandi fræ þess sem síðar fylgir í kjölfarið. Í „*The Secret Doctrine*,“ til dæmis, vísaði H.P.B. (eftir minni tilsögn) af og til mjög stuttlega og óljóst til antahkarana; með því skildi hún eftir fræ, sem fullvaxið mun gefa vísbendingu um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem geta haldið út á braut æðri þróunar, eftir að hafa gengið í gegnum æðri vígslurnar. Í þessu tíunda lögmáli hef ég því einnig falið fræ að seinni tíma umfjöllun um viðfangsefnið líf og dauði.

Ég vil minna ykkur á það hér, að lögmál er í raun og veru áhrif frá lífi stærri lífveru sem umlykur smærri lífverur sem hluta af lífsferlum sínum. Það felur í sér ákvarðaðan tilgang eða skipulagðan vilja hinnar stærri lífveru sem umlykur algerlega tilgang eða vilja hinna smærri lífvera. Nú gætir þú, bróðir minn, stutt með rökum að þessi staðhæfing geri að engu frjálstan vilja þess sem þannig er innifalið eða umlukt. Hún vinnur vissulega á móti formþætti birtingarinnar – þeim þætti sem maðurinn, til dæmis, er mest meðvitaður um. Þessi tengsl hins æðra eða umfangsmeira og hins lægra eða umfangsminna munu því vissulega verða á sama hátt ráðandi og um síðir gera að engu hin minni lögmál formþáttarins, þau sem nú eru nefnd náttúrulögmál.

Sálin innan sérhvers forms á með sama hætti og samkvæmt eðli sínu, í stríði við þessi sömu form og mótast í öllu lífi sínu af hinum æðri lögmálum sem eru lögmál tilveru hennar. Þessum lögmálum hlýðir hún og fylgir af fúsum vilja og hefur ekki minnstu löngun til annars. Það er því ekki um að ræða raunverulega skerðingu á frjálsum vilja lífverunnar; aðeins mótstöðu frá því sem við nefnum „ekki-sjálfið“ eða hinum efnislega eðlisþætti. Líta má á þetta sem grundvallarorsök allra sjúkdóma.

Það sem við nefnum lögmál náttúrunnar var æðsta stig guðlega lífsins sem hægt var að ná í fyrsta sólkerfinu. Þau eru fyrst og fremst eðlislæg lögmál fyrir lífþátt formsins og fela því í sér fræ dauðans. Lögmál sálarinnar, eftir því sem þau verða ráðandi yfir lögmálum náttúrunnar og gera þau mótanleg, eru æðstu lögmálin sem mannkynið, nú æðsta náttúruríkið getur brugðist við, en þau – þegar þau hafa verið uppfyllt – munu ljúka ætlunarverki annars sólkerfisins. Að lokum munu lögmál sjálfs Lífsins taka við af lögmálum sálarinnar, ógilda og



gera að engu lögmál náttúrunnar; þessi lögmál Lífsins munu einkenna þriðja sólkerfið – hina síðustu birtingu persónuleika Sólarlogossins með fulltingi Plánetulogosanna sjö með sínum mismunandi birtingum forms og sálar.

### *Þrír flokkar lögmála*

Það eru því þrír flokkar lögmála sem ráða tjáningu hins lifandi tilgangs í þessu öðru sólkerfi – einn fullþróaður, annar í þróun og hinn þriðji dulinn og tiltölulega óvirkur.

1. Lögmál náttúrunnar – aðgreinandi lögmál formeðlisins.
2. Lögmál sálarinnar – samrunalögmál heilleika heildarinnar.
3. Lögmál Lífsins – virk lögmál sjálfrar tilverunnar.

Það sem við tökum nú til athugunar eru vissir þættir í lögmálum sálarinnar. Þeir varða heilleika og virkni sálarinnar í formi. Þetta þarf að hafa hugfast. Sjúkdómar eru eitthvað sem ræðst gegn heilleika eða samræmi formeðlisins, sem hinn innri andlegi maður verður að nota til að eiga samskipti í heimunum þrem og mynda til samans umhverfi hans þegar hann er í holdgun. Það má því líta á lögmálin tíu sem við höfum til skoðunar, sem tíu undirlögmál *grundvallarlögmáls hins eðlislega heilleika*. Þau mynda níu túlkanir eða hliðar þessa eina lögmáls og þetta þurfið þið sérstaklega að hafa í huga. Með þessum lögmálum verður hinn sanni læknandi ætíð að starfa.

Reglurnar sex fjalla einungis um gildi þessa heilleika eftir að honum er náð, gagnvart því ástandi og þeim aðstæðum sem mæta læknanandanum. Heilleiki felur í sér einhygli, þenslu og tjáningu, samhliða skilningi, vísvitandi mótun og virkri hagnýtingu.

*Eiginleikar sem lækandinn þarf að hafa*

Í lögmálunum og reglunum sem ég hef sett fram, er minnst á tiltekna nauðsynlega eiginleika lækandans og ákveðnar kröfur sem hann þarf að uppfylla. Við skulum byrja á því að gera grein fyrir þessu, þar sem það gefur ekki aðeins til kynna þá eiginleika og viðhorf sem nauðsynleg eru fyrir árangursríka ástundun lækningarlistarinnar, heldur einnig ástæðuna fyrir því hvers vegna – allt til okkar tíma – næstum engar árangursríkar eða kerfisbundnar lækningar hafa átt sér stað á vegum hinna ýmsu andlegu lækningarskóla. Það hafa gerst það sem ég get nefnt „tilviljunarkenndar lækningar,“ af þeirri ástæðu að sjúklingurinn hefði hvort eð var læknastr, þar sem brottfararstund hans úr þessum heimi var ekki runnin upp. Lækning, framkvæmd af fullum ásetningi og skilningi, hefur aðeins gerst þar sem lækandinn hefur verið vígsluhafi af hárrí gráðu og hefur fylgt fordæmi Krists í lífi sínu og starfi.

Við skulum nú athuga nánar þessa eiginleika og viðhorf sem vitnað er til. Ég mun telja þá upp og bæta við stuttum skýringum:

1. *Hæfileiki til að ná tengslum og starfa sem sál.* „List lækandans felst í því að leysa sálina úr læðingi.“ Íhugið eitt andartak hvað þessi hæfileiki felur í sér. Það er ekki aðeins að lækandinn hafi meðvitað og greitt samband við sína eigin sál, heldur getur hann einnig í gegnum eigið sálarsamband haft samband við sál sjúklingsins.
2. *Hæfileiki til að stjórna hinum andlega vilja.* Hið sérstaka lögmál, sem tengist lækningarlistinni, verður að „gera virkt með andlegum vilja.“ Þetta krefst hæfni til að ná tengslum við andlegu þrenndina. Þar af leiðir að bygging antahkarana verður að vera komin vel á veg.

3. *Hæfileiki til að ná fjarbrifasambandi.* Læknandinn verður að „þekkja innri hugsanir og langanir“ sjúklingsins.
4. *Hann verður að hafa nákvæma þekkingu.* Við lesum að hann verði að „vita nákvæmlega hvert beina skal aðstoðinni.“ Þetta er mjög mikilvægt atriði og nokkuð sem algerlega er litið framhjá af svonefndum læknendum sem tilheyra hreyfingum eins og Christian Science (Kristilegum vísindum), Unity (Einingu) og fleirum. Lækning verður hvorki fyrir ákafa guðsdýrkun, né heldur með því einfaldlega að senda frá sér kærleik og sveipa sig hjúpi óljósrar mystíkur. Hún gerist þegar búið er að ná tökum á hinum nákvæmu vísindum samtengingar, mótunar og ákalls, að viðbættri þekkingu á hinu fíngerða tæki, etherlíkamanum.
5. *Hæfileiki til að venda, endurstilla og „upphefja“* vitund sjúklingsins. Læknandinn verður að „lyfta niðurlútu tilliti augnanna til sálarinnar.“ Hér er átt við augu sjúklingsins. Þessi staðhæfing felur í sér vissa takmörkun, því að ef sjúklingurinn hefur ekki náð því stigi í þróuninni að slíkt sé mögulegt og er ekki kominn að þeim tímamótum í þróuninni, að hann geti náð sambandi við sál sína, verður starf læknandans óhjákvæmilega árangurslaust. Verksvið læknandans takmarkast því algerlega við þá sem eiga sér trú. En trú er „fullvissan um það sem ekki er sjáanlegt.“ Hjá flestum er sú fullvissa sjaldnast fyrir hendi. Trú er hvorki óskhyggja né úthugsuð von. Hún er vottur um vel grundvallaða fullvissu.
6. *Hæfileiki til að beina sálarorku* að réttum stað. „Lækningarkrafturinn er þá undir stjórn hins andlega eða þriðja auga.“ Hér er gert ráð fyrir að læknandinn hafi tök á vissri vísindalegri aðferð og að búnaðurinn innan höfuðsins sem tekur á móti og stjórnar kraftstreyminu, virki á réttan hátt.

7. *Hæfileiki til að gefa frá sér hreinan segulkraft og útgeislun.* „Læknandinn verður að ávinna sér hreinan segulkraft ... og ná leysandi útgeislun.“ Í þessu felst mikil persónuleg ögun í daglegu lífi og að gera hreinleika í líferni að föstum vana. Óhjákvæmileg og sjálfkrafa afleiðing hreinleika er útgeislun.
8. *Hæfileiki til að hafa stjórn á viðbrögðum í höfðinu.* Læknandinn verður að hafa „samtengt orkustöðvarnar í höfðinu.“ Hinn sanni læknandi hefur byggt upp segulmagnað svæði innan höfuðsins sem kemur fram sem vel greinanleg útgeislun.
9. *Hæfileiki til að hafa stjórn á eigin orkustöðvum.* Læknandinn þarf að „safna saman þeirri orku sem nauðsynleg er innan viðeigandi orkustöðvar.“ Gera verður orkustöðina í líkama sjúklingsins, sem næst er hinum sjúka hluta, móttækilega fyrir orkunni sem send er til hennar frá samsvarandi orkustöð í líkama læknandans. Ykkur ætti því að vera augljóst hve mikilli þekkingu og stjórn á orku hinn sanni læknandi verður að hafa yfir að ráða.
10. *Hæfileiki til að hagnýta bæði útræðar og innræðar lækningaradferðir.* Læknandinn mun beita „dulfræðilegum lækningaradferðum... þó svo að hinum venjulegu aðferðum lyf- og skurðlækninga verði ekki hafnað.“ Ég hef stöðugt lagt áherslu á guðlegt eðli tilraunalækninga – en þetta orðalag lýsir læknisfræði nútímans og þá ekki síður huglækningum. Það er engin þörf á því að kalla til andlegan læknanda við beinbroti eða þeim kvillum sem læknisfræðin hefur nú þegar náð góðum tökum á. Samt er réttlætanlegt að veita siðferðilega og almenna aðstoð samhliða því að venjulegri læknisfræðiþekkingu er beitt á viturlegan hátt. Hinum svonefnda andlega læknanda

hættir til að líta framhjá þessu atriði. Síðar meir mun læknumendum verða skipt í tvo hópa:

- a. Þá sem eru sannarlega þjálfaðir andlegir læknumendur.
  - b. Læknumendur með minna þroskaða hæfileika, sem hafa þó næga útgeislun og segulkraft til að geta orðið að liði við venjulegar lækningar. Þeir munu yfirleitt starfa undir handleiðslu andlegs læknumanda.
11. *Hæfileiki til að nota segulorku.* „Þannig er honum kleift að úthella lífgefandi lækningarorku yfir sjúklinginn.“ Þetta gerir læknumandinn með vísindalegri samhæfingu starfstækisins og notar hendurnar til að stýra orkustreyminu. Með því er mögulegt að lækna sjúkdóminn, draga úr honum eða gera hann verri, jafnvel svo að leiði til dauða. Ábyrgð læknumandans er því mikil.
  12. *Hæfileiki til að nota útgeislun.* „Þannig getur nálægð hans nært sálarlíf sjúklingsins.“ Þessu er einnig komið til leiðar með sérstöku kerfi samhæfingar, en áran sér um að dreifa geisluninni en ekki hendurnar.
  13. *Hæfileiki til að viðhafa algert skaðleysi öllum stundum.* „Aðferðin sem notuð er af hinum fullkomna . . . er skaðleysi.“ Okkur er sagt að það feli í sér virka tjáningu andlegs jafnvægis, heilðrænt viðhorf og guðlegan skilning. Hversu margir læknumendur sameina í sér þessa þrjá eiginleika og starfa jafnframt af kærleik?
  14. *Hæfileiki til að hafa stjórn á viljanum og vinna af kærleik.* „Læknumandinn... skal hafa taumhald á viljanum.“ Þennan eiginleika er einna erfðast að þroska, þar sem vilji læknumandans er oft svo kraftmikill í þeirri ákvörðun sinni að lækna, að hann kemur algerlega í veg fyrir það að sú viðleitni beri nokkurn árangur. Aftur á móti kemur tilfinningalegur eða mystískur kærleikur til sjúklingsins oft í veg fyrir allar tilraunir til að hafa taumhald á vilj-

anum. Mundu það bróðir minn, að hinn andlegi vilji verður að vera sem lygnt og djúpt haf máttar að baki allri tjáningu kærleiksorkunnar.

15. *Hæfileiki síðar meir til að beita lögmáli Lífsins.* Lítið er hægt að segja um þetta atriði, þar sem þessu lögmáli geta aðeins þeir beitt sem hafa þroskað, eða eru hraðfara að þroska, vitund andlegu þrenndarinnar – en slíkt er ákaflega sjaldgæft enn sem komið er.

Það er engin þörf á að láta hugfallast þegar þessar kröfur eru skoðaðar. Slík athugun þjónar þeim tilgangi að setja öllum læknendum nauðsynlegt markmið að keppa að. Hún skýrir einnig hvers vegna hin mismunandi lækningarkerfi, sem notuð eru um allan heim, einkum í hinum ensk-amerísku löndum, hafa ekki skilað árangri, þrátt fyrir að öðru sé haldið fram. Ef skráðar væru vísindalega nákvæmar og réttilega vottaðar skýrslur (en það gerir varla nokkurt þessara lækningarkerfa), þá kæmi fram að ekkert þeirra sýndi fram á meira en örlítið brot af hundraðshluta lækninga byggðum á hreinni andlegri lækningu. Sá hundraðshluti sem læknast er minni en einn af milljón og þessir sjúklingar hefðu hvort eð var smám saman náð fullri heilsu, ef náttúran hefði fengið að hafa sinn gang eða þeir hlotið hefðbundna læknismeðferð.

En slík er hin andlega vakning í heiminum nú á tímum og viðbrögð við henni, að óhjákvæmilegt er að stór hópur venjulegs fólks muni færast fram á við og út á braut lærisveinsins. Á næstu fimm hundruð árum mun þessi færsla fram á við leiða af sér marga læknendur sem koma til með að uppfylla að einhverju leyti kröfurnar sem ég taldi upp hér að framan.

Þær heimspekikennningar sem hin mismunandi kenningar-kerfi, eins og *Unity* og *Christian Science* styðja, eru í grundvallaratriðum réttar og setja fram meginsannindin sem liggja að baki öllu því sem ég hef fjallað um hér að framan. En fólk

læknast ekki með því einu að setja fram sannindi, viðurkenna guðdóminn eða þylja óhlutstæðar kenningar. Það mun læknast þegar rétta stundin rennur upp, vegna hæfni læknanda framtíðarinnar til að tjá *eiginleika guðdómsins* í sjálfum sér og sínu daglega lífi, vera andlega hæfur til að ákalla sál sjúklingsins og hafa jafnframt yfir hreinni segulorku að ráða. Hann þarf, með vissri tegund orkugeislunar, að vera fær um að örva sjúklinginn til að lækna sjálfan sig – með tilstilli sinna eigin innri líffæra. Læknandi framtíðarinnar mun hafa til að bera hæfileika til að koma á eftirfarandi tengslum, auðveldlega og af skilningi:

1. Við sína eigin sál.
2. Við sál sjúklingsins.
3. Við þá sérstöku orku sem er að finna annaðhvort í sálar- eða persónuleikageisla sjúklingsins.
4. Við einhverja eina af orkustöðvum sínum sem hann þarf að nota til miðlunar á orkunni sem hann sendir til líkama sjúklingsins, til þess svæðis sem einhver orkustöð hans stjórnar.
5. Við orkustöðina í etherlíkama sjúklingsins sem ræður sjúkdómssvæðinu.

Eins og þið sjáið þá krefst þetta mikillar tæknilegrar þekkingar. Þessu til viðbótar verður læknandinn að vera gæddur þeirri andlegu skynjun sem gerir honum kleift að sjá „karma andartaksins,“ eins og það er dulfræðilega nefnt og vita því hvort lækning sé leyfileg, möguleg eða ógerleg. Þetta er sérstök þekking sem enginn læknandi í heiminum nú á tímum hefur á valdi sínu, hverju svo sem hann kann að halda fram. Enn á ný segi ég ykkur, það er engin ástæða til að láta hugfallast.

Það sem raunverulega þarf að gerast og mun gerast eftir því sem áratugirnir líða, er að lærisveinar og andlega sinnaðir karlar og konur gangi í lið með læknastéttinni, fullnumi sig í aðferðum

hefðbundinnar læknisfræði og í hinni ytri þekkingu á efnislegri líffærafræði og sjúkdómseinkennum, ásamt hefðbundinni meðhöndlun og aðferðum við að lækna sjúkdóma. Við þá tæknilegu þekkingu og skilning, munu þau bæta ákveðinni dulfræðilegri þekkingu og munu þá í lækningarstarfi sínu sameina bæði útræða og innræða þekkingu. Í upphafi verður þetta eingöngu á tilraunasviði en af reynslunni við að nýta bæði svið þekkingarinnar munu ný læknavísindi líta dagsins ljós, byggð á tveim viðurkenndum meginþáttum:

1. Uppsöfnuðum þekkingarforða og upplýsingum um þetta efnislega starfstækið. Þetta er afrakstur af starfi vísindamanna á umliðnum öldum og er að mestu leyti sannað og rétt.
2. Stöðugt vaxandi skilningi á eðli etherlíkamans og orku-stöðvanna og á útbreiðslu og hringstreymi tiltekinnar stýrðrar orku.

Vaxandi næmni mannkyns í þróun sem nálgast það að vera dulskyggni, mun verða til mikillar hjálpar við sameiningu þessara tveggja þátta sannleikans. Ein af markverðum afleiðingum heimsstýrjaldarinnar verður gífurleg aukning á hæfni til að bregðast við taugaboðum. Þessi tauganæmni er enn sem komið er óeðlileg og veldur dapurlegum afleiðingum. Ástæðan er sú, að taugakerfi hins venjulega manns, þar á ég við bæði taugakerfið og nadiurnar sem eru undirstaða þess, er ekki enn tilbúið að bregðast við þeim kröfum sem á það er lagt. Þetta mun þó lagast í tímans rás.

Bæði andlegum læknendum og þeim sem stunda hefðbundna læknisfræði hættir til að afneita hvorir öðrum af mikilli hörku. Á heildina litið eru hefðbundnir læknar ekki eins öfgafullir og sérsinna og hinir andlegu læknendur nútímans. Þeir gera sér alveg grein fyrir hve skammt nútíma læknisfræði



nær. En hinir svonefndu andlegu læknendur viðurkenna ekki enn neinar takmarkanir og það er vissulega veikleiki. Þegar tímar líða verða báðir hóparnir að vinna saman og láta af andstöðu sinni. Báðir þurfa að læra margt hvorir af öðrum og viðurkenna að þessi sérstöku þekkingarvið, sem þeir eru fulltrúar fyrir, séu bæði að jafn miklu leyti guðleg tjáning og sýni fram á hæfni mannshugans til að rannsaka, skrásetja, uppgötva og setja fram sannindi, þannig að aðrir geti notið góðs af.

Ég vil vekja athygli ykkar á þeirri staðreynd, að báðir þessir hópar eiga mikið verk fyrir höndum – annar að skyggjast inn í heim hins fíngerða og óáþreifanlega (en verið er að vinna að þessu hröðum skrefum), og hinn að komast niður á jörðina úr skýjum óljósra hugmynda og gagnslausra alhæfinga, til að læra að þekkja *staðreyndir* hins hlutræna og áþreifanlega. Á þessu hefur ekki enn verið byrjað; hinar svonefndu dulfræðilegu lækningar eru týndar í þoku orða og hástemmdra yfirlýsinga.

Einlægni meiri hluta þeirra, sem tilheyra þessum hugrænu skólum, er ekki dregin í efa; tilgangur þeirra er að langmestu leyti einlægur og góður. Í báðum hópum má finna fúskara og einnig smáan hóp – mjög lítinn minnihluta – eiginhagsmunaseggja og fávísra aðila sem misnota menn í gróðaskyni. Þeirra á meðal eru bæði læknar og læknendur sem hafa starf sitt að féþúfu; þeir eru samt sem áður smár minnihluti. Framtíðarvon læknisfræðinnar er að finna meðal hinna einlægu rannsakenda og velunnara mannkynsins, þar sem þeir leitast við að uppfylla þörf mannkynsins – mannkyns sem er í vaxandi mæli að verða næmara og huglægara.



## VIII. KAFLI

### Upptalning á lögmálunum og reglunum og notkun þeirra lýst

*Athugið:* Ákveðnar reglur eiga við ákveðin lögmál og munu því verða skoðaðar í sínu rétta samhengi. Ég hef beðið A.A.B. að gera hér lista yfir lögmálin tíu og – þar sem regla á við ákveðið lögmál – að skjóta henni þar inn í. Reglunum eru gefin ný númer og þær fylgja ekki sömu röð og áður.

#### I. LÖGMÁL

*Allir sjúkdómar eru afleiðing af hindrun á lífsstreymi sálarinnar; það gildir um öll lífsform í öllum ríkjum náttúrunnar. List læknaðans felst í því að leysa sálina úr læðingi svo að líf hennar nái að streyma óhindrað um líffærakerfin sem mynda hið tiltekna efnisform.*

#### II. LÖGMÁL

*Sjúkdómur er afleiðing af og háður þremur áhrifaþáttum. Í fyrsta lagi fortíð mannsins, þar sem hann geldur fyrir forn mistök. Í öðru lagi því sem hann erfir, þeim menguðu orkustraumum sem hann á sameiginlega með öllu mannkyni og eru af samfélagslegum uppruna. Í þriðja lagi því sem Lávarður Lífsins leggur á líkama sinn og maðurinn deilir sameiginlega með öllum formum náttúrunnar. Þessir þrír áhrifaþáttir eru nefndir: „Hið forna lögmál*

*illrar sameignar. “ Síðar mun það víkja fyrir nýju „lögmáli hins forna ríkjandi góðleika,“ sem býr að baki alls sem Guð hefur skapað. Þetta lögmál verður að gera virkt með andlegum vilja manna.*

### 1. regla

Læknandinn þjálfir sig í því að þekkja innri hugsanir og langanir þess sem leitar hjálpar hans. Með því getur hann komið auga á upptök vandans. Þannig tengir hann saman orsök og afleiðingu og veit nákvæmlega hvert beina skal aðstoðinni.

## III. LÖGMÁL

*Sjúkdómar eru áhrif sem stafa frá sviðinu þar sem líforka mannsins er innstillt. Frá því sviði eru þær ákvarðandi aðstæður komnar sem valda heilsuleysi. Þær þróast og birtast í sjúkdómum eða lausn frá sjúkdómum.*

## IV. LÖGMÁL

*Rætur sjúkdóma, bæði líkamlegra og sálrænna, liggja í hinu góða, fagra og sanna. Þeir eru einskonar brenglað endurvarp guðlegra möguleika. Hin hefta sál reynir að tjá guðlegar eigindir eða innri andleg sannindi. Með því myndar hún mótstöðu í efnisforminu. Augu persónunnar beinast að mótstöðustaðnum og það veldur sjúkdómi. List læknandans er fylgin í því að lyfta niðurlútu tilliti augnanna til sálarinnar, hins sanna læknanda innan*

*formsins. Lækningarkrafturinn er þá undir stjórn hins andlega eða þriðja auga og allt fer á besta veg.*

## 2. regla

Læknandinn verður að ávinna sér hreinan segulkraft með hreinu líferni. Hann þarf að ná þeirri leysandi útgeislun sem birtist hjá hverjum manni sem samtengt hefur orkustöðvarnar í höfðinu. Útgeislunin hefst þegar segulsviðið hefur verið myndað.

## V. LÖGMÁL

*Allt er orka, því Guð er líf. Í manningum mætast tvær orkutegundir, en aðrar fimm er þar einnig að finna. Hver þeirra hefur sinn megin tengipunkt. Árekstrar milli orku og krafta og kraftanna innbyrðis valda líkamskvillum mannsins. Átök hinnar fyrstu og annarrar vara um aldir, þar til fjallstindinum er náð – hinum fyrsta mikla fjallstindi. Átökin milli kraftanna valda öllum sjúkdómum, veikindum og líkamssársauka sem dauði leysir frá. Tveir, fimm og þannig hinir sjö, ásamt því sem sameining þeirra myndar, geyma lykil leyndardómsins. Þetta er fimmta lögmál lækninga í heimi efnisformanna.*

## 3. regla

Lát læknandann safna saman þeirri orku sem nauðsynleg er innan viðeigandi orkustöðvar. Lát þá orkustöð samsvara þeirri orkustöð sem þarfnast aðstoðar. Lát þær tvær samstillast sig og saman magna kraft. Þannig mun formið sem bíður ná jafnvægi í

starfsemi sinni. Þannig munu hinir tveir og hinn eini, með rétttri stjórn, lækna.

## VI. LÖGMÁL

*Þegar byggingarorka sálarinnar er virk í líkamanum ríkir heilbrigði, hreint samspil og rétt virkni. Þegar byggjendur líkamans eru tungljöfvarnir og þeir sem vinna undir áhrifavaldi tunglsins og samkvæmt fyrirmælum hins lægra persónulega sjálfs, þá ríkja sjúkdómar, heilsuleysi og dauði.*

## VII. LÖGMÁL

*Þegar líf eða orka flæðir óhindrað og undir rétttri stjórn til útfellingarstaðar síns (hins tengda kirtils) þá svarar formið og sjúkdómar hverfa.*

### 4. regla

Vandleg greining sjúkdómsins, byggð á þekktum ytri einkennum, mun verða einfölduð að því leyti, að þegar líffærið sem um er að ræða er þekkt og þannig afmarkað, verður dulfræðilegum lækningar aðferðum beitt við þá orkustöð í etherlíkamanum sem stendur því næst, þó svo að hinum venjulegu aðferðum lyf- og skurðlækninga verði ekki hafnað.

## VIII. LÖGMÁL

*Sjúkdómur og dauði eru afleiðing tveggja virkra krafta. Annar er vilji sálarinnar sem segir við starfstaki sitt: „Ég dreg kjarnann til mín.“ Hinn er sá*

*segulmagnaði máttur plánetulífsins sem segir við lífið í atóminu: „Stund heimfararinnar er runnin upp. Snú aftur til mín.“ Þannig, undir lögmáli tímahringrásar, haga sér öll form.*

### 5. regla

Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, hjarta sitt, heila sinn og hendur. Þannig er honum kleift að úthella lífgefandi lækningarorku yfir sjúklinginn. *Þetta er lækning með segulorku.* Það læknar sjúkdóma eða getur aukið hið „slæma ástand,“ allt eftir þekkingu læknandans.

Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, heila sinn, hjarta sitt og áríska útgeislun. Þannig getur nálægð hans nært sálarlíf sjúklingsins. *Þetta er lækning með geislun.* Snertingar er ekki þörf. Sálin sýnir mátt sinn. Útgeislun frá áru læknandans, upplýst orku sálarinnar, veldur áhrifum í áru sjúklingsins og sál hans bregst við.

## IX. LÖGMÁL

*Fullkomleiki dregur ófullkomleika upp á yfirborðið. Hið góða rekur hið illa úr formi mannsins í tíma og rúmi. Aðferðin sem notuð er af hinum fullkomna og hið góða beitir er skadleysi. Það er ekki óvirkni heldur fullkomin stilling, fullmótuð afstaða og guðlegur skilningur.*

### 6. regla

Læknandinn eða lækningarheildið skal hafa taumhald á viljanum. Vilji er ekki það sem nota skal, heldur kærleikur.

## X. LÖGMÁL

*Ó lærisveinn, heyr kallið sem berst frá syninum til móðurinnar og hlýddu því. Orðið hljómar, að formið hafi lokið hlutverki sínu. Þá skipuleggur hugræni eðlisþátturinn sig og endurtekur orðið. Formið sem bíður bregst við og hverfur frá. Sálin stendur frjálts.*

*Ó þú upprisandi, svaraðu kallinu sem kemur að innan frá sviði skuldbindinganna; áttaðu þig á kallinu sem berst frá Ashraminu eða frá Ráðsalnum þar sem sjálfur Lávarður Lífsins bíður. Hljómurinn endurómar. Bæði sálin og formið verða sameiginlega að hafna eðlisþætti lífsins og gefa með því mónadinum frelsi. Sálin bregst við. Formið sundrar þá sambandinu. Lífið er nú frelsað. Eiginleikar meðvitaðrar þekkingar og ávextir allrar reynslu eru nú eign þess. Þetta eru sameiginlegar gjafir sálar og forms.*

*Athugið:* Þetta síðasta lögmál er birting nýs lögmáls sem kemur í staðin fyrir lögmál dauðans. Það á aðeins við um þá sem eru á seinni stigum brautar lærisveinsins og þá sem komnir eru á vígslubrautina.

*Notkun lögmálanna og reglnanna*

Á blaðsíðunum hér á undan gerði ég betur grein fyrir viðfangsefni okkar með því að gefa til kynna hvaða óhjákvæmilegar kröfur verða gerðar til læknenda framtíðarinnar og að auki lét ég í té upplýsingar um viss tengsl sem hann þarf að vera fær um að mynda með skjótum og greiðum hætti þegar hann leitast við að lækna – þetta gerði ég jafnvel þó að með því ætti ég að sumu leyti á hættu að draga úr ykkur kjark. Einnig skilgreindi ég



fyrir ykkur eðli lögmála. Það var til undirbúnings fyrir athugun á lögmálunum sem lækndandinn þarf að fylgja og reglunum sem hann mun hlýða sjálfkrafa og af innsæi. Við getum athugað lögmálin og reglurnar í tengslum við lækndandann og einnig hvernig þau tengjast innbyrðis, þar sem nokkrar reglnanna eru nátengdar vissu lögmáli sem lækndandinn fylgir.

Ykkur mun verða ljóst af framangreindri skilgreiningu á lögmáli, að sjúkdómur, dauði, ósannindi, óeinlægni og örvænting eru, þegar allt kemur til alls, eðlislæg í plánetunni sjálfri, vegna þess að Plánetulogos okkar er „ófullkominn guð,“ (eins og ég sagði fyrrum, þegar ég aðstoðaði H.P.B. við ritun „*The Secret Doctrine*“). Eftir þá miklu erfiðleikatíma sem nú hafa gengið yfir heiminn og eru samfara því að Plánetulogos okkar hefur tekið framförum á hinni kosmísku braut og tekið kosmíska vitundarvígslu, hefur ófullkomleiki hans minnkað til muna; það verður minna um böll og sjúkdóma á jörðinni jafn skjótt og nauðsynlegar aðlaganir hafa verið gerðar. Þið sjálf munið ekki verða vitni að þessu, vegna þess að svo stórfelldar breytingar tekur margar aldir að hafa áhrif. Það sem ég hef því að segja um sjúkdómslækningar í framtíðinni mun ekki hafa hagnýtt gildi enn um langa hríð, en nauðsynlegt er að skoða og ræða kenningar og vísbendingar um nýja möguleika. Lyflæknisfræði og skurðlækningar munu einnig enn um langan tíma þjóna sínu gagnlega hlutverki við forvarnarstarf, linun þjáninga og lækningaaðgerðir. Að auki munu í vaxandi mæli bætast við margar sálrænar lækningarmedferðir, en þeim mun verða beitt samhliða ofangreindum tveim aðferðum. Við þetta mun síðan bætast þjónusta hinna andlegu læknda. Með þessu mun alhliða viðhorf til lækningar mannsins þróast jafnt og þétt. Þörfin fyrir þessa þróun er viðurkennd í heiminum nú á tímum af öllum framsýnum læknum. Með þessu móti og einnig með tilraunum og prófunum, mun margt lærast.

Lækningaraðferðirnar sem ég hef lýst og gefið til kynna

með lögmálunum og reglunum eru nýjar í grundvallaratriðum. Þær byggjast ekki á fullyrðingum, eins og hjá *Christian Science* og öðrum hugrænum lækningarstefnum; þær eru ekki settar fram sem sannaðar eða staðfestar og ekki er gert tilkall til að þær beri árangur sem aðeins næst þegar mannkynið hefur náð mun meiri fullkomnun en nú er raunin eða er mögulegt að þróa á stuttum tíma. Ég hef oft áður minnst á það í þessu riti, að í grundvallaratriðum er ekkert rangt í því sem þessir hópar og kennistefnur halda fram, ef verið er að fjalla um fólk sem býr yfir sálartjáningu og hefur öðlast skilning á Kristsvitundinni. Það sem er rangt í þessu er að hinn venjulegi maður, sem augskýnilega hefur ekki náð þessu háa þroskastigi, geti framkvæmt þessi lækningarkraftaverk á sjálfum sér eða öðrum. Mjög fáir hafa, enn sem komið er, náð þessu háa þroskastigi og slíkur læknandi í þessum hópum eða samtökum er vissulega mikið fágæti. Læknandi framtíðarinnar mun viðurkenna takmarkanir, áhrif kringumstæðna og örlög. Þetta stuðlar að því að með honum þróist hæfileikar sem veita þekkingu. Hann er einnig andlega meðvitaður um að lækning efnislíkamans er ekki alltaf hin æðstu andlegu gæði; ofmat á formlífi efnislega starfstækisins, og hin vandlega og ákafa umönnun þess, er *ekki* það sem mestu máli skiptir.

Læknandi framtíðarinnar fæst ekki og mun alls ekki, fást beint við efnislíkamann; þar sem hann er dulfræðingur mun hann ekki líta á þann líkama sem eðlisþátt. Hann fæst svo að segja eingöngu við etherlíkamann og lífskraftana og lætur þessum kröftum eftir að hafa áhrif á hinn sjálfvirka efnislíkama í samræmi við markmiðið sem hann hefur í huga. Þeir munu hafa sín áhrif í samræmi við svörun líkamans sem háður er mörgum þáttum. Þessi orka sem stjórnað er í gegnum etherlíkama sjúklingsins eða stafar frá honum, getur læknað *ef* forlög sjúklingsins leyfa, hún getur einnig örvað sjúkdómssvæðið svo mikið að sjúkdómurinn nær hástigi og sjúklingurinn deyr.

Þetta gerist oft undir stjórn andlegra læknenda sem þekkja ekki lækningarlögmálin og byggja starf sitt á þekkingu á tilvist guðdómseðlisins, sem venjulega er þó ekki raunbirt.

Miklu æðri andlega skynjun og hugrænan skilning þarf til að lækningarkerfið, sem ég mæli með fari að hafa áhrif. Hafa þarf í huga, að í eðli sínu er allt það sem ég set fram í ritum mínum að mestu leyti frumkvöðulsstarf.

Við skulum nú taka fyrsta lögmálið til athugunar; engin regla tengist því, þar sem það er grundvallarstaðhæfing sem setur fram meginkenninguna sem læknandinn mun starfa eftir.

## I. LÖGMÁL

*Allir sjúkdómar eru afleiðing af hindrun á lífsstreymi sálarinnar; það gildir um öll lífsform í öllum ríkjum náttúrunnar. List læknandans felst í því að leysa sálina úr læðingi svo að líf hennar nái að streyma óhindrað um líffærakerfin sem mynda hið tiltekna efnisform.*

Þetta lögmál gefur til kynna, að þar sem hinn þrígreindi lægri maður er ekki undir stjórn sálar sinnar, þá geti sjúkdómur yfirbugað hann. Sjúkdómur geti fest rætur í efnislíkamanum, vegna þess að frjálst orkuflæði frá sálinni er hindrað og takmarkað. Réttilega fær lífseiningin frjóa endurnýjandi orku frá hinum sanna manni, sálinni á sínu eigin sviði. Þegar um er að ræða óhindrað innstreymi frá sálinni til lífsorkustöðvanna sjö, kemur fram hin fullkomna heilsa sem vígsluhafi af fjórðu gráðu birtir alltaf, nema verið sé að láta reyna á eitthvert karma ögunar, tilraunar eða frumkvæðis. Sé litið framhjá þessu atriði og plánetuskilyrðum þá er almenna reglan sú að vígsluhafi af

hárrí gráðu þarfnast ekki læknaða; það er ekkert í honum sem þarfnast lækningar.

Hvað á læknaðinn að gera þegar hann kemst að raun um hið hamlandi ástand sem sjúkdómurinn ber vott um? Fæst hann við sál sjúklingsins samkvæmt lögmálinu? Reynir hann að fá þessa sál (á sínu eigin sviði) til að hafa áhrif á manninn og hafa yfirumsjón með orkuflutningi frá sálinni til hugans, frá huganum til geðlíkamans og þaðan til etherlíkamans? Alls ekki. Ef um alvarleg veikindi er að ræða er ástand sjúklingsins oftast þannig, að honum er ekki mögulegt að bregðast við þessum tilraunum læknaðans eins og þyrfti, hvorki vísitandi né ósjálfrátt. Öll hugræn viðleitni er honum ofraun og hann gæti því ekki veitt sál sinni liðsinni í viðleitni hennar til orkuflutnings; starfsemi geðlíkama hans beinist yfirleitt eingöngu að því að viðhalda hinni miklu lífslöngun og losa sig við sjúkdóminn, *nema* sjúkdómurinn sé á svo háu stigi, að sjúklingurinn hafi misst móðinn og lífsviljinn sé óðum að hverfa. Til viðbótar þessum erfiðleikum er sú staðreynd, að mjög fáir eru nægjanlega samhæfðir til að geta brugðist við örvun frá sálinni sem sameinaðir persónuleikar. Þeir eru yfirleitt vitundarstilltir í einhverjum hinna þriggja líkama sinna og það setur læknaðanum mikil takmörk. Einnig er það mjög algengt að maðurinn sé svo bundinn og upptekinn af óþægindum og sársauka efnislíkamans, að þeim æðri áhrifum sem hugsanlega gætu borist frá huganum eða sálarlíkamanum, er það ekki mögulegt. Hvað er það þá sem hinn þjálfaði og upplýsti læknaði getur gert?

Hann verður fyrst og fremst að átta sig á því, að etherlíkaminn er sá þáttur sem skiptir mestu máli og að hann er það starfstæki sem hann verður aðallega að fást við. Hann einbeitir sér því að þessum orkulíkama. Í þessu felst nauðsyn þess að hann afli sér ákveðinna upplýsinga og geri vissa tengifleti virka og starfhæfa.

Það fyrsta sem hann þarf að vita er hversu sterk tök sálin hefur haft og hefur enn á persónuleikanum. Þar sem sjúklingurinn er enn á lífi og með meðvitund, gerir lækningandinn sér ljóst að sálin hlýtur enn að vera tengd höfuð- og hjartastöð etherlíkamans, frumtök lífs og vitundar eru því enn fyrir hendi. Sé sjúklingurinn ekki með meðvitund er vandi lækningandans mun meiri í sumum tilvikum en minni í öðrum. Ef frumtak vitundarinnar er horfið úr höfuðstöðinni í etherlíkamanum, þá veit lækningandinn að dauði getur fylgt í kjölfarið og starf hans er því augljósara, sérstaklega ef ljós lífsins í hjartastöðinni fer dvínandi. Ef sjúklingurinn er enn með fullri meðvitund, er honum ljóst að lækning er enn möguleg og hann getur af meira öryggi haldið áfram starfinu sem inna þarf af hendi. Í því sem að framan greinir er ég að fjalla um hinn venjulega meðalmann. Þessu er nokkuð á annan veg farið ef um vígsluhafa er að ræða, vegna þess að þeir halda oft fullri meðvitund í gegnum allt dauðaferlið.

Ykkur ætti því að vera ljóst, að lækningaframtíðarinnar er það grundvallarnauðsyn að hafa til að bera dulskyggnihæfileika eða – það sem betra er – hafa sanna andlega skynjun sem einkennist af óskeikulleika. Fyrsta verkefni hans er að rannsaka eða „sjá á dulfræðilegan hátt“ etherlíkama sjúklingsins og afla sér með því móti eftirfarandi vitneskju:

1. Hversu sterklega sálin tengist etherlíkama sínum. Það má sjá á ljósdeplinum í höfuðstöðinni og svæðinu sem hann upplýsir umhverfis sig.
2. Ástand þeirrar etherorkustöðvar sem stjórnar eða ræður svæðinu þar sem sjúkdóminn er að finna.
3. Samband orkustöðvanna fyrir ofan þind við orkustöðvarnar neðan þindar. Það gefur honum almenna vísbendingu um stöðu sjúklingsins á þróunarbrautinni.

Eftir að hafa aflað sér upplýsinga um þessi atriði, eins nákvæmlega og honum er unnt, mun hann í samræmi við lögmál „hins hefta sálarlífs,“ leitast við (á æðri sviðsstigum hugarsviðsins í gegnum höfuðstöðina) að örva sálarlífið í etherlíkama sjúklingsins með mætti sinnar eigin sálar. Þetta gerir hann í því augnamiði, að draga að fyllra innflæði sálarorku sjúklingsins inn í höfuðstöðina, sé það mögulegt, í þeim tilgangi að lífþráðurinn flytji líf í auknum mæli til hjartans. Með þessu móti veldur „lífskraftur“ sjúklingsins sjálfs hinni þráðu lækningu. Það mun virðast sem hann hafi læknað af sjálfu sér, eða á eðlilegan hátt af því að lífsorkan er nægjanlega mikil til að ráða niðurlögum sjúkdómsins.

Þegar lækningandinn viðurkennir þetta lögmál og vinnur í samræmi við það, mun hann þekkja og nota eftirfarandi tengipunkta:

1. Sál sjúklingsins sem tengd er etherlíkama hans.
2. Sál lækningandans sem vinnur að því að örva þessa sálar-tengingu með tilstilli eftirfarandi orkuþríhyrnings:



Þetta tengir saman lífsorkulíkama lækningandans og sjúklingsins í gegnum höfuðstöðvar þeirra beggja og hjartastöð sjúklingsins, því að þar er lífsfrumtakið innstillt og er nátengt öllu sem gerist og tekur þátt í því.

3. Þegar þessi orkuþríhyrningur er orðinn stöðugur og viðbrögð eru farin að berast frá höfuðstöð sjúklingsins í einhverjum mæli og hann er því farinn að valda meiri sálartengingu sem aftur eykur innstreymi sálarorku til höfuðstöðvarinnar og þaðan til hjartastöðvarinnar, þá mun lækningandinn leitast við – með viljaathöfn og notkun ákalls – að beina þessu vaxandi flæði lífs, í gegnum hjartastöðina, til hins sjúka svæðis og nota til þess orkustöðina sem ræður viðkomandi svæði í efnislíkamanum, hver svo sem hún er. Þetta þarf að gera með mikilli aðgát, til að orkuflæðið sé ekki of skyndilegt og hafi þar af leiðandi ekki eyðandi áhrif; sérstaka aðgæslu þarf einnig að sýna þegar um er að ræða hjartasjúkdóma; sem dæmi má taka banvænan blóðtappa, en hann stafar oft af kröftugri beitingu sjúklingsins á viljanum-til-lífs sem veldur flóðbylgju í innstreymi lífsfrumtaksins. Þetta veldur því að áhrifin á hjartað eru of skyndileg, það veldur snöggri breytingu á flæði blóðsins sem getur valdið banvænum blóðtappa. Ég geri ekki tilraun til að setja þetta fram fræðilega og gef þar með sérfræðingum færi á gagnrýni, en ég geri það í þeim tilgangi að gefa hinum almenna lesanda hugmynd um þær hættur sem eru þessu samfara og til að ákafamaðurinn sýni aðgæslu.

Þetta lögmál setur fram vissar grundvallarforsendur og það er lítið meira sem ég get sagt um vísbendingar þess sem að gagni mætti koma. Margt mun lærast með því að viðurkenna forsendurnar og starfa samkvæmt vísbendingum þeirra. Ég gæti sagt miklu meira um þetta lögmál heldur en ég hef nú sagt, en ég hef látið nemanum í té einfaldan og nothæfan skilning á vissum grundvallarþáttum og hugtökum. Við munum nú halda áfram og taka fyrir annað lögmálið og fyrstu regluna.

## II. LÖGMÁL

*Sjúkdómur er afleiðing af og háður þremur áhrifaþáttum. Í fyrsta lagi fortíð mannsins, þar sem hann geldur fyrir forn mistök. Í öðru lagi því sem hann erfir, þeim menguðu orkustraumum sem hann á sameiginlega með öllu mannkyni og eru af samfélagslegum uppruna. Í þriðja lagi því sem Lávarður Lífsins leggur á líkama sinn og maðurinn deilir sameiginlega með öllum formum náttúrunnar. Þessir þrír áhrifaþættir eru nefndir: „Hið forna lögmál illrar sameignar.“ Síðar mun það vikja fyrir „nýju lögmáli hins forna ríkjandi góðleika,“ sem býr að baki alls sem Guð hefur skapað. Þetta lögmál verður að gera virkt með andlegum vilja manna.*

Þetta lögmál er mjög umfangsmikið og innifelur í raun tvö lögmál í samandregnu formi, annað þeirra er ráðandi nú á tímum en hitt mun verða það síðar. Til að fá skýrari mynd af því sem lögmálið gefur til kynna og vegna þess að fólk les venjulega ekki með nægri athygli, skulum við telja upp og flokka þær fullyrðingar sem lögmálið inniheldur:

1. Sjúkdómur er afleiðing af og háður þremur áhrifaþáttum:
  - a. Fortíð mannsins, þar sem hann geldur fyrir forn mistök
  - b. Því sem hann erfir, þeim menguðu orkustraumum sem hann á sameiginlega með öllu mannkyni og eru af samfélagslegum uppruna.
  - c. Því sem Lávarður Lífsins leggur á líkama sinn og



maðurinn deilir sameiginlega með öllum formum náttúrunnar.

2. Þessar þrjár orkutegundir eru nefndar „Hið forna lögmál illrar sameignar.“
3. „Lögmál hins forna ríkjandi góðleika“ býr að baki alls sem Guð hefur skapað.
4. Síðar meir mun þetta lögmál taka við af „Hinun forna lögmáli illrar sameignar.“
5. Það mun verða gert virkt með andlegum vilja manna.

Með þessu lögmáli færast hugsunin aftur að hinu grundvallandi lögmáli karma sem eins og þið vitið, er ekki hægt að komast undan en lækndur nú á tímum, sem tilheyrir hinum ýmsu lækningarstefnum og samtökum, leiða stöðugt hjá sér. Við höfum nú þegar rætt um þessi áhrif og orsakavald og engin þörf er á að fara nánar út í það hér, nema að benda á að eitt af því gagnlegasta fyrir sjúkling að muna og lækna að hafa í huga er að sjúkdómar eiga rætur sínar að rekja til fortíðarinnar (fortíðar hópsins eða fortíðar einstaklingsins) og geta, þegar á allt er litið, verið gagnleg leið til að greiða gamlar skuldir. Þetta veldur uppbyggjandi viðhorfi mótstöðuleysis hjá sjúklingnum – ekki er um að ræða mótstöðuleysi sem leiðir til aðgerðarleysis, heldur nokkuð sem vekur ábyrgðartilfinningu og hvetur til réttra athafna. Hinar réttu athafnir munu annaðhvort leiða til þess að skuldin verði að fullu greidd, með því að gengið er í gegnum hina velþekktu atburðarás dauðans eða að árangur náist í þeirri viðleitni, að koma sjúklingnum á ný til fullrar heilsu. Hjá lækndanum vekur það skilning á máttugum kröftum að verki með sjúklingnum og fúsleika til að taka því sem á fyrir honum að liggja; í báðum tilvikum mun ótti og áhyggjur, sem nú eru svo algengt, ekki spilla fyrir starfi læknaðans né koma í veg fyrir rétta rás atburða.

Annað mikilvægt atriði sem sjúklingurinn þarf að hafa í huga ef ástand hans leyfir, er að það sem á hann er lagt eru örög og hlutskipti flestra og að hann er ekki einn á báti. Rétt viðbrögð

við heilsuleysi er ríkur þáttur í að brjóta niður múra á milli manna og eyða einmanaleika og einangrun; þetta er ástæðan fyrir því að afleiðingar heilsuleysis, ef rétt er við brugðist, leiða til þess að skapgerðin mykist og samúð með öðrum eykst. Að deila með öðrum almennri samhjálp og samvinnu, þurfa menn venjulega að læra í gegnum leið erfðleikanna – því þannig er lögmálið.

Í þessu lögmáli er að finna vísbendingu um það sem um síðir mun afmá sjúkdóma af jörðinni. Á einfaldan hátt má segja, að þegar meirihluti íbúa jarðarinnar stefnir til góðleika og réttlætis, eins og sagt er í Biblíunni og þegar allur fjöldi mannkynsins hneigist til góðvilja (en það er annar aðalvottur um sálarsamband og áhrif þess í lífi einstaklingsins og mannkynsins – hinn fyrsti er ábyrgðartilfinning), þá munu sjúkdómar eyðast hægt en örugglega og hverfa og deyja algerlega út að lokum. Hægt, en afar hægt er þetta nú farið að gerast – ekki enn á þann hátt að sjúkdómar eyðist, heldur með því að réttari lífsstefnu er náð. Það sem raunverulega er átt við, er að samskiptarásin milli einstaklingsins og sálar hans og sálar mannkynsins er að verða beinni og greiðari. Verið er að koma á samstillingu. Þið sjáið því enn og aftur hvers vegna leggja verður áherslu á samband og samstillingu í lífi læknaðans og hvers vegna svo fáum verður ágengt. Á meðal læknaðans nútímans eru varla nokkur dæmi þess að samband hafi myndast, lítið er um beina vitund um nauðsyn þess og ekki neinn raunverulegur skilningur á aðferðunum sem beita þarf.

Það er æskilegt að átta sig á þessu mikilvæga atriði, því að skilningur á því kemur í veg fyrir vonbrigði. Sjúkdómar hverfa ekki skyndilega eins og fyrir kraftaverk á allra næstu árum sem boðberi nýrra tíma. Ef svo væri, þá mætti álykta að karmalögmálið væri úr gildi fallið, en slíkt er ekki raunin.

Í lokasetningu þessa annars lögmáls er að finna mikilvæga vísbendingu um þátt tímans: Lögmál hins ríkjandi góðleika

verður gert virkt með andlegum vilja manna. Hvað merkir þetta eiginlega? Það merkir, að það er ekki fyrr en verulegur fjöldi manna lætur stjórnast af andlegu þrenndinni, hefur byggt antahkarana og getur því beitt andlega viljanum, að hægt er að uppræta sjúkdóma og hið góða verður eitt ríkjandi. Þetta mun að sjálfsögðu gerast hægum skrefum og næstum ómerkjanlega í upphafi. Aftur má spyrja, hví er þessu svo farið? Það er vegna þess að illska, glæpir og sjúkdómar eru afleiðing af hinni miklu falstrú aðgreiningar og aðskilnaðar og vegna þess að hatur ræður ríkjum en ekki kærleikur. Gleymið ekki, að sá sem ekki elskar bróður sinn er morðingi – sem ætíð er tákn hatursins. Skynjun á heildinni og einingunni við allt er hvergi að finna nú á tímum nema meðal þroskaðra lærisveina og vígsluhafa; ekki má rugla hjarðhvöt og hópvitund saman við einingarskynið sem einkennir þann sem náð hefur réttum áttum. Í framtíðinni verður lögð áhersla á fræðslu um antahkarana og uppbyggingu mannsins, aðallega út frá sjónarmiði „hinna þriggja forgengilegu líkama,“ en síður út frá hinum lægri þriggreinda manni. Á þetta verður lögð áhersla, sérstaklega við æðri menntastofnanir, og mun það leggja traustan grunn að dulfræðiskólunum sem þá verða smám saman að koma fram á sjónarsviðið. Með því mun nýju ljósi verða brugðið yfir mannkynið. Veitt verður fræðsla um eðli andlega viljans sem er gagnstæða hins eigingjarna vilja persónuleikans; og fyrir hans atbeina verða máttug öfl leyst úr læðingi í daglegu lífi mannkynsins og öryggi tryggt.

Allt fram til okkar tíma hafa jafnvel lærisveinar litla hugmynd haft um geysilegan mátt þrenndarviljans. Segja má það hér, að þeir lækendur sem hafa þrenndarvitund og geta beitt mætti og vilja mónadlísins í gegnum andlegu þrenndina, verða alltaf góðir lækendur; þeir munu ekki gera nein mistök, þar sem þeir hafa nákvæma andlega skynjun en það gefur þeim vitneskju um það hvort lækning sé möguleg. Með notkun viljans geta þeir síðan starfað af öryggi og mætti í gegnum höfuðstöð

sjúklingsins. Af nauðsyn munu þeir takmarka lækningarmátt sinn við þá sem hafa vitundarstillingu sína í höfðinu. Þeir munu örva sálina sem þar er tengd, til áhrifaríkrar virkni og stuðla þannig að sannri sjálflækningu.

Af framangreindu má sjá að þessi lögmál eru tiltölulega einföld þegar þau eru skoðuð ofan í kjölinn og sjá má hvernig þau tengjast innbyrðis á hinn fegursta máta. Þegar náð er tökum á einu þeirra auðveldar það skilning á því næsta.

Gleymið ekki að viljinn vinnur í gegnum höfuðstöðina, með þetta í huga tengið þið saman upplýsingarnar, sem veittar voru um fyrsta lögmálið í fyrsta hluta þessarar fræðslu, við það sem ég hef nú látið ykkur í té. Ef þessi lögmál eru skoðuð af gaumgæfni af þeim sem leitast við að stunda andlegar lækningar og ef lækandinn reynir að aðlaga líf sitt reglunum, þá mun ákveðið mynstur og aðferð lækninga taka sér form í huga hans og auka hæfni hans til þjónustu að miklum mun. Þið sjáið einnig að ég læt ekki í té reglur og lögmál sem eiga við einstaka sjúkdóma. Ég óttast að það muni valda mörgum einlægum iðkendum sárum vonbrigðum. Ósk þeirra er að ég gefi til dæmis vísbendingu um aðferðir til að lækna krabbamein í lifur eða lungnabólgu eða magasár eða ákveðna hjartasjúkdóma. Það er ekki ætlun mín. Starf mitt snýst að langmestu leyti um frumatriði. Ég læt mig varða orsakir og aðallega etherlíkamann sem miðlara orku eða sem viðtakanda þessarar orku þegar henni er umbreytt í krafta; ég fjalla um vitundarástand lækandans og kenningarnar sem hann ætti að tileinka sér, um skilning hans á sambandi sálarinnar við tjáningartæki sín, sérstaklega í þessu tilviki við lífsorkulíkamann. Ég fjalla einnig um hinn ráðandi þátt orkustöðvanna sem ná um allan líkamann og dreifa orku annaðhvort hindrunarlaust og viðhalda þannig líkamanum heilum heilsu, eða – vegna vanþroska og hindrunar í virkni – leiða til þess ástands sem gerir sjúkdóma mögulega og líklega.

Þið getið því séð hvernig lækningarstarfið verður einfaldara þegar við viðurkennum orsakir og áttum okkur á því að þær eru valdar að virkni líkamans á hinu ytra sviði. Læknandinn þarf alltaf að hafa eftirfarandi röð staðreynda í huga:

1. Staðreyndina um tilveru sálarinnar sem vinnur í gegnum
2. hugann og geðlíkamann, en orka þeirra mótar
3. etheríska starfstækið sem er hringiða orku sem tengist fjölmörgum orkustöðvum, bæði stórum og smáum.
4. Meginorkustöðvarnar sjö sem ráða vissum svæðum líkamans með milligöngu:
  - a. nadíanna,
  - b. tauganna,
  - c. innkirtlakerfisins og
  - d. blóðrásarinnar.

Þessir fjórir flokkar mótandi þátta mannsins varða líf og vitund, eða tvo meginþætti sálarinnar þegar hún er í birtingu á efnissviðinu.

Fram til þessa hefur hefðbundin læknisfræði eðlilega látið sig mestu varða líkamleg sjúkdómseinkenni og það sem virðist vera bein orsök þeirra og þar af leiðandi afleiðingar en ekki raunverulegar orsakir. Þær lækningaraðferðir sem ég ber fyrir brjósti beinast að því að endurskipuleggja og endurlífmagna etherlíkamann í þeim ásetningi, að komast handan við hin ytri augljósu einkenni sjúklegs ástands og ná til þessa orkulíkama sem mun, ef starfsemi hans og samstilling er rétt, viðhalda efnislíkamanum í góðu ásigkomulagi og lausum við sjúkdóma. Þekkingin, sem krafist er af læknanda framtíðarinnar, er þar af leiðandi meira á sviði frumatriða en minna á sviði einstakra smáatriða. Hann fæst við svæði en ekki einstök líffæri; hann

hugar að orku og dreifistöðvum hennar en ekki að einstökum líkamlegum smáatriðum, svo sem uppbyggingu líffæra eða truflun í starfsemi þeirra. Hann fæst við etherorkustöðvarnar sjö og nadiurnar sem þær nota (að útgeislun undanskilinni) til að hafa áhrif á og örva taugakerfið; hann aðgætir vandlega taugakerfið og blóðrásina sem orkustöðvarnar hafa áhrif á með ýmsum hætti, allt frá útgeislun og til hormónanna sem þar er að finna. En meginþráðurinn í öllu hans starfi verður stýrð miðlun og athygli hans mun beinast að þessum miðlunarrásum – heildarkerfi hinna etherísku orkustöðva.

Ég bið ykkur að hugleiða mjög nákvæmlega allar þessar upplýsingar. Lykillinn að góðri heilsu, dulfræðilega séð, er *samnýting* eða *miðlun*, alveg á sama hátt og það er lykillinn að almennri velferð mannkyns. Efnahagsleg vandamál samsvara mjög náið sjúkdómi hjá einstaklingnum. Vöntun er á óheftu flæði á nauðsynjum lífsins til miðlunarstöðvanna; þessar miðlunarstöðvar eru óvirkar; stjórn dreifingarinnar er ábótavant og það er aðeins með heilbrigðum og alheimslegum skilningi á hinni nýju hugmynd samnýtingar, að kvillar mannkynsins munu lækna; *það er einnig aðeins með réttri miðlun orku, að líkamlegir sjúkdómar einstaklingsins munu lækna*. Þetta er grundvallaratriði (ég gæti sagt *grunnregla*) allra andlegra lækninga. Síðast en ekki síst gerir þetta ráð fyrir viðurkenningu vísindanna á etherlíkama plánetunnar og þar af leiðandi einnig etherlíkama mannsins.

Nú er komið að því að taka fyrstu regluna til athugunar.

### 1. regla

Læknandinn þjálfar sig í því að þekkja innri hugsanir og langanir þess sem leitar hjálpar hans.

Með því getur hann komið auga á upptök vandans. Þannig tengir hann saman orsök og afleiðingu og veit nákvæmlega hvert beina skal aðstoðinni.

Ykkur ætti að vera ljóst að fyrsta reglan sem lækndandinn þarf að ná tökum á hlýtur að vera mikilvæg. Hún gefur til kynna grundvallandi og nauðsynleg atriði til að lækning geti orðið árangursrík og lækndandinn sói ekki tíma sínum í að reyna hið ómögulega. Í þessari reglu felast fjögur boð:

1. Lækndandinn verður að þjálf sig í því að þekkja hvort sjúklingurinn sé hugrænt eða geðrænt (tilfinningalega) vitundarstilltur.
2. Hann getur þá og hlýtur að ganga úr skugga um hver sé sálræn undirrót kvillans.
3. Honum er þá mögulegt, með því að skynja orsökina, að greina afleiðinguna (sjúkdóminn).
4. Þetta gerir honum mögulegt að þekkja:
  - a. Hið sjúka svæði.
  - b. Orkustöðina í etherlíkamanum sem ræður svæðinu.

Þið sjáið því hvers vegna ég byrjaði sundurliðun mína á sjúkdómum og lækningum með því að fjalla um sálrænar orsakir. Þessi fyrsta regla tengist öllum þeim hluta fræðslunnar og er ákaflega hagnýt, eins og þið getið séð.

Þegar vitundarstilling persónunnar er þekkt koma tvær megin staðreyndir í ljós: *ef* sjúklingurinn er þroskaður – sem gera má ráð fyrir að lækndandinn geti séð út frá skapgerðareinkennum og hve áhrifaríku lífi hann lifir – þá er höfuðstöðin eða hjartastöðin notuð. En *ef* sjúklingurinn er í meðallagi þroskuð persóna, þá er hálsstöðin eða sólarplexusstöðin notuð; ef hann er óþroskuð

og lágstæð mannvera er sólarplexusstöðin eða kynorkustöðin notuð við lækninguna. Það er athyglisvert, að þegar maðurinn er svo neðarlega í þróunarstiganum að nauðsynlegt er að nálgast hann etherískt í gegnum kynorkustöðina, læknastr hann oftast mjög auðveldlega og bregst betur við því sem oft er nefnt „etherísk meðhöndlun“ heldur en aðrar manngerðir. Ein ástæðan fyrir þessu er sú, að hugur hans og tilfinningar mynda ekki raunverulegar hindranir og hægt er að beina allri tiltækri orku óhindrað að hinu sjúka svæði.

Sé lækningandinn gæddur dulskyggningáfu getur hann auðveldlega ákvarðað staðinn fyrir innstreymi lækningarorkunnar, vegna þess að þar ljómar „hið innstreymandi ljós“ skærast; ljós sjálfrar orkustöðvarinnar mun veita þær upplýsingar sem þörf er á. Ef hann er háþroskaður læknaandi beitir hann ekki neins konar dulskyggningáfu, hann kemst strax í samband við svo sterk áhrif frá sjúklingnum, að ekki er annað hægt en að treysta þeim fullkomlega. Samt sem áður verður að hafa í huga, að vegna heilleika hinnar mennsku sálar og vegna þeirrar staðreyndar, að sérhver sál er meistari í eðli sínu, þá er alltaf fyrir hendi viss óvissuþáttur um mat læknaðans, jafnvel þótt hann sé vígður læknaandi. Honum er ljóst að á vissum punkti er það hinn andlegi maður (sem sjúklingurinn er aðeins spegilmynd af) sem stjórnar og lengra getur hann hvorki né dirfist að ganga – nema sem sál á sama stigi og sál sjúklingsins. Sem dæmi má nefna þá stöðu þar sem þroskaður lærisveinn eða háþroskaður vígsluhafi leyfir öflum upplausnar, takmörkunar og eyðingar að brjóta niður og eyðileggja efnislegt ytra form sitt (í þeim ákveðna tilgangi að yfirgefa efnislega starfstækið). Í þannig tilviki getur verið að læknaandinn sé ekki meðvitaður um fyrirætlunina; hann verður þó var við andstöðu og neyðist til að gefa allar tilraunir til lækninga upp á bátinn.

Þegar sjúklingurinn er hrein hugræn manngerð verður að nota æðri orkustöð, höfuðstöðina, við lækningarstarfið. Þá er



hyggilegt fyrir lækndandann að leita eftir meðvitaðri samvinnu við sjúklinginn svo að vilji þeirra beggja vinni saman sem ein heild; með þessu móti kemst á virkt samband á milli þeirra. Þegar sjúklingurinn er ekki eins háþroskaður er nauðsynlegt fyrir lækndandann að stuðla að því að viðhorf sjúklingsins mótist af vongleði og mótstöðuleysi; í þessu tilviki er tilfinningalíf mannsins meira ráðandi en gerist hjá þroskaðri manngerð, en það gerir verkefni lækndandans erfiðara. Oft verður hann að berjast gegn kvíða, margvíslegum geðrænum viðbrögðum, ótta og fyrirboðum. Sálrænt ástand sjúklingsins er því óstöðugt og lækndandinn þarf að leggja sig fram við að róa sjúklinginn og fá hann til að viðhalda stöðugleika í geðrænum svörunum. Nauðsynlegt er að koma sjúklingnum í þetta rólega ástand til að lækningarorkan geti streymt með hámarks virkni til hinnar réttu orkustöðvar og svæðisins sem hún ræður. Þessu er hægt að koma til leiðar með því að mynda traust og vinsamlegt samband milli lækndanda og sjúklings áður en hafist er handa við sjálfa lækninguna. Lækndendur framtíðar munu eignast sína föstu viðskiptavini, alveg eins og lækna okkar tíma og það mun hjálpa þeim við að kynnast skapgerð og eiginleikum sjúklinganna sem þeir eru beðnir um að hjálpa; þeir munu einnig fræða þá um sérstakar lækningaráðferðir til undirbúnings fyrir síðari tíma, sé þess þörf; þetta er þó enn í fjarlægri framtíð.

Þegar sjúklingurinn er óþroskuð mannvera, neðarlega í þróunarstigunum, verður honum sálrænt stjórnað af helgum persónuleika lækndans og etherlíkumi sjúklingsins mun stjórnað af *viljamatti lækndans*. Þetta merkir þó ekki að móttækilegri persónu sé stjórnað af máttugri viljaorku og sé með því móti þröngvað til athafna og að jafnvel hinum smáa votti af sjálfstæðum vilja sem hún býr yfir, sé hætta búin; þetta þýðir að sjúklingurinn er undir forræði þekkingar og andlegs stöðugleika, en með því móti myndast hjá honum traust og vilji til að fara eftir settum reglum.

Þetta eru fyrstu skrefin sem lækningandinn verður að taka þegar hann fæst við sjúklinginn og sálræna þætti hans, eða lægra sjálf. Skrefin eru þrjú:

1. Að ná samstarfi við persónuleika hins þroskaða manns; það er aðeins persónuleikinn sem þarfnast lækningar.
2. Að vinna að því að mynda hjá persónuleika meðlmannsins ástand sem einkennist af von og auðsveipni; hann er ekki enn fær um vitsmunalegt samstarf, en hann getur stuðlað að því að hindranir persónuleikans séu í lágmarki.
3. Að vinna að því að byggja upp *traust* hjá sjúklingnum og þess vegna fúsleika til að hlýðnast boðum lækningandans. Það er allt og sumt sem hinn vanþroskaði maður er fær um.

Það er augljóst að almennar alhæfingar, eins og þær sem koma fram hér að ofan, eiga ekki við allar manngerðir né hin mörgu millistig og blönduðu manngerðir. Lækningandinn þarf að bera sannan kærleik til meðbræðra sinna og vera að auki þjálfaður sálfræðingur. Þetta þýðir að hann verður að vinna bæði sem sál og skarpskyggn hugur.

Annað atriði þarf að hafa hér í huga. Eitt af þeim vandamálum sem lækningandinn þarf að glíma við, þegar hann fæst við hugrænar manngerðir, er sú tilhneiging þeirra að halda allri orkunni sem berst frá sálinni annaðhvort innan höfuðsins eða að minnsta kosti ofan þindar; þetta má ekki skilja sem svo, að öll svæði líkamans sem eru neðan þindar fái ekki nauðsynlega orku, heldur er staðreyndin sú, að á því svæði er straumur orkunnar ómeðvitaður og maðurinn er ekki vanur að beina orku á meðvitaðan hátt til orkustöðvar og svæðisins sem hún ræður ef hún er neðan þindar. Það kann einmitt að vera nauðsynlegt að biðja hann um að gera slíkt, ef hann er að reyna að vinna með lækningandanum við að ná heilsu. Hugræn vitundarstilling hans og

virgni höfuðstöðvarinnar mun verða til mikillar hjálpar, að því tilskildu að hann sé móttækilegur fyrir leiðbeiningum í listinni að stjórna orkustreymi. Það er hann venjulega ef hann er ekki of sjúkur eða of upptekinn við að varðveita meðvitað samband við líkama sinn. Þegar sjúklingurinn getur ekki einbeitt athygli sinni, annaðhvort vegna sársauka, meðvitundarleysis eða veikleika, verður lækndandinn fyrst og fremst að starfa sem sál með sál og leggja traust sitt á það, að sambandið milli sálar og etherlíkama sjúklingsins sé nægjanlegt til að stuðla að lækningu, eigi það fyrir sjúklingnum að liggja.

Verkefni lækndans er mun erfiðara ef upptök vandans eru í tilfinningalífi mannsins eða geðlíkama; hann þarf að vinna sem sál í höfuðstöð sinni en verður að stjórna orkunni og ná tókum á tilfinningalífi sjúklingsins með tilstilli hinnar rétt stilltu sólarplexusstöðvar. Hér á ég við sólarplexus lækndans, en almennt talað notar hann ekki þessa orkustöð í lífi sínu sem miðdepil innstillingar eða athygli. Lækndandinn hefur áunnið sér hæfni í því að nota allar orkustöðvar sínar að vild og lítur á þær sem miðlunarstöðvar stýrðrar orku. Takið eftir því, að þessari stýrðu orku er ekki beint til lækninga, um er að ræða sálarorku lækndans sem beint er að því að koma reglu og stjórn á einhverja orkustöð sjúklingsins, vegna tilfinningasemi sem sjúklingurinn sýnir og að því að endurskipuleggja hana sem orkustöð til viðtöku á lækningarorkunni sem streymir frá sál sjúklingsins – sem er allt annað og nokkuð sem ætíð þarf að hafa í huga.

Almennt séð notar lækndandinn því tvær orkustöðvar: sína eigin höfuðstöð og þá stöð í líkama sínum sem samsvarar hinu sjúka svæði og orkustöðinni sem ræður því. Allt árangursríkt lækningarstarf er staðfesting á skilningsríku sambandi. Eins og segir í fornri bók í skjalasafni meistarans: „Sál til sálar, þær tvær eru eitt í einu og öllu, saman verða þær að þjást, frá stað til staðar, þær sjá sambandið sín á milli og þannig gerist lækningin með tilstilli orkustraumanna tveggja.“

Einn mesti vandi sem lækndandinn stendur frammi fyrir, einkum ef hann er tiltölulega óreyndur, er afleiðing þessa nána sambands. Hætt er við því sem nefna mætti „yfirfærslu.“ Lækndandinn tekur á sig sjúkleg einkenni eða óþægindi sjúklingsins, þetta eru þó aðeins sjúkdómseinkenni en ekki sjúkdómurinn sjálfur, en það getur lamað starf lækndandans, eða í það minnsta truflað eðlilega rás lækningarstarfsins. Þetta er skynvilla og blekking og byggist á áunninni hæfni lækndandans til að verða eitt með sjúklingi sínum; það grundvallast einnig á áhyggjum hans og sterkri löngun til að hjálpa. Lækndandinn er orðinn svo upptekinn af þörfum sjúklingsins og svo fráhverfur sinni eigin ráðandi vitund, að hann gerir sig í ógáti móttækilegan og verður því óvarinn um tíma. Ráðið gegn þessu, ef lækndandinn uppgötvar með sjálfum sér tilhneigingu í þessa átt, er að vinna í gegnum hjartastöðina samhliða höfuðstöðinni og beina þannig stöðugum straumi jákvæðrar kærleiksorku til sjúklingsins. Það mun einangra lækndandann frá sjúkdómnum en ekki frá sjúklingnum. Þetta er honum mögulegt með því að vinna í gegnum hjartastöðina í *brahmarandra* (höfuðstöðinni), með því móti verður lækningarstarf hans einnig mun máttugra; þetta gerir þó kröfu um mikinn þroska af hálfu lækndandans. Hinn almenni andlegi lækndandi verður að tengja saman höfuð- og hjartastöð með viljaathöfn. Hann mun þá gera sér grein fyrir því að kærleiksorkan sem streymir frá honum til sjúklingsins, kemur í veg fyrir allt óæskilegt útstreymi frá sjúklingnum til hans; því að slíkt streymi vinnur gegn lækningunni.

Þið sjáið því að lækndandinn sem hlýðir hinni innri þörf til að lækna, stendur frammi fyrir því að þurfa að ganga í gegnum mjög erfiða þjálfun áður en hans eigin starfstæki – persónuleikinn, etherlíkaminn og orkustöðvar hans – eru orðin svo undirgefin sálinni að þau mynda ekki neina hindrun fyrir lækningarstarfið. Hann þarf því sjálfur að læra eftirfarandi:

1. Fljótvirka samstillingu sálar, huga, höfuðstöðvar og efnisheila.
2. Notkun hugans, uppljómaðan af sálinni, við sálræna greiningu á orsökum sjúkdómsins sem hann býðst til að meðhöndla.
3. Aðferðir til að byggja upp jákvæð tengsl við sjúklinginn.
4. Að verja sjálfan sig gegn hvers konar yfirfærslu sem orðið getur vegna þessara tengsla.
5. Að byggja upp rétt samskipti við sjúklinginn sem mótast af samvinnu þeirra beggja, aðgerðaleysi sjúklingsins eða andlegri stjórn lækmandans.
6. Líkamlega sjúkdómsgreiningu og að ákvarða það svæði líkamans sem þarfnast lækningar í gegnum ráðandi orkustöð svæðisins.
7. Að öðlast hæfni til að vinna með sál sjúklingsins þannig að etherlíkami hans samstilli hina innstremmandi krafta í þeim tilgangi að líkna hinu sjúka svæði. Þetta felur í sér beina virkni etherlíkama lækmandans í sambandi við endurnýjaða virkni af hálfu etherlíkama sjúklingsins.
8. Að draga til baka lækningarmátt sinn þegar lækningarmáttur sjúklingsins sjálfs er nægilegur til að valda verkefninu.

Ég tel að ég hafi með þessu látið ykkur í té allt sem þið þurfið á að halda til sjálfstæðrar skoðunar og íhugunar. Ég hef sýnt ykkur fram á að lækningarlistin er ekki eitthvert óljóst og mystískt ferli, né óskhyggja og góðviljaður ásetningur. Ég hef bent á að hún krefst þess fyrst og fremst, að náð sé góðum tókum á vísindum sálarsambands, stöðugar þjálfunar í samstillingu og skilnings á fræðum orkustöðvanna, en það er í bókstaflegum skilningi, Laja-jóga í nútíma formi. Læknendur framtíðar munu ganga í gegnum margra ára erfiða þjálfun sem ekki ætti að valda undrun, þar sem almenn læknisfræði krefst margra ára erfiðs

náms og vinnu. Margir læknendur framtíðar munu sameina hefðbundið nám og þekkingu hinni andlegu lækningarlist.

Þegar þjálfaðir læknendur, gæddir næmri skynjun og yfirgripsmikilli þekkingu á etherlíkamanum og skilningi á orkunni sem hann er gerður úr og miðlar, eða getur miðlað, hinni innri fíngerðari samsetningu mannsins, hafa skilning á aðferðunum við að beina orku frá einum stað til annars, ásamt því að geta starfað af fullkominni læknisfræðilegri þekkingu eða í góðri samvinnu við hefðbundinn lækni eða skurðlækni, þá munum við sjá stórfelldar breytingar gerast. Mikil uppljómun mun þá falla mannkyninu í skaut.

Það er þetta sem við verðum að búa okkur undir – ekki fyrst og fremst lækningu efnislíkamans, heldur þá vitundarþenslu mannkynsins sem þessi nýja og innræða þekking mun leiða af sér.

Við höfum fjallað um nokkrar grundvallandi staðreyndir sem nauðsynlegt er að allir læknendur, sem eru að leitast við að fara hinar nýju leiðir innræðra lækninga, nái tökum á; það sem ég sagði hér á undan er því ákaflega mikilvægt. Hver einasta staðhæfing sem ég hef sett fram gæti verið efni í langar umræður, en í þessu riti er slíkt ekki mögulegt, þar sem ég er aðeins að leitast við að benda á framtíðar möguleika. Ég leitast einnig við að kynda undir vantrausti á núverandi viðhorf dulfræðinga heimsins til sjúkdóma og lækninga þeirra og að grafa undan trausti almennings – ef ég má nota svo vægðarlaust orðalag – á hinum svokölluðu nýaldarlækningum, aðferðum *Christian science*, *Mental science* og allra þeirra hugrænu skóla sem fást við lækningar út frá sjónarmiði fullyrðinga – fullyrðinga um guddómleika mannsins og þeirri staðhæfingu, að eðlislægur og innri guddómur tryggi lækningu. Þessi staðhæfing er talsýn og blekking, eins og hef svo oft reynt að sýna fram á.

Í dag fjöllum við um lögmál sem (ef rétt er skilið) mun sanna hve ófullnægjandi viðhorf dulfræðinga nútímans er til

þessa viðfangsefnis, sem mun – þótt það byggi traustan grunn undir leiðbeiningar okkar um lækningar – slá á frest sönnnum dulfræðilegum lækningum til fjarlægari tíma. Þetta þriðja lögmál hljóðar svo:

### III. LÖGMÁL

*Sjúkdómar eru áhrif sem stafa frá sviðinu þar sem líforka mannsins er innstillt. Frá því sviði eru þær ákvarðandi aðstæður komnar sem valda heilsuleysi. Þær þróast og birtast í sjúkdómum eða lausn frá sjúkdómum.*

Þetta lögmál gefur til kynna að einn af grundvallarþáttunum, sem læknaandinn verður að ákvarða, sé vitundarstigið sem hin ráðandi orka í etherlíkamanum streymir frá. Ég vil minna ykkur á það hér að í „*The Secret Doctrine*,“ fullyrðir H.P.B. að svið og vitundarstig séu orð sömu merkingar og geti alltaf komið í stað hvors annars; í öllum ritverkum mínum reyni ég að leggja ekki áherslu á hið efnislega stig (sem nefnt er svið), heldur á vitundina sem tjáir sig í þessu umhverfi meðvitaðs efnis.

Í þessu forna lögmáli er okkur sagt, að sjúkdómar séu áhrif sem stafa frá sviðinu þar sem líforka mannsins er innstillt. Þessi líforka er ekki sú sama og orka eða kraftur vitundar, heldur er vitund ætíð hinn stjórnandi þáttur í allri tjáningu hins ídveljandi lífs, því að í grundvallaratriðum er aðeins til ein megintegund orku – það er orka lífsins. Líforkan safnar saman kröftum sínum þar sem vitund mannsins er innstillt. Sé vitundin innstillt á hugarsviðinu eða geðsviðinu mun líforkan ekki vera jafn fastbundin hjartastöðinni (orkustöðinni þar sem frumtak lífsins er að finna), heldur mun aðeins hluti af líforku hennar streyma inn í efnislíkamann í gegnum etherlíkamann. Meiri hlutanum er haldið eftir á sviðinu þar sem vitundin er virkust

eða – ef við orðum þetta á annan hátt – tjáning hennar mun mótast af því vitundarstigi sem samsvarar því stigi varurðar, eða þeim stað þar sem tenging á sér stað við þá guðlegu Heild eða guðlegu Vitund, sem staða mannsins í þróunarstiganum leyfir.

Verkefni lækandans er því að finna hvar miðstilling vitundarinnar er; þetta leiðir okkur aftur að því sem ég sagði um sjúklinginn, að hann væri í eðli sínu annaðhvort hugræn eða geðræn manngerð og ákaflega sjaldan algerlega efnisleg manngerð í vitund sinni. Þegar vitundin er orðin stöðug í vitund sálarinnar verða sjúkdómar fátíðir og hinir efnislegu kvillar hins háproskaða sjúklings munu tengjast áhrifunum sem orka sálarinnar hefur á vanbúið efnislegt starfstæki; á því stigi munu aðeins sumir aðalsjúkdómanna hafa áhrif á hann. Honum mun ekki verða hætt við smákvillum og tíðum vægum smitsjúkdómum sem gera líf meðalmannsins og hins óproskaða manns svo þreytandi og erfitt. Hann getur átt við hjartasjúkdóma að stríða, ásamt taugasjúkdómum og kvillum sem leggjast á efri hluta líkamans og þau svæði sem orkustöðvar ofan þindar ráða; hann er þó oftast laus við kvillana sem tengjast smærri orkustöðvunum (sem eru mjög margar) eða orkustöðvunum neðan þindar – nema (eins og dæmi eru um hjá mjög þroskuðum lærisveinum) hann sé vísvitandi að taka á sig þau áhrif sem þjónustustarf hans fyrir mannkynið leiðir af sér.

Þar sem meiri hluti mannkyns á okkar tímum er vitundarstilltur á geðræna sviðinu eða í geðlíkamanum, má strax sjá vísbendingu um eina helstu orsök sjúkdóma. Þegar vitund kynstofnsins flyst yfir á hugarsviðið – en það er að gerast hægum skrefum – munu hinir almennu og ríkjandi sjúkdómar fjara út og aðeins sjúkdómar hugrænu manngerðanna og sjúkdómar lærisveina verða eftir til að raska ró einstaklingsins. Ég hef fjallað um þessa sjúkdóma í öðru bindi þessa ritverks.

*Mental science* hafa rétt fyrir sér þegar þau halda því



fram, að það sé tilfinningalíf mannsins, eins og það tjáir sig í hinni veikburða eftirlíkingu raunveruleikans sem þau kalla hugsun, sem valdi mörgum sjúkdómum. Þau gera rétt þegar þau leitast við að láta sjúklinginn breyta geðrænum viðhorfum sínum og bregðast á annan hátt við lífi sínu, umhverfi og fólki. En þau hafa algerlega rangt fyrir sér með því að trúa því, að slíkt sé fullnægjandi. Með því að sniðganga algerlega allar vísindalegar aðferðir er snerta etherlíkamann hafa þau ekkert sem tengir tilfinningalífið efnislíkamanum. Þess vegna er gloppa í ályktunum þeirra og tilsvareandi galli á aðferðunum sem þau beita. Þetta veldur því, að starfsemi þeirra kemur að engu gagni, nema frá sjónarmiði skapgerðarræktar. Þegar þeim tekst að lækna, er það vegna þess að það átti hvort eð var fyrir sjúklingnum að liggja að ná bata, en þau hafa þó gert gagn með því að leiðrétta skapgerðargalla sem hefði verið stöðug ógn við heilsu hans. Þau læknuðu ekki sjúkdóminn, en með því að fullyrða hið gagnstæða eru bæði lækningu og sjúklingur blekktir. Allar blekkingar eru hættulegar og til trafala.

Það kann að vera gagnlegt, að ég bendi með almennum hætti á nokkra sjúkdóma sem miðstilling lífkraftsins á geðsviðinu getur orsakað. Ég mun aðeins telja upp þessa sjúkdóma en ekki fjalla um þá í neinum smáatriðum, þar eð allt sem ég get sagt um meðhöndlun sjúkdóma kemur ekki að notum fyrr en lækendur nútímans viðurkenna *tilveru etherlíkamans* og fást við hann og ráðandi orkustöðvar hans á vísindalegan og vitsmunalegan hátt. Að þessu sinni er ég að vinna að viðurkenningu á vissum grundvallandi staðreyndum – svo sem staðreyndinni um tilveru etherlíkamans.

1. Stöðug sjálfsskoðun, hverskonar sjúkleg bæling og harkalega þvinguð þögn um allt sem viðkemur innstu tilfinningum mannsins, getur leitt til alvarlegra lifrarkvilla, stöðugra melt-ingarkvilla og krabbameins.

2. Þegar hatur og djúpstæða óvild er að finna í vitundinni, eða ef maðurinn lifir í stöðugu stríði við einhverja persónu eða hóp, eða ef í vitundinni er tilfinning fyrir því að hafa orðið fyrir rangindum eða niðurlægingu, þá er mikil hætta á því að blóðið verði fyrir áhrifum; maðurinn verður þá að staðaldri næmur fyrir smiti, graftarkýlum, blæðandi sárum og margvíslegri eitrun í blóðinu.
3. Skapgerð sem einkennist af geðvonsku, smámunasemi og skapillsku, að bregðast við með ofsa þegar ekki gengur allt í haginn, getur leitt til slæmra kasta sem rekja má til truflana í heilastarfsemi og tímabundinnar geðveiki; það getur valdið tíðum höfuðverkjarköstum sem grefur undan líkamlegri hreysti og veldur óhjákvæmilega veikluðu heilsufari.
4. Ófullnægt eða heft kynlíf, eða ástand þar sem ógift persóna getur ekki tjáð með eðlilegum hætti áskapaða og alheimslega athöfn. Kynlífið er því fyrir henni leyndardómur og um leið stöðugt viðfangsefni ómeðvitaðrar hugsunar. Afleiðingarnar eru:
  - a. Ástand sem einkennist af miklum orkuskorti og veldur óhjákvæmilega slæmri heilsu hjá þessari persónugerð – þeirri sem virðist það ákosið að lifa einlífi. Það ætti ekki að þurfa að taka það fram, að til eru mjög margir einhleypir karlar og konur sem bregðast á heilbrigðan hátt við lífinu og falla ekki undir þennan flokk.
  - b. Ákafar tilraunir til að draga að sér athygli gagnstæða kynsins, þar til að því kemur að úr verður taugaveiklun og mjög óheilsusamleg tilhneiging.
  - c. Samkynhneigð eða afbrigðilegt kynlíf sem afbakar líf margra greindra manna.
  - d. Æxli – illkynjuð og önnur – sem leggjast á kynfærin og gera skurðaðgerð oft nauðsynlega.

Til eru fleiri afbrigði, en ég hef ekki hug á því að dvelja við þau. Ég hef sagt nóg til að sýna fram á hætturnar samfara

ófullnægjukennd og sjúklegum áhuga á kynlífi (jafnvel þótt hann sé ekki á þeim tíma meðvitaður). Þetta getur einnig birst í draumlífi sem tengir heilann, hugann og kynfærin mjög náð og sýnir fram á geðræna girnd sem vekur efnislega löngun; þetta styður þá staðhæfingu mína, að efnislíkaminn svari geðrænum boðum ósjálfrátt – jafnvel meðvitundarlaus í svefni. Eins og þið eflaust vitið, er lækningin við þessu sú, að lifa innihaldsríku skapandi ytra lífi, þá sérstaklega því sem verður öðrum til góðs og er ekki eingöngu umbreyting kynhvartarinnar í eitthvert form skapandi hugsunar, hugsunar sem verður aðeins hugsunin ein, án nokkurra athafna á hinu ytra sviði mannlegs lífs.

5. Sjálfsmeðaumkun, sem er ríkjandi vandamál, leiðir til alvarlegra meltingartruflana, þarmakvilla, háls- og höfuðkvefs hjá hinum almenna manni, en hjá þroskaðri mönnum leiðir hún til þráláts lungnakvefs, magasára og slæms ástands tanna og eyrna.

Ég gæti haldið áfram að telja upp fleiri geðræna þætti sem valda sjúkdómum, en þetta nægir til að gefa lækndanum vísbendingu um vissa hugsanlega þætti sem geta valdið þeim líkamlegu sjúkdómum sem hann er kallaður til að fást við. Hann þarf einnig (eins og ég hef bent á áður) að hafa í huga ástand sem erft er frá fyrri jarðvist eða hefur þróast sem afleiðing af félagslegum aðstæðum þéttbýlis eða karma þjóðar eða plánetu.

Þessu lögmáli fylgir engin regla, vegna þess að við erum enn að fjalla um skilgreiningu þeirra orsaka sem valda hinum hlutræna sjúkdómi. Læknandinn verður að öðlast skilning á orsökunum og viðurkenna skilgreininguna sem vinnutilgátu, áður en honum er mögulegt að fást við ástandið með einhverjum árangri.

Nú er komið að því að fjalla um lögmál sem er svo altækt í gildi sínu og skýringarmætti, að álíta má að það setji fram

ástæðuna fyrir *hverskonar* sjúkdómum á öllum tímum í lífssögu kynstofnsins eða einstaklingsins. Það er sett fram á þessum stað, sem fjórða lögmálið, aðeins af þeirri ástæðu að nauðsynlegt er að meginstaðhæfingar hinna þriggja fyrri lögmála séu viðurkenndar, skoðaðar og rannsakaðar; einnig vegna þess að það er meginlögmálið sem hefur áhrif á birtingu sjúkdóma í fjórða ríki náttúrunnar, ríki mannsins. Þetta lögmál er í eðli sínu tengt fjórða skapandi lífríkinu, en það voru vígsluhafar af fjórða kynstofninum, hinum atlantíska sem beittu því með ákveðnum hætti og viðurkenndu það sem lögmál er ræður mannkyninu fyrst og fremst. Það er einnig athyglisvert, að þegar mannkynið getur starfað með vitundina innstillta á fjórða eða búddíska sviðinu, munu sjúkdómar hverfa og fjórða skapandi lífríkið loks losna undan þessari miklu takmörkun.

#### IV. LÖGMÁL

*Rætur sjúkdóma, bæði líkamlegra og sálrænna liggja í hinu góða, fagra og sanna. Þeir eru einskonar brenglað endurvarp guðlegra möguleika. Hin hefta sál reynir að tjá guðlegar eigindir eða innri andleg sannindi. Með því myndar hún mótstöðu í efnisforminu. Augu persónunnar beinast að mótstöðustaðnum og það veldur sjúkdómi. List læknaðans er fólgin í því að lyfta niðurlútu tilliti augnanna til sálarinnar, hins sanna læknaða innan formsins. Lækningarkrafturinn er þá undir stjórn hins andlega eða þriðja auga og allt fer á besta veg.*

Þetta lögmál hefst á staðhæfingunni sem er ein af þversögnum dulfræðinnar: að gott og illt sé eitt og hið sama, þótt um sé að ræða andstæður eða gagnstæðar hliðar hins eina Raunveruleika.

Þar sem maðurinn er sál og er andlega ákveðinn að lifa og starfa sem sál, myndast viðnám milli sálar og persónuleika; þessi mótstaða er ein meginorsök, ef ekki meginorsök allra sjúkdóma. Hér er vísbending sem varpar ljósi á orðið „viðnámseldur,“ þriðji meginþáttur hins guðlega „eldeðlis“ Guðs, „því að vor Guð er eyðandi eldur.“ Okkur er einnig sagt, að eðli hans birtist í *rafmagnseldi*, *sólareldi* og *viðnámseldi*. Fjallað var ítarlega um þessa þrjá elda í bókinni „*A Treatise on Cosmic Fire*“ og vikið að þeim áður í bókinni „*The Secret Doctrine*.“

Lögmálið segir, að þar sem maðurinn er guðlegur að uppruna, myndar hin guðlega eðlishvöt viðnám í starfstækjum hans; þessi mótstaða finnur sér einhvern stað í efnislíkamanum og myndar viðnámsflöt; viðnámið veldur síðan hita eða bólgu. Þetta leiðir um síðir til sjúkdóms af einu eða öðru tagi. Er ekki mögulegt, að hér sé einnig að finna aðra vísbendingu – vísbendingu um lausn á vandamáli sem hefur valdið svo miklum heilabrotum meðal dulfræðinga heimsins: Hvers vegna þjáist þroskað fólk, andlegir leiðtogar og fólk sem hneigist til andlegs líferniss svo oft af líkamlegum kvillum? Sennilega er það vegna þess, að þetta fólk er á því stigi þar sem sálarorkan sem streymir í gegnum efnislíkamann, mætir mótstöðu í líkamanum af tilsvarendi háu stigi. Viðnámið sem myndast er svo mikið að afleiðingin verður fljótlega sjúkdómur. Þetta á ekki við um lærisveina sem hafa tekið aðra vígsluna; sjúkdómar þeirra þróast með öðrum hætti.

Við skulum nú taka fyrir fjórða lögmálið setningu fyrir setningu og reyna að skilgreina merkinguna að einhverju leyti:

1. *Rætur sjúkdóma, bæði líkamlegra og sálrænna, liggja í hinu góða, fagra og sanna. Þeir eru einskonar brenglað endurvarp guðlegra möguleika.*

Ég hef sýnt ykkur fram á að sjúkdómar eru í grundvallaratriðum sálrænir í eðli sínu; til eru þó sjúkdómar sem eru

fólgir í mótstöðu hins þetta efnislíkama (en ekki eingöngu hinna fíngerðari líkama) gegn áhrifum æðri orku og sjúkdómar sem eru fólgir í efniviði plánetunnar eða sjálftrar Jarðarinnar. Gleymið ekki, að efnislíkaminn er gerður úr slíku efni. Í þessari fyrstu málsgrein fjórða lögmálsins er sagt, að hinir þrír guðlegu eðlisþættir valdi sjúkdómum. Þetta virðist ekki vera mögulegt við fyrstu skoðun, en vandleg athugun mun leiða í ljós sannindi hennar. Hvernig getur hið góða, fagra og sanna valdið sjúkdómi af einhverju tagi? Við skulum athuga þetta betur.

- a. *Hið góða.* Hvað er hið góða? Er það ekki tjáning á viljanum-til-góðs? Kemur ekki, eða ætti ekki þessi vilji-til-góðs að koma fram á efnissviðinu í því sem við nefnum góðvilja milli manna? Er ekki mögulegt að sálin, sem reynir stöðugt á sínu eigin sviði að fylgja Áætluninni um viljann-til-góðs, leitist við að þröngva þrígveindri birtingu sinni, persónuleikanum, til að tjá góðvilja – á þeim tíma þegar maðurinn hefur náð vissu stigi á þroskabraut sinni og hún sjálf er virk og starfandi? En vegna mótstöðu formeðlisins sem enn er ekki hæft til að birta hið þráða guðlega eðli, myndast strax viðnám og afleiðingin verður sjúkdómur. Ég held að jafnvel lausleg athugun á ofangreindum spurningum sýni ykkur fram á hversu líklegt það er, að hneigð sálarinnar til „hins góða“ geti myndað mótstöðu á efnissviðinu, svo að umrótíð sem hún veldur í vitund mannsins, geti og muni leiða til sjúkdóms. Þessi tegund sjúkdóma er orsökina að mörgum erfiðleikum þroskaðs fólks, leitenda og lærisveina. Þessi „mótstaða“ veldur síðan afleiddri svörun sem leiðir til þess sálarástands sem við nefnum „þunglyndi, minnimáttarkennd og tilfinningu fyrir að hafa mistekist.“ Þessi sérstaka orsök sjúkdóma, „hið góða,“ hefur fyrst og fremst áhrif á hugrænar manngerðir.
- b. *Hið fagra.* Hér hafið þið hugtak sem skilgreinir þrá allra

manna til þess sem þeir álíta að sé æskilegt lífsmarkmið þeirra og það sem þeir kjósa að berjast fyrir. Hið fagra tekur til *eiginleika* lífsins, frá sjónarmiði guðlegs eðlisþáttar. Ég vil hér minna ykkur á hina upphaflegu skilgreiningu okkar í fyrsta bindi þessa ritverks („*Esoteric Psychology*“ fyrra bindi), á orðunum andi-sál-líkami; skilgreining okkar var líf-eiginleiki-birting. Líf er orkan sem birtist í tjáningunni á hinum guðlega vilja-til-góðs; eiginleiki er orkan sem birtir sig í tjáningu sálarinnar, og nú á tímum verkar þessi orka að mestu í gegnum tilfinningalífið og þá staðföstu fyrirætlun allra manna á öllum þróunarstigum að afla sér, eiga og njóta þess sem þeir telja vera hið fagra. Skilgreining „hins fagra“ og þess sem maðurinn þráir er ákaflega mismunandi og tengist þroskastiginu; allt er það þó háð viðhorfi mannsins til lífsins og stöðu hans í þróunarstigunum. Vanhæfni mannsins til að öðlast á hverjum tíma það sem hann telur vera „hið fagra“ ákvarðar í samræmi við það innra viðnám sem hún veldur, hversu móttækilegur hann er fyrir sjúkdómum. Á núverandi þroskastigi mannkynsins á meginhluti manna við vanheilsu að stríða, sem afleiðingu af mótstöðunni sem stafar af baráttu þeirra fyrir „hinu fagra“ – baráttu sem knúin er áfram af þróunarhvöt, vegna þess að þeir *eru* sálir og undir áhrifum frá eiginleika annars guðlega meginþáttarins.

- c. *Hið sanna*. Það hefur verið sagt, að hið sanna eða sannleikurinn sé eins mikið af guðlegri birtingu og hver maður getur látið í ljós á þeim tiltekna stað sem hann er staddur á í þróunarstigunum og því ákveðna stigi sem hann er á í jarðnesku lífi sínu. Þessi framsetning á hinu sanna gerir ráð fyrir að handan þess sem maðurinn getur tjáð sé margt sem hann er ófær um að birta; þetta er sál hans stöðugt ljóst. Að vera ófær um að lifa í samræmi við þær ædstu hugsjónir sem maðurinn – á sínu tiltekna stigi – er meðvitaður um

og getur gert sér grein fyrir á sínum björtustu og bestu stundum, myndar óhjákvæmilega viðnámsflöt, jafnvel þó að maðurinn sé þessi ekki meðvitaður. Gigt er ein helsta tegund sjúkdóma sem þessi mótstaða veldur; hún er mjög algeng nú á tímum og hefur verið það öldum saman; frá læknisfræðilegu sjónarmiði hefur ekki fundist nein sannanleg orsök fyrir þessum sjúkdómi, þó svo að margar hugmyndir og vangaveltur séu á lofti meðal lækna. Hún verkar fyrst og fremst á beinabygginguna og er í raun afleiðing af vanhæfni sálarinnar til að tjá „hið sanna“ innra með manningum, tæki sálarinnar í heimunum þrem. Maðurinn sjálfur er ætíð meðvitaður um markmiðið sem hann getur ekki náð og gildir einu á hve lágu stigi hann er í þróunarstiganum; hann finnur alltaf þessa hvöt til umbóta. Þessi hvöt tengist ekki tjáningunni á viljanum-til-góðs eða á „hinu fagra,“ ( þótt hann kunni að vera meðvitaður um það í meiri eða minni mæli), heldur er hún nátengdari tjáningu einhvers sem er nær hugsjón mannsins eins og hún kemur honum fyrir sjónir í hinum jarðneska heimi. Afleiðingin er því mótstaða og einhvers konar sjúkdómur fylgir í kjölfarið.

Það er eftirtektarvert að þessi vanhæfni til að tjá „hið sanna“ eða að vera „sannleikurinn,“ er meginástæða dauða meðal þeirra sem ekki eru komnir á braut lærisveinsins og hafa ekki enn tekið fyrstu vígsluna. Sálin þreytist á mótstöðu starfstækis síns og ákveður að binda enda á þessa sérstöku jarðvistartilraun. Dauði verður því sem afleiðing af framkomu mótstöðunnar.

Hafa þarf eftirfarandi í huga þegar verið er að skoða þessar hugmyndir:

- a. *Hið góða* ræður manningum með tilstilli höfuðstöðvarinnar og viðnámið sem myndast stafar af lítilli virkni orku-



stöðvarinnar við mænurót. Sú orkustöð stjórnar tjáningu fyrsta guðlega meginþáttarins í manninum með samspili sínu við höfuðstöðina. Þetta samspil verður ekki virkt fyrr en maðurinn er orðinn lærisveinn eða vígsluhafi.

- b. *Hið fagra* ræður með tilstilli hjartastöðvarinnar og mótstaðan myndast vegna vanhæfni sólarplexusstöðvarinnar til að bregðast við. Það myndar viðnám. Þessu ástandi lýkur og rétt svörun næst frá sólarplexusstöðinni þegar kröftum hennar er lyft og þeim blandað saman við orku hjartastöðvarinnar.
- c. *Hið sanna*, sem tjáning guðdómsins, tengist hálsstöðinni. Vöntun á svörun frá persónuleikanum og vanhæfni hans til að tjá hið sanna, má sjá í tengslum kynorkustöðvarinnar og hálsstöðvarinnar. Ef þessi tengsl eru ekki fyrir hendi myndar það mótstöðu. Ekki verður nein raunveruleg tjáning „hins sanna“ fyrr en kröftum hinnar skapandi orkustöðvar neðan þindar er lyft upp til skapandi orkustöðvar hálsins. Þá mun „Orðið,“ sem er maðurinn í eðli sínu, „verða hold“ og sjá má sanna tjáningu sálarinnar á efnissviðinu.

2. *Hin hefta sál reynir að tjá guðlegar eigindir eða innri andleg sannindi. Með því myndar hún mótstöðu í efnisforminu.*

Margt af því sem felst í þessari málsgrein hef ég þegar rætt um hér að framan. Ég vil samt vekja athygli ykkar á því, að í þessari málsgrein er lögð áhersla á þá staðreynd, að það er sálin sem ræður mótstöðunni. Við athugun á fyrri málsgreininni var lögð áhersla á persónuleikann, að vangeta hans til að bregðast við sé orsökinn fyrir mótstöðunni og sjúkdómnum sem fylgir. Er ekki mögulegt að í þessari málsgrein megi finna vísbendingu um heildartilgang sársauka, ógæfu og jafnvel styrjalda? Ég vil vísa þessu til ykkar, til vandlegar og, ef mögulegt er, upplýstrar íhugunar.

3. *Augu persónunnar beinast að mótstöðustaðnum og það veldur sjúkdómi.*

Hér er að finna mjög athyglisverða vísbendingu um orkustjórn. Menn hafa lítinn skilning á dulfræðilegu gildi augans og táknrænni merkingu þess. Tilvísunin hér til augans hefur í rauninni ekkert með augu efnislíkamans að gera. Orðin, „augu persónunnar,“ vísa hér til einbeittar athygli persónuleikans frá huglíkama og geðlíkama sem eru í reynd hin tvö augu sálarinnar í holdgun. Þessi notkun á gluggum eða augum sálarinnar leiðir til samþjöppunar orku í etherlíkamanum – í þessu tilviki persónuleikaorku eingöngu. Orkunni er beint til líkamshlutans þar sem óþægindin eru og þar af leiðandi til mótstöðustaðarins. Kraftarnir sem einbeitt er að mótstöðunni, viðhalda henni og efla. Fólk hefur litla hugmynd um hve mikið (í hlutstæðum skilningi) það eykur mátt sjúkdómsins með stöðugri umhugsun og þeirri athygli sem það gefur hinum sjúka líkamshluta. Hugrænum og geðrænum orkugerðum er beint að sjúka svæðinu, og „augu persónunnar“ eru máttugur þáttur í því að viðhalda sjúkdómnum.

Í þessari setningu er ennfremur að finna skýrt og ótvírætt tákni um þá staðreynd, að hugrænt og geðrænt ástand leiði til sjúkdóms. Virkni sálarinnar og þrýstingur sálarorkunnar þarf að ná til efnislíkamans í gegnum fíngerðari líkamana og viðnámsfletina, afleiðingu mótstöðunnar er fyrst að finna í huglíkamanum, síðan er hún endurtekin af jafnvel enn meiri krafti í geðlíkamanum og endurspeglast svo í efnislíkamanum; þessir líkamar – og það eru frumatriði í kenningum dulfræðinnar, en þau vilja stundum gleymast – mynda til samans persónuleikann og mótstöðuna er að finna í öllum þáttum hans.

Ykkur kann að finnast áhugavert, að setja það sem sagt er hér á undan í samhengi við það sem ég hef sagt um augun í öðrum ritverkum mínum. Eins og þið vitið og eins og kemur

fram í „*The Secret Doctrine*,“ þá er hægra augað „auga búddhi“ og vinstra augað er „auga manas“ – hér (þegar samband hefur náðst við búddhi) er átt við æðri hugann og manninn eins og hann mun verða að lokum. Hjá venjulegum manni, áður en hann nær fullkomnun, miðlar hægra augað orku geðlíkamans þegar því er beint meðvitað að einhverju sem athygli vekur og vinstra augað miðlar orku lægri hugans. Á milli þessara tveggja orkumiðlara er ennisorkustöðin (ajna), sem virkar sem þriðja augað eða stjórnandi fyrir hinar blönduðu og samþættu orkugerðir persónuleikans. Þegar þriðja augað, sem við nefnum „auga sálarinnar,“ vaknar og verður virkt, tengist það stað innan hæstu höfuðstöðvarinnar. Þetta auga sálarinnar getur miðlað og miðlar orku til ennisstöðvarinnar og birtir sjálft (á undan fjórðu vígslunni) orku andlegu þrenndarinnar. Þetta innræða samband kemst á þegar sálin ræður starfstæki sínu, persónuleikanum og er að koma allri lægri virkni á efnissviðinu undir stjórn sálarinnar.

Hjá hinum fullkomnaða manni má því finna eftirfarandi dreifingu eða miðlara orku:

1. Auga sálarinnar .... Fulltrúi andlegu þrenndarinnar .. Vilji.
2. Þriðja augað ..... Fulltrúi sálarinnar ..... Kærleikur.
3. Hægra augað ..... Dreifir innsæisorku.
4. Vinstra augað ..... Leiðir hreina hugarorku.
5. Ennisstöðin ..... Samstillir og stjórnar öllum þessum orkugerðum.

Hjá lærisveini og þeim manni sem er að byrja að starfa sem sál, er þetta þannig:

1. Þriðja augað ..... Dreifir sálarorku.
2. Hægra augað ..... Miðlar tilfinningaorku.
3. Vinstra augað .... Miðlar orku lægri hugans.
4. Ennisstöðin ..... Samstillir þessar þrjár orkugerðir.

Hjá hinum venjulega manni er staðan eftirfarandi:

1. Hægra augað ..... Miðlar tilfinningaorku.
2. Vinstri augað ..... Miðlar hugarorku.
3. Ennisstöðin ..... Dreifistöð.

Eftir því sem dulfræðileg þekking eykst mun verða til heil vísindagrein um orkudreifingu augnanna og táknrænt hlutverk þeirra, skilningur mun fást á dulfræðilegri hagnýtingu þeirra. Sá tími er ekki enn runninn upp, þó vita menn að máttur mannsaugans, vekur eftirtekt persónunnar sem hann beinist að. Ég get gefið ykkur eina vísbendingu: sjóntaugin er tákn antahkarana og uppbygging augans í heild sinni er eitt fegursta táknið fyrir hinn þrígreinda guðdóm og þrígreinda mann.

4. *List læknandans er fölginn í því að lyfta niðurlútu tilliti augnanna til sálarinnar, hins sanna læknanda innan formsins.*

Augljósasta og lágstæðasta merking þessarar setningar er einfaldlega sú, að læknandinn verði að hjálpa sjúklingnum að beina athyglinni frá sjálfum sér, að hann verði að hjálpa honum að lyfta og breyta stefnu orkunnar svo að „mótstöðustaðurinn“ dragi ekki lengur að sér athyglina og ný áhugasvið opnist. Þetta hafa allir læknendur um langan tíma reynt að gera, en merking setningarinnar er mun dulfræðilegri en þeir hafa áttað sig á og mér er nokkur vandi á höndum við að útskýra hana.

Við höfum séð að mótstaðan sem völd er að sjúkdómnum, orsakast af hinu góða, fagra og sanna sem stangast á við krafta í lægri eðlisþáttum mannsins. Okkur er einnig ljóst að þetta er grundvallarlögmál og að læknandinn veit að hann verður að viðurkenna það og vinna með því á skynsamlegan hátt. Hvernig er honum þá mögulegt að beita þessu lögmáli og ná fram þeim markmiðum sem hann stefnir að?

Þessir orkustraumar sálarinnar ná til efnislíkamans í gegnum etherlíkamann og eru valdir að mótstöðunni og sjúkdómnum sem fylgir í kjölfarið; þeir hafa „streymt niður og náð sambandi“ í gegnum sútratma og tengjast aðalorkustöðvunum þremur, meginorkustöðvunum sem þið þekkið vel. Í samræmi við eðli mannsins, geisla, þroska, veikleika og takmarkanir er þeim dreift til hinna ýmsu líkamshluta efnislíkamans og valda þar annaðhvort viðnámi eða raunbirtast sem guðlegir eiginleikar. Ef mótstaða myndast og tilsvareandi sjúkdómur fylgir í kjölfarið og sjúklingurinn ber gæfu til að hafa þjálfaðan dulfræðilegan læknaða til hjálpar (annaðhvort vígsluhafa eða þjálfaðan lærisvein), er orkunni snúið til baka – annaðhvort með eða án samvinnu sjúklingsins – og hún send aftur til miðlunarstaðarins, hinna þriggja æðri orkustöðva, í samræmi við þá tegund orku sem er völd að vandanum. Ekki er mögulegt að senda hana algerlega út úr líkamanum, í gegnum höfuðstöðina, þar sem það myndi valda dauða mannsins; en á dulfræðilegan hátt er hægt að „snúa henni aftur til útstreymisstaðarins, frá mótstöðustaðnum, en ekki til uppsprettu hennar,“ eins og greint er frá í fornri lækningarbók.

Orkan er send frá hinum sjúka líkamshluta til mótstöðustaðarins og þaðan til orkustöðvarinnar sem ræður svæðinu og sálarorkan notar til að komast í samband við efnislíkamann. Læknandinn fæst því við tvo þætti efnislíkamans samtímis, hinn þétta og hinn etheríska. Frá þeirri orkustöð er viðkomandi orku safnað saman og henni snúið aftur til einhverrar af þrem meginorkustöðvunum, eða (ef einhver þessara þriggja á sjálf hlut að máli) er orkunni safnað saman og hún send til höfuðstöðvarinnar og geymd þar. Það verður því að hafa hugfast, að þessi þáttur í starfi læknandans er tvíþættur:

1. Á dulfræðilegan hátt að „lyfta upp“ eða „reka burt.“  
Þessi þáttur er sjálfur tvískiptur:

- a. Að safna orkunni saman.
  - b. Að innstilla orkuna aftur í miðlunarstöðinni.
2. Þátturinn *eftir* að lækningandinn hefur unnið sitt verk og sjúklingurinn hefur náð sér eða starfið ekki skilað árangri. Í þessum þætti er orkunni sem hefur verið „rekin burt,“ snúið aftur til orkustöðvarinnar og staðarins þar sem mótstaðan hafði áður verið.

Ykkur ætti að vera ljóst að þessi lækningaraðferð er aðeins á færi þrautþjálfaðra lækna og er því ónaðsynlegt fyrir mig að fjalla nánar um hana. Þrátt fyrir það er stundum gagnlegt að sjá fyrir sér fjarlæg markmið.

Allt sem hægt er að gera í þessu sambandi er að beina athygli sjúklingsins (ef hann er fær um að bregðast við slíkri tillögu) til sálarinnar og hjálpa honum á einfaldan hátt við að halda vitund sinni eins nálægt sálinni og honum er unnt. Það mun hjálpa til við að hreinsa rásina fyrir niðurstreymi orkunnar, en gerir einnig mögulegt að orkan dragist sjálfkrafa til baka, þar sem orka fylgir hugsun.

Þegar á allt er litið eru sannar dulfræðilegar lækningar einfaldar í samanburði við hin margslungnu og flóknu smáatriði líkama mannsins og sjúkdóma hans sem lækna okkar tíma verða að kunna skil á. Hinn andlegi lækningandi fæst við *svæðið* þar sem sjúkdóminn er að finna, *etherísku orkustöðina* sem ræður *svæðinu* og hina æðri hliðstæðu hennar og *orkutegundirnar þrjár* sem streyma frá sálinni og eru valdar að myndun mótstöðustaðarins eða staðanna. Þessu til viðbótar felst starf hans í hagnýtingu á skapandi ímyndunarafli, hæfninni til að sjónmynda og þekkingu á vísindalegri hugsun, sem byggist á því grundvallar alheimslögmáli, að „orka fylgir hugsun.“ Þessi sjónmyndun og vísindaleg hugsun felur ekki í sér uppbyggingu hugforma (við lækningar), heldur felur hún í sér hæfnina til að hreyfa og stjórna orkustraumum.

5. *Lækningakrafturinn er þá undir stjórn hins andlega eða þriðja auga og allt fer á besta veg.*

Hér er rætt um þriðja auga lækmandans en ekki hins almenna sjúklings; lækmandinn notar það ásamt auga sálarinnar. Þegar verið er að lækna mjög þroskaða persónu sem getur sjálf hjálpað til á meðvitaðan hátt, þá getur þriðja auga sjúklingsins einnig verið virkt og með því móti er hægt að stýra tveimur mjög máttugum orkustraumum að svæðinu þar sem viðnámið er. Við venjulegar aðstæður, þar sem engin dulfræðileg þekking er fyrir hendi hjá sjúklingnum, vinnur lækmandinn allt sem gera þarf, en það er hið æskilega. Engin raunveruleg hjálp felst í aðstoð hins ófaglærða og þeirra sem eru tilfinningalega tengdir sjúklingnum.

Þær fáu vísbendingar sem fram komu við sundurliðun efnisþátta fjórða lögmálsins, eru mikið efni til íhugunar og við skulum nú halda áfram og taka til athugunar regluna sem tengist þessu lögmáli.

Þegar verið er að kanna þessi lögmál og reglur ætti að hafa í huga, að lögmálin ráða lækmandanum og eru hin ófrávíkjanlegu skilyrði sem hann verður að vinna samkvæmt; hann vill hvorki né getur komist hjá þeim. Reglurnar aftur á móti, gengst hann sjálfur undir og þær gefa til kynna skilyrðin sem honum er ráðlagt að fylgja til að ná árangri. Mjög margt er háð skilningi hans á reglunum og hæfni hans til að túlka þær á réttan hátt. Þær eru þýðing eða endursögn hinna fornu reglna sem hafa frá upphafi mótað alla andlega lækendur sem starfa undir áhrifum Helgivaldsins. Þær voru upphaflega látnar Helgivaldinu í té, sem tók við þeim og notaði þær á þeim tíma – tímaskeiði hinnar fornu Lemúríu – síðan þá hefur þurft að túlka þær á mismunandi hátt fyrir hvert tímabil; nútíma merking þeirra er nú rétt að byrja að koma fram. Segja má eftirfarandi:

1. *Á Lemúriutímanum* voru þessar reglur viðurkenndar af Helgivaldinu. Engir aðrir gátu sannreynt þær eða unnið í samræmi við þær.
2. *Á Atlantistímanum* voru þær birtar að því leyti, að lærisveinum sem ekki voru búnir að taka vígslu eða höfðu aðeins tekið fyrstu vígsluna, var treyst fyrir þeim og leyft að nota þær. Skilningur okkar tíma er að miklu leyti litaður af atlantískri túlkun á reglunum, en sú skilgreining hæfir ekki lengur tækifærunum sem nú bjóðast og hugrænni manngerð okkar tíma.
3. Nú á tímum, *hjá okkar aríska kynstofni*, er ný merking að koma fram; þá merkingu og hina nýju skilgreiningu mun ég leitast við að láta ykkur í té.

Ekki var þörf á nýrri túlkun fyrstu reglunnar, þar sem hún hæfir svo augljóslega nútíma skilningi. Hún var í raun ekki hluti af hinum upprunalega forna texta sem geymdi þessar mikilvægu reglur, heldur er hún tiltölulega nýlega komin fram, eða snemma á tímum kristninnar. Þessi regla er skýr og gagnorð og gefur til kynna hvernig hugsunum lækandans ætti að vera háttað.

1. Hann verður að gera sér grein fyrir hvaða gerð hugsunar mótar sjúklinginn.
2. Hann verður að vera fær um að komast að rót vandans eða sálrænum grunni hans; af því leiðir að hann verður að nota mátt hugsunar.
3. Hann verður að geta tengt saman orsök og afleiðingu; hinn samtengjandi þáttur er ætíð hugurinn.

Í Lemúríu hinni fornu og á Atlantis var hugurinn svo að segja algerlega óvirkur og í raun og veru alls ekki starfandi; það er aðeins í núverandi kynstofni að hugrænt eðli mannsins er að verða ráðandi og þar af leiðir að ný og nútímaleg skilgreiningu



á þessum reglum (grundvölluð á eðlisþætti hugans) er nú möguleg og við munum hefjast handa við þá túlkun.

## 2. regla

Læknandinn verður að ávinna sér hreinan segulkraft með hreinu lífernri. Hann þarf að ná þeirri leysandi útgeislun sem birtist hjá hverjum manni sem samtengt hefur orkustöðvarnar í höfðinu. Útgeislunin hefst þegar segulsviðið hefur verið myndað.

Íbúar Austurlanda hafa ætíð lagt áherslu á hreinan segulkraft en hafa algerlega sniðgengið líkamlegan hreinleika, eins og það hugtak er skilið á Vesturlöndum; á Vesturlöndum hafa menn lagt áherslu á ytri líkamlegan hreinleika en gera sér enga grein fyrir hreinum segulkrafti; sá kraftur byggist að mestu leyti á áhrifum frá útgeislun árunnar og hreinleika hennar eða vöntun á hreinleika – sem er að nokkru leyti rangt en þó ekki algerlega. Í þessari reglu er læknandanum ráðlagt að:

1. Ávinna sér hreinan segulkraft með hreinu lífernri.
2. Öðlast leysandi útgeislun með því að samtengja orkustöðvarnar í höfðinu.
3. Byggja upp geislasvið út frá segulsviðinu.

Árangurinn verður: ÚTGEISLUN.

Það athyglisverða við þessa reglu er að hún tengir saman tvær lækningaradferðir – lækningu með geislun og lækningu með segulorku – í eina virka heild. Hinn sanni læknandi blandar sjálfkrafa saman báðum þessum lækningaradferðum

og notar báðar samtímis og sjálfkrafa, vegna þess að hann vinnur með hinu segulmagnaða svæði sem er innan áhrifasviðs höfuðstöðvanna þriggja, eða þríhyrningsins sem verður til við samtengingu þeirra.

Á dögum Lemúríu náði lækningandinn þessu markmiði með strangri líkamlegri þjálfun og öðlaðist með því móti nauðsynlegan hreinleika. Eins og þið vitið var markmið viðleitni Helgivaldsins á þeim tíma að kenna hinum frumstæða manni hagnýtingu og markmið efnislíkamans og skynsamlega stjórn hans. Litið var á mann sem vígðan mann, ef hann náði valdi á líkamanum og stjórnaði honum á sama hátt og tækjastjóri stjórnar vél. Nú á tímum er vígður maður sá sem nær valdi á persónuleikanum. Lögð var rík áhersla á skírlífi, mataræði og vissan líkamlegan hreinleika að viðbættum grundvallaratriðum Hatha-jóga (aðallega að ná valdi á hreyfingum og vöðvum). Þegar þessu var náð gerði þessi svonefndi hreinleiki frjálst flæði prönustrauma frá læknaða til sjúklings í gegnum kynorkustöðina og hálsstöðina mögulegt – lækningandinn vann í gegnum hálsstöðina en móttökustöðin hjá sjúklingnum var kynorkustöðin; hvorki hjartastöðin né höfuðstöðin voru notaðar. Rétt er að gera aðeins grein fyrir hvað átt er við með orðinu prana. Prana er lífsorka plánetunnar eða líforkugeislun hennar; hún er orkan sem náttúrulækningandi miðlar eða veitir (lækningandi án nokkurrar þjálfunar, með litla þekkingu eða hefur lítil eða engin andleg markmið). Hann læknar en veit ekki hvernig eða hvers vegna; pranann flæðir einfaldlega í gegnum hann sem sterkur straumur lífsorku, venjulega frá miltastöðinni en ekki frá neinni af meginorkustöðvunum sjö.

Nú á tímum leggja margir velmeinandi leitendur á sig þessa ströngu líkamlegu þjálfun; þeir stunda skírlífi, strangt jurtafæði, slökunaræfingar og margs konar líkamlegar æfingar í þeirri von að ná valdi yfir líkamanum. Þjálfun af þessu tagi væri mjög gagnleg fyrir óþroskaða og lágstæða menn, en þetta

er ekki aðferð sem meðalmaðurinn eða hinn andlegi leitandi ætti að nota. Einbeiting athyglinnar að efnislíkamanum þjónar aðeins þeim tilgangi að efla áhrifamátt hans, ýta undir langanir hans og færa upp á yfirborðið það sem ætti að vera vandlega innibyrgt í undirvitundinni. Hinn sanni leitandi ætti að leitast við að ná stjórn á tilfinningalífi sínu en ekki líkama og vinna að hugrænni vitundarstillingu sem undanfara þess að koma á stöðugu sambandi við sálina.

Á Atlantistímabilinu hófst hægfara færsla athyglinnar frá hinum þetta efnislíkama til tilfinningalíkamans. Vígsluhafar þess tíma fóru að kenna lærisveinum sínum, að efnislíkaminn væri í raun og veru aðeins sjálfvirkt tæki og að líta ætti til tilfinningalíkamans og eðlis og eiginleika langananna til að ávinna sér hreinleika. Það var því í þeim kynstofni sem persónulegur segulkraftur fór fyrst smátt og smátt að koma í ljós. Hinn forni og frumstæði Lemúríubúi var alls ekki gæddur neinum segulkrafti, í þeim skilningi sem við leggjum í það orð, en á Atlantistímanum birtist segulmögnum geislan í nokkrum mæli, þótt það væri ekki í þeim mæli sem nú er algengt og mögulegt. Sjá mátti fyrstu daufu útlínur geislabaugsins umhverfis höfuð þroskaðra Atlantisbúa. Hreinn segulkraftur varð mögulegur og markmið, en var háður geðrænni stjórn og hreinsun tilfinninganna; með því móti náðist sjálfkrafa mun meiri líkamlegur hreinleiki en vígsluhafi Lemúríútímans gat nokkru sinni öðlast. Sjúkdómar líkamans urðu flóknari og margbrotnari og fyrstu sálrænu sjúkdómarnir komu fram, ásamt hinum margvíslegu kvillum sem á ákveðinn hátt tengjast tilfinningum. Um þessa tegund sjúkdóma höfum við fjallað í fyrri hluta þessa rits. Læknandi þess tíma vann í gegnum sólarplexusstöðina og hjartastöðina, ef hann var vígsluhafi. Enn var ekkert segulmagnað svæði eða kraftsvið sjáanlegt í höfðinu.


Hreinn segulkraftur hjá aríska kynstofninum nú á tímum er ekki háður ögun efnislíkamans; hjá flestum er hann enn

háður geðrænni ögun, en þegar um er að ræða sannan læknaða framtíðarinnar byggist segulkrafturinn á „hinu lýsandi segulmagnaða svæði í höfðinu.“ Þetta svæði er starfsvettvangur sálarinnar sem vinnur í gegnum höfuðstöðvarnar og stillir sig inn á það segulmagnaða svið sem þær umlykja. Þegar öll máttaröfl líkamans og athygli læknaðans eru innstillt í höfðinu og þegar geðlíkaminn er hljóður og hugurinn virkur sem miðlari sálarorku til höfuðstöðvanna þriggja, þá á sér stað útgeislun eða orkustreymi sem er máttugur kraftur til lækninga. Útgeislunin er kröftug, þá er ekki sérstaklega átt við ljósmagn, heldur útstreymi virkrar orkugeislunar sem getur náð til sjúklingsins og styrkt þá orkustöð sem þarfnast orkunnar. Allar orkustöðvar sjúklingsins geta tekið við þessari orku, en ekki aðeins ein, eins og raunin er í hinum fyrri tveim lækningaraðferðum.

Þegar karma eða lífsmynstur sjúklingsins leyfir, verða þessir orkugeislar (sem stafa frá segulsviðinu í höfði læknaðans) að því sem nefnt er „leysandi útgeislun;“ þeir geta hreinsað burt þá krafta sem skapa eða efla sjúkdóminn. Þótt þessi leysandi útgeislun nái ekki að lækna líkamann (vegna forlaga sjúklingsins) getur hún samt sem áður nýst til að eyða flóknari erfiðleikum, svo sem hvers kyns ótta, geðrænu ójafnvægi og vissum sálrænum vandamálum sem auka mikið þann vanda sem sjúklingurinn stendur frammi fyrir.

Gott er fyrir læknaðendur að muna, að þegar orkustöðvarnar þrjár í höfðinu hafa samtengt, segulsviðið hefur myndast og útgeislunin er hafin, þá getur læknaðinn notað ennisstöðina sem stjórnþæki fyrir þessa „leysandi útgeislun.“ Það er athyglisverð staðreynd, að meginstöðvarnar tvær í höfðinu (sem samsvara atma-búddhi, eða sálinni) eru höfuðstöðin og stóra alta-stöðin, og þær samsvara dulfræðilega miðlunarstöðvunum, hægri og vinstra auganu, á sama hátt og kirtlarnir tveir í höfðinu, heilaköngullinn og heiladingullinn. Í höfðinu eru því þrjár

Þríhyrningar, tveir þeirra dreifa orku en sá þriðji er dreifistöð fyrir krafta.



Þegar fram líða stundir mun hinn þjálfaði læknandi einmitt fást við þessa þrjá þríhyrninga og hagnýta þá vitandi vits. Sá tími liggur þó enn í fjarlægri framtíð. Um þessar mundir verður læknandinn að beita sjónmyndun og mætti skapandi ímyndunar. Er hann notar mátt ímyndunaraflsins í sjónmyndun við að tengja saman þessa þrjá samanfléttuðu þríhyrninga, leggur þá hvern inn í annan og byrjar á þeim fyrsta, þá er hann vissulega að vinna starf sem felst í skapandi *staðsetningu*, skapandi *líf mögnun* og að síðustu skapandi *stjórn*. Með þessum þrem orðum; staðsetning, lífmögnun og stjórn, er bent á árangurinn sem læknandinn mun ná með því að fara eftir þessari reglu. Athyglinni er fundinn staður; hið segulmagnaða svæði er andlega lífmagnað; orkugeisluninni sem myndast er síðan dreift og stýrt á réttan hátt með atbeina þriðja þríhyrningsins. Þetta hljómar eins og nokkuð flókið ferli, en eftir nokkra þjálfun verður þessi lækningaradferð að staðsetja, lífmagna og stjórna að sjálfvirku ferli sem gerist nær samstundis og sjálfkrafa.

Við erum nú komin að því að fjalla um lögmál sem er bæði langt og allflókið. Það er svo yfirgripsmikið að við fyrsta lestur virðist það nokkuð ruglingslegt.

## V. LÖGMÁL

*Allt er orka, því Guð er líf. Í manningum mætast tvær orkutegundir, en aðrar fimm er þar einnig að finna. Hver þeirra hefur sinn megin tengipunkt. Árekstrar milli orku og krafta og kraftanna innbyrðis valda líkamskvillum mannsins. Átök hinnar fyrstu og annarrar vara um aldir, þar til fjallstindinum er náð – hinum fyrsta mikla fjallstindi. Átökin milli kraftanna valda öllum sjúkdómum, veikindum og líkamssársauka sem dauði leysir frá. Tveir, fimm og þannig hinir sjö, ásamt því sem sameining þeirra myndar, geyma lykil leyndardómsins. Þetta er fimmta lögmál lækninga í heimi efnisformanna.*

Hingað til hefur ekki verið mögulegt að birta efnisatriði þessa lögmáls, vegna þess að það er fyrst nú á tímum að hægt hefur verið að veita fræðslu um LÍF og líf sem orku. Ennfremur hef ég ekki fyrr en nýlega látið í té fræðslu um hinar fimm og tvær orkutegundir sem allar mætast í manningum og nú fyrst í einstökum atriðum, þó svo að tæpt hafi verið á þessu í „*The Secret Doctrine*.“ Ég velti því stundum fyrir mér, hvort nokkurt ykkar geri sér grein fyrir þeim mikilvægu þáttaskilum sem fræðslan sem ég hef veitt um geislana sjö, sem raunbirtar orkutegundir olli. Vangaveltur um eðli Guðlegrar þrenningar í umræðum og hugsunum þroskaðra manna hafa ætíð átt sér stað – alveg frá upphafi þess tíma þegar Helgivaldið hóf það aldalanga verkefni sitt, að hafa áhrif á og örva vitund mannsins – en upplýsingar

um Andana sjö frammi fyrir Hásæti þrenningarinnar hafa verið fágætar og aðeins fáeinir skrásetjarar að fornu og nýju hafa minnst á eðli þessara Vera. En nú, með öllum þeim upplýsingum sem ég hef látið ykkur í té um geislana sjö og hina sjö Geisladrottna, er hægt að uppgötva margt fleira; hægt er að sjá og skynja þessar sjö miklu Lífverur sem hina ídveljandi kjarna og virku orkutegundir í öllu því sem er til og áþreifanlegt á efnissviðinu sem og einnig á öllum sviðum guðlegrar tjáningar; með þessum orðum á ég ekki aðeins við kosmíska efnissviðið (sem myndað er úr sjö heimum okkar sólkerfis), heldur einnig kosmíska geðsviðið og kosmíska hugarsviðið.

Með þessu lögmáli er gert ráð fyrir að læknaðinn viðurkenni vissar grundvallar hugmyndir sem þjóna því hlutverki að þroska skilning hans; nokkrar víðtækar og almennar frumforsendur eru settar fram sem munu mynda traustan grundvöll fyrir allt starf framtíðarinnar. Aðalatriðið sem hafa þarf í huga, er að þetta lögmál tengist eingöngu efnisheiminum (hinum þetta og etheríska) og þeim áhrifum sem átökin milli orkunnar og kraftanna valda innan efnislíkamans. Kraftarnir, sem hér um ræðir, eru sú orka sem er takmörkuð og heft innan einhvers forms – líkama, sviðs, líffæris eða orkustöðvar; orkan er aftur á móti, þeir straumar stýrðrar orku sem lýstur saman við þessa fönguðu krafta (ef ég má orða það svo) innan frá stærra eða víðtækara formi, frá fingerðara sviði og kemst þannig í snertingu við grófara tíðnisvið. Orka er fingerðari og máttugri en krafturinn sem hún snertir eða tengist; krafturinn er ekki eins máttugur, en hann *er rótfastur*. Í þessum tveim síðustu orðum er að finna lykilinn að vandanum í samspili orkunnar. *Frjáls* orka er, frá sjónarmiði hins rótfasta tengipunkts, að sumu leyti ekki eins áhrifamikil (innan hins takmarkaða sviðs) og orkan sem hefur þegar bundist þar. Hún er í eðli sínu máttugri en ekki eins áhrifarík. Íhugið þetta og leyfið mér að útskýra þetta nánar. Í lífi

leitandans hefur orka sólarplexusstöðvarinnar (af langri notkun, miðstillingu og vana) máttugri áhrif en orka hjartastöðvarinnar, sem er smátt og smátt, en mjög hægfara, að verða virkari. Orka persónuleikans er mun áhrifaríkari við að móta líf hins almenna manns heldur en orka sálarinnar, sem hefur reynt í óralangan tíma að ná tökum á raunbirtingu sinni, persónuleikanum, en án árangurs allt fram til allra síðustu æviskeiða mannsins. En þegar á allt er litið er orka hjartastöðvarinnar og sálarinnar samt sem áður óendanlega miklu máttugri en orka sólarplexusstöðvarinnar eða persónuleikans. Orku hjartastöðvarinnar og orku sálarinnar hefur um aldaðir skort næm starfstæki í heimunum þrem.

Að vissu leyti einfaldar þetta vanda lækandans, því að það fyrsta sem hann þarf að ákvarða er hvort orka sálar eða persónu sé ráðandi; mjög auðvelt er að fá úr því skorið. Lífsstefna sjúklingsins, lífshættir hans eða hvað hann leggur af mörkum, skapgerðareinkennin sem hann birtir, allt þetta gefur vísbendingar um þau máttaröfl sem ráða hinni raunbirtingu. Sé maðurinn sannur leitandi, sem á meðvitaðan hátt leitast við að þræða braut lærisveinsins, mun hann auðvelda úrskurðinn með því að viðurkenna það hreinskilnislega; sé aftur á móti engin svörun frá kröftum persónuleikans við áhrifum frá sálarorku lækandans, þá verður persónuleikinn ekki var við tækifærið og er algerlega óvitandi um áhrifin. Lækandinn getur því auðveldlega gert sér grein fyrir stöðunni.

Þetta lögmál er langt og inniheldur mjög mikilvægar staðhæfingar. Við munum njóta góðs af því að rannsaka þær gaumgæfilega og komast þannig að raun um gildi þeirra og sanna merkingu; sá skilningur verður að vera skilningur vígsluhafans en ekki hins almenna eða óupplýsta manns. Við munum því taka hverja setningu fyrir sig og leitast við að nálgast merkingu hennar. Í þessu lögmáli eru sjö staðhæfingar. Margt sem í þeim felst þekkið þið í útræðum skilningi, en hægt er að skoða þær í ljósi lækningarlistarinnar.



1. *Allt er orka, því Guð er Líf.*

Þetta er mjög viðtæk alhæfing sem getur gefið vígsluhafanum mikið til kynna en segir hinum almenna hugsanda örugglega mjög lítið. Fyrir hann merkir líf einfaldlega það sem veldur birtingu forms, viðheldur tilveru þess og sýnir stöðugt fram á tilvist sína með einhvers konar starfsemi eða virkni, eða að starfsemin sýni fram á eiginleika lífsins. Við notum aftur á móti ranglega hugtakið *að vera lifandi* um hæfni forms til að myndast og tjá eiginleika sína og eðli. Líf og eiginleiki eru samt til án tengsla við form og geta oft náð mikilli tjáningu og nytsemd eftir að lögmál dauðans hefur unnið sitt starf.

Staðreynd guðdómsins og guðlegs uppruna er sönnuð með staðreynd lífsins. Oft er lítið fram hjá þessu og áhersla lögð á staðhæfinguna, að líf kalli fram og viðhaldi formi sem bindur við sig eigindir lífsins og sýnir fram á að tilvera þess sé staðreynd.

Það er líf hinnar einu Uppsprettu allra raunbirtra forma sem skapar skyldleika og eðlislæga eiginleika. Þó að þessu sé stöðugt haldið fram hefur það enn enga merkingu fyrir flestum. En þegar menn fara að skynja og viðurkenna Guð sem orku og sig sjálfa sem brot af þeirri orku og byrja að vinna vísitandi með orku og skilja mismun í tíma og rúmi á orku og kröftum, þegar sálin verður virkari í starfi, munu menn skilja staðreynd lífsins á nýjan og næstum því ógnvænlegan hátt. Hafa skal í huga að sálin er afleidd orka sem sannar tilveru frumorkunnar og ræður birtingu þriðja forms orkunnar – hins áþreifanlega og hlutræna. Um síðir verður lítið svo á, að sálin geti kallað fram lífið til viðhalds forminu. Hér er að finna vísbendingu sem lýtur að almennu viðfangsefni okkar.

Allt fram til okkar tíma hafa menn ekki skilið á hagnýtan hátt aðferðina – antahkarana og beitingu andlega viljans – til að ná sambandi við eðlisþátt lífsins. Nú á tímum eru fáeinir

nemar í heiminum að rannsaka fyrstu vísbendingarnar er snerta notkun vitundarbrúarinnar (antahkarana) og tilgang hennar í tengslum við persónuleikann og andlegu þrenndina. Þeim mun fara fjölgandi eftir því sem persónuleiki og sál ná að tengjast og blandast og fleiri taka vitundarvígslu. *Tilgangurinn* fyrir tilveru fjórða lífríkis náttúrunnar (sem miðlara fyrir æðri andlega orku til lægri lífríkjanna þriggja) mun þar af leiðandi byrja að koma í ljós og menn munu (sem heildi) fara að vinna að því að „frelsa“ – dulfræðilega að sjálfsögðu – þessa aðra lífhópa. Stórheimurinn með markmið sín og hvatningu, mun í fyrsta sinn byrja að endurspeglast í mannkyninu á nýjan og máttugri hátt og það mun sjálft verða stórheimur fyrir hin lægri stig meðvitaðs lífs – dýraríkið, jurtaríkið og steinaríkið.

Allt er þetta mikill leyndardómur, en aðeins vegna þess að þróun fjórða lífríkisins er svo skammt á veg komin. Víkið var frá upprunalegum markmiðum þróunarinnar. Mannkynið gat samt sem áður ekki uppgötvað og raunbirt verkefni sitt og þjónustusvið fyrir en þessi æðsti eðlisþáttur, eðlisþáttur viljans, hafði raunbirst á meðvitaðan hátt með byggingu og hagnýtingu antahkarana. Eðlisþáttur lífsins getur streymt eftir regnbogabrúnni, Kristur vísaði til þessa þegar hann lýsti því yfir að hann hefði komið, svo að á Jörðinni mætti verða „líf í ríkulegri mæli.“ Þar hefur alltaf verið líf, en þegar hin geislandi Krists-vitund er fyrir hendi (eins og reyndin er nú á tímum, þótt í smáum mæli sé) og fjöldi þeirra sem birta hana er mikill, má draga þá ályktun að antahkarana sé tryggilega byggð. Regnbogabrúin er þá nothæf og lífsgnótt getur einnig streymt á nýjan knýjandi og hvetjandi hátt í gegnum mannkynið til lægri lífríkja náttúrunnar. Þetta er vitnisburður um guðdóminn og áberandi sönnun um guðlegan uppruna mannsins og von, björgunarvon, heimsins.

Orkan og kraftarnir til samans mynda samheild alls sem er.

Þetta eru önnur alkunn sannindi sem dulræn vísindi byggjast á og lækningarlistin verður að viðurkenna. Það er enginn annar skapaður hlutur til í birtingu. Sjúkdómur er sjálfur ákveðið form virkrar orku er birtist í kröftum sem eyða eða valda dauða. Ef grundvallarforsenda okkar er rétt, þá er sjúkdómur einnig visst form guðlegrar tjáningar, því það sem við skynjum sem illt er einnig andhverfa þess sem við nefnum gott. Gerum við lítið úr viðfangsefni okkar eða gefum ranga mynd ef við lítum á hið illa (í það minnsta hvað sjúkdóma varðar) sem hið góða á villigötum eða illa aðhæft aðstæðum? Myndu þið misskilja mig ef ég segði, að sjúkdómur væri orka sem virkar ekki eins og til er ætlast eða samkvæmt áætluninni? Innstreymandi orka kemst í samband við krafta og afleiðingin er góð heilsa, sterkbyggð og vel aðhæfð form og lifandi virkni; þessi sama innstreymandi orka getur samt sem áður komist í samband við þessa sömu krafta og mótstöðufloður myndast sem veldur veikindum, sársauka, þjáningum og ef til vill dauða. Orkan og kraftarnir eru áfram af hinu sama guðlega eðli, en sambandið sem myndast hefur valdið vanda. Ef þessi setning er íhuguð gaumgæfilega verður augljóst að slíka skilgreiningu er hægt að nota um alla erfiðleika og að það sem endanlega ræður ástandinu (hvort sem það er gott eða slæmt) er eðli samskiptanna. Þessi staðhæfing er ein sú mikilvægasta í öllum ykkar hugleiðingum.

2. *Í manninum mætast tvær orkutegundir, en aðrar fimm er þar einnig að finna. Hver þeirra hefur sinn megin tengipunkt.*

Orkutegundirnar tvær sem mætast í manninum eru hinir tveir meginþættir mónadsins, hins Eina í raunbirtingu. Raunbirting mónadsins er í eðli sínu tvígreind; hann birtir sig sem vilji og kærleikur, eða atma-búddhi. Þegar þessar tvær orkutegundir komast í snertingu við hugann, þriðja meginþátt

guðdómsins, mynda þær sálina og síðan hinn ápreifanlega raunbirta heim. Þá má sjá á plánetunni vilja, kærleik og huga eða vitsmuni, eða atma-búddhi-manas.

Pegar sálin festir sig í sessi sem vitund og líf mannsins, leggur maðurinn fram þriðja þáttinn sem er dulinn eða karmískt til í öllu efni: manas eða hugur, hann er erfður eða áskapaður í efni frá fyrra sólkerfistímabili. Í því sólkerfi þróuðust vitsmunir og voru geymdir í efninu í þeim tilgangi að mynda grundvöll þróunarinnar í þessu sólkerfi, sem er hið annað í röðinni. Gleymið ekki, að sjö heimar sólkerfis okkar mynda til samans sjö sviðsstig kosmíska efnissviðsins og að andi er þess vegna efni á sínu æðsta tjáningarstigi og efni er andi á lægsta stigi. Líf greinist í vilja og kærleik, í miklar hvetjandi orkutegundir sem eru grundvöllur þróunarinnar í heild sinni og móta hina óhjákvæmilegu fullkomnun hennar.

Atma-búddhi binst sem orka í starfstæki sálarinnar, sálarlótusnum og samtvinnuð virkni þeirra kallar fram viðbrögð frá efni hugarsviðsins sem leggur þá fram sinn eigin skerf. Viðbrögð þess mynda það sem við nefnum æðri huga, en hann er í eðli sínu svo fingerður og svo óljóst útstreymi, að hann verður óhjákvæmilega að tengjast æðri eðlisþáttunum tveim og verða hluti af andlegu þrenndinni. Iðuhvirfill kraftanna, sem myndast hefur vegna áhrifa frá hinum guðlega vilja, er birtir guðlegan tilgang og er sameinaður verundinni (sem einkenni en ekki eiginleiki), myndar sálarlótusinn, starfstæki hinnar „sérgreindu sálar“ sem hin þriðja afleiðing áhrifa atma-búddhi á heimana þrjá hefur hrifið til lífstjáningar; lægri hlutstæði hugurinn og mennskir vitsmunir koma fram á sjónarsviðið. Það er því sérkennileg líking milli hinna þriggja guðlegu meginþátta í raunbirtingu og hins andlega manns á hugræna sviðinu. Hliðstæðan er eftirfarandi:

Mónadinn..... Óhlutstæður hugur.

Sálin..... Sálarlótusinn.

Persónuleikinn..... Lægri- eða hlutstæður hugur.

Þessi óræða sértekning, mónadinn, virðist lengi vel ekki vera á neinn hátt tengdur sálinni og persónuleikanum; þetta tvennt hefur verið og er upptekið við það verkefni að stofna til náins samruna eða sameiningar, þegar það er tímabært og samkvæmt þróunarhvötinni. Óhlutstæði hugurinn er einnig um óralangan tíma eitthvað sem ekki er hægt að gera sér neina grein fyrir og liggur utan við tjáningarmáta og hugsanir mannsins sem er kama-manasískur (eða tilfinningar og lægri hugur) og að lokum sál og lægri hugur (eða ljósgjafinn og miðlari ljóssins). Þessar hliðstæður geta verið mjög upplýsandi sé þeim gefinn tilhlýðilegur gaumur.

Í mannum höfum við því rótfasta tvo megin orkustrauma; annar þeirra er óþekktur og nefnist NÁVISTIN, hinn er þekktur og nefnist Engill NÁVISTARINNAR. Þeir eru sálin (sólarengillinn) og mónadinn. Annar felur í sér mónadgeislann og hinn felur í sér sálargeislann, báðir hafa virk eða dulin mótandi áhrif á persónuleikann.

Hinir fimm orkustraumarnir eru geisli hugans eða hinn mótandi kraftur huglíkamans; geisli tilfinningalífsins og geisli efnislíkamans, ásamt fjórða geislanum sem er geisli persónuleikans. Í fornu riti er sagt að geisli efnislíkamans „flæði á dulfræðilegan hátt upp á við í átt til sambræðslu, en allir hinir streymi niður á við.“ Geisli persónuleikans er afleiðing eða árangur allra hinna fjölmörgu jarðvistarskeiða. Við höfum því:

1. Mónadgeislann.
2. Sálargeislann.
3. Geisla hugans.

4. Geisla tilfinninganna.
5. Geisla efnislíkamans.
6. Geisla persónuleikans.
7. Geisla plánetunnar.

Geisli plánetunnar er alltaf þriðji geislinn, geisli virkra vitsmuna, þar sem hann ræður Jörðinni og er mjög máttugur og gerir manningum kleift að „inna starf sitt af hendi í efnislegum lífheimi plánetunnar.“

Ég hef aðeins vikið lauslega að þessum geislum annars staðar og hef lítið rætt um geisla plánetunnar; ég hef lagt áherslu á annars konar greiningu á hinum mótandi geislum og í þeirri greiningu hef ég aðeins skoðað fimm geisla sem hafa hagnýtt notagildi fyrir manninn, en þeir eru:

1. Sálargeislinn.
2. Geisli persónuleikans.
3. Geisli hugans.
4. Geisli tilfinninganna.
5. Geisli efnislíkamans.

En þegar antahkarana er byggð og þróuð, verður einnig að taka tillit til mónadgeislans og þar á eftir er nauðsynlegt að þekkja geislann sem er pólarandstæða hans, „lífsmátt“ plánetunnar, þriðja geislann. Hér hef ég látið ykkur í té mjög mikilvægt atriði. Allar þessar orkutegundir taka virkan þátt í lífshlaupi sérhvers manns og lækningandinn getur ekki horft framhjá þeim, jafnvel þótt þessar upplýsingar séu tiltölulega gagnslausar nú á tímum.

3. *Árekstrar milli orku og krafta og kraftanna innbyrðis valda líkamskvillum mannsins.*

Þið takið eftir, að samkvæmt þessu lögmáli verða sjúkdómar til á tvennan hátt:

1. Með árekstrum orku og krafta.
2. Með árekstrum kraftanna innbyrðis.

Á yfirborðinu er ljóst að búast má við slíkum tvígreindum átökum. Undir fyrri liðinn falla þau átök sem verða í lífi persónuleikans, þegar sálin beinir athygli sinni á ákveðinn hátt að starfstækjum sínum og gerir tilraun til að ná yfirráðum. Því ákveðnari sem persónan er að gefa persónuleika sinn á vald sálinni, þeim mun harðari verða átökin og verri líkamleg heilsa sem afleiðing. Undir þennan lið fellur meiri hluti sjúkdóma lærisveina og launspekinga, þeir sem tengjast aðallega taugunum og hafa oft áhrif á hjartað eða blóðrásina. Í flestum tilvikum takmarkast þeir við svæðið ofan þindar, eða þau svæði sem höfuðstöðin, hjartastöðin og hálsstöðin ráða. Einnig má nefna nokkur tilfelli sem segja má að lendi á mörkum svæða, en þau takmarkast við afleiðingar af flutningi orku (vegna áhrifa frá sálinni) frá sólarplexusstöðinni til hjartastöðvarinnar og markalínan sem um er að ræða er einfaldlega þindin.

Undir þennan fyrri lið falla einnig þeir erfiðleikar sem koma til dæmis fram, þegar orka geðlíkamans hefur áhrif á krafta etherlíkamans og veldur tilfinningaróti. Með því veldur hún alvarlegum sólarplexus erfiðleikum sem leiða til truflana í meltingarfærum og lifur. Allir þessir erfiðleikar eru afleiðingar átaka milli orku og krafta. Að þessu sinni get ég aðeins gefið vísbendingar um þá erfiðleika sem tengjast ofangreindum tveim liðum; efninu er ekki hægt að gera nægileg skil í þessari stuttu umfjöllun minni.

Undir seinni liðinn, sem tekur til átakanna milli kraftanna innbyrðis, falla erfiðleikar sem tengjast etherlíkamanum. Um er að ræða krafta stærri og minni orkustöðvanna, samband

þeirra sín á milli og innri svörun við áhrifum frá orku sem upptök á utan etherlíkamans. Þessir kraftar og samspil þeirra eru valdir að almennum sjúkdómum mannsins og til þeirra má rekja þær truflanir sem verða á starfsemi líffæra og á svæðum efnislíkamans umhverfis umræddar orkustöðvar. Þessi þáttur er í raun megin áhrifavaldurinn fyrir allan almenning til lengri tíma litið, eða þar til sá tími kemur að sálin „beinir athygli sinni“ að þeim sem hrifsað hefur til sín yfirráðin yfir starfstækjum hennar í heimunum þrem. Þessir erfiðleikar, sem eru afleiðingar af samspili orkustöðvanna, greinast í þrjá undirflokkar, og rétt er að veita þeim vandlega athygli:

1. Samspilið á milli:

- a. Orkustöðvanna ofan þindar, þ.e.a.s. höfuðsins, hálsins og hjartans og einstöku sinnum ennisstöðvarinnar.
- b. Orkustöðvanna neðan þindar og samband þeirra hver við aðra.

2. Sambandið milli vissra orkustöðva, eins og gerist samkvæmt lögmáli umbreytingar, eða starfið sem felst í því að lyfta kröftum einnar orkustöðvar til annarrar.

- a. Frá kynorkustöð til hálsstöðvar.
- b. Frá sólarplexusstöð til hjartastöðvar.
- c. Frá mænurótarstöð til höfuðstöðvar.

3. Áhrif „orkunnar“ (takið eftir orðalagi mínu sem er tæknilega nákvæmt) frá orkustöðvunum ofan þindar á orkustöðvarnar neðan þindar.

Þessi áhrif eru gagnstæð þeim sem verða þegar kröftum neðan þindar er lyft upp til orkustöðva ofan þindar. Í þessari þriðju grein samskipta höfum við dæmi um áhrifamátt segulkrafts, en í hinum má sjá tjáningu geislunar. Á vissu stigi þróunar er þetta tvennt nátengt.

Í öllum þessum samskiptum er hugsanlegt að erfiðleikar geti



valdið óæskilegum áhrifum á líffærin sem eru á viðkomandi svæði. Oftast er maðurinn alveg ómeðvitaður um það sem er að gerast í byrjun atburðarásarinnar þegar tenging myndast milli orkustöðvanna ofan þindar og neðan. Þá er hann einfaldlega fórnarlamb örvunarinnar sem ein orkustöð veldur þegar hún geislar frá sér orku til viðtökustöðvar; eða hann er fórnarlamb orkuskorts (sem leiðir af sér margs konar sjúkdóma) þegar orkustöðvarnar bregðast við örvuninni. Allt snýst þetta um jafnvægi, en það er það sem hinn skynsami maður og andlegi leitandi verða að leggja sig alla fram við að ná.

Við komum nú að afar óljósri og tvíræðri staðhæfingu sem af ásetningi er sett þannig fram:

*4. Átök hinnar fyrstu og annarrar vara um aldir, þar til fjallstindinum er náð – hinum fyrsta mikla fjallstindi.*

Hér er með óljósum hætti (og það aftur af ásetningi) vísað til átakanna milli orkunnar ofan þindar – sem venjulega er komin frá sálinni á hennar eigin sviði – og kraftanna neðan þindar. Þetta eru mikil og langvarandi átök; þau hefjast þegar sólarplexusstöðin verður ráðandi og máttug og veldur kreppu eins og á Atlantistímanum. Slík kreppa verður nú á tímum vegna þess að allur þorri manna er enn atlantískur í vitund og lætur stjórnast af tilfinningum. Þegar fram líða stundir byrjar sólarplexusstöðin, frá dulfræðilegu sjónarmiði séð, að stafa frá sér geislunaráhrifum sem svar við seiðandi „kalli“ hjartastöðvarinnar. Við fyrstu vitundarvígsluna myndast fyrsta mikla samspilið milli þeirra tveggja og fyrsta samhæfða starfsemi þeirra hefst. „Hið efra er nú tengt hinu neðra, en hið neðra glatar sérkenni sínu í hinu efra,“ eins og segir í skýringarritinu forna *Old Commentary*. Móðirin er horfin sýnum vegna þess að Kristsbarnið er nú miðja athyglinnar. Sálin tekur völdin og leiðir nú leitandann frá einum fjallstindinum til annars.

Við fyrstu vígsluna og í vaxandi mæli við allar vígslur, verða mikil átök milli orku og krafta; sálarorka streymir inn í etherlíkamann og allar orkustöðvarnar verða að „átakasvæði,“ en þó ein orkustöð í meira mæli en aðrar. Átökin eru ekki lengur „milli kraftanna innbyrðis,“ heldur eru þau nú á milli orkunnar og kraftanna, það er þetta sem veldur því að prófraunirnar fyrir vígslu eru svo krefjandi og valda svo mörgum sjúkdómum hjá þeim sem hafa tekið, eða eru að búa sig undir að taka fyrstu og aðra vígsluna. Þetta er einnig ástæðan fyrir sjúkdómum dýrlinganna!

Seinna verða til hin miklu vísindi orkustöðvanna og þau munu varpa ljósi á þetta flókna vandamál; sá tími er þó ekki enn kominn. Ef þessi vísindi væru kennd opinberlega nú á tímum, yrði afleiðingin sú, að hugsanir manna beindust að tilvist orkustöðvanna og svæðunum sem þær ráða, en ekki að orkunni sem streymir í gegnum þær. Efniviður orkustöðvanna yrði fyrir skaðlegri og óæskilegri örvun eða veiklun og sjúkdómar fylgdu í kjölfarið. Lögmálið, að „orka fylgir hugsun,“ er ætíð í fullu gildi og sú orka getur annaðhvort verið í formi geislunar eða segulmögnunar, en hún má ekki stöðvast í einhverri orkustöð. Hinum sönnu vísindum orkustöðvanna verður ekki leyft að opinberast fyrir – og alls ekki fyrir – en menn þekkja að minnsta kosti frumatriðin við stjórn hugans og hvernig bregðast á við áhrifum frá orkuinnstreymi.

5. *Átökin milli kraftanna valda öllum sjúkdómum, veikindum og líkamssársauka sem dauði leysir frá.*

Hér er að finna athyglisverðan greinarmun sem rétt er að taka eftir. Þegar dauða ber að er hann afleiðing tveggja þátta:

1. Átakanna milli kraftanna, en ekki milli orku og krafta. Vettvangur átakanna eru etherlíkaminn og efnislíkaminn,

engin orka kemur utan frá, til þess er maðurinn of veikur.

2. Hvarfi lífsviljans. Sjúklingurinn hefur gefist upp; hin innri barátta er honum ofviða; hann getur ekki kallað til neina ytri orku til að berjast gegn hinum stríðandi kröftum og er kominn á það stig að hann kærir sig ekki um það.

Þessir tveir þættir dauðastríðsins eru til marks um örlög sjúklingsins og ættu ekki að fara fram hjá lækndanum. Þegar hann verður þeirra var, mun hann beita hæfni sinni til að aðstoða manninn við hin miklu umskipti en mun ekki freista þess að reyna lækningu. Dyrnar sem hin lífgefandi orka streymir inn um eru innsiglaðar; ekkert kemst í gegn til að hjálpa lækndanum í starfi sínu og átökin milli kraftanna – sem eru almenns eðlis eða takmörkuð við hörð átök á vissu svæði – valda svo miklu viðnámi að hvergi er neina von að finna nema í dauðanum. Benda má á, að í þessari staðhæfingu vísar orðið *sjúkdómur* til viðnámsstaðarins eða hins alvarlega sjúka svæðis; *veikindi* vísa til almennrar svörunar mannsins við hinu sjúka svæði og veiklunarinnar sem sjúkdómurinn veldur og orðið *líkamssársauki* vísar til óþægindanna þar sem sjúkdómurinn er og segja til um eðli vandans. Öll orðin í lögmálunum og reglunum eru valin af gaumgæfni, jafnvel þó að þau séu ekki nægilega góð frá sjónarhóli þýðandans þá er þeim ekki ofaukið, heldur tjá þau aðra merkingu.

6. *Tveir, fimm og þannig hinir sjö, ásamt því sem sameining þeirra myndar, geyma lykil leyndardómsins.*

Þessi upptalning er nokkurs konar niðurstaða þess sem áður hefur verið sagt og einföldustu merkingu hennar, þeirri sem kemur lækndanum að mestu gagni, má lýsa á eftirfarandi hátt:

Læknandinn verður að hafa í huga staðreyndina um tilveru hinna tveggja megin orkutegunda í öllum persónum, geisla sálar og persónu. Þá verður hann að hafa hugfast, að til viðbótar þeim verður hann að bæta þremur mótandi geislum: geisla hugans, geisla geðlíkamans og geisla efnislíkamans, sem til samans gera þá fimm sem að ofan greinir.

Þessi upptalning er nægileg fyrir meðalmanninn og allt venjulegt fólk. Sé sjúklingurinn aftur á móti mjög þroskuð persóna er önnur upptalning við hæfi; nauðsynlegt er þá að bæta við tveimur orkutegundum sem eru þá fyrir hendi í einhverjum verulegum mæli. Það eru geisli mónadsins og geisli plánetunnar, sem er þriðji geislinn. Þegar plánetugeislinn er mjög virkur eru áhrif hans máttug (en þá er um er að ræða mjög þroskaðar persónur og þá sem náð hafa háu stigi almennrar samhæfingar); með plánetugeislanum streymir inn plánetuprana af miklum krafti og slíkt má hagnýta til lækninga. Ein ástæða þess að almennt heilsufar þroskaðra einstaklinga er venjulega mjög gott er sú, að prönuorka frá plánetunni getur flætt óhindrað um lífkerfin. Meistarinn sem hefur tiltölulega fullkominn líkama, reiðir sig á þessa orku til að viðhalda góðri heilsu. Þetta eru að sumu leyti nýjar upplýsingar og munu virka bæði einfaldar og rökréttar þegar menn hafa fengið skilning á þeim. Orðin, „sem sameining þeirra myndar,“ merkja í þessu tilviki og fyrir læknandanum, hið ytra áþreifanlega form; til eru aðrar merkingar, en ekki er þörf á að fjalla um þær hér.

„Leynardómurinn,“ sem minnst er á, er opinberun þess með hvaða hætti hægt er að viðhalda góðri heilsu. Það er ekki leyndardómurinn hvernig lækna á efnislíkamann þegar um „líkamskvilla“ er að ræða. En það er til leyndardómur góðrar heilsu sem allir vígsluhafar þriðju vígslunnar þekkja; og geta

einfaldlega nýtt sér ef þeir svo kjósa. Þeir munu þó ekki alltaf kjósa að nýta sér þessa þekkingu, nema því aðeins þeir séu að vinna að einhverjum öðrum þáttum í áformi Guðs en þeim er snerta mannkynið. Ef þeir dvelja meðal þeirra sem eru að vinna að því að þroska vitund mannsins og eru verkamenn sem starfa fyrir og meðal mannkynsins, þá kunna þeir að þekkja leyndardóminn en velja samt sem áður að hagnýta sér það ekki, vegna þess að þeir finna hjá sér þörf til að samlagast mannkyninu algerlega; þeir kjósa því að deila vitandi vits með mönnum allri mannlegri reynslu og deyja með sama hætti og aðrir menn almennt gera. Að baki allri raunbirtingu liggur hugtakið samsömun í allri sinni vídd; það er samsömun við eða á milli anda og efnis, sem er leyndardómur guðlegrar birtingar. Eins og þið vitið er ein af meginorsökum sjúkdóma sú, hve auðveldlega menn samsama sig formþættinum (með öllum sínum mörgu staðbundnu *kröftum* – staðbundnum innan takmörkunarrings persónuleikans). Maðurinn lætur hjá líða að samsama sig þeim sem myndar formið, hinum sanna andlega manni, og *orkunni* sem hann leitast við að stjórna og krefst að fá að stjórna síðar á þróunarbrautinni.

Hér er einnig að finna leynilega merkingu sem tengist geislunum sjö eins og þeir birtast í ríki mannsins. Þekking á þessum leyndardómi gerir meistara kleift að halda farsóttum og útbreiddum sjúkdómum í skefjum; en þetta atriði snertir ykkur ekki að sinni. Í þessu sambandi má minnst á, að hin tiltölulega litla útbreiðsla nú á farsóttum og plágum, sem venjulega fylgja í kjölfar styrjalda, er að hluta til að þakka hagnýtingu Helgivaldsins á þessum sjögreinda leyndardómi, ásamt vísindalegri þekkingu mannkynsins sjálfs.

Í þessu sambandi mætti einnig minnst á annað atriði (en það geri ég eingöngu vegna þess að það er áhugavert), en það er að tveir embættismenn Helgivaldsins – Mahachohan og fulltrúi hans á sjöunda geislanum – hafa þennan leyndardóm í heild á

valdi sínu og þeim til aðstoðar við að hagnýta þessa þekkingu eru fimm meistarar. Þessir fimm meistarar vinna að mestu með tívaþróuninni, í þessu sérstaka tilviki með lækningartívunum, en eins og þið vitið, þá tengist sú þróunarleið eðlisþætti formsins. Til aðstoðar þessum sjö meðlimum Helgivaldsins er einn af búddhum athafnarorkunnar og einnig fulltrúi Anda jarðarinnar. Hér höfum við því tvo, fimm og þannig hina sjö – önnur talning sem til samans gerir níu, en það er tala vígslu. Með þessu sambandi talnanna kemst maðurinn á það stig að hann er „vígður inn í ríki fullkominunar og þekkir ekki frammar þjáningar og sársauka, og huga hans er þannig beint frá því sem er neðar hinu efra.“

Ég hef minnst á þennan þátt í samskiptum mannkynsins við sjúkdóma í þeim tilgangi að sýna ykkur hvað viðfangsefni okkar er órætt og dulfræðilegt og gef með því sjúklingnum réttari viðmiðun við það sem tekur til líkamlegra kvilla hans og jafnvel dauða.

### *7. Þetta er fimmta lögmál lækninga í heimi efnisformanna.*

Þetta fimmta lögmál á aðallega við fimmta eðlisþáttinn, hugann eða manas. Það er sá eðlisþáttur sem gerir manninn að því sem hann er; gerir hann að fanga formsins og plánetunnar og um leið varnarlausan og skotspón árása á formþáttinn; þetta er hluti hinnar aldalöngu baráttu góðs og ills. Það er þessi fimmti eðlisþáttur, þegar hann er undir stjórn og hagnýttur af syni hugans, sem er sonur Guðs, sem mun gera hinum andlega manni mögulegt að frelsa sig frá öllum formum og þar af leiðandi frá sjúkdómum og dauða.

Það hlýtur að vera augljóst að þegar lækningandinn þjálfar sig í lækningarlistinni verður hann að öðlast skýran og einlægan

skilning á vissum mjög einföldum en jafnframt dulfræðilegum staðreyndum:

1. Að lækning er einfaldlega og í eðli sínu meðhöndlun orku.
2. Að hann verður að greina vandlega á milli orku og krafta.
3. Að hann verður að læra að finna eins nákvæmlega og kostur er hvar sjúklingurinn er staddur í þróunarstiganum, ef hann sækist eftir raunverulegum árangri.
4. Að þekking á orkustöðvunum er bráðnauðsynleg.
5. Að hann sjálfur verður að vinna sem sál í gegnum persónuleikann.
6. Að samband hans við sjúklinginn er persónulegt, nema sá síðarnefndi sé háþroskaður.
7. Að hann verður að vita hvaða orkustöð ræður svæðinu þar sem mótstaðan er.
8. Að sjúkdómar og lækningar eru, eins og allt annað í dulvísindunum, hvort tveggja þættir í hinu mikla kerfi „samskipta“ sem ræður öllu í tilverunni.

Með því að taka þessi átta atriði, skoða þau og íhuga gaumgæfilega, leggur læknaandinn traustan grunn að öllu sínu starfi. Þau eru tiltölulega einföld og það er því augljóst að allir sem þess óska og eru fúsir til að uppfylla skilyrðin geta orðið lækendur. Hin ríkjandi hugmynd, að einhver sé „fæddur“ læknaandi og þar af leiðandi einstakur, segir í raun og veru aðeins það eitt, að þetta starf sé eitt af aðaláhugamálum hans. Vegna þessa áhuga hefur athygli hans, þar af leiðandi, beinst að lækningarlistinni og þá einnig að samskiptum við sjúklinga; hann uppgötvar þá, vegna hins ófrávíkjanlega lögmáls sem ræður hugsun, að orka fylgir hugsunum hans og flæðir í gegnum hann til sjúklingsins. Geri hann þetta af ásetningi fylgir lækning oft í

kjölfarið. Hver einasti hugsandi og kærleiksríkur karl eða kona getur orðið læknandi, hafi viðkomandi raunverulegan áhuga og finni hjá sér hvöt til að þjóna og það er kominn tími til að fólk átti sig á þessari staðreynd. Allt ferli lækningarinnar stjórnast af hugsun; það snýst um stjórnun orkustrauma eða brottnám þeirra. Þetta er önnur leið til að orða hugmyndina um lækningu með útgeislun og segulmögnun. Sérhver vígður maður er læknandi og því þroskaðri sem hann er þeim mun minna fæst hann um smáatriði orkustöðva og krafta eða orku og stjórnun hennar. Hann lækna ósjálfrátt, eins og dæmi er um með vígsluhafann Pétur; við lesum um hann, að „þar sem skuggi Péturs féll læknuðust allir.“

Meginmismunurinn á læknum, sem sjá má á tímabilinu (en þar er um að ræða þúsundir ára) milli þeirra lækna sem skemmra eru á veg komnir og þeirra lækna sem greint er frá hér að framan, er sá að þeir læknum, sem eru hvort tveggja í senn þjálfaðir og virtir lækna og andlegir læknum, munu hafa mikla yfirburði yfir hina óþjálfuðu læknum, vegna þess að sjúkdómsgreiningar þeirra eru réttari og sjónmyndunarhæfileiki þeirra verður meiri, þar sem þeir hafa með þjálfun kynnst vel uppbyggingu líkamans og hafa góða kunnáttu í meinafræði. Enn um langa framtíð er hinum andlega lækna ráðlegt að starfa ætíð í samvinnu við þjálfaðan lækni. Læknum mun sjá um að veita nauðsynlega dulfræðilega þekkingu. Sá tími ætti að vera liðinn, að sérhver góður, vingjarnlegur og andlega þenkjandi maður geti farið að starfa sem lækandi; undanfari alls lækningarstarfs ætti að vera áralangur lærdómur um eðli orku, geislagerðir og orkustöðvarnar; að minnsta kosti þrjú ár ætti að nota í þessu skyni. Þegar bætt er við vísindalegri þekkingu hins þjálfaða læknis sem útskrifast hefur úr bestu læknaskólum okkar, verður um að ræða nýja og mun betri meðhöndlun mannlíkamans en nú er kostur. Hefðbundin og dulfræðileg þekking hans og hæfni til sjónmyndunar og



til stjórnunar á hugsanastraumum verður þá raunveruleg og áhrifarík í gagnlegu starfi.

Reglan sem tengist fimmta lögmálinu skýrir hvers vegna þessi dulfræðilega þekking er nauðsynleg, því hún setur skýrt fram viss grundvallaratriði.

### 3. regla

Lát lækmandann safna saman þeirri orku sem nauðsynleg er innan viðeigandi orkustöðvar. Lát þá orkustöð samsvara þeirri orkustöð sem þarfnast aðstoðar. Lát þær tvær samstillast og saman magna kraft. Þannig mun formið sem bíður ná jafnvægi í starfsemi sinni. Þannig munu hinir tveir og hinn eini, með rétttri stjórn, lækna.

Þessi regla gerir ráð fyrir þekkingu á orkustöðvunum, en eins og þið vitið er þessi þekking enn á frumstigi; í flestum tilvikum er aðeins staðsetning orkustöðvar þekkt. Slíkt er þó nægilegt, sérstaklega þegar um óþjálfaða lækendur er að ræða. Of mikil þekking í smáatriðum sem lúta að uppbyggingu, ástandi og næmni orkustöðvar væri lækndanum aðeins til trafala, því að hugsanir hans myndu þá beinast að smáatriðum formsins í stað orkunnar og hreyfinga hennar.

Reglan gerir þá kröfu til lækmandans, þegar hann hefur náð samstillingu við sálina og tengst sálarorkunni (og gert sjálfan sig þar með að farvegi fyrir andlegan kraft), að hann beini orkunni að þeirri orkustöð sinni sem samsvarar orkustöðinni í líkama sjúklingsins er ræður svæðinu þar sem mótstaðan er. Til dæmis, ef sjúkdómurinn eða kvillinn tengist maganum eða lifrinni, þá mun lækandinn beina sálarorku sinni að sólarplexusstöðinni sem er í ethermænunni. Ef sjúklingurinn þjáist af hjarta- eða lungnasjúkdómum mun lækandinn nota hjartastöðina, en

hálsstöðina ef um er að ræða sjúkdóma í barka, munnholi eða eyrum.

Tvö atriði sem snúa að lækndanum sjálfum verða því mikilvæg í þessu sambandi:

1. Hann verður að vita eins nákvæmlega og kostur er hvar hann er staddur á þróunarbrautinni, því það gefur honum til kynna hæfni hans sjálfs eða vanhæfni til að fást við einhverja af orkustöðvunum eða þær allar. Læknandinn verður að hafa vakið orkustöðvar sínar að einhverju leyti til að geta hagnýtt þær í lækningarstarfi og hann verður að geta stillt orkuna vitandi vits og með mætti hugsunar í hvaða orkustöð sem hann kýs. Það þýðir þó ekki að allar orkustöðvarnar þurfi að vera vaknaðar og raunverulega virkar. Það þýðir á hinn bóginn (ef hann á annað borð á að vera fær um að lækna), að hann sé ekki takmarkaður við að geta eingöngu notað orkustöðvarnar neðan þindar, heldur geti með notkun andlega viljans, beint hugarorkunni inn í æðri orkustöðvarnar. Margir andlegir leitendur eiga auðveldara með þetta en þeir sjálfir gera sér grein fyrir.
2. Þegar læknandinn beinir orku inn í einhverja orkustöð, áður en hann beinir henni að samsvarandi orkustöð í líkama sjúklingsins, má ekki vera nein hætta á því að persónuleiki hans sjálfs verði fyrir oförvun. Þetta atriði er mjög mikilvægt. Mjög mikill hluti sjúkdóma venjulegs fólks tengist kviðarholinu, sem gerir það að verkum að læknandinn þarf stöðugt að vera að nota sólarplexus orkustöð sína; það gæti stuðlað að alvarlegu ástandi, ofurtilfinningasemi og jafnvel bráðum geðrænum sóttþita hjá lækndanum. Þá yrði hann fórnarlamb sinnar eigin góðu fyrirætlunar og andlegu þjónustu, því afleiðingarnar yrðu slæmar hvað sem öðru liði; orka er ópersónulegur kraftur, algerlega ópersónuleg. Þrátt fyrir það sem tilfinningasamir dulspekingar halda fram,

eru hreinar hvatir, óeigingjörn þjónusta og góðvilji engin raunveruleg vörn. Þessar æskilegu dyggðir auka í raun og veru aðeins á vandann, því að þeim fylgir að sálarorka mun streyma inn af meiri krafti. Á síðustu stigum þjálfunarinnar fær læknandinn leiðbeiningar um hætturarnar sem fylgja, þjálfun í að meta möguleika með skynsamlegum hætti og kennslu í beitingu vísindalegra og tæknilegra aðferða til varnar. Enn sem komið er og af þeirri ástæðu að hætturarnar eru ekki svo miklar nú á tímum (sem stafar af vanmáttugum hugsunum fólks og vanhæfni þess til að stjórna hugarorku), felast helstu varnaradferðirnar í hæfni læknandans til að halda vitund sinni stöðugri í höfuðstöðinni með „stefnu augnatillitsins“ beint að orkustöðinni sem þarfnast orkunnar. Þessi aðferð felur í sér hæfni til að viðhalda tvískiptri athygli og að því verður læknandinn að stefna.

Það er á þessu stigi sem læknandinn greinir á milli þess hvort hann muni nota aðferð geislunar eða segulmögnunar. Aðferð geislunar lýkur þegar hann hefur beint sálarorkunni með stjórnunarmætti frá höfðinu (aðsetri sálarorkunnar) og krafti hugans að viðkomandi orkustöð. Geislunin hefur þá gengið í gegnum tvö stig:

1. Stigið þegar sálin geislaði orku inn í höfuðstöðina.
2. Stigið þegar læknandinn beinir geisla af orkunni frá höfuðstöðinni inn í „orkustöðina sem þarfnast aðstoðar;“ þar er hún innstillt og haldið stöðugri.

Frá þeirri orkustöð er komið á samstillingu við tilsvarendi orkustöð í líkama sjúklingsins; þetta gerist ekki þannig að læknandinn sendi geisla inn í orkustöðina, heldur með því að krafturinn í orkustöð læknandans kallar fram viðbrögð frá orkustöð sjúklingsins; hann virkar sem segull og vekur ákveðna geislun frá sjúklingnum. Þessi geislun „lýsir upp“ á

dulfræðilegan hátt, viðnámsstaðinn og umlykjandi svæði og gerir lækndanum því kleift – ef hann býr yfir dulskyggningáfu – að sjá skýrar hvar vandinn liggur og sjúkdómsgreiningin verður þannig nákvæmari. Venjulega er hinn andlegi lækandi háður sjúkdómsgreiningu þess læknis sem stundar sjúklinginn, sé hann ekki sjálfur í því hlutverki.

Nú hefur komist á samspil milli lækna og sjúklings á etherísku sviðsstigunum. Komist hefur á samband milli orkunnar í hinum samstilltu orkustöðvum og læknaandinn verður nú að ákveða hvort meðhöndlun eigi að felast í orkueyðingu eða orkuörvun. Hann verður því að ganga úr skugga um hvort orkustöð sjúklingsins sé of virk og þar af leiðandi hvort nauðsynlegt sé að nema á brott eitthvað af umframorku, eða hvort um orkuskort sé að ræða og nauðsynlegt sé því að efla orku stöðvarinnar.

Það er þó til þriðji möguleikinn, sem er hægivirkari, en í svo að segja öllum tilvikum æskilegri; hann felst í því að ná því jafnvægi á orkuna (milli lækna og sjúklingsins) sem heldur henni á svæði mótstöðunnar og gerir þannig náttúrunni sjálfri kleyft að lækna án aðstoðar. Þetta er aðeins mögulegt ef fullkomið samband er á milli sjúklings og lækna. Þá felst starf lækna og eingöngu í því að halda ástandinu stöðugu, fullvissa sjúklinginn um að hann geti treyst á sinn eigin innri mátt og að hvetja hann til að sýna þolinmæði á biðtímanum. Í þessu tilviki er lækningin varanlegri og þá er ekki um að ræða neitt tímabil þar sem sjúklingurinn verður fyrir sálrænu áfalli, sem getur gerst ef beitt er skyndilegri örvun eða róttækari eyðingu.

Við höfum rætt hér um hvernig læknaandinn notar með þrennum hætti stýrðan kraft, sem innstilltur er í orkustöðinni:

1. Til að beina umframorku úr of örvaðri orkustöð.
2. Til að örva með ákveðnum hætti orkustöðvar sjúklingsins.

3. Til að viðhalda því jafnvægi sem gerir sjúklingnum mögulegt að lækna af sjálfsdáðum.

Í fyrsta tilvikinu effir læknaandinn orkuna í eigin orkustöð vísitandi, þannig að hún verði sérstaklega segulmögnuð og nemi á brott umframorku úr orkustöð sjúklingsins. Í öðru tilvikinu sendir læknaandinn kraftmikinn geisla af sinni eigin orku inn í samsvarandi orkustöð í líkama sjúklingsins. Þetta er aðferð útgeislunar og er mjög áhrifarík. Í þriðja tilvikinu er komið á samspili sem viðheldur jafnvægi og effir stöðuga og eðlilega starfsemi í orkustöðinni sem ræður svæðinu þar sem sjúkdómurinn er.

Þið sjáið því hve þessar aðgerðir eru háðar ákvörðun læknaandans en þær eru tiltölulega einfaldar þegar skilningur á þeim er fenginn. Það er hér sem mistök geta átt sér stað og ég ráðlegg þeim, sem leitast við að vinna samkvæmt þeim aðferðum sem ég hef bent á, að fara sér hægt og viðhafa mikla aðgæslu, jafnvel þótt þeir eigi það á hættu að hafa engin áhrif og ná ekki neinum árangri. Betra er að hafa engin áhrif á sjúklinginn og ástand hans en að flýta fyrir dauða hans með mætti óhyggilegrar ákvörðunar, hugarorku og einbeitingu athyglinnar sem hefði í för með sér skyndilega eyðingu á nauðsynlegri orku eða örvun á orkustöð sem þegar er oförvuð og of virk.

Markmið hinna þriggja aðferða við að hjálpa sjúklingnum með beinni meðhöndlun viðkomandi orkustöðva er, þegar á allt er litið, að stuðla að eðlilegri og heilbrigðri virkni. Þetta er auðveldara þegar um er að ræða þroskaða persónu heldur en einstakling með orkustöðvar sem venjulega eru óvirkar og óvaknaðar. Í þeim tilvikum stafa erfiðleikarnir oftast frá starfsemi einhverrar af tuttugu og einni minni orkustöðvunum í líkama hans en síður frá einhverri af sjö meginorkustöðvunum og mun auðveldara er að hjálpa sjúklingnum með hefðbundnum aðferðum læknavísindanna en með nokkrum andlegum

lækningaaðferðum. Það er af þessari ástæðu að hinn andlegi læknandi hefur ekki verið nauðsynlegur fyrr en nú, né starf hans á nokkurn hátt verið mögulegt. Þetta stafar af hinni hröðu andlegu þróun mannkynsins, sem gerir mönnum nú í fyrsta sinn kleift að hagnýta sér þessi lögmál og reglur í verulegum mæli.

Í síðustu setningunni í þriðju reglu merkja orðin „hinir tveir og hinn eini“ það, að sameinuð orka lækandans – sálarorka innstillt í höfuðstöðinni og orka „orkustöðvarinnar sem þarfnast aðstoðar,“ að viðbættri orkunni í orkustöð sjúklingsins sem ræður svæðinu í líkama hans þar sem móttstöðuna er að finna – ráði lækningunni, ef það á fyrir sjúklingnum að liggja að lækna.

## VI. LÖGMÁL

*Þegar byggingarorka sálarinnar er virk í líkamanum ríkir heilbrigði, breint samspil og rétt virkni. Þegar byggjendur líkamans eru tungljöfrarnir og þeir sem vinna undir áhrifavaldi tunglsins og samkvæmt fyrirmælum hins lægra persónulega sjálfs, þá ríkja sjúkdómar, heilsuleysi og dauði.*

Hér er á ferðinni ákaflega athyglisvert lögmál, því að það fjallar aðallega um orsakir, fyrst og fremst orsakir sem meðalmaðurinn hefur ekkert meðvitað vald á, vegna þess að það bregður á dulfræðilegan hátt upp smækkaðri eða smáheimslegri mynd af alheimslegu eða stórheimslegu ástandi. Það fjallar í fáeinum setningum um heildarvandann af völdum hins illa, eða sársauka og þjáningu (hina miklu leyndardóma okkar litlu plánetu), en þær setningar hafa að geyma víðtækar vísbendingar.

Sjálfur einfaldleiki þessa mikla náttúrulögmáls hylur víðfeðmt gildi eðlislægra áhrifa þess. Innihald lögmálsins felst í eftirfarandi einföldum setningum, það er góð leið til skilnings að hluta það niður í skýrar og einfaldar staðhæfingar:

1. Þegar sálin ræður forminu ríkir góð heilsa.
2. Sálin er byggjandi formsins, hinn uppbyggjandi kraftur í birtingunni.
3. Það gildir jafnt um smáheiminn og stórheiminn.
4. Afleiðingin er heilleiki, rétt samskipti og rétt starfsemi.
5. Þegar sálin er ekki ráðandi og kraftar formeðlisins eru því ráðandi þættir, er heilsuleysi ríkjandi.
6. Byggjendur formsins eru „tungljöfrarnir,“ efnislegu, geðrænu og hugrænu formgervisverurnar.
7. Þær, í þrígreindri heild sinni, mynda persónuleikann.
8. Þær eru, dulfræðilega séð, undir áhrifum frá tunglinu, tákni formsins, oft nefnt „móðir formsins.“
9. Áhrifin sem stafa frá tunglinu fela í sér frá dauða og sjúkdóma, vegna þess að tunglið er „líflaus pláneta.“

Eins og þið sjáið komum við alltaf aftur að uppsprettu meginorkunnar sem ræður líkamanum. Sálin er uppspretta alls lífs og vitundar, en það eina sem hún gerir um óratíma er að viðhalda lífi og vitund formsins, þar til sá tími kemur að formið hefur náð því þróunarstigi, að það er orðið gagnlegt og hæft starfstæki (og mun verða það í vaxandi mæli) til afnota fyrir sálina sem tjáningarmiðill og þjónustutæki. Eiginleikar og eðli efnislíkamans ákvarðast af karma. Hann kann að vera heilbrigður vegna þess að hann hefur ekki verið misnotaður í því sérstaka lífi eða lífum sem móta núverandi æviskeið, eða óheilbrigður sem endurgjald ranginda. Góð heilsa þarf ekki endilega að vera háð meðvitunni sálarsambandi. Slíkt getur leitt til góðrar heilsu, en í meirihluta almennra tilvika er hún

einnig háð lífi og markmiðum persónuleikans – á þessu og fyrri æviskeiðum; það er ekki fyrr en vilji persónuleikans beinist að andlegum umbótum og hreinna lífi að sálin getur orðið að raunverulegu liði.

Þetta lögmál felur einnig í sér vísbendingar um það grundvallandi samband sem gerir hið þrígreinda form mannsins að óaðskiljanlegum hluta hinnar stórheimslegu heildar. Öll form allra lífríkjanna eru byggð af tungljöfrunum samkvæmt boði Plánetulogossins, sem vinnur í samvinnu við Anda jarðarinnar – samheild allra tungljöfra og hinna þriggja orkuefnisgerða sem mynda líkama efnis geðs og hugar. Hugmyndin að þessu sambandi Plánetulogossins og Anda jarðarinnar (samband Veru á andlegri þróunarleið við lífveru á efnislegrí þróunarleið) speglast í heimunum þrem (brengluð og undir áhrifum sýndarljóma) í sambandi sálarinnar og formgervisveru persónuleikans. Það er mjög gagnlegt fyrir læknaðann að gera sér grein fyrir því, að þegar hann vinnur að meðhöndlun sjúkdóma, er hann í raun og veru að meðhöndla líf á efnisþróunarleið og að reyna að starfa með formgervisverum. Hin eðlislæga tilhneiging formgervislífanna sem öll eru á efnislegrí þróunarleið, er að hindra og koma í veg fyrir tilraunir hans og tilraunir sálarinnar, því þetta er – fyrir þeim – þeirra þróunarleið, sem um síðir mun færa þau yfir á andlegu þróunarleiðina.

Þegar að því kemur að sálin getur náð meðvituduðum yfirráðum innan formsins og yfir því og getur þá smátt og smátt byggt upp form sem hæfir andlegum þörfum hennar, gerist það vegna þess að formgervislífin, sem í heild sinni mynda formgervisveru persónuleikans, hafa náð því stigi í þróun sinni, að þau eru tilbúin að færast yfir á braut heimhvarfsins. Starf sálarinnar hefur aldrei það eigingjarna markmið að eiga tjáningarmiðil í heimunum þrem, eins og grunnfærum hugsanda gæti stundum virst. Frá sjónarmiði sálarinnar er það algert aukaatriði; það er að vísu nauðsynleg starfsemi, en felur ennfremur í sér það



fórnarstarf, að frelsa efnið og stuðla að framþróun þess. Eins og segir í *Old Commentary*: „Móðirin (efnið) frelsast við fæðingu sonar síns (Krists hið innra, hinnar andlegu vitundar).“ Þetta á jafnt við um stórheiminn og smáheiminn.

Í þessu felst leyndardómur þjáninga og dauða á plánetunni. Plánetulogos okkar (séður frá sönnu stórheimslegu sjónarmiði) er, eins og þið vitið, einn af „ófullkomnu Guðunum“ í „*The Secret Doctrine*“ þó svo að Hann sé fullkominn langt umfram mennskan skilning – eða skilning einingar í einu af náttúruríkjunum sem til samans mynda raunbirtingarlíkama Hans. Enn er ekki um neitt raunverulegt jafnvægi að ræða milli anda og efnis, þótt slíku jafnvægi hafi næstum því verið náð. Kraftar efnisþróunarinnar eru enn máttugir og hinar andlegu orkutegundir eru enn heftar, þótt það sé í mun minna mæli en fyrr í sögu mannkynsins. Í næsta mikla kynstofni mannkynsins, sem fylgja mun í kjölfar þess sem nú er við lýði, mun nást jafnvægi sem boða mun upphaf hinnar svonefndu gullaldar. Átakspunktur verða þá mun færri á plánetunni og þar af leiðandi einnig í einstaklingunum; svæði hindrana og tilgangslausrar starfsemi munu eyðast. Slíkt má sjá gerast í líkama þroskaðrar persónu eða vígsluhafa, í miklum mæli og langtímum saman á æviskeiðum þeirra; almennt má segja að samsvarandi hliðstæður séu nokkuð nákvæmar.

Þetta lögmál bregður upp undraverðri sýn sem auk þess er full vonar, einkum ef litið er á vissar staðreyndir nútímans og þær bornar saman við það ástand sem ríkti fyrir nokkrum öldum. Alls staðar er vitund mannkynsins að vakna; vanþróuðustu kynþættir eru að öðlast menntun sem felur í sér uppgötvun hugans; menn sjá að góðvilji er nauðsynlegur til að þróun heimsins geti haldið áfram og eru að uppgötva að „enginn lifir sjálfum sér“ – né heldur nokkur þjóð; menn eru að uppgötva að það er blátt áfram heilbrigð skynsemi og viska að bæta hagi allra manna hvarvetna. Þetta er nýtt viðhorf og fersk afstaða

sem hægt er að binda miklar vonir við. Menn eru að læra að þekkja og skilja hver annan; þjóðirnar eru að efla tengsl sín í milli; stjórnámálmenn allra þjóða glíma í náinni samvinnu við það verkefni að bæta lífsskilyrði manna; hvarvetna leggja menn rækt við hugsun og réttara verðmætamat og berjast fyrir frelsi og sannari gildum. Er þetta nokkuð annað en viðleitni sálar mannkynsins til að eyða sjúkdómum, umbreyta óheilmæmum svæðum í heilmæm og fjarlægja það sem veldur mótstöðu? Er það ekki þetta sem sjúkur andlega sinnaður maður, er að reyna að gera í sínum eigin líkama og það sem lækningandinn er að reyna að aðstoða hann við?

Þegar þannig er farið að verða „tungljöfrarnir“ og kraftar efnisins um síðir að láta undan síga fyrir orku sálarinnar og njóta góðs af því, það á bæði við um smáheimslega og stórheimslega krafta.

Eitt af þeim atriðum sem oft veldur nemum heilabrotum er sú staðhæfing, að hinn þétti efnislíkami sé ekki frumtak eða sjálfstæður eðlisþáttur. H.P.B. setur þetta fram með áherslu; fólk heldur oft (utan hörðustu guðspekisinnar) að hann hafi haft rangt fyrir sér eða hafi viljandi reynt að villa um fyrir nemum. Eitt af því sem menn hafa lítinn skilning á er eðli eða eiginleikar eðlisþátta. Mönnum getur því aðeins orðið ljós fegurð og sannindi staðhæfingar hans, að þeir hafi skilning á því hvað eðlisþáttur er. Hvað er þá eðlisþáttur, þegar á allt er litið? Frá stórheimslegu sjónarmiði er eðlisþáttur það sem þróast á hverju sviði okkar sjö heima – hinna sjö sviðsstiga kosmíska efnissviðsins. Hann er sá frjóangi á hverju sviðsstigi sem býr yfir einhverjum þætti hinnar guðlegu vitundar í þróun; hann er það sem tengist í grundvallaratriðum einhvers konar skynnæmi; hann er það sem líkamarnir finna, eftir því sem þeir þroskast, að þeir geta brugðist við. Eðlisþáttur er vísir að skynjun, sem felur í sér alla möguleika fullrar vitundar á einhverju sérstöku sviði guðlegra athafna. Hann er það sem gerir þekkingu og meðvitaða svörun við umhverfinu mögulega; hann er það sem ber með

sér samfellda og „afhjúpandi“ skynræna starfsemi, sem leiðir til guðlegs skilnings sem bæði er mögulegur og óhjákvæmilegur.

Efnislíkaminn og í mun minna mæli geðlíkaminn og huglíkaminn eru sjálfvirkir þættir í guðlegu skyntæki, verkfæri sem gerir Himnamanninum, Plánetulogosnum og hinum andlega manni kleift að nema meðvitaða svörun við því sem ætlunin er að ná sambandi við í gegnum starfstækið samkvæmt hinni guðlegu áætlun. Nú á tímum er efnislíkaminn eini líkaminn sem hefur þróast það langt, að hann þarf ekki að þróast neitt frekar í þessu plánetukerfi, nema að því leyti sem hinn andlegi maður getur haft áhrif á hann – en flest slík áhrif koma fram í etherlíkamanum en ekki í þetta efnislíkamanum. Þetta er atriði sem menn hafa lítinn skilning á en er ákaflega mikilvægt.

Þétti efnislíkaminn náði hámarki þróunar sinnar og athygli (frá sjónarmiði hugans og starfsemi Helgivaldsins) í síðasta sólkerfi. Á þeim tíma var hann hið guðlega markmið allrar þróunar. Það er ekki auðvelt fyrir mannkynið nú á tímum að skilja þetta. Ekki er mögulegt né ráðlegt fyrir mig að fjalla um þróunina sem þetta guðlega starfstæki gekk í gegnum til að búa sig undir starfið sem inna þarf af hendi í núverandi sólkerfi. Í þessari guðlegu holdgun Plánetulogossins okkar sem notar Jörðina, þessa litlu plánetu sem starfstæki, er efnislíkaminn *ekki* markmið, heldur einfaldlega eitthvað sem er til og þarf að sætta sig við og verður að aðlaga og fella að hinni almennu þróunaráætlun. Sú áætlun snýst eingöngu um meðvitund. Efnislíkaminn er einfaldlega starfstæki vitundarinnar á efnissviðinu (hvorki meira né minna), en mest áhersla er lögð á etherlíkamann sem tjáningu fingerðari starfstækjanna og stöðu vitundarinnar innan þeirra. Efnislíkaminn er mikilvægur vegna þess að hann þarf að hýsa og bregðast við öllum meðvituðum svörunum, allt frá skynjun hinnar vanþróuðustu mannveru og upp til vitundar vígsluhafa af þriðju gráðu. Líkamar og form meðvitaðs lífs í lægri lífríkjunum þrem eiga við hliðstætt, en

ekki eins erfitt, vandamál að stríða. Hér er ég þó aðeins að fjalla um efnislíkama manns, sem er ekki sjálfstæður eðlisþáttur, vegna þess að hann er ekki markmið á neinn hátt; hann er ekki vísir eða fræ að neinu. Allar breytingar sem gerðar eru á efnislíkamanum hafa minna gildi en það markmið, að bregðast á meðvitaðan hátt við birtingu guðdóms sem smátt og smátt er að opinberast. Mér finnst nauðsynlegt að leggja áherslu á þetta atriði, vegna þess að í hugum manna er ríkjandi svo mikil óreiða varðandi þetta efni.

Við getum því dregið niðurstöðurnar saman á eftirfarandi hátt: Efnislíkaminn er ekki frumtak eða sjálfstæður eðlisþáttur; hann er ekki það sem athygli leitandans beinist að; hann bregst við hinni hægfara þróun vitundarinnar í öllum lífríkjum náttúrunnar á sjálfvirkan hátt; hann er ávallt eitthvað sem unnið er með, en hefur sjálfur ekki nein eigin áhrif; hann er ekki mikilvægur í hinu virka starfi, því hann er viðtakandi en ekki eitthvað sem hefur eigið frumkvæði. Hið mikilvæga er vitundin sem er að þróast, viðbrögð hins ídveljandi andlega manns við lífinu, kringumstæðum, atburðum og umhverfi. Efnislíkaminn bregst við. Þegar efnislíkaminn verður ranglega að miðju athyglinnar gefur það til kynna afturför; og það er af þeirri ástæðu að öll djúpstæð einbeiting að líkamlegri ögun, að grænmetisneyslu, að mataræði og föstum og hinum núverandi aðferðum (svokallaðra) hugrænna og guðlegra lækninga, er óæskileg og samrýmist ekki þeirri áætlun sem sett hefur verið fram. Því er óhæfileg athygli og of mikil áhersla á efnislíkamann afturför og eitthvað í líkingu við dýrkun barna Ísraels á gullkálfinum; það er afturhvarf til þess sem eitt sinn var mikilvægt en ætti nú á tímum að skipa hinn lægri sess í undirmeðvitundinni.

Ég hef fjallað um þetta á þessum stað, vegna þess að í sjöunda lögmálinu beinist athygli okkar að innkirtlunum og það er nauðsynlegt að við nálgumst þetta viðfangsefni frá réttu

sjónarhorni. Innkirtlarnir eru áþreifanlegur hluti efnislíkamans; þeir tilheyra því þeim hluta sköpunarverksins sem ekki telst vera sjálfstæður eðlisþáttur. Þrátt fyrir það eru þeir áhrifaríkir og máttugir og nauðsynlegt er að taka þá til athugunar. Mjög er mikilvægt að nemar líti á þessa kirtla sem afleiðingar en ekki orsakir viðbragða né ástands líkamans. *Efnislíkaminn mótast alltaf af innri orsökum; hann sjálfur er aldrei orsök einn og sér* – burtséð frá því sem fórnarlömb hans kunna að trúá eða halda fram. Í þessu sólkerfi og á plánetunni okkar er hann sjálfvirkur og verður fyrir áhrifum frá orsökum sem verða til á innri sviðunum eða frá starfsemi sálarinnar. Takið eftir mikilvægi þessarar fullyrðingar. Efnislíkaminn sjálfur býr ekki yfir neinu sönnu eigin lífi, hann er – á þessu umferðartímabili – aðeins mótækilegur fyrir áhrifum sem eiga upptök sín annars staðar. Árangur hans og sigur felst í því að hann er sjálfvirk vél. Ef þið hafið nægan skilning á þessu getum við haldið áfram af öryggi og rætt um sjöunda lögmálið og fjórðu regluna.

## VII. LÖGMÁL

*Þegar líf eða orka flæðir óhindrað og undir réttri  
stjórn til útfellingarstaðar síns (hins tengda kirtils),  
þá svarar formið og sjúkdómar hverfa.*

Eitt af þeim athyglisverðu atriðum sem nemar ættu að veita eftirtekt, er *kenningin um milliliðina* sem víða er að finna og er talin mjög mikilvæg í allri dulfræðikennslu. Í kristnum fræðum hefur verið lögð áhersla á hana (hún er þó ekki rétt sett fram); þar er Kristur talinn vera í hlutverki meðalgangarans milli hins reiða Guðs og vesæls og fáfróðs mannkyns. Slíkt var alls ekki ætlunin með komu hans eða starfi en ekki er þörf á að fara út í raunverulegt ætlunarverk hans hér. Ég hef fjallað

um það efni í öðrum ritum mínum í sambandi við hin nýju heimstrúarbrögð.\* Í hinni dulfræðilegu framsetningu (sem er nátengd kristinni kenningu) hefur einnig verið kennt, að sálin sé í hlutverki meðalgangarans milli mónadsins og persónuleikans; hina sömu hugmynd er einnig að finna í mörgum öðrum trúarkenningum, til dæmis er sagt að Búddha sé meðalgangari milli Shamballa og mannkynsins og komi fram í því hlutverki einu sinni á ári; Helgivaldið er sjálft milliliður milli Shamballa og mannkynsins; ethersviðið (og þar á ég við etherísk starfstæki manns, plánetu og alheims) er millistig milli æðri sviðanna og þetta efnislíkamans. Allt kerfi dulfræðilegrar eða innræðrar opinberunar byggist á þeirri undursamlegu kenningu, að allt sé hvað öðru háð, að allt sé samtengt á gagnkvæman og fyrirfram ákveðinn hátt og að orka flytjist stöðugt á milli allra þátta hinnar guðlegu birtingar; alls staðar og í öllu sé hringrás, streymi og ýmis konar orkuflutningur milli forma og ætíð í gegnum viðeigandi starfstæki. Þetta gildir um efnisþróunarbrautina, andlegu þróunarbrautina og einnig í hinum andlega skilningi; það er þó lítils háttar frábrugðið í því síðastnefnda, eins og allir vígsluhafar á hinum efri stigum vita. Hægt væri að skrifa heilt fræðirit um milliliðina, í því riti væri loks að finna kenninguna um Avatarana. Avatar er sá sem hefur þann sérstaka hæfileika eða getu að vinna með orkutegundir sem miðlað er í gegnum ether-starfstæki plánetu eða sólkerfis (ásamt því sem hann hefur sjálfur ákvarðað og er hans fyrirfram ákveðið hlutverk); en þetta er mikill leyndardómur. Kristur var í þessu hlutverki í fyrsta sinni í sögu plánetunnar og með tilliti til kosmískrar orku, þegar hann miðlaði kosmískri kærleiksorku *milliliðalaust* til efnissviðs okkar plánetu og jafnframt á sérstakan hátt til fjórða náttúruríkisins, mannkynsins. Með þessu er okkur sagt að Kristur hafi birt í sér kærleiksorkuna, sem er annar guðlegi meginþátturinn og veitt til mannkynsins fjórum eiginleikum þess þáttar – aðeins þeim fjórum sem mannkynið gat tekið á

\* *The Problem of Humanity*, kafla VI.

*The Reappearance of the Christ*, kafla V.

móti – og þar af leiðandi einnig til annarra lífríkjá náttúrunnar. Aðeins einn þessara fjögurra eiginleika er byrjaður að koma fram, en það er eiginleiki góðviljans. Hinir þrír munu koma fram síðar, en einn þeirra tengist á sérstakan hátt lækningareiginleika kærleikans. Samkvæmt *Nýja Testamentinu* nefndi Kristur þennan eiginleika „Kraft“ (að sumu leyti ónákvæm þýðing orðsins sem upprunalega var notað); Kristur notaði það þegar lækningarorka hafði verið tekin frá honum og hann sagði „Kraftur gekk út frá mér.“

Ég hef vakið athygli ykkar á þessum sannindum, vegna þess að þau tengjast á beinan hátt sjöunda lögmálinu. Við höfum séð að á öllum stigum lækninga er dulfræðilega litið á efnislíkamann sem sjálfvirka vél; hann er aðeins viðtakandi orku sem miðlað er. Við höfum séð að etherlíkaminn, sem er undirstaða allra forma, myndar tæki til miðlunar á orkutegundum sem eiga sér einhver upptök – en upptök orkunnar eru fyrst og fremst staðurinn sem er miðja athyglinnar fyrir lífið innan formsins. Í flestum tilvikum er hér um að ræða geðlíkamann, en hann er vettvangur fyrir geðræna eða tilfinningalega orku áður en henni er miðlað til etherlíkamans. Oftast er þó um að ræða íblöndun hugarorku í meiri eða minni mæli. Síðar meir mun sálarorkan, eflid af hreinum huga og veitt í gegnum persónuleikann, móta og ráða etherlíkamanum og þar af leiðandi starfsemi hins líkamlega starfstækis.

Með þessu lögmáli er vakin athygli á þeirri staðreynd, að þétti efnislíkaminn myndar sjálfur „tæki til miðlunar,“ vegna áhrifa frá fingerðari orkutegundum og endurtekur sjálfkrafa starfsemi etherlíkamans. Sem andsvar við innstreymi orku frá etherlíkamanum, í gegnum meginorkustöðvarnar sjö, myndar hann efnislegt lífkerfi sem nefnt er „innkirtlakerfið.“ Þessir kirtlar bregðast við orkuinnstreymi frá etherlíkamanum með því að gefa frá sér útskilnaðarefni (svonefnda hormóna) sem veitt er beint út í blóðið.

Það er ekki ætlun mín að vera of fræðilegur í umfjöllun minni um þetta viðfangsefni; ég skrifa fyrir hinn almenna lesanda en ekki læknastréttina, sem viðurkennir hreinskilnislega hversu lítið hún veit um þetta efni, enn sem komið er. Vísindamenn á sviði læknisfræði hafa litla þekkingu á því hvernig innkirtlarnir tengjast blóðinu og lífeðlisfræði mannsins í heild sinni; þeir vita lítið um það hvernig kirtlarnir tengjast innbyrðis. Til samans mynda þeir mikilvægt samþætt stjórnkerfi, samtengt og sameinað, lífmagnað og undir stjórn etherísku meginorkustöðvanna sjö. Af eðlilegum ástæðum tekur hinn almenni vísindamaður á þessu sviði ekki mið af þessu atriði í athugunum sínum og þar til hann uppgötvar hvað það er sem myndar innkirtlana verður hann engu nær um orsakir og raunverulegar afleiðingar. Kirtlarnir myndast sem bein útfelling hinna sjö orkutegunda sem streyma í gegnum etherorkustöðvarnar sjö. Þeir stjórna öllum þáttum líkamans. Myndun þeirra er dæmi um skýra verkun geislunaráhrifa og segulvirkni allra orkutegunda, því að þeir myndast vegna geislunaráhrifa frá orkustöðvunum sjö, en áhrif þeirra – bæði einstakra og allra í sameiningu – eru segulmögnuð. Geislunaráhrifin verka á viss efnisatóm og flytja þau á réttan stað í efnislíkamanum til þess að þau geti virkað sem miðlarar fyrir einn þátt hinnar innstreymandi orku út í blóðið og þar af leiðandi inn í efnislíkamann. Takið eftir að aðeins einum þætti orkunnar er miðlað á þennan hátt – þeim þætti sem samsvarar þriðja meginþætti hins virka vitsmunaefnis; hinum óvirku þáttunum tveim er miðlað sem hreinni orku sem hefur áhrif á heil svæði en ekki einhvern vissan stað. Kirtill er einmitt slíkur staður.

Mér er umhugað um að réttur skilningur fái á kirtlunum og sambandi þeirra við orkustöðvarnar. Allt er þetta nátengt lækningarlistinni; ein af þeim áhrifum sem verða við hagnýtingu lækningarorkunnar (fyrir tilstilli þeirrar orkustöðvar er ræður svæðinu þar sem mótstaðan er) er örvun kirtilsins sem tengist



henni og aukin virkni hans. Þegar á allt er litið, eru kirtlarnir milliliðir milli læknanda og sjúklings, milli orkustöðvar og hins þetta efnislíkama og milli etherlíkamans og hins sjálfvirka tvífara hans, hins móttækilega efnislega starfstækis.

Þegar við nú höldum áfram umfjöllun okkar um lífkerfin (innkirtlana) sem virka sem milliliðir milli orkustöðvanna og blóðsins, vil ég benda á að orkustöðvarnar hafa áhrif í gegnum innkirtlakerfið með beinni virkni, eða með geisla eða straumi orku sem stafar frá miðju orkustöðvarinnar. Fyrir tilstilli þessara lífkerfa móta þær og ráða heilum svæðum líkamans og gera það í gegnum þá þætti orkustöðvarinnar sem nefndir eru táknrænt „krónublöð lótussins.“ Brennidepill líforkunnar er í miðju lótussins og þegar orkan streymir út til kirtilsins sem tengist orkustöðinni, þá öðlast hann eiginleika eða litblæ orku viðkomandi orkustöðvar, vegna þess að líforkan er í eðli sínu litlaus. Geisli lífsins, ef hægt er að nefna hann svo, sem er í hjarta hvernar orkustöðvar, er tengdur uppsprettu sinni á mónadsviðinu og hefur til að bera (þegar hann kemst í snertingu við krónublöðin) einn megin eðlislægan eiginleika aðlaðandi orku. Öll orka, sem stafar frá hinni einu uppsprettu innan sólkerfisins, tengist orkunni sem við nefnum kærleik, sú orka er segulmögnuð aðlöðun. Krónublöð lótussins og svæði orkusviðsins sem mynda form hans, eru lituð af einni af sjö undirgreinum orkunnar; þessar undirgreinar eiga upptök sín í geislunum sjö sem streyma út frá hinni einu Uppsprettu sem fulltrúar hins marggreinda Skapara.

Eins og þið vitið, þá eru í sólkerfinu sjö heilagar plánetur sem eru verndarar eða birtingar þessara sjö geisla eða sjö guðlegu eiginleika; á sama hátt eru innan plánetunnar okkar, Jarðarinnar (sem er ekki heilög pláneta), sjö orkustöðvar sem verða viðtakendur hinna sjö geislæiginleika frá hinum heilögu plánetum þegar þróuninni miðar áfram. Þannig verður til (innan takmörkunarhrings sólkerfisins) gríðarstórt samtvinnað

orkukerfi. Þrjár þessara stöðva birta megingeislana þrjá og eru ykkur vel kunnar:

1. Shamballa ..... Geisli máttar eða tilgangs.  
Fyrsti meginþátturinn.  
Orka viljans.
2. Helgvaldið ..... Geisli kærleiks-visku.  
Annar meginþátturinn.  
Orka kærleikans.
3. Mannkynið ..... Geisli virkra vitsmuna.  
Þriðji meginþátturinn.  
Orka hugans eða hugsunar.

Fjórar aðrar orkustöðvar, ásamt ofangreindum þremur orkustöðvum mynda saman orkustöðvarnar sjö, hinar sjö meginorkustöðvar plánetunnar sem móta líkamlega birtingu Plánetulogossins okkar. Frá sínum eigin stað á kosmísku sviði vinnur Lávarður heimsins í gegnum þær og í gegnum Sanat Kúmara, guðlegan persónuleika sinn, að markmiðum sínum á plánetu okkar.

Á sambærilegan hátt eru í smáheiminum, manninum, hliðstæður þessara sjö orkustöðva. Þar eru einnig sjö meginstöðvar sem eru viðtakendur orku sem streymir frá plánetuorkustöðvunum sjö, en þær ráða geislaorkugreinunum sjö; þessar sjö orkutegundir – á mismunandi styrkleika – móta tjáningu mannsins í heimunum þrem, gera hann að því sem hann er á sérhverjum tilteknum tíma á æviskeiði sínu og gefa til kynna stöðu hans í þróuninni (með þeim áhrifum eða áhrifaleysi sem þær hafa á orkustöðvar hans).

Í manninum eru tvær þessara stöðva í höfðinu en hinar fimm eru upp með hryggnum. Hryggurinn er efnislegt tákni þeirrar nauðsynlegru samstillingar sem er núverandi markmið samskipta sem hinn andlegi maður vinnur að í vitund sinni og er árangur réttrar hugleiðslu.

Hugleiðsla er hugræn aðferð sem um síðir leiðir til rétrar, hindrunarlausrar samtengingar, sem er annað nafn yfir samstillingu. Það er því um að ræða myndun beintengdrar rásar, ekki aðeins á milli uppsprettunnar einu, mónadsins og tjáningar hans, hins göfgaða og agaða persónuleika, heldur einnig milli orkustöðvanna sjö í ether-starfstæki mannsins. Með þessu – ykkur ef til vill til furðu – er verið að meta árangur hugleiðslu á efnislegan eða öllu heldur etherískan hátt og þið kunið því að líta á það sem lágstæðasta þáttinn í slíkum árangri. Þið gerið það af þeirri ástæðu, að þið leggið áherslu á hugræn viðbrögð ykkar við áunninni samstillingu, af ánægjunni sem slík samstilling veitir og sem opnar fyrir ykkur nýjan heim eða heima fyrirbæra, ásamt hugflæði og hugmyndum sem í kjölfarið streyma inn í huga ykkar. En hinn sanni árangur (jafn guðlegur og dulrænt æskilegur) er rétt samstilling, rétt samskipti og hreinar rásir fyrir orkutegundirnar sjö í hinu smáheimslega kerfi, sem munu um síðir raunbirta á þennan hátt fulla tjáningu guðdómsins. Í ether-starfstæki Krists voru allar orkustöðvarnar sjö rétt samhæfðar, rétt samstilltar, raunverulega vaknaðar og virkar og rétt móttækilegar fyrir öllum sjö orkustraumunum frá plánetu-orkustöðvunum sjö; með því móti tengdist hann fullkomlega og meðvitað hinum Eina, í hverjum hann lifði, hrærðist og átti tilveru sína. Lífeðlisleg afleiðing þessarar fullkomnu „dulfræðilegu undirgefni hinna sjö“ (eins og það er stundum nefnt) fyrir hinni innstreymandi andlegu orku í sinni réttu röð og hrynjandi, var myndun fullkomins innkirtlakerfis Krists. Allir kirtlar hans, bæði meiri og minni, unnu á réttan hátt; afleiðing þessa var „hinn fullkomni maður“ – eða líkamleg fullkomnun, geðrænn stöðugleiki og hugræn stjórn. Með nútíma orðalagi má segja, að „hegðunarmynstur“ Krists – vegna fullkomins kirtlakerfis hans, afleiðingu réttilega vaknaðra og lífmagnaðra orkustöðva – gerði hann að tjáningu guðlegrar fullkomnunar fyrir allan heiminn; hann var sá fyrsti af okkar mannkyni sem

náði þessum þróunarárangri, og var „sá elsti meðal hinnar stóru fjölskyldu bræðra,“ eins og Páll postuli orðar það. Þær myndir sem nú eru til af Kristi bera vitni mikillar ónákvæmni, því þær sýna enga fullkomnun kirtlakerfisins; þær eru fullar veikleika og ljúfmennsku, en sýna lítinn kraft, lítinn vökulan mátt og lítinn lífsþrótt. Og fyrirheitið hefur verið gefið: eins og hann er, þannig getum við einnig orðið í þessum heimi.

Þetta er fyrirheit sem býr að baki réttum skilningi á vísindum orkustöðvanna. Staðreyndin um tilveru orkustöðvanna verður sönnuð öllum mönnum þegar þær smám saman komast undir yfirráð sálarinnar, eru orkumagnaðar vísindalega og á réttan hátt og eru í ástandi sem einkennist af sönnu lífi, þær fara að hafa mótandi áhrif á sérhvern hluta líkamans sem er áhrifasvæði þeirra og svæðin þar á milli, líkaminn er þá allur sem heild undir geislunar- og segulhrifum þeirra.

Það eru orkustöðvarnar sem halda líkamanum saman og gera hann að samhæðri, orkumagnaðri og virkri heild. Á dauðastundinni gerist það, eins og þið vitið, að vitundarþráðurinn hverfur úr höfuðstöðinni og lífþráðurinn úr hjartastöðinni. En það hefur ekki verið vakin sérstök athygli á því, að þetta tvígreinda brotthvarf hefur áhrif á allar orkustöðvar líkamans. Vitundarþráðurinn, sem rótfestur er í höfuðstöðinni gefur krónublöðum lótussins sem kallast í austurlenskum ritum „þúsund blaða lótusinn“ eigindir sínar, en krónublöð hans tengjast og hafa mótandi áhrif (bæði geislunar og segulmögnumar) á krónublöð allra annarra meginorkustöðva etherlíkamans; höfuðstöðin viðheldur virkni þeirra í samræmi við sínar eigindir og þegar þessi eiginleiki meðvitaðrar næmni hverfur úr höfuðstöðinni hefur það samstundis áhrif á öll krónublöð allra orkustöðvanna; hin mótandi orka hverfur burt í gegnum höfuðstöðina. Hið sama gildir um lífþráðinn sem rótfestur er í hjartastöðinni, þegar hann hverfur samhliða vitundarþræðinum inn í og út um höfuðstöðina. Svo lengi sem

lífþráðurinn er tengdur hjartastöðinni viðheldur hann orku og lífi allra orkustöðvanna í líkamanum og sendir lífþræði sína inn í depilinn sem er nákvæmlega í miðju lótussins eða í hjarta orkustöðvarinnar. Hann er stundum nefndur „gimsteinninn í lótusnum,“ þó að oftast sé með þessum orðum átt við mónad-tenginguna í hjarta sálarlótussins á sínu eigin sviði. Á dauðastundinni, þegar lífþráðurinn hverfur aftur til sálarinnar, er hrifinn frá hjartanu til höfuðsins og þaðan aftur til sálarlíkamans, þá flytur hann með sér líf allra orkustöðva líkamans; þess vegna deyr líkaminn og leysist í sundur og er ekki lengur samhæft, meðvituð og lifandi heild.

Innkirtlakerfið tengist orkustöðvunum og vinnur í nákvæmri samstillingu við þær. Allt lífsskeiðið streymir lífeða orka í gegnum þetta kerfi, óhindruð með réttri stjórn ef um háþroskaðan mann er að ræða, en treglega með ófullkominni stjórn ef um meðalmann eða óþroskaðan mann er að ræða. Fyrir atbeina þessa kerfis kirtlastýringar bregst hið mennska form við, eða bregst ekki við, umlykjandi orku frá umhverfinu. Ef við snúum okkur að núverandi viðfangsefni okkar, lækningum, þá er heilsufar mannsins í samræmi við ástand orkustöðvanna og útfellingar þeirra. Ætíð verður þó að hafa í huga, að orkustöðvarnar eru þeir meginþættir á efnissviðinu sem sálin vinnur í gegnum og tjáir líf og eiginleika í samræmi við stöðu sína á þróunarbrautinni og að kirtlakerfið er einfaldlega óhjákvæmileg afleiðing orkustöðvanna sem sálin vinnur í gegnum. Það má því segja að kirtlarnir tjái fullkomlega þróunarstöðu mannsins og í samræmi við þá stöðu ráða þeir ágöllum og takmörkunum eða kostum og áunninni fullkomnun. Hegðun og framkoma mannsins á efnissviðinu ákvarðast af eðli þessara kirtla, en þeir mótast, stjórnast og ákvarðast af eðli, eiginleikum og lífmögnun orkustöðvanna; þær síðan mótast, stjórnast og ákvarðast af sálinni með vaxandi virkni eftir því sem þróuninni miðar áfram. Áður en sálarstjórn

er náð mótast þeir og stjórnast af geðlíkamanum og síðar af huganum. Markmið þróunarinnar er að koma á þessari stjórn, mótun og ákvörðun sálarinnar; nú á tímum eru menn á öllum hugsanlegum stigum þessarar þróunar.

Ég geri mér grein fyrir að margt af því sem sagt er hér að framan er vel þekkt og í eðli sínu endurtekning. En mér finnst nauðsynlegt að endurtaka þessa sögu til að hugsanir ykkar um þetta efni séu skýrar.

Ykkur ætti einnig að vera ljóst að karmísk verkun í hverju einstöku lífi hlýtur þess vegna að vinnast í gegnum starfsemi kirtlanna, sem móta viðbrögð persónunnar við kringumstæðum og atburðum. Árangur allra fyrri lífa og allra athafna í þeim lífum, hefur verið skráður af Karmadrottunum; karmalög-málið vinnur í nánú samstarfi við tungljöfrana sem byggja og móta líkama persónuleikans; síðar vinnur lögmálið í jafnvel enn nánara samstarfi við tilgang sálarinnar. Þetta viðfangsefni allt er mjög margþætt og erfitt. Það eina sem ég get gert er að gefa vissar vísbendingar.

Það er þetta kerfi orkustöðva og ytri afleiðinga þeirra, innkirtlanna, sem lækningandinn verður að fást við og þarf að taka til mjög vandlegar skoðunar; til dæmis, öll örvun sem hann getur veitt orkustöð í líkama sjúklings, eða allt brotnám orku frá orkustöð, mun hafa mjög marktæk áhrif á kirtilinn sem tengist orkustöðinni og þar af leiðandi einnig á hormónana sem kirtillinn framleiðir og veitir út í blóðið.

Eins og þið einnig vitið eru meginorkustöðvarnar sjö og innkirtlarnir sem þeim tengjast eftirfarandi:

1. Höfuðstöðin ..... Heilaköngullinn.
2. Ennisstöðin (ajna) ..... Heiladingullinn.
3. Hálsstöðin ..... Skjaldkirtillinn.
4. Hjartastöðin ..... Hóstarkirtillinn.
5. Sólarplexusstöðin ..... Briskirtillinn.

6. Kynorkustöðin ..... Kynkirtlarnir.

7. Mænurótarstöðin ..... Nýrnaheftturnar.

Í líkamanum eru einnig aðrar orkustöðvar og margir aðrir kirtlar, en það eru þessir sjö sem lækningandinn þarf að fást við; hinir smærri kirtlar mótast af orkustöðinni sem ræður svæðinu þar sem þeir eru. En lækningandinn hafnar því að flækja hugsun sína í fjölda smærri kirtla og smáatriðum kerfisins eða hinum flóknu innri samskiptum þeirra. Á ofangreindum lista eru þær orkustöðvar og kirtlar sem móta í grundvallaratriðum heilsufar – gott, í meðallagi eða slæmt – og persónuleika mannsins. Nemar skyldu hafa í huga að megináhrifin af starfsemi kirtlanna og framleiðslufna þeirra eru sálræns eðlis. Maðurinn á efnissviðinu, geðrænt og hugrænt séð, er það sem kirtlakerfið gerir hann að, einnig út frá líkamlegu sjónarmiði, því slíkt ræðst oft af sálrænu ástandi hugans og tilfinninganna. Áhersla hins sjálfhverfa venjulega manns, beinist að mestu að líkamlega starfstækinu, hann gefur lítinn gaum að jafnvægi eða ójafnvægi innkirtlakerfis síns með það í huga, að það móti hin sálrænu áhrif sem hann hefur á samferðamenn sína. Ekki er ætlun mín að kryfja til mergjar starfsemi hinna mismunandi kirtla, hvernig þeir bregðast við virku eða óvirku ástandi orkustöðvanna, né hvernig þeir takmarka eða efla næmni mannsins fyrir umhverfi sínu, ákvarða lífsskilning hans eða hin daglegu viðbrögð hans við atburðum og umhverfi. Það má eindregið halda því fram, að maðurinn sé það sem kirtlarnir gera hann að, en þeir sjálfir eru síðan aðeins afleiðingar vissra innri máttugra orkulinda. Eins og þið sjáið þá endurtek ég þessi mikilvægu sannindi.

Það er af þessari ástæðu að læknávisindin munu um síðir uppgötva þau sannindi (og eru þegar farin að skynja þau), að það er ekki mögulegt að breyta persónuleika mannsins í grundvallaratriðum né líkamlegu starfstæki hans með því að meðhöndla aðeins kirtlana sjálfa; lítill raunverulegur árangur hefur orðið á þessu sviði á þeim þrjátíu eða fjörutíu árum sem

kirtlafræðingar hafa athugað og rannsakað þetta viðfangsefni. Viss atriði hafa verið uppgötvuð; vissar afleiðingar af virkni eða óvirkni kirtlanna hafa verið skráðar; vissar manngerðir hafa verið sannreynðar sem dæmigerðar fyrir virka eða óvirka kirtlastarfsemi; hagnýttar hafa verið aðferðir til úrbóta og starfsemi kirtils hefur verið örvuð eða heft með ýmsum aðferðum og lyfjum (með misgóðum árangri). Umfram þetta er lítið vitað og hinir bestu hugsuðir á þessu sviði eru sér vitandi um þá staðreynd, að þeir standa frammi fyrir ókönnuðu sviði. Úr því verður ekki bætt fyrr en nútíma læknavísindi uppgötva að heimur orsakanna (hvað varðar innkirtlana) er etherlíkaminn með sínum sjö orkustöðvum; þá verður þeim ljós sú staðreynd, að færa verður alla meðhöndlun í tengslum við kirtlana frá hinum sjö afleiðingum eða útfellingum orkustöðvanna til orkustöðvanna sjálfra.

Læknandinn skiptir sér því ekki af viðkomandi kirtli heldur fæst beint við orkustöðina sem markar „viðnámspunktinn“ og ræður svæðinu sem áhrifasvið hennar nær yfir; þar með er einnig kirtillinn sem orkustöðin hefur skapað, myndað eða orsakað og orkumagnað.

Hugmyndin í huga læknandans ætti að vera, eins og þetta lögmál gefur til kynna, að mynduð verði hindrunarlaus rás sem læknandi lífkraftur getur streymt eftir frá „viðeigandi orkustöð“ í etherlíkama læknandans til tilsvareandi orkustöðvar í líkama sjúklingsins og þaðan inn í blóðrásina í gegnum viðkomandi kirtil. Gleymið ekki, að þau sannindi eru ævarandi að „blóðið er lífið“ – jafnvel þótt þau séu óútskýranleg frá sjónarmiði dulfræðingsins sem og læknavísindanna.

Læknendur verða að læra að fást við eðlisþátt lífsins eða líforkuna, en ekki einhverja óljósa orku sem komið er á hreyfingu af krafti hugans eða með mætti kærleikans, eins og það er sett fram nú á tímum af hinum mismunandi lækningarstefnum heimsins sem mannkynið hefur þróað. Komist er í snertingu við



þessa líforku og hún sett af stað á þann hátt að vissar etherrásir í etheríska netkerfinu, sem er undirstaða alls líkama sjúklingsins eru hreinsaðar. Þessi hreinsun er ekki framkvæmd með því að hugsa stíft um heilbrigði, halda fram guðdómlegu eðli mannsins eða uppræta „ranga“ hugræna afstöðu, heldur með mun hversdagslegri aðferð sem felst í því að beina orkustraumum í gegnum vissar orkustöðvar og hafa þannig áhrif á vissa kirtla á þeim stað í efnislíkamanum sem er aðsetur erfiðleika, þrauta og bóls.

Það er vissulega rétt, að hugsun eða rétt umhugsun er einnig hluti af þessu ferli; læknaandinn verður að hugsa skýrt áður en hann getur komið til leiðar hinum þróað árangri, en orkan sem veitt er inn í líkama sjúklingsins er ekki hugræn orka, heldur ein af hinum sjö gerðum þanískrar orku eða líforku. Hún streymir eftir kraftþræði eða rás sem samtengir allar orkustöðvarnar og myndar tengingu þeirra við kirtlana. Gleymið ekki að þetta myndar í heild sinni samtengt og samþætt stjórnerfi eftirtalinna kerfa og að þessi kerfi eru – frá sjónarhóli dulfræðingsins – tákni mikilla kosmískra ferla:

1. Etherlíkaminn í heild sinni með öllum sínum rásum og orkutengilínunum sem eru undirstaða allra hluta mannlíkamans.
2. Hinar sjö samtengdu orkustöðvar, hver um sig gædd sérstökum eigindum og hver um sig tengd öllum öðrum orkustöðvum með etherískum leiðurum eða orkurásum.
3. Náðurnar, eða kerfi heldur þéttari etherrása eða örfinna orkuþróaða, sem eru undirstaða alls taugakerfisins; þær eru undirstaða allra tauga og taugahnoða.
4. Taugakerfið sjálft sem teygir áhrif sín um allan líkama mannsins.
5. Innkirtlakerfið.
6. Blóðið, sem tekur á móti straumi lifandi orku frá inn-

kirtlakerfinu með tilstuðlan þeirra efna sem nefnast hormónar.

7. Hin samþætta heild, sem er guðleg raunbirting hins andlega manns á sérhverju æviskeiði og öllum stigum þróunar.

Það eru því tveir miklir straumar orku sem metta og lífga þessa heild samþættra kerfa: lífstraumurinn og straumur vitundarinnar. Annar þeirra notar taugakerfið (straumur vitundarinnar) en hinn notar blóðrásina. Í raun eru þeir báðir svo nátengdir og samþættir, að í reynd er mjög erfitt fyrir hinn venjulega mann að greina á milli þeirra.

Læknandinn fæst þó ekki við vitundarþáttinn; hann fæst eingöngu við eðlisþátt lífsins; hinn fullkomni læknandi (sem á okkar tímum er ekki finnanlegur) vinnur í gegnum hinn lokaða og innsiglaða miðdepil í orkustöðinni (sjálft hjarta orkustöðvarinnar). Þar er að finna hjarta lífsins. Frá þessum stað í orkustöðinni geislar líf út í krónublöð lótussins og samþætting lífsins í miðdeplinum og vitundarinnar sem er eðlislæg í krónublöðunum, er uppspretta hinnar lifandi og næmu mannveru – frá líkamlegu sjónarmiði – og því verður læknandinn að gera sér grein fyrir.

Að baki þessa lífsmáttar og vitundar er sjálf veran, hinn andlegi maður, leikarinn, sá sem skynjar (í mismiklum mæli), eða hugsandinn. Einfaldleiki ofangreindrar fullyrðingar er nokkuð villandi, þar sem einnig er um að ræða aðra þætti og tengingar og aðrar orkutegundir sem taka verður tillit til, en þetta er þó rétt í grundvallaratriðum, á þessum sannindum getur læknandinn byggt starf sitt.

Það er athyglisvert að benda á það, að Ákallið mikla sem nú er verið að dreifa um allan heim, byggist á þessari sömu grundvallarhugmynd um mikil kerfi, sem móta mannkynið í heild sinni. Hægt er að lífmagna þau með innflæði orkustrauma sem færa með sér nýtt líf og heilsu til alls líkama mannkynsins í gegnum plánetuorkustöðvar guðlegs lífsmáttar og vitundar.

Fjórða reglan sem fylgir sjöunda lögmálinu er ákaflega mikilvæg. Það er vegna þess hve einföld hún er og vegna þess að ef hún er skilin og henni fylgt, þá verður hún að tengireglu milli hinna innræðu og útræðu aðferða við meðhöndlun sjúkdóma. Lögmálið, sem við höfum nú verið að íhuga, er einnig einfalt og beinskeytt og tengist hinu innræða eðli og hinu útræða formi. Nemar ættu ekki að láta blekkjast af einfaldleika og afdráttarlausum fullyrðingum. Það er ríkjandi viss tilhneiging til að líta svo á, að dulfræðin hljóti alltaf að vera torskilin og afstæð og við hana þurfi alltaf að nota „dulfræðilegt skyn“ (hvað sem átt er við með því) til að geta skilið hana. Samt er það oft þannig, að fræðslan er tjáð á þeim mun einfaldari hátt sem viðfangsefnið er æðra. Torræði tengist fáfræði nemans – en ekki framsetningarmáta kennarans. Þessi regla hljóðar svo:

#### 4. regla

Vandleg greining sjúkdómsins, byggð á þekktum ytri einkennum mun verða einfölduð að því leyti, að þegar líffærið sem um er að ræða er þekkt og þannig afmarkað, verður dulfræðilegum lækningaradferðum beitt við þá orkustöð í etherlíkamanum sem stendur því næst, þó svo að hinum venjulegu aðferðum lyf- og skurðlækninga verði ekki hafnað.

Þessi regla þarf ekki á miklum útskýringum að halda, því hún er samsett úr skýrum og gagnorðum leiðbeiningum. Við skulum telja þær upp:

1. Gera verður nákvæma sjúkdómsgreiningu sem byggð er á þekktum ytri einkennum.

2. Finna verður líffærið sem veldur erfiðleikunum. Bæði þessi atriði varða hinn þétta efnislíkama.
3. Næst er athyglinni beint að orkustöðinni sem er næst hinu sjúka svæði.
4. Þá er beitt dulfræðilegum lækningaraðferðum og viðkomandi orkustöð örvuð eða hið gagnstæða.
5. Samtímis er beitt öllum tiltækum venjubundnum lækningaraðferðum.

Flestir hinna svokölluðu læknenda nú á tímum villast af rétttri leið þegar þeir reyna að gera nákvæma sjúkdómsgreiningu. Þekking þeirra á efnislíkamanum er ekki nægileg, þeir vita ekki nóg um sjúkdómafræði né aðaleinkenni sjúkdómsins og aukaverkanir til að geta ákvarðað eðli vandans; ástæðan er sú, að hinn almenni læknandi hefur ekki hlotið neina læknisfræðilega þjálfun og að auki er hann ekki sálrænt undir það búinn að greina sjúkdóminn rétt eftir dulfræðilegum leiðum. Hann endar því á þeirri almennu tilgátu að sjúklingurinn sé veikur, að vandinn virðist vera í þessum eða hinum hluta líkamans, að sjúklingurinn kvarti um vissar kvalir og verki og ef hægt væri að gera sjúklinginn nægilega samvinnuþýðan og ef hann gæti gert sér grein fyrir sínum eigin guðdómleika (ásamt læknandanum) – og hver getur það, bróðir minn? – þá hljóti hann að lækna, hafi hann trú á læknandanum.

Það sem er mest áberandi í þessu tilviki er fáfræði bæði sjúklings og læknanda; það sem ber að harma er sú fullyrðing læknandans, að lækning, sem hugsanlega gerist, sé eingöngu að þakka þeim lækningaraðferðum sem beitt var, þar sem aftur á móti er mun líklegra að sjúklingnum hefði batnað af sjálfsdáðum hvort eð var. Trúin gæti hafa flýtt fyrir lækningunni, en trú er einfaldlega einbeiting orku sjúklingsins í samræmi við boð læknandans og framkoma hennar í hinu sjúka svæði er í samræmi við lögmálið, að „orka fylgir hugsun.“ „Sprenging“

(ef ég má nota svo kraftmikið orð) orku trúarinnar af hálfu viðkomandi læknaða og sjúklings, myndar á dulfræðilegan hátt einstöku sinnum nægilega orkuörvun til að valda lækningu *þar sem lækning var hvort eð er fyrirsjáanleg*. Hún hefur einfaldlega flýtt atburðarásinni. Slík lækning er samt ekki á neinn hátt sönn dulfræðileg lækning, því engum sönnum dulfræðilegum lækningaradferðum var beitt né komu þar við sögu. Sama má sjá gerast sálrænt þegar maður „snýst til trúar“ eða „frelst“ eins og kristnir bókstafstrúarmenn nefna það. Trú mannsins og trú prédikarans ásamt trú viðstaddra (ef einhverjir eru) valda sálrænni lækningu í þá veru að eyða geðrænum klofningi eða ná fram sameiningu, þó það sé aðeins tímabundið.

Hafa verður sífellt betur hugfast, að í hinum skapaða heimi er ekkert til nema orka á hreyfingu og að sérhver hugsun stjórnar einhverjum þætti þeirrar orku, þó alltaf innan áhrifsviðs einhvern stærra hugsandi og stjórnandi orku. Trú læknaðans og trú sjúklingsins eru báðar dæmi um orku á hreyfingu og eru um þessar mundir venjulega einu orkutegundirnar sem notaðar eru í öllum lækningum. Hefðbundin lækni-fræði nýtir einnig þessar sömu orkutegundir og bætir upp hefðbundnar aðferðir sínar með tiltrú sjúklingsins á lækningum og vísindalegri þekkingu hans.

Að þessu sinni er ekki ætlun mín að fjalla nánar um þau fyrirmæli, að nýta aðferðir lyf- og skurðlækninga þegar þess er kostur. Ég hef minnst á þetta efni nokkrum sinnum í þessari fræðslu um lækningar. Það er mikilvægt að fólk átti sig á að þekking á lyflækningum og skurðlækningum er alveg jafn mikil tjáning guðlegrar reynslu og skilnings – ef ekki meiri nú á tímum – en hinar svonefndu andlegu lækningaradferðir, fullar væntinga og fullyrðinga en þó fúmandi. Þó að margt í aðferðum hefðbundinnar lækni-fræði sé á tilraunastigi, þá er það í minna mæli en í aðferðum andlegra læknaða okkar

tíma og margt af vísindalegri þekkingu hennar er sannað og raunverulegt. Hana á að nýta og hægt er að treysta henni. Hið fullkomna lækningarsamstarf er samstarf hefðbundins læknis og andlegs læknaanda, sem starfa hvor á sínu sviði og bera fullt traust hvor til annars; slíkt samstarf er ekki að finna enn sem komið er. Engin þörf er á að kalla á guðlega aðstoð til að gera að beinbroti, sem skurðlæknirinn er vel fær um, eða að eyða ígerð sem læknirinn getur meðhöndlað af mikilli færni. Læknandinn getur hjálpað og flýtt lækningarferlinu, en hinn hefðbundni læknir getur einnig flýtt verki læknandans. Báðir þurfa þeir hvor á öðrum að halda.

Ég geri mér grein fyrir því, að það sem ég hef sagt mun hvorki geðjast hinum andlega læknaanda né hinum hefðbundna lækni. Það er samt kominn tími til að þeir læri að meta hvor annan og starfa saman. Þegar á allt er litið þá hafa hinn andlegi læknandi og hinar nýju aðferðir hugrænna lækninga lagt tiltölulega lítið af mörkum í samanburði við starf og þekkingu hinnar hefðbundnu læknastéttar. Heimurinn stendur í mikilli þakkarskuld við lækna sína. Þakkarskuldin við læknendurna er vissulega ekki jafn mikil; þeim hættir ennfremur til að skemma fyrir sér með biturð og stöðugri gagnrýni á lækna og hefðbundna læknisfræði. Staðföst vissa um þekkingu sína og reynslu kemur í veg fyrir sambærilegt viðhorf af hálfu læknanna, einnig sú vissa að hinn andlegi læknandi muni leita aðstoðar venjulegs læknis ef nauðsyn krefur.

Næsta lögmál og regla flytur okkur yfir á svið þar sem hrein óhlutlægni ríkir; ykkur mun ekki veitast auðvelt að skilja margt af því sem ég kann að segja. Áttunda lögmálið færir okkur aftur að sjálfri uppsprettu allra fyrirbæra, hvað mannum við kemur – vilja hinnar ódauðlegu sálar að holdgast á jörðinni eða hverfa úr holdgun. Það felur einnig í sér, að við munum taka til íhugunar þátt viljans við myndun sjúkdóma sem aðferðar til að

koma til leiðar þessu brotthvarfi. Svo lítið er vitað um viljann, að einstaklega erfitt er að útskýra hann.

## VIII. LÖGMÁL

*Sjúkdómur og dauði eru afleiðing tveggja virkra krafta. Annar er vilji sálarinnar sem segir við starfstæki sitt: „Ég dreg kjarnann til mín.“ Hinn er sá segulmagnaði máttur plánetulífsins sem segir við lífið í atóminu: „Stund heimfararinnar er runnin upp. Snú aftur til mín.“ Þannig undir lögmáli tímahringrásar, haga sér öll form.*

Tveir þættir í eðli hins guðlega vilja verða virkir í atburðarás sjúkdóma og dauða; annar er vilji sálarinnar, að binda enda á holdgun mannsins; hinn er sá vilji anda jarðarinnar (lífveru á efnisþróunarbraut), að taka aftur til sín efnid sem hann hefur lagt til og hefur verið afmarkað tímabundið og sálin hagnýtt sér til afnota í efnisbirtingu sinni. Í þessu felst þáttur tímans, samspil vilja sálarinnar og vilja hins dreifða og alls staðar nálæga vilja formgerisveru efnisins ásamt tímabundnu sambandi þeirra. Þetta munum við nú leitast við að taka til umfjöllunar.

Það sem ég hef hér að segja er ákaflega mikilvægt og mun varpa nýju og sérkennilegu ljósi á alla umfjöllun um sjúkdóma. Fyrst mun ég fjalla um seinni hluta lögmálsins sem vísar til hins „segulmagnaða máttar plánetulífsins,“ sem segir við lífið í atóminu: „Stund heimfararinnar er runnin upp. Snú aftur til mín.“

Til að skilja þessa tilvísun vil ég minna ykkur á, að maðurinn er andleg vera sem dvelur í eða lífgar (en það er hið dulfræðilega orð sem ég kys heldur að nota) efnisþétt starfstæki. Þessi þétti efnislíkami er hluti af sameiginlegri efnisuppbyggingu plánetunnar og er samsettur úr lifandi atómum sem eru undir

stjórn og hluti af lífi plánetuveru. Þessi þétti efnislíkami er leystur tímabundið undan yfirráðum hennar af vilja hinnar ídveljandi sálar, en er á sama tíma óaðskiljanlegur hluti hinnar atómísku efnisheildar. Þetta efnislega starfstæki býr yfir sínu eigin lífi og votti vitsmuna, sem við nefnum eðlishvatir og er af dulfræðingum nefnt formgervisvera efnisins. Á æviskeiði mannsins er hún hinn sameinandi kraftur eða eðlisþáttur sem viðheldur efnislíkamanum í ákveðnu formi með áhrifum hins etheríska lífsmáttar; þetta verkar á öll lifandi atóm hans og tengir þau saman. Efnislíkaminn er (innan hins eina Lífs) hið mikla tákni hinna mörgu sem hann er samsettur úr; hann endurspeglar staðreynd eðlislægrar samloðunar, einingar, samþættingar og skyldleika. Efnisleg prana eða plánetuprana (lægsta gerð pranískrar orku) myndar líf atómheildarinnar (sem öll ytri form eru byggð úr) þegar hún tengist hinni aðskildu atómuppbyggingu efnislíkama lífgefandi sálar í öllum ríkjum náttúrunnar – og þá sérstaklega mannkynsins sem er viðfangsefni náms okkar.

Það sem er rétt í sambandi við einstaklinginn eða manninn, smáheiminn, er einnig rétt hvað varðar plánetuna, sem er – eins og maðurinn – ein heild. Þessi heilleiki er vegna samtengingar tveggja þátta lífs: lífs Plánetulogossins og lífs anda jarðarinnar, sem er líf allra atómheildanna sem mynda öll form. Hinn efnisþétti líkami mannsins lagar sig að þessari samheild lifandi efnis formgervislífs og er því tákni hennar. Þessi tvö líf sem eru virk bæði í smáheimi og stórheimi, skapa þá lifandi prönuorku sem streymir um etherlíkama allra forma og leiðir til samloðunar eða samræmandi samheldni. Hún er greinanleg þegar menn geta séð þéttasta þátt etherlíkamans sem er heilsuára plantna, trjáa, sjávarlífvera, dýra og manna. Aðrar orkutegundir og máttur streyma um og móta etherlíkamann, en ég á hér aðeins við hinn lægsta efnislega þátt. Hann ber vitni um líf formgervisveru okkar plánetu, anda jarðarinnar – guðdómlegs lífs sem vinnur



að sínum eigin framförum á braut efnisþróunarinnar.

Andi jarðarinnar viðheldur taki sínu á atómbyggingu allra forma, þar með töldum efnislíkama mannsins; hann safnar þeim aftur saman um síðir og tekur til sín þær lífseiningar sínar sem voru um tíma aðgreindar frá honum á meðan á holdgunarreynslu sálar í einhverju lífríki stóð. Hafa verður í huga að þessi atóm eru gagnsýrð eða skilyrt af tveimur þáttum sem andi jarðarinnar einn er valdur að:

1. Þætti lífskarma formgervisveru plánetunnar. Þetta er efnisþróunarkarma sem líkist á engan hátt karma Plánetulogossins, sem er andleg Lífvera á andlegu þróunarbrautinni. Þetta efnisþróunarkarma mótar því lífsreynsluna frá hreinu *efnislegu* sjónarmiði allra forma sem mynduð eru úr atómísku efni.
2. Þætti afmörkunar. Auk áhrifa karma, sem veldur efnislegum atburðum og hefur áhrif á öll efnisleg form sem mynduð eru úr formgervisefninu, þá eru efnisleg form lífvera í öllum lífríkjum náttúrunnar skilyrt af núverandi tímabilsbundnum áhrifum frá anda plánetunnar og stöðu hans í þróuninni. Þessi andi á efnisþróunarleið hefur ekki náð fullkomnun, en er að þróast í átt að ákveðnu markmiði sem næst þegar hann í órafjarlægri framtíð færist yfir á hina andlegu þróunarbraut. Plánetulogoss okkar, þetta guðlega Líf sem við lifum, hrærumst og eigum tilveru okkar í, er enn um sinn einn af hinum „ófullkomnu guðum,“ frá sjónarmiði markmiðsins sem öllum plánetulogossum er sett. Raunbirtingarlíkami hans, plánetan okkar, Jörðin, er ekki enn orðin heilög pláneta. Andi jarðarinnar er jafnvel enn mjög langt frá hinni hlutfallslegu fullkomnun sem hin meðvitaða mannvera skynjar.

Þróunarstaða anda jarðarinnar hefur áhrif á hvert einasta atóm í líkama hans – líkama veru á efnislegri þróunarbraut.

Afleiðingar þessarar ófullkomnunar, ekki Plánetulogossins heldur anda jarðarinnar, koma fram í tilvist sjúkdóma í öllum formum í öllum lífríkjum náttúrunnar. Steinefni eru háð sjúkdómum og hrörnun; „málmþreyta“ er jafnvel viðurkennd vísindaleg staðreynd; plöntur og dýr verða öll fyrir áhrifum af sjúkdómum í formbyggingu sinni, sjúkdómar og dauði eru eðlislæg í atómunum sem öll form eru gerð úr. Maðurinn er ekki undanskilinn. Sjúkdómar stafa því ekki af rangri hugsun, eins og ég hef oft sagt ykkur, né heldur því að maðurinn geri sér ekki grein fyrir guðlegu eðli sínu. Þeir eru eðlislægir í sjálfu forminu og bera vitni um ófullkomleikann sem háir anda jarðarinnar; og er meginadferðin sem þetta formgervislíf notar til að viðhalda heilleika sínum og hæfni til að ná aftur til sín eign sinni, eftir að hún hefur verið færð undir önnur yfirráð af hinum aðlaðandi mætti þess lífs sem lífgar öll önnur lífríki náttúrunnar á meðan á efnisbirtingu stendur.

Þessar upplýsingar hljóta vissulega að gefa ykkur nýja innsýn í sjúkdóma. Maðurinn, knúinn áfram af sálarhvöt og viljanum til að holdgast, skapar form samsett úr efni sem þegar hefur verið skilyrt; það er þegar gætt lífseigindum anda jarðarinnar. Við það tekur maðurinn á sig ábyrgð á þessu formgervisformi, en takmarkar sig um leið af eðli atómanna sem formið er byggt úr. Atómíska efnið, sem andi jarðarinnar notar til raunbirtingar, geymir ætíð í sér „fræ afturhvarfsins“ og heimilar því að efninu sé skilað til baka. Þetta efni er einnig samsett úr öllum grófleikastigum og eiginleikum, frá hinu allra grófasta til hins ofur fíngerðasta, eins og sést til dæmis í þeim eiginleikum efnisins er gera efnisbirtingu Búddha og Krists mögulega. Lávarður jarðarinnar Plánetulogosinn, getur ekki fundið efni, lífgað af anda jarðarinnar, sem býr yfir eiginleikum og eðli af nægilegum hreinleika; hann getur því ekki birt sig í þéttu efni eins og mögulegt er fyrir Búddha og Krist. Fáir þeirra sem dvelja í Ráðsal Shamballa geta fundið nauðsynlegt

eða fullnægjandi efni til að birta sig; þeir geta því ekki tekið sér þéttan efnislíkama og verða að láta sér nægja etherískt starfstæki.

Það eru því þrennskonar líf sem hafa áhrif á hina þéttu efnisbirtingu mannsins á meðan á tímabundinni holdgun hans stendur:

1. Lífhins andlega manns sjálfs, upprunnið frá mónadinum og miðlað í gegnum sálina lengstan hlutann af hinni raunbirtu tilveru.
2. Líf þeirrar samheildar sem er formgervislíf fjórða lífríkis náttúrunnar, mannkynsins; þetta líf er enn þáttur (samkvæmt lögmáli einangrunar eða afmörkunar) í lífi anda jarðarinnar.
3. Samheild lífsins sem er eðlislægt í atómuppbyggingunni sjálfri – efninu sem öll form eru gerð úr. Það er líf anda jarðarinnar.

Hér eigum við ekki við sál atómsins eða sál í einhverju formi, stóru eða smáu; við eigum hér eingöngu við lífið eða fyrsta eðlisþáttinn. Það birtir sig sem vilja til að vera; það er aðeins virkt, er þó ætíð til, meðan lífið er í formbirtingu, eða á lífstíð hinnar sköpuðu raunbirtingar. Hér birtist þáttur viljans og sambandið á milli vilja, forms og holdgunar er greinanlegt.

Einn þátturinn sem ræður holdgun er tilvera þess sem nefnist viljinn-til-lífs eða lífsvilji; þegar hann er öflugur er maðurinn bundinn efnistilverunni sterkum böndum. Þegar lífsviljinn er rofinn eða fráhverfur deyr maðurinn. Lífi efnislíkamans er viðhaldið, fræðilega og dulfræðilega séð, af hvöt hins máttuga vilja-til-tilvistar hins holdgaða andlega manns er verkar á segulmagnaðan mátt plánetulífsins sem er eðlislægur í sérhverju atómi formsins. Fyrir atbeina þessara atóma – aðgreindra og haldið saman í formi af lögmáli aðlöðunar – hefur hann

raunbirst á efnissviðinu. Þessi segulmagnaði máttur er tjáning vilja plánetuverunnar (ef hægt er að nota orðið „vilji“ um það samloðunarskyn sem einkennir anda jarðarinnar). Hann er hið sérstaka vitundarástand hans sem endurspeglast í aðgreindu formi, sköpuðu, ídvöldu og lífguðu af sál, hinum lifandi manni.

Ég hef nokkrum sinnum notað hugtakið „aðgreint form,“ því að það er þessi sérstaki þáttur aðgreiningar sem mótar efnislíkama mannsins (og allra lifandi forma, ef út í það er farið) og gerir hann að sérgreindri heild og lætur hann um tíma lifa sínu eigin sjálfstæða lífi sem svörun við áhrifum lífsmáttar hinnar holdguðu sálar. Sameinaður máttur hinna einöngruðu og aðgreindu atóma – það er nánar tiltekið plánetu-efnisuppbýgging anda jarðarinnar – er tímabundið óvirkur að því er snertir einstaklingsbundin viðbrögð við plánetulífínu. Það eru aðeins eiginleikar samloðunar og segulmögnunar sem haldast í öllum virkum formum í sameiningu við lífsvilja hins andleg manns eða sérhverrar ídveljandi veru. Þannig verða til samloðandi form sem haldið er saman af tvenns konar lífsmætti: lífsmætti anda jarðarinnar og lífsmætti hins andlega manns. Það eru því – til að reyna að útskýra þetta betur – tveir eðlisþættir lífs og tvennskonar vilji eða tilgangur sem mætast. Sá æðri er í eðli sínu á andlegri þróunarbraut en hinn er á efnislegri þróunarbraut. Það eru þessir andstæðu kraftar sem eru orsökkin að vandamáli tvíhyggjunnar – tvíhyggju hins æðra og hins lægra á mörgum mismunandi og breytilegum stigum. Þegar Vörðurinn á þröskuldinum og Engill návistarinnar standa andspænis hvor öðrum er síðasta orrustan í átökunum háð. Það er í þessum lokaúrslitum sem togstreitan eða átökin milli lífsins á efnisþróunarbrautinni og lífsins á andlegu þróunarbrautinni fara fram, milli hins frumstæða segulmagnaða vilja formgervisafllanna (eðlislæg í atómunum sem allir þrír líkamar persónuleikans eru gerðir úr) og vilja hins andlega manns, sem er að því kominn að leysast

frá segulmögnum yfirráðum efnisins. Andi jarðarinnar á sér samsvörun í skapaðri raunbirtingu andlega mannsins; hann er að finna í tilveru formgervisveru persónuleikans; þessi formgervisvera persónuleikans getur verið og er oft óþroskaður kraftur, algerlega á valdi langana, en ekki sannur samstilltur persónuleiki; hann getur samt sem áður verið mjög skipulagður og máttugur þáttur sem leiðir fram það sem nefnt er háþroskaður persónuleiki og áhrifaríkt tæki til afnota fyrir hinn andlega mann í hinum þrem heimum þróunar sinnar. Í kjölfarið fylgja síðar átök á braut lærisveinsins og á vígslubrautinni. Þá er lífsmáttur andlega mannsins og vilji hans til að birta guðdóm sinn svo ráðandi, að það veldur dauða persónuleikans. Þessi atburðarás nær hástigi sínu við þriðju vitundarvígsluna. Við þá vígslu kemur vilji mónadsins fram með svo áhrifaríkum mætti, að vilji formgervislífa hins þríþætta persónuleika er algerlega yfirunninn.

En (svo við víkjum aftur að viðfangsefni okkar) hið atómíska efni, gætt lífi anda jarðarinnar og knýjandi krafti frumstæðs vilja síns, raunbirtist sem segulmagnaður máttur og á í stöðugum átökum við líf sálarinnar innan raunbirtingarlíkama hinnar ídveljandi sálar. Þessi átök eða viðnám er meginorsök þess sem þið nefnið sjúkdóm.

Sjúkdómur er ósamræmi; hann er ágalli viðnámseldsins; sjúk svæði eru svæði viðnáms þar sem hið atómíska efni heldur tímabundið fram sinni eigin gerð lífsmáttar og bregst við segulmögnum togkrafti vilja anda jarðarinnar, stundum í svo miklum mæli að það dregur lífveruna til dauða. Ef togkrafturinn er nægilega sterkur verður mótstaðan í atómbyggingunni, sem er innan áhrifasvæðis einhverrar orkustöðvar, þess eðlis að sjúkdómurinn eflist og líf hins andlega manns hverfur hægt eða hratt til baka; lífsþráin eða andlegi lífsviljinn er þá ekki eins sterkur og viljinn til að hverfa til baka – vilji atómanna sem mynda efnislíkamann – og maðurinn deyr því, í þeim skilningi sem venjulega er lagður í það hugtak.

Plánetulífið segir: „Stund heimfararinnar er runnin upp. Snú aftur til mín.“ Nú á tímum er hvötin til að hverfa til baka hin ráðandi áhrif í efni líkama mannkynsins; hún er orsökinn fyrir hinu alheimslega heilsuleysi sem er einkennandi fyrir meginhluta mannkynsins; þessi tilhneiging hefur verið ráðandi öldum saman; þetta viðhorf er þó smám saman að breytast og sá tími mun koma um síðir, að atóm líkamanna, eða formgerviskraftarnir, verða sendir til baka til uppsprettu sinnar eingöngu samkvæmt vilja hins andlega manns og að boði hans, en ekki sem viðbrögð við hinum segulmagnaða mætti anda jarðarinnar.

Eftir að hafa ígrundað ofangreind lögmál og reglur þá sjáum við að orsakir sjúkdóma og dauða eru í grundvallaratriðum brotthvarf sólarlífs (orka sálarinnar, stundum nefnd sólareldur) annaðhvort frá hluta líkamans eða honum öllum. Þessi staðreynd ætti að vera áminning til nema um nauðsyn þess að greina á milli krafts eða lífs „tungljöfranna,“ sem er eðlislægt í sérhverju atómi sem byggir öll líffæri og efnisform og orku sálarinnar sem streymir um allan líkamann og er sameinandi þáttur hans. Táknrænt má því segja, að stundum er líf þessara tungljöfra svo allsráðandi, að það verður lífi sálarinnar ofureffi í einhverjum vissum hluta líkamans og afleiðingin af brotthvarfi sólarlífsins verður sjúkdómur; eða – með öðrum orðum sagt – viðnámið, sem myndast þegar tungljöfrarnir eru ekki auðsveipir, veldur sjúkdómi. Samt er dauðinn ekki til marks um fullan sigur tungljöfranna, heldur það, að í samræmi við áætlun sálarinnar og vegna þess að tímabili æviskeiðsins er lokið, þá er orka sálarinnar algerlega fjarlægð og tungljöfrarnir skildir einir eftir. Stundum (og einnig samkvæmt áætlun sálarinnar) fara tungljöfrarnir tímabundið með sigur af hólmi, þó svo að dauði fylgi ekki í kjölfarið; bati er greinilegt merki um hægfara endurkomu sálarorkunnar og yfirráð hennar yfir tungljöfrunum. Þessi þáttur sálarorkunnar er ekki sá hluti orkunnar sem leiðir til tjáningar sálareiginleika. Hann er

*líf*-orka komin frá mónadinum með sálina sem millilið og farveg; bein rás orkunnar er sútratma-þráðurinn. Þessi rás er ekki antahkarana, sköpunarþráðurinn eða vitundarþráðurinn. Þeir verða oft óstarfhæfir þegar bráður sjúkdómur er ríkjandi og lífsþátturinn er á undanhaldi eða að hverfa burt hægt eða hratt.

Þið getið því séð, að þeir sem hafa náð að byggja antahkarana, regnbogabrúna milli mónadsins og persónuleikans, hafa þá myndað samband sem ekki er fyrir hendi hjá venjulegum manni, milli mónadsins, uppsprettu lífsins og persónuleikans, sem er hlutlæg tjáning þessa Lífs. Þá er það mónadinn en ekki sálin sem ræður hinum útræðu birtingartímabilum og vígsluhafinn deyr þá samkvæmt viljaákvörðun og í samræmi við áætlun eða þarfir starfsins. Hér er að sjálfsgöðu aðeins verið að vísa til vígsluhafa af hárrí gráðu. Mér þykja þessi atriði athyglisverð og þau ættu einnig að vera ykkur gagnleg vitneskja. Eitt atriði til viðbótar er niðurstaða þess sem að ofan greinir og gefur til kynna algildi hins guðlega lífs, en það er að tungljöfrarnir eru jafn ríkur þáttur í þessu lífi og orka sálarinnar.

Það er því ákaflega mikilvægt að hvetja til líkbrennslu í stað hinna hefðbundnu greftrunarsíða sem nú tíðkast. Eldur líkbrennslunnar flýtir meira fyrir því, að líf tungljöfranna hverfi aftur til forðabúrs lífsins, heldur en nokkur önnur aðferð, „því að vor Guð er eyðandi eldur“ og allar gerðir elds tengjast frumeldinum.

Við skulum nú snúa okkur að reglunni sem fylgir áttunda lögmálinu.

## 5. regla

Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, hjarta sitt, heila sinn og hendur. Þannig er honum kleift að úthella lífgefandi lækningarorku

yfir sjúklinginn. *Þetta er lækning með segulorku.* Það lækna sjúkdóma eða getur aukið hið „slæma ástand,“ allt eftir þekkingu lækandans.

Lækandinn skal leitast við að samtengja sál sína, heila sinn, hjarta sitt og áríska útgeislun. Þannig getur nálægð hans nært sálarlíf sjúklingsins. *Þetta er lækning með geislun.* Snertingar er ekki þörf. Sálin sýnir mátt sinn. Útgeislun frá áru lækandans, upplýst orku sálarinnar, veldur áhrifum í áru sjúklingsins og sál hans bregst við.

Eftir lauslegan lestur þessarar reglu ætti að vera augljóst að hún hefur ákaflega mikið gildi fyrir allt árangursríkt lækningarstarf. Hún er samantekt á báðum lækningaraðferðunum sem byggjast á tvenns konar hæfni lækandans. Þessi mismunandi geta lækandans segir til um þroskastig hans og er grundvölluð á tvenns konar samtengdum þáttum persónuleikans. Nánari athugun og greining á þessari reglu mun leiða í ljós enn frekara mikilvægi hennar, því hún gefur ekki aðeins til kynna eftir hvaða línum lækandinn þarf að þjálfast sig, heldur einnig að vissar innri tengingar verða að vera fyrir hendi, en þær eru háðar stöðu hans í þróuninni. Annars vegar er efnislíkami sjúklingsins viðfangsefni lækningarinnar, en hins vegar verður sál sjúklingsins fyrir áhrifum lækningarorkunnar. Í fyrria tilvikinu vinnur lækandinn með þrónu eða lífgefandi flæðiefni plánetunnar en með sálarorku í því síðara.

Það er því hægt samkvæmt þessari reglu að skipta lækningendum í tvo hópa: annar hópurinn beitir lífgefandi etherísku flæðiefni sem við nefnum þrónu, en hinn er starfandi á mun hærra sviði og hagnýtir sér þann hæfileika, að draga sálarorku niður í líkama (eða öllu heldur persónuleika) sinn og senda hana aftur frá viðeigandi orkustöð, inn í samsvarandi orkustöð í líkama sjúklingsins, en að þessu sinni með þeirri aðferð, að örva



sálaráru sjúklingsins. Þessar tvær gerðir orku búa yfir gerólíkum eiginleikum, því að önnur er algerlega bundin persónuleikanum og er stundum nefnd *dýrasegulorka*, en hin er tengd sálinni og felur í sér sérstaka starfsemi sem nefnd er geislun.

Rétt er að hafa í huga, að í raun og veru er um að ræða þrennskonar læknendur:

1. Læknendur sem vinna eingöngu með segulorku og hagnýta sér hina læknandi og lífgefandi lífsorku etherlíkama plánetunnar, en hún notar þeirra eigin etherlíkama sem farveg fyrir streymi þróuorkunnar inn í etherlíkama sjúklingsins.
2. Læknendur sem eru starfandi á hærra sviði og fást þar af leiðandi við þroskaðri sjúklinga. Þeir nota orku sálar sinnar, hinnar yfirskyggjandi sálar og hinnar einstaklingsbundnu sálar í sameiningu, geisla henni inn í sál sjúklingsins með milligöngu áru sinnar og áru sjúklingsins.
3. Læknendur sem geta notað báðar aðferðirnar og ná því yfir mun víðara svið og geta komið að mun meira gagni en hinir fyrrnefndu. Þeim er jafn tamt að nota orku sálarinnar og hinn lífgefandi þróukraft og hafa því náð fullkomnu valdi á báðum aðferðunum sem ráða þessum tveim flokkum tengdra eiginleika. Þessi flokkur læknenda er mun sjaldgæfari en hinir tveir.

Nú á tímum eru væntanlegum læknendum ekki kenndar neinar sannar aðferðir andlegra lækninga. Í stað þess er reynt að byggja allt lækningarstarfið og aðferðirnar sem hagnýttar eru á hugrænum grunni eingöngu, á vissu kerfi staðhæfinga, vissum formum fyrirbæna, örvun á lífsvilja sjúklingsins og stöku sinnum eru notaðar handstrokur til að meðhöndla etherlíkamann með segulkrafti eða sefjun. Kennd eru ýmis form óhlutstæðrar hugsunar en engin sönn forskrift fyrir

vitsmunalegri og áreiðanlegri lækningu, aðeins er um að ræða hina óljósu trú lækandans og sjúklingsins ásamt blindri sjálfsefjun um það sem hinn guðdómlegi kjarni mannsins á að geta komið til leiðar, sé hann viðurkenndur.

Sönn lækning, aftur á móti, byggist á vissum víðtækum lögmálum sem nauðsynlegt er að menn viðurkenni og skilji vitsmunalega. Aðferðirnar sem notaðar eru, byggjast á hagnýtingu etherískra strauma og etherískra orkustöðva og eru alveg jafn efnislegar og handayfirlagning og önnur tengsl, sem hafa áhrif á efnislíkamann. Þær eru ekki hugrænar á neinn hátt og ekki er þörf á því að sjúklingurinn hafi hugrænan skilning á þeim. Því má ekki gleyma, að etherlíkaminn er í eðli sínu efnislegur og nauðsynlegt er að endurtaka oft þessi sannindi. Það eru eins og við höfum áður séð, þrjár grundvallarforsendur sem lækandinn viðurkennir og honum er mikil hjálp í því að sjúklingurinn viðurkenni þær einnig:

1. Aðskilnaður er ekki til í raunveruleikanum. Etherlíkami plánetunnar er heill, óskiptur og samfelldur. Etherlíkamar lækandans og sjúklingsins eru óaðskiljanlegir og eðlislægir hlutar hans.
2. Það eru órjúfanleg tengsl (þó að öllum líkindum óþekkt) á milli etherlíkama lækanda og sjúklings, sem hægt er að hagnýta til orkuflutnings jafn skjótt og sambandi hefur verið komið á.
3. Samskiptarásirnar geta flutt margar mismunandi gerðir orku frá lækanda til sjúklings. Í þessari staðreynd felst bæði von og hætta.

Forsendurnar eru fleiri, en þessar þrjár eru nauðsynlegar í tengslum við þessa reglu og til nánari útskýringa. Hættan, sem felst bæði í lækningu með geislun og lækningu með segulorku, stafar af þeirri staðreynd, að þar sem ekki er til neinn *þjálf-*

*aður* lækndi, getur það magn þönuorku eða sálarorku, sem miðlað er til sjúklingsins, alveg eins valdið dauða sem lífi. Lækndinn getur hlaðið etherlíkama sinn svo mikilli þönu og sent hana með svo miklum krafti inn í etherlíkama sjúklingsins, að hann geri með því mun meiri skaða en gagn. Lækndinn getur aðeins lært af langri þjálfun hversu mikil orka er hæfileg í hverju tilviki og til að komast að þessu er gott ráð að nota eins litla orku og kostur er, en auka hana smám saman eftir því sem hann öðlast meiri hæfni. Ef við alhæfum, en munum þó að frá hverri reglu eru margar undantekningar, má segja, að lækni sem notar segulorku hjálpi fólki sem er á lægra þroskastigi en það fólk sem hinn andlegi lækndi meðhöndlar með aðferð útgeislunar og hann mun að mestu fást við þá sjúkdóma sem liggja neðan þindar. Hinn andlegi lækndi fæst aðallega við efri hluta líkamans, í gegnum orkustöðvarnar ofan þindar og höfuðstöðina, en þannig hefur hann áhrif á allar stöðvar líkamans. Starf hans er ákaflega fingert og innrætt og hefur mun meiri hættur í för með sér. Hinn sanni lækndi og vígsluhafi notar báðar aðferðirnar jafn auðveldlega.

Það er athyglisvert, þótt sú vitneskja komi ykkur ekki að miklu gagni, að stundum má finna tvo aðra flokka læknda. Aðferðir þeirra eru all ólíkar báðum aðferðunum sem nefndar voru hér að framan. Þeir eru:

1. Vissir lækndur – mjög fáir og koma fram með löngu millibili – sem hafa myndað samband við anda jarðarinnar, stjórnanda allra tungljöfranna. Með þjálfun og notkun vissra máttarorða geta þessir lækndur ákallað aðstoð hans og – í raun – mælt fyrir um hana. Ég ráðlegg ekki áhugasömum nema að eyða miklum tíma í heilabrot um þetta efni, né heldur að gera tilraun til að ná sambandi við hann eða ákalla hjálp hans. Það eru aðeins vígsluhafar af hárrí gráðu sem geta átt áhættulaus samskipti við þessa máttugu formgervisveru;

Það gera þeir aðeins þegar um er að ræða miklar farsóttir og alþjóðlegar hamfarir, eins og heimsstyrjöldina, þar sem hundruð þúsunda líkama komu við sögu. Ef lítt þroskaður einstaklingur reyndi að koma á tengslum við þessa veru, myndi honum aðeins takast að örva svo tungljöfrana í sínu eigin lífkerfi, að allt lægra eðli hans eflist, stundum svo mikið að það drægi hann til dauða.


2. Aðrir læknendur, ekki eins fáir og í ofangreindum hópi en tiltölulega fáir samt, starfa í samvinnu við lækningartíva. Slíkir tívar eru til og búa yfir lífgefandi mætti. Þeir hafa sömu stöðu gagnvart tungljöfrunum og hin miklu Líf í Shamballa hafa gagnvart okkur. Þeir eru engin ógn fyrir mannkynið, en það er ekki auðvelt að ná sambandi við þá, nema á vissu stigi á Brautinni þar sem snertiflötur eða samskiptaleið, táknrænt séð, opnast á milli þessara tveggja þróunarleiða, því að tívarnir eru ekki á efnisþróunarbrautinni. Samband kemst á gegnum skyldleika, en það er aðeins tívinn sem getur átt frumkvæði að því en ekki læknandinn. Sé læknandinn mjög þroskaður þá er mögulegt að meistari hans gefi einhverjum lækningartívanna fyrirmæli um að vera honum til aðstoðar. Aðeins læknendur gæddir miklum hreinleika og algerlega óeigingjörnum hvötum geta laðað að sér þessa engla og þegar slíkt gerist verður lækningarmáttur þeirra mun meiri; þeir gera mun færri mistök. Þeir reyna til dæmis ekki að lækna sjúklinga sem ekki er mögulegt að lækna. Engill dauðans (og hér tala ég ekki í líkingum heldur vísa ég til raunverulegs tíva) mun ekki leyfa lækningartíva að taka þátt í samstarfi í því tilviki; þeim er aðeins leyft að nálgast þar sem lækning er fyrirsjáanleg.

Við skulum nú líta á hverja setningu í reglunni fyrir sig og athuga merkingu hennar, því að í þeim felst meira en virðist á

yfirborðinu. Báðar málsgreinar reglunnar hefjast á mikilvægum fyrirætlunum til læknandans:

Læknandinn skal leitast við að samtengja sál sína, hjarta sitt, heila sinn og hendur. Þannig er honum kleift að úthella lífgefandi lækningarorku yfir sjúklinginn.

Þessa aðferð notar sannur andlegur læknandi af einföldustu gerð og af þeirri ástæðu eru tveir hlutar efnislíkamans taldir með: heilinn og hendurnar. Læknandinn vinnur því í gegnum þríhyrning og tvær orkulínur. Eftirfarandi skýringarmynd lýsir þessu nánar:



Þríhyrningurinn lokast þegar lækningarstarfinu er lokið og orkan hverfur til baka frá höndunum til heilans og er send þaðan með viljaboði til sálarinnar. Þegar læknandinn hefur tengst sál sinni (eftir þjálfun í samstillingu), dregur hann sálarorku niður í hjartastöðina, þaðan flytur hann hana til heilans, þar sem hún er innstillt. Með ennisstöðina sem dreifistöð notar hann hendurnar sem leiðara fyrir orkustreymið frá sér til þess hluta líkama sjúklingsins þar sem upptök vandans er að finna. Hann beinir orkunni inn í þá orkustöð sem ræður sjúka hlutanum, þaðan mettar hún svæðið umhverfis, alveg að upptökum vandans og mörkum hins sjúka líkamshluta.

Aðferðirnar sem lækningandinn notar hendurnar við eru tvær:

1. *Handayfirlagning*. Þessi aðferð er gagnleg þegar sjúkdómurinn er bundinn vissum stað. Hendurnar eru lagðar yfir orkustöðina í hryggnum eða höfðinu – hægri höndin yfir orkustöðina aftan við hrygginn og sú vinstri yfir svæðið beint fyrir framan, kviðarhol, brjóst eða höfuð þar sem sjúklingurinn kvartar um óþægindi. Þeim er haldið í þessari stöðu jafn lengi og lækningandinn getur haldið þríhyrningi sálar, hjarta og heila skýrum í vitundinni.
2. *Handstrokur*. Þegar lækningandinn hefur greint sjúkdóminn og ákvarðað orkustöðina sem þarf á meðhöndlun að halda, myndar hann hringstreymi orkunnar (með handstrokum) í gegnum orkustöðina í líkama sjúklingsins og út í gegnum hið auma svæði í átt að sér sjálfum. Hann byrjar á því að nota hægri höndina, heldur henni andartak yfir hinum sjúka líkamshluta eða líffæri og dregur hana síðan hægt aftur til sín; hann endurtekur þetta strax með vinstri hönd. Takið eftir, að báðar hendurnar eru notaðar á *pósitifan hátt*. Lækningandinn leyfir aldrei neinum hluta eða þætti af líkama sínum að vera negatífum og þeirri ímyndun að hægri höndin sé pósitíf og sú vinstri negatíf, verður að eyða. Sé önnur hönd lækningandans negatíf, þá á hann það á hættu, að draga til sín sjúku atómin sem honum tekst hugsanlega að fjarlægja frá hinum veika parti. Starf handanna við orkustöðina í líkama sjúklingsins hefur ekki áhrif á sjúku atómin, en þau dragast hins vegar út í gegnum líkamshlutann sem sjúkdómurinn hefur haft áhrif á.

Í fyrra tilvikinu, með yfirlögn handa, þögulla handa, stilltra handa, flæðir orkan milli handanna, fram og til baka í hinum sjúka líkamshluta; orkustöðin í hryggnum er notuð stöðugt, þegar starfið er árangursríkt eyðir það kröftunum sem valdið hafa

vandanum, án þess að hafa áhrif á líkama lækmandans. Í síðara tilvikinu er kröftunum þrýst út með starfsemi orkunnar sem streymir frá höndunum sem beitt er á víxl með reglubundnum takti. Þeir streyma í gegnum hendurnar en geta ekki staðnæmst þar vegna hinnar samþjöppuðu lækningarorku sem þar er að finna.

Læknendur á öðrum, þriðja og fimmta geisla nota yfirleitt handayfirlagningu eða *lækningu með segulorku*. Það hugtak á við hina beinu aðferð, að leggja hendur yfir efnislíkama sjúklingsins, en ekki þá aðferð, sem greint er frá í seinna tilvikinu, að vinna með etherefni með hendurnar umluktar etherlíkama sjúklingsins. Læknendur á fyrsta, fjórða og sjöunda geisla nota aðferð „handaídyfingar,“ eins og það er stundum nefnt. Læknandi á sjötta geislanum er sjaldgæfur og nær aðeins árangri ef hann er háþroskaður; hann mun þá nota báðar aðferðirnar á víxl.

Allir andlega þroskaðir læknendur nota báðar aðferðirnar. Læknendum er þó ráðlagt að ganga úr skugga um geislagerð sína og fullkomna sig að því loknu í þeirri lækningaradferð sem best hæfir þeim geisla. Þegar þeir hafa náð nægilegri leikni og geta beitt henni af öryggi og færni, geta þeir bætt við sig þeirri aðferð sem hæfir ekki jafn vel þeirra geislagerð. Fólki á sjötta geisla er ráðlegt að halda sig frá lækningum þar til það hefur náð stigi vígsluhafans. Þegar læknandinn hefur náð góðum tókum á báðum aðferðum segulorkulækninga, getur hann beitt báðum aðferðunum til skiptis, einnig getur hann notað handstrokuadferðina í byrjun, til að koma á breyttri virkni í hinum sjúka líkamshluta og notað síðan aðferð handayfirlagningar.

Við lok meðhöndlunarinnar gerist það sem nefnt er „lokun þríhyrningsins.“ Orkan, sem streymt hefur til handanna í gegnum ennisstöðina frá heilanum er dregin til baka inn í ennisstöðina og er síðan beint þaðan – með viljaboði – til

sálarinnar. Það er bókstaflega „lokað fyrir“ lækningarmáttinn og honum beint annað; hann er ekki lengur tiltækur.

Læknandinn segir ekkert á meðan á lækningunni stendur. Hann kemur ekki með neinar yfirlýsingar og fer ekki með nein máttarorð til lækninga. Atburðarásin sem hér hefur verið lýst, sýnir fram á áhrif sálarorku á kraft. Leggja þarf áherslu á þetta atriði. Hlutverk læknandans er að viðhalda með máttugri einbeitingu þríhyrningnum „gerðum úr lifandi orkulínum“ (eins og honum hefur verið lýst) innan fjörgreindrar áru sinnar – heilsuárunni, etherlíkamanum, geðlíkamanum og huglíkamanum. Honum verður að halda heilum og stöðugum allan lækningartímann. Tengja verður sál, hjarta og heila á svo „lýsandi“ hátt, að maður, sem gæddur er sannri dulskyggnigáfu geti séð ljómandi þríhyrning í áru læknandans; honum er ef til vill ekki mögulegt að sjá hæsta horn þríhyrningsins (sálartenginguna) nema hann sé sjálfur háþroskaður, en honum ætti ekki að sjást yfir vísbendingar hans í orku innstreyminu til hjartans og frá hjartanu til heilans. Starfið er unnið í þögn. Það er því aldrei um neitt orkutap að ræða, eins og gerist alltaf þegar fullyrðingar eða orð eru viðhöfð. Það er ekki mögulegt að halda þríhyrningnum rúmfræðilega réttum og seglumögnuðum nema læknandinn sé þögull. Til að slíkt sé mögulegt verður hann að vera búinn að ávinna sér háþróaða samstillingu og einbeitingarhæfni og það gefur ykkur vísbendingu um sum þau atriði sem þjálfun læknandans byggist á.

Þessi lækningaraðferð „læknar sjúkdóma eða eykur hið slæma ástand, allt eftir þekkingu læknandans.“ Að sumu leyti er þessi aðferð (þótt hún sé ekki æðsta gerð lækninga) sú sem mesta ábyrgð hefur í för með sér fyrir læknandann, vegna þess að þegar um lækningu með útgeislun er að ræða, er sál sjúklingsins í samvinnu við læknandann og þá er það sálin sem ber mestu ábyrgðina. Við lækningar með segulorku verður læknandinn að starfa í náinni samvinnu við lækninn sem stundar sjúklinginn;



hann lætur í té hina læknisfræðilegu þekkingu og kemur þannig í veg fyrir að læknandinn geri mistök.

Þegar greinilegar vísbendingar eru um hvert stefnir og bæði læknandinn og læknirinn greina „merki dauðans,“ er ekki nauðsynlegt fyrir læknandann að hætta starfi sínu. Með því að halda því áfram má vera að hann auki hið slæma ástand, en þannig mun hann samt sem áður verða sjúklingnum til liðsinnis, þar eð það mun flýta fyrir hinni venjulegu atburðarás dauðans. Gamli málshátturinn: „meðan líf er þá er von“ er ekki réttur í öllum tilvikum. Það er mögulegt og gerist oft, að lífið er framlengt, þegar vilji sálarinnar stefnir í þá átt að draga til sín sálarlífið; hægt er að viðhalda lífi atóma tungljöfranna langtímum saman, en það er kvöl fyrir hinn andlega mann sem er meðvitaður um það sem er að gerast og tilgang sálar sinnar. Efnislíkamanum er haldið á lífi, en áhugi hins sanna manns er ekki lengur bundinn honum.

Sú stund kemur óhjákvæmilega, til dæmis þegar um illkynja sjúkdóm er að ræða, að læknirinn veit að það er einfaldlega spurning um tíma, og hinn andlegi læknandi getur einnig lært að þekkja þessi sömu merki. Í stað þagnarinnar sem bæði læknir og læknandi viðhafa nú á tímum gagnvart sjúklingnum, mun tímanum sem eftir er verða varið til viðeigandi undirbúnings fyrir „hið blessunarríka og gleðilega brotthvarf“ sálarinnar (ef ástand sjúklingsins leyfir); fjölskylda og vinir sjúklingsins munu taka þátt í undirbúningnum. Í upphafi hinna nýju heimstrúarbragða verður mönnum innrætt þetta viðhorf til dauðans. Kennd verður algerlega ný hugmynd um dauðann með áherslu á meðvitað brotthvarf og útfararathöfnin, eða öllu heldur líkbrennsluathöfnin verður fagnaðarríkur atburður vegna þess að þar verður lögð áhersla á lausn og heimför.

Segulorkulækningin mun lækna sjúklinginn, ef forlög hans leyfa, ef sálin ætlar sér óvænt að framlengja æviskeiðið til að uppfylla einhverja skyldu, eða ef sjúklingurinn er háþroskaður og Helgivaldið þarf lengur á þjónustu hans að halda.

Við skulum nú taka geislunarlækningar til íhugunar.

Í þessu tilfalli eru aðstæðurnar allt aðrar en þær sem við höfum verið að fjalla um hér að framan. Við lækningar með geislun vinnur sjúklingurinn í samvinnu við lækmandann (meðvitað eða ómeðvitað). Grundvallarforsenda geislunarlækninga er sú, að sjúklingurinn sé persóna sem hefur, að minnsta kosti að einhverju leyti, myndað samband við sál sína. Sé slíkt fyrir hendi veit lækmandinn, að hægt er að gera ráð fyrir samskiptarás og að hægt er að vekja *áhuga sálarinnar* á fulltrúa sínum á efnissviðinu, manningum. Hann veit einnig, að góður árangur í geislunarlækningum er að miklu leyti háður hæfni hans eigin sálar til að mynda traust samband við sál sjúklingsins. Starfið er mun léttara ef sjúklingurinn hefur meðvitund og er fær um samvinnu; sú hjálp sem lækmandinn getur veitt þeim sem þarfnast aðstoðar hans er í samræmi við hæfni hans til að hagnýta sér samstillingu og þekkta samskiptarás. Þegar sjúklingurinn er meðvitundarlaus þarf það ekki að verða nein raunveruleg hindrun, að því tilskildu að lækmandinn geti komið á sambandi sinnar eigin sálar og sálar sjúklingsins. Í raun getur meðvitundarleysi sjúklingsins í sumum tilvikum verið til bóta, því að of einlæg, eindregin og áköf hjálp getur hindrað starfið – kyrrlátt og hljótt, undir stjórn lækmandans.


Þegar sambandið hefur verið myndað, felst starf lækmandans einfaldlega í því að halda því stöðugu; ekki má leyfa nein afskipti af starfinu sem sál sjúklingsins er að vinna og komið var af stað með hjálp lækmandans. Meistari Jesús gat ekki á krossinum brugðist við neinum björgunaraðgerðum (jafnvel þótt hann hefði viljað), vegna þess að sálarlíkama hans hafði verið eytt – eins og gerist ætíð við fjórðu vígsluna; það var því ekkert í honum sem gat brugðist við ákallsmætti utanaðkomandi áhugasamrar eða elskandi persónu. Sem adept (fullnumi) og maður með virka mónadvitund gat Jesús ekki notað þá krafta sem hann hafði yfir að ráða til að bjarga efnislíkama sínum. Um

leið verður að hafa í huga, að hann hafði ekki neina löngun til að bjarga honum, vegna þess að hann bjó nú yfir hæfni til að skapa sér líkama að vild eftir aðstæðum (eins og síðar kemur fram í guðspjöllunum). Hin óljósa og huglæga synd postulanna var sú, að þeir höfðu engan áhuga á því að kalla fram lifandi virkni meistarans honum sjálfum til hjálpar (þó svo að hann sjálfur hefði aldrei gert slíkt, en það vissu þeir ekki), þeir voru aftur á móti uppteknir af sinni eigin sorg. Ákallið hefði verið gagnslaust, þótt þeir hefðu reynt að nota það, en hið góða sem þeim hefði getað fallið í skaut og sú opinberun sem þeir hefðu getað öðlast um ódauðleika sálarinnar, hefði upplýst þá mikið og hefði getað leitt af sér Kristindóm byggðan á lifandi Kristi en ekki hinum dána Kristi.

Okkur er sagt að við lækningu með geislun, „skuli læknaandinn leitast við að samtengja sál sína, heila sinn, hjarta sitt og áríska útgeislun.“ Þið sjáið að þessi málsgrein er frábrugðin í tveim atriðum því sem sagt er um lækningu með segulorku:

1. Röðin er önnur í orkuþríhyrningnum sem myndaður er.
2. Tengingin myndast ekki í gegnum áþreifanlegt efni.

Orkan sem losnar úr læðingi streymir eftir beinni rás til heilans og læknaandinn byrjar með lokaðan þríhyrning en ekki opin, eins og gerist við segulorkulækningar. Einfaldur þríhyrningur myndast og ekki er um neina líkamlega snertingu eða orkuleiðslu að ræða eins og í segulorkulækningum:



Heili lækmandans tekur þátt í starfinu, en það er ekki um að ræða neins konar líkamlega snertingu við sjúklinginn. Afleiðingin verður stöðugt orkuhringstreymi frá sálinni og aftur til sálarinnar. Það veldur óhjákvæmilega eflingu og orkuaukningu hins þrjúþætta persónuleika lækmandans, sem afleiðing af því eykst orkuútreymi áru hans. Ára hans kæmi dulskyggnum manni fyrir sjónir sem mun stærri, á mikilli hreyfingu og orkumögnum með ljósi frá sál hans, en öll útgeislun árunnar myndi þá beinast í átt að sjúklingnum. Lækningarorka lækmandans örvar þannig öll þrjú persónustarfstæki sjúklingsins og sál sjúklingsins fær hjálp við starfið sem hún þarf að vinna. Lækmandinn mun þar af leiðandi telja nauðsynlegt að standa þeim megin við sjúklinginn sem sjúkleikinn er, svo að útgeislun áru hans eigi auðveldara með að hafa áhrif. Þetta er auðveldasta leiðin, en ekki sú áhrifaríkasta. Ef lífsþróttur sjúklingsins er mikill ætti hann að liggja á hliðinni og lækmandinn að standa fyrir aftan hann, svo að orkan, sem lækmandinn notar og eflir svo kröftuglega áru hans, geti haft áhrif á áru sjúklingsins og aukið þannig innstreymi lækningargeislanna, sem lækmandinn beinir að orkustöðinni eða orkustöðvunum sem þarfnast orkunnar. Sé sjúklingurinn háþroskaður ætti lækmandinn að standa við höfuð hans. Persónuleg áhrif hans eru þá ekki eins sterk, en það kemur ekki að sök, vegna þess að þeirra er ekki þörf; sál sjúklingsins veldur verkefninu. Það eina sem þörf er á, er að ára lækmandans skapi svið kyrrlátrar hrynjandi í kringum höfuðstöðina í samblandi við áru sjúklingsins. Ekki er þörf á neinni líkamlegri snertingu og lækmandinn má ekki undir neinum kringumstæðum snerta sjúklinginn.

Þetta er dregið saman fyrir okkur með orðunum: „Þannig getur nálægð hans nært sálarlíf sjúklingsins. Þetta er lækning með geislun. Snertingar er ekki þörf.“

Táknrænt má segja, að það sé eins og mikill orkuhvírfill

myndist af snertingu árána tveggja og hárrí sveiflutíðni þeirra; en það auðveldar sál sjúklingsins verkið. Væri vígsluhafi nálægur myndi hann sjá gullinn orkustraum flæða beint niður í gegnum orkuörvaða líkama persónuleika sjúklingsins inn í þá orkustöð sem næst er hinum vanheila líkamshluta. Aðkoma lækningarorkunnar er í gegnum höfuðstöðina og hún streymir síðan beint til sjúka hlutans og að því beinist einnig útgeislun áru lækandans. Hugræn innstilling sjúklingsins eflist og skýrist vegna hugrænu útgeislunarinnar frá áru lækandans; geðrænni svörun hans, sem oft er mjög kröftug, er á sama hátt hjálpað til að stillast og kyrrast, etheríska áran og heilsuáran hafa afdráttarlaus áhrif á tilsvarendi þætti í áru sjúklingsins.

Geislunarlækningar gerast með blöndun árána tveggja, sem báðar eru næmar fyrir sálartengingu; hinn sálræni eðlisþáttur beggja persóna (undir stjórn sálarinnar) beinist þá að einhverjum vissum hluta efnislíkama sjúklingsins. Þetta veldur gífurlegum áhrifum á sjúka hlutann og orkustöðin sem næst er magnast ákaflega. Verkefni lækandans, á meðan á lækningunni stendur, felst í að viðhalda órofinni kyrrð. Hann bíður einfaldlega þegar hann hefur náð sálarsambandi og þarf ekki að gera neitt annað en að halda sálarsamstillingu sinni stöðugri og koma í veg fyrir að nokkuð fái raskað ró starfstækja persónuleika síns. Hans verki lýkur þegar hann hefur náð sambandi við sína eigin sál og síðan tengst sál sjúklingsins. Þetta getur hann gert af því að hann veit að allar sálir eru eitt. Þegar fram líða stundir verður lækningarlistin einn af þeim þáttum sem sýna fram á einingu allra sálna.

Reglu þessari lýkur síðan með orðunum: „Útgeislun frá áru lækandans, upplýst orku sálarinnar, veldur áhrifum í áru sjúklingsins og sál hans bregst við.“ Hér er því um það að ræða, að sálarorka beggja mætist á öllum þrem sviðum mennskrar vitundar. Orðið „sál“ er hér haft í eintölu vegna þess að

einingu hefur verið náð, þótt það gerist aðeins eitt andartak. Sál sjúklingsins viðurkennir þessa einingu vegna hinnar „dulfræðilegu hröðunar“ árunnar og vegna móttækileika hennar fyrir geislun frá áru lækmandans. Þessari úthellingu sálarorku, sem gerist með samtengingu áranna, er í heild sinni beint sem einu sameinuðu átaki að hinum veika líkamshluta sjúklingsins. Þið getið því séð að starfið getur haldið áfram – meðvitað eða ómeðvitað – og valdið annaðhvort lækningu eða þeirri „hröðun atóma sem, undir stjórn sálarinnar, leiðir til frelsunar,“ eins og *Skýringarritið forna* kallar listina að deyja.

Ef ljóst er, að það eru forlög sjúklingsins að deyja, þá breytist aðferð lækmandans nokkuð. Hann tekur sér stöðu við höfuð sjúklingsins og beinir þaðan allri geislun sinni til sjúkdómssvæðisins og veldur með því móti óhjákvæmilegamikilli aukningu á geislunarvirkni. Á meðan byrjar sjúklingurinn, meðvitað ef efnisheilinn er fær um slíkt eða ómeðvitað undir stjórn sálarinnar, að draga alla vitund sína úr líkamanum. Þetta er ástæðan fyrir því að svo margir eru meðvitundarlausir rétt fyrir dauðann. Starf lækmandans endar þegar þetta brotthvarf vitundarinnar hefur hafist. Hann „lokar fyrir“ sálarsamband sitt og tekur aftur við yfirráðum áru sinnar sem tækis fyrir sína eigin andlegu tjáningu; hún er ekki lengur tæki til lækninga með geislunarvirkni og sjúklingurinn er skilinn eftir til að ljúka sjálfkrafa brotthvarfi vitundarþráðarins og lífþráðarins frá höfuðstöðinni og hjartastöðinni.

Hér hefur verið lýst í grófum dráttum aðferðunum sem notaðar eru við lækningar með segulorku og geislun. Ég hef hér látið ykkur í té uppistöðu hugmyndarinnar, en ekki nein smáatriði; fleira er hægt að láta í té þegar við fjöllum um hinar sjö aðferðir lækninga út frá þætti geislanna.

Fræðslan hefur verið sett fram á þann hátt, að neminn verður að leita í gegnum allar síðurnar og safna saman þeim staðreyndum sem hann þarf á að halda. Með því móti getur

hann byggt upp fyrsta stigið í aðferð andlegra lækninga; hann lendir á villigötum og starf hans mun engan árangur bera, nema hann sjálfur sé andlegur lækandi og geti lesið á milli línanna og greint á milli staðreynda og hins táknræna. Þetta er gert af ráðnum hug, því að lækningarlistin getur verið hættuleg, þegar henni er beitt á fullkominn hátt og samkvæmt rétttri forskrift. Hafa verður í huga, að þótt orka sé hugsun, þá er hún einnig eldur frá æðra sjónarmiði séð. Aðferðina alla í heild sinni, starfshætti og forskriftir, verður að uppgötva með tilraunum og skráðum niðurstöðum áður en sannar andlegar lækningar geta orðið að veruleika; þegar sá tími kemur að þessari rannsókn er lokið, verður viðfangsefnið mun hættuminna en það er nú á tímum.

Á meðan er hægt að áorka miklu til góðs og efla þekkinguna, ef þeir sem áhuga hafa lesa, rannsaka, hugleiða og gera tilraunir með gætni og byggja með því móti smám saman upp þessi þörfu vísindi sem samstarfsaðilar læknavísinda nútímans.

Við skulum nú snúa okkur að níunda lögmálinu.

Í níunda lögmálinu og sjöttu reglunni munum við fjalla um það mikilvæg grundvallaratriði, að vandi okkar mun felast í því að setja fræðsluna fram í svo samþjöppuðu formi, að hægt sé að fjalla um víðtæk viðfangsefni í stuttu máli og láta þau um leið virðast skýr og einföld. Þetta lögmál er í raun skilgreining á framþróunarlögmálinu, en það er sett fram með andlegri skírskotun. Framþróunarlögmálið – eins og menn almennt skilja það – snýst um þróun formsins sem gerir sig smám saman hæft til að verða tákni eða tjáning sálarorkunnar, og síðar meir orku mónadsins. Þetta lögmál, sem kalla mætti lögmál fullkomnunar, fjallar um þær innri orkutegundir sem ráða verkunum framþróunarlögmálsins. Það er æðri þáttur eða hin ákvarðandi orsök hins lægra; undirlögmál lögmáls fullkomnunar eru af byrjendum kölluð andlegu lögmálin, en

byrjendur hafa litla þekkingu á þeim og þau blandast saman í huga þeirra í þá almennu hugmynd, að þau séu tjáning kærleikspáttar guðdómsins. Það er í grundvallaratriðum rétt, frá sjónarmiði eiginleikans, ef menn átta sig jafnframt á því, að kærleikspátturinn er í eðli sínu hreinir vitsmunir en ekki geðræn tilfinning sem birtist í góðviljuðum athöfnum.

Reglan sem fylgir þessu lögmáli fjallar um tengsl kærleiks og vilja og er því ákaflega mikilvæg fyrir vígsluhafann. Ég vil minna ykkur á það hér, að hinn eini sanni læknaði er hinn innvígði og aðeins hinn innvígði lærisveinn getur því raunverulega skilið síðustu tvö lögmálin (níunda og tíunda lögmálið). Þau eru samt frá vitsmunalegu sjónarmiði mjög áhugaverð fyrir byrjendur, könnuði og leitendur, vegna þess að þeir geta (fræðilega séð að minnsta kosti) skilið hluta af merkingu þeirra, þótt þeir séu ennþá – í andlegum skilningi – algerlega ófærir um að „halda lögmálið.“

## IX. LÖGMÁL

*Fullkomleiki dregur ófullkomleika upp á yfirborðið. Hið góða rekur hið illa úr formi mannsins í tíma og rúmi. Aðferðin sem notuð er af hinum fullkomna og hið góða beitir er skaðleysi. Það er ekki óvirkni heldur fullkomin stilling, fullmótuð afstaða og guðlegur skilningur.*

Þetta lögmál er mjög einfalt og merkir nákvæmlega það sem sagt er. Hægt er að túlka það með tvennum hætti:

1. Það fjallar um andlega framþróun mannsins fyrir tilstilli formsins og aðferðina eða lögmálið sem hagnýtt er til að fjarlægja hið dulda tak efnisins – mettað eigingirni og öllu því sem viðurkennt er að sé illt – og hann stendur frjáls.



2. Það má einnig túlka það með tilliti til læknanda og sjúklings. Oft eru afleiðingarnar af starfi og þekkingu hins sanna læknanda þær, að hið illa innan formsins (hinn bráði sjúkdómur) dregst upp á yfirborðið. Afleiðingin getur því orðið annað tveggja, að sjúkdómurinn hverfi og sjúklingurinn komist til heilsu, eða að formið lúti í lægri haldi fyrir eflingu sjúkdómsins og líkindin eru þau að sjúklingurinn muni deyja. Það er því heppilegt að hæfni hins almenna læknanda er svo lítil, að svo alvarlegur möguleiki er ekki fyrir hendi!

Aðferðin sem beitt er undir lögmáli fullkomnunar er nefnd „fullkomið skaðleysi,“ en það var aðferðin sem Kristur, hinn fullkomni, notaði ætíð. Þá á ég ekki við það skaðleysi, sem ég hef svo oft lagt ríka áherslu á þegar ég ávarpa nema, heldur skaðleysi sem hinn andlegi maður virkjar og eru eðlileg forlög hans. Í því felst að áhrifin eða afleiðingarnar á formið eru virt að vettugi. Ég hef oft sagt ykkur að Helgivaldið fæst aðeins við andlegt eðli eða sál mannkynsins og að fyrir meistarunum er formið tiltölulega lítils virði. Hinn andlegi maður lítur alltaf svo á, að það að losna frá hinu þríþætta formi sé það besta mögulega, að því tilskildu að slíkt gerist í samræmi við lögmálið, og sem afleiðing af andlegum markmiðum og sem karmísk ákvörðun. Það má ekki vera sem geðþóttaákvörðun, eða til að flýja lífið og það sem því fylgir á efnissviðinu, né heldur sem úthugsuð endalok. Stríðið (1914 – 1945) var lýsandi dæmi um þessa sérkennilegu verkun lögmáls fullkomnunar (sérkennileg, séð frá takmörkuðum sjónarhóli mannsins). Milljónir manna létu lífið; fleiri milljónir þjáðust óskaplega í forminu og enn fleiri milljónir gengu í gegnum hina hugrænu kvöl óöryggis, kvíða og fátæktar og slíkt er enn að gerast. Samt sem áður leiddi þetta til þess að af andlegum toga gerðist tvennt samkvæmt verkunum lögmáls fullkomnunar:

1. Sálir losnuðu undan staðnaðri og hnignandi siðmenningu – því þannig er menningin, sem þið eruð svo hreykin af, séð frá sjónarhóli Helgivaldsins – og munu snúa aftur í betri líkömum til siðmenningar sem er í meira samræmi við þarfir hins andlega manns. Meginástæða þess að orðið hefur svo algjör eyðing hinna gömlu forma (efnislegra, geðrænna og hugrænna) er sú, að þau voru orðin að fangelsi fyrir sálina og komu í veg fyrir allan sannan vöxt fjöldans.
2. Öllum, jafnt ríkum sem snauðum, greindum sem fávísu er nú eitt alveg ljóst og það mun í vaxandi mæli móta hugsun manna: hamingja og velgengni byggist ekki á eignum eða efnislegum gæðum. Sú hugsun sýnir fram á mistök verkalýðshreyfingarinnar, þegar hún berst fyrir betri launum til að geta veitt félögum sínum meiri efnisleg gæði. Almennungur gerir þessi sömu mistök þegar hann bregst við athöfnum verkalýðsaflanna, því hann berst gegn skerðingu á hinu stöðuga innstreymi *efnislegra* gæða. Mannkynið hefur gert þessi mistök um óteljandi aldir og hefur skjátlást í áherslu sinni um hvað sé forminu til góðs. Þetta er hið góða í afstöðu Rússa þegar þeir berjast gegn auðvaldshyggjunni og leggja áherslu á menntun. En miskunnarleysi þeirra og grimmd og það sem mestu máli skiptir, afnám borgaralegra réttinda til frelsis í vissum mikilvægum málum, getur þegar fram líða stundir gert að engu fegurð og von hinnar upphaflegu hugmyndafræði. Hugmyndafræði Rússa er rétt, en aðferðir þeirra eru í grundvallaratriðum mjög rangar. Bandaríkin og Bretland eru á krossgötum. Þau eiga sér hugsjón, en vita ekki hvernig þau eiga að koma henni í framkvæmd og gera hana að veruleika, því að þau eru (með réttu) ekki hlynnt alræðisstjórn. Auðvaldshyggja og dulinn fasismi Bandaríkjanna eru nú á tímum tvímælalaus ógn við heimsfriðinn og auðvaldssinnarnir standa í vegi fyrir

viðleitni manna góðviljans. Stóra Bretland er nú vanmáttugt, efnahagslega í rúst, hinni fornu heimsvaldastefnu þess hefur nú algerlega verið hafnað og þjóðin er kjarklaus; það er því svo upptekið við að berjast fyrir lífi sínu (og það mun lifa) að lítill tími, áhugi eða orka er afgangss til að gera hugsjónina að veruleika.

Eins og þið vitið er ætíð samsvörun á milli einstaklingsins og mannkynsins í heild. Óhætt er að fullyrða, að eitthvað er að næstum því hverjum einasta manni líkamlega – eitthvað er að augum, eyrum, tönnum eða einhverjum öðrum líkamshlutum – á sama hátt er mannkynið sjúkt og bíður lækningar. Lækning fæst fyrir tilstuðlan hins Nýja hóps heimsþjónenda og manna góðviljans, með hjálp Helgivaldsins, en til þeirrar plánetu-orkustöðvar verður lækningarorkan sótt. Ófullkomleikinn hefur verið dreginn upp á yfirborðið; allir þekkja hið illa sem þarf að útrýma og allt hefur þetta gerst samkvæmt lögmáli fullkomnunar. Hér er ég að fjalla um hið almenna ástand en síður hið einstaklingsbundna samband læknaða og sjúklings. Það geri ég einfaldlega vegna þess að aðeins vígsluhafi sem hefur yfir að ráða reynslu og skilningi getur haldið lögmálið eða hlýtt reglunni og aðeins örfáa slíka er að finna á jörðinni nú á tímum. Sjúkdómar mannkynsins sem kynstofns hafa orðið til sem afleiðing af aldalöngum röngum lifnaðarháttum, eigingjörnum tilgangi og græðgi; þetta hefur valdið fjölmörgum líkamlegum kvillum; nú á tímum fæðast milljónir barna sjúk eða með fræ sjúkdóma í sér. Þegar hið illa, sem hefur komið í ljós og ófullkomleikinn, sem hefur komið upp á yfirborðið, hefur verið læknað eða rekið til baka til síns heima, þá – og aðeins þá – mun líkamlegum sjúkdómum linna eða þeir læknaast auðveldlega.

Þegar við fjöllum á almennan hátt um ófullkomleika og illsku

erum við að fást við orsakir, og það verður vígsluhafinn ætíð að gera. Þegar sjálfar orsakirnar eru fjarlægðar munu afleiðingarnar einnig hverfa. Almenn hugmyndafræði og forsendur *Christian Science* og *Unity* eru því í meginráttum réttar, en áherslur þeirra og aðferðir eru algerlega rangar. Allt starf þeirra er unnið fyrir gíg, þegar til lengri tíma er litið, nema að því leyti, að þau hafa að geyma og setja fram lögmál fullkonnunar, jafnvel þó það sé gert á óljósan hátt og kenningar þeirra mótist af hinni alheimslegu eigingirni.

Ykkur hefur oft verið sagt, að til séu tvær leiðir til að ná settu marki: Hin langa leið þróunarinnar, þar sem óralöngum tíma er varið til að ná tiltölulega litlum árangri og hin stutta, mun erfiðari, en miklu fljótfarnari leið vitundarvígslunnar. Um aldir var það spursmál, hvort mannkynið myndi velja (og hefði betur valið) hina seinförnu en öruggu leið. Á þannig leið er annmörkunum eytt mjög hægfara, án mikils álags og með lítilli áreynslu af hálfu mannsins. Með þeim hætti er hið góða uppgötvað smátt og smátt og hið illa rekið út á mjög löngum tíma. Á hinni hægfara þróunarleið er viljinn-til-góðs frá Shamballa aðeins mjög ógreinilegur og óratíma hefði það tekið mannkynið að ná núverandi þroskastigi.

En eitthvað gerðist sem jafnvel Helgivaldið hafði ekki séð fyrir. Á liðnum tvö hundruð árum hefur allt gjörbreyst. Nægilega margir einstaklingar náðu vitundarvígslu og gengu inn í skóla meistaranna og vegna ákvörðunar þessara árangursríku leitenda og áframhaldandi starfs þeirra, ákváðu meistararnir fyrir hönd mannkynsins að gera tilraun til að feta hina fljótförnu en erfiðu leið. Allt frá þeim tíma hefur þrennt verið ríkjandi í heiminum:

1. Hin gríðarmikla framför við hækkun vitundar mannkynsins í heild sinni upp á mun hærra vitsmunastig. Til marks um þetta er vöxtur menntunar, uppgötvanir vísindanna og yfirráð manna yfir efnisheiminum og háloftunum.

2. Hin alheimslega neyð, efnahagslegt hrun, heimsstyrjaldir, náttúruhamfarir og hinir fjölmörgu atburðir og erfiðleikar sem gera líf einstaklingsins, þjóðanna og plánetunnar svo erfitt nú á tímum. Enginn er undanskilinn og ekki er farið í manngreinarálit.
3. Hin vaxandi þekking manna á Helgivaldinu og framar öllu öðru á hinni andlegu Áætlun. Þetta hefur haft í för með sér að nauðsynlegt var fyrir leitendur og lærisveina að setja mannkyninu markmið, ásamt því að gefa mönnum leiðbeiningar um aðferðir Brautarinnar til að þeir gætu náð því markmiði. Þetta starf hefur ekki fallið í hlut trúarsamfélaga kirkjunnar um heim allan, heldur meðlima ashramsins. Allt sem kirkjan hefur gert er að viðhalda í vitund mannkynsins hugmyndinni um yfirskilvitlegan Guð, meðan ekki var hirt um staðreyndina um Guð hið innra, að bera vitni um tilvist Krists en afbaka kenningar hans og að kenna staðreynd ódauðleikans á meðan lögmál endurfæðinga var haft að engu.

Mannkynið tekur því hröðum framförum á Brautinni og sem afleiðingu af því má búast við tvennu: í fyrsta lagi, að ófullkomleikinn og illskan (annað dulið en hitt virkt en þó hopandi) verði í vaxandi mæli augljós hinum skynsama manni og í öðru lagi, að aðferðir til að uppræta það muni einnig verða þekktar.

Ég er ekki að fjalla um eðli ófullkomleikans né uppruna illskunnar. Þarf ég að benda nokkrum lesenda minna á, hversu óhjákvæmilegt það er að þetta tvennt er hér? Ég gæti bent á, að ófullkomleiki sé inngróinn eðli sjálfs efnisins og sé arfur frá fyrra sólkerfi. Ég gæti gefið til kynna að illskan stafi frá því ríki illra afla sem er efnisleg hliðstæða andlega Helgivaldsins. Þetta tengist þeirri staðreynd að öll okkar svið eða heimar eru byggð úr efni kosmíska efnissviðsins. Einnig mætti segja, að þegar ófullkomleiki efnisins er þekktur og lagfærður og áhugi og

áhersla mannkynsins hverfur frá efnislegum kostum, þá hafi öfl illskunnar ekkert við að glíma í heimunum þrem (sem eru þrjú lægstu stig kosmíska efnissviðsins), ekkert verður til sem þau geta haft áhrif á og engin aðferð verður þá til sem hefur áhrif á manninn, að því er illskuna varðar. Ég get ekki búist við að þið skiljið merkingu orða minna enn um sinn. Þau tengjast þó orðunum í Ákallinu mikla: „svo innsigli það dyr hins illa valds.“ Til eru dyr inn í svið illsku og myrkurs, alveg eins og til eru dyr inn í heim góðleika og ljóss. Fyrir manninum sem tileinkar sér og helgar sig illskunni, er djöfullinn það sem Vörðurinn á þröskuldinum er fyrir hinum andlega leitanda.

Meginverkefni Helgivaldsins hefur ætíð verið í því fólgid, að standa á milli afla illskunnar og mannkynsins, að færa ófullkomleikann fram í dagsljósið svo að illskan „finni sér engan stað“ til athafna og að halda opnum dyrunum að ríki andans. Þetta hefur Helgivaldið gert með lítils háttar hjálp frá mannkyninu; staðan hefur nú breyst og heimsstyrjöldin var tákni og trygging fyrir þeirri breytingu; þar börðust öfl ljóssins og hinar staðföstu Sameinuðu þjóðir við krafta illskunnar *á efnissviðinu* og sendu þá til síns heima. Stríðið hafði mun meira andlegt gildi en menn hafa gert sér grein fyrir. Það markaði þáttaskil í heiminum; það beindi mannkyninu aftur í átt til góðleikans; það rak krafta illskunnar til baka og gerði skýran greinarmun (sem var nýtt og nauðsynleg) á milli góðs og ills, ekki í guðfræðilegum skilningi – eins og talsmenn kirkjunnar hafa haldið fram – heldur á hagnýtan og augljósan hátt. Til vitnis um það er hið efnahagslega öngþveiti og græðgi ráðandi manna í öllum löndum. Menn hafa alls staðar (vegna hins skýra greinarmunar milli góðs og ills) vaknað til vitundar um efnislegt arðrán, skortinn á sönnu frelsi og réttindum einstaklingsins sem ekki hefur enn verið gerð krafa um. Hæfni mannsins til að verjast ánaud og undirokun er alls staðar orðin greinileg. Það er alveg rétt, að þeir sem berjast fyrir frelsi nota oft rangar aðferðir

og reyna oft að berjast gegn illu með illu, en það gefur aðeins til kynna aðferðir á breytingarstigi og tímabundið ástand; það er tímabundið frá sjónarmiði Helgivaldsins (þótt það hugsanlega virðist langt frá sjónarhóli manna í heimumum þrem), en það þarf ekki endilega að verða svo langt að þessu sinni.

Framför manna á síðustu tvö hundruð árum hefur orðið svo mikil að athygli Ráðsalar Shamballa hlaut að vakna. Afleiðing af athygli þessara miklu lífvera umhverfis Sanat Kúmara og áhugi þeirra á málefnum manna hefur valdið því að tvennt hefur gerst:

1. Viljapáttur guðdómsins komst í fyrsta sinn í beina snertingu við huga mannsins. Áhrifin voru bein en ekki – eins og verið hafði fram að þeim tíma – endurvarpað um Helgivaldið til mannkynsins. Áhrifin urðu í samræmi við þær manngerðir eða hópa sem brugðust við þeim; þau voru annaðhvort mjög góð eða mjög slæm. Miklir og góðir menn komu fram á sjónarsviðið og lýstu yfir sannindum sem nauðsynleg voru fyrir nýja tímann, meðal þeirra má benda á Lincoln, Roosevelt, Browning og Briand og fjölmarga aðra mætti nefna. Illir og skadlegir menn komu einnig fram á sjónarsviðið, svo sem Hitler og hópurinn í kringum hann, og fluttu með sér mikla illsku til jarðarinnar.
2. Samhliða þessu vakti viljinn-til-góðs frá Shamballa hinn dulda góðvilja hjá manninum, með þeim árangri, að nú á tímum og í vaxandi mæli síðustu eitt hundruð árin, hafa hjartahlýja, vingjarnlegt viðmót, tillitssemi við aðra og fjöldahreyfing til að stuðla að almennri velferð breiðst út um alla jörðina.

Samhliða framkomu ófullkomleikans og skipulegrar viðleitni hinna illu afla, hefur hinn Núi hópur heimsþjónenda komið fram á sjónarsviðið og Helgivaldið hafið undirbúning að því að koma fram á efnissviðinu. Helgivaldið er ákaflega máttugt

nú á tímum; ashröm þess eru fullskipuð vígsluhöfum og læri-sveinum og jaðarsvæði þess eða segulsvið dregur til sín leitendur svo þúsundum skiptir. Stríðið veitti hinni efnislegu illsku banahöggið og tangarhald hennar á mannkyninu hefur veikst til muna.

Gerð greinarmun á illsku og athöfnum bófans eða glæpamannsins. Bófar og glæpamenn eru afleiðingar uppsafnaðra almennra vankanta. Þeir eru fórnarlömb fáfræði, illrar meðferðar í æsku og rangs skilnings á réttum mannlegum samskiptum öldum saman; lögmál endurfæðinga mun um síðir leiða þá út á braut góðleikans. Þeir menn, sem eru sannarlega á valdi illskunnar, eru þeir sem leitast við að knýja fram afturhvarf til hinna slæmu gömlu háttar, reyna að halda meðbræðrum sínum í ánauð af einhverju tagi, hindra tjáningu einhverrar eða allra greina Fjórfrælsisins, auðgast á kostnað hinna arðrænda, eða vinna að því að eigna sér og græða á framleiðslu jarðarinnar og gera þannig nauðsynjar lífsins svo dýrar, að þær verða óaðgengilegar þeim sem ekki eru auðugir af fé. Þá sem þannig vinna, hugsa og áforma, má finna meðal allra þjóða og þeir eru venjulega áberandi vegna auðlegðar sinnar og áhrifa; þeir syndga þó gegn ljósinu án þess að það sé vegna fáfræði; markmið þeirra eru efnisleg en ekki andleg. Þeir eru tiltölulega fáir, borið saman við allan fjöldann, en ákaflega völdugir; þeir eru gæddir miklum vitsmunum en eru samviskulausir og svífast einskis. Það er í gegnum þá, sem öfl illskunnar vinna, hindra framfarir, stuðla að fátækt, breiða út hatur og stéttaskiptingu, ala á aðgreiningu kynþátta til eigin hagsmuna og viðhalda mætti fáfræðinnar. Synd þeirra er mikil og þeir eiga mjög erfitt með að breytast, vegna þess að valdið og viljinn-til-valds (sem vinnur á móti viljanum-til-góðs) er allsráðandi þáttur í lífi þeirra; þessir menn vinna nú gegn einingu Sameinuðu þjóðanna, vegna græðgi sinnar og staðfastrar ákvörðunar, að eiga auðlindir jarðarinnar (eins og olíulindir, námur og matvæli) og halda með því fólkinu vanmáttugu og án nægilegrar fæðu. Þessir



menn um allan heim skilja hver annan fullkomlega og starfa saman í miklum samtökum með það að markmiði, að notfæra sér auðæfi jarðarinnar á kostnað mannkynsins.

Nú á tímum er Rússland einstaklega laust við slíka menn og ég er því ekki að vísa til þess víðáttumikla lands, eins og margir óvinir þess gætu ímyndað sér. Rússland er að gera mikil mistök, en það eru mistök hins öfgafulla hugsjónamanns eða glæpamannsins sem syndgar af vankunnáttu eða af reiði yfir því illa sem er alls staðar í umhverfi hans. Þetta er nokkuð sem er algerlega andstætt þeirri illsku sem ég hef verið að fjalla um og það mun ekki standa lengi yfir, vegna þess að Rússland mun læra af mistökum sínum; en hinir munu ekki læra.

Ég kom með ofangreinda skýringu til að gera viðfangsefni mitt að einhverju leyti skýrara. Vandamál illskunnar eru þó of viðamikil til að unnt sé að velta þeim fyrir sér hér, það er heldur hvorki ráðlegt né viturlegt að ræða um uppsprettu illskunnar (en ekki ófullkomleikans), eða Svarta bræðralagið. Orka fylgir hugsun og hið talaða orð getur haft máttug áhrif til að kalla fram það sem um er rætt. Áður en maðurinn er orðinn hluti af hinu mikla Hvíta bræðralagi, er viturlegt að forðast íhugun um krafta sem eru nægilega máttugir vitsmunalega til að hagnýta sér dulinn ófullkomleika mannkynsins og koma af stað víðtækri illsku styrjaldar, með öllum sínum víðtæku afleiðingum og áhrifum á mannkynið. Svarta bræðralagið er vandamál Hvíta bræðralagsins en ekki mannkynsins. Um aldir alda hefur Helgivaldið fengist við þetta vandamál og er nú í þann mund að leysa það. Það er þó í eðli sínu meginviðfangsefni og vandamál Shamballa, því það tengist þætti viljans og það er aðeins viljinn-til-góðs sem dugir til að eyða viljanum-til-ills. Góðviljinn nægir ekki, þó svo að hið sameinaða ákall manna góðvilja um allan heim – sett fram í vaxandi mæli með Ákallinu mikla – muni stuðla að því „að innsigla dyr hins illa valds.“

Það er handan þessara dyra og við meðhöndlun kraftanna,

er þar leynast (og hervæðast), sem Helgivaldið er áhrifamikið; þið sem ekki hafið gengið í gegnum dyrnar, sem leiða til Brauta hinnar æðri þróunar, munuð ekki skilja þær aðferðir og hætti sem Helgivaldið notar til að vernda mannkynið gegn virkri illsku og er með því að hrekja hana smám saman til baka.

Hvað á ég að segja um skaðleysi? Það er ekki auðvelt fyrir mig að sýna eða sanna fyrir ykkur áhrifamátt skaðleysis eins og það birtist í sínu æðra veldi eða hærri spíralvindu, eða eins og Helgivaldið beitir því undir stjórn Krists, hins fullkomna. Sú mynd skaðleysis, sem ég hef áður fjallað um, tengist ófullkomleikanum sem mannkynið glímir við og eins og þið vitið veitist ykkur örðugt að beita því við allar kringumstæður. Það skaðleysi sem ég á við í sambandi við ykkur, er ekki óvirkni eða vingjarnlegar og góðviljaðar athafnir, eins og svo margir álíta; það er *hugræn afstaða*, afstaða sem á engan hátt afneitar ákveðnum eða jafnvel róttækum aðgerðum; það tengist tilhvöt og felur í sér þá eindregnu ákvörðun, að allar athafnir séu sprotnar af góðvilja. Það tilefni gæti leitt til afdráttarlausra og stundum óþægilegra athafna eða orða, en þar sem skaðleysi og góðvilji móta hugarfarið getur ekkert nema gott eitt af því leitt.

Á hærri vindu spíralins beitir Helgivaldið einnig skaðleysi, en það tengist viljanum-til-góðs og felur í sér hagnýtingu máttugrar raforku undir stjórn innsæisins; maðurinn beitir aldrei þessari tegund orku; hann getur ekki enn meðhöndlað hana. Þetta form skaðleysis byggist á algerrri sjálfspörn, þar sem viljinn-til-fórnar, viljinn-til-góðs og viljinn-til-máttar (þrjú afsprengi eðlisþáttar viljans, eins og hann birtist í andlegu þrenndinni) blandast saman í eina máttuga háandlega orku. Þessi orka er ímynd algers eða fullkomins skaðleysis hvað tekur til mannkynsins og lægri lífríkja náttúrunnar, en er fráhrindandi í áhrifum sínum og kröftug í eyðandi áhrifamætti sínum hvað kröftum illskunnar viðkemur.

Nákvæm og innræð athugun á þrem freistingum Krists sýnir þrjú mikil tækifæri þar sem hinn fullkomni, með tjáningu þessa æðra skaðleysis, neyddi málsvara illskunnar til að láta undan. Sagt er frá þessu þrígreiða atviki á táknrænan hátt, en það er þó byggt á raunverulegum atburðum. Lítið hefur verið hugleitt hversu víðtæk alheimsleg áhrif það hefði haft á liðnum öldum, ef Kristur hefði ekki brugðist við eins og hann gerði; tilgátur koma að litlu haldi, en segja má að öll stefna veraldarsögunnar og þróunar mannkynsins hefði breyst á hinn skelfilegasta og ógnvænlegasta hátt. En hið máttuga skaðleysi, tjáning viljans-til-góðs og beiting viljans-til-máttar, sem neyddi illskuna til að hverfa frá, markaði mjög mikilvæg þáttaskil í lífi Krists.

Saga guðspjallanna með frásögn sinni af vitundarvígslunum fimm, fjallar um framfarir og sigur meistarans Jesú; sagan um freistingarnar þrjár gefur vísbendingu um töku enn hærri vitundarvígslu Krists, hinnar sjöttu; hún veitti honum alger yfirráð yfir illskunni, en ekki yfirráð yfir ófullkomleikanum, því það var vegna þess að hann var „hinn fullkomni“ að hann gat tekið þessa vígslu.

Ég hef fengið ykkur mikið efni til alvarlegrar íhugunar og varpað nokkru ljósi á vitundarvígslu sem af eðlilegum ástæðum er lítið hægt að vita um. Ég vil vekja athygli ykkar á hinum þrem grundvallandi forsendum fyrir því að hægt sé að nálgast þessa vígslu á árangursríkan hátt: fullkomin stilling, fullkomnuð afstaða og guðlegur skilningur. Ykkur mun finnast það athyglisvert að sjá hvernig þessir þrír eiginleikar nýtast í tengslum við freistingarnar þrjár; með því móti er hægt að varpa miklu ljósi á líf, eðli og eiginleika Krists.

Með lögmáli fullkomnunar er okkur gefinn lykillinn að siðmenningunni og því tímabili þróunar sem Kristur hóf – hugsjón hennar er ekki glötuð, þó svo að hagnýting fræðslunnar sem hann veitti okkur hafi verið vanrækt af kirkjunni og

mannkyninu. Þið takið eftir, að ein freistingin átti sér stað uppi á háum fjallstindi; í þeirri hæð eru bæði tími og rúm yfirstigin, því að sýn Krists náði frá fortíðinni, yfir nútímann og inn í framtíðina. Þannig stig varurðar (ég get ekki nefnt það vitund, og varurð er næstum jafn ónákvæmt orð) er aðeins mögulegt eftir fimmtu vígsluna og nær hátindi tjáningar við sjöttu vígsluna.

Mig langar til að hugleiða með ykkur eðli hinna þriggja forsendna, sem settar eru sem skilyrði fyrir ákveðinni vígslu, vegna þess að þær mynda tengingu milli níunda lögmálsins og sjöttu reglunnar. Reglan er svo skýr og gagnorð að ekki er þörf á langri útskýringu. Hún leggur áherslu á orku, þá sem verður að nota og þá sem ekki má nota. Hún hljóðar svo:

## 6. regla

Læknandinn eða lækningarheildið skal hafa taumhald á viljanum. Vilji er ekki það sem nota skal, heldur kærleikur.

Þessar þrjár grundvallarforsendur snerta árangur á ýmsum sviðum alheimsins; þó ég hafi fjallað um þær í tengslum við aðdraganda að sjöttu vígslunni, þá eiga þær sér hliðstæðu á lægri vindu spíralsins og hafa því hagnýtt gildi fyrir hinn vígða lærisvein, sérstaklega þann sem hefur tekið þriðju vígsluna. Við skulum líta á þær hverja fyrir sig:

*Fullkomin stilling* gefur til kynna fulla stjórn á geðlíkamanum, þannig að sigrast hefur verið á tilfinningalegu umróti, eða því er að minnsta kosti haldið í algjöru lágmarki í lífi lærisveinsins. Á hærri vindu spíralsins gefur hún einnig til kynna hæfni til að starfa með fullu frelsi á búddísku sviðsstigunum, vegna algerrar lausnar (sem leiðir til stillingar) frá öllum áhrifum og hvötum sem eiga rót sína að rekja til

heimanna þriggja. Þessi háttur eða eiginleiki stillingar felur í sér – ef þið íhugið það vandlega – óhlutstæða afstöðu hugans; ekkert sem telst ófullkomið getur valdið truflun. Þið getið verið þess fullviss, að ef þið væruð algerlega laus undan öllum tilfinningalegum svörunum myndi skýrleiki hugans og hæfni ykkar til að hugsa skýrt aukast stórlega, með öllu því sem það hefði í för með sér.

Að sjálf sögðu er hin fullkomna stilling vígðs lærisveins og vígðs meistara mismunandi, því að hin fyrrnefnda tekur til áhrifa heimanna þriggja eða áhrifaleysis þeirra en hin síðarnefnda snertir aðlögun að hrynjandi andlegu þrenndarinnar; hinn fyrri háttur stillingar verður samt sem áður að vera undanfari hins seinni árangurs, það er ástæðan fyrir því að ég fjalla um þetta efni. Þessari fullkomnu stillingu er náð (og lesandanum er mögulegt að ná þeim árangri) með því að uppræta ítök, hvatir, langanir og aðdráttarafl hins geðræna eða tilfinningalífsins, og einnig með iðkun þess sem ég hef áður minnst á: guðlegs kæruleysis.

*Fullkomnuð afstaða.* Hér er fyrst og fremst verið að vísa til hinnar alheimslegu sýnar mónadsins og þar af leiðandi til vígsluhafa hinna æðri gráða. Hægt er þó að túlka hana á lægra þrepi þróunarstigans og tengja hana hlutverki sálarinnar sem athuganda í heimunum þrem og þeirrar fullkomnuðu alhliða myndar sem slíkur athugandi smám saman öðlast. Þessu er áorkað með þroskun tveggja eiginleika: hlutleysis og dómgreindar. Þessir tveir eiginleikar verða að óhlutlægni og viljanum-til-góðs, þar sem þeir birtast á Braut æðri þróunar.

Fullkomnuð afstaða – eins og hún er skynjuð á sálarviðunum – felur í sér að allar hindranir hverfa og lærisveinninn verður laus undan hinn miklu villutrú aðgreiningarinnar; hann hefur því skapað hindrunarlausa rás fyrir innflæði hreins kærleiks. Fullkomin stilling, séð frá sama sjónarhóli, hefur rutt úr vegi öllum tálmunum og þeim geðrænu þáttum sem hingað til hafa

stíflað rásina; þannig er hinn innri athugandi búinn undir skýra sýn. Lærisveinninn er þá sem hreinn farvegur kærleiks.

*Guðlegan skilning* verður einnig að skoða frá tveim hliðum. Sem sálareiginleiki er hann vísbending um huga sem getur verið stöðugur í ljósinu og getur því endurspeglad þá hreinu vitsmuni (þann hreina kærleik) sem móta spegilmyndir sonar hugans, sálarinnar á sínu eigin sviði. Á hinni æðri braut meistarans tengist hann þeirri samsömun sem leysir hina einstaklingsbundnu vitund af hólmi; allar hindranir eru horfnar og vígsluhafinn sér hlutina eins og þeir eru; hann þekkir orsakirnar sem allir hlutir og fyrirbæri eru skammvinnar afleiðingar af. Þar af leiðir að hann er fær um að skilja Markmiðið, eins og það berst frá Shamballa, alveg eins og hinn lægri vígsluhafi hefur skilning á Áætluninni eins og hún er sett fram af Helgivaldinu.

Allir þessir guðlegu eiginleikar eru að einhverju leyti nauðsynlegir í þjálfun hins vígða læknaða; hann verður að vinna að þroskun þeirra sem hluta af nauðsynlegu starfstæki sínu; hann verður að vita að allar geðrænar svaranir skapa vegg eða hindrun milli hins frjálssa flæðis lækningarorkunnar og sjúklingsins, að sú hindrun er hans verk en ekki sjúklingsins. Geðhrif sjúklingsins ættu ekki að hafa nein áhrif á læknaðann og ættu ekki að trufla hann við þá sterku einbeitingu sem hann þarf að ná við starf sitt; þessi geðrænu áhrif frá sjúklingsnum ein og sér geta ekki myndað nægilega sterka hindrun til að bægja lækningarorkunni frá.

Fullkomnuð afstaða felur í sér, að lærisveinninn geri í það minnsta tilraun til að skyggast inn í heim orsakanna og komast þannig að raun um (sé það mögulegt) hvað það er sem veldur sjúkdómi sjúklingsins. Það þarf ekki að hafa í för með sér að skyggast sé til fyrri æviskeiða, slíkt er heldur ekki

nauðsynlegt, þrátt fyrir það að margir læknendur nú á tímum (sem oft eru svikahrappar) haldi öðru fram. Venjulega eru til nægar upplýsingar af sálrænum toga eða vísbendingar um erfðar tilhneigingar til að læknandinn geti myndað sér nokkuð heilsteypta mynd af ástandinu. Það er augljóst að þetta „innsæi“ í orsakir vandans mun aðeins vera mögulegt búi læknandinn yfir nægilegum kærleik; vegna kærleiks hefur hann öðlast stillingu sem gerir að engu heim blekkinga og sýndarljóma. Guðlegur skilningur er einfaldlega hagnýting hins hreina kærleiks (hinna hreinu vitsmuna) í samskiptum við alla menn og við allar kringumstæður, að viðbættum réttum skilningi og túlkun á vandamálum sjúklingsins, eða þeirra örðugleika sem kunna að vera á sambandinu milli sjúklings og læknanda.

Við þessar forsendur vil ég einnig bæta öðru atriði: það er þáttur læknisins sem ber ábyrgð á líkamlegri velferð sjúklingsins. Á hinu komandi nýja tímabili mun læknandinn ætíð vinna með vísindalegri aðstoð þjálfaðs læknis; þetta er atriði sem veldur oft vandræðum þeim læknendum okkar tíma sem tilheyra einhverri trúarhreyfingu eða leggja stund á einhverja óhefðbundna grein lækninga.

Það verður því auglýnilegt hvernig þessar þrjár guðlegu kröfur (eftir að hafa verið færðar niður í form fyrir lærisveininn í heimi nútímans) gefa til kynna vissa þjálfunarleið eða sjálfsögun sem allir ættu að iðka. Þótt menn hafi ekki náð valdi á nema sumum byrjunaratriðum þessa þrígreiða verkefnis munu þeir sjá að þeir geta beitt sjöttu reglunni á auðveldan hátt.

Hvað er átt við með orðunum „að hafa taumhald á viljanum?“ Viljinn sem hér um ræðir er ekki viljinn-til-góðs og lægri birting hans góðvilji. Viljinn-til-góðs merkir hina stöðugu, óbifanlegu stefnu hins innvígða lærisveins, en líta má á góðvilja sem tjáningu hans í daglegri þjónustu. Viljinn-til-góðs, eins og hann birtist hjá vígsluhafa af hárrí gráðu, er máttug orka sem hefur fyrst og fremst *hópáhrif*; það er af þeirri ástæðu að

vígsluhafar hærri stiga fást sjaldan við lækningu einstaklinga. Starf þeirra er of máttugt og of mikilvægt til að þeim leyfist slíkt, og viljaorka þeirra sem býr yfir guðlegu markmiði, gæti haft skaðleg áhrif á einstaklinginn. Sjúklingurinn gæti ekki tekið við henni. Gert er þó ráð fyrir því sem sjálfgefnu að góðvilji móti allt viðmót og hugsun lækandans.

Viljinn sem hafa verður taumhald á er vilji persónuleikans sem er af mjög hárrí gráðu þegar um innvígðan lærisvein er að ræða. Hann tengist einnig vilja sálarinnar og geislar frá fórnar-krónublöðum sálarlótussins. Allir sannir lækendur verða að skapa lækningar-hugform og í gegnum það vinna þeir meðvitað eða ómeðvitað. Það er þetta hugform sem gæta verður fyrir of máttugri beitingu viljans, því hann getur eytt þessu hugformi lækandans nema að haft sé taumhald á honum, dregið úr krafti hans, hann ummyndaður eða þurrkaður algerlega út ef nauðsyn krefur; að auki getur hann byggt upp múr á milli læknaða og sjúklings, þar með er upphaflega sambandið rofið. Aðeins Kristur getur læknað með beitingu viljans og í raun læknaði hann mjög sjaldan; í þeim tilvikum, sem greint er frá að hann hafi læknað, var tilgangur hans sá að sýna fram á möguleikann á lækningu; en – eins og þið sjáið sem kunnug eru frásögn guðspjallanna – þá gaf hann lærisveinum sínum aldrei neinar leiðbeiningar um lækningarlistina. Þetta er þýðingarmikið atriði.

Eigin vilji lækandans (og gildir einu hversu háu stigi hann hefur náð) og staðföst viðleitni hans til að lækna sjúklinginn, skapa spennu hjá lækndanum sem getur hindrað með alvarlegum hætti hinn læknaði orkustraum. Þegar um þannig vilja er að ræða, eins og svo algengt er hjá óreyndum eða óvígðum læknaða, hættir lækndanum til að taka til sín erfiðleika sjúklingsins og finna fyrir einkennum sjúkdómsins og sársauka. Þrjósök og staðföst viðleitni hans til að verða til hjálpar virkar eins og bjúgverpill (búmerang) og hann þjáist, en sjúklingurinn fær enga raunverulega hjálp.



Því er mælt fyrir um að nota kærleik og hér birtist ærið vandamál. Hvernig getur lækningandinn notað kærleik, sem laus er við hin geðrænu eða lægri áhrif og veitt honum hreinum í gegnum sig til lækningar sjúklingsins? Það er aðeins hægt þegar lækningandinn hefur þroskað með sér fyrrgreinda þrjá eiginleika og hefur þar með gert sig að hreinni rás. Honum hættir til að vera of upptekinn af sjálfum sér, við að skilgreina kærleik og í þeirri ákvörðun sinni að lækna sjúklinginn, þannig að þessar þrjár kröfur eru vanræktar. Þá eru bæði hann og sjúklingurinn að sóa tíma hvors annars. Hann þarf ekki að velta fyrir sér eða hafa áhyggjur af því, hvert sé eðli hreins kærleiks, eða að reyna of ákaft að skilja hvernig hreinir vitsmunir og hreinn kærleikur geta verið hugtök sömu merkingar, né heldur hvort hann geti gefið frá sér nægilegan kærleik til að valda lækningu. Lát hann velta fyrir sér kröfunum þrem, sérstaklega þeirri fyrstu og lát hann uppfylla í sjálfum sér þessar þrjár kröfur eins og honum er mögulegt og staða hans í þróunarstigunum leyfir. Hann mun þá verða hrein rás og hindranirnar á innflæði hins hreina kærleiks munu sjálfkrafa hverfa, því að „eins og maðurinn hugsar í hjarta sínu svo er hann;“ þá mun hreinn kærleikur streyma í gegnum hann án hindrunar eða erfiðleika og sjúklingurinn mun lækna – ef það á fyrir honum að liggja.

Við komum nú að síðasta og leyndardómsfyllsta lögmálinu sem ég hef látið ykkur í té. Ég hef minnst á það við ykkur áður og þá benti ég ykkur á, að þetta „síðasta lögmál er framsetning á nýju lögmáli sem kemur í staðin fyrir lögmál dauðans og gildir aðeins um þá sem eru á seinni stigum brautar lærisveinsins og þá sem komnir eru á vígslubrautina.“ Með þessum seinni stigum á ég við tímabilið eftir aðra vígsluna og áður en sú þriðja er tekin. Þetta lögmál gildir á engan hátt á meðan tilfinningarnar geta að einhverju leyti truflað hina hreinu hrynjandi persónuleikans þegar hann bregst við áhrifum frá orku sálarinnar og síðar mónadsins. Af þessum ástæðum er ekki mikið sem ég get útskýrt um fulla verkun þessa lögmáls, en ég get gefið vísbendingar um vissar áhugaverðar hugmyndir og

samsvaranir; þær munu vekja með ykkur uppbyggjandi íhugun, en um leið fela þær í sér sannaðar staðreyndir fyrir þau okkar sem eru vígðir lærisveinar Krists eða Sanat Kúmara.

## X. LÖGMÁL

*Ó lærisveinn, heyr kallið sem berst frá syninum til móðurinnar og hlýddu því. Orðið hljómar, að formið hafi lokið hlutverki sínu. Þá skipuleggur hugræni eðlisþátturinn sig og endurtekur orðið. Formið sem bíður bregst við og hverfur frá. Sálin stendur frjál.*

*Ó þú upprisandi, svaraðu kallinu sem kemur að innan frá sviði skuldbindinganna; áttaðu þig á kallinu sem berst frá Ashraminu eða frá Ráðsalnum þar sem sjálfur Lávarður Lífsins bíður. Hljómurinn endurómar. Bæði sálin og formið verða sameiginlega að hafna eðlisþætti lífsins og gefa með því mónadinum frelsi. Sálin bregst við. Formið sundrar þá sambandinu. Lífið er nú frelsað. Eiginleikar meðvitaðrar þekkingar og ávextir allrar reynslu eru nú eign þess. Þetta eru sameiginlegar gjafir sálar og forms.*

Þetta tíunda lögmál er fyrirrennari margra nýrra lögmála sem snerta tengsl sálar og forms eða anda við efni; þetta er látið í té fyrst af tveimur ástæðum:

1. Lærisveinar geta beitt því og þannig sýnt fram á sannleiksgildi þess fyrir fjöldanum og framar öllu öðru, fyrir heimi vísindanna.
2. Með vitnisburði fjöldans og með þessari tegund dauða (sem á þessu stigi nefnist „flutningur“) er hægt að sýna fram á, að Helgivaldið og Shamballa eru til í raunveruleikanum.

Til eru þrjár uppsprettur aðskilnaðar sem við nefnum „dauða“ ef við undanskiljum slys, sem geta stafað af karma annars fólks, styrjaldir, sem fela í sér plánetukarma og náttúruhamfarir sem eru algerlega tengdar raunbirtingarlíkama þess sem við lifum, hrærumst og eigum tilveru okkar í.

Það er rétt að staldra hér við þessa hugmynd og útskýra nokkuð nánar fyrir ykkur mismuninn á milli þessa „óþekkta Guðs,“ sem birtir sig í gegnum plánetuna í heild og Sanat Kúmara á sínum háa stað í Shamballa. Sanat Kúmara er sjálfur sú Vera sem ber ábyrgð á hinum raunbirtu heimum, en svo mikið er vald Hans yfir orku og kröftum – vegna kosmíks þroska síns – að Hann þarf á allri plánetunni að halda til að tjá allt það sem í Honum býr. Hann býr yfir fullri vitund kosmíska geðheimsins og kosmíska hugheimsins og getur því beitt orku og kröftum, sem – samkvæmt kosmísku lögmáli – skapa, viðhalda og nýta plánetuna í heild, til að stuðla að framgangi síns guðdómlega markmiðs. Hann gæðir plánetuna lífi; Hann viðheldur plánetunni og öllu í henni og á með sálareiginleika sínum, sem Hann veitir í mismunandi mæli til allra forma; Hann skapar án afláts hin nýju form sem nauðsynleg eru til að tjá „lífið í ríkulegri mæli“ og „hið vaxandi markmið vilja Hans“ sem hin ýmsu tímaskeið í framrás aldanna gera kleift að ná fram að ganga. Við erum uppi á tímaskeiði þar sem kraftmikil virkni Hans hagnýtir sér aðferð guðlegrar eyðingar til lausnar hinu andlega lífi og í sömu mund skapar Hann hina nýju uppbyggingu menningarinnar sem mun birta með sér á fyllri hátt þróunarárangur plánetunnar og lífríkja náttúrunnar, sem leiðir um síðir til fullkominnar tjáningar á guðdómlegu lífi Hans og markmiði.

Það væri ef til vill hyggilegt að taka þetta tíunda lögmál til skoðunar í smáatriðum, þar sem slíkt er mögulegt, til að fá vitneskju um þá samræmingu sem því er ætlað að leiða í ljós. Þannig munum við öðlast einhvern skilning á því að dauðinn er sjálfur hluti hins skapandi samræmingarferlis. Mikilvægt

er að þessar nýju hugmyndir og nýju viðhorf til gjörvalls viðfangsefnisins um dauðann séu leidd fram í dagsljósið.

*Ó lærisveinn, heyr kallið sem berst frá syninum  
til móðurinnar og hlýddu því.*

Jafnvel þótt við skiljum af samhenginu að hér er átt við afsal efnislíkamans, er samt gagnlegt að muna að þessi orð geta einnig haft mun víðtækari merkingu. Þau geta átt við samband sálar og persónuleika í heild sinni og falið í sér skjóta hlýðni móðurinnar (persónuleikans) við boði sonarins (sálarinnar). Án þeirrar skjótu hlýðni, sem felur í sér skilning á fyrirmælum raddarinnar, verður persónuleikinn sljór fyrir því kalli sálarinnar að sleppa taki á efnislíkamanum. Ekkert vanabundið viðbragð hefur verið þróað. Ég bið ykkur að íhuga þessar ályktanir.

Ég veit að ég geri mig sekan um endurtekningu þegar ég bendi á það, að móðirin er efnislegi þátturinn og sálin – á sínu eigin sviði – er sonurinn. Þessi fyrirmæli snerta því samband efnis og sálar og leggja þar með grunninn að öllum þeim tengslum sem lærisveinninn verður að læra að þekkja. Hér er enginn knúinn til hlýðni, hún er háð heyrnarskyninu; þegar það er fyrir hendi er hlýðnin næsta stigið í þróuninni. Hún er auðveldari þátturinn, þó svo að þið gætuð haldið annað. Þessi munur er athyglisverður vegna þess að það að læra með heyrnarskyninu er alltaf hægfara ferli og er einn af eiginleikum eða ráðandi þáttum á því stigi þegar stefnan er mörkuð. Að læra með sjónskyninu tengist afdráttarlaust lærisveinsbrautinni og allir þeir sem óska eftir að verða vitrir og sannir þátttakendur í starfinu verða að læra að greina á milli heyrenda og þeirra sem sjá. Skilningur á þessum mismun mun leiða til grundvallarbreytinga á aðferðinni. Annars vegar er verið að vinna með þeim sem eru á ákveðinn hátt undir áhrifum og stjórn móðurinnar og þurfa á þjálfun

að halda til að sjá. Hins vegar er verið að vinna með þeim sem hafa heyrt og eru að þroska með sér hina andlegu hliðstæðu sjónarinnar. Þeir eru því móttækilegir fyrir sýninni.

*Orðið hljómar, að formið hafi lokið hlutverki sínu.*

Þetta orð eða „andleg yfirlýsing“ sálarinnar getur haft tvennan tilgang: það getur valdið dauða, eða afleiðingin getur einfaldlega orðið brottköllun sálarinnar frá starfstæki sínu, hinum þríþætta persónuleika. Af því gæti leitt að formið sé skilið eftir án þess að nokkur íbúi dvelji í því. Þegar slíkt gerist heldur persónuleikinn áfram tilveru sinni (þar á ég við hinn líkamlega, geðræna og hugræna mann). Ef persónuleikinn er vel þroskaður mun fáa gruna að sálin sé fjarstödd. Þetta gerist nokkuð oft í elli eða við alvarleg veikindi og getur staðið yfir árum saman. Þetta gerist stundum þegar um smábörn er að ræða og þá er afleiðingin annaðhvort dauði eða andlegur vanþroski, þar sem ekki hefur unnist tími til að þjálfra lægri starfstæki persónuleikans. Nokkur umhugsun um þetta „hljómandi orð“ mun varpa miklu ljósi á kringumstæður sem taldar hafa verið óskiljanlegar og vitundarstig sem hingað til hafa verið talin algerlega óleysanleg vandamál.

*Þá skipuleggur hugræni eðlisþátturinn sig og endurtekur orðið. Formið sem biður bregst við og hverfur frá.*

Í þeim þætti dauðans sem hér um ræðir er það hugurinn sem tekur að sér valdshlutverkið og sendir til heilans (þar sem vitundarþráðurinn er tengdur) boðin um að yfirgefa formið. Maðurinn sér síðan um að skila þessum boðum til hjartans (þar sem lífþráðurinn er tengdur) og – eins og þið vitið – þá hefst

atburðarás brotthvarfsins. Enginn veit enn hvað gerist á þessum andartökum, sem óháð eru tíma, rétt fyrir aðskilnaðinn, því enginn hefur snúið aftur til að segja frá því. Ef einhver hefði gert svo hefði þá nokkur trúað honum? Líklega ekki.

Fyrsta málsgrein tíunda lögmálsins fjallar um brotthvarf hins almenna vitsmunalega leitanda úr forminu (með því er átt við formþátt hins þrígreinda lægri manns), ef litið er á þetta lögmál frá einni af lægstu samsvörunum þess; samt sem áður, samkvæmt hinu sama lögmáli samsvörunar, einkennist dauði allra manna, allt frá lægstu manngerð til hins andlega leitanda, í grundvallaratriðum af sama ferli. Auðséð er að mismunurinn felst í vitundarstigi – meðvitund um atburðarás og tilgang. Afleiðingin er hin sama í öllum tilvikum:

*Sálin stendur frjáls.*

Þetta andartak hins sanna frelsis getur verið stutt og hverfult eins og það er hjá hinum óþroskaða manni, eða það getur verið langvarandi, í samræmi við gagnsemi leitandans á innri sviðunum; um þetta hef ég áður fjallað og þarf því ekki að endurtaka það hér. Eftir því sem hvatir og áhrif hinna þriggja lægri vitundarstiga losa um tangarhald sitt, verður þetta frelsistímabil smám saman lengra og lengra og einkennist af þroskun hugarskýrleika og skilningi á sönnu eðli tilverunnar sem gerist í stighækkandi þrepum. Þessi skýrleiki og framfarir skila sér ef til vill ekki í fullum skilningi og tjáningu í næsta jarðlífi, vegna þess að takmarkanir efnislíkamans eru svo miklar. Samt sem áður má sjá stöðugt vaxandi næmleika í hverju lífi og einnig uppsöfnun innræðs fróðleiks, en með hugtakinu „innræður“ er átt við allt sem ekki snertir venjulegt formlíf eða hina almennu vitund mannsins í heimunum þrem.

Dulspekilegt líf, eins og það þroskast, greinist í víðum

skilningi í þrjú stig. Framvinda þeirra innan vitundar mannsins fer saman með skilningi og hinum almennu þáttum formlífs á reynslusviðunum þrem:

1. Stig þar sem tekið er við hugtökum, hugmyndum og meginreglum og tilvera óhlutstæða hugans þannig smám saman staðfest.
2. Stig þar sem „tekið er við ljósinu,“ eða stigið þar sem andleg innsýn er þroskuð, þegar sýnin er séð og sannleiksgildi hennar viðurkennt og innsæið eða „búddísk skynjun“ er þroskuð. Þetta felur í sér staðfestingu á tilveru Helgi-valdsins.
3. Stig aðskilnaðarins, eða tímabilið þar sem stefnan er endanlega mörkuð, brautin til Ashramsins verður ljós og lærisveinninn byrjar á smíði antahkarana, brúarinnar milli persónuleikans og andlegu þrenndarinnar. Á þessu stigi greinist eðli viljans *ógreinilega* og sá skilningur hefur í för með sér þá ályktun að til sé „máttarstöð er miðar vilja Guðs.“

Nemum hættir til að líta á dauðann sem endi allra hluta, þar sem við aftur á móti, frá sjónarmiði *endalokanna*, erum að fjalla um gildi sem eru varanleg, verða ekki fyrir truflunum því engar truflanir eru mögulegar, og geyma í sér fræ ódauðleikans. Hugleiðið þetta og vitið að allt sem hefur raunverulegt andlegt gildi er varanlegt, óháð tíma, ódauðlegt og eilíft. Aðeins það sem ekkert gildi hefur deyr og það eru – frá sjónarmiði mannkynsins – þeir þættir sem eru áberandi og mikilvægir fyrir formið. En þau gildi sem byggjast á meginreglum en ekki smáatriðum útlitsins hafa í sér það ódauðlega frumtak sem leiðir manninn frá „hliðum fæðingarinnar, í gegnum hlið skynjananna, til hliða tilgangsins“ – eins og segir í *Skýringarritinu forna*.

Ég hef leitast við að sýna ykkur hvernig fyrsti hluti tíunda

lögmálsins hefur einfalda skírskotun til mannkynsins og samhliða því, óhlutstæða og torskilda merkingu fyrir dulfræðingnum.

Síðustu málsgreinina í tíunda lögmálinu er ekki hægt að túlka á þennan sama hátt eða hagnýta þannig; fyrir mjög þroskuðum lærisveinum og vígsluhöfum á hún aðeins við það „að komast yfir“ eða „að ryðja hindrunum úr vegi.“ Þetta er augljóst af notkun orðanna, „Ó þú upprísandi“ – hugtak sem aðeins er notað um þá sem tekið hafa fjórðu vígsluna og eru því ekki á neinn hátt bundnir af eðli formsins, jafnvel ekki svo háleitu eða yfirskilvitlegu formi sem sálinni í sínu eigin starfstæki, orsakalíkamanum eða sálarlótusnum. Þó er það aftur svo að hæfni til að bregðast við þessu lögmáli verður að koma til og þróast á fyrri þrepum þjálfunar lærisveinsins, svo athygli, viðbragðshæfni og dulfræðileg hlýðni þroskist og teygir sig inná hærri stig andlegrar reynslu.

Hér eins og áður verðum við að skoða einstök orð og setningar til að öðlast réttan skilning á merkingu þeirra.

*Ó þú upprísandi, svaraðu kallinu sem kemur að innan frá sviði skuldbindinganna.*

Hvað er þetta svið skuldbindinga sem hinn hátt setti vígsluhafi verður að gefa gaum að? Alla lífsreynsluna í heild sinni, frá fæðingarstiginu upp til æðstu takmarka andlegra möguleika, má fela í fjórum orðum sem eiga við um mismunandi stig þroskans. Þau eru: Eðlishvöt, Skylda, Dharma og Skuldbinding. Skilningur á mismunandi merkingu þessara orða getur veitt hugljómun og haft þar af leiðandi í för með sér rétta virkni.

1. *Svið eðlishvatar.* Hér er átt við uppfyllingu, undir áhrifum frá einfaldri dýraeðlishvöt, á skuldbindingum af ábyrgð sem öxluð er, jafnvel þó það sé gert án nokkurs skilnings. Dæmi



um þetta er eðlislæg umhyggja móður fyrir afkvæmi sínu eða samband karls og konu. Ekki er nauðsynlegt að fjalla um þetta í smáatriðum, þar sem það er vel þekkt og skilið, að minnsta kosti af þeim sem hafa útskrifast frá sviði einfaldra eðlishvata-skuldbindinga. Ekkert sérstakt kall berst til þeirra, en æðra svið ábyrgðar leysir þennan eðlishvataheim af hólmi um síðir.

2. *Svið skyldu*. Þetta svið einkennir vitund mannsins, en ekki dýraríkið á þann hátt sem eðlishvatirnar gera. Það hrífur allar manngerðir til virkni og krefst af þeim – líf eftir líf – strangrar uppfyllingar skyldu. „Að gera skyldu sína,“ og hljóta fyrir það lítið lof og lítið þakklæti, er fyrsta skrefið til þroskunar þess guðlega meginþáttar sem við nefnum ábyrgðartilfinningu. Þegar hún hefur náð þroska gefur hún til kynna stöðugt vaxandi sálarstjórn. Uppfylling skyldunnar, ábyrgðartilfinningin og löngunin til að þjóna eru þrjár hliðar á því sama: lærisveinsstiginu á frumstigi sínu. Þetta eru þung orð fyrir þá sem eru bundnir við það sem virðist vera vonlaust strit við skyldustörf; það er erfitt fyrir þá að skilja að þessi skyldustörf sem binda þá við hversdagsleikann og virðast sem tilgangslaus og vanþakklát skylda hins daglega lífs, sé í raun vísindalegt ferli sem leiðir til reynslu æðri sviða, og um síðir í Ashrams meistarans.
3. *Svið dharma*. Þetta er niðurstaða tveggja fyrri stiga; á þessu stigi skilur lærisveinninn í fyrsta sinn á skýran hátt sinn eigin þátt í allri framvindu heimsins og óhjákvæmilegan skerf sinn til heimsþróunar. Dharma er sú hlið karma sem setur mark sitt á viðkomandi tímabil og líf þeirra sem tengjast úrvinnslu þess. Lærisveinninn byrjar að skilja, að ef hann sinnir sínum eigin þætti eða hluta af þessu tímabilsbundna dharma og vinnur af skilningi að því að uppfylla hann á réttan hátt, þá er hann að byrja að öðlast skilning á hópstarfi

(samkvæmt þeim skilningi sem meistararnir leggja í það) og inna af höndum réttlátan skerf sinn við að létta karma heimsins sem birtist í gegnum dharma tímabilsins. Þjónusta af eðlishvöt, uppfylling allrar skyldu og þátttaka í dharma hópsins, blandast allt í vitund hans og útkoman verður ein mikil athöfn trúfastrar þjónustu; hann er þá við það að færast fram á við á braut lærisveinsins og braut reynslunemans er algerlega horfin sjónum.

Þessi þrjú svið lífsstarfsins eru ófullmótuð birting í lífi lærisveinsins á hinum þrem guðlegu meginþáttum:

- a. Eðlishvatalíf ..... vitsmunaleg hagnýting.
- b. Skylda ..... kærleikur með ábyrgð.
- c. Dharma ..... vilji tjáður í gegnum áætlunina.

4. *Svið skuldbindinga.* Þegar vígsluhafinn hefur nú lært eðli hinna þriggja fyrrgreindu sviða réttra athafna og hefur – með virkni þessara sviða – þroskað guðlegu meginþættina, flyst hann yfir á svið skuldbindinganna. Þetta svið, sem aðeins er hægt að flytjast inn á eftir að búíð er að öðlast frelsun að miklum hluta, ræður svörunum vígsluhafans á tveimur sviðum lífs hans:

- a. Í ashraminu er hann undir stjórn Áætlunarinnar og skynjar að hún birtir honum megin skuldbindingar lífsins. Ég nota orðið „líf“ í sínum dýpsta dulfræðilega skilningi.
- b. Í Shamballa, kemur tilgangur Sanat Kúmara sífellt fram (en Áætlunin er túlkun þessa tilgangs yfir í tíma og rúm). Eftir stöðunni á þróunarbrautinni fer hinum innvígða að birtast skilningur á merkingu Áætlunarinnar og því hvert hann stefnir á *æðri þróunarbraut*.

Í ashraminu leysir líf andlegu þrenndarinnar smám saman af hólmi líf hins sálarmótaða persónuleika. Í Ráðsal Shamballa leysir líf mónadsins af hólmi allar aðrar birtingar hins eðlislæga raunveruleika. Fleira er mér ekki unnt að segja.

*Áttaðu þig á kallinu sem berst frá Ashraminu eða frá Ráðsalnum þar sem sjálfur Lávarður Lífsins bíður.*

Hér rekumst við aftur á eitt grundvallarstefið í þróuninni, eða ákall og vakningu. Hér eru það hinar tvær æðri orkustöðvar guðlegu tilvistarinnar sem kalla stöðugt á lægri orkustöðina; einn af þáttunum, sem ræður öllu sköpunarferlinu, er háður hæfni hinna miklu Lífa til að vekja upp viðbrögð frá mannkyninu og lægri lífríkjum náttúrunnar eða lífhópunum í hinum þrem heimum formlífsins. Mennirnir eru svo uppteknir af sínum eigin vandamálum að þeim hættir til að ímynda sér, að það sem gerist hljóti – þegar til lengri tíma er litið – að vera bein afleiðing af þeirra eigin framferði, hegðun og ákallsmætti. Það er þó um að ræða aðra hlið á myndinni, en hún snertir starfshæfni, skilningsrík hjörtu og skýran óheftan vilja bæði Helgivaldsins og Shamballa.

Ykkur ætti því að vera ljóst hve mikilvægt það er, að allir lærisveinar og vígsluhafar viti nákvæmlega hvar þeir eru staddir á Brautinni, síðasta hlutanum í stiga þroskans; annars hættir þeim til að mistúlka kallið og tekst ekki að átta sig á uppsprettu hljómsins. Hversu auðveldlega slíkt getur gerst verður öllum háþroskuðum kennurum í dulspeki og innræðum fræðum augljóst, er þeir sjá hve auðveldlega byrjendur og lítilsigt fólk túlkar köll og skilaboð sem það heyrir eða skynjar, á þann veg að þau komi til þeirra frá einhverri háleitri og æðri uppsprettu, þar sem mest líkindi eru á að þau komi frá þeirra eigin undirvitund, frá sálum þeirra eða frá einhverjum kennara (ekki meistara) sem er að reyna að hjálpa þeim.

Kallið sem hér er vitnað til kemur þó frá æðstu uppsprettunni og því má ekki rugla saman við litlar raddir lítilla manna.

HLJÓMURINN endurómar.

Það er ekki ætlun mín hér að fjalla um hinn skapandi hljóm, að öðru leyti en því að vekja athygli ykkar á þeirri staðreynd að hann er *skapandi*. Hljómurinn, sem var fyrsta vísbendingin um virkni Plánetulogossins, er ekki orð, heldur fullkominn endurómandi hljómur sem felur í sér alla aðra hljóma, alla samhljóma og vissa tónlistarhljóma (sem gefið hefur verið nafnið „samsöngur himnanna“) og ómstríða hljóma sem enn hafa ekki heyrst. Það er þessi Hljómur sem „hinn rísandi“ verður að læra að þekkja og bregðast við, ekki aðeins með heyrnarskyninu og æðri hliðstæðu þess, heldur með viðbrögðum sérhvers hluta og þáttar formeðlisins í heimunum þrem. Ég vil einnig minna ykkur á, að frá sjónarmiði fjórðu vitundarvígslunnar er jafnvel litið á sálarlíkamann sem hluta af formeðlinu og hann meðhöndlaður í samræmi við það.

Þó svo að „eyðing musteris Salómons“ eigi sér stað á þeim tíma sem fjórða vígslan er tekin, hafa eiginleikarnir sem það hefur verið byggt úr, verið teknir upp og aðlagðir starfstækjunum sem vígsluhafinn notar til að tengjast heimunum þrem. Hann er nú í meginatriðum kjarni allra líkama sinna og hafa verður í huga, að allt hugarsviðið – frá sjónarmiði hans og fræðilegum skilningi – er eitt af sviðunum þrem sem mynda þetta kosmíska efnissviðið; þessu atriði gleyma nemar oft, því þeir staðfæra nánast undantekningarlaust sálarlíkamann og frumkjarnana *utan* við endimörk formsins og það sem þeir nefna heimana þrjá. Fræðilega séð og frá æðra sjónarmiði er þessu ekki svo farið, þessi staðreynd breytir og mótar með ákveðnum hætti hugsanir og starf vígsluhafa af fjórðu gráðu og æðri. Það er einnig ástæðan fyrir því að sálarlíkaminn þarf að eyðast.

Hljómurinn bergmálar um öll fjögur æðri sviðsstig kosmíska efnissviðsins; þau eru æðri hliðstæður etherísku sviðsstiganna fjögurra í efnissviði heimanna þriggja – efnisþéttu sviðin þrjú og etherísku sviðin fjögur. Hafa verður því í huga að sviðin eða heimarnir okkar sem við þekkjum svo vel eru kosmíska efnissviðið og það sem við þekkjum best er hinn þéttasta þessara sjö – af þessu stafar öll þessi barátta og erfiðleikar.

Frá „þögninni sem er hljómur, eða hinn endurómandi tónn Shamballa,“ tengist hljómurinn annaðhvort andlegu þrenndinni eða ashraminu, í samræmi við stöðu vígsluhafans og hvort hann er hátt settur í röðum ashramsins, eða enn æðri, í röðum þeirra sem leiða í gegnum sig ljósið frá Ráðsalnum. Í fyrra tilvikinu er það hjartastöðin sem svarar hljóminum og frá henni allur líkaminn; í síðara tilvikinu hefur vitundin verið leyst af hólmi af enn æðri andlegri skynjun eða skilningi sem við höfum gefið hið ófullnægjandi nafn: samsömun. Þegar hljómurinn hefur verið skynjaður í hjarta vígsluhafans hefur hann þroskað með sér alla þekkingu og öll þekkingarsvið sem formið – sál og líkami – gera mögulegt; þegar skynjunin er í höfðinu hefur samsömunin valdið svo algerri einingu við alla andlega tjáningu lífsins að orðið „meira“ (í merkingunni „aukning“) verður að víkja fyrir orðinu „dýpra.“ Eftir að hafa sagt þessi orð, bróðir minn, hve mikið af þeim hefur þú í raun skilið?

Á þessu stigi stendur vígsluhafinn í fyrsta sinn frammi fyrir Brautunum sjö, því hver Braut er leið til að ná til skilningssviða sem liggja algerlega utan okkar plánetu.

Til að geta haldið áfram verður vígsluhafinn að sýna fram á hæfni sína til að beita lögmáli aðgreiningar og öðlast þekkingu á brautunum sjö með því að sundurgreina hljómana sjö sem mynda Hljóminn eina, en tengjast ekki hljómunum sjö sem mynda hið þrígreinda AUM.

*Bæði sálin og formið verða sameiginlega að hafna  
eðlisþætti lífsins og gefa með því mónadinum frelsi.  
Sálin bregst við. Formið sundrar þá sambandinu.*

Þið sjáið hér hvers vegna ég lagði áherslu á þá staðreynd, að vígsluhafinn sé viðtakandi hinna eðlislaugu eiginleika sem formið hefur birt og þroskað og sálin tekið til sín. Vígsluhafinn í ashraminu eða „á dýrðarbraut sinni til Staðar Lávarðarins“ (Shamballa) sameinar í sér eða hefur í sér fólgið, við þessi sérstöku tímamót, allt það mikilvæga góða sem sálin hafði að geyma fyrir eyðingu hennar við fjórðu vígsluna. Hann er sjálfur ímynd þekkingar og visku árþúsunda baráttu og þolinmóðrar þrautseigju. Ekkert fleira getur áunnist í gegnum reynslu sálar eða forms. Hann hefur tekið allt sem þau höfðu að bjóða sem varpar ljósi á hið andlega lögmál fórnarinnar. Það er athyglisvert að sjá hvernig sálin verður nú einfaldlega meðalgangari milli persónuleikans og vígsluhafa af æðri gráðu. En nú er ekkert fleira hægt að tengja, útskýra eða flytja, – þegar Hljómurinn endurómar – hverfur sálin og það sannar sambandið. Hún er nú aðeins tóm skel, en efni hennar er svo fingert að það verður óaðskiljanlegur hluti búddíska sviðsins og er þar sem etherískt form. Eðlisþætti lífsins er hafnað og hann hverfur aftur til forðabúrs hins alheimslega lífs.

Takið eftir því hve starfsemi formsins er mikilvæg. Það er *formið* sem sundrar sambandinu (þetta form, sem venjulega er fyrirlitið, lítilsvirt og smánað, framkvæmir nú hina endanlegu athöfn) sem hefur í för með sér fullkomna lausn. „Tungljöfur“ persónuleikans hefur náð markmiði sínu og þeir þættir sem hafa myndað þrjú starfstæki hans (líkamlegt, geðrænt og hugrænt), ásamt eðlisþætti lífsins, munu mynda atómískt efni fyrsta raunbirtingarlíkama einhverrar sálar sem býr sig undir sína fyrstu holdgun. Þetta tengist náíð hinu torskilda efni um frumkjarnana. Þegar tungljöfurinn sundrar sambandinu og

slítur öll tengsl við það sem hingað til hefur verið hin lífgefandi sál, er það til marks um að hann hefur tekið háa vitundarvígslu. Hann er ekki lengur aðeins skuggi, því hann hefur nú þá eiginleika sem gera hann „gildandi“ (í dulfræðilegum skilningi) í tíma og rúmi.

Lokaorð lögmálsins þarfnast engra skýringa og mynda viðeigandi lokaorð fyrir þennan hluta náms okkar:

*Lífið er nú frelsað. Eiginleikar meðvitaðrar þekkingar og ávextir allrar reynslu eru nú eign þess. Þetta eru sameiginlegar gjafir sálar og forms.*





## IX. KAFLI

### Lækningaraðferðirnar sjö

Ykkur ætti að vera alveg ljóst, að jafnvel þó að hinar sjö lækningaraðferðir – sem tengjast svo ákveðið orku geislanna sjö – væru láttnar ykkur í té í smáatriðum, þá væri afar ólíklegt að myndist lækningandi sem væri fær um að beita þeim nú á okkar tímum. Við erum að þokast inn í nýja öld eða nýtt tímasteið og það skapar óhjákvæmilega erfiðleika sem menn hafa hingað til ekki þurft að takast á við. Í fyrsta sinn í sögunni býr mannkynið nú yfir nægum vitsmunum til að geta skilið hvað þetta hefur í för með sér og nægri framsýni til að vera fær um að gera sér í hugarlund, beita ímyndunaraflinu og búa sig undir hina nýju framtíð. Það stendur einnig í veginum, að sálargeisli hins almenna leitanda er sjaldan ráðandi í það miklum mæli, að hann geti gefið nægilega hugljómun og geislakraft, en þessar geislaaðferðir og tækni, sem ákvarða beitingu og stjórn geislaorkunnar, eru gagnslausar meðan hann er ekki ráðandi. Þessi staðreynd ætti ekki að valda ykkur vonbrigðum, hún ætti einfaldlega að móta viðhorf sem einkennist af væntingum, sérstaklega meðal ungra nema og lesenda. Þetta bil milli væntingar og möguleika er ákaflega gott og æskilegt, þegar allt er tekið með í reikninginn.

Svo mikið hefur verið gefið út um kynngi á síðustu öld, að fleira í þeim dúr væri ekki hyggilegt. Svo margar máttarsetningar og máttarorð hafa verið látin í té og notkun á ÓM hefur verið svo útbreidd, að gera hefði mátt ráð fyrir að það myndi valda miklu tjóni. Slíkt hefur þó ekki orðið raunin. Hið tiltölulega lága þroskastig hins almenna nema og tilraunamanns hefur

þjónað sem hlífiskjöldur og tilraunir þeirra hafa ákaflega litlu áorkað, bæði í góðu og slæmu tilliti. Lækningar hafa oft átt sér stað, í það minnsta tímabundnar lækningar, en aðallega er það vegna þess að sjúklingurinn er næmur fyrir sefjunarmætti lækmandans og treystir honum. Engar af þessum lækningum er hægt að rekja til dulrænna aðferða. Þrátt fyrir þessa vörn, eða öllu heldur vegna hennar, mun ég ekki að þessu sinni láta ykkur í té nein geisla-máttarorð, eins og þau sem hinn þjálfaði vígsluhafi beitir þegar hann fæst við lækningar. Þessum orðum verður að fylgja þjálfuð beiting andlega viljans, en jafnvel lægsti þáttur viljans er enn óþroskaður, þegar um venjulegan mann og lækna er að ræða og það eina sem birtist er persónulegur vilji, sem ákvarðast af eigingjarnri löngun. Það væri því soun á tíma mínum að gefa ykkur leiðbeiningar í þá veru.

Mér finnst nauðsynlegt að útskýra þetta atriði, svo að ekki verði um að ræða neinar væntingar um að ég muni ljóstra upp leyndardómum og hingað til óþekktum sannindum. Tilgangur minn er aðeins sá, að leggja grunninn að þekkingu framtíðarinnar, þegar óhætt verður, viturlegt og rétt að setja fram þessa „miðstillipunkta“, þessi „leiðréttandi orð“ og þennan „tjáða tilgang“ hins rétt þjálfada dulfræðilega lækna. Ég leitast einnig við að efla með ykkur hyggilega og leitandi væntingu, sem mun hagnýta sér það litla sem ég er fær um að veita og þau táknrænu orð sem ég mun láta ykkur í té og verður með því móti undirbúningur fyrir meiri skilning síðar.

Þangað til get ég kennt ykkur nokkur hagnýt atriði. Þau kunna ef til vill að gera meira úr ímynduðum og raunverulegum erfiðleikum, en geta samt reynst gagnleg við að benda á það efni sem enn er nauðsynlegt að taka til umfjöllunar áður en lækna er nær því stigi að geta læknað á réttan og varanlegan hátt.

Þessi kaffi verður vissulega stuttur í samanburði við aðra kafla bókarinnar; hann inniheldur einfaldlega röð samþjappaðra

og stuttorðra setninga eða staðhæfinga sem þjóna þeim tilgangi að verða uppflettirit fyrir læknandann, handbók sem hann getur flett upp í sér til leiðbeiningar. Þessar setningar munu falla undir þrjár fyrirsagnir:

- I. Orka geislanna sjö.
- II. Geislar læknanda og sjúklings.
- III. Lækningaraðferðirnar sjö.

Þessar setningar mynda lokaorðin í þessu fjórða bindi ritsafnsins: *A Treatise on the Seven Rays*. Þær munu veita hinum innvígða lærisveini miklar upplýsingar og jafnvel að hluta til einnig hinum vitsmunalega leitanda; þær ættu að gera lækningarstarf þeirra áhrifaríkara, jafnvel þó aðeins sé fjallað um undirbúningsstarfið sem inna þarf að hendi og byrjunarreglurnar sem fylgja þarf. Það ætti að vera óþarfi að bæta því við, að læknandinn verður að fullkomna sig í þessu byrjunarstarfi og – eftir því sem hann starfar lengur – getur hann sjálfur einn og óstuddur skyggst inn í dýpri merkingu þessa þáttar hinnar ævarandi visku.

## I. ORKA GEISLANNA SJÖ

Fimmtán staðhæfingar.

1. Geislarnir sjö bera í sér og birta allar tegundir orku sem streymir um form plánetu okkar.
2. Þessar sjö orkutegundir eru kraftarnir sjö sem til samans mynda frumgeisla kærleiks-visku. Hann er annar geislinn og er ráðandi geisli í allri plánetubirtingu innan sólkerfisins. Geislarnir sjö eru undirgeislar þessa mikla kosmíska geisla.

3. Það er sama á hvaða geisla lækndandinn er, hann verður alltaf að vinna í gegnum annan undirgeisla þess geisla – kærleiks-visku undirgeislann í hverjum geisla. Á þann hátt tengist hann ráðandi geislum sálar og persónu. Annar geislinn býr yfir hæfni til að fela allt í sér.
4. Annar geislinn og annar undirgeislinn í öllum geislum eru sjálfir tvígreindir í birtingu. Lækndandinn verður að læra að vinna í gegnum kærleikspáttinn en ekki í gegnum viskupáttinn. Til þess þarf mikla þjálfun í andlegri aðgreiningu.
5. Lækndandinn verður að nota þau starfstæki í formedli sínu sem eru af orkugreinunum 2-4-6 þegar hann stundar lækningar. Búi hann ekki yfir neinu starfstæki eða líkama á þessum orkugreinum, þá er honum ekki unnt að stunda lækningar. Menn gera sér sjaldan grein fyrir þessu. Það er þó sjaldgæft að finna starfstæki sem býr ekki yfir neinum útstreymisþáttum fyrir orku annars geislans.
6. Þeir lækndendur sem eru á öðrum geislanum, eða búa yfir máttugu annars geisla starfstæki, eru venjulega miklir lækndendur. Kristur, sannasti fulltrúi annars geislans sem nokkru sinni hefur verið á jörðinni, var mestur allra lækndandi sona Guðs.
7. Geisli sálarinnar mótar og ákvarðar aðferðina sem notuð er. Sá geisli starfstækja persónuleikans sem er nátengdastur öðrum geislanum (en allir undirgeislarnir eru rásir fyrir hann) er sá sem lækningarorkan verður að streyma um.
8. Annar undirgeisli sálargeislans ákvarðar aðferðina sem beitt er við vandamálið sem lækndandinn stendur frammi fyrir í upphafi lækningarinnar; þessari orku er umbreytt í lækningarkraft þegar hún streymir í gegnum viðeigandi starfstæki persónuleikans. Til að teljast viðeigandi verður það að vera á orkulínunni 2-4-6.

9. Hið viðeigandi starfstæki getur annaðhvort verið huglíkaminn eða geðlíkaminn. Þar sem allur almenningur er geðrænt innstilltur, er lækningin venjulega árangursríkust ef miðlunarrás lækandans er einnig sá líkami.
10. Það myndast því orkuþríhyrningur, samsettur úr:
  - a. Orku sálarinnar.
  - b. Viðeigandi starfstæki.
  - c. Etherlíkamanum, annaðhvort í gegnum hjartastöðina eða sólarplexusstöðina.
11. Innan etherlíkamans myndast lægri þríhyrningur milli:
  - a. Höfuðstöðvarinnar, móttökustöðvarinnar.
  - b. Ennisstöðvarinnar, dreifistöðvarinnar.
  - c. Stöðvarinnar sem nemur – í gegnum leið minnstrar mótstöðu – orku sálargeislans, hver hinna sjö geisla sem hann kann að vera.
12. Þessi lægri þríhyrningur tengist hinum æðri með „virkri íhugun.“ Það er hluti aðferðarinnar sem ég gef ekki upp.
13. Reyndur og einlægur lækandi getur, í staðin fyrir innræðu formúluna sem kemur á tengingu milli þríhyrninganna tveggja, gert margt til að koma á einhverskonar sambandi með ákveðinni trúarathöfn og með fastmótaðri yfirlýsingu um *óbreytanlega afstöðu sína*.
14. Æðri þríhyrningurinn er sá sem hefur áhrif á lækandann og gerir hann að miðlunarstöð; lægri þríhyrningurinn veldur áhrifum hjá sjúklingnum og hann er sá sem lækandinn – á efnissviðinu – vinnur í gegnum.
15. Athafnir lækandans má þá greina í þrennt, áður en hin meðvitaða lækning fer fram:

*Fyrsta.*

- a. Lækandinn tengist sál sinni meðvitað.
- b. Þá ákveður hann hvert af starfstækjum persónuleikans verður notað, sem byggist á svörun þess við orku orkurásanna 2-4-6.

- c. Síðan tengir hann sálarorkuna með viljaathöfn, í gegnum valið starfstæki, við viðeigandi orkustöð í etherlíkamanum; hjartastöðina eða sólarplexusstöðina, hin fyrrnefnda er ætíð æskilegra.

*Annad.*

- a. Hann myndar því næst lægri þríhyrninginn með því að einbeita athygli sinni að móttökustöðinni sem er höfuðstöðin.
- b. Með skapandi ímyndunarafli sínu tengir hann síðan höfuðstöðina við stöðina milli augabrúnanna og heldur orkunni þar, vegna þess að hún er það sem stjórnar.
- c. Hann leitast svo við að safna inn í ennisstöðina orku þeirrar orkustöðvar í etherlíkama sínum sem tengist sálargeisla hans.

*Þriðja.*

Hann tengir síðan með gætni þríhyrningana tvo; og að því loknu er hann reiðubúinn fyrir lækninguna sjálfa.

## II. GEISLAR LÆKNANDA OG SJÚKLINGS

Það er augljóst, jafnvel hinum grunnhyggna lesanda, að mismunur eða samræmi milli geisla læknanda og sjúklings er mikilvægur þáttur. Margir áhrifaþættir munu koma í ljós; einnig mun koma í ljós mótsetning milli sálar- og persónugeisla beggja. Það getur því komið upp staða þar sem:

1. Sálargeislarnir eru þeir sömu, en geislar persónuleikanna eru mismunandi.
2. Geislar persónuleikanna eru þeir sömu, en sálargeislarnir eru mismunandi.
3. Geislarnir eru þeir sömu í báðum þáttum.

4. Hvorki sálargeislarnir né geislar persónuleikanna eru hinir sömu.
5. Sálargeislinn er ekki þekktur, en geisli persónuleikans er greinilegur. Auðvelt er að ákvarða geisla persónuleikans, en oft eru engar vísbendingar um geisla sálarinnar. Þetta getur bæði átt við um sjúkling og lækna.
6. Ekki er neitt vitað um geisla beggja aðila.

Í þessari umfjöllun hef ég ekki minnst á geisla huglíkama, geðlíkama eða efnislíkama, þótt þeir hafi greinileg og stundum ákvarðandi áhrif og vitneskja um þá geti komið að mjög miklu gagni, sé hún fyrir hendi. Þegar hinn þjálfaði lækandi býr einnig yfir þeirri þekkingu, getur hann notað nýja aðferð til viðbótar aðalaðferðinni, með því að hagnýta viðeigandi lægra starfstæki, annaðhvort sitt eigið eða sjúklingsins, til að veita viðbótarstraumi lækningarorku sem eykur þá áhrif megin orkustraumsins. Notkun þessa viðbótar orkustraums er þó því aðeins möguleg að þekking lækandans sé á mjög háu stigi, eða að sjúklingurinn geti gefið nákvæmar upplýsingar. Slíkt er sjaldgæft, eins og ykkur kann að renna grun í. Með ítarlegri rannsókn og samanburði við þekktar hliðstæður má ákvarða með nokkuð mikilli nákvæmni eðli aðalgeislanna tveggja; það þarf þó vígsluhafa af nokkuð hárrí gráðu til að greina og starfa á geisla einhvers hinna lægri líkama og vera þannig í aðstöðu til að miðla lækningarorkunni í gegnum tvær orkustöðvar samtímis. Við munum því takmarka athugun okkar við samband geislanna sem ráða lækndanum og sjúklingnum frá sjónarmiði sálar og persónu.

Mér er ekki mögulegt að taka fyrir hvern og einn geisla bæði lækna og sjúklings og rekja fyrir ykkur heppilegustu aðferðina; þetta skýrist nokkuð þegar þið íhugið þá miklu og margvíslegu erfiðleika sem skjóta upp kollinum þegar geislar

beggja aðila tengjast. Í bókinni „*Discipleship in the New Age*“ er að finna upplýsingar um geisla nokkurs fjölda lærisveina. Sem tilraunaverkefni getið þið tekið fyrir þessa mismunandi geisla og sett þessa lærisveina hvern um sig annaðhvort í hóp sjúklinga eða læknenda, athugað hvaða orkustöðvar ætti að nota við einhverja tiltekna sjúkdóma á mismunandi stöðum innan líkamans og gert síðan tilraun til að ákvarða hvaða aðferð eða meðhöndlun væri hyggilegt fyrir lækmandann að beita. Um leið þurfið þið að hafa tvennt í huga: það fyrra er að allt þetta fólk tilheyrir annars geisla ashrami. Í öðru lagi er það allt lærisveinar, en af því leiðir að ráðandi geislar þess eru augljósir og greinilegir lækmandanum, en að því er mikil stoð. Þið getið einnig ákveðið hvaða geislaorku ætti að nota við lækninguna, hvaða orkustöð í ykkur sjálfum sem læknum og lærisveininum sem sjúklingi þið ættuð að vinna í gegnum og hvort þið séuð í aðstöðu til að nota viðbótar aðferð. Er þið hafið unnið að ímyndaðri lækningu með aðstoð ímyndunarafstsins, lítið þá í kringum ykkur meðal vina og kunningja og athugið hvort þeir búi yfir svipaðri geislasamsetningu og – ef þeir eru veikir eða aðstoðar þurfi – reynið að hjálpa þeim á sama hátt og þið reynduð að hjálpa hinum ímyndaða sjúklingi; takið síðan eftir hvað gerist. Forðist að reyna að nota viðbótar aðferð, þar sem meiri líkindi eru á því að ykkur skjátlist algerlega um geisla lægri starfstækjanna þriggja en hinar tvær megintjningar lífsins.

Annað sem hægt er að segja um þetta efni er ef til vill best að skýra með nokkrum staðhæfingum sem verða ljósari eftir því sem dulræn sálarfræði kemur meira fram á sjónarsviðið og verður fastur hluti af námsefni áratuganna sem framundan eru.

1. Lækmandinn skal fá vissu um sína eigin geislagerð og halda síðan áfram starfi sínu byggðu á grunni þeirra upplýsinga. Ef slík vitneskja er ekki tiltæk ætti hann ekki að gera tilraun til að lækna.



2. Þegar hann vantar þessa þekkingu og er því ekki fær um að stunda lækningar, þá snúi hann sér að því verkefni að vera farvegur fyrir kærleiksorku til sjúklingsins.
3. Læknandinn mun finna að auðveldara er fyrir hann að ganga úr skugga um sína eigin geisla, eða að minnsta kosti annan þeirra, heldur en geisla sjúklingsins.

Fyrir þessu eru tvær ástæður:

- a. Sú staðreynd, að hann leitast við að lækna og hjálpa, bendir til að hann sé kominn nokkuð áleiðis á hinni andlegu braut. Slíkur árangur er nauðsynlegur til að geta á réttan hátt greint eiginleika geislanna. Dálítill rannsókn á honum sjálfum og mögulegum geislum hans ætti með tímanum að sýna honum eðli þeirrar orku sem er ráðandi hjá honum.
  - b. Líklegt er að sjúklingurinn, sé hann þroskaður, leiti ekki eftir hjálp hans, heldur sjái sjálfur um sín vandamál í gegnum sálina og ashramið, ef hann er tengdur einhverju. Ef hann er ekki mjög þroskaður er auðveldara að ákvarða geisla persónuleikans en geisla sálarinnar og hann mun því mynda tengibrautina.
4. Þegar læknandinn telur sig hafa fullvissu um geislana eða geislann sem ræður honum, ætti hann að búa sig undir lækninguna með að minnsta kosti fimm tíma vandlegu undirbúningsstarfi sem snýr að huga hans, tæki hugsunarinnar. Með því á ég ekki við samfellda fimm tíma hugarstjórn og íhugun, heldur tímabil hljóðlátrar umhugsunar, þar sem læknandinn – sé það mögulegt – rannsakar sjúklinginn og kynnir sér:
    - a. Eðli og vanda sjúkdómsins.
    - b. Legu hans innan líkama sjúklingsins.
    - c. Orkustöðina sem tengist sjúkdómnum og (ef hann er upplýstur lærisveinn) ástand hennar.

- d. Hvort og hve bráður sjúkdómurinn er og möguleika á lækningu.
  - e. Hvort dauði sé líklegur eða ekki.
  - f. Sálrænt ástand sjúklingsins.
  - g. Geisla sjúklingsins, sé það mögulegt; sú vitneskja, sé hún fyrir hendi, mun móta aðferðina sem hann beitir.
5. Eftir þennan undirbúning beinir lækningandinn athygli sinni að sínum eigin geisla. Ef hann hefur aðeins almenna en ekki nákvæma vitneskju um geisla sína eða sjúklingsins, getur hann haldið áfram eftir þeirri tilgátu að annar eða báðir tilheyri orkugerðunum 1-3-5-7 eða 2-4-6 og byggt starf sitt á þeirri almennu forsendu. Gagnlegt er að hafa nákvæma og sérgreinda þekkingu, en þar sem hún er ekki fyrir hendi og nákvæm geislagreining er ekki möguleg, er oft hægt að ákvarða hvort almenn skapgerðareinkenni bendi til ríkjandi kærleiksorku eða viljaorku og vinna síðan á grundvelli þeirrar hugmynda. Vandinn er síðan að vita hvort samband læknaða og sjúklings myndist frá persónu til persónu, frá sál til sálar eða frá persónu til sálar og öfugt.
  6. Þegar sambandið er frá persónu til persónu, sem er algengast, mun orkan sem lækningandinn vinnur með einfaldlega verða plánetuprana; afleiðingarnar verða þær að hin náttúrulega starfsemi efnislíkamans eflist og (í samvinnu við náttúruna og þar með í samræmi við karma sjúklingsins) mun efnisstarfstæki hans styrkjast svo að hann geti varpað af sér sjúkdómnum eða fengið aðstoð til að horfast af öryggi í augu við atburðarás dauðans og þar með horfið yfir á fingerðari tilverustig með rósemi og yfirvegudum skilningi.
  7. Þegar sambandið er frá sál læknaða til persónuleika sjúklingsins, mun lækningandinn vinna með geislaorku og miðla sinni eigin geislaorku í gegnum orkustöðina sem ræður hinum sjúka líkamshluta. Þegar bæði sál læknaða og sál sjúklings vinna saman getur orðið blöndun tvennskona orku eða þar sem geislar eru áþekkir, styrking einnar

orkutegundar og mun fljótverkari lækning eða upplausn á sér stað.

8. Læknandinn þarf ætíð að hafa í huga, að verkefni hans er annaðhvort að lækna – í samræmi við karmísk lögmál – eða að aðstoða við upplausnarferlið sem leiðir til æðra lækningarforms.
9. Skyndilegar lækningar og áhrifamikil stöðvun sjúkdóms mun *ekki* gerast, nema læknandinn sé vígsluhafi af hárrí gráðu og geti unnið með fullri vitund um allar kringumstæður og ráðandi aðstæður. Ef slíkt gerist, er það af þremur ástæðum:
  - a. Forlög sjúklingsins, tími hans er ekki kominn.
  - b. Milliganga eigin sálar sjúklingsins, sem er, þegar allt kemur til alls, sá sem útdeilir karma.
  - c. Hjálp læknandans sem reyndist fullnægjandi til að gefa sjúklingnum nægilegt traust og aukinn styrk til að læknast af sjálfsdáðum.
10. Enginn er nokkru sinni hrifinn til baka frá „dyrum dauðans,“ ef karma hans gefur til kynna að tími hans sé kominn; lífsskeiðið á efnissviðinu á enda runnið, nema ef hann starfar í ashrami og sé nokkuð hátt settur vígsluhafi og enn sé þörf fyrir nærveru hans og starf á jörðinni til að ljúka því ætlunarverki sem honum var falið. Þá getur meistari ashramsins eftir læknandann eða sjúklinginn með sinni eigin þekkingu og orku og valdið tímabundinni frestun á brottför. Hvorki læknandinn né sjúklingurinn getur treyst á þetta atriði, því þeir þekkja ekki fullkomlega allar kringumstæður sem heimila slíkt.
11. Um er að ræða viss frumskilyrði eða aðstæður sem læknandinn ætti að starfa við og eru nauðsynlegar. Þær eru:
  - a. Algjör kyrrð í sjúkrastofunni, ef mögulegt er.
  - b. Hyggilegt er að fáir séu inni hjá sjúklingnum. Hugsanir

og hugform viðstaddra geta verið á reiki eða truflað einbeitingu og þar með dregið úr samþjöppun lækningarstraumanna. Hinsvegar getur nærstatt fólk stundum verið lækndanum til mikillar hjálpar.

- c. Sé það mögulegt ætti sjúklingurinn að liggja á bakinu, eða á hliðinni þannig að orkustöðvarnar við hrygginn snúi að lækndanum. Í sumum tilvikum (en um það verður lækndandinn sjálfur að dæma) ætti hann að liggja í þannig stellingu að lækndandinn geti haldið höndum sínum yfir sjúkdómssvæðinu, þó má lækndandinn í engum tilvikum snerta líkama sjúklingsins.
12. Þegar búið er að ná kyrrð, friðsemd og þögn mun lækndandinn hefjast handa við viðeigandi lækningaraðferð. Kyrrðin, friðurinn og þögnin, sem rætt er um hér á undan, eiga ekki eingöngu við efnislegar aðstæður, heldur einnig geðrænt og hugrænt ástand læknanda og sjúklings sem og annarra viðstaddra; slíkt er ekki alltaf auðvelt í framkvæmd.

Þegar lækndandinn hefur ekki yfir að ráða viðeigandi aðferð eða skilur ekki formúlurnar sem gefnar verða upp síðar í þessum leiðbeiningum, getur hann samt sem áður sett saman sínar eigin aðferðir og reglur eftir nákvæma athugun á þessum lækningarleiðbeiningum, en þær búa yfir nægum efniviði og vísbendingum til þess.

### III. LÆKNINGARAÐFERÐIRNAR SJÖ

Þessar aðferðir mun ég leggja fram í formi sjö fornra táknrænna staðhæfinga eða formúla sem teknar eru úr *Reglubók vígðra lærisveina* (*The Book of Rules for Initiated Disciples*). Ég leyfi mér ekki enn sem komið er að láta í té hina einföldu efnislegu

hagnýtingu þessara aðferða, þar sem slíkt væri of hættulegt. Með réttri hagnýtingu og skilningi er kraftur þeirra óskaplegur og – í röngum höndum – gætu þær valdið verulegum skaða. Má ég minna ykkur á það hér, að vígsluhafar Svörtu stúkunnar lækna einnig eða valda dauða og sjúkdómum og hagnýta slíkar aðferðir. Mismunurinn liggur í þeirri staðreynd, að þeir geta eingöngu fengist við persónugeisla bæði læknaða og sjúklings, vegna þess að þeir eru máttugri á *efnissviðinu* heldur en meistara hinna Hvítu stúku, er starf þeirra oft mjög áhrifaríkt. Hinn andlegi læknaði beitir alltaf orkutegundum ljóssins þegar það er mögulegt en er sjaldan jafn áhrifaríkur líkamlega.

Meðlimum Svörtu stúkunnar, eða læknum sem starfa undir áhrifum hennar, er þó algerlega fyrirmanað að fást við sjúklinga sem eru andlega sinnaðir og eru því að komast undir yfirráð sálarinnar; ekki geta þeir heldur unnið í gegnum læknað sem eru andlega sinnaðir. Þegar þeir reyna slíkt verða þeir að berjast gegn orkunni frá ashraminu sem læknaðinn eða sjúklingurinn er á leið með að tengjast, jafnvel þótt staður hans sé aðeins í útjaðri þess. Þegar um er að ræða venjulegan lítt hugsandi mann, er hættan á „svartri“ íhlutun engin; hinir myrku kraftar hafa ekki neinn áhuga á lítilvægum persónum, utan þá sem hafa völd og áhrif og geta þannig þjónað hagsmunum þeirra. Einnig er starf þeirra aðeins mögulegt á þeirri stundu, eða tímabili, þegar maðurinn er að taka ákvörðun um það, hvort hann muni velja andlega lífsleið, vera kyrr þar sem hann er staddur, eða snúa sér vísitandi (sem er mjög sjaldgæft) út á braut hreinnar eigingirni. Sú braut leiðir til Svörtu stúkunnar.

Á fyrri hluta næstu aldar mun einhver lærisveinn kynna sér þessar aðferðir eða kynngiformúlur, sem tengjast lækningarstarfinu og túlka þær og útskýra. Í þeim má finna þrennskona merkingu, hina lægstu þeirra getur neminn nú á tímum túlkað fyrir sjálfan sig ef hann íhugar þær nægilega og lifir andlegu lífni. Hér koma þessar sjö aðferðir:

## GEISLAAÐFERÐIRNAR SJÖ

1. *Fyrsta geisla aðferðin.*

Lát hinn máttuga kraft sem ríkir í hjörtum allra í Shamballa liðsinna mér, því ég er verður þess liðsinnis. Lát hann streyma niður til hins þriðja, flytjast þaðan til hins fimmta og stilla sig inn á hið sjöunda. Þessi orð merkja ekki það sem þau virðast við fyrstu sýn. Hið þriðja, hið fimmta og hið sjöunda liggur innan hins fyrsta og kemur út frá hinni Miðlægu Sól andlegs lífs. Þá vaknar hið æðsta innra með þeim sem veit og innra með þeim sem læknast skal og þannig verða þeir tveir að einum. Þetta er djúpur leyndardómur. Samblöndun lækningarkraftsins vinnur hið þráða verk; það getur valdið dauða, þeirri miklu lausn og endurreist þannig hið fimmta, hið þriðja og hið fyrsta, en ekki hið sjöunda.

Þessi kraftmikla fyrsta geisla orka er venjulega notuð af hinum þjálfaða andlega læknanda þegar honum er ljóst að komið er að leiðarlokum hjá sjúklingnum og lausnin nálgast. Í þeim tilvikum, þegar fyrsti geislinn er annaðhvort sálargeisli læknanda eða sjúklings, verður þessi beiting fyrsta geisla orku að færast frá höfuðstöð til höfuðstöðvar og þaðan til sjúka líkamshlutans og orkustöðvarinnar sem tengist honum. Þegar lækning er möguleg og karmískt leyfileg getur þetta valdið því að sjúkdómurinn versni tímabundið; ástæðan er sú, að hin innstreymandi orka „rífur upp með krafti“ sjálfar rætur sjúkdómsins. Hitinn getur aukist eða einhvers konar sóttbrigði til hins verra átt sér stað og læknandinn, sjúklingurinn og læknirinn, sem stundar sjúklinginn, verða að vera viðbúnir slíku og tilbúnir að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta – ráðstafanir

eins og hin hefðbundna læknisfræði mælir fyrir um – sem munu vinna gegn hinni hreinu efnislegu svörun líkamans. Þegar sálargeisli sjúklingsins er ekki sá fyrsti, en persónuleikinn er af fyrsta geisla, verður lækningandinn að auðsýna mikla varúð þegar hann beitir fyrsta geisla orku og þarf að vinna mjög hægt og í smáum skrefum í gegnum orkustöðina sem fylgir línunni 1-3-5-7 og er næst uppsprettu vandans, leiða orkuna í gegnum þá orkustöð og til orkustöðvarinnar (hver svo sem hún er) sem liggur næst sjúkdómsstaðnum. Ef svo vill til, að sú sérstaka stöð sé á línunni 3-5-7, verður lækningandinn að gæta ýtrustu varúðar, annars getur hin kraftmikla fyrsta geisla orka orðið til skaða en ekki til lækningar.

## 2. *Annars geisla aðferðin.*

Lát lækningarorkuna streyma niður og bera með sér hinn tvíþætta straum lífsins og sinn segulmagnaða kraft. Lát þann segulmagnaða lifandi kraft eyða og setja í staðinn það sem er til í hinu sjöunda, stilla fjórum og sex á móti þremur og sjö, en láta fimm afskiptalaust. Hinn hringlaga, umlykjandi iðuhvirfill – sem færast niður að staðnum – ratar upp, fjarlægir og fyllir upp aftur og þannig vinnst verkið.

Hjartað snýst; hin tvö hjörtu snúast sem eitt; hin tólf innan líkamans, hin tólf innan höfuðsins og hin tólf upp á sviði sálarviðleitninnar vinna saman sem eining og þannig er starfið unnið. Tvær orkutegundir ná þessari fullkomnun og hin þrjú, sem hafa töluna tólf, bregðast við hinum æðri tólf. Þekking fæst á lífinu og árunum fjölgar.

Sé þetta lesið í ljósi þekkingarinnar sem þið búið yfir (og þið búið sennilega yfir meiri þekkingu en þið gerið ykkur ljóst),

sérstaklega í ljósi þekkingar á orkustöðvunum, mun aðalmerkingin, eða sú einfaldasta, koma í ljós.

### 3. Þriðja geisla aðferðin.

Læknandinn stendur og vefur. Hann safnar saman því sem þörf er á fyrir hjarta lífsins frá hinu þriðja, hinu fimmta og hinu sjöunda. Hann safnar kröftunum saman og lætur þá þjóna hinu þriðja; þannig skapar hann iðuhvirfil sem sá þjáði verður að stíga inn í og með honum læknandinn. Samt dvelja þeir báðir í friði og ró. Þannig verður engill Drottins að stíga niður í vötnin og flytja með sér hið læknandi líf.

Skýring á hugtakinu „vötnin,“ sem hér kemur fram, getur valdið miklum heilabrotum. Í raun og veru felur einfaldasta túlkunin í sér meginorsök margra sjúkdóma, sem er tilfinningalífið eins og við höfum áður minnst á en það er verkefni þriðja guðlega eðlisþáttarins að ná valdi yfir því. Íhugið þetta, því það getur veitt mikla fræðslu.

Næsta lækningaraðferðin er lengri og mun torskildari. Þið munið ekki skilja mikið af því sem þar kemur fram; hún tengist algerlega, hvað okkar viðfangsefni viðkemur, manningum sjálfum og spakmælinu: „Maður, þekktu sjálfan þig.“

### 4. Fjórdá geisla aðferðin.

Læknandinn þekkir staðinn þar sem ósamhljóm er að finna. Hann þekkir einnig mátt hljómsins og hljóminn sem eyrað verður að nema. Með því að hann þekkir tóninn sem hinn fjórði mikli hópur bregst við og tengir hann hinum miklu skapandi níu, hljómar hann tóninn sem færir lausn, tóninn sem mun færa allt inn



í hið eina. Hann þjálfar hið hlustandi eyra þess sem lækningu þarf; hann þjálfar á sama hátt eyra þess sem verður að stíga fram. Hann þekkir háttu hljómsins sem færir hina læknandi snertingu; og einnig þess sem segir: Hverf frá. Og þannig er starfið unnið.

Þessi fjórða aðferð getur komið að almennum notum, ef sönn geislaþekking er ekki fyrir hendi, vegna þess að fjórði geislinn ræður fjórða náttúruríkinu, mannkyninu. Lækandi sem vinnur eftir þessari aðferð (en slíkir lækendur eru varla til nú á tímum þar sem fjórði geislinn er ekki í birtingu) lækna aðallega með notkun víðeigandi tóns eða hljóma. Í byrjun, þegar þessi aðferð fer að koma fram á sjónarsviðið, mun lækandinn aðallega nota tónlist til að ná fram lækningu eða auðvelda ferli dauðans eða brottförina. Það mun þó verða tónlist þar sem einn hljómur kemur stöðugt fyrir aftur og aftur, hljómur sem felur í sér tón fjórða geislans og mannkynsins. Lækning með notkun hljóms verður eitt af því fyrsta sem þróast í lækningum undir lok næstu aldar. Meiri fræðsla um þetta efni kæmi ekki að neinu gagni fyrr en fjórði geislinn kemur aftur í birtingu.

##### *5. Fimmta geisla aðferðin.*

Það sem veitt var viðtöku þarf að hagnýta; það sem kemur fram í tiltekinni fræðslu mun finna sinn rétta stað í áætlun lækandans. Það sem er hulið þarf að sjást og frá þessu þrennu, mun koma í ljós mikil þekking. Eftir þessu leitar lækandinn. Við þetta bætir hann hinu tvennu sem er sem eining og þannig verður hið fimmta að leika sitt hlutverk og hin fimm verða að vinna sitt verk og hin fimm verða að vera sem eining. Orkutegundirnar streyma niður, fara í gegn og hverfa og skilja eftir þann sem gat brugðist við enn óleystu karma og hinsvegar tekur orkustreymið hann með sér

sem ekki getur brugðist við á fyrrgreindan hátt og verður því einnig að hverfa.

Augljósasta og einfaldasta merking fimmta geisla aðferðarinnar er sú, að lækandinn, sem vinnur á vísindalegan hátt og að mestu leyti á áþreifanlegu sviðsstigunum, noti öll tiltæk ráð til að lækna, byrji með viðeigandi efnislegri umönnun og færist síðan yfir á fíngerðari svið lækningaraðferða. Aftur vil ég benda á, að efnislega læknishjálpi er hægt að nýta á jafn guðlegan hátt og hinar leyndardómsfyllri aðferðir sem hinn dulspækilegi lækandi okkar tíma telur að séu svo margfalt áhrifaríkari. Það gildir það sama um læknisfræðina og alla aðra nútíma þekkingu, sem þróuð er alls staðar á efnissviðinu í gegnum persónuleika karla og kvenna með innsæi og snilld, að hún kemur lærisveininum og vígsluhafanum að gagni í tíma og rúmi. Á sama hátt og lærisveinninn og vígsluhafinn verða að hagnýta þessar ýmsu vísindagreinar á réttan hátt til að afleiðingarnar verði andlegar, þannig verður lækandinn einnig að vinna sitt verk.

Öll störf verða andleg þegar tilhvötin er rétt, þegar beitt er viturlegri sundurgreiningu og mætti sálarinnar bætt við þekkinguna sem aflað er í heiminum þrem. Virk notkun orku af einni grein hins sjögreinda straums, ásamt heilbrigðum skilningi og starfi læknis okkar tíma, með aðstoð lækandans (sem vinnur á líkan hátt og efnahvati), getur gert kraftaverk þegar forlögin mæla svo fyrir. Hinum dulfræðilega lækanda, sem vinnur eingöngu á fíngerðari sviðsstigunum, má líkja við andlegan verkamann sem á í stöðugum erfiðleikum við að afla sér nauðsynlegs fjár á efnissviðinu. Oft stafar þetta af fíngerðri – þó venjulega ómeðvitaðri – tilfinningu yfirburða sem hinn almenni lækandi eða dulfræðingur finnur fyrir þegar hann veltir fyrir sér erfiðleikum sínum við að efnisbirta annaðhvort

líkamlega heilbrigði eða fjármuni. Hugleiðið þetta og áttið ykkur á því, að aðferðir fimmta geislans flytjast yfir á efnissviðið; þar valda þær átökum og leiða um síðir fram efnislega birtingu á þann hátt sem óskað er. Í því sem ég hef sagt um fimmta geisla aðferðina hef ég gefið fleiri vísbendingar og meiri upplýsingar en í nokkrum hinna.

### 6. *Sjötta geisla aðferðin.*

Kljúfandi vötnin, lát máttinn streyma niður, hrópar læknaandinn. Hann hirðir ekki um hvernig vötnin muni bregðast við; oft færa þau óveðursöldur og erfiða og ógnvænlega atburði. Endirinn er góður. Erfiðleikarnir fá enda þegar storminn lægir og orkan hefur uppfyllt sín skráðu forlög. Beint til hjartans verður mátturinn að smjúga og inn í sérhverja rás, nadú, taug og milta verður mátturinn að finna sér farveg og braut og standa þannig andspænis óvininum sem hefur brotist inn og hreiðrað um sig. Óvæginn, skyndilegur og algjör brottrekstur er verkefni þess sem ekkert sér nema fullkomna virkni og umber enga íhlutun. Þessi fullkomna virkni opnar þannig dyrnar til eilífs lífs eða til lífs á jörðinni enn um skamma hríð.

Þessi aðferð er sérkennilega máttug og skjótvirk þegar læknaandinn er á sjötta geislanum; afleiðingarnar eru róttækar og kvalafullar, en þær eru vísar – lækning eða dauði, oft hið síðarnefnda. Nú á tímum er sjötta geisla læknaandinn sjaldan agaður eða hygginn, þar sem sjötti geislinn er á þessum tímum að ljúka birtingartíma sínum. Þegar sjötti geislinn kemur aftur í birtingu hefur mannkynið tekið miklum framförum á Brautinni og hinn núverandi ýtni, of vissi, öfgafulli sjötta geisla læknaandi mun ekki koma fram aftur. Nú á tímum eru

þeir í meiri hluta og starf þeirra er ekki gott; það er vel meint, en aðferðinni er beitt af fávisku og niðurstaðan réttlætir ekki fullvissu lækmandans sem blekkir oft sjúklinginn.

### 7. *Sjöunda geisla aðferðin.*

Orka og kraftur verða að mætast og þannig er verkið unnið. Litur og hljómur í rétttri röð verða að mætast og blandast og á þann hátt getur kynngistarfið haldið áfram. Efni og andi verða að uppvekja hvort annað og færa fram hið nýja og góða, streymandi í gegnum orkustöð þess sem vill hjálpa. Þannig magnar lækningandinn með lífi hið sjúka líf, rekur það burt eða festir það betur á forlagastaðnum. Nota verður öll sjö og í gegnum hin sjö verða orkutegundirnar sem þörf er á að streyma og skapa hinn nýja mann sem ætíð hefur verið til og mun ætíð vera til, annaðhvort hér eða þar.

Í þessari aðferð er að finna ábendingu um þær allar, því verk sjöunda geisla lækmandans er að tengja saman lífið og efnið sem koma mun í staðin fyrir hið sjúka efni og flytja með sér nýtt líf sem mun liðsinna við afturbatann. Dýrð lífsins felst í uppfyllingu og framkomu. Það er helsta verkefni og mesta umbun allra sannra læknaenda. Það er þessi aðferð aðlöðunar og umskipta sem þróuð verður til vísindalegrar fullkomunnar á hinu komandi nýja tímabili, þar sem sjöundi geislinn mun ríkja yfir plánetu okkar, skapa það sem er nýtt og þarft og móta hina komandi menningu, listir og vísindi.

Að lokum vil ég segja ykkur ástæður þess að ég læt vera að veita ykkur nákvæmari upplýsingar og skýrar útlistanir á merkingu þessara fornu lækningarformúla. Að þeim ástæðum frátöldum sem áður hefur verið minnst á, að mannkynið sé ekki

enn tilbúið fyrir nákvæmar leiðbeiningar, þá mun allt sem ég segi, enn um sinn virðast barnalegt í ykkar augum. Með þessu sérkennilega orðalagi virðist mega lýsa þeim viðbrögðum sem helst má búast við. Við erum að því komin að fara inn í nýtt tímabil í þróun vísindanna, vegna uppgötvunarinnar á beislun orku atómsins. Jafnvel vísindamennirnir sem bera ábyrgð á þessari uppgötvun hafa ekki minnstu hugmynd um viðtæk áhrif hennar og mikilvægi. Frá sjónarmiði viðfangsefnis okkar og efnisins í þessari bók, er nú þegar að myndast algerlega nýtt tungumál tengt orku og kröftum; notkun uppgötvunarinnar við meðhöndlun sjúkdóma mun í nánustu framtíð virðast frá dulfræðilegu sjónarmiði nánast kraftaverki líkust.

Uppgötvunin á beislun atómorkunnar gerðist fyrir virkni fyrsta geislans í tengslum við hinn komandi sjöunda geisla og á sér hliðstæðu í því þegar meistarinn tekur fimmtu vígsluna (þegar dyr grafarinnar opnast upp á gátt) og í ferli dauðans, þar sem hin fangaða sál öðlast frelsi. Í ljósi uppgötvana framtíðarinnar skýrast þessar fornu aðferðir til muna, en þangað til munu allar útskýringar á þeirra sönnu „kröftugu áhrifum“ ekki hafa neina þýðingu. Ný komandi hugtök munu varpa ljósi á hinar fornu formúlur og þegar tímar líða verður ykkur ljóst hve miklu er hægt að miðla hinum skynsama læknaða nýju kynslóðarinnar með því sem ykkur virðist bæði ófullnægjandi, gagnslaust eða merkingarlaust, og óþarflega torskilið.

Á þessu tímabili milli fortíðarinnar og þess sem koma mun, er ekki auðvelt, jafnvel fyrir meistara vísunnar, að tala eða kenna, einkum um það efni sem tengist lækningum. Efnislíkaminn er ekki almennt viðurkenndur sem raffræðileg eining; menn hafa enn ekki uppgötvað að hann er í eðli sínu hrein atómorka; tilvist orkulíkamans, etheríska starfstækisins er enn ekki viðurkennd í kennslubókum nútíma lækna-skóla, þó svo að það efni hafið borið á góma í umræðum. Sprengifimt eðli orku þegar hún tengist krafti, eða eðli sálarinnar í tengslum

við efnið, er algerlega óþekkt eða hjúpað mystískum orðum. Hin komandi lækningarvísindi hljóta að dveljast bak við hjúp vanhæfs tungumáls og dyljast bak við óhentug orð þar til sá tími kemur, að hinar nýju vísindaformúlur og nýju aðferðir sem mögulegar eru vegna uppgötvunar atómorkunnar skiljast almennt betur, eru almennt viðfangsefni umræðna og settar fram með vel skiljanlegum orðum.

Þessi staðreynd, eins og ég hef oft sagt ykkur, stendur í vegi fyrir allri nýrri framsetningu sannleikans; tungumál rafmagnsverkfræðings eða bifvélavirkja, til dæmis, hefði verið algerlega óskiljanlegt venjulegu fólki fyrir hundrað árum. Hið sama er að segja um ný viðfangsefni og hinar miklu uppgötvanir sem væntanlegar eru og munu um síðir hafa áhrif á öll svið mannlegs lífs, þar á meðal lækningarlistina.

Þar sem búið er að upplýsa hver ég er, skrifa ég undir með eigin nafni sem meistari *Djwhal Khul*.

TÍBETINN

*Arcane skólinn* býður upp á nám og þjálfun fyrir þá sem feta vilja braut lærisveinsins á komandi tímum hinnar nýju aldar. Undirstöðuatriði hinnar ævarandi visku eru kynnt með innræðri hugleiðslu, námi og þjónustu sem *lífsleið*.

Arcane skólinn er alþjóðlegur bréfaskóli. Beinið fyrirspurnum á ensku til skólans í Englandi en á öðrum tungumálum til skólans í Sviss. Upplýsingar fást hjá:

The Arcane School  
Case Postale 31  
1, rue de Varembé (3e)  
1211 Geneva 20  
Suisse

The Arcane School  
Suite 54  
3 Whitehall Chourt  
London SW1A 2EF  
England

**THE GREAT INVATION**

**From the point of Light within the Mind of God  
Let lighth stream forth into the minds of men.  
Let Light descend on Earth.**

**From the point of Love within the Heart of God  
Let love stream forth into the hearts of men.  
May Christ return to Earth.**

**From the centre where the Will of God is known  
Let purpose guide the little wills of men –  
The purpose which the Master know and serve.**

**From the centre which we call the race of men  
Let the Plan of Love and Light work out  
and may it seal the door where evil dwells.**

**Let Light and Love and Power restore the Plan on Earth.**



## ÁKALLIÐ MIKLA

Frá ljóssins dýrðar lind í huga Guðs  
lát ljósið streyma inn í huga manns.  
Lát ljósið lýsa þessa vora jörð.

Frá kærleiks lind í ljúfu hjarta Guðs  
lát kærleik streyma inn í hjarta manns.  
Komi Kristur aftur jarðar til.

Frá máttarstöð er miðar vilja Guðs  
lát markmið stýra veikum vilja manns.  
Markmið það er meistararnir sjá.

Frá máttarstöð sem mannkyn köllum vér  
lát markmið ljóss og kærleiks sækja fram.  
Svo innsigli það dyr hins illa valds.

**Lát kærleik, ljós og æðri mátt efla áform lífs á jörð.**

„Ákallið eða bænin sem hér er birt, tilheyrir öllu mannkyni. Fegurð og styrkur ákallsins felst í einfaldleika þess og í þeim grundvallarsannindum sem það miðlar og sem allir viðurkenna ósjálfrátt og eðlilega – það eru sannindin um tilveru grundvallarvitsmuna sem við óljóst nefnum Guð; sannindin um að á bak við alla ytri umgjörð er það kærleikurinn sem er ráðandi afl alheimsins; þau sannindi að maður, sem kristnir menn nefna Krist, kom fram á jörðu og birti í lífi sínu þennan kærleik, svo að við mættum skilja; þau sannindi að bæði kærleikur og vitsmunir eru afleiðing þess sem nefnt er vilji Guðs; og loks þau augljósu sannindi að hið guðlega áform nær aðeins fram að ganga fyrir aðild og atbeina *mannkynsins*.“

Alice A. Bailey